Hæstaréttardómar 1979

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar gallar á bls. 698 og 1159 á prenteintaki.
Á milli bls. 392 og 393 er uppdráttur á tveimur bls. ekki í blaðsíðuröðinni.
Á milli bls. 856 og 857 er uppdráttur á tveimur bls. ekki í blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1979

Efnisskrá til bráðabirgða

	Bls.
Ábúð	1199
Ábyrgð, læknar	1285
Aðstöðugjald	72, 562
Áfengislög	78, 279, 555, 897, 906, 973, 1028, 1270
Áfrýjun	236, 962, 1313
Afsal	178
Alm. hegningarlög, 220. gr.	193, 906
Áskorunarmál	277, 628, 635, 637, 768
Ávana- og fíkniefni	5, 287
Banaslys	62
Barn	1157
Beitarréttur	392
Bifreiðaárekstur	918, 1019
Bifreiðar:	
a) einkamál	918
b) opinber mál 2, 62, 78, 279, 555, 897, 906, 973, 1019, 1028,	1231, 1270
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn	78, 279, 555, 897, 906, 973, 1028, 1270
Búskipti	310, 531, 1121, 1346, 1369, 1384
Dómarar	422, 527
Eignarréttur	1121
Endurgreiðsla	1064
Erfðaleiga	21
Erfðamál	310, 531
Farbann	808
Fasteign, viðhaldskostnaður	430
Fasteignaskattur	219
Fasteignaviðskipti	32, 158, 178, 330, 962, 1151, 1251, 1259, 1294
Félagsdómur	640, 863, 873
Fiskveiðibrot	1095, 1104
Fjárdráttur	597
Fjárnám, fjárnámsgerð	17, 295, 412, 414, 416, 623, 628, 768
Flutningur útvarpsefnis	588
Framkrafa	918
Framsal sakamanna	882
Frávísun:	

Bls.
a) frá héraðsdómi 164, 277, 330, 521, 544, 640, 1057, 1181, 1355
b) frá Hæstarétti 224, 226, 228, 231, 233, 377, 430, 669, 675, ... 808, 829, 1313
c) héraðsdómur úr gildi felldur 268, 635, 637, 863, 873, 1070
Frestur 667
Fyrning 1151
Fyrning brota 453
Gagnaöflun 646
Gagnsök, frávísun 829
Gáleysi 62, 193
Gallar 330, 962, 1114, 1151
Gengi 768
Geymslugreiðsla 211, 628
Greiðslufall 211
Gæsluvarðhald 390, 418, 888, 891, 1023, 1063, 1133, 1313
Hafning máls 596, 937
Handtaka 84, 104, 122, 141
Heimvísun 268, 350, 1336
Hjón 531, 1369, 1384
Hlutafélag 236
Húsaleigusamningur 320, 1174
Höfundaréttur 1358
Innsetningargerð 305, 387, 1138
Ítrekun 78, 279
Jarðir 21
Kaupmáli 310
Kaupréttur 21
Kyrrsetning 1057
Kyrrsetning skv. 144. gr. laga nr. 74/1974 248, 251, 255, 259, 263, 906
Kærumál:
1) Áskorunarmál 277
2) Dómarar, vanhæfi 422
3) Farbann 808
4) Félagsdómur 640, 863, 873
5) Framsal sakamanna 882
6) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 164, 277, 521, 640, 1057, 1355
b) frá Hæstarétti 669, 675, 808, 829
c) héraðsdómur úr gildi felldur 268, 863, 873, 1070
7) Gæsluvarðhald 390, 418, 888, 891, 1023, 1063, 1133
8) Heimvísun 350
9) Kyrrsetning 1057
10) Kyrrsetning skv. 144. gr. laga nr. 74/1974 248, 251, 255, ... 259, 263
11) Læknar 1224
12) Lögbann 669, 675

Bls.
13) Lögmannafélag Íslands, úrskurður 1355
14) Málflutningslaun (lögmannslaun) 1313, 1355
15) Málskostnaður 894
16) Ómerking 350, 521
17) Sakamenn, framsal 882
18) Sératkvæði:
a) í héraði 640, 863, 873
b) í Hæstarétti 808, 882
19) Skipti, skiptamál 1346
20) Vanhæfi dómara 422
21) Varnarþing 1057
22) Vitni 511, 1224
23) Þinglýsing 1073
Landamerkjamál 392, 829, 846
Landskipti 1077
Landsleiga 924
Lausafjárkaup 360, 1114, 1142
Líkamsmeiðingar 453, 1231
Lóðarréttindi 178
Læknar 1224, 1285
Læknaráð, álitsgerð 304
Lögbann, lögbannsgerð 588, 669, 675
Lögmannafélag Íslands, úrskurður 1355
Lögmannslaun 1313, 1355
Lögráðendur 32
Lögskilnaðarleyfi 1369
Lögskýring 1213
Lögtak 72, 1303
Málflutningslaun (lögmannslaun) 1313, 1355
Málshöfðunarfrestur 1358
Málskostnaður 596, 894, 937
Manndráp 62, 193, 681, 698
Miskabætur 647, 811, 1004
Nauðgun 1028
Nytjastuldur 1028
Ómaksbætur 1, 84, 437, 438, 634, 933, 934, 1268, 1269
Ómerking 330, 350, 518, 521, 544, 637, 1336
Ómerking ummæla 647, 811, 1004
Opinberir starfsmenn 597
Riftun 178
Sakamenn, framsal 882
Sameign 924
Sameining mála 667
Samningar 360, 1181, 1241
Sératkvæði:
a) í héraði 640, 681, 775, 863, 873, 1241

Bls.
b) í Hæstarétti 32, 84, 104, 122, 141, 211, 287, 305, 387, 403, 562, 768, 775, 808, 882, 897, 924, 978, 1142, 1157, 1181, ... 1199, 1251, 1270, 1294
Skaðabótamál, skaðabætur 84, 104, 122, 141, 330, 453, 918, 962, ... 978, 1085, 1114, 1174, 1285, 1313, 1358
Skattar, skattamál 72, 219, 403, 430, 562, 1303
Skipti, skiptamál 310, 531, 775, 1121, 1346, 1369, 1384
Skírlífisbrot 1028
Skjalafals 12, 897, 1064
Skuldabréf 211, 1181, 1213
Skuldamál 236, 295, 320, 1174
Sprengiefni 978
Stefna 635
Stefnubirting 637
Söluþóknun, fasteign 158, 1259
Tékkamisferli 757, 1064
Tollalagabrot 1279
Tómlæti 1241
Tryggingarbréf 938
Umferðarlög 2, 62, 78, 279, 555, 897, 906, 918, 973, 1019, 1028, 1231, 1270
Umgengnisréttur 1157
Ummæli, ómerking 647, 811, 1004
Uppboð, uppboðsmál 527, 623
Uppsagnarfrestur 580
Útivist, útivistardómar 1, 84, 236, 437, 438, 439, 634, 933, 934, ... 935, 936, 937, 1268, 1269
Útvarpsefni, flutningur 588
Vanefnd 1294
Vanhæfi dómara 422, 527
Varnarþing 1057
Vátrygging 439
Veðréttindi 938
Vegur, innsetningargerð 305
Veiðiréttindi 1077
Verðbætur 320
Verðtrygging 167, 768, 1213, 1251
Verksamningur 167
Vextir 768, 1142, 1181, 1251, 1294
Vinnusamningur 355, 580
Vinnuslys 1085
Vitni 511, 1224
Víxlar, víxilmál 628, 768, 1110, 1331
Þinglýsing 1073
Þjófnaður 698, 1342
Ærumeiðingar 647, 811, 1004
Ættarjarðir 951

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LX. árgangur. 1979

Mánudaginn 8. janúar 1979.

Nr. 172/1978. **Björn Baldursson**
f. h. Neytendaþjónustunnar
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Baldursson f. h. Neytendaþjónustunnar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 8. janúar 1979.

Nr. 201/1978. **Alexander Sigurðsson**
gegn
Hilmari Ingimundarsyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Alexander Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Hilmari Ingimundarsyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 20.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. janúar 1979.

Nr. 51/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðbergi Jónasi Márussyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Háttsemi ákærða, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, er réttilega lýst í héraðsdómi. Þykir atferli hans varða hann refsingu samkv. 1. málsgr. 37. gr. og 3. málsgr. 47. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr., er breytir 80. gr. laga nr. 40/1968. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá eiga ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, 50.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Guðbergs Jónasar Márussonar, eiga að vera óröskuð, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms

þessa. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 3. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinnu upp dómur í málinu nr. 503/1977: Ákæruvaldið gegn Guðbergi Jónasi Márussyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 19. sept. sl., gegn Guðbergi Jónasi Márussyni afgreiðslumanni, Álfheimum 34, fæddum 11. janúar 1909 að Minni-Reykjum í Fljótum. Honum er gefið að sök

„að hafa miðvikudaginn 13. júlí 1977, er hann ók bifreið sinni, R 13384, vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík, eigi sýnt af sér nægilega aðgát, ekið fram úr bifreiðum við og á gatnamótum þeirrar götu og Skeiðarvogs með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreið ákærða og einni þeirra, R 34904, sem reyndi að beygja suður Skeiðarvog.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 47. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Að morgni miðvikudagsins 13. júlí sl. ók ákærði fólksbifreið sinni, R 13384, vestur Suðurlandsbraut. Er hann nálgaðist mót hennar og Skeiðarvogs, voru á undan honum nokkur ökutæki á sömu leið, fremst kranabifreiðin R 34904. Ákærði ók fram úr ökutækjum þessum, en á gatnamótunum var kranabifreiðinni beygt til vinstri, og lenti hún þá á hægri hlið R 13384 og olli skemmdum á framaurbretti, fremri hurð og afturbretti.

Ákærði segir, að á undan honum hafi verið lest bifreiða, hve margar, man hann ekki. Hann hafi ekið fram með henni á 35 km/klst hraða á að giska. Hann kveðst ekki hafa séð þess nein

merki, að kranabifreiðinni yrði beygt, og aldrei séð nein stefnuljós. Hann hafi verið að fara fram úr kranabifreiðinni, um það leyti sem komið var að gatnamótunum, og þá hafi kranabifreiðin lent á hægri hlið bifreiðar hans. Ákærði segist hafa reynt að beygja undan og losna við kranabifreiðina og eftir að árekstur-inn var orðinn, hafi hann ekið áfram yfir gatnamótin, en síðan hafi hann ekið bifreiðinni aftur að kranabifreiðinni. Ákærði telur sig ekki sjá, að hann hafi brotið neitt af sér með akstri sínum.

Uppdráttur lögregluþjóna, er komu á staðinn, sýnir, að bifreiðarnar hafa lent saman, eftir að út á gatnamótin var komið. Er kranabifreiðin á miðjum gatnamótunum að kalla, en framendinn kominn yfir á vestri akbraut Skeiðarvogs. Hefur ökumaður ætlað að aka suður þá götu (í átt að Miklubraut).

Ökumaður kranabifreiðarinnar, Sölvi Stefán Arnarson, staðhæfir, að hann hafi gefið stefnuljós, áður en hann hóf að beygja. Hann hafi ekki orðið var við bifreið ákærða fyrr en rétt í því, er bifreiðunum lenti saman. Hann kveður hraða bifreiðar sinnar hafa verið mjög lítinn í beygjunni og hafi hann getað stöðvað hana samstundis.

Vitnið Sæmundur Alfreðsson bifreiðarstjóri kveðst hafa ekið vörubifreið á eftir kranabifreiðinni og á eftir hafi verið sendiferðabifreið. Hann segir, að kranabifreiðinni hafi verið ekið mjög hægt, og hann staðhæfir, að ökumaður hennar hafi gefið stefnuljós til vinstri, áður en hann beygði. Sæmundur kveðst hafa séð í baksýnisspegli, er bifreið ákærða kom fram með þessum þremur bifreiðum, og er hún fór fram hjá kranabifreiðinni hafi þær verið komnar inn á gatnamótin og ökumaður bifreiðarinnar verið farinn að beygja.

Niðurstöður.

Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga má ökumaður ekki aka fram úr ökutæki, „nema unnt sé án áhættu eða óþæginda fyrir aðra umferð," og einnig segir í ákvæði þessu: „Eigi má aka fram úr ökutæki á gatnamótum . . ." o. s. frv. Ákærði gerðist sekur um verulegt brot gegn ákvæði þessu, þar sem hann ók fram með þremur ökutækjum og fram úr hinu fremsta á gatnamótum og olli þannig árekstri. Ákvæði 26. og 37. gr. umferðarlaga eiga hér ekki við.

Refsing ákærða, sem hefur ekki fyrr sætt refsingu fyrir umferðarbrot, verður ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og

komi þriggja daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Jónas Márusson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 18.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 12. janúar 1979.

Nr. 228/1977. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
X
(Örn Clausen hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Ákæra um brot gegn lögum nr. 65/1974. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð. Vegna kröfugerðar þessarar koma

því eigi til álita hér fyrir dómi brot þau, er ákærða eru gefin að sök undir 1. og 2. tl. ákæruskjals.

Ákærði hefur neitað öllum sakargiftum, svo sem í héraðsdómi getur.

Um ákæruliði 3 og 4. Ákæruatriði þessi byggjast eingöngu á framburði D. Kveðst hann hafa selt ákærða fíkniefni, hass og amfetamínduft, „speed", haustið og um jólaleytið 1975. Gegn neitun ákærða er þetta ósannað. Verður hann því sýknaður af ákæru um brot þessi.

Allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir báðum dómum, samtals 100.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, X, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. júní 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 16. júní, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Arnari Guðmundssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 490/1977: Ákæruvaldið gegn X, sem tekið var til dóms sama dag.

SAKAREFNI.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 13. ágúst 1976, gegn X, . . ., fæddum . . . 1949 . . ., fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

„1. Haustið 1975 selt A 10 grömm af kannabisefni fyrir kr. 10.000.00 í áætlunarbifreið ákærða við Umferðarmiðstöðina.

2. Sumarið 1975 veitt B og C kannabisefni, sem þeir reyktu með ákærða í áætlunarbifreið í Skeifunni.

3. Í október- eða nóvembermánuði 1975 keypt kannabisefni af D.

4. Um sl. áramót keypt af fyrrnefndum D amfetamínduft í 3—4 skipti, 1—2 grömm hverju sinni, á kr. 10.000.00 grammið.

Framangreindir verknaðir ákærða í ákæruliðum 1, 2 og 3 teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna. Verknaður ákærða í ákærulið 4 telst varða við 3. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, X, sem fæddur er í Reykjavík 15. febrúar 1949, er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1965 28/7 í Árnessýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1967 30/1 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1968 6/12 í Árnessýslu: Dómur: Varðhald í 3 mánuði fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 4. mgr. 48. gr., 49. gr., 1. mgr. 50. gr., 1. mgr. 53. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 3. október 1967.

MÁLSATVIK.

Sunnudaginn 9. maí 1976, kl. 1620, mætti Arnar Guðmundsson, fulltrúi hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, samkvæmt boðun Arnar Höskuldssonar, rannsóknardómara hjá sakadómi Reykjavíkur, í Síðumúlafangelsi til að taka afstöðu til framburðar A bifreiðarstjóra, sem þá áður hafði verið í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. A hafði tjáð sig í lögregluskýrslu um meint fíkniefnamisferli, og hófst þá dómsrannsókn. Í framhaldi af yfirheyrslu var A úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Kl. 2240 þetta sama kvöld, 9. maí, var D bifreiðarstjóri handtekinn af ávana- og fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglunnar (ÁFD) og innan sólarhrings úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Kl. 0030 aðfaranótt 10. maí var B bifreiðarstjóri handtekinn af ÁFD og innan sólarhrings úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Kl. 0040 aðfaranótt mánudags 10. maí var C bifreiðarstjóri

handtekinn af ÁFD og var í lögreglu- og dómsyfirheyrslum til kl. 1850 þann 10. maí.

Kl. 0115 aðfaranótt mánudags 10. maí var X bifreiðarstjóri handtekinn af ÁFD og var í lögreglu- og dómsyfirheyrslum til kl. 1945 þann 10. maí.

Þeir A, D og B voru allir í gæsluvarðhaldi til 16. maí.

Í framburðum allra ofangreindra aðilja utan X kom fram, að þeir höfðu í töluverðan tíma átt saman í meðhöndlun fíkniefna. X, ákærði í máli þessu, bar hins vegar alfarið á móti fíkniefnameðhöndlun, og breyttu samprófanir við félaga hans engu þar um.

Verður nú rakið það helsta, sem fram kom í sjálfstæðum framburðum hvers og eins aðilja í málinu, og einkum fjallað um það, sem snýr að ákærða í máli þessu, X.

A bar m. a. að hafa nokkuð meðhöndlað fíkniefni frá vori 1975 og fram yfir áramót 1976. Hann bar að hafa m. a. gefið X að reykja og jafnframt fengið að reykja hjá honum. Einu sinni kvaðst hann hafa keypt efni af X, það hafi verið 10 grömm, fyrir 10.000 kr., af ljósu, grófu hassefni, sem X seldi A haustið 1975, og hafi afhending átt sér stað á BSÍ. A bar, að auk þess sem hann og X hafi oft reykt saman hass hafi X og D verið með speed svo nefnt um áramótin 1975/76.

Í framburði C kom m. a. fram, að hann kvaðst hafa vitað, að X hafi verið með hass, og taldi hann það komið frá D. Kvaðst C hafa reykt ásamt X og B í rútu X, sem staðsett var í Skeifunni sumarið 1975, og hafi X lagt til efnið. Þá hafði C eftir B, að X hafi verið með svokallað sniff.

Í framburði D kom fram, að í okt./nóv. keypti hann 80 grömm af dökku hassi af E á 800 kr. grammið. Efni þetta seldi hann með nokkrum hagnaði til ýmissa, m. a. 30 grömm A, en þess utan einnig B, C og X, en hann treysti sér ekki til að sundurgreina efnismagn á hvern þeirra þriggja.

Í framburði A um kaup af D kom fram, að hann kvaðst hafa keypt 20 grömm af dökku pressuðu efni af honum fyrir jólin 1975.

Í framburði C um kaup af D kom fram, að hann kvaðst einu sinni hafa keypt hassefni af honum, 5 grömm af dökku efni.

Í framburði B um kaup af D kemur fram, að hann staðfesti í samprófun að hafa ásamt A keypt efni af D og fengið 10 grömm í sinn hlut.

D bar einnig, að um jólin 1975 hefði hann keypt speed af F, blandað það til helminga með kalki og selt m. a. X þrisvar til fjórum sinnum 1—2 grömm hverju sinni og G lítilræði, en þó gefið fleiri aðiljum, en hann tók sérstaklega fram, að hann hefði ekki gefið C, B og A, sem noti ekki þetta efni. G hefur staðfest speedkaup af D á þessum tíma.

Í framburði B kemur fram frekar en áður er rakið, að hann hafi reykt hassefni heima hjá D í ágúst/september með X. Þá kvaðst hann oft hafa reykt með D, A og X eftir þetta, en ekki vita til, að X hafi nokkurn tíma lagt fram efni.

Við yfirheyrslur neitaði X alfarið allri fíkniefnameðhöndlun, og samprófanir með öðrum aðiljum málsins breyttu þar um engu. Þann 28. júlí 1976 var X samprófaður með A, og báru þeir hvor um sig nákvæmlega eins og áður. Samprófun breytti engu. 29. júlí var X samprófaður með D, og báru þeir hvor um sig nákvæmlega sama og áður, og samprófun breytti engu.

Að lokinni þessari rannsókn 29. júlí 1976 voru gögn málsins send ríkissaksóknara til umsagnar. Með ákæruskjali, dagsettu 13. ágúst 1976, sendi ríkissaksóknari gögnin sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum til meðferðar. Ítrekaðar boðunartilraunir báru ekki árangur, og var það ekki fyrr en 3. júní 1977, að til X náðist, og var honum birt ákæran. Samkvæmt beiðni var honum skipaður hæstaréttarlögmaður Örn Clausen sem verjandi, og skilaði hann munnlegri vörn mánud. 13. júní. Í varnarræðu lögmanns kom fram, að hann gerði þær dómkröfur, að ákærði yrði sýknaður af öllum ákæruatriðum og sér dæmd hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins. Verjandi benti á, að ákærði hefði alla tíð frá frumrannsókn haldið því fram, að hann hefði aldrei meðhöndlað fíkniefni og samprófanir með þeim aðiljum, sem á hann hefðu borið, hafi engu breytt. Verjandi benti og á, að gegn eindreginni neitun ákærða væri ekki komin fram lögfull sönnun fyrir fíkniefnameðhöndlun ákærða og enda þótt aðiljar á hann beri, verði ekki séð, að tveir þeirra séu nokkurn tíma að tala um sama tilvikið.

NIÐURSTÖÐUR.

Verður þá tekin afstaða til ákæru.

Ákæruliður 1.

Undir þessum ákærulið er ákærða X gefið að sök að hafa haustið 1975 selt A 10 grömm af kannabis fyrir kr. 10.000 í áætlunar-

bifreið ákærða við Umferðarmiðstöðina. Þetta ákæruatriði er alfarið byggt á framburði A, en gegn eindreginni neitun ákærða X þykja ekki alveg nægileg rök til að byggja á sakfellingu, og verður ákærði X því sýknaður af þessu ákæruatriði.

Ákæruliður 2.

Hér er ákærða X gefið að sök að hafa sumarið 1975 veitt B og C kannabisefni, sem þeir reyktu með ákærða í áætlunarbifreið í Skeifunni. Þetta ákæruatriði er byggt á framburði C, en í framburði B kemur fram, að hann kveðst oft eftir ágúst 1975 hafa reykt með ákærða X, en aldrei vitað til þess, að X hafi lagt til efni. Í framburði B kemur ekki fram neitt þetta tiltekna tilvik í áætlunarbifreiðinni varðandi. Gegn eindreginni neitun ákærða X um þetta atriði verður ekki talið nægilega sannað, að X hafi þarna lagt til efni, og verður hann sýknaður af þessu ákæruatriði.

Ákæruliður 3.

Hér er ákærða X gefið að sök að hafa í október eða nóvember 1975 keypt kannabisefni af D. Í gögnum málsins kemur fram, að í október 1975 keypti D 80 grömm af dökku hassi af E fyrir 800 kr. grammið. Efnið seldi hann með hagnaði til nokkurra nafngreindra aðilja, og hafa þeir allflestir staðfest, að svo hafi verið. M. a. kvaðst D hafa selt ákærða X, en treysti sér ekki til þess að fullyrða um efnismagn í því tilviki. Aðrir kaupendur af D voru m. a. B, A og C. Þessir piltar allir segjast hafa reykt kannabisefni með ákærða X. Í ljósi þess og að framburður D um sölu hassefna í lok árs 1975 hefur að mestu verið staðfestur, er engin ástæða til að ætla, að hann hafi sérstaklega þurft að bera rangt varðandi ákærða X, og þrátt fyrir staðfastlega neitun ákærða X um hasskaup af D í lok árs 1975 þykir óhætt að telja samkvæmt gögnum nægilega sannað, að viðskipti hafi átt sér stað, þó ekki verði sagt nákvæmlega til um efnismagnið.

Ákærði X telst þannig hafa unnið til sakar fyrir að hafa keypt kannabisefni af D í okt./nóv. 1975 og þannig unnið til refsingar samkvæmt 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Ákæruliður 4.

Undir þessum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa um

áramótin 1975 keypt af D amfetamínduft í þrjú til fjögur skipti, 1—2 grömm hverju sinni á kr. 10.000 grammið. D ber að hafa í nóvember 1975 keypt tugi gramma af amfetamíndufti af F, blandað efni til helminga með kalki og þannig dreift því til margra aðilja, bæði með og án gjalds. F var farinn til Bandaríkjanna, er rannsókn máls þessa hófst, og hefur ekki komið hingað síðan. Í málinu er staðfest um kaup annars aðilja af fíkniefni þessu frá D. Þeir C og A bera báðir, að þeir viti til þess, að X hafi meðhöndlað speedefni, öðru nafni sniff, með D. D tók sérstaklega fram, að þeir C, A og B notuðu ekki þetta efni og hafi þeir þar af leiðandi ekki keypt neitt, og er það í samræmi við framburði þeirra þremenninganna.

Samkvæmt ofansögðu hefur komið í ljós, að framburður D um dreifingu amfetamíndufts og meðhöndlun er trúverðugur að því leyti, að hann hefur að mestu verið staðfestur. Þykir því þrátt fyrir neitun ákærða X og með vísan til ofanritaðs nægilega sannað, að hann hafi um áramótin 1975/76 keypt af D amfetamínduft í þrjú til fjögur skipti, 1—2 grömm hverju sinni á kr. 10.000 grammið.

Ákærði X hefur þannig unnið til refsingar, sem, eins og í ákæru greinir, verður heimfærð til 3. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Ákærði X hefur ekki áður sætt kæru eða refsingum, sem hér skipta máli, og verður refsing hans fyrir ákæruatriði þau, sem greinir í 3. og 4. tölulið ákæru, metin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 sekt kr. 50.000 til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 141. gr. alm. hegningarlaga (sic) að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar kr. 30.000 sem málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Arnar Clausen.

Dómsorð:

Ákærði, X, greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talið málsvarnarlaun, kr. 30.000, til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Arnar Clausen.

Mánudaginn 15. janúar 1979.

Nr. 95/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Árnasyni
(Örn Clausen hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu er aðeins áfrýjað að því er varðar annan hinna ákærðu í héraði.

Samkvæmt gögnum málsins er sannað, að ákærði vissi, að tékkar þeir, 20 talsins, sem K seldi í ýmsum verslunum, svo sem lýst er í héraðsdómi, voru falsaðir. Ákærði hét þeim K og sambýlismanni hennar því kvöldið áður en tékkarnir voru seldir að aðstoða hana við sölu þeirra. Var hann með í ráðum um, í hvaða verslanir K færi, beið hennar ávallt utan verslananna, setti varning, er hún keypti, í tösku, sem hann hafði meðferðis í þessu skyni, og tók við peningum, er fengust fyrir tékkana. Eftir að K hafði selt tékkana og keypt varning, fóru þau ákærði saman til húsnæðis, er hann hafði á leigu, og komu varningnum þar fyrir. Var hann geymdur þar nokkra daga, uns hann var fluttur í annað hús. Rannsóknarlögreglan fékk varninginn síðar í sínar hendur og kom honum til skila til seljenda. Ákærði fékk um 20.000 krónur í sinn hlut af peningum þeim, sem K fékk greidda í verslunum samkvæmt framansögðu.

Ákærði hét liðsinni sínu til sölu tékkanna fyrirfram, og hann hlaut framangreindan fjárhlut af hagnaði, er fékkst við brotið. Þegar það er virt og atferli hans að öðru leyti, þykir rétt að refsa honum samkv. 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hæstaréttardómur sá,

sem til er vísað í héraðsdómi, var kveðinn upp 14. nóvember 1977, en ákærði vann brot sitt, sem hann er sakfelldur fyrir í þessu máli, hinn 3. október s. á. Þykir rétt að kveða svo á, að hæstaréttardómi frá 14. nóvember 1977 skuli eigi raskað með ákvörðun refsingar fyrir það brot, sem hér er til úrlausnar, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga og 7. gr. laga nr. 22/1955. Refsing fyrir brot ákærða samkv. 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, 80.000 krónur, í ríkissjóð og málsvarnarlaun verjanda síns, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Árnason, sæti fangelsi í 5 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. janúar 1978.

Ár 1978, föstudaginn 27. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 39-40/1978: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Árnasyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 20. þ. m., gegn

1. Kristjáni Árnasyni sjómanni, Fannarfelli 2, fæddum 12. september 1955 í Reykjavík,

2. X, fæddum . . . 1955 í Reykjavík, og eru sakarefni sem hér greinir:

„I. Ákærða X er gefið að sök að hafa laugardagskvöldið 1.

október 1977, er ákærði var staddur í veitingahúsinu Klúbbnum við Lækjarteig í Reykjavík, með hvatningum fengið stúlkuna K, fædda . . . 1960, til þess að stela seðlaveski með ávísanahefti úr vasa Halldórs Lárussonar, fædds 17. janúar 1944, sem þar var staddur.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærðu er gefið að sök skjalafals með því að hafa í félagi við fyrrgreinda K falsað eftirtaldar ávísanir á hlaupareikning nr. 2396 (nema annað sé tilgreint) við útibú Landsbanka Íslands í Keflavík, útgefnar mánudaginn 3. október 1977, með nafni Ingu Árnadóttur (nema annars sé getið) til handhafa, ákærði X með því kvöldið áður að segja nefndri stúlku fyrir í öllum atriðum um ritun þeirra og ásamt ákærða Kristjáni að leggja á ráðin um notkun þeirra og ákærði Kristján jafnframt með því að fylgja K í verslanir í Reykjavík nefndan mánudag og vera henni til aðstoðar, er hún notaði ávísanirnar í viðskiptum og falsaði á framsöl:

1. Nr. 38081, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í verslun P.Ó. í Austurstræti.
2. Nr. 38097, á hlaupareikning nr. 2369, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í verslun Franks Michelsen á Laugavegi.
3. Nr. 38083, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í skóverslun Péturs Andréssonar, Laugavegi.
4. Nr. 38096, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Buxnaklaufinni, Bankastræti.
5. Nr. 38078, kr. 7.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Raftorgi við Kirkjustræti.
6. Nr. 38084, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Ljósi og hita við Laugaveg.
7. Nr. 38085, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í Bókaverslun Ísafoldar í Austurstræti.
8. Nr. 38086, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í bókaverslun Máls og menningar, Laugavegi.
9. Nr. 38092, kr. 8.000, framseld með nafni Ásu Sigurðardóttur, seld í Hljóðfærahúsinu, Laugavegi.
10. Nr. 38080, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í Bókaverslun Snæbjarnar Jónssonar í Hafnarstræti.
11. Nr. 38075, kr. 8.000, útgefin með nafni Guðbjargar Þórólfs-

dóttur, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Sport við Laugaveg.

12. Nr. 38076, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í skóversluninni Rímu í Austurstræti.
13. Nr. 38095, á hlaupareikning nr. 2369, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Plötuportinu, Laugavegi.
14. Nr. 38087, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Jósefínu, Laugavegi.
15. Nr. 38099, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í Faco, Laugavegi.
16. Nr. 38089, kr. 9.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Herragarðinum í Aðalstræti.
17. Nr. 38088, kr. 8.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Evu, Laugavegi.
18. Nr. 38091, kr. 7.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í Hagkaupum.
19. Nr. 38082, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Torginu, Austurstræti.
20. Nr. 38077, kr. 9.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Hverfitónum í Aðalstræti.

Telst þetta atferli ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Laugardagskvöldið 1. október 1977 var ákærði X staddur í veitingahúsinu Klúbbnum ásamt sambýliskonu sinni K, sem fædd er 26. janúar 1960. Þar tók K að ófrjálsu tékkhefti, er hún sá standa upp úr rassvasa manns, er þarna var staddur. Gegn framburði ákærða X er ósannað, að hann hafi átt neinn þátt í töku veskisins eða að hann hafi vitað um tökuna, fyrr en K sýndi honum heftið.

Næsta dag hafði X samband við ákærða Kristján, sem er góðvinur hans. Kristján kom þá heim til X og K og sá heftið. Hann varð við þeirri ósk X að fara næsta dag með K og aðstoða hana við að selja tékka, sem ætlunin var að rita á eyðublöð úr heftinu.

K ritaði síðan tékka á eyðublöðin í samráði við X. Hefur það sennilega gerst á sunnudagskvöldið, og var Kristján þá ekki nærstaddur. K og ákærðu báðir kannast við þá 20 tékka, sem mál þetta snýst um, og eru sammála um, að K hafi ritað þá alla.

Nöfn og númer tiltók hún af handahófi. Gerð tékkanna er að öllu leyti lýst rétt í ákærunni og vísast til þess.

Næsta dag kom Kristján til K, svo sem um hafði verið rætt, og fóru þau svo út saman til þess að selja tékkana. Kristján tók þátt í að velja þá staði, þar sem borið skyldi niður, en beið síðan fyrir utan, meðan K fór inn og keypti einhverja hluti og greiddi með tékka og fékk mismuninn greiddan í peningum. Hún kveðst hvergi hafa þurft að sýna persónuskilríki.

Tékkana seldu þau K og ákærði Kristján í verslunum þeim, sem taldar eru í ákærunni. Þar eru fjárhæðir tékkanna og rétt tilgreindar. Samanlögð fjárhæð tékkanna nemur 198.000 kr.

K var handtekin í Klúbbnum aðfaranótt 9. október, en þá hafði kona, sem keypt hafði af henni einn hinna fölsuðu tékka, séð hana og þekkt. K hafði í þetta sinn stolið veski af einum veitingahússgesta. Mál hefur ekki verið höfðað gegn K.

Eftir handtöku K játuðu hún og síðar ákærðu báðir tékkafölsunina. Jafnframt hafðist upp á varningi þeim, sem keyptur hafði verið fyrir tékkana, og var hann afhentur viðeigandi verslunum, en ákærði X greiddi síðan að fullu bætur að því leyti sem á vantaði. Hafa þannig allir, er fyrir tjóni urðu, fengið fullar bætur.

Svo sem fyrr greinir, er ekki sönnuð þjófnaðarhlutdeild á ákærða X, en hins vegar ber að refsa ákærðu báðum sem aðalmönnum að því er varðar sakarefni skv. II. kafla ákæru, en þau brot varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, svo sem þar greinir.

Ákæru á hendur X var á árinu 1973 frestað skilorðsbundið til 2 ára. Hefur hann staðist það skilorð. Hann verður nú dæmdur með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga í 4 mánaða fangelsi, en þegar þess er gætt, að tjón hefur verið bætt og ákærði hefur ekki fyrr verið sóttur til saka fyrir afbrot, þykir rétt að ákveða, að fresta skuli að fullnægja refsingunni og skuli hún falla niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dómsins, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Kristján Árnason var 1972 dæmdur í 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás og þjófnað. Samkvæmt gögnum málsins hefur hann staðist skilorðið. Þá var hann dæmdur í sakadómi Reykjavíkur 30. desember 1975 í 45 daga varðhald fyrir óheimila töku á bifreið (brot gegn 259. gr. hegnl.). Þeim dómi var áfrýjað, og með dómi Hæstaréttar 11. nóvember

f. á. var Kristján dæmdur í 60 daga skilorðsbundið varðhald fyrir brot þetta.

Við ákvörðun refsingar Kristjáns nú ber skv. 60. gr. alm. hegningarlaga einnig að meta sakarefni það, sem nefndur hæstaréttardómur fjallar um. Þykir refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði, og eru ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Ákærðu verða in solidum dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði Kristján Árnason sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu greiði in solidum kostnað sakarinnar.

Þriðjudaginn 16. janúar 1979.

Nr. 18/1978. **Gunnar Gunnarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Benedikt E. Guðbjartssyni
(Grétar Haraldsson hrl.).

Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1978. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 18. janúar 1975, var ákveðið, að kyrrsetning skyldi fram fara hjá áfrýjanda til tryggingar víxilkröfum, sem stefndi átti á hendur honum. Jafnframt var áfrýjanda gert að greiða stefnda 40.000 krónur í málskostnað í kyrrsetningarmálinu. Lausafé í eigu áfrýjanda var síðan kyrrsett 20. s. m. Staðfestingarmál var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og gekk dómur í því 26. febrúar 1976. Var kyrrsetningin staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda fjárhæð víxlanna, samtals 598.000 krónur, auk vaxta, afsagnar- og stimpilkostnaðar svo og málskostnaðar. Bæjarþingsdómur þessi var birtur fyrir áfrýjanda 11. maí 1976.

Stefndi krafðist fjárnáms í eignum áfrýjanda til tryggingar dómskuldinni og svo hinum úrskurðaða málskostnaði í fógetarétti. Fjárnámið var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 18. október 1976, og var gert fjárnám í lausafé því, sem kyrrsett hafði verið 20. janúar 1975. Ekki voru hinir fjárnumdu munir virtir.

Með bréfi 28. desember 1977 fór stefndi þess á leit, að hinir fjárnumdu munir yrðu teknir úr vörslum áfrýjanda. Var málið tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 13. janúar 1978. Áfrýjandi sótti þinghald þetta ásamt nafngreindum hæstaréttarlögmanni. Skýrði lögmaðurinn svo frá, að hinir fjárnumdu munir væru veðsettir og að fjárnám það, sem gert hefði verið, væri í raun árangurslaust. Lögmaður stefnda lét þá færa til bókar, að því væri lýst yfir, að fjárnámið væri árangurslaust. Þess vegna óskaði hann eftir því, að það yrði endurupptekið og þess freistað að gera fjárnám með árangri. Fógeti ákvað þá að verða við þessari kröfu, en fella niður fjárnám það, sem gert var 18. október 1976. Stefndi ritaði því næst nýja fjárnámsbeiðni, og var málið síðan tekið fyrir af nýju. Benti áfrýjandi á fasteign til fjárnáms, og lýsti fógeti fjárnámi í henni.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á því, að fjárnámið hafi verið gert samkvæmt bæjarþingsdómi og fógetaúrskurði,

sem ekki hafi verið lögmætur aðfarargrundvöllur. Dómurinn hafi verið birtur 11. maí 1976, en úrskurðurinn hafi aldrei verið birtur. Þegar hið áfrýjaða fjárnám hófst 13. janúar 1978, hafi verið liðið meira en eitt ár frá því, að aðför gat fram farið samkvæmt bæjarþingsdómnum. Hafi hann því eigi fullnægt skilyrðum 9. gr. laga nr. 19/1887, en um nýtt fjárnám hafi verið að ræða. Úrskurður fógetaréttar um málskostnað hafi aldrei verið birtur og sé ekki lögmæt aðfararheimild samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 19/1887.

Stefndi telur hins vegar, að hér hafi verið um að ræða endurupptöku aðfarar samkvæmt 51. gr. laga nr. 19/1887. Eigi því ákvæði 7. gr. og 9. gr. laganna hér ekki við. Auk þess beri að líta svo á, að gerðarþoli hafi fallið frá aðfararfresti.

Telja verður, að fjárnám það, sem gert var 13. janúar 1978 til tryggingar kröfum samkvæmt áðurgreindum bæjarþingsdómi og áfrýjað er í máli þessu, sé framhald fjárnámsins 18. október 1976, en það fór fram vegna upplýsinga áfrýjanda sjálfs um, að hið fyrra fjárnám tryggði eigi kröfur stefnda, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 19/1887. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta hið áfrýjaða fjárnám að þessu leyti.

Að því er varðar málskostnað þann, sem áfrýjanda var gert að greiða stefnda með úrskurði fógeta 18. janúar 1975, þá verður að vísu ekki séð, að sá úrskurður hafi verið sérstaklega birtur áfrýjanda. Samkvæmt fjárnámsbeiðni, sem tekin var fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 18. október 1976 krafðist stefndi þó fjárnámsins m. a. til tryggingar málskostnaði þessum. Ekki hreyfði áfrýjandi, sem sjálfur var viðstaddur gerðina, neinum athugasemdum við því, að það fjárnám færi fram. Þegar fjárnámsgerðin var tekin fyrir að nýju 13. janúar 1978, svo sem áður er sagt, hafði áfrýjandi eða lögmaður hans enn engin andmæli uppi um það, að fjárnám mætti ekki gera til tryggingar umræddum málskostnaði. Þegar þetta er virt, þykir áfrýjandi ekki nú geta krafist þess, að fjárnámið verði fellt úr gildi vegna þess, að umræddur fógetaréttarúrskurður hafi ekki verið birtur

honum. Verður hin áfrýjaða fjárnámsgerð því einnig staðfest að því er varðar málskostnað þennan.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 75.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Gunnar Gunnarsson, greiði stefnda, Benedikt E. Guðbjartssyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 13. janúar 1978.

Ár 1978, föstudaginn 13. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Laugavegi 32 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni ásamt undirrituðum vottum.

II. Fyrir var tekið málið A-2179/1976: Benedikt E. Guðbjartsson gegn Gunnari Gunnarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 6 gerðarbeiðni.

Nr. 6.

Fylgir með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 598.000, 1.5% mánaðarvöxtum af kr. 98.000 frá 10. apríl 1974 til 15. maí 1974, af kr. 27.300 frá þeim degi til 31. mars 1974, af kr. 44.800 frá þeim degi til 30. júní 1974, af kr. 598.000 frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 2% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 2.150, kr. 2.190 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 149.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 5.000 vegna ritunar fjárnámsbeiðni auk alls kostnaðar við fjárnámið og fyrra fjárnám og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, og einnig er krafist vörslusviptingar á fjárnumdum munum, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur og með honum Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður. Áminntur um sannsögli kveðst gerðarþoli ekki geta greitt, en bendir á til fjárnáms eign gerðarþola, Fljótasel 12.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu

mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Fljótaseli 12.
Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.
Upplesið, gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 17. janúar 1979.

Nr. 206/1976. **Ragnar Jónsson og Jóhann Jónsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og Þingvallanefnd f. h. Alþingis
(Sigurður Ólason hrl.).

Jörð. Kaupréttur. Erfðaleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 27. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hafa þeir uppi þessar kröfur:

1. Aðalkrafa: Að viðurkenndur verði réttur þeirra til að kaupa áburðarjörð sína Brúsastaði í Þingvallahreppi, eins og jörðin var á þingfestingardegi málsins í héraði, 26. mars 1975, þar með taldar kvaðir og ítök og með þeim skilmálum, sem greinir í byggingarbréfi um jörðina 20. nóvember og 4. desember 1964.
2. Varakrafa: Að stefndu verði með dómi gert að veita þeim erfðaábúð á fyrrgreindri jörð.
3. Verði aðalkrafa eða varakrafa eigi teknar til greina, „verði það staðfest með dómi, að útkljá eigi þennan réttarágreining sem eignarnám skv. ákv. 3. gr. laga nr. 59/1928“.

Í öllum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Brúsastaðir í Þingvallahreppi eru kirkjujörð.

Með lögum nr. 59/1928 var kveðið á um friðun Þingvalla. Meginákvæði laga þessara eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Nokkur hluti Kárastaða féll undir hið friðlýsta svæði.

Með byggingarbréfi 20. nóvember 1964, staðfestu af landbúnaðarráðuneytinu 4. desember s. á., var áfrýjendum byggð jörðin Brúsastaðir ævilangt.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 59/1928 var spilda úr landi Brúsastaða tekin undan notum þáverandi ábúanda. Enn fremur var lagt bann við jarðraski og mannvirkjagerð í landi jarðarinnar, nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar. Samkvæmt 5. gr. laganna var Þingvallanefnd falin yfirstjórn hins friðlýsta svæðis og jarða þeirra í ríkiseign, sem taldar voru í 2. gr., þar á meðal Brúsastaða. Þegar áfrýjendur fengu jörðina til ábúðar á árinu 1964, var þeim eigi byggð jörðin á erfðaleigu samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga nr. 102/1962, sem þá var í gildi, heldur ævilangt.

Með ákvæðum 2. og 5. gr. laga nr. 59/1928 er jörðinni Brúsastöðum búin sérstaða meðal kirkjujarða, þar sem hún er falin yfirstjórn Þingvallanefndar og ýmsar hömlur lagðar á nýtingu hennar. Er þetta gert vegna tengsla jarðarinnar við hið friðlýsta svæði og í þágu þeirra stefnumiða allsherjarréttar eðlis, sem lög nr. 59/1928 marka. Þessi lögmælta sérstaða jarðarinnar þykir standa því í vegi, að áfrýjendur eigi kauprétt að jörðinni eða rétt til að fá hana byggða sér á erfðaleigu, sbr. fyrirvara 2. mgr. 34. gr. og 2. mgr. 47. gr. laga nr. 102/1962. Verða því hvorki aðalkrafa né varakrafa áfrýjenda teknar til greina.

Þrautavarakrafa áfrýjenda hefur ekki við lagarök að styðjast, og verður hún því eigi tekin til greina.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 8. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. maí sl., hafa bræðurnir Jóhann Jónsson og Ragnar Jónsson, ábúendur Brúsastaða, Þingvallahreppi, Árnessýslu, höfðað með stefnu, birtri 7. mars 1975, á hendur fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og á hendur Þingvallanefnd f. h. Alþingis. Þingvallanefnd var upphaflega stefnt til réttargæslu, en í þinghaldi 13. október 1975 breyttu stefnendur með samþykki stefndu og Þingvallanefndar því þannig, að nefndinni verði gert f. h. Alþingis að þola dóm í málinu með upphaflegu stefndu.

Kröfur stefnenda, eins og þær eru orðnar eftir breytingar í þinghaldi 13. okt. 1975, eru aðallega, að þeir fái með dómi viðurkenndan rétt sinn til að kaupa ábúðarjörð sína, Brúsastaði, Þingvallahreppi, með gögnum og gæðum, skv. 47. gr., sbr. 49. gr. laga nr. 102/1962, eins og jörðin nú er á þingfestingardegi, þar með taldar kvaðir og ítök, með skilmálum í byggingarbréfi, dags. 24. maí 1956 (sic), sbr. enn fremur ákv. 47. gr. laga nr. 116/1943, sbr. ákvæði byggingarbréfs, sbr. lög nr. 8/1951.

Til vara krefjast þeir þess, að stefndu verði með dómi aukadómþingsins gert að veita stefnendum erfðaábúð skv. 34. gr. laga nr. 102/1962, sbr. 34. gr. laga nr. 113/1943.

Til þrautavara krefjast þeir þess, að verði ekki orðið við aðalkröfu eða varakröfu vegna ákv. laga nr. 59/1928 um friðun Þingvalla, verði það staðfest með dómi aukadómþingsins, að útkljá eigi þennan réttarágreining sem eignarnám skv. ákv. 3. gr. laga nr. 59/1928, sbr. lög nr. 61/1917, sbr. lög nr. 11/1973.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins og skv. reikningum eða eftir málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefndu var í upphafi gerð frávísunarkrafa í málinu, en frá henni hefur nú verið fallið, og er ekki lengur deilt um formhlið máls né heldur aðild þess.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði algerlega sýknaðir og að engar kröfur stefnenda nái fram að ganga. Þá krefjast þeir málskostnaðar að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd í dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að samkvæmt byggingarbréfi, dags. 20. nóvember 1964, er stefnendum byggð til löglegrar ábúðar og leiguliðanota kirkjujörðin Brúsastaðir í Þingvallahreppi, Árnessýslu. Jörðin er að fasteignamati 157 hndr.

Í byggingarbréfinu eru byggingarskilmálar raktir. Í 10. gr. þeirra skilmála segir: „Með framangreindum skilmálum og að öðru leyti með þeim skilyrðum, sem sett eru um byggingu jarða í téðum ábúðarlögum, er leiguliða heimil ábúð framannefndrar jarðar ævilangt frá fardögum að telja, og svo ekkju hans, þar til hún giftist að nýju, nema þau fyrirgeri ábúðarrétti sínum með því að brjóta samning þennan, eða gildandi lög og reglur um skyldur leiguliða. Svo eru og byggingarskilmálarnir háðir hvers konar lagabreytingum, er gerðar kunna að verða um skyldur og réttindi leiguliða á jarðeignum ríkissjóðs."

Við byggingarbréfið eru engir viðbótarskilmálar tengdir.

Stefnandi Ragnar Jónsson hefur komið fyrir dóm.

Þá kom fram, að þeir bræður höfðu sótt um byggingarbréf fyrir jörðinni, þegar fyrri ábúandi, Grímur Þórarinsson, sagði henni lausri. Þeir bræður hefðu verið kunnugir í Þingvallasveit. Hann sagði, að Þingvallanefnd hefði engin afskipti haft af byggingu jarðarinnar til þeirra og ekkert hefði verið rætt um, að eitthvað annað skyldi gilda um byggingu þessarar jarðar en annars um byggingu jarða. Þeir hafi einungis átt við jarðeignadeild ríkisins um byggingu jarðarinnar. Hann sagði, að á sínum tíma hefði hluti Brústastaðalands verið tekinn undir þjóðgarðinn. Það hafi verið landsvæði meðfram vatninu. Þetta sé ekki stór hluti.

Þann 7. maí 1928 voru sett lög um friðun Þingvalla. Í 1. gr. laganna segir: „Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga."

Í 2. gr. er kveðið á um mörk hins friðhelga lands. Segir þar:

„a) Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestari bakka Almannagjár.

b) Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.

c) Að norðan: Frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.

d) Að austan: Eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells."

Auk þessa segir í lokaákvæði 2. gr.:

„Ekkert jarðrask, húsbyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar."

Í 3. gr. eru fyrirmæli um það, að takist ekki samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, þá skuli Þingvallanefnd taka afnotarétt jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og greiða ábúendum fyrir afnotaréttinn samkv. mati dómkvaddra manna.

Í 4. gr. eru fyrirmæli um það, að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis og ævinlega eign íslensku þjóðarinnar.

Í 5. gr. eru fyrirmæli um, að Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, skuli f. h. Alþingis fara með yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem nefndar eru í 2. gr.

Í 6. gr. eru ákvæði um, að Þingvallanefnd skuli semja reglugerð um hið friðlýsta land og meðferð þess, sem Stjórnarráðið staðfesti. Þessi reglugerð mun ekki hafa verið samin.

Þann 6. desember 1972 skrifar Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður f. h. stefnenda sem ábúenda Brúsastaða í Þingvallahreppi svo og fyrir hönd ábúenda fleiri ríkisjarða í Þingvallahreppi landbúnaðarráðherra bréf, þar sem stefnendur gera kröfu til þess að fá ábúðarjörð sína keypta, enda fullnægi þeir öllum skilyrðum til þess og fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar Þingvallahrepps um, að þeir hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að þeir fái jörðina keypta. Í þessu sambandi vísar lögmaðurinn til 47. gr. laga nr. 102/1962 og telur stefnendur m. a. uppfylla greint ákvæði.

Yfirlýsing oddvita Þingvallahrepps, dags. 4. des. 1972, hefur verið lögð fram.

Í 47. gr. laga nr. 102/1962 er mælt fyrir um rétt ábúenda þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar að fullnægðum þeim skilyrðum, sem greinin telur upp.

Í 2. mgr. þessarar sömu greinar er það tekið fram, að ákvæði þetta nái ekki til jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaður embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og til þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands eða Landnáms ríkisins, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefnda og að-

liggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Landbúnaðarráðuneytið sendi erindi Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns til Búnaðarfélags Íslands. Með bréfi, dags. 16. ágúst 1973, svarar Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri þessu bréfi landbúnaðarráðuneytisins. Segir í bréfi búnaðarmálastjóra:

„Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem haldinn var hinn 15. ágúst þ. á., var gerð svohljóðandi bókun: „Tekið fyrir bréf landbúnaðarráðuneytisins, dags. 19. des. 1972, ásamt ljósriti af bréfi umboðsmanns nokkurra bænda í Þingvallasveit, sem búa á ríkisjörðum, dags. 6. des. 1972, þar sem þeir óska eftir að fá ábýlisjarðir sínar keyptar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands leitaði álits Þingvallanefndar og sýslunefndar Árnessýslu. Þingvallanefnd mælir eindregið á móti sölu jarðanna, en svar sýslunefndar er svohljóðandi:

„Vegna fyrirspurnar í bréfi Búnaðarfélags Íslands, dags. 9. jan. 1973, vill sýslunefndin taka fram, að hún telur ekki líklegt, að lönd jarðanna Kárastaða, Heiðabæjar I og II og Brúsastaða, sem liggja utan þjóðgarðs, þurfi að taka til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.“

Verður að líta svo á, að sýslunefnd sé frekar hlynnt sölu jarðanna til ábúenda. Stjórn Búnaðarfélags Íslands telur heppilegast að bíða með að taka ákvörðun, þar til búið er að afgreiða frá Alþingi frumvörp til laga um Ábúðarlög og Jarðalög.“

Þann 18. okt. 1973 svarar landbúnaðarráðuneytið bréfi Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns. Þar er erindinu synjað.

Þann 21. mars 1974 ítrekar Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður erindi stefnenda og ábúenda nokkurra annarra jarða í Þingvallahreppi til landbúnaðarráðuneytisins.

Þann 5. okt. 1974 skrifar sami lögmaður landbúnaðarráðuneytinu og óskar þá eftir því, að þeim verði með tilvísan til 34. gr. laga nr. 102/1962 veitt erfðaábúð á þeim jörðum, er þeir sitja.

Þann 8. janúar 1975 ritar landbúnaðarráðuneytið Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni bréf. Þar segir:

„Þegar ráðuneytinu hafði borist bréf frá 5. október s.l. með ósk bændanna á Kárastöðum og Brúsastöðum um, að þeir fengju erfðaábúð á ábýlisjörðum sínum, var erindi þetta sent Þingvallanefnd til umsagnar.

Svar nefndarinnar hefur nú borist, og segir þar m. a. á þessa leið:

..Út af þessu vill Þingvallanefnd taka fram, að hún álítur, að óheimilt sé skv. lögum um friðun Þingvalla að selja jarðir þessar eða leigja þær á erfðafestu, þar sem slíkt samrýmist ekki ákvæðum þeirra laga.

Ráðuneytinu er áður kunnugt, að Þingvallanefnd mælir eindregið gegn því, að ríkið láti af hendi nokkurt land í Þingvallasveit, og hún leggur einnig gegn því, að Brúsastaðir og Kárastaðir verði leigðar á erfðafestu, enda samrýmist það ekki Þingvallalögunum, eins og að ofan greinir."

Samkvæmt þessu getur ráðuneytið ekki orðið við fyrrgreindri ósk umbjóðenda yðar."

Fram hefur verið lögð fundargerð frá fundi Þingvallanefndar föstudaginn 7. mars 1975. Þar kemur fram, að rætt hefur verið um framtíð Þingvallahverfisins. Þar er samþykkt að leggja fram eftirfarandi umræðugrundvöll í samstarfshópnum um framtíðarnýtingu og framtíðarskipulag Þingvallasvæðisins. Síðan eru nokkur atriði talin upp, og segir þar m. a.:

„Brúsastaðir og Kárastaðir verði bújarðir áfram og um þær gildi ákvæði núgildandi laga um friðun Þingvalla að viðbættum ákvæðum, sem miðast við, að þau lönd verði nýtt til búskapar með þeim takmörkunum um tölu búfjár, sem Þingvallanefnd setur ábúendum jarðanna að fengnu áliti landgræðslustjóra og nýtt til útivistar eftir vissum reglum, m. a. um umferðarrétt almennings utan ræktaðs lands, tjaldstæði o. fl."

Þá hefur verið lagt fram bréf nefndarinnar til Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, þar sem fram kemur í framhaldi af ofangreindri bókun nefndarinnar, að þar er aðeins um umræðugrundvöll að ræða, enda telur nefndin, að alltaf hafi verið gengið út frá því, að jarðirnar yrðu fyrr eða síðar lagðar beinlínis undir þjóðgarðinn að því leyti sem þær eru ekki nú þegar komnar undir hann. Það hafi aldrei komið til mála, að jarðirnar yrðu seldar né byggðar á erfðaleigu, enda hafi nefndin aldrei gefið nokkur vilyrði í þá átt.

Þann 17. des. 1975 svarar Búnaðarfélag Íslands bréfi hæstaréttarlögmanns Jóns E. Ragnarssonar frá 26. nóvember 1975, en þar fer lögmaðurinn fram á frekari umsögn félagsins um kröfu ábúenda Kárastaða og fleiri jarða í Þingvallahreppi til þess að fá ábúðarjarðir sínar keyptar eða að erfðafestu.

Í bréfi Búnaðarfélagsins segir m. a.:

„Með hliðsjón af afdrifum ýmissa jarða í einkaeign og í ná-

grenni Þingvallasveitar telur stjórn Búnaðarfélags Íslands varhugavert, að ríkið selji nefndar jarðir nú, enda getur hún ekki fallist á þá skoðun, að ríkiseign á jörðunum stofni í hættu áframhaldandi ábúð þeirra."

Með úrskurði, uppkveðnum 7. júlí 1975, vék hinn reglulegi dómari málsins, sýslumaðurinn í Árnessýslu, Páll Hallgrímsson, sæti í málinu.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 1. okt. 1975, var undirritaður borgardómari skipaður sem setudómari til þess að fara með mál þetta.

Svo sem fram er komið, byggja stefnendur aðalkröfu sína á 47. gr., sbr. 49. gr. laga nr. 102/1962, sbr. enn fremur ákvæði 47. gr. laga nr. 116/1943, sbr. ákvæði byggingarbréfs, sbr. lög nr. 8/1951. Telja stefnendur sig uppfylla öll skilyrði 47. gr. laga 102/1962 til þess að fá ábúðarjörð sína keypta. Varakröfu sína rökstyðja stefnendur með tilvísun í 34. gr. laga nr. 102/1962, sbr. 34. gr. laga nr. 116/1943. Segja þeir, að þetta sé raunar aðalatriði í málatilbúnaði þeirra, en landbúnaðarráðuneytið hafi einnig synjað þessari kröfu.

Þrautavarakröfu sína rökstyðja stefnendur með tilvísun til ákvæða 3. gr. laga nr. 59/1929, sbr. lög nr. 61/1917, sbr. lög nr. 11/1973, og telja þá, að útkljá eigi ágreining aðilja sem eignarnám.

Af hálfu stefndu er á það bent, að í máli þessu sé að ytra formi deilt um réttarstöðu framkvæmdarvalds gagnvart dómsvaldinu, þ. e. hvort þeirri neikvæðu stjórnarathöfn að synja stefnendum um kaup eða erfðaábúð verði rift með dómi. Telja stefndu, að jafnvel þótt dómur geti fellt stjórnarathöfnina, þ. e. synjunina, úr gildi, geti hann ekki tekið jákvæða ákvörðun í hennar stað. Stefndu telja synjunina vera á fullum rökum reista, bæði efnislega og lögformlega, einnig með tilliti til laga 1962, verði þau lög talin taka til Þingvallajarða, Kárastaða og Brúsastaða. Stefndu mótmæla því þó algerlega, að þessi lög komi hér til skoðunar, þar sem um Þingvallajarðir gildi sérlög, þ. e. þjóðgarðslögin 1928. Vitna stefndu til 4. gr. þjóðgarðslaganna um, að aldrei megi selja eða veðsetja hið friðlýsta land. Segja þeir, að af samhengi lagagreinanna megi örugglega ráða, að þetta bann taki einnig til umræddra jarða. Í því sambandi vitna þeir til 1. og 5. gr. Þá halda stefndu því fram, að jafnvel þótt lögin nr. 102/1962, 47. og 34. gr., væru talin eiga við jarðir þessar, þá breyti

það engu, þar sem jarðirnar falli allt að einu utan kaupskyldu-ákvæða laganna.

Af hálfu stefndu er á það bent, að ákvæði þessi taki ekki til jarða, sem annað hvort a) eru í opinberri notkun eða b) teljast líklegar til opinberra nota í náinni framtíð. Er því haldið fram, að jarðirnar Kárastaðir og Brúsastaðir séu a) þegar í opinberri notkun og b) að öruggt megi telja, að þau opinberu not eigi eftir að færast í aukana í náinni framtíð. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á síðustu mgr. 2. gr. þjóðgarðslaganna, sem rakin er hér að framan.

Um varakröfu stefnenda benda stefndu á sömu rök og um aðalkröfuna og telja nákvæmlega sömu reglur og sjónarmið gilda um erfðaábúð og um sölu jarða í opinberri eign.

Stefndu benda á varðandi þrautavarakröfu stefnenda, að hér sé ekki um löglega eða dómtæka réttarkröfu að ræða, sbr. 67. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936, og hljóti henni því að verða vísað frá dómi. Þeir benda á, að stefnendur hafi vitað, að hverju þeir gengu, þegar ábúð þeirra hófst, og þeim hafi verið kunnugt um, að lögin frá 1928 hlutu að takmarka rétt þeirra á marga vegu. Að endingu vísa stefndu til álits Þingvallanefndar og Búnaðarfélags Íslands.

Lagt hefur verið fram kort af þjóðgarðinum á Þingvöllum og næsta nágrenni, þ. á m. jörðunum Brúsastöðum og Kárastöðum. Á kortinu koma fram mörk þjóðgarðsins. Dómarinn hefur farið á vettvang og skoðað heimalönd Brúsastaða ásamt lögmönnum aðilja og Ragnari Jónssyni, öðrum stefnenda. Þá hefur hann kynnt sér, hver not Þingvallanefnd hefur haft af jörðinni og hverjar takmarkanir nágrenni þjóðgarðsins setur nýtingu ábúenda jarðarinnar.

Álit dómsins.

Mál þetta var að samkomulagi aðilja og þess dómara, sem upphaflega fór með það, þingfest á aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var á Selfossi, og síðan hefur málið verið sótt og varið á aukadómþingi Árnessýslu, sem ýmist hefur með samkomulagi við aðilja málsins og til hægðarauka verið háð í Reykjavík eða á Þingvöllum. Hefur þessum hætti verið haldið, enda þótt stranglega séð hafi átt að sækja málið í Þingvallahreppi skv. 78. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 72. gr. sömu laga. Þar sem rétt þykir að skilja ákvæði 78. gr. laga nr. 85/1936 svo, að það sé sett til þess að tryggja, að dómari og aðiljar fari og kynni sér að-

stæður á vettvangi og að það hefur verið gert, þykja ekki efni til að eyðileggja málatilbúnað aðilja eingöngu af því, að ofangreindu skilyrði 78. gr. var ekki stranglega fylgt, sjá einnig 81. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar eiga dómendur úrskurðarvald um embættistakmörk yfirvalda. Þetta hefur verið skilið svo, að dómendum sé ætlað að úrskurða um lögmæti embættisathafna. Hér þykir því vera til úrlausnar, hvort stjórnvöld fóru að lögum, er þau synjuðu stefnendum um kauprétt að jörðinni Brúsastöðum í Þingvallahreppi, og/eða um rétt þeirra til að fá jörðina að erfðafestu. Þau lagaákvæði, sem hér koma til skoðunar, eru XI. kafli laga nr. 102/1962 um sölu þjóðjarða og kirkjujarða og VIII. kafli sömu laga um jarðir, sem eru í eigu almenningsins, og um byggingu og úttekt þeirra. Verði talið, að stjórnvöld hafi ekki farið að þessum ákvæðum við synjun sína, sýnist ekkert því til fyrirstöðu, að dómurinn viðurkenni réttindi samkvæmt nefndum lagaákvæðum að fullnægðum þeim skilyrðum, sem þar eru sett.

Stefnendur hafa samkv. framlögðu byggingarbréfi, sbr. ábúðarlög nr. 8/1951, fengið lífstíðarábúð á jörðinni Brústastöðum í Þingvallahreppi. 47. gr. laga nr. 102/1962 mælir fyrir um rétt þeirra, sem fengið hafa erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, til þess að fá þær keyptar að fullnægðum ákvæðum 1. gr. þessara sömu laga og auk þess skilyrðum, sem upp eru talin í greininni. Í 2. mgr. þessarar sömu greinar segir síðan: „Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands eða Landnáms ríkisins, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð."

Nokkur hluti jarðarinnar Brúsastaða í Þingvallahreppi fellur undir þjóðgarðinn á Þingvöllum, og í 5. gr. laga nr. 59/1928 um friðun Þingvalla, sbr. 2. gr. sömu laga, er Þingvallanefnd fengin yfirstjórn jarðarinnar. Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 segir: „Ekkert jarðrask, húsbyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar." Þegar þessi ákvæði laga nr. 59/1928 um friðun Þingvalla eru skoðuð, þykir jörðin Brúsastaðir hafa verið tek-

in til opinberra nota í skilningi 2. mgr. 47. gr. laga nr. 102/1962 þegar við gildistöku laga nr. 59/1928, og verður kaupréttur stefnenda að jörðinni því ekki viðurkenndur þegar af þeirri ástæðu.

2. mgr. 34. gr. laga nr. 102/1962, en 1. mgr. greinarinnar geymir fyrirmæli um erfðaleigu, undanþiggur þær jarðir erfðaleigu, sem eru eða ætlaðar eru til opinberra nota, á sama hátt og 2. mgr. 47. gr. undanþiggur slíkar jarðir kauprétti ábúanda. Af þessu leiðir, að sömu ástæður og standa því í vegi, að stefnendur fái jörðina Brúsastaði keypta, mæla því á móti, að þeir fái hana byggða erfðaleigu, og verður því þeirri kröfu þeirra einnig hafnað.

Stefnendur fengu byggingarbréf fyrir jörðinni frá fardögum 1964. Lögin um friðun Þingvalla höfðu þá verið í gildi um árabil. Rétt þykir að líta svo á, að stefnendur hafi fengið byggingarbréf fyrir jörðinni með takmörkunum, sem af þeim lögum leiðir, og þá einnig þeim takmörkunum, sem ofangreind niðurstaða hefur í för með sér. 3. gr. laga nr. 59/1928 kemur því ekki hér til álita.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefndu skulu sýknir af öllum kröfum stefnenda.

Rétt þykir, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dómaranum er kunnugt um, að Alþingi hefur samþykkt ný jarðalög og ábúðarlög, en þau hafa enn ekki tekið gildi.

Hrafn Bragason, settur dómari máls þessa, kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og Þingvallanefnd f. h. Alþingis, skulu sýknir af kröfum stefnenda, Jóhanns og Ragnars Jónssona. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 18. janúar 1979.

Nr. 145/1977. **Hólmfríður Steinþórsdóttir og Ove Salomonsen**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Svövu Þórðardóttur persónulega og fyrir hönd ófjárráða sonar hennar, Sigurðar Vilhjálmssonar, Steinari Vilhjálmssyni og Hilmi Vilhjálmssyni
(Jóhann Þórðarson hrl.).

Fasteignakaup. Lögráðendur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 30. ágúst 1977. Gera þeir þær dómkröfur, að „stefndu verði dæmdir til, að viðlögðum allt að kr. 10.000 í dagsektir frá lögbirtingu dóms í máli þessu, að gefa út afsal til handa áfrýjendum fyrir eignarhluta þeim í fasteigninni nr. 4 við Hátún í Reykjavík, sem áfrýjendur keyptu af stefndum með kaupsamningi, dags. 26. sept. 1972 og í samræmi við hann, allt gegn greiðslu á kr. 1.253.500 með 10% ársvöxtum af kr. 1.452.500 frá 1. okt. 1972 til 1. jan. 1973, af kr. 1.403.500 frá þeim degi til 1. febr. 1973, af kr. 1.353.500 frá þeim degi til 1. mars 1973, af kr. 1.303.500 frá þeim degi til 1. apríl 1973 og af kr. 1.253.500 frá þeim degi til 19. júní 1973. Ennfremur greiði áfrýjendur eftirstöðvar af skuld stefndu við eftirlaunasjóð Landsbanka Íslands, kr. 77.500, ásamt áföllnum vöxtum. Greiðslur þessar fari fram að áskildum skuldajafnaðarrétti vegna hugsanlegs málskostnaðar og dagsekta". Áfrýjendur krefjast sýknu af öllum kröfum stefndu. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hilmir Vilhjálmsson varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur sjálfur tekið við forræði málsins fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur yfirfjárráðanda í Reykjavík og dómsmálaráðherra verið stefnt til réttargæslu. Engar kröfur eru gerðar á hendur þeim, og þeir hafa engar kröfur gert.

I.

Með úrskurði Hæstaréttar 20. nóvember 1978 var aðiljum gefinn kostur á að afla nýrra gagna. Hafa aðiljar lagt fyrir Hæstarétt ný gögn. Meðal þeirra er bréf dómsmálaráðuneytisins 3. ágúst 1973 til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, undirritað af Páli Sigurðssyni, þáverandi fulltrúa þar, svohljóðandi:

„Með vísun til bréfs yðar, dags. 21. júní 1973, varðandi athugasemd við úrskurð ráðuneytisins frá 23. maí 1973 um synjun á samþykki til sölu á fasteign ófjárráða unglinga tekur ráðuneytið fram, að ekki þykir að svo búnu máli unnt að breyta fyrri úrskurði ráðuneytisins um það efni".

Einnig hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf dómsmálaráðuneytisins til málsaðilja 14. desember 1978 ásamt skýrslum þriggja fyrrverandi fulltrúa í ráðuneytinu, sem afskipti hafa haft af máli þessu, þeirra Friðriks Ólafssonar, Páls Sigurðssonar og Jóns Haukssonar.

Í bréfi Friðriks Ólafssonar 5. desember 1978 segir m. a. svo:

„Um þann þátt máls þessa, sem ég fjallaði um sem fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, er tiltölulega litlu við að bæta það, sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins til borgarfógetaembættisins, dags. 23. maí 1973. Svo sem þar kemur fram, var óskað frekari gagna eða útskýringa vegna útborgunarkjara, sem voru talin óeðlilega óhagstæð. Engar viðhlítandi útskýringar fengust, og reyndist raunar ómögulegt á löngu tímabili að ná neins konar sambandi við Áka

Jakobsson hrl., umboðsmann leyfisbeiðanda, Svövu Þórðardóttur".

Í bréfi Páls Sigurðssonar 4. desember 1978 segir m. a. svo: „. . . . skal tekið fram, að undirritaður hafði samráð við aðra starfsmenn Dómsmálaráðuneytis (þ. á m. Friðrik Ólafsson lögfræðing, sem áður hafði haft afskipti af málinu), áður en bréf frá 3. ágúst 1973 var ritað, og var málaleitan Ólafs Þorgrímssonar hrl., sem fram kemur í bréfi, dags. 21. júní 1973, synjað að svo búnu máli sökum þess, að í bréfi hæstaréttarlögmannsins kom hvergi fram skýring á hinum óvenjulegu greiðsluskilmálum (m. a. óvenjulega lágri útborgun), sem gert er ráð fyrir í viðkomandi kaupsamningi, en skýringar þessa atriðis hafði þó sérstaklega verið óskað, og ekki varð þetta upplýst með öðrum hætti. Þessi afgreiðsla útilokaði að sjálfsögðu ekki, að umbeðið leyfi yrði veitt síðar, ef fullnægjandi skýringar fengjust".

Í bréfi Jóns Haukssonar 11. desember 1978 segir m. a. svo: „Í ársbyrjun 1974 tók ég undirritaður við starfi fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu, og hafði ég m. a. með að gera fjármuni ómyndugra. Í enduðum mars eða byrjun apríl 1974 komu á skrifstofu mína þau Svava Þórðardóttir og Einar Ólafsson, og var erindi þeirra að ræða ofangreint mál og þá einkum að leita skýringa á bréfi ráðuneytisins frá 23. maí 1973 og hvort þar væri um að ræða endanlega synjun á erindinu. Tjáði ég þeim það álit mitt, að svo væri ekki, heldur þyrftu að koma til frekari skýringar á málinu. Ræddum við síðan málið, og skýrðu þau sjónarmið sín, sem að mig minnir voru fólgin í því, að neita þyrfti erindinu endanlega, en einstök orðaskipti er mér eigi unnt að rifja upp nú.

Skömmu eftir þetta kom á skrifstofu mína Ólafur Þorgrímsson hrl. þeirra erinda að ræða mál þetta, og reifaði hann sín sjónarmið, sem fólust í því, að ganga þyrfti endanlega frá málinu og þá í þá veru, að heimild yrði veitt til sölu íbúðarinnar. Í framhaldi af þessu kom Ólafur Þorgrímsson síðan með bréf dags. 23. apríl 1974 varðandi mál þetta.

Auk þess, sem að ofan greinir, kom Einar Ólafsson aftur til að ræða mál þetta, en hvort það var fyrir eða eftir 26.

apríl 1978 (sic), er mál þetta var afgreitt endanlega af hálfu ráðuneytisins, get ég ekki fullyrt nú.

Svo sem að ofan greinir, var rætt við Ólaf Þorgrímsson hrl. vegna kaupendanna og við Svövu Þórðardóttur, áður en til afgreiðslu kom, en ekki var leitað umsagnar Áka Jakobssonar persónulega eða kaupendanna sjálfra, en endanleg afgreiðsla byggð á þeim upplýsingum, er fyrir lágu, og einkum reynt að gera sér grein fyrir, hvort um væri að ræða eðlilega sölu á þeim tíma, er kaupsamningur var gerður".

Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Þorsteins Thorarensen borgarfógeta 24. nóvember 1978. Kveðst hann sem yfirlögráðandi engin afskipti hafa haft af málefni þessu önnur en þau að senda dómsmálaráðuneytinu erindi Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns og að tilkynna um afdrif erindisins. Í bréfi Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns 23. nóvember 1978 kemur fram, að hann hafi engin afskipti haft af málinu önnur en þau að rita bréf það til áfrýjenda, er í héraðsdómi greinir, dagsett 29. maí 1973.

II.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Því er við að bæta, að uppkast það að kaupsamningi, dagsett 28. júlí 1972, sem fylgdi bréfi Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, dagsettu sama dag, til yfirfjárráðanda í Reykjavík var aldrei undirritað af málsaðiljum að því er upplýst var við málflutning fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum máls greiddu áfrýjendur til stefndu Svövu alls 600.000 krónur í peningum frá því í september 1972 og þar til í apríl 1973. Voru greiðslur þessar, sem stefnda Svava tók við án athugasemda, inntar af hendi sem hér segir:

26. september	1972	200.000	krónur
1. október	—	100.000	—
13. október	—	50.000	—
16. desember	—	50.000	—
4. janúar	1973	50.000	—
2. febrúar	—	50.000	—

1. mars — 50.000 krónur
5. apríl — 50.000 —

Greiðslur þessar voru í samræmi við kaupsamninginn frá 26. september 1972. Auk þess greiddu áfrýjendur 11. desember 1972, einnig í samræmi við kaupsamninginn, 63.950 krónur og 7. maí 1973 35.627 krónur í vexti og afborgun af veðskuldabréfi í Búnaðarbanka Íslands. Eftir að stefnda neitaði að taka við greiðslum frá áfrýjendum, greiddu þau samningsbundnar greiðslur til lögmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, sem kveðst hafa lagt hluta greiðslnanna á geymslureikning í Landsbanka Íslands á nafn stefndu. Hefur lögmaðurinn lagt fram yfirlit yfir greiðslur þessar árin 1973-1976. Samkvæmt yfirlitinu námu þær 50.000 krónum á mánuði árið 1973, að undanskildum nóvembermánuði, eða alls 300.000 krónum. Segir í því, að 250.000 krónur af þessari fjárhæð hafi verið lagðar á geymslureikning í Landsbankanum á því ári. Á árinu 1974 námu greiðslur áfrýjenda til lögmanns þeirra 645.000 krónum. Þar af var samkvæmt yfirlitinu lagt á geymslureikning í Landsbankanum 447.500 krónur. Árið 1975 námu greiðslur frá áfrýjendum til lögmannsins 375.000 krónum. Þar af voru 75.000 krónur lagðar á geymslureikning í Landsbankanum. Greiðslur árið 1976 námu 300.000 krónum. Óumdeilt er, að áfrýjendur hafa auk þessa innt af hendi afborganir og vexti af veðskuld við Búnaðarbanka Íslands, sem þeim ber að greiða samkvæmt kaupsamningnum. Veðskuld við Landsbanka Íslands að eftirstöðvum 77.500 krónur, sem áfrýjendur tóku að sér að greiða, hafa þau ekki greitt, en lánveitandi mun eigi hafa samþykkt skuldskeytingu. Þá hafa áfrýjendur greitt fasteignagjöld af íbúðinni öll árin nema 1978, er stefndu greiddu þau með 48.754 krónum.

Við málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að enginn tölulegur ágreiningur er með aðiljum í málinu.

Áfrýjandi Ove Salomonsen er danskur ríkisborgari. Meðal gagna máls er bréf frá dómsmálaráðuneytinu 21. febrúar 1977, sem er svar við umsókn hans um að mega eiga fasteign hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1966. Er tekið fram í bréfi

þessu, að almennt sé ekki staðið gegn því, að erlendir ríkisborgarar, sem búsettir hafa verið hér á landi um nokkurn tíma, fái að eignast íbúðarhúsnæði fyrir sjálfa sig. Ráðuneytið tekur hins vegar fram, að það telji heppilegra, að afgreiðsla málsins bíði um sinn, þar sem málaferli standi yfir um íbúðarhúsnæði það, sem um er að ræða.

III.

Fyrirvarinn í kaupsamningnum frá 26. september 1972 um samþykki yfirfjárráðanda á sölu eignarhluta hinna ófjárráða sona stefndu Svövu er efnislega í samræmi við ákvæði 37. gr. laga nr. 95/1947. Skilja verður gerð kaupsamningsins svo, að Svava hafi með honum tekið að sér að afla slíks leyfis, ef þess væri kostur. Sýnir orðalag fyrirvarans, að samningsaðiljar hafa gert ráð fyrir, að öflun leyfisins gæti tekið nokkurn tíma og frestun yrði á útgáfu afsals af þeim sökum, en gert var ráð fyrir, að afsal yrði gefið út um áramótin 1972/1973. Af hendi stefndu Svövu var sótt um leyfi til sölu á eignarhluta hinna ófjárráða sona hennar með bréfi til yfirfjárráðanda 28. júlí 1972. Þessari umsókn fylgdu drög að kaupsamningi málsaðilja frá sama degi. Yfirfjárráðandi sendi umsóknina og samningsdrögin til dómsmálaráðuneytisins, og gögn máls bera með sér, að kaupsamningurinn frá 26. september 1972 hafi síðar komið í hendur ráðuneytisins. Í bréfi ráðuneytisins 23. maí 1973 kemur fram, að frekari gögn og upplýsingar hafi ekki fengist þrátt fyrir óskir ráðuneytisins. Geti ráðuneytið því ekki fallist á, að veitt verði leyfi til sölunnar, „eins og málið liggur nú fyrir". Ekki verður séð, að stefnda Svava hafi gert reka að því að fylgja eftir umsókn sinni frá 28. júlí 1972 um samþykki til sölunnar, en eigi afturkallaði hún hana. Viðbrögð hennar við bréfi ráðuneytisins 23. maí 1973 voru þau að láta rita riftunarbréfið 29. maí 1973, þótt bréf ráðuneytisins yrði ekki skilið sem endanleg synjun við umsókn hennar. Ekki verður séð, að áfrýjendur hafi ekki fengið neina vitneskju um, að fyrirstaða væri á því, að ráðuneytið veitti samþykki sitt, fyrr en með bréfinu 29. maí 1973. Þau höfðu flutt í íbúðina í sept-

emberlok 1972 og innt af hendi allar greiðslur samkvæmt kaupsamningnum. Var þeim þá rétt að leita sjálf til dómsmálaráðuneytisins og freista þess að skýra mál sitt í því skyni, að samþykki þess fengist. Af þeirra hálfu var riftuninni mótmælt með bréfi 19. júní 1973, og lögmaður þeirra ritaði dómsmálaráðuneytinu bréf 23. s. m., þar sem málið var skýrt frá þeirra sjónarmiði. Eigi taldi ráðuneytið þó fært að breyta fyrri ákvörðun sinni „að svo búnu," eins og segir í bréfi þess 3. ágúst 1972. Hinn 23. apríl 1974 ritaði lögmaður áfrýjenda ráðuneytinu aftur bréf og bauð fram, að hluti hinna ófjárráða sona stefndu Svövu í íbúðinni yrði greiddur að fullu. Samþykkti ráðuneytið síðan söluna með bréfi 26. apríl 1974. Í júní það ár höfðuðu áfrýjendur mál á hendur stefndu, þar sem þess var krafist, að þau gæfu út afsal til þeirra fyrir íbúðinni. Eigi höfðu stefndu, að því er séð verður, gert neinn reka að því að fylgja eftir riftunarkröfu sinni í bréfinu til áfrýjenda 29. maí 1973, fyrr en þau tóku til varna í máli þessu.

Við það þykir verða að miða, að bréf dómsmálaráðuneytisins 23. maí 1972 og 3. ágúst 1973 hafi ekki haft að geyma endanlega synjun á beiðni stefndu um sölu eignarhluta sona hennar í íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Einungis hafi verið um að ræða frestun á endanlegri afgreiðslu málsins og að það yrði tekið til nýrrar ákvörðunar, ef frekari skýringar og upplýsingar bærust frá aðiljum. Fram kemur í skýrslu Jóns Haukssonar, að bæði áfrýjendur og stefndu hafi verið búnir að tjá sig um málið, áður en ráðuneytið veitti samþykki sitt til sölunnar 26. apríl 1974, en þá lá einnig fyrir, að í boði voru betri kjör en í kaupsamningi greindi, auk þess sem frekari skýringar höfðu komið fram. Þegar allt þetta er virt, verður á það fallist með áfrýjendum, að með samþykki ráðuneytisins 26. apríl 1974 hafi verið fullnægt skilyrði því um samþykki yfirfjárráðanda, sem sett var í kaupsamningi 26. september 1972, að því tilskildu, að áfrýjandi fullnægði skilyrðum þeim, sem ráðuneytið setti. Var stefndu því skylt að standa við kaupsamninginn svo breyttan. Áfrýjendur þykja hafa sýnt nægilega, að þá skort-

ir hvorki vilja né getu til að efna kaupsamninginn af sinni hálfu.

Með hliðsjón af yfirlýsingu dómsmálaráðuneytisins 21. febrúar 1977 verður ekki talið, að 1. gr. laga nr. 19/1966 sé því til fyrirstöðu, eins og hér stendur sérstaklega á, að áfrýjendur fái útgefið afsal fyrir áðurnefndri íbúð sér til handa.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber að dæma stefndu til að gefa út afsal til áfrýjenda fyrir eignarhluta þeim í Hátúni 4, sem fyrr getur, gegn greiðslu, eins og greinir í kröfugerð áfrýjenda, þar með talin greiðsla á skuld samkvæmt veðskuldabréfi við Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands, sem var að eftirstöðvum 77.500 krónur 26. september 1972, auk áfallinna og áfallandi vaxta frá þeim degi til greiðsludags í samræmi við ákvæði veðskuldabréfsins, en, eins og áður segir, er ekki ágreiningur með aðiljum um fjárhæðir. Eins og máli þessu er háttað og með tilliti til sýknukröfu stefndu, þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýjenda um dagsektir, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Í málinu hafa stefndu ekki gert kröfu um vexti af greiðslum frá áfrýjendum eftir 19. júní 1973. Þykir og fram komið, að um viðtökudrátt á kaupverðinu hafi verið að ræða eftir þann dag. Verður áfrýjendum því ekki gert að greiða vexti eftir 19. júní 1973 umfram vexti samkvæmt fyrrgreindu veðskuldabréfi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Svövu Þórðardóttur persónulega og fyrir hönd ófjárráða sonar hennar, Sigurðar Vilhjálmssonar, Steinari Vilhjálmssyni og Hilmi Vilhjálmssyni, er skylt að gefa út afsal til áfrýjenda, Hólmfríðar Steinþórsdóttur og Ove Salomonsen, fyrir íbúð E á 7. hæð í Hátúni 4 í Reykjavík ásamt því, er henni fylgir samkvæmt kaupsamningi aðilja 26. september 1972, gegn greiðslu

á 1.253.500 krónum með 10% ársvöxtum af 1.452.500 krónum frá 1. október 1972 til 1. janúar 1973, af 1.403.500 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 1973, af 1.353.500 krónum frá þeim degi til 1. mars 1973, af 1.303.500 krónum frá þeim degi til 1. apríl 1973 og af 1.253.500 krónum frá þeim degi til 19. júní 1973. Þá greiði áfrýjendur stefndu framangreinda skuld samkvæmt veðskuldabréfi við Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands að fjárhæð 77.500 krónur ásamt áföllnum og áfallandi vöxtum frá 26. september 1972.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Er stefnda Svava undirritaði hinn 26. september 1972 vegna sín og sona sinna, Sigurðar, Hilmis og Steinars, samning við áfrýjendur um sölu íbúðarinnar í Hátúni 4, sem um er fjallað í máli þessu, voru þeir allir ófjárráða fyrir ætsku sakir. Kaupgerningurinn varð því ekki skuldbindandi fyrir þá, nema dóms- og kirkjumálaráðuneytið samþykkti söluna, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 95/1947. Var og gerður um þetta sérstakur fyrirvari af hálfu seljenda í kaupsamningnum. Er fyrirvarinn orðrétt greindur í hinum áfrýjaða dómi.

Með bréfi til yfirfjárráðandans í Reykjavík 23. maí 1973 synjaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið beiðni stefndu Svövu um, að leyfð yrði sala á eignarhluta hinna ólögráða sona hennar, en þá beiðni hafði ráðuneytið fengið um hendur yfirfjárráðanda. Er rökstuðningur ráðuneytisins fyrir synjuninni tekinn upp í héraðsdóm. Að svo komnu máli skýrði umboðsmaður stefndu Svövu áfrýjendum frá því

með bréfi 29. maí 1973, að vegna synjunar ráðuneytisins rifti hún kaupsamningnum um íbúðina. Var um þetta sérstaklega skírskotað til fyrirvarans í kaupsamningnum. Er þess hér að geta, að það er skilningur stefndu á fyrirvara þessum, að hann hafi átt að taka til kaupsamningsins í heild, ef ekki fengist leyfi það til sölu á eignarhluta hinna ófjárráða seljenda, sem lögræðislög áskilja. Í bréfinu krafðist stefnda Svava þess, að áfrýjendur rýmdu íbúðina gegn endurgreiðslu á þeim hluta kaupverðs, sem þeir höfðu goldið, „að frádreginni hæfilegri húsaleigu frá 15. október s.l. til rýmingardags."

Áfrýjendur vildu ekki una þessum málalokum, og bar umboðsmaður þeirra fram skrifleg mótmæli við stefndu hinn 19. júní 1973. Enn fremur ritaði hann dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf hinn 21. s. m. til skýringar á ákvæði kaupsamningsins um útborgun kaupverðs, en ráðuneytið hafði talið það ákvæði óhagstætt hinum ófjárráða seljendum og sérstaklega skírskotað til þess synjun sinni til stuðnings. Var þess jafnframt beiðst fyrir hönd kaupenda, að ráðuneytið samþykkti söluna að fengnum þeim upplýsingum, sem í bréfinu greindi. Vísast að öðru leyti til héraðsdóms um efni bréfa þessara, en þau eru þar nánar rakin.

Eigi báru tilmæli áfrýjenda tilætlaðan árangur, því að hinn 3. ágúst 1973 ritaði ráðuneytið umboðsmanni þeirra svohljóðandi svar, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt sem nýtt skjal:

„Með vísun til bréfs yðar, dags. 21. júní 1973, varðandi athugasemd um úrskurð ráðuneytisins frá 23. maí 1973 um synjun á samþykki til sölu á fasteign ófjárráða unglinga tekur ráðuneytið fram, að ekki þykir að svo búnu máli unnt að breyta fyrri úrskurði ráðuneytisins um það efni."

Enn ritaði umboðsmaður áfrýjenda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf hinn 23. apríl 1974 og tjáði áfrýjendur nú reiðubúna „til að greiða við afsal það, sem á vantar, að hlutur hinna ólögráða aðilja sé að fullu greiddur, ef það mætti verða til að ljúka málinu". Ritaði þá ráðuneytið yfirfjárráðanda bréf hinn 26. s. m. því til staðfestingar, að það sam-

þykkti sölu íbúðar stefndu með þeim skilmálum og fyrir það verð, sem greindi í kaupsamningnum 26. september 1972, en með þeirri breytingu, að eignarhluti hinna ólögráða yrði greiddur með þeim hætti, sem áfrýjendur höfðu boðið.

II.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur rökstutt kröfur sínar með því, að kaupsamningur málsaðilja sé skuldbindandi fyrir stefndu, þar sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi veitt áskilið samþykki sitt til sölunnar með fyrrgreindu bréfi 26. apríl 1974. Synjun ráðuneytisins hinn 23. maí 1973 haggi þessu ekki, enda hafi hún stafað af því, að umboðsmaður stefndu hafi vanrækt að láta ráðuneytinu í té nauðsynlegar upplýsingar til skýringar á ákvæðum kaupsamningsins. Auk þess hafi synjunin orðum sínum samkvæmt ekki haft að geyma fullnaðarákvörðun ráðuneytisins.

Á framangreindar röksemdir verður þó ekki fallist. Skilja verður fyrrgreint bréf ráðuneytisins 23. maí 1973 svo, að með því hafi ráðuneytið ákveðið, að hafna bæri beiðni stefndu Svövu um, að ráðuneytið heimilaði umrædda sölu að því er tók til eignarhluta hinna ófjárráða seljenda. Skipti ekki máli, þótt til þess kunni að hafa verið ætlast af ráðuneytisins hálfu, að málið mætti taka upp að nýju, ef beiðst yrði og nýjar upplýsingar veittu efni til þess. Ekki þykir heldur sýnt, að ákvörðun ráðuneytisins hefði orðið önnur, þótt gefnar hefðu verið nánari skýringar á ákvæði kaupsamningsins um útborgun kaupverðs, svo sem áfrýjendur halda fram. Er í því sambandi sérstaklega á það að líta, að ráðuneytið ítrekaði fyrri afstöðu sína með áðurgreindu bréfi 3. ágúst 1973. Lágu þó þá fyrir ráðuneytinu þær skýringar áfrýjenda á ákvæði þessu og kaupsamningnum í heild, sem þeim þótti ástæða til að koma á framfæri við ráðuneytið og umboðsmaður þeirra hafði reifað í bréfi sínu 21. júní 1973. Frá þessari afstöðu hefur ráðuneytið ekki vikið síðar, enda var hin nýja ákvörðun þess 26. apríl 1974 bundin því skilyrði, að salan yrði með öðrum kjörum en í kaupsamningi

sagði og í samræmi við það, sem áfrýjendur höfðu boðið í bréfi sínu til ráðuneytis 23. s. m.

Er þá athugandi, hvort síðastnefnd ákvörðun ráðuneytisins eigi að leiða til þess, að kröfur áfrýjenda í málinu verði til greina teknar. Hér er á það að líta, að langur tími leið, frá því að ráðuneytið synjaði erindi stefndu Svövu, uns hin breytta ákvörðun var tekin. Stefnda Svava hafði enn fremur greint áfrýjendum tafarlaust frá því viðhorfi sínu, er hún fékk vitneskju um bréf ráðuneytisins 23. maí 1973, að vegna þeirrar synjunar fengi kaupsamningurinn ekki gildi. Þá var hin nýja ákvörðun ráðuneytisins enn fremur bundin því skilyrði, að breytt yrði tilteknu ákvæði í kaupsamningi aðilja, svo sem greint hefur verið, og hefur stefnda Svava sem lögráðamaður sona sinna ekki samþykkt þá breytingu eða að kaupsamningurinn tæki gildi þannig breyttur úr því sem komið var. Þegar framangreint er virt, verður ekki á það fallist, að hinir ófjárráða synir stefndu Svövu hafi vegna bréfs dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 26. apríl 1974 orðið bundnir við nefndan kaupsamning með þeirri breytingu á greiðslutilhögun, sem áfrýjendur buðu.

Áfrýjendur hafa hreyft því kröfum sínum til stuðnings, að vegna tómlætis stefndu Svövu, eftir að umboðsmaður hennar ritaði áfrýjendum bréfið 29. maí 1972, hafi stefndu orðið bundnir við kaupsamning aðilja. Ekki verður þó heldur á þetta fallist. Gat tómlæti stefndu Svövu, þó að því hefði verið til að dreifa, ekki bundið hina ólögráða seljendur við kaupsamninginn, þar sem samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytis fékkst ekki, en þess var fortakslaust þörf samkvæmt 1. mgr. 37. gr. lögræðislaga.

Að því er sérstaklega varðar ráðstöfun stefndu Svövu á eignarhluta sjálfrar sín í íbúð stefndu, var hún vitaskuld ekki háð því að lögum, að dóms- og kirkjumálaráðuneyti samþykkti hana. En hvort tveggja er, að áfrýjendur hafa engar dómkröfur gert varðandi þennan eignarhluta sérstaklega, og eins hitt, að eðlilegast er að skýra fyrirvarann í kaupsamningi aðilja um samþykki ráðuneytis þannig, að hann hafi átt við samninginn í heild. Máttu áfrýjendur ekki

vænta þess, að fyrir stefndu Svövu vekti að stofna til sameignar áfrýjenda og hinna ólögráða seljenda, ef samþykki ráðuneytisins fengist ekki.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, tel ég, að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefndu af kröfum áfrýjenda, þeim er um er fjallað í aðalsök í héraði.

Að því er varðar kröfur þær, sem stefndu höfðu uppi á hendur áfrýjendum í gagnsök í héraði, hafa áfrýjendur fyrir Hæstarétti krafist sýknu af þeim. Eins og málið var flutt fyrir Hæstarétti, verður að líta svo á, að sú sýknukrafa sé fyrst og fremst reist á því, að taka beri til greina kröfur áfrýjenda um, að stefndu afsali þeim margnefndri íbúð. Sérstök andmæli gegn kröfunum af öðrum ástæðum voru ekki höfð uppi fyrir héraðsdómi, svo að séð verði, eða við flutning málsins fyrir Hæstarétti fyrr en á lokastigi hans. Tel ég því einnig rétt að staðfesta úrlausn héraðsdóms um þessar kröfur.

Þá tel ég og, að staðfesta megi ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en rétt sé, að áfrýjendur greiði stefndu 220.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1977.

I.

Mál þetta, bæði aðalsök og gagnsök, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnum, framlögðum í dómi 7. janúar 1977. Það var fyrst dómtekið 22. febrúar 1977, en endurupptekið og dómtekið á ný 25. maí sl. Aðalsök í málinu milli sömu aðilja var áður höfðuð fyrir réttinum með stefnu, framlagðri í dómi 27. júní 1974, og gagnsök í því máli var höfðuð með stefnu, framlagðri í dómi 10. október 1974. Það mál var fellt niður með samkomulagi aðilja 1. apríl 1976.

Aðalstefnendur og gagnstefndu í málinu eru Hólmfríður Steinþórsdóttir og Ove Salomonsen, bæði til heimilis að Hátúni 4, Reykjavík, en upphaflegir aðalstefndu og gagnstefnendur Svava Þórðardóttir, Knarrarnesi II, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, persónulega og fyrir hönd þriggja sona hennar

ófjárráða, þeirra Steinars, Hilmis og Sigurðar Vilhjálmssona. Þar sem Steinar Vilhjálmsson er nú orðinn lögráða, hefur hann tekið við aðild málsins.

Í aðalsök og gagnsök er stefnt til réttargæslu yfirfjárráðandanum í Reykjavík, Friðjóni Skarphéðinssyni, svo og dómsmálaráðherra.

Í aðalsök eru dómkröfur stefnenda þær, að Svava Þórðardóttir og nefndir þrír synir hennar verði „að viðlögðum dagsektum, allt að krónum 10.000.00 fyrir hvern dag frá lögbirtingu dóms í máli þessu, dæmd til að gefa út afsal til handa stefnendum fyrir eignarhluta þeirra í fasteigninni nr. 4 við Hátún hér í bæ, sem stefnendur keyptu af stefndum með kaupsamningi, dags. 26. sept. 1972 og í samræmi við hann, allt gegn greiðslu á kr. 1.253.500.00 með 10% ársvöxtum frá 1. okt. 1972 til 1. jan. 1973, af krónum 1.203.500.00 frá 1. janúar 1973 til 1. febr. 1973, af kr. 1.153.500.00 frá 1. febr. 1973 til 1. mars 1973, af kr. 1.103.500.00 frá 1. mars 1973 til 1. apríl 1973, af kr. 1.053.500.00 frá 1. apríl 1973 til 19. júní 1973. Ennfremur greiði stefnendur eftirstöðvar af skuld stefndu við eftirlaunasjóð Landsbanka Íslands, krónur 77.500.00, ásamt áföllnum vöxtum. Greiðslur þessar fari fram sumpart með afhendingu depositkvittana Landsbanka Íslands og sumpart í peningum, en að áskildum skuldajafnaðarrétti vegna hugsanlegs málskostnaðar og dagsekta."

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Í aðalsök eru dómkröfur stefndu þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr þeirra hendi eftir mati réttarins.

Í gagnsök eru endanlegar kröfur stefnenda þær, að stefndu verði dæmd til „að þola það, að viðurkennt verði með dómi réttmæti riftunar á kaupsamning, dags. 26/9/1972, vegna sölu á 3-ja herb. íbúð á 7. hæð merkt E í húsinu nr. 4 við Hátún í Reykjavík, sem gerð var með bréfi, dags. 29. maí 1973, gegn því að greiða gagnstefndu kr. 574.295.00 með 13% ársvöxtum af kr. 595.728.00 frá 1. jan. 1977 til 1. febr. s. á., af kr. 574.923.00 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 554.118.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 533.313.00 frá þeim degi til 15. apríl s. á., af kr. 570.634.00 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 549.829.00 frá þeim degi til 15. maí s. á., af kr. 574.295.00 frá þeim degi til greiðsludags."

Þá er og gerð krafa til þess, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Síðan segir í gagnstefnu, að málið sé höfðað sem gagnsök til sjálfstæðs dóms í máli þessu.

Í gagnsök eru dómkröfur stefndu þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og sérstaklega tildæmdur málskostnaður í gagnsökinni úr hendi stefnenda eftir mati réttarins.

Af hálfu réttargæslustefndu eru engar kröfur gerðar, enda ekki hafðar uppi kröfur á hendur þeim.

Við munnlegan málflutning áskildu aðalstefnendur sér rétt til að krefjast greiðslu á þeim endurbótum, sem framkvæmdar hafa verið á umræddri íbúð, eftir að aðalstefnendur fluttu í hana, ef til riftunar kæmi. Þá áskildu gagnstefnendur sér rétt til að gera kröfu um greiðslu á húsaleigu eftir 1. júní 1977, ef til riftunar kæmi.

Sættir hafa verið reyndar í báðum sökum, en án árangurs.

II.

Í greinargerð aðalstefnenda er vísað til stefnu og annarra framlagðra gagna að því er málavexti varðar, en í stefnunni er einungis að finna svofellda málavaxtalýsingu: „Atvik máls þessa eru þau, að með kaupsamningi, dags. 26. sept. 1972, seldu stefndu stefnendum þriggja herbergja íbúð á 7. hæð fasteignarinnar nr. 4 við Hátún í Reykjavík ásamt því, sem eignarhluta þessum fylgdi og fylgja ber.

Í kaupsamningi þessum var tekið fram, að kaupin væru gerð að því tilskyldu, að samþykki dómsmálaráðuneytisins fengist til sölunnar vegna hinna ólögráða aðila.

Leitað var samþykkis ráðuneytisins, en það frestaði ákvörðun sinni vegna ófullnægjandi upplýsinga umboðsmanns seljenda, en með bréfi, dags. 26. apríl 1974, samþykkti ráðuneytið söluna.

Við kaupsamning voru kaupendur látnir gefa út veðskuldabréf fyrir þeim hluta kaupverðsins, sem ekki var greiddur á annan veg. Þeim bréfum hefur þó ekki verið þinglýst, en ekki er vitað, hvar þau eru niðurkomin. Hins vegar hafa stefnendur staðið við allar greiðslur sínar, og er því nauðsynlegt, að skuldabréfin verði afhent við afsal og ný bréf gefin út í samræmi við raunverulega skuld."

Í greinargerð aðalstefndu er nokkuð fyllri málavaxtalýsing, og segir þar, að sá fyrirvari hafi verið settur í nefndan kaupsamning, að fá þyrfti samþykki yfirfjárráðanda til sölunnar vegna þess, að Steinar, Hilmir og Sigurður Vilhjálmssynir hafi verið ófjárráða. Áður en kaupsamningurinn hafi verið gerður, eða með bréfi, dags. 28. júlí 1972, hafi Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, sem þá hafi verið lögmaður aðalstefndu, sótt um leyfi til borgarfógetaembættisins í Reykjavík til þess að fá það til að koma erindi þessu á framfæri við dómsmálaráðuneytið, eins og venjulegt sé. Borgarfógetaembættið hafi síðan sent erindið til ráðuneytisins með bréfi, dags. 31. júlí 1972. Ráðuneytið hafi svarað þessu erindi með bréfi, dags. 23. maí 1973, stíluðu á borgarfógetaembættið, og þar sé synjað um leyfi til sölunnar. Þegar fyrir hafi legið, að samþykki fengist ekki til sölu á íbúðinni, hafi þáverandi lögmaður stefndu Svövu, Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður, sent aðalstefnendum bréf, þar sem þeim sé tilkynnt, að nefndum kaupsamningi sé rift á grundvelli þess fyrirvara, sem segi í samningnum varðandi samþykki yfirfjárráðanda. Í bréfinu hafi verið boðið að greiða þann hluta andvirðis íbúðarinnar, sem þá hafi verið greiddur, að frádreginni hæfilegri húsaleigu frá afhendingardegi íbúðarinnar, 15. október 1972. Aðalstefnendur hafi ekki orðið við þessu og hafi setið sem fastast í íbúðinni. Þá hafi lögmaður aðalstefnenda ritað ráðuneytinu bréf, dags. 21. júlí 1973, þar sem hann fari þess á leit, að ráðuneytið samþykki umrædda sölu. Með bréfi, dags. 26. apríl 1974, hafi ráðuneytið samþykkt söluna.

Eins og fram er komið, höfðuðu aðalstefndu gagnsök í málinu, en í sóknarskjölum gagnsakar kemur ekkert nýtt fram um málavexti annað en það, að söluverð umræddrar íbúðar hafi verið kr. 2.200.000 og hafi kr. 200.000 átt að greiðast við gerð kaupsamnings.

Í greinargerð gagnstefndu segir, að lögmaður þeirra hafi þegar mótmælt áðurnefndri riftunarkröfu og jafnframt sent depositumkvittun fyrir afborgun og vaxtagreiðslu vegna skuldabréfa þeirra, sem gagnstefndu hafi verið látnir gefa út við kaupsamning. Síðan hafi þeim greiðslum verið deponerað áfram og sé sú ástæða til þess, að enginn virðist vita, hvar bréfin séu niðurkomin. Hins vegar hafi Svava Þórðardóttir tekið við öllum þeim greiðslum, sem til hennar hafi átt að ganga skv. kaupsamningnum og hafi raunverulega verið hluti af útborgun. Það

sé því hrein tilviljun, að þeim greiðslum hafi verið lokið að fullu, þegar bréf ráðuneytisins frá 24. maí 1973 hafi borist.

Í áðurnefndu bréfi Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns til yfirfjárráðandans í Reykjavík, dags. 28. júlí 1972, segir, að skv. meðfylgjandi afriti af væntanlegum kaupsamningi, dags. 28. júlí 1972, sé söluverð íbúðarinnar kr. 2.200.000, útborgun kr. 200.000, yfirteknar skuldir af kaupanda kr. 347.500 og skuldabréf, útgefin af kaupanda, kr. 1.652.500. Þetta erindi sendi borgarfógetaembættið í Reykjavík til dómsmálaráðuneytisins með bréfi, dags. 31. júlí 1972, eins og áður segir. Í áðurnefndu svarbréfi ráðuneytisins, dags. 23. maí 1973, segir m. a., að söluverði og greiðsluskilmálum hafi verið lýst í uppkasti að kaupsamningi, sem fylgt hafi áðurnefndu bréfi Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, en síðan hafi verið gerður kaupsamningur um íbúðina (nokkuð breyttur) hinn 26. september 1972. Síðan segir orðrétt í bréfinu: „Ráðuneytið taldi þörf frekari upplýsinga um ráðstöfun þessa, m. a. sökum óvenju lágrar útborgunar, en engum fullnægjandi upplýsingum hefur verið komið á framfæri þrátt fyrir óskir ráðuneytisins þar að lútandi. Sér ráðuneytið ekki ástæðu til að draga afgreiðslu þessa máls frekar á langinn og endursendir hér með gögn þau, er fylgdu með bréfi borgarfógetaembættisins, ásamt ljósriti af kaupsamningnum frá 26. september s.l. Getur ráðuneytið ekki fallist á, að veitt verði leyfi til umræddrar ráðstöfunar, eins og málið liggur nú fyrir."

Næst gerist það í málinu, að Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður, lögmaður gagnstefnenda, sendir aðalstefnendum bréf, dags. 29. maí 1973, ásamt ljósriti af nefndu bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, „þar sem synjað er um leyfi til sölu íbúðar þeirrar, er þér búið nú í, að því er varðar hina ófjárráða eigendur. Af þeim sökum verður umbjóðandi minn að rifta kaupsamningi um íbúðina, dags. 26. september 1972, sbr. fyrirvara í þeim samningi. — Það er því ósk umbjóðanda míns, að þér rýmið íbúðina nú þegar gegn endurgreiðslu á útborgun þeirri, sem þér hafið innt af hendi, að frádreginni hæfilegri húsaleigu frá 15. október s.l. til rýmingardags."

Nefndur fyrirvari er í 6. tl. kaupsamnings, svohljóðandi: „Kaupendur haldi kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til vanheimildar. Kaupendum er kunnugt um, að ófjárráða synir seljanda, þrír að tölu, eru eigendur að hinni seldu íbúð að 1/12 hver,

eða alls að 1/4 íbúðarinnar, og þarf seljandi því að fá leyfi yfirfjárráðanda til sölu íbúðarinnar að því leyti. Fyrirvari er því gerður af hálfu seljanda þar til fyrrgreint leyfi liggur fyrir, og getur afsal því frestast af þeim sökum."

Hinn 19. júní 1973 skrifar Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður Sigurði Baldurssyni hæstaréttarlögmanni svohljóðandi bréf: „Hjónin Hólmfríður Steinþórsdóttir og Ove Salamonsson (sic) hafa falið mér að svara bréfi yðar, þar sem þér, vegna Svövu Þórðardóttur og sona hennar, riftið kaupum umbj. m. á íbúð í Hátúni 4, með tilvísun til fyrirvara í kaupsamningi aðila frá 26. sept. 1972.

Umbj. m. geta ekki fallist á riftunarkröfu þessa og benda á, að í bréfi ráðuneytisins er ekki um endanlega afgreiðslu að ræða, en neitað að samþykkja að svo stöddu, þar sem ráðuneytið fékk ekki umbeðnar upplýsingar. Slík vanræksla af hálfu seljanda getur ekki verið grundvöllur til riftunar af hans hálfu. Hérmeð fylgir kvittun, að fjárhæð kr. 50.000.00, sem er depositum fyrir júnígreiðslunni af skuldabréfum þeim, sem umbj. m. gaf út í samræmi við kaupsamninginn."

Hinn 21. júní 1973 sendir Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður bréf til dómsmálaráðuneytisins. Í bréfinu er fyrst rakin forsaga málsins, en síðan segir orðrétt: „Ráðuneytið vill að sjálfsögðu fá það staðfest, að sala þessi sé sambærileg við eða ekki óhagstæðari fyrir hina ómyndugu seljendur en hliðstæðar sölur hafa verið á sama tíma. Vil ég fyrir hönd kaupanda reyna að færa rök að því, þar sem ég tel ólíklegt, að frekari upplýsingar komi fram af hálfu seljanda.

Hér er fyrst og fremst um tvennt að ræða, kaupverð og greiðslukjör.

Það vill svo til, að réttum mánuði eftir sölu þá, sem hér um ræðir, seldi ég jafnstóra íbúð í sama húsi. Sú íbúð var þó betur staðsett í húsinu, eða á 3. hæð í stað 7. hæðar. Söluverð þeirrar íbúðar var kr. 2.150.000.00, eða kr. 50.000.00 lægra. Útborgun þar var talin kr. 1.200.000.00, sem dreifðist á eitt ár, en fast lán frá seljanda kr. 716.000.00, sem greiðist á 10 árum með 9% ársvöxtum á móti kr. 1.453.500.00, sem greiðist með mánaðarlegum greiðslum, á ca. 3 árum með 10% ársvöxtum. Í þessu síðara tilfelli áskilja seljendur sér rétt til að hafa veðskuld að fjárhæð kr. 112.000.00 hvílandi á hinni seldu eign til ársloka 1975, og ætla verður, að af yfirteknum veðskuldum verði kaupendur að

greiða kr. 77.500.00 strax, þar sem sú skuld er algjörlega bundin við persónu.

Upp í skuldabréfið undir f-lið kaupsamningsins hafa umbj. m. þegar greitt af höfuðstól og vöxtum kr. 250.000.00, þannig að inneign hvers hins ómyndugu seljenda er kr. 100.000.00, en þar á móti skulda þeir kr. 28.000.00 í áhvílandi veðskuld.

Loks bendi ég á, að kaupendur hafa við undirskrift kaupsamnings verið látnir skrifa undir skuldabréf, enda þótt ekki væri hægt að gefa afsal fyrir eigninni.

Þessi samanburður virðist leiða ótvírætt í ljós, að kaupsamningurinn frá 26. sept. 1972 er seljendum miklu hagstæðari en samningur frá 26. okt. 1972. Ég myndi, sem lögmaður, aldrei hafa leyft mér gagnvart kaupanda að gera samning slíkan sem kaupsamninginn frá 26/9/72.

Með tilvísun til framanritaðs leyfi ég mér hér með fyrir hönd kaupenda að óska þess, að hið virðulega ráðuneyti, að fengnum þessum upplýsingum, samþykki söluna vegna hinna ófjárráða seljenda."

Enn sendir Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður dómsmálaráðuneytinu svofellt bréf, dags. 23. apríl 1974: „Í framhaldi af bréfi mínu, dags. 21. júní 1973, og með tilvísun til ummæla í bréfi hins virðulega ráðuneytis, dags. 23. maí 1973, um lága útborgun, þá leyfi ég mér hér með að tjá yður, að umbj. m. er reiðubúinn til að greiða við afsal það, sem á vantar, að hlutur hinna ófjárráða aðilja sé að fullu greiddur, ef það mætti verða til að ljúka málinu."

Hinn 26. apríl 1974 sendir dóms- og kirkjumálaráðuneytið borgarfógetaembættinu í Reykjavík bréf, þar sem fyrst er rakin forsaga málsins og flest af því, sem sagði í fyrra bréfi ráðuneytisins, dags. 23. maí 1973. Síðan segir orðrétt: „Frekari skýringum og gögnum hefur nú verið komið á framfæri við ráðuneytið vegna máls þessa, og með bréfi, dags. 23. apríl s.l., hefur Ólafur Þorgrímsson, hrl., f. h. kaupenda lýst því yfir, að þeir séu reiðubúnir til að greiða við afsal að fullu hlut hinna ólögráða í ofangreindri íbúð. Að svo vöxnu máli getur ráðuneytið fallizt á, að heimild verði veitt til sölu íbúðarinnar nr. E á 7. hæð hússins nr. 4 við Hátún í Reykjavík með þeim skilmálum og fyrir það verð, er greinir í kaupsamningi aðila frá 26. september 1972, þó þannig, að eignarhluti hinna ólögráða verði að fullu greiddur

við útgáfu afsals og þeir fjármunir verði síðan ávaxtaðir með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti."

Svo sem áður getur, er kaupverð samkvæmt kaupsamningi, dags. 26. september 1972, hið sama og samkvæmt áðurnefndum kaupsamningi, dags. 28. júlí 1972. Greiðslukjör samkvæmt fyrrnefnda kaupsamningnum eru hins vegar svo sem hér segir: Kaupendur greiði við undirskrift kaupsamningsins kr. 200.000, hinn 1. október 1972 kr. 100.000, 1. nóvember 1972 kr. 50.000 og 1. desember 1972 kr. 50.000. Þá taki kaupendur að sér að greiða áhvílandi skuld við Eftirlaunasjóð Landsbanka Íslands, kr. 77.500, og veðskuld við Búnaðarbanka Íslands, kr. 270.000, eða samtals kr. 347.500, og enn fremur gefi kaupendur út skuldabréf, sem verði tryggt með veði í hinni seldu eign fyrir eftirstöðvunum, kr. 1.453.500. Þessum kaupsamningi hefur verið þinglýst á íbúðina, sbr. framlagt veðbókarvottorð.

Seinni liður gagnkröfu í málinu er byggður á eftirfarandi yfirlitsreikningi, sem lagður hefur verið fram í málinu og er ekki tölulega mótmælt af hálfu gagnstefndu (dskj. nr. 41):

„Reikningur vegna Hátúns 4.

26. sept. '72 skv. samningi,		kr. 200.000.00
1. okt. '72 skv. kvittun,		— 100.000.00
13. okt. '72 skv. kvittun,		— 50.000.00
15. nóv. '72 afb. + vex. af skuldabr. Búnaðarb.		— 63.950.00
16. des. '72 skv. kvittun,		— 50.000.00
7% ársv. '72,		— 6.190.00
húsaleiga 1/10 '72-31/12 '72,	kr. 30.000.00	
	Kr. 30.000.00	Kr. 470.140.00
Mism. 31/12 '72,	— 440.140.00	
	Kr. 470.140.00	Kr. 470.140.00

Inneign 1. jan. '73,		kr. 440.140.00
Innb. 4. jan. '73,		— 50.000.00
húsal. í jan. '73,	kr. 10.000.00	
Innb. mars '73,		— 50.000.00
húsal. feb. '73,	— 10.000.00	
Innb. mars '73,		— 50.000.00
fasteignagj. '73 3.28%		— 13.008.00

húsal. mars-des. '73, ...	kr. 102.954.00	
15. maí '73 afb. + vex. af skuldabr. Búnaðarb. ..	kr.	35.627.00
15. nóv. '73 afb. + vex. af skuldabr. Búnaðarb. ..	—	36.177.00
vextir '73, ...	—	48.550.00
	Kr. 122.954.00	Kr. 773.502.00
mism. 31/12 '73, ...	— 650.548.00	
	Kr. 773.502.00	Kr. 773.502.00

Inneign 1/1 '74	kr.	650.548.00
húsal. '74	kr. 156.514.00	
afb. + vextir af skuldabr. Búnaðarb. 15/5/74	—	34.710.00
afb. + vextir af skuldabr. Búnaðarb. 15/11/74 ..	—	36.688.00
fasteignagj. '74, ...	—	15.398.00
vextir, ...	—	66.199.00
	Kr. 156.514.00	Kr. 803.543.00
mism. 3/12/74, ...	— 646.929.00	
	Kr. 803.543.00	Kr. 803.543.00

Inneign 1/1/75	kr.	646.929.00
húsal. '75	kr. 160.272.00	
afb. + vex. af skuldabr. Búnaðarb. 15/5/75	—	35.747.00
afb. + vex. af skuldabr. Búnaðarb. 15/11/75	—	32.585.00
fasteignagj. '75	—	21.396.00
vextir '75, ...	—	79.288.00
	Kr. 160.272.00	Kr. 815.945.00
mism. 31/12/75	— 655.673.00	
	Kr. 815.945.00	Kr. 815.945.00

Inneign 1/1/76	kr.	655.673.00
húsal. jan.-júní '76	kr. 80.136.00	
húsal. júlí-des. '76	— 124.830.00	
afb. + vex. af skuldabr. Búnaðarb. 15/5/76	—	30.507.00
afb. + vex. af skuldabr. Búnaðarb. 15/11/76	—	28.429.00
fasteignagj. '76, ...	—	27.981.00

vextir '76, ...		kr. 78.909.00
	Kr. 204.966.00	Kr. 821.499.00
mism. 31/12/76	— 616.533.00	
	Kr. 821.499.00	Kr. 821.499.00

Inneign pr. 1/1/1977		kr. 616.533.00
húsal. jan.-maí 1977	kr. 104.025.00	
fasteignagj. 1977		— 37.321.00
afb. + vex. af sk.br. Búnaðarb. 15/5/77		— 24.466.00
	Kr. 104.025.00	Kr. 678.320.00
mism. pr. 25/5/1975, ...	— 574.295.00	
	Kr. 678.320.00	Kr. 678.320.00

Vextir eru reiknaðir 7% frá 26. sept. 1972 til 16. maí 1973, síðan frá þeim degi 9% til 15/7/1974 og síðan 13% frá þeim degi til dags. d."

Reiknuð húsaleiga á nefndum yfirlitsreikningi er byggð á matsgerð Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, lögg. endurskoðanda, og Árna Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, fasteignasala. Hefur matsgerðin verið tekin gild svo sem hún væri staðfest fyrir dómi. Matsgerðin er svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu hr. Björns Þ. Guðmundssonar, borgardómara í Reykjavík, dags. 29. marz 1977, vorum við undirritaðir eftir matsbeiðni hr. hdl. Jóhanns Þórðarsonar, Reykjavík, kvaddir til þess að meta „hvað sé sanngjörn leiga fyrir íbúðarhúsnæði á 7. hæð, merkt E í húsinu nr. 4 við Hátún hér í borg, fyrir tímabilið 1. október 1972 til og með marzmánuði 1977," eins og þetta er orðað í dómkvaðningunni. Tilvitnuð orð dómkvaðningarinnar eru efnislega samhljóða matsbeiðni Jóhanns Þórðarsonar, hdl., sbr. bréf hans til borgardóms Reykjavíkur dags. 28/3 1977.

Þann 12. maí 1977 fóru matsmenn í húsið Hátún 4 hér í borg. Þar sýndu málflutningsmennirnir Ólafur Þorgrímsson og Jóhann Þórðarson matsmönnum 3ja herbergja íbúð, sem skv. merkingu við dyrasíma hússins var á 7. hæð þess og merkt E. Viðstaddir

skoðun íbúðarinnar voru, auk málflutningsmannanna, íbúar íbúðarinnar, þau Hólmfríður Steinþórsdóttir og Ove Salomonsen.

Til afnota við gerð þessarar matsgerðar hafa matsmenn haft eftirgreind gögn: Grunnflatarteikningu af húsinu Hátúni 4, kaupsamning um íbúðina, dags. 26/9 1972, afrit af bréfi Ólafs Þorgrímssonar, hrl., til dómsmálaráðuneytisins, dags. 21/6 1973, og svo að sjálfsögðu dómkvaðninguna ásamt viðfestu afriti af matsbeiðninni.

Framangreind íbúð í Hátúni 4 er nú í ágætu standi. Við skoðun íbúðarinnar var matsmönnum gerð rækileg grein fyrir því, hvað gert hafði verið fyrir íbúðina eftir afhendingu hennar. Má þar t. d. nefna, að það hefur verið algerlega endurnýjað, íbúðin máluð, teppi endurnýjuð og margt fleira.

Matsmenn hafa reynt að kynna sér húsaleigu á hliðstæðum íbúðum almennt síðari hluta ársins 1972. Öruggar upplýsingar um slíkt liggja ekki á lausu. Út frá þessum upplýsingum hafa þeir reynt að finna grunnupphæð húsaleigunnar pr. 1/10 1972. Eftir það telja matsmenn sig vera bundna af almennum ákvörðunum um breytingar á húsaleigu, þar með töldum útreikningi yfirvalda á svokallaðri „Vísitölu húsnæðiskostnaðar." Hækkanir húsaleigu á einum og sama samningi hafa óneitanlega ekki fylgt almennu verðlagi í landinu.

Samkvæmt framansögðu meta matsmenn húsaleiguna fyrir tímabilið 1/10/1972 til 1/4/1977 svo sem hér segir:

Frá 1/10/1972 til 1/11/1973 eða 13 mánuði á
kr. 10.000.00 pr. mán. kr. 30.000.00
Frá 1/11/1973 til 1/3/1974 eða í 4 mánuði á
kr. 11.477.00 pr. mán. — 45.908.00
Frá 1/3/1974 til 1/7/1976 eða í 28 mánuði á
kr. 13.356.00 pr. mán. — 373.968.00
Frá 1/7/1976 til 1/4/1977 eða í 9 mánuði á
kr. 20.805.00 pr. mán. — 187.245.00

Samtals: Kr. 737.121.00

Frá þessari upphæð ber að draga fasteignagjöld íbúðarinnar fyrir framangreint tímabil, að svo miklu leyti sem matsþolar hafa greitt þau, og annan hugsanlegan kostnað, sem húseiganda ber að greiða.

Matsmenn telja það vera utan síns verkahrings að ákveða, hvort reikna beri vexti af framangreindri húsaleigu eða ekki.

Reykjavík, 24. maí 1977."

Þessari matsgerð hefur verið mótmælt af hálfu gagnstefndu að því er varðar hækkun á húsaleigu frá októbermánuði 1972, þar sem verðstöðvun hafi gilt allt tímabilið.

Svava Þórðardóttir hefur komið fyrir dóm. Hún sagði, að aðalstefnendur hefðu flutt strax inn í umrædda íbúð eftir gerð kaupsamnings 26. september 1972. Frá þeim tíma sagðist hún ekki hafa greitt fasteignagjöld af íbúðinni. Hún sagðist aldrei hafa séð veðskuldabréf þau, sem í kaupsamningi segir, að kaupendur hafi átt að gefa út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins. Hún sagðist ekki hafa fengið neinar greiðslur frá kaupendum, eftir að hún fékk bréf frá dómsmálaráðuneytinu um neitun á samþykki kaupanna.

Hólmfríður Jóhanna Steinþórsdóttir hefur komið fyrir dóm. Hún sagði, að þau hjónin hefðu fljótlega flutt inn í íbúðina eftir gerð kaupsamnings 26. september 1972. Kaupsamningurinn hafi verið undirritaður hjá Áka Jakobssyni og hafi bæði hjónin verið viðstödd. Gefin hafi verið út veðskuldabréf, en það hafi ekki verið gert sama dag og kaupsamningur var undirritaður. Um hafi verið að ræða þrjú eða fjögur veðskuldabréf. Eiginmaður hennar hafi verið viðstaddur, þegar veðskuldabréfin voru gefin út, og hana minnti, að Svava Þórðardóttir hefði einnig verið viðstödd. Ekki sagðist hún þora að fara með það, hvort Svava hefði tekið við þessum bréfum þá. Hún sagðist ekki vita, hvar veðskuldabréfin væru niður komin, hún hefði ekki séð þau, eftir að hún ritaði undir þau. Hún sagði, að þau hjónin hefðu alltaf borgað mánaðargreiðslur, eins og samið var um í kaupsamningi, og alltaf staðið við greiðslur sínar. Þau hefðu einnig borgað upp hlut sona Svövu, þegar ráðuneytið hefði samþykkt, að hún mætti selja fyrir hönd sona sinna. Greiðslurnar hafi verið inntar af hendi til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns. Hún sagði, að þau hefðu greitt af Búnaðarbankaláninu, sem þau hafi yfirtekið, en ekki af Landsbankaláninu, þar sem það lán fylgdi þeim, sem lánið tæki. Hún sagði, að þau hjónin hefðu greitt til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns afborganir af veðskuldabréfum þeim, sem gefin voru út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, og síðan hefði Ólafur deponerað þeim fjárhæðum í banka. Hún sagði,

að þau hefðu verið í íbúðinni frá því að þau fluttu inn í hana. Þau hefðu fengið bréf frá lögfræðingi Svövu um, að þau skyldu flytja úr íbúðinni og borga mánaðarlegar greiðslur frá þeim tíma, sem þau fluttu inn og þar til þau færu út. Slíkt hefði hins vegar ekki komið til greina. Þau hefðu snúið sér beint til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns. Þannig hefðu málin staðið síðan og hefðu þau ekki fengið frekari kröfur um að víkja úr íbúðinni. Hún sagði, að þau hjónin hefðu borgað allar greiðslur af íbúðinni, svo sem fasteignagjöld og aðra skatta. Hún sagðist ekki hafa haft nein persónuleg samskipti við Svövu Þórðardóttur, eftir að þau hjónin fluttu inn í íbúðina, ef frá væri skilið, að fyrstu greiðslurnar hefðu gengið beint til hennar. Svava hefði ekki sjálf borið fram kröfu um, að þau færu úr íbúðinni. Hún sagði, að Áki Jakobsson hefði tjáð þeim, að dómsmálaráðuneytið hefði synjað um leyfi fyrir sölunni vegna skorts á upplýsingum. Lofað hafi verið að bæta úr því strax, en það hafi ekki verið gert fyrr en Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður hefði hjálpað þeim til þess. Henni var sýnt ljósrit af kaupsamningi, dagsettum 28. júlí 1972, og sagðist hún ekki muna eftir að hafa séð þennan kaupsamning áður.

Ove Salomonsen hefur komið fyrir dóm. Hann sagði, að kaupsamningurinn, dags. 26. september 1972 hafi verið undirritaður á skrifstofu Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns. Fyrsta afborgun samkvæmt kaupsamningnum hafi þá verið greidd strax. Allar aðrar afborganir hafi verið greiddar af íbúðinni svo og afborganir af láninu í Búnaðarbankanum, en ekki af láninu í Landsbankanum. Hann sagði, að þau hjónin hefðu farið nokkru seinna til Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, sem hefði útbúið veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs, en hann hefði aldrei séð þau síðan og hlytu þau að vera í fórum Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns. Honum var sýnt ljósrit af kaupsamningi, dags. 28. júlí 1972, og sagðist hann hafa séð þann kaupsamning áður, en halda, að aldrei hafi verið skrifað undir hann. Samninginn hélt hann sig hafa séð á skrifstofu Áka Jakobssonar og halda, að kona hans hafi þá verið viðstödd. Hann sagði, að þau hefðu flutt inn í íbúðina nær strax eftir gerð kaupsamnings. Hann sagði, að þau hjónin hefðu fengið bréf frá lögfræðingi Svövu um, að þau ættu að rýma íbúðina vegna synjunar ráðuneytisins á leyfi fyrir sölu íbúðarinnar. Frekari kröfur hefðu þau hjónin ekki fengið um, að þau færu úr íbúðinni. Hann sagði,

að þau hjónin hefðu greitt öll gjöld af íbúðinni, svo sem eins og fasteignagjöld. Hann sagðist ekki hafa haft önnur persónuleg samskipti við Svövu Þórðardóttur, eftir að þau fluttu inn í íbúðina, en að greiða henni peninga og fá hjá henni kvittanir. Hann sagðist halda, að síðasta greiðsla, sem hún hefði tekið á móti, hafi verið í apríl 1973. Hann sagðist ekki vera íslenskur ríkisborgari.

Ingimar Einar Ólafsson sölumaður hefur komið fyrir dóm. Hann sagðist vera vitundarvottur á kaupsamningnum, dags. 26. september 1972. Gengið hafi verið frá þessum kaupsamningi heima hjá Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, en þá hafi hann verið sölumaður hjá honum við fasteignasölu. Hann sagðist vera viss um það, að engin veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs íbúðarinnar hefðu verið gefin út. Ef svo hefði verið, þá hefði það verið gert án hans vitundar. Hann sagði, að hann og Svava Þórðardóttir hefðu búið saman á þessum tíma, þ. e. þegar kaupsamningurinn var gerður, en þau hafi ekki verið gift. Meginástæðan til þess, að afsal hafi aldrei verið gefið út fyrir eigninni, hafi verið synjun ráðuneytisins um leyfi fyrir sölunni. Hann sagðist hafa farið þrisvar eða fjórum sinnum í dómsmálaráðuneytið og alltaf fengið synjanir vegna þess, að ekki lægju fyrir nægilegar upplýsingar um það, hvers vegna salan væri svona framkvæmd, þ. e. dómsmálaráðuneytinu hafi ekki þótt greiðslurnar nægilegar. Í millitíðinni hafi það gerst, að gosið hefði í Vestmannaeyjum og það hafi stórhækkað allar fasteignir í verði, þannig að þessi sala hafi ekki orðið að neinu. Hann sagðist vita, að greiðslum samkvæmt kaupsamningnum hefði verið deponerað í Landsbankanum, að frátöldum fyrstu greiðslunum, sem Svava hafi gefið kvittanir fyrir.

III.

Málflutning stefnenda í aðalsök verður að skilja svo, að þeir telji, að bindandi kaupsamningur hafi komist á milli aðilja 26. september 1972 og hafi þau kaup verið samþykkt af dómsmálaráðuneytinu með bréfi, dags. 26. apríl 1974. Samkvæmt því eigi kröfur þeirra í aðalsök að ná fram að ganga.

Sýknukröfu sína í aðalsök styðja stefndu þeim rökum, að útilokað sé, að þeir þurfi að sætta sig við áðurnefnt samþykki dómsmálaráðuneytisins frá 26. apríl 1974 þvert ofan í fyrri ákvörðun sama ráðuneytis í bréfi 23. maí 1973. Stefndu líti svo á, að frá

og með þeim degi, að þeim barst vitneskja um synjun ráðuneytis um sölu á íbúðinni, væri kaupsamningurinn frá 26. september 1972 þar með fallinn úr gildi. Hafi þessi kaupsamningur verið óhagstæður 26. september 1972 miðað við verð og greiðsluskilmála, þá hafi hann verið mun óhagstæðari miðað við 26. apríl 1974, þar sem fasteignir hafi hækkað mjög verulega í verði á þessum tveimur árum. Stefndu séu því ekki bundnir af síðari ákvörðun ráðuneytisins og lausir undan ákvæðum samnings, hvað sölu snertir.

Riftunarkröfu sína í gagnsök styðja stefnendur þeim rökum, að með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. maí 1973, sé synjað um leyfi til að selja nefnda íbúð. Með bréfi, dags. 29. sama mánaðar, sé kaupendum tilkynnt um þessa ákvörðun yfirfjárráðanda og þar með að kaupunum sé rift. Stefndu hafi ekki viljað samþykkja riftun og hafi setið í íbúðinni síðan í byrjun október 1972 og vilji ekki fara úr íbúðinni. Með bréfi, dags. 26. apríl 1974, hafi sama ráðuneyti hins vegar samþykkt söluna með smávægilegum breytingum á útborgunarverði. Ljóst sé, að þessi síðasta ákvörðun ráðuneytisins sé að engu hafandi fyrir gagnstefnendur, sérstaklega þegar litið sé til þess, að liðnir séu 21 mánuður frá því að umboðsmaður gagnstefnenda sótti um leyfi til sölunnar, og svo hitt, að tæpu ári áður hafi ráðuneyti verið búið að synja um hið margnefnda leyfi. Með þeirri synjun hafi kaupsamningurinn verið fallinn úr gildi samkvæmt ákvörðun hans og úr því hafi ráðuneytið og kaupendur engu getað breytt.

Varðandi þann hluta gagnsakar, er lítur að kröfu um húsaleigugreiðslur, sé það að athuga, að gagnstefndu séu búnir að hafa íbúðina til fullra afnota síðan 15. október 1972 og beri þeim að sjálfsögðu að greiða húsaleigu fyrir afnotin, og þá október 1972 sem heilan mánuð. Þegar miðað sé við sanngjarna leigu svo og þær greiðslur, sem gagnstefnendur hafi fengið, þá sé skuld gagnstefndu við gagnstefnendur í árslok 1976 stofnfjárhæð gagnsakarkröfu, sbr. framlagt reikningsyfirlit.

Þá er þess getið af hálfu gagnstefnenda, að þeir hafi ekki tekið við greiðslum af söluverðinu frá því að upplýst var, að synjað væri um leyfi til sölu í maí 1973. Ekki sé stefnt til greiðslu á leigu nema til ársloka 1977 (sic), enda sé þess vænst, að gagnstefndu greiði leigu, sem á falli eftir þann tíma, án frekari aðgerða.

Sýknukröfu sína í gagnsök styðja stefndu þeim rökum, að það sé misskilningur gagnstefnenda, að ráðuneytið hafi algerlega synjað um samþykki sitt til sölunnar, heldur sé það synjun að svo stöddu og ástæðan sé ófullnægjandi upplýsingar af hálfu umboðsmanns gagnstefnenda. Þar sé um vanrækslu að ræða, sem gagnstefndu beri ekki ábyrgð á, heldur gagnstefnendur. Þegar eftir móttöku bréfs Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns hafi þar gerðri riftunarkröfu verið mótmælt og jafnframt send depositumkvittun fyrir afborgun og vaxtagreiðslu vegna skuldabréfa þeirra, sem gagnstefndu hafi verið látnir gefa út við kaupsamning. Síðan hafi þeim greiðslum verið deponerað áfram og sé sú ástæða til þess, að enginn virðist vita, hvar bréf þessi séu niður komin. Hins vegar hafi Svava Þórðardóttir tekið við öllum þeim greiðslum, sem til hennar hafi átt að ganga samkvæmt kaupsamningi og hafi verið hluti af útborgun. Það sé því hrein tilviljun, að þeim greiðslum hafi verið lokið að fullu, þegar bréf ráðuneytisins frá 23. maí 1973 barst.

Þá er á það bent, að gagnstefnendur hafi aldrei gert neina tilraun til að framfylgja riftunarkröfu sinni né hirt um að standa straum af veðskuld þeirri, sem á eigninni hvíli, né að greiða skatta og skyldur af eignarhlutanum. Öll slík lögskil hafi gagnstefndu orðið að annast.

Við munnlegan málflutning var sú málsástæða sérstaklega borin fram af hálfu gagnstefnenda, að umræddur kaupsamningur væri ógildur skv. lögræðislögum. Þessari málsástæðu var mótmælt af hálfu gagnstefndu sem of seint fram kominni.

IV.

Eins og málsefni er háttað, þykir rétt að fjalla um aðalsök og gagnsök í einu lagi.

Samkvæmt orðum sínum var kaupsamningur aðilja um umrædda íbúð, dags. 26. september 1972, bundinn eftirfarandi skilyrði: „Kaupendum er kunnugt um það, að ófjárráða synir seljanda, þrír að tölu, eru eigendur að hinni seldu íbúð að 1/12 hver, eða alls að 1/4 íbúðarinnar, og þarf seljandi því að fá leyfi yfirfjárráðanda til sölu íbúðarinnar að því leyti. Fyrirvari er því gerður af hálfu seljanda, þar til fyrrgreint leyfi liggur fyrir, og getur afsal því frestast af þeim sökum.“ Kaupsamningi þessum er þinglýst 27. október 1972, og skráir þinglýsingardómari þá

svofellda athugasemd í kaupsamninginn: „Samþykki dómsmálaráðuneytisins vegna hinna ófjárráða fylgir ekki."

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. maí 1973, synjar ráðuneytið um leyfi til umræddrar ráðstöfunar á nefndri eign. Í því bréfi er vísað til bréfs borgarfógetaembættisins, dags. 31. júlí 1972, þar sem komið sé á framfæri þeirri málaleitan Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 28. júlí 1972, að Svövu Þórðardóttur verði leyft að selja f. h. hinna ófjárráða sona hennar umræddan eignarhluta þeirra í nefndu húsi. Sé söluverði og greiðsluskilmálum lýst í uppkasti að kaupsamningi, sem hafi fylgt bréfinu, en síðar hafi verið gerður kaupsamningur um íbúðina (nokkuð breyttur) hinn 26. september 1972. Enn fremur segir í bréfinu, að gögn þau, er fylgt hafi áðurnefndu bréfi borgarfógetaembættisins, ásamt ljósriti af kaupsamningnum frá 26. september 1972 séu endursend.

29. maí 1973 ritar þáverandi lögmaður seljenda aðalstefnendum bréf, þar sem vísað er til synjunar dómsmálaráðuneytisins um leyfi til sölu á nefndri íbúð að því er varði hina ófjárráða eigendur og því síðan lýst yfir, að seljendur rifti kaupsamningi um íbúðina, dags. 26. september 1972, sbr. fyrirvara í þeim samningi.

Seljendur hafast ekki frekar að, en umboðsmaður kaupenda ritar dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf, dags. 21. júní 1973, þar sem frekari upplýsingar eru veittar, og í bréfi sama aðilja til ráðuneytisins, dags. 23. apríl 1974, er ráðuneytinu tjáð, að kaupendur séu reiðubúnir til að greiða við afsal það, sem á vanti, að hlutur hinna ólögráða aðilja sé að fullu greiddur, ef það mætti verða til að ljúka málinu. Á grundvelli þessara bréfa veitir síðan dómsmálaráðuneytið leyfi til umræddra kaupa með bréfi, dags. 26. apríl 1974.

Eins og áður getur, var kaupsamningurinn frá 26. sept. 1972 bundinn því skilyrði, að leyfi yfirfjárráðanda fengist til sölu umræddrar íbúðar vegna hinna ólögráða aðilja, svo sem lögboðið er, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 95/1947. Er dómsmálaráðuneytið synjaði um sölu nefndrar íbúðar, sbr. bréf þess, dags. 23. maí 1973, hafði ráðuneytið undir höndum kaupsamninginn, dags. 26. september 1972. Er því ljóst, að dómsmálaráðuneytið synjaði um söluna skv. þeim kaupsamningi. Verður að líta svo á, að með þessari synjun ráðuneytisins hafi nefndur kaupsamningur þar með verið úr gildi fallinn. Breytt ákvörðun ráðuneytisins, sbr.

áðurnefnt bréf, dags. 26. apríl 1974, haggar ekki þeirri niðurstöðu, þar sem sú ákvörðun er byggð á upplýsingum af hálfu kaupenda og tilboði um breytta greiðsluskilmála frá kaupsamningi, dags. 26. september 1972, og seljendur höfðu aldrei tjáð sig um. Þessi niðurstaða verður talin felast í kröfugerð og málflutningi gagnstefnenda, sbr. grunnreglu 113. gr. laga nr. 85/1936, enda þykir eigi verða á það fallist, að gagnstefnendur hafi með tómlæti fyrirgert rétti sínum til að fá nefndum sölugerningi hrundið.

Útreikningi gagnstefnenda á dskj. nr. 41, sem að hluta byggist á matsgerð, sem ekki hefur verið hnekkt, er ekki tölulega mótmælt, og verður hann því lagður til grundvallar endanlegri dómsniðurstöðu. Málsúrslit verða þá þau, að nefndum kaupsamningi frá 26. september 1972 er hrundið gegn því, að gagnstefnendur greiði in solidum gagnstefndu kr. 574.295 með 13% ársvöxtum af kr. 595.728 frá 1. janúar 1977 til 1. febrúar s. á., af kr. 574.923 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 554.118 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 533.313 frá þeim degi til 15. apríl s. á., af kr. 570.634 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 549.829 frá þeim degi til 15. maí s. á. og af kr. 574.295 frá þeim degi til greiðsludags, enda er vaxtareikningi ekki mótmælt.

Eftir þessum málsúrslitum verða gagnstefndu in solidum dæmdir til að greiða gagnstefnendum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 130.000, og er þá meðtalinn matskostnaður.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kaupsamningi, dags. 26. september 1972, varðandi þriggja herbergja íbúð á 7. hæð, merktri E, í húsinu nr. 4 við Hátún í Reykjavík er hrundið gegn því, að gagnstefnendur, Svava Þórðardóttir f. h. tveggja ófjárráða sona sinna, Hilmis og Sigurðar Vilhjálmssona, og Steinar Vilhjálmsson, greiði in solidum gagnstefndu, Hólmfríði Steinþórsdóttur og Ove Salomonsen, kr. 574.295 með 13% ársvöxtum af kr. 595.728 frá 1. janúar 1977 til 1. febrúar s. á., af kr. 574.923 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 554.118 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 533.313 frá þeim degi til 15. apríl s. á., af kr. 570.634 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 549.829 frá þeim degi til 15. maí s. á. og af kr. 574.295 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndu greiði in solidum gagnstefnendum kr. 130.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1979.

Nr. 78/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hilmari Haraldssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Banaslys. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Ákærði var sviptur ökuskírteini sínu þegar eftir uppsögu héraðsdóms 24. júní 1977.

Háttsemi ákærða varðar hann refsingu, svo sem greinir í héraðsdómi, þó svo, að ákvæði 1. málsgr. 26. gr. laga nr. 40/1968 verður ekki beitt. Staðfesta ber refsiákvörðun héraðsdóms, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Rétt þykir, að ákærði sæti sviptingu ökuleyfis í 2 ár frá 24. júní 1977 að telja. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, þó svo, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms

þessa. Ákærði, Hilmar Haraldsson, sæti ökuleyfissviptingu í 2 ár frá 24. júní 1977. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1977.

Ár 1977, föstudaginn 24. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 347/1977: Ákæruvaldið gegn Hilmari Haraldssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. nóvember sl., á hendur ákærða, Hilmari Haraldssyni vélstjóra, Goðalandi 13 í Reykjavík, fæddum 2. september 1935 á Hólmavík.

Samkvæmt ákæruskjalinu er ákærða gefið eftirfarandi að sök: „Sunnudaginn 22. ágúst 1976 ók ákærði bifreið sinni eftir þjóðveginum í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Á hæðarbrún á móts við bæinn Hraunháls rakst bifreið ákærða með miklu afli beint framan á bifreiðina P 52, sem á móti kom og í voru hjónin Jón Ísleifsson og Freyja Finnsdóttir, Laufásvegi 5 í Stykkishólmi, sem létust samstundis.

Ákærði hélt bifreið sinni vinstra megin við vegarmiðju, ók of hratt miðað við aðstæður allar og sýndi að öðru leyti af sér óaðgæslu með framangreindum afleiðingum.

Þykir þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 47. gr., 1., 2., e og h liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. l. nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga".

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 22. ágúst sl., klukkan 1757, var hringt til Gunn-

leifs Kjartanssonar, lögregluþjóns í Stykkishólmi, og honum tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað á þjóðveginum skammt frá bænum Hraunhálsi í Helgafellssveit á Snæfellsnesi.

Gunnleifur lögregluþjónn fór á vettvang, og samkvæmt skýrslu hans var hann kominn þangað klukkan 1812, en u. þ. b. tveim mínútum síðar kom á vettvang Hafsteinn Sigurðsson lögregluþjónn ásamt tveim læknum.

Árekstur hafði orðið á milli fólksbifreiðanna R 49244, af Ford Maverick gerð, sem ekið var suður þjóðveginn, og P 52, af Ford Cortina gerð, sem ekið var gagnstæða stefnu. Í bifreiðinni P 52 voru hjónin Jón Ísleifsson, fæddur 26. júní 1903, og Freyja Finnsdóttir, fædd 11. júlí 1922, til heimilis að Laufásvegi 5 í Stykkishólmi. Voru þau bæði látin, þegar lögregluþjónarnir komu á vettvang, og samkvæmt umsögn annars læknisins höfðu þau látist samstundis, er árekturinn varð. Þá voru báðar bifreiðarnar mjög mikið skemmdar að framan.

Ákærði, Hilmar Haraldsson, ók bifreiðinni R 49244, og auk hans voru í henni eiginkona hans, Helga Jónsdóttir, og börn þeirra, Hafsteinn Þór, 18 ára, og Ingibjörg, 10 ára. Þau voru öll flutt á sjúkrahús Stykkishólms. Að sögn annars læknanna voru feðgarnir með smávægilegan hálsríg, en mæðgurnar höfðu marist á báðum fótum. Þá var Helga með taugaáfall.

Jón heitinn hafði ekið bifreiðinni P 52 og Freyja heitin setið við hlið hans. Hafsteinn Þór hafði setið í framsæti bifreiðarinnar R 49244 og mæðgurnar í aftursæti hennar.

Feðgarnir höfðu verið með spent öryggisbelti.

Þegar lögregluþjónarnir komu á vettvang, var sprungið á vinstri afturhjólbarða bifreiðarinnar R 49244. Þar sem slysið átti sér stað, er blindhæð, en sitt hvorum megin við hæðina eru umferðarmerki með áletruninni blindhæð. Voru 95 metrar frá slíku merki að bifreið ákærða, en 89 metrar að bifreiðinni P 52.

Á slysstað voru hemlaför eftir báðar bifreiðarnar, og voru þau mun lengri eftir bifreiðina R 49244. Samkvæmt vettvangsuppdrætti eru hemlaförin eftir báðar bifreiðarnar á sama vegarhelmingi, eða á hægri vegarhelmingi bifreiðarinnar P 52. Hefur bifreiðin R 49244 því verið á öfugum vegarhelmingi allt frá því að henni var hemlað. Samkvæmt uppdrættinum mældust hemlaför bifreiðarinnar R 49244 tæpir 16 metrar að vinstra afturhjóli, en rúmir 17½ meter að hægra afturhjóli. Hemlaför bifreiðarinnar P 52 mældust um 8 metrar frá framenda hennar, en ætla

má, að bifreiðin hafi kastast aftur við árekstur inn. Samkvæmt uppdrættinum virðist vegurinn á slysstað nálægt 6 metrum á breidd.

Gunnleifur lögregluþjónn yfirheyrði ákærða klukkan 1950 um kvöldið, og sagðist honum svo frá:

„Ég ók bifreið minni, R 49244, suður þjóðveginn með ca 30—40 mílna hraða miðað við klst. Ég var að benda syni mínum, sem sat við hlið mér í framsæti, á Berserkjahraun, sólskin var þessa stundina og veður þurrt. Þegar ég kom á hæðina skömmu áður en árekstur inn varð, sá ég til ferða bifreiðar, sem reyndist vera P 52, og virtist mér bifreiðinni vera ekið talsvert hratt á vinstri vegarhelmingi miðað við akstursstefnu. Ég steig strax á hemlana á bifreið minni, en við það snérist bifreið mín talsvert mikið til vinstri, og skömmu seinna skullu bifreiðarnar saman".

Ákærði skýrði svo frá í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, sem hann hefur staðfest í dómi, að honum hafi fundist bifreiðin P 52 lenda út í lausamöl í beygju, sem er fyrir neðan hæðina, og hafi ökumaðurinn þá beygt til vinstri yfir á vegarhelming ákærða. Rétt áður en árekstur inn varð, hafi ökumaðurinn síðan beygt til hægri miðað við stefnu sína, en svo til um leið hafi árekstur inn orðið.

Við árekstur inn hentust farþegar ákærða til, og mæðgurnar hentust fram og klemmdust á milli sætanna. Þá klemmdust hurðirnar, svo að erfitt var um vik að opna þær. Strax og ákærði hafði aðstoðað fólk sitt, fór hann að hinni bifreiðinni og sá þá, að ekkert var hægt að gera fólkinu til bjargar. Sendi ákærði son sinn þegar á sveitabæ í nánd og bað hann að biðja um lögreglu og sjúkralið og segja, að þarna hefði orðið mjög alvarlegt slys. Segir ákærði, að lögreglan hafi komið tiltölulega fljótt á vettvang.

Ákærði kvað bifreiðina hafa verið í góðu lagi og hjólbarða svo til nýja. Ekki hafði ákærði fundið til þess fyrir slysið, að loftþrýstingur í hjólbarða væri farinn að minnka.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að greindan dag, um kl. 1745, hafi hann ekið bifreið sinni, R 49244, eftir þjóðveginum skammt frá bænum Hraunhálsi í Helgafellssveit og verið á leið frá Búðardal og Hólmavík til Ólafsvíkur.

Skömmu áður en ákærði kom að blindhæð, sem er rétt áður en komið er að Hraunhálsvegi, sá hann bifreið handan hæðar-

innar hverfa ofan í lægð hinum megin við hæðina. Ákærði kveðst hafa verið hægra megin á veginum miðað við aksturssteínu sína, þegar hann kom upp á blindhæðina. Kveðst ákærði þá hafa séð, að eitthvað var athugavert við akstur hinnar bifreiðarinnar, en henni var ekið á öfugum vegarhelmingi. Kveðst ákærði þá hafa hemlað og ósjálfrátt snúið stýrinu til vinstri. Jafnframt aðvaraði hann farþegana, þar sem hann sá, að árekstur var óumflýjanlegur, enda skullu bifreiðarnar saman rétt í sömu andrá.

Ákærði telur sig hafa verið langt innan við lögleyfðan hámarkshraða, er hann kom upp á blindhæðina, þar sem hann vissi af hinni bifreiðinni handan hennar og átti von á að mæta henni eftir örskamma stund.

Ákærði telur sig hafa verið yst til hægri í hjólförunum, sem voru í veginum yfir hæðina, áður en hann byrjaði að hemla, en var ekki úti í lausamölinni hægra megin við hjólförin. Telur ákærði, að bifreiðarnar hefðu getað mæst með eðlilegum hætti, hefði hin bifreiðin verið yst á sínum vegarhelmingi.

Vitnið Hafsteinn Þór Hilmarsson nemandi, Goðalandi 13 í Reykjavík, sonur ákærða, hefur komið fyrir dóminn, og óskaði vitnið ekki eftir að nota undanþágurétt sinn til vitnisburðar.

Vitnið kveðst hafa setið í framsæti við hlið ákærða og verið að fylgjast fyrst og fremst með landslaginu. Ekki getur vitnið fullyrt um, hver hafi verið hraði bifreiðarinnar, er hún kom upp á blindhæðina, en telur, að hann hafi verið 45—60 km. Þá kveðst vitnið ekki hafa tekið eftir því nákvæmlega, hvar bifreiðin var staðsett á veginum, þegar hún ók yfir hæðina, en telur, að hún hafi verið í hjólförum vegarins og þá ívið til hægri úti í lausamölinni, sem var hægra megin á veginum. Telur vitnið, að bifreiðin hafi verið réttum megin við miðlínu vegarins, en þó nálægt henni vegna lausamalarinnar á hægri hluta vegarins.

Vitnið er ekki öruggt á því, hvort það sá til bifreiðarinnar, sem kom á móti, þegar bifreið vitnisins átti stutt ófarið upp á blindhæðina. Samt finnst vitninu, að það hafi orðið vart við bifreiðina þá. Vitnið kveðst hins vegar ekki hafa tekið eftir bifreiðinni, svo öruggt sé, fyrr en ákærði kallaði upp eitthvað á þá leið, að farþegarnir skyldu gæta sín, en þá sá vitnið bifreiðina, sem kom á móti, og fannst hún vera að sveigja yfir á öfugan vegarhelming, eins og ökumaðurinn væri að sveigja fram hjá holum í veginum. Um leið og vitnið sá bifreiðina, steig ákærði á hemlana, en engum togum skipti, að bifreiðarnar skullu saman. Vitnið

starði á bifreiðina, sem kom á móti, og tók því ekki eftir, hvort ákærði sveigði til vinstri, um leið og hann hemlaði.

Vitnið Helga Jónsdóttir húsmóðir, eiginkona ákærða, hefur komið fyrir dóminn, og óskaði vitnið ekki eftir að nota undanþágurétt sinn til vitnisburðar.

Vitnið kveðst hafa setið í aftursætinu ásamt dóttur þeirra hjóna. Fylgdist það ekkert sérstaklega með akstrinum, þar sem það var að skoða landslagið. Vitnið fann þó, að ekið var á eðlilegum hraða, og virtist bifreiðinni ekið eins og vani er úti á þjóðvegum, í hjólförum vegarins. Ekki sá vitnið bifreiðina, sem á móti kom, fyrr en eftir að þær voru skollnar saman, og hið fyrsta, sem vitnið heyrði um yfirvofandi hættu, var það, að ákærði kallaði upp: „Hvað ætlar maðurinn að gera? Passið þið ykkur". Um leið hemlaði ákærði bifreiðinni. Vitnið hentist fram, og bifreiðarnar skullu saman.

Vitnið Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson verkamaður, Hraunhálsi í Helgafellssveit, hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að það hafi verið að slá með dráttarvél á túninu á Hraunhálsi rétt við þjóðveginn, þegar það sá bifreiðina P 52 aka norður þjóðveginn. Vitninu fannst bifreiðinni ekið fremur hægt, og ímyndar vitnið sér, að hún hafi verið á 40—50 km hraða. Fullyrðir vitnið, að óhugsandi sé, að bifreiðinni hafi verið ekið mikið hraðar. Vitnið segir, að bifreiðin hafi verið nálægt miðju vegarins, en þó fremur á sínum rétta vegarhelmingi. Vitnið leit af bifreiðinni og sá hana aka fram hjá. Rétt á eftir heyrði vitnið smáskell og sá, að árekstur hafði orðið, að vitnið telur 200—300 metra í burtu.

Vitnið Þorlákur Halldór Arnórsson kaupmaður, Blönduhlíð 25 í Reykjavík, kom á slysstað. Vitnið skýrir svo frá fyrir dómi, að u. þ. b. stundarfjórðungi áður en það kom á slysstað, hafi það orðið vart við brúna bifreið á undan bifreið, sem sonur vitnisins ók frá Grundarfirði áleiðis að Kerlingarskarði. Var bifreiðin, sem vitnið var í, á 45—50 mílna hraða, en hin bifreiðin í fyrstu 200—300 metra á undan. Eftir nokkra stund dró í sundur með bifreiðunum, og hvarf brúna bifreiðin vitninu sjónum. Vitnið kveðst ekki hafa séð númer bifreiðarinnar, en taldi þetta vera bifreiðina P 52, sem það sá á slysstaðnum. Brúna bifreiðin hvarf þó vitninu sjónum nokkuð langan tíma.

Vitnið er nær öruggt á því, að ekki hafi getað verið um aðra bifreið að ræða en bifreiðina P 52. Vitnið getur þó ekki sagt, af hvaða tegund sú bifreið var, sem það sá aka á undan sér.

Vitnið sá ekki, hvort brúnu bifreiðinni var ekið á réttum eða röngum vegarhelmingi eða á miðjum veginum.

Vitnið Þröstur Þorláksson lagermaður, Blönduhlíð 25 í Reykjavík, skýrir svo frá fyrir dómi, að það hafi ekið greindan dag frá Grundarfirði áleiðis til Reykjavíkur og komið á slysstað. Vitnið segir, að faðir þess hafi sagt því frá bifreið, sem var nokkuð á undan þeim og fannst henni ekið hratt. Sjálft kveðst vitnið ekki hafa veitt þessari bifreið athygli eða séð hana. Var þetta um 15 mínútur áður en vitnið kom á slysstaðinn.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson lögregluþjónn, Lágholti 6 í Stykkishólmi, hefur fyrir dómi skýrt frá því, að það hafi komið fyrst á vettvang þeirra þriggja lögregluþjóna, sem þangað komu. Voru þar þá fyrir vegfarendur úr þrem eða fjórum bifreiðum. Ekki var sjáanlegt, að þeir hefðu spillt hemlaförum eða öðrum verksummerkjum. Vitnið rannsakaði vettvang og gerði, eins og áður greinir, skýrslu um afskipti lögreglunnar af málinu, en uppdrátt af vettvangi gerði starfsbróðir þess. Vitnið hefur staðfest skýrslu sína fyrir dóminum og jafnframt að vettvangsuppdráttur sé réttur. Vitnið kveðst hafa mælt hemlaförin í félagi við Hafstein starfsbróður sinn. Vitnið segir, að ekki hafi verið sjáanleg nein ummerki á yfirborði vegarins eftir bifreiðarnar fyrr en hemlaförin.

Vitnið upplýsti, að vegurinn hafi verið nægjanlega breiður á slysstað, til þess að tvær bifreiðar gætu mæst þar, og lausamöl ekki svo mikil í vegköntunum, að erfitt hafi verið að aka út í hana.

Vitnið Hafsteinn Sigurðsson lögregluþjónn, Árnatúni 4 í Stykkishólmi, skýrir svo frá fyrir dóminum, að Gunnleifur hafi tilkynnt vitninu símleiðis um slysið. Sótti það þegar tvo lækna og sjúkrabörur og hélt á vettvang á sjúkrabifreið sýslunnar. Kom vitnið þangað rétt á eftir Gunnleifi, og var þá ekki farið að hreyfa við hinum látnu, sem voru bæði í sætum sínum. Ákærði og sonur hans voru fyrir utan bifreiðina, en eiginkona hans og dóttir þeirra voru í aftursæti bifreiðar sinnar.

Þegar þeir lögregluþjónarnir komu á vettvang, var eitthvað af vegfarendum komið þangað, en ekki sjáanlegt, að neinum ummerkjum um slysið hefði verið spillt. Var vegfarendum vísað frá, og eftir að vitnið hafði komið hinum slösuðu í sjúkrahús, kannaði vitnið sérstaklega vettvang og gerði uppdrátt af hon-

um. Staðfesti vitnið hann og skýringarnar við hann fyrir dóminum.

Vitnið segir, að ekki hafi verið hægt að sjá nein ummerki eftir bifreiðarnar á yfirborði vegarins fyrr en hemlaförin eftir þær.

Vitnið segir, að nægjanlegt pláss hafi verið á veginum fyrir bifreiðar til þess að mætast og hafi lausamöl í vegjöðrunum ekki verið meiri en svo, að auðvelt hafi verið að aka út í hana.

Vitnið lét taka ljósmyndir á vettvangi og gerði skýringar við þær. Hefur vitnið staðfest fyrir dóminum, að þær séu réttar.

Vitnið Þorsteinn Jónasson héraðslögregluþjónn, Ytri-Kóngsbakka í Helgafellssveit, skýrir svo frá fyrir dómi, að það hafi komið á vettvang stuttu eftir hinum lögregluþjónunum tveim og aðstoðað við umferðarstjórn. Jafnframt gætti vitnið þess, að verksummerkjum á vettvangi yrði ekki spillt, á meðan rannsókn var ólokið.

Vitnið annaðist ekki sjálft rannsókn á vettvangi, en veitti hemlaförum bifreiðanna athygli. Staðfesti vitnið, að skýringarnar við uppdrátt og ljósmyndir væru réttar.

Vitnið segir, að lausamöl á veginum hafi ekki verið meiri en svo í vegjaðrinum, að auðvelt hafi verið að aka út í hana til þess að mætast.

Vitnið Friðrik Magnús Jónsson skipasmiður, Hafnargötu 9 í Stykkishólmi, tók ljósmyndir á vettvangi og staðfesti fyrir dóminum, að skýringar við þær væru réttar svo og skýringarnar við uppdráttinn.

Vitnið sá hemlaförin eftir bifreiðarnar og staðfestir, að samkvæmt þeim hafi bifreið ákærða verið á öfugum vegarhelmingi, þegar bifreiðarnar skullu saman, en hin bifreiðin nálægt miðju vegarins, en þó réttum megin.

Vitnið Njáll Þorgeirsson bifreiðaeftirlitsmaður, Laufásvegi 10 í Stykkishólmi, skýrir svo frá fyrir dóminum, að það hafi skoðað báðar bifreiðarnar, þar sem þær voru geymdar í Stykkishólmi, og fór skoðunin fram daginn eftir slysið. Ekkert kom fram við skoðunina, sem benti til þess, að bilun í búnaði bifreiðanna hafi valdið slysinu. Bifreiðin P 52 var svo mikið skemmd, að ekki var hægt að skoða hana fullnægjandi í þessu tilliti, en ekkert kom fram við þá skoðun, sem fram fór, sem benti til þess, að öryggisbúnaði hennar hefði verið áfátt fyrir slysið. Þá var ekki hægt að sjá neitt, sem benti til þess, að skyndibilun hefði orðið í annarri hvorri bifreiðinni.

Lík beggja hinna látnu voru krufin, og hefur Jónas Hallgrímsson læknir gert skýrslu um krufningarnar. Í lok skýrslu hans um krufninguna á líki Jóns segir svo:

„Niðurstaða:

Við krufninguna fundust miklir áverkar. Mestur áverki var á hjarta og aorta, og hafði aorta rifnað í sundur og blætt inn í bæði brjósthol. Einnig voru áverkar á andliti, og efri kjálki var mölbrotinn. Rif voru einnig flest brotin. Maðurinn mun hafa látist samstundis af áverkum sínum.

Blóð og þvag var sent til alkóhólmælingar og reyndist hvort tveggja neikvætt".

Í niðurlagi skýrslu Jónasar um krufningu á líki Freyju segir svo:

„Niðurstaða:

Við krufninguna fundust miklir áverkar. Höfuðkúpa hafði losnað frá efsta hálslið og mænukólfurinn alveg marist sundur. Stóra bakæðin (aorta) hafði rifnað að mestu í sundur og hjartað sjálft rifnað. Konan hlýtur að hafa látist samstundis af þessum áverkum.

Blóð og þvag var sent til alkóhólmælingar í Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands, og var hvort tveggja neikvætt".

Þrátt fyrir framburð ákærða er ósannað, að Jón heitinn hafi ekið á öfugum vegarhelmingi rétt fyrir slysið.

Ákærða bar að halda bifreið sinni yst til hægri á veginum og hægja ferðina verulega, þegar hann ók yfir hæðina, og halda bifreið sinni áfram vel til hægri á veginum og úti í lausamölinni, þar til hann hefði mætt bifreiðinni, og ekki síst þar sem hann hafði séð til ferða hennar, áður en hann kom upp á hæðina. Þetta gerði ákærði ekki.

Fram er komið af hálfu ákærða, að hann hafi verið hægra megin á veginum miðað við aksturssstefnu sína, þegar hann kom upp á blindhæðina, og telur hann sig hafa verið yst til hægri í hjólförunum á veginum, áður en hann hemlaði, enda þótt auðvelt væri að aka út í lausamölina samkvæmt framburði vitna þeirra, sem komu á vettvang, og staðfesta ljósmyndir það. Athugun á ljósmyndum af vettvangi sýnir, að hjólförin eru nálægt miðju vegarins, en þó ívið meira til vinstri miðað við aksturssstefnu ákærða. Hefur ákærði því verið nálægt miðju vegarins, þegar hann að eigin sögn sveigði til vinstri. Sé rétt skýring ákærða á því, hvers vegna hann sveigði yfir á vinstri vegarhelming að

öllu leyti, verður að telja það allt að einu hafa verið óeðlileg viðbrögð hans.

Ljóst er af framburði ákærða sjálfs, að hann hélt ekki bifreið sinni eins langt til hægri á veginum og honum bar, en það var, eins og þegar er fram komið, auðvelt þrátt fyrir lausamöl. Þá þykja hemlaför bifreiðar ákærða sýna, að hann hafi ekið óhóflega hratt miðað við það, að hann ók yfir blindhæð og vissi af bifreið í nánd handan hennar.

Er því sannað, að ákærði ók of hratt, miðað við aðstæður, yfir hæðina. Þá er sannað, að ákærði var að öllu leyti vinstra megin við miðju vegarins miðað við aksturssstefnu sína, þegar hann hemlaði, og sýndi samkvæmt framansögðu eigi næga aðgæslu við aksturinn með þeim afleiðingum, að bifreiðarnar skullu saman, og hjónin biðu þegar bana. Þessi háttsemi ákærða er rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1956 30/11 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1960 25/10 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1963 20/8 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1964 23/6 Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1965 1/12 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1976 21/4 Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

Með framangreindri háttsemi sinni þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 40 daga.

Þá þykir ákærði með akstri sínum hafa unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 3 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga

nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Haraldsson, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 3 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Föstudaginn 26. janúar 1979.

Nr. 125/1976. **Búnaðarsamband Eyjafjarðar**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
bæjarsjóði Akureyrar
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Aðstöðugjald. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen borgardómari.

Ásgeir Pétur Ásgeirsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. júní 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí s. á. Krefst hann, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang hins umbeðna lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri

ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 18. maí 1976.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast má á, að áfrýjandi hafi haft með höndum atvinnurekstur, sbr. 36. gr. laga nr. 8/1972.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 100.000 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður máls þessa fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 100.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Búnaðarsamband Eyjafjarðar, greiði stefnda, bæjarsjóði Akureyrar, málskostnað fyrir Hæstarétti, 100.000 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 13. febrúar 1976.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 29. f. m. að loknum munnlegum málflutningi þann dag, en hafði áður verið endurupptekið 4. desember sl.

Með bréfi, dagsettu 1. október 1975 krafðist lögmaður Akureyrarbæjar, Hreinn Pálsson héraðsdómslögmaður, fyrir hönd bæjarsjóðs Akureyrar, hér eftir nefndur gerðarbeiðandi, að lögtak yrði gert í eignum Búnaðarsambands Eyjafjarðar, hér eftir nefnt gerðarþoli, til tryggingar aðstöðugjaldi, álögðu árið 1974,

kr. 65.000, og árið 1975, kr. 89.400, auk áfallinna dráttarvaxta til 31. október 1975, kr. 20.960, ásamt framhaldandi dráttarvöxtum, 1.5% á mánuði, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Af hálfu gerðarþola, Búnaðarsambands Eyjafjarðar, er þess krafist, að lögtaksgerðin nái ekki fram að ganga og gerðarbeiðandi verði dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar.

Í máli þessu hafa verið lögð fram alls 13 þingmerkt skjöl.

Málavextir eru þeir, að skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra, Akureyri, hefur lagt aðstöðugjald á gerðarþola gjaldárin 1973 til 1975 að báðum meðtöldum sem hér segir:

árið 1973 kr. 45.000,
árið 1974 kr. 65.000 og
árið 1975 kr. 89.400.

Hefur aðstöðugjald þetta verið lagt á vinnuvélarekstur gerðarþola rekstrarárin 1972 til 1974 að báðum meðtöldum, og hefur gjaldstofninn verið ákveðinn samkvæmt mati skattstjóra í hvert sinn, þar sem gerðarþoli hefur engum uppgjörum skilað til skattstjóra.

Gjaldstofninn hefur þannig verið áætlaður af skattstjóra:

fyrir gjaldárið 1973 kr. 3.000.000,
fyrir gjaldárið 1974 kr. 5.000.000 og
fyrir gjaldárið 1975 kr. 6.875.000.

Gjaldstigar á vinnuvélastarfsemi voru samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Akureyrar þessir:

gjaldárið 1973 1.5% og
gjaldárin 1974 og 1975 1.3% bæði árin.

Aðstöðugjald var fyrst lagt á vinnuvélastarfsemi gerðarþola gjaldárið 1973. Um ástæðuna fyrir því, að aðstöðugjald var þá fyrst lagt á þessa starfsemi gerðarþola, segir svo í bréfi skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra, Akureyri, dagsettu 17. desember sl., sbr. dskj. nr. 8:

„Af ókunnum mistökum mun álagning hafa fallið niður fyrir þann tíma, enda hefur búnaðarsambandið aldrei skilað til skattstofunnar neinu uppgjöri yfir þessa starfsemi."

Almennur lögtaksúrskurður fyrir gjöldum til bæjarsjóðs Akureyrar álögðum árið 1974 var uppkveðinn 6. september það ár og fyrir gjöldum til bæjarsjóðs álögðum árið 1975 4. september það ár.

Gerðarþoli hefur ekki greitt álagt aðstöðugjald öll þau ár, er

það hefur á hann verið lagt, og telur álagningu aðstöðugjaldsins ólögmæta.

Í máli þessu er hvorki deilt um upphæð aðstöðugjaldsins né upphæð gjaldstofna né gjaldstiga.

Verða nú raktar málsástæður og lagarök aðilja, eins og þau hafa verið reifuð í greinargerðum þeirra og við munnlegan málflutning.

Umboðsmaður gerðarþola heldur því fram, að starfsemi gerðarþola falli ekki undir atvinnurekstur í eiginlegum skilningi og falli því utan þess sviðs, sem 36. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga fjalli um. Sé tilgangur gerðarþola almenn leiðbeiningar- og þjónustustarfsemi við bændur og búnaðarfélög á sambandssvæðinu, sem nær yfir Akureyri, Eyjafjarðarsýslu, Höfðahverfi, Siglufjörð og Svalbarðsströnd. Hér á Akureyri sé að vísu heimili og varnarþing gerðarþola, en öll starfsemi hans fari fram utan Akureyrar.

Sé ákvæði 36. gr. laga nr. 8/1972 um, að heimilt sé að innheimta aðstöðugjald hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, árétting á ákvæði 3. gr. reglugerðar um aðstöðugjald nr. 81/1962, þar sem skilyrði fyrir gjaldskyldu sé, að um sjálfstæða atvinnu í sveitarfélaginu sé að ræða.

Væri um það að ræða, að gerðarþola bæri að greiða aðstöðugjald, bæri frekar að leggja það á í hinum einstöku hreppum, þar sem leiðbeiningar- og þjónustustarfsemin væri innt af hendi fyrir einstaklinga eða búnaðarfélög, en ekki hér á Akureyri. Umboðsmaður gerðarþola bendir á 40. gr. laga nr. 8/1972, þar sem gert er ráð fyrir því, að innheimta megi aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili, reki hann þar fiskkaup eða fiskverkun. Sé starfsemi gerðarþola skyld slíkri starfsemi utan heimilissveitar, en aðstöðugjaldsskylda utan heimilissveitar hafi það þá í för með sér í þeim tilvikum, að ekki verði lagt aðstöðugjald á gjaldanda að því leyti annars staðar.

Að þessu athuguðu telur umboðsmaður gerðarþola, að ólöglegt sé að leggja aðstöðugjald á starfsemi gerðarþola, þar sem meginstarfsemi hans fari fram utan Akureyrar.

Umboðsmaður gerðarþola bendir einnig á það, að samkvæmt 5. gr., 4. tl., reglugerðar nr. 81/1962 þá séu félög til eflingar listum, vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög og trúarbragðafélög undanþegin aðstöðugjaldsskyldu, enda reki slík félög ekki atvinnu, en starfsemi gerðarþola megi flokka undir

félög til eflingar vísindum og þá sérstaklega búvísindum og bútækni. Vitnar umboðsmaður gerðarþola í því sambandi til 2. gr. laga Búnaðarsambands Eyjafjarðar frá 30. janúar 1959, en í þeirri grein segir:

„Tilgangur sambandsins er að annast alla almenna búnaðarsambandsstarfsemi í umdæmi sínu, svo sem mælingar jarðabóta, leiðbeiningar viðvíkjandi jarðrækt og búvélum, eftirlitsstarfsemi í búfjárræktarfélögum o. s. frv.," og í 3. gr. laganna vilji sambandið ná þessum markmiðum með því:

„1. Að hafa í þjónustu sinni færa menn til að annast þau störf, sem um getur í 2. gr. og sem leiðbeint geta bændum um allt, sem að búnaði lýtur.

2. Að vinna að skipulagsbundinni félagsstarfsemi um ræktunarframkvæmdir og kynbætur á sambandssvæðinu.

3. Að láta safna og vinna úr skýrslum um búnaðarstarfsemi á sambandssvæðinu.

4. Að veita bændum faglega aðstoð við vandasöm störf landbúnaðarins.

5. Að stuðla að því, að haldnir séu fræðandi fyrirlestrar og námskeið um landbúnaðarmálefni og að bændur á sambandssvæðinu eigi sem auðveldastan aðgang að öllum upplýsingum og nýjungum, er landbúnaðinn varða."

Umboðsmaður gerðarbeiðanda byggir kröfu sína um, að lögtak verði gert fyrir álögðu aðstöðugjaldi hjá gerðarþola, á því, að gerðarþoli reki atvinnustarfsemi, sem stjórnað sé frá Akureyri, þó að unnið sé að verulegu leyti í ýmsum öðrum sveitarfélögum. Ákvæði 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972 um undanþágu frá aðstöðugjaldi eigi hér ekki við, þar sem tvímælalaust beri að telja, að gerðarþoli reki atvinnustarfsemi með skurðgröfurekstri sínum, en af þessari starfsemi spretti aftur framleiðsla bænda, sem selji síðan og hafi hagnað af. Bendir umboðsmaður gerðarbeiðanda á það, að heimili og varnarþing gerðarþola sé hér á Akureyri og hér hafi gerðarþoli sínar aðalbækistöðvar og héðan sé framkvæmdum á þessu ákveðna verksviði stjórnað svo og öðrum rekstri gerðarþola og láti bæjarfélagið gerðarþola í té sömu aðstöðu og þjónustu og öðrum þeim, er reki atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu.

Á dskj. nr. 12, sem er rekstrarreikningur vegna skurðgröfu gerðarþola fyrir árið 1972, er seldur skurðgröftur á því ári kr. 4.588.127.80 og vaxtatekjur kr. 18.550.00, eða tekjur alls kr.

4.606.677.80. Til gjalda eru færðar m. a. afskriftir, kr. 794.420.00, og hagnaður færður á höfuðstól, kr. 696.106.20.

Ekki liggur fyrir í málinu efnahagsreikningur vegna skurðgröfurekstrar fyrir þetta ár.

Á dskj. nr. 10 er rekstrarreikningur yfir þennan sama rekstur árið 1973. Þá er seldur skurðgröftur, kr. 5.075.815, og vaxtatekjur það ár, kr. 65.163, eða tekjur alls kr. 5.140.978.

Til gjalda eru færð það ár m. a. afskriftir, kr. 1.215.393, og rekstrarhagnaður, kr. 594.905, og samkvæmt efnahagsreikningi fyrir það ár hrein eign færð á höfuðstól kr. 4.425.662.

Á dskj. nr. 11 er rekstrarreikningur yfir þessa sömu starfsemi fyrir árið 1974.

Það ár er seldur skurðgröftur, kr. 4.913.450, og vaxtatekjur, kr. 17.318, eða tekjur alls kr. 4.930.768, og til gjalda það ár er m. a. fært til Búnaðarsambands Eyjafjarðar vegna framkvæmdastjórnar kr. 150.000, fyrning kr. 700.000 og rekstrarafgangur kr. 417.669.

Samkvæmt efnahagsreikningi fyrir þetta sama ár nam hrein eign á höfuðstóli kr. 4.843.331.

Það er álit fógetans, að skurðgröfurekstur gerðarþola sé það umfangsmikill og arðbær, að eigi verði með almennum rökum hægt að telja, að hann falli ekki undir hugtakið atvinnurekstur í venjulegri merkingu þess orðs, þó að önnur starfsemi gerðarþola sé rekin sem þjónustustarfsemi við bændur og búnaðarfélög á starfssvæði búnaðarsambandsins og sú starfsemi sé undanþegin tekjuskatti, eignarskatti og aðstöðugjaldi samkv. 36. gr. laga nr. 8/1972 og 6. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt þessu fellur skurðgröfurekstur gerðarþola eigi undir undanþágu þá frá aðstöðugjaldi, sem greinir í 36. gr. laga nr. 8/1972 né 6. gr. laga nr. 68/1971 né heldur 4. tl. 5. gr. reglugerðar nr. 81/1962.

Kemur þá að því álitamáli, í hvaða sveitarfélagi aðstöðugjald eigi að greiða af þessum rekstri. Í 40. gr. laga nr. 8/1972 segir, að innheimta megi aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef:

a) hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt á hann aðstöðugjald að því leyti annars staðar,
b) hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Samkvæmt almennum lögskýringarreglum verður þetta ákvæði ekki skilið á annan hátt en þann, að aðalreglan sé sú, að aðstöðugjald sé lagt á í því sveitarfélagi, þar sem gjaldandi á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn. Undantekningarákvæði 40. gr. laga nr. 8/1972 verður því að skýra þröngt, og fellur skurðgröfustarfsemi gerðarþola utan þessa ákvæðis.

Ekki er upplýst í málinu, hvar aðalatvinnurekstur gerðarþola hefur farið fram, og verður því að miða gjaldskylduna við lögheimili gerðarþola, en það er samkvæmt 1. gr. laga Búnaðarsambands Eyjafjarðar hér á Akureyri.

Samkvæmt framangreindu þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Ásgeir Pétur Ásgeirsson kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 31. janúar 1979.

Nr. 94/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Óskari Guðmundssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Í héraðsdómi er rakið efni lögregluskýrslu Jóns Björnssonar lögreglumanns, er stóð að handtöku ákærða ásamt

tveim öðrum lögregluþjónum, Þorsteini Sigfússyni og Óla Kristni Björnssyni. Eftir uppsögu héraðsdóms var að tilhlutan ríkissaksóknara háð framhaldsrannsókn í máli þessu hinn 7. desember 1978. Kom ákærði þá fyrir dóm til frekari prófunar. Einnig voru teknar skýrslur af greindum lögreglumönnum, en þeir höfðu ekki áður verið yfirheyrðir fyrir dómi í rannsókn máls þessa.

Við framhaldsprófið neitaði ákærði að skýra frá, hver vinkona hans væri, er hann dvaldist hjá að Asparfelli 8 aðfaranótt sunnudagsins 16. janúar 1977, en þar hafi hann sofið sunnudag þennan frá klukkan 0700 um morguninn þar til klukkan 1500 eða 1530. Hafi hann þá vaknað við símhringingu og verið einn í íbúð vinkonu sinnar. Sá, er hringdi, hafi tjáð honum, að hún hefði meitt sig í húsi við Kársnesbraut, þar sem hún hefði verið, og farið á Borgarspítalann í aðgerð. Ákærði neitaði að upplýsa, hver hefði tjáð honum þetta. Kveðst ákærði síðan hafa ekið bifreiðinni R 34309 frá Asparfelli 8 að Kársnesbraut til að svipast eftir bifreið vinkonunnar, en ekki séð bifreiðina þar og því ekið að Borgarspítalanum. Ekki segist hann hafa ætlað að aka vinkonu sinni þaðan, enda hafi hann séð bifreið hennar þarna. Þá skýrir ákærði svo frá, að hann hafi ekki sett vél bifreiðarinnar R 34039 tvívegis í gang hjá Borgarspítalanum. Hún hafi verið erfið í gangsetningu og þess vegna muni hann ekki hafa drepið á henni. Hann hafi misminnt um þetta, er hann gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu mánudaginn 17. janúar 1977 og fyrir dómi 18. maí s. á. Lyklana að bifreiðinni segist hann hafa sett undir mottu í henni, ætlað síðan að skilja bifreiðina eftir þarna og gera bílaleigu þeirri, sem hann hafði tekið bifreiðina á leigu hjá, aðvart um það.

Er lögreglumenn þeir, er stóðu að handtöku ákærða, komu fyrir dóm, mundu þeir mjög óljóst eða ekki eftir málsatvikum. Er skýrsla Jóns Björnssonar lögreglumanns hafði verið þeim kynnt, könnuðust þeir við meginefni hennar.

Svo sem að framan greinir og rakið er í héraðsdómi, er framburður ákærða mjög á reiki og ákærði ósamkvæmur sjálfum sér í ýmsum atriðum, auk þess sem ákærði hefur

neitað að upplýsa önnur. Verður dómur í máli þessu því ekki nema að litlu leyti á framburði hans byggður. Þegar virt eru sakargögn, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi við aksturinn frá Asparfelli að Kársnesbraut og þaðan að Borgarspítalanum verið með áhrifum áfengis í þeim mæli, að við lagaboð varði. Ekki verður þó niðurstaða blóðrannsóknar um vínandamagn í blóði ákærða ein sér lögð til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum hans í máli þessu. Er og óvíst, hvort eða hve mikils áfengismagns hann kann að hafa neytt, eftir að akstri hans lauk við Borgarspítalann og þar til hann var handtekinn. Hefur ríkissaksóknari og lýst yfir hér fyrir dómi, að áfengismagn það, er reyndist í blóðsýni úr ákærða, hafi ekki úrslitaáhrif í máli þessu. Féll ríkissaksóknari frá ákæru um brot gegn 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og taldi, að heimfæra bæri brot ákærða að því er þessi lög varðar undir 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. þeirra. Þykir bera að heimfæra brot ákærða til lagaákvæða þessara, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, svo og til þeirra ákvæða áfengislaga, er í héraðsdómi greinir.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Í sakadómi Reykjavíkur hinn 30. júlí 1974 var ákærði með dómssátt sviptur ökuleyfi 3 mánuði frá 6. júní s. á. vegna ölvunaraksturs. Er því nú um ítrekun brots að ræða. Ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 5. ágúst 1977, sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þann dag var honum birtur héraðsdómur í máli þessu.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 5. ágúst 1977.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. júlí 1977.

Ár 1977, föstudaginn 8. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 419/1977: Ákæruvaldið gegn Óskari Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. apríl sl., gegn ákærða, „Óskari Guðmundssyni, verslunarstjóra, Kaplaskjólsvegi 27, Reykjavík, fæddum 16. janúar 1932 í Reykjavík, fyrir að aka sunnudaginn 16. janúar 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 34039 frá Asparfelli 8 í Reykjavík að Kársnesbraut 3 í Kópavogi og þaðan að Borgarspítalanum í Reykjavík, þar sem lögreglan hafði afskipti af akstri ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1961 21/12 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1974 30/7 Reykjavík: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 6/6 1974.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 16. janúar 1977, kl. 1810, veittu tveir lögreglumenn, sem voru staddir við slysadeild Borgarspítalans, athygli bifreiðinni R 34039 á bifreiðastæði skammt frá aðalinngangi slysadeildarinnar. Vél bifreiðarinnar var ekki í gangi, en maður

sat í farþegasæti að framan. Þar sem lögreglumennirnir höfðu grun um, að ekki væri allt með felldu, höfðu þeir tal af manni þessum, sem var ákærði, Óskar Guðmundsson, og spurðu um ökumann bifreiðarinnar. Ákærði kvað hann hafa brugðið sér frá, en ekki vita, hver hann væri né hvert hann hefði farið. Sjálfur kvaðst ákærði vera leigutaki bifreiðarinnar, sem væri í eigu bílaleigunnar Geysis. Ákærði var sýnilega með áfengisáhrifum að sögn lögreglumanna, og var framburður hans mjög á reiki. Var hann því fluttur á lögreglustöðina til nánari yfirheyrslu og leit gerð í bifreiðinni. Fundust kveikjuláslyklar undir mottu á gólfi bifreiðarinnar. Athugun á vél bifreiðarinnar leiddi í ljós, að hún var sjóðheit að sögn lögreglumanna.

Í yfirheyrslu hjá varðstjóra skýrði ákærði svo frá, að hann hefði drukkið um það bil hálfa flösku af hvítvíni að Asparfelli 8 hér í borg um hádegi þennan dag, en neitaði að hafa ekið bifreiðinni. Sterkur áfengisþefur var frá vitum ákærða, andlit hans þrútið og augu vot. Ákærði var kurteis, jafnvægi hans stöðugt og málfar skýrt. Í skýrslu varðstjóra segir, að ákærði hafi verið sýnilega með áfengisáhrifum. Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða til alkóhólrannsóknar.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi verið við drykkju að Asparfelli 8 aðfaranótt 16. janúar sl. Ákærði kveðst á tímanum frá kl. 0300 þar til kl. 0700 um morguninn hafa drukkið 3 tvöfalda skammta af Campari, blandaða með vatni. Hann fann ekki til mikilla áfengisáhrifa, en var nokkuð þungur. Hann fór að sofa um kl. 0700, og svaf til kl. 15-1530. Um kl. 1600 ók hann bifreiðinni R 34039 að Kársnesbraut 3 í Kópavogi og þaðan að slysadeild Borgarspítalans, en þar var vinkona hans í læknisaðgerð. Ákærði kveðst hafa verið einn í bifreiðinni. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði beið í bifreiðinni fyrir utan slysadeildina um 2 klst., uns lögreglan kom á vettvang. Á þessum tíma drakk hann vodkablöndu úr 3ja pela flösku, og var flaskan um það bil axlarfull. Var meiri hlutinn af innihaldi flöskunnar Coca cola. Ákærði kveðst hafa sett bifreiðina tvisvar í gang, á meðan hann beið, og látið hana ganga. Var ákærði þá með áfengisáhrifum. Ákærði kveðst hafa drepið á vél bifreiðarinnar, skömmu áður en lögreglan kom, og sett lyklana undir gólfmottu. Ákærði sagði lögreglunni, að annar maður hefði ekið bifreiðinni til að reyna að sleppa.

Alkóhólmagnið í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða, var 1.86‰.

Niðurstöður.

Svo sem nú hefur verið rakið, hefur ákærði neitað að hafa verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar R 34039 í framangreint sinn frá Asparfelli 8 að Kársnesbraut í Kópavogi og þaðan að Borgarspítalanum. Þykir verða að leggja þennan framburð hans til grundvallar, og ber að sýkna hann af ákæruunni að þessu leyti.

Hins vegar neytti ákærði áfengis í bifreiðinni við Borgarspítalann og kveðst hafa verið með áfengisáhrifum, er hann gangsetti hana tvisvar sinnum. Gangsetning bifreiðar telst liður í akstri, og hefur ákærði með þessu atferli því orðið brotlegur gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin, með því að um ítrekað brot hans er að ræða, 75.000 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber skv. framansögðu að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Guðmundsson, greiði 75.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1979.

Nr. 117/1978. **Bílaleigan Miðborg h/f**
gegn
dagblaðinu Tímanum.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bílaleigan Miðborg h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, dagblaðinu Tímanum, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 10.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1979.

Nr. 140/1976. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari**
f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Einari Ólafssyni og
gagnsök
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Handtaka. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Sigurður M. Helgason borgarfógeti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júlí 1976, að fengnu leyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 hinn

7. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Meðal gagna þessara er bréf ríkissaksóknara 18. október 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík, þar sem krafist er rannsóknar fyrir dómi á „uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum" 28. júlí 1974 og aðgerðum lögreglu af því efni. Í svarbréfi sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1974 er þess óskað, að ríkissaksóknari geri grein fyrir því, að hverju rannsóknin skuli beinast, „þ. e. ólöglegri handtöku eða ólöglegu atferli hinna handteknu". Í bréfi ríkissaksóknara 11. desember 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík er þess krafist, að rannsökuð verði ætluð brot hinna handteknu og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Með bréfi 16. júlí 1976 til sakadóms Reykjavíkur ítrekaði ríkissaksóknari kröfu sína um dómsrannsókn, er hefja skyldi tafarlaust. Enn hefur verið lagt fram endurrit af rannsókn, sem fram fór í sakadómi Reykjavíkur dagana 26. júlí til 12. ágúst 1976. Þá komu fyrir dóm Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, sem tók skýrslur af hinum handteknu mönnum í Reykjavík hinn 28. júlí 1974, gagnáfrýjandi og 12 menn aðrir, sem handteknir höfðu verið á Þingvöllum þann dag og fluttir til Reykjavíkur. Endurrit af dómsrannsókn þessari sendi sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara með bréfi 29. desember 1978.

I.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði með stefnu 27. janúar 1975 með heimild í 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Á

þeim tíma var eigi ljóst, hvort rannsókn væri hætt án ákæru á hendur gagnáfrýjanda, sbr. 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974. Þess er hins vegar að gæta, að sakadómsrannsókn hófst eigi fyrr en 26. júlí 1976, og henni hefur ekki verið haldið áfram eftir 12. ágúst s. á. Enn fremur kom ekki fram af hálfu ríkissaksóknara við munnlegan flutning máls hér fyrir dómi, þrátt fyrir brýnt tilefni, hvort hann mundi krefjast þess, að rannsókn yrði haldið áfram eða ákæra gefin út á hendur gagnáfrýjanda. Þykir því gagnáfrýjandi, eins og nú er komið, eiga rétt á að fá dóm um þá bótakröfu, sem hann hefur uppi í máli þessu.

II.

Borðum þeim, sem gagnáfrýjandi ásamt félögum sínum kom fyrir á barmi Almannagjár, er lýst í héraðsdómi. Voru þeir til þess fallnir að vekja ólgu og óróa meðal þess mikla mannfjölda, sem var á Þingvöllum 28. júlí 1974, og leiða til röskunar á allsherjarreglu. Fallast verður á, að lögreglumönnum hafi, eins og hér stóð sérstaklega á, verið rétt að hlutast til um, að framangreindir borðar væru teknir niður, sbr. 34. gr. laga nr. 74/1974, og eftir atvikum beita lögregluaðgerðum í því skyni, með þeim hætti, sem gögn máls bera með sér, að gripið hafi verið til. Vegna aðstæðna á vettvangi var lögreglumönnum og rétt að færa gagnáfrýjanda til frumskýrslutöku. Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að sú óbrotna skýrslutaka, sem hér var þörf á, hafi eigi réttlætt, að gagnáfrýjandi var færður til Reykjavíkur og honum haldið þar föngnum á lögreglustöð þann tíma, sem í héraðsdómi greinir. Á gagnáfrýjandi því rétt til nokkurra bóta af þessum sökum samkv. 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um bætur til gagnáfrýjanda úr hendi aðaláfrýjanda, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, 80.000 krónur.

III.

Í máli þessu voru í héraði lögð fram ýmis skjöl, sem eigi verður talið, að varði úrlausn máls þessa. Þá hefur héraðsdómari hagað skýrslutökum sínum í málinu um margt meira að hætti opinberra mála en einkamála, og varða skýrslur oft atriði, sem eigi skipta máli.

Málabúnaður þessi veldur örðugleikum við könnun sakargagna og mat á þeim og brýtur m. a. í bága við ákvæði 114. gr. laga nr. 85/1936. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir ekki næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð.

Dómsorð:

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um bætur til gagnáfrýjanda, Einars Ólafssonar, úr hendi aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur I. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda. Enn fremur fellst ég á athugasemdir þeirra í III. kafla dómsatkvæðisins um misfellur á málatilbúnaði og málsmeðferð í héraði.

II.

Í bréfi ríkissaksóknara til sakadóms Reykjavíkur, dags. 11. desember 1974, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, er þess krafist, „að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lög-

um um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla.“ Verður ekki séð, að ákæruvald hafi haft uppi sakargiftir á hendur gagnáfrýjanda um, að háttsemi sú, sem leiddi til handtöku hans 28. júlí 1974, varðaði hann refsiábyrgð eftir öðrum ákvæðum laga en greind eru í nefndu bréfi.

Borðum þeim, sem gagnáfrýjandi kom fyrir ásamt félögum sínum á barmi Almannagjár, er lýst í héraðsdómi. Gátu þeir vakið ólgu og óróa meðal þess mikla mannfjölda, sem var á Þingvöllum 28. júlí 1974. Kunni þá svo að fara, að af hlytist röskun á allsherjarreglu og truflun á fundi Alþingis, er þá stóð yfir. Var lögreglumönnum því rétt, eins og á stóð, að mæla fyrir um, að gagnáfrýjandi og félagar hans tækju borðana niður og að fólk þetta dreifði sér, svo og að beita lögregluvaldi, ef þeim fyrirmælum var ekki sinnt. Aðeins tveir þeirra lögreglumanna, er á vettvang komu, hafa gefið skýrslu í málinu, þeir Jón Pétursson aðstoðarvarðstjóri og Magnús Einarsson aðalvarðstjóri. Hefur hinn fyrrnefndi fullyrt, að hann hafi gefið gagnáfrýjanda og félögum hans fyrirmæli um að leggja frá sér borðana, áður en hann hófst handa um að taka þá af fólkinu með valdi. Magnús Einarsson, er kom á vettvang nokkru á eftir Jóni, hvorki heyrði þá skipun né gaf sjálfur fyrirmæli um þetta að eigin sögn. Gagnáfrýjandi og félagar hans hafa synjað fyrir, að framangreind skipun hafi verið gefin. Eins og sönnunargögnum er háttað, verður ekki talið nægilega sannað, að svo hafi verið gert. Að svo vöxnu máli verður að líta svo á, að lögreglumönnum hafi ekki verið rétt að handtaka gagnáfrýjanda svo sem þeir gerðu og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt þessu og með heimild í 151. gr. laga nr. 74/1974 þykir því mega taka til greina fébótakröfu gagnáfrýjanda með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstíma vaxtakröfunnar hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Ég tel, eins og meiri hluti dómenda, að ekki beri að dæma aðaláfrýjanda ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154.

gr. laga nr. 74/1974. Enn fremur fellst ég á úrlausn þeirra um gjafsóknarlaun talsmanns gagnáfrýjanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, er ég samþykkur dómsorðinu að öðru leyti en því, að ég tel, að fjárhæð sú, sem aðaláfrýjandi er dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda, ætti að vera 50.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. mars sl., hefur Einar Ólafsson, Bústaðavegi 51, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, framlagðri í dómi þann 6. febrúar 1975, á hendur fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 50.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu stefndu er sótt þing í málinu og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Sáttaumleitanir hafa engan árangur borið.

Þann 28. júlí 1974 var haldin þjóðhátíð á Þingvöllum við Öxará. Hátíðin var haldin til þess að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar.

Hátíðahöld í tilefni 11 alda búsetu í landinu höfðu verið í undirbúningi langa hríð. Alþingi ákvað á árinu 1965, að þessa merkisárs í sögu þjóðarinnar skyldi minnst á viðeigandi hátt, og kaus sjö manna nefnd samkvæmt tilnefningu allra stjórnmálaflokka til að sjá um undirbúning og framkvæmd málsins. Samkvæmt endanlegum tillögum nefndarinnar voru margs konar hátíðahöld ákveðin af þessu tilefni sumarið 1974, þ. á m. héraðshátíðir um land allt. Þá var ákveðið, að þjóðhátíð skyldi vera á Þingvöllum við Öxará 28. júlí 1974.

Í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. í Reykjavík 11. maí 1973, segir: „Ríkisstjórnin hefur að höfðu samráði við þingflokkana ákveðið að fela þjóðhátíðarnefnd að vinna að og gera tillögur um eins dags hátíðahöld á Þingvöllum sumarið 1974". Indriði G. Þorsteinsson, sem var framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar, lýsti því fyrir dómi, að nefndin hafi haft samþykki Þingvallanefndar til hátíðahaldanna á Þingvöllum þann 28. júlí 1974.

Hafi Þingvallanefnd tilnefnt tvo menn til að vera þjóðhátíðarnefnd til ráðuneytis vegna hugsanlegra landskemmda á Þingvöllum, en að öðru leyti hafi nefndin verið alveg frjáls að því að undirbúa Þingvelli fyrir hátíðahöldin. Samkvæmt lögum nr. 59/1928 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í 2. gr. laganna er mælt fyrir um mörk hins friðhelga lands. Í 4. gr. laganna segir, að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Í 5. gr. segir, að Þingvallanefnd, skipuð þremur alþingismönnum, hafi fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem tilgreindar séu í 2. gr. laganna.

Þjóðhátíðarnefnd samdi sérstaka dagskrá, og skyldi hún standa frá kl. 1.30 til 7.30 um kvöldið. Hátíð þessi fór fram á svonefndum Efri-Völlum. Fyrir hádegi þennan sama dag hélt Alþingi sérstakan hátíðafund að Lögbergi.

Þann 5. júní 1974 skrifar dóms- og kirkjumálaráðuneytið lögreglustjóranum í Reykjavík bréf. Segir í því bréfi: „Ráðuneytið felur yður, hr. lögreglustjóri, hér með að skipuleggja löggæslu á fyrirhugaðri þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí n.k. svo og að láta í té lögreglulið, er lúti stjórn yðar, til að annast þá löggæslu. Tekur þetta jafnframt til löggæslu á vegum til og frá Þingvöllum í sambandi við þjóðhátíðina.

Um alla framkvæmd þessa ber yður að hafa náið samráð við viðkomandi lögreglustjóra".

Indriði G. Þorsteinsson hefur fyrir dómi lýst því, að sýslumaður í Árnessýslu hafi heimilað þjóðhátíðarnefnd að halda hátíðina þarna á þessum tíma á Þingvöllum. Hann hefur í réttinum lesið svohljóðandi yfirlýsingu frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 4. júlí 1974. Þar stendur: „Að gefnu tilefni vegna fyrirspurnar frá ýmsum aðilum skal tekið fram, að sölustarfsemi á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí n.k. er óheimil án leyfis, og slík leyfi verða ekki veitt nema með samþykki þjóðhátíðarnefndar 1974." Framkvæmdastjórinn hefur gefið þá yfirlýsingu fyrir dómi, að þjóðhátíðarnefnd hafi gefið leyfi til veitingahalds og allra hluta, er fóru fram á þjóðhátíð, þar sem þar hafi ekkert mátt fram fara nema með þeirra leyfi.

Þá hefur framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar skýrt svo frá fyrir dómi, að óskir nefndarinnar til lögreglustjóra varðandi löggæslu á staðnum hefðu fyrst og fremst verið þær, að reynt yrði að hafa hemil á hlutum, þannig að ekki væri um ölvun að ræða,

ölvuðu fólki væri vikið burtu af svæðinu og ekkert færi þar fram, meðan dagskrá stæði, annað en það, er henni kæmi við. Hann var að því spurður, hvort það hefði heyrst fyrirfram, að „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", ætluðu að hafa í frammi einhverjar aðgerðir á þjóðhátíðinni. Hann skýrði svo frá, að daginn áður eða kvöldið fyrir hátíðina hefði það frést, að til einhverra slíkra hluta gæti komið. Enginn hafi þó vitað, í hvaða mæli það yrði. Enda þótt hann hafi haft allmikið að gera, hefði hann ekið til Reykjavíkur og haft samband við einn ráðherrann í ríkisstjórninni, Magnús Kjartansson, og beðið hann að reyna að koma í veg fyrir þetta, þar sem það samrýmdist ekki hátíðahaldinu. Ráðherrann hafi sagst skyldu reyna það, en ekki geta treyst á, að hann gæti komið í veg fyrir þetta.

Þá sagði framkvæmdastjórinn, að hann hefði rætt málið við lögregluyfirvöld, áður en hann fór til Reykjavíkur. Um það hefði verið rætt, að á meðan á hátíðinni stæði, mundu slíkar aðgerðir ekki samrýmast hátíðahaldinu.

Kl. 1115 sunnudaginn 28. júlí 1974, á meðan yfir stóð fundur Alþingis, var stefnandi handtekinn á efri brún Almannagjár. Var hann þar ásamt félögum sínum með tvo borða. Á annan borðann var letrað: „Ísland úr Nato", en hinn: „Herinn burt". Á mjög svipuðum tíma barst lögreglunni vitneskja um, að ungmenni væru að dreifa áróðursbréfum og merkjum á meðal hátíðagesta. Ungmenni þessi voru á og við göngubrú yfir Öxará, sem sérstaklega hafði verið gerð í tilefni hátíðahaldanna. Lögreglan handtók nokkur ungmenni og lagði hald á bréfin og merkin, sem þau höfðu meðferðis. Dreifibréfið var undirritað „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", og var það samkvæmt upphafi sínu sérstaklega útbúið í tilefni hátíðarinnar á Þingvöllum. Á merkinu stóð hins vegar: „Herinn burt".

Kl. 1610 þennan sama dag veittu lögreglumenn því eftirtekt, að gulur borði, sem á stóð: „Ísland úr Nato", hafði verið strengdur á milli fólks á syðri barmi Peningagjár. Þegar þetta var, stóð hátíðadagskrá yfir, og var verið að leika þjóðsöng Bandaríkjanna á hátíðasvæðinu, en að honum loknum átti fulltrúi Bandaríkjanna að flytja ávarp sitt.

Í blaðinu Neista, sem útgefið er af „Fylkingunni, baráttusamtökum sósíalista", segir í grein, sem birtist eftir þjóðhátíð: „Undir ávarpið sem dreift var á Þingvöllum skrifaði Fylkingin ein, en í aðgerðunum tóku þátt bæði Fylkingarfélagar og aðrir. En skömmu fyrir þjóðhátíðina var reynt að ná saman hópi herstöðva-

andstæðinga til að ræða hugsanlegar aðgerðir, og var m. a. reynt að kalla saman framkvæmdanefnd Samtaka herstöðvaandstæðinga. Það tókst þó ekki. Meira líf er ekki í þeim samtökum. Flestir þeirra, sem talað var við, töldu að eitthvað þyrfti að gera. Þeir voru þó færri sem vildu fórna tíma sínum til að gera eitthvað. Kannað var hvort Alþýðubandalagið vildi taka þátt í hugsanlegum aðgerðum, en það stóð þá í stjórnarviðræðnamakki og var ekki á lausu. Þessu lauk með því að Fylkingin gaf út dreifirit og þessi að mestu sami litli hópur fór enn einu sinni að útbúa borða".

Í dagblaðinu Tímanum, sem út kom skömmu eftir þjóðhátíð, birtist yfirlýsing frá framkvæmdanefnd Fylkingarinnar, undirrituð af Birnu Þórðardóttur, en Birna var ein þeirra, sem handtekin voru á Þingvöllum, þar sem hún hafði staðið að því að strengja upp borða við Peningagjá. Í yfirlýsingu þessari segir: „Á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí gerðist það, að 20 manns voru handtekin af lögreglu, flutt til Reykjavíkur og haldið föngnum allt að 5 klst. Tilefni handtökunnar var annars vegar dreifing á dreifiriti gegn bandarísku herstöðinni á Íslandi og veru landsins í NATO og hins vegar borðar með sams konar áletrunum. Að sögn lögreglunnar voru handtökurnar framkvæmdar að ósk þjóðhátíðarnefndar. Lögreglan kvað þjóðhátíðarnefnd bera því við, að engin utanaðkomandi dagskráratriði væru leyfileg á þjóðhátíðinni á Þingvöllum, en tilkynning um þetta hafði hvergi verið tilkynnt fyrirfram og því síður útskýring á, hvað slík tilskipun þýddi. Þarna voru aðrir hópar, svo sem trúarsöfnuðurinn Guðsbörn, dreifandi dreifiblöðum sínum allan dag þjóðhátíðarinnar og látin óátalin. Einnig var látin óátalin auglýsing fyrir Morgunblaðið, er blasti við augum manna á hátíðarsvæðinu.

Í handtökum tuttugumenninganna felst því hrein skoðanakúgun, og með þeim hefur þjóðhátíðarnefnd skipað sér í raðir með forsvarsmönnum undirskriftar Varins lands, sem ekki virðist gera sér grein fyrir því, að tjáningarfrelsi er í landinu samkvæmt stjórnarskrá." Síðan mótmælir framkvæmdanefnd Fylkingarinnar harðlega þeim pólitísku ofsóknum, er þeir telja felast í ákvörðun þjóðhátíðarnefndar.

Fram er komið í málinu, að það er rétt, að trúarsöfnuðurinn Guðsbörn dreifði dreifiblöðum á þjóðhátíð. Lögreglan kveðst hafa haft einhver afskipti af þeim, en enginn var handtekinn í því sambandi.

Stefnandi hefur borið það fyrir dómi, að honum sé ekki kunnugt um, að þau, sem stóðu að uppsetningu borðanna á efri barmi

Almannagjár, hafi fengið til þess leyfi frá einhverjum aðiljum. Þá hefur hann skýrt svo frá, að eftir því sem hann best viti, þá hafi undirbúningur að þessari aðgerð þeirra verið sáralítill. Hann hafi aðeins heyrt, að þetta ætti að gerast. Hann mundi ekki, frá hverjum, sagði, að þetta hefði svona mest kvisast út meðal kunningja. Aðrir þeir, sem yfirheyrðir hafa verið og handteknir voru á Þingvöllum við áróðursaðgerðir gegn dvöl Bandaríkjahers á Íslandi og veru Íslands í NATO, hafa borið líkt um aðdraganda þessara aðgerða. Í yfirheyrslunum kemur fram, að kunningsskapur er á milli fólks, sem tók þátt í mismunandi aðgerðum, a. m. k. sumt vissi fyrirfram um aðgerðir annarra hópa, og skýrslur nokkurra bera þess greinileg merki, að þar er verið að víkja sér undan að skýra greinilega frá undirbúningi aðgerðanna.

Fram hefur verið lögð skýrsla lögreglunnar í Reykjavík frá sunnudeginum 28. júlí 1974. Segir þar, að skýrslan varði handtöku fólks á Þingvöllum vegna áróðursborða, er það hafði uppi.

Skýrsla þessi er undirrituð af Jóni Péturssyni aðstoðarvarðstjóra. Hann kveðst ásamt fleiri lögregluþjónum hafa farið á efri brún Almannagjár vegna áróðursborða, er þar voru komnir upp kl. 1115 þennan dag. Borðar þessir hafi verið tveir og stórir um sig. Á öðrum hafi verið áletrunin „Ísland úr NATO“ og á hinum „Herinn burt“. Áletranir þessar hafi sést mjög greinilega frá völlunum fyrir neðan Lögberg. Síðan segir: „Er á staðinn kom, var fyrir fólk, er hélt borðum þessum uppi, öðrum frammi á gjárbrúninni, en hinum rétt ofar.

Er ég undirritaður kom að fólki þessu, var ég kominn nokkru á undan hinum lögregluþjónunum, og kallaði ég þá til fólksins skipun um að leggja frá sér borða þessa, þar sem okkur væri uppálagt að fjarlægja þá.

Fólkið neitaði að verða við skipun þessari og kvaðst hafa fulla heimild til að hafa borða þessa uppi og hafa uppi þann áróður, sem því sýndist, samkvæmt stjórnarskránni og kvað allar aðgerðir gegn sér algjört ofbeldi.

Ég undirritaður hafði því engin frekari orðaskipti við fólk þetta, heldur fór að næsta manni við efri borðann og hrinti honum frá og tók á borðanum til að ná honum úr höndum hinna, en það streyttist á móti, en lét síðan undan, þegar við allir vorum komnir á staðinn, og fylgdist það með okkur, samkvæmt skipun, í lögreglubifreiðar, er biðu okkar við niðurgönguna í Almannagjá.

Fólk þetta var síðar um daginn flutt til Reykjavíkur og fyrir

Guðmund Hermannsson, aðstoðaryfirlögregluþjón, sem tók af því skýrslur.

Engin átök áttu sér stað milli fólks þessa og lögreglunnar fyrir utan að togast var á um borðana. Greinilegt var, að það átti von á því, að borðarnir yrðu teknir af þeim, þar sem einn úr hópnum hafði bundið við sig annan borðann.

Ég undirritaður kom þarna fyrstur á staðinn, og var mér ljóst, að þarna gætu orðið alvarlegir atburðir, ef átök breiddust út milli fólks þessa og lögreglunnar, þar sem svo tæpt var staðið á gjárbarminum."

Það fólk, sem þarna var handtekið, var Haraldur Guðbergsson, Brekkustíg 7, Reykjavík, Þóra Jónsdóttir, Brekkustíg 7, Reykjavík, Örn Ólafsson, Sólvallagötu 33, Reykjavík, Einar Ólafsson, Bústaðavegi 51, Reykjavík, Einar M. Guðmundsson, Skriðustekk 12, Reykjavík, Ingibjörg Ingadóttir, Njálsgötu 75, Reykjavík, Már Guðmundsson, Kleppsvegi 84, Reykjavík, Ingi R. Kristinsson, Blesugróf 1 a, Reykjavík, Hafsteinn Jónsson, Vesturbergi 1, Reykjavík.

Jón Pétursson aðstoðarvarðstjóri hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi. Hann var að því spurður, hvort engin hætta hefði verið því samfara að hrinda manni þeim, sem hann kom fyrstur að, svo sem fram kemur í skýrslunni, og taldi hann, að það hefði ekki verið. Maður sá hefði verið það ofarlega. Hann var að því spurður, hvort einhver gróður væri þarna, sem fólkið stóð. Hann sagði, að sjálfsagt væri þarna einhver gróður, en ekki þar, sem fólkið stóð sjálft. Hann hélt, að þar væri berangur. Hann skýrði svo frá, að Magnús Einarsson hefði verið æðsti maður lögreglunnar, sem tók þátt í þessum aðgerðum.

Magnús Einarsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni, hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið við löggæslu á Þingvöllum þennan dag og hefði átt að sjá um lögæslu Almannagjármegin við Lögberg, á meðan á þingfundi stóð. Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn hafi verið yfirstjórnandi löggæslunnar. Þeir hefðu orðið varir við einhverja ókyrrð á fólki þarna. Hann hafi farið til Bjarka og Bjarki hafi beðið hann að fara upp á brúnina til að gæta að, hvað þarna ætti sér stað, og hafi hann farið þangað upp. Þegar hann kom á staðinn, hefðu verið lögreglumenn þar fyrir. Hann mundi ekki nákvæmlega, hvað þeir voru margir. Jón Pétursson hafi verið einn þeirra og ef hann myndi rétt, þá hafi Jón verið að togast á um borða við fólk, þegar hann kom á staðinn. Hann skýrði svo frá, að sér hefði ekki lit-

ist á, að þeir væru að togast á um borðana, lögreglumennirnir og fólkið, og hann hafi gefið skipun að taka upp kylfur. Það hafi verið gert. Engin átök hafi þó orðið þarna, nema togast var á um borðana. Átökin hafi hætt, þegar hann gaf þessa skipun. Hann kvaðst hafa orðið var við, að vera fólksins þarna á brúninni raskaði ró fólksins, sem var niðri við Lögberg.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þegar lögreglan kom á vettvang, hafi engin orðaskipti orðið. Þeir hafi bara þrifið í borðann. Hann kveðst ekki vita til þess, að nokkur hafi verið bundinn við þann borða. Einn lögregluþjónninn hafi þrifið í borðann, um leið og hann kom, án þess að nokkur orðaskipti yrðu. Þeir hafi ekki sleppt borðanum strax, en stuttur tími hafi liðið, þar til þeir gerðu það. Áður hafi hann heyrt hótanir frá lögregluþjónunum og þeir hafi einhverjir verið búnir að reiða upp kylfur eða taka þær upp. Engar ryskingar hafi orðið, eftir að þau slepptu borðunum. Þá skýrði stefnandinn svo frá, að einn lögregluþjónanna, sá, er sér hafi virst hafa orð fyrir þeim, hafi haft orð á því, að réttast væri að kasta fólkinu fram af brúninni. Síðar, þegar þau voru að ganga frá brúninni, hafi hann heyrt sama lögregluþjón segja, að ef hann hefði ekki verið einkennisklæddur, þá hefði hann látið verða að þessu. Hann segir, að sér hafi verið sagt, að lögregluþjónn þessi héti Magnús Einarsson. Magnús Einarsson aðstoðarvarðstjóri hefur algerlega neitað þessum áburði. Haraldur Guðbergsson, einn þeirra, er handtekinn var þarna, hefur borið það fyrir dómi, að enginn orðaskipti hafi farið fram milli þeirra og lögregluþjónanna. Lögregluþjónarnir hafi einfaldlega komið þarna að og sá, sem hafi gefið sig út fyrir að vera fyrirliði, hafi sagt, að ef heyrðist múkk í þeim, ef þau hreyfðu sig, þá mættu þau eiga von á því að verða fleygt fram af hömrunum. Hann var að því spurður, hvort þetta hefðu verið hans fyrstu orð, og sagði Haraldur: „Ja, fyrstu, það einasta sem greiptist í mann". Haraldur kvaðst hafa staðið í lykkju annars borðans. Þetta hafi verið leið til að halda borðanum uppi, en ekkert í sambandi við lögregluna. Hann var að því spurður, hvort borðinn hefði verið laus frá honum, strax og lögregluþjónninn kippti í hann, og hann svaraði: „Aðeins vegna þess að hann slitnaði."

Ingibjörg Ingadóttir, ein hinna handteknu, var að því spurð fyrir dóminum, hvort lögreglan hefði beðið þau að taka borðana niður. Hún svaraði: „Ekki þegar þeir komu að mér, þá réðust þeir að okkur og skipuðu okkur". Hún sagði, að er þau létu borð-

ana ekki lausa, hafi einn lögreglumannanna hótað að henda þeim í gjána. Hún var að því spurð, hvort það hefði verið strax áður en lögreglan tók borðana. Hún svaraði: „Ja, það var, held ég, eftir að þeir skipuðu okkur að láta hann lausan eða voru byrjaðir að taka í borðann. Og þegar þeir urðu ekki lausir strax, þá hótuðu þeir þessu."

Af bjargbrúninni var fólkið fært í lögreglubifreiðar, en þaðan í rútu. Eftir að hafa beðið þar eitthvað, var það flutt til Reykjavíkur og þar á lögreglustöðina. Árni Sigurjónsson, fulltrúi lögreglustjóra, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi gefið fyrirmæli um að senda stefnanda og þá, er með honum voru handteknir, til Reykjavíkur. Hafi verið kallað til hans um talstöð og spurt, hvað ætti að gera við mennina, sem handteknir hefðu verið uppi á efri brún Almannagjár. Hann hefði svarað, að það skyldi senda þetta fólk til Reykjavíkur og niður á lögreglustöð. Ástæðan fyrir því, að hann gerði þetta, hafi verið sú, að allir lögreglumennirnir á hátíðinni hefðu verið mjög uppteknir. Þetta hafi verið hápunktur sjálfrar hátíðarinnar og hver maður fastur í sínu starfi og aðstaðan, sem þeir höfðu fengið í einhverju hesthúsi þarna lengra í burtu, hafi verið mjög ófullnægjandi. Það hafi því verið búið að ákveða fyrirfram, að engum skyldi haldið lengur en nauðsyn væri á Þingvöllum, heldur skyldi honum ekið til Reykjavíkur. Fyrirmæli hans hafi verið þau að fara með mennina til Reykjavíkur og láta Guðmund Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjón vita, en hann hafi verið hér í Reykjavík. Hann var að því spurður, hvort hann hafi gefið fyrirmæli um, hvað ætti að gera við fólkið, er til Reykjavíkur kæmi. Hann kvaðst engin slík fyrirmæli hafa gefið. Hann sagði, að auðvitað hefði verið nauðsynlegt að flytja fólkið til Reykjavíkur, þar sem búið var að handtaka það. Það hefði þurft að taka skýrslu af því og engin aðstaða hefði verið til slíks í hesthúsinu.

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur undirritað lögregluskýrslu, dags. 28. júlí 1974, varðandi yfirheyrslur vegna handtöku á Þingvöllum.

Guðmundur var við löggæslustörf á lögreglustöðinni í Reykjavík þennan dag. Í skýrslu hans segir: „Kl. 12.15 bárust þau boð frá yfirstjórn löggæslunnar á Þingvöllum, að fólk, sem hafði verið handtekið við dreifingu bréfa um herstöðvarmálið og með áletraða borða um brottför hersins, yrði flutt í lögreglubifreið til Reykjavíkur. Var mér tjáð um leið og ég var beðinn að taka skýrslur af þessu fólki, að aðstaða væri ekki fyrir hendi til að yfir-

heyra það í bráðabirgðahúsnæði lögreglunnar á Þingvöllum. Samtals tók ég á móti 19 manns til yfirheyrslu."

Stefnandi var færður inn í dagbók lögreglustöðvarinnar kl. 1230 þennan dag, og kl. 1255 er nafn hans fært inn á spjaldskrá fangageymslunnar, en þar var hann hafður í haldi í einmenningsklefa til kl. 1440 þennan sama dag samkvæmt spjaldskránni. Kl. 1510 kemur hann fyrir Guðmund Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjón, sem tekur skýrslu af honum. Í skýrslu þessari segir: „Einar kvaðst hafa verið handtekinn af lögreglumönnum fyrir að standa á barmi Almannagjár með borða með áletruninni „Ísland úr NATO" og kvaðst ekki hafa sýnt mótþróa við handtöku. Hann tók vel áminningu lögreglu og kvaðst ekki fara aftur á Þingvöll í dag. Hann taldi lögreglumenn hafa verið harðorða og að þeir hefðu tekið upp kylfu að ástæðulausu." Stefnanda var sleppt að skýrslutöku lokinni.

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að stefnanda og öðrum þeim, sem handteknir voru með honum, hafi við yfirheyrslu verið skýrt frá því, hvers vegna þeir hefðu verið handteknir. Ástæðan hafi verið sú, að lögreglan hafi verið að halda uppi reglu á þessari þjóðhátíð og þar hafi ekkert átt fram að fara nema það, sem væri á dagskrá þjóðhátíðarnefndar. Auk þess hafi lögreglan talið, að vera stefnanda á efri brún Almannagjár skapaði hættu.

Friðrik Hermannsson aðstoðarvarðstjóri, sem var á vakt á lögreglustöðinni þennan dag, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefnandi og það fólk, sem með honum var, hafi sýnt starfsmönnum lögreglunnar samvinnulipurð. Dómari og lögmenn aðilja fóru ásamt Friðrik Hermannssyni á lögreglustöðina og skoðuðu allar aðstæður þar.

Þann 9. ágúst 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður lögreglustjóranum í Reykjavík hraðbréf, þar sem lögreglustjóranum er tilkynnt, að hann muni gæta hagsmuna 19 manna vegna þess, sem lögmaðurinn kallar ólögmæta og refsiverða handtöku og frelsissviptingu á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974, svo og líflátshótana af hálfu lögreglu. Í bréfinu fer lögmaðurinn fram á það, að honum séu send afrit allra þeirra skýrslna og gagna, sem lögreglan hafi í fórum sínum vegna ofangreindra atburða, og það sé gert ekki síðar en miðvikudaginn 14. ágúst 1974.

Bréfi lögmannsins er svarað þann 14. ágúst 1974 og þá sagt, að skýrslur um afskipti lögreglunnar af fólkinu 28. júlí 1974 hafi

allar verið sendar yfirsakadómaranum í Reykjavík til meðferðar.

Þann 20. ágúst 1974 skrifar Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður ríkissaksóknara bréf, þar sem hann vitnar í bréf lögreglustjórans frá 14. ágúst 1974 og fer þess á leit við ríkissaksóknara, að honum verði sem allra fyrst látin í té ljósrit af gögnum yfir fyrrgreinda atburði. Kemur fram, að lögmaðurinn telur, að ríkissaksóknara hafi borist þessi gögn frá yfirsakadómaranum í Reykjavík þann 16. ágúst 1974.

Þann 20. september 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fjármálaráðherra innheimtubréf, þar sem hann krefst skaðabóta fyrir stefnanda vegna ólögmætrar handtöku á Þingvöllum 28. júlí 1974. Lögmaðurinn vitnar þar til þeirra bréfa, sem hér að framan eru rakin.

Ráðuneytið svarar þessu bréfi 24. september 1974. Þar kemur fram, að ráðuneytið telur þörf á mun ítarlegri upplýsingum um einstök atriði málsins, svo unnt sé að taka afstöðu til kröfugerðar stefnanda. Telur ráðuneytið óhjákvæmilegt, að skýrslur, sem það telur vera í vörslum yfirsakadómarans í Reykjavík, svo og niðurstöður sakadómsrannsóknar verði fengnar ráðuneytinu í hendur.

Þann 26. september 1974 svarar lögmaðurinn bréfi þessu. Hann sendir jafnframt afrit af þessu svarbréfi sínu til ríkissaksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra. Kemur fram í bréfinu, að lögmaðurinn telur skýrslur þær, sem ráðuneytið sé að biðja um, í vörslu ríkissaksóknara. Hann vitnar til þess, að bréfi sínu til fjármálaráðuneytisins hafi fylgt afrit af bréfi hans til ríkissaksóknara, dags. 20. ágúst 1974, þar sem hann sé að fara fram á að fá afrit af þessum skýrslum. Þessari beiðni hans hafi ekki verið sinnt. Lögmaðurinn segir í bréfinu, að sér sé ekki kunnugt um, að nokkur ákvörðun hafi verið tekin um opinbera rannsókn á háttsemi lögreglu og annarra þeirra, sem að frelsisskerðingum stóðu. Því sé ljóst, að uppgjör bótakrafna verði þegar að fara fram. 1/3 hluti fyrningartíma kröfu stefnanda sé þegar liðinn skv. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála og verði hann því að hefjast handa um málshöfðun sem allra fyrst. Hann skýrir að lokum svo frá, að hann muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar, en það sé bótakröfum þessum óviðkomandi.

Þann 30. september 1974 svarar fjármálaráðuneytið bréfi þessu. Í bréfinu bendir ráðuneytið á, að það geti ekki tekið afstöðu til bótaskyldu á þeim gögnum, sem það hafi í höndum. Þá er til þess vitnað, að lögmaðurinn segi í bréfinu, að stefnandi muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar. Telur ráðuneytið, að

slík rannsókn muni hafa verulegt upplýsingagildi fyrir þann þátt málsins, sem að ráðuneytinu snúi. Þá er það skýrt tekið fram, að ráðuneytið muni ekki bera fyrir sig fyrningu í máli þessu.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður skrifar ráðuneytinu enn bréf þann 7. október 1974. Er þar tilkynnt, að stefnandi muni ekki geta beðið niðurstöðu opinberrar rannsóknar, þar sem ætla megi skv. reynslu, að það taki langan tíma. Síðan er það tilkynnt, að lögmaður muni bráðlega hefja undirbúning að höfðun einkamáls gegn fjármálaráðuneytinu og ríkissaksóknara skv. 3. tl. 154. gr. laga 74/1974. Þann 7. október 1974 skrifar lögmaðurinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem vakin er athygli á því, sem fram kom í bréfaskriftum hans og fjármálaráðherra, að ein ástæða þess, að ekki sé unnt að leysa ágreining aðilja, sé sú, að hvorki hann né fjármálaráðherra hafi undir höndum skýrslu, sem lögreglan í Reykjavík tók af stefnanda. Þennan sama dag kærir lögmaðurinn til ríkissaksóknara vegna ólögmætrar skerðingar á frelsi 20 umbjóðenda sinna á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974. Þar með er talinn stefnandi.

Þann 18. október 1974 sendir Þórður Björnsson ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík bréf og þau gögn, sem eiga að hafa fylgt bréfi yfirsakadómara 15. ágúst 1974, um uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí 1974 og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Segir í bréfinu, að af ákæruvaldsins hálfu sé þess krafist, að mál þetta verði rannsakað fyrir dómi. Þá eru með bréfinu send þau skjöl, sem Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur sent embættinu. Þann 11. desember 1974 skrifar ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík enn bréf. Er þar vitnað í bréfið frá 18. október 1974. Þá er þar vitnað í bréf fulltrúa yfirsakadómarans, dags. 4. desember 1974. Síðan er tekið fram í bréfinu: „Þess er krafist, að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lögum um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla. Að sjálfsögðu ber að haga yfirheyrslum í samræmi við ákvæði 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.

Jafnframt er þess krafist, að rannsakaðar verði aðgerðir lögreglu af þessu tilefni og þá m. a. aflað vættis lögreglumanna og annarra, ef til eru um það efni."

Samkvæmt upplýsingum stefndu mun sakadómaraembættið enn ekki hafa hafið þessa rannsókn, sem þarna er farið fram á.

Stefnandi byggir málshöfðun sína á því, að hann hafi ekki

framið neitt það, sem mælt sé ólöglegt með því að hafa uppi borða á efri barmi Almannagjár 28. júlí 1974, enda hafi hann hvorki raskað einkahagsmunum né opinberum hagsmunum með því að hafa uppi fyrrgreindan borða. Þá heldur hann því fram, að hann hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem bótakrafa hans er reist á (sbr. 150. gr., 1. tl., laga 74/1974). Lögmælt skilyrði hafi brostið til aðgerðanna og þær hafi verið framkvæmdar á hættulegan, særandi og móðgandi hátt (sbr. 151. gr., 2. tl., laga 74/1974).

Þar sem engin opinber rannsókn sé hafin á hendur stefnanda, sé honum rétt að höfða þetta mál (sbr. 154. gr., 3. tl., laga 74/1974) og að hann eigi rétt til gjafsóknar skv. sama ákvæði. Óhjákvæmilegt hafi verið fyrir stefnanda að draga ekki málshöfðun vegna ákvæða 157. gr. laga 74/1974, enda hafi ósk hans um opinbera rannsókn í bréfi til saksóknara frá 7. október 1974 ekki verið sinnt, en þar hafi verið um að ræða kæru á hendur þeim, sem að frelsisskerðingunni stóðu.

Af hálfu stefndu er málsástæðum stefnanda algerlega mótmælt. Telja þeir, að fullt tilefni hafi verið til handtökunnar, lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi og að stefnandi hafi engum harðræðum sætt. Stefnandi hafi með framferði sínu sjálfur átt alla sök á aðgerðum lögreglu, þeim sem bótakrafan sé reist á, og verði málssókn hans því að teljast fráleit í alla staði. Stefndu leggja sérstaka áherslu á, að fullkomin samstaða hafi verið meðal allra stjórnmálaflokka á Alþingi og innan þjóðhátíðarnefndar um, að engum skyldi líðast að setja blett á þjóðhátíðina með að gera hana að áróðursvettvangi fyrir stefnumál sín. Þarna hafi verið um pólitískt vopnahlé að ræða. Einn aðili, „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", hafi hins vegar virt öll grið að vettugi. Virðing fyrir helgi þjóðhátíðarinnar hafi orðið að lúta í lægra haldi fyrir freistingunni til að koma áróðri á framfæri við mannfjöldann, sem þarna var saman kominn. Þá sé þess að gæta, að áróðursefni Fylkingarfélaga hafi beinst að afstöðunni til Atlantshafsbandalagsins og bandarísku herstöðvarinnar hér á landi, því pólitíska ágreiningsmáli, sem viðkvæmast sé meðal þjóðarinnar. Ekkert málefni hafi verið líklegra til að koma af stað ólgu og æsingi meðal mannfjöldans en einmitt þetta og ógerlegt sé að segja, hvað af hefði leitt, hefði Fylkingunni verið leyft að halda þessu máli í sviðsljósinu á þjóðhátíðinni lengur en raun varð á. Þá benda þeir á, að aðgerðir Fylkingarmanna á Þingvöllum þennan dag beri glöggan vott um talsverðan undirbúning og skipulagningu af þeirra hálfu og ekki hafi verið um nein handahófs-

kennd vinnubrögð að ræða. Liðinu hafi verið skipt í hópa, þar sem hver hópur hafi haft ákveðið verk að vinna, auk þess sem áróðrinum hafi verið skipulega þannig fyrir komið, að hann næði augum sem flestra hátíðagesta. Skoða verði aðgerðir Fylkingarinnar í heild, en ekki eingöngu út frá atvikunum í sambandi við hverja einstaka handtöku, enda hafi verið um heildaraðgerðir Fylkingarinnar að ræða þennan dag og þáttur hvers einstaks liðsmanns aðeins einn þáttur í þeim.

Af þessum sökum hafi framferði stefnanda verið bæði siðferðilega og lagalega ámælisvert og ljóst sé, að opinberum hagsmunum hafi verið raskað, a. m. k. verulega ógnað. Í þessu sambandi er t. d. bent á 36. gr. stjórnarskrárinnar um, að enginn megi raska friði Alþingis. Bent er á, að stefnandi hafi neitað að verða við löglegum tilmælum lögreglu um að taka niður borðana og veitt síðan mótstöðu, er lögreglan vann skyldustörf sín, en þetta stríði gegn ákvæðum 12. kafla laga nr. 19/1940. Þá hafi ákvæði 13. kafla sömu laga verið brotin. Sama gildi um lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu, en ýmis fyrirmæli hennar hafi ekki verið virt. Auk alls þessa hafi fyrirmæli ýmissa opinberra aðilja, sem stjórnuðu hátíðinni, verið að engu höfð. Af þessu leiði, að lögreglan hafi haft beina heimild til að handtaka stefnanda og hindra frekari aðgerðir af hans hálfu, en sú heimild felist m. a. í 1. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þá hafi lögreglan haft óbeinar handtökuheimildir, sem m. a. felist í ýmsum greinum lögreglusamþykktar fyrir Árnessýslu, einkum 1. kafla hennar. Ýmsar óbeinar valdbeitingarheimildir felist jafnframt í 34. gr. laga nr. 74/1974.

Þá vitna stefndu til 18. kafla laga nr. 74/1974. Vitnað er til þess, að skv. 150. gr. megi bætur því aðeins dæma, að almennum skilyrðum bótaskyldu, sem þar séu talin, sé fullnægt. Því fari fjarri, að svo sé hér. Þá er á það bent, að stefnandi hafi ekkert fjártjón beðið. Hann hafi ekki beðið nokkurn miska heldur. Enginn grundvöllur sé því til þess, að honum verði dæmdar bætur vegna aðgerða lögreglunnar. Af hálfu stefndu er þess sérstaklega getið, að ákvörðun varðandi handtökurnar hafi verið algerlega í höndum lögreglunnar sjálfrar og einskis annars aðilja. Hins vegar hafi lögreglunni að sjálfsögðu verið kunnugt um það, að þjóðhátíðarnefnd hafi fengið algert forræði á öllu því, sem fram skyldi fara á Þingvöllum þennan dag, enda hafi lögreglunni verið skylt að sjá til þess, að boðum og bönnum þess opinbera aðilja, sem stjórnaði hátíðinni, væri fram fylgt.

Álit dómsins.

Samkvæmt upplýsingum stefndu er dómsrannsókn sú, sem ríkissaksóknari krafðist 18. október 1974 vegna handtöku stefnanda o. fl. á Þingvöllum 28. júlí 1974, enn ekki hafin. Dráttur á því, að þessi rannsókn hefjist, er þegar orðinn slíkur, að krafa um hana ein út af fyrir sig verður ekki talin, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974, koma í veg fyrir, að stefnandi fái úrlausn kröfu sinnar.

Þann 28. júlí 1974 fór fram þjóðhátíð á Þingvöllum samkvæmt fyrirfram boðaðri dagskrá. Fyrir hádegi þann dag hélt Alþingi hátíðafund á Lögbergi. Samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar er Alþingi friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. júní 1974, bar lögreglustjóranum í Reykjavík í samráði við lögreglustjórann í Árnessýslu að skipuleggja og annast löggæslu á þjóðhátíð (sjá 6. gr. laga 56/1972).

Þjóðhátíðarnefnd og lögregla höfðu spurnir af því daginn fyrir hátíðina, að í ráði væri að hafa í frammi einhvern áróður á hátíðinni fyrir úrsögn úr NATO og brottför Bandaríkjahers. Málefni þetta hefur verið viðkvæmt deilumál og skipt þjóðinni í andstæðar fylkingar allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949. Þá hafði það verið sérstaklega í brennipunkti opinberrar umræðu fyrri hluta árs 1974 vegna áætlana ríkisstjórnarinnar um brottför hersins og undirskriftasöfnunar gegn þeim áformum. Málefni þetta var ekki á dagskrá á Þingvöllum. Framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar hafði rætt það við lögregluyfirvöld, að slíkar aðgerðir samrýmdust ekki hátíðahöldunum. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar eiga menn rétt á að koma saman í friðsamlegum tilgangi, og verður að telja lögreglunni skylt að sjá svo um, að slíkir fundir, sem haldnir eru á lögmæltan hátt, megi fara fram ótruflaðir. Lögreglunni bar því að sjá um, að dagskrá hátíðarinnar gæti farið fram án truflana.

Frásögn blaðsins „Neista" af undirbúningi áróðursaðgerða, yfirlýsing framkvæmdanefndar Fylkingarinnar, sem birtist í „Tímanum" eftir þjóðhátíðina, og upphaf yfirlýsingarinnar, sem dreift var á Þingvöllum í nafni „Fylkingarinnar, baráttusamtaka sósíalista", þykja sýna, að áróðursaðgerðir þær allar, sem leiddu til handtöku þriggja hópa fólks á Þingvöllum 28. júlí 1974, hafi verið sameiginlega undirbúnar og verða því að metast sem sameigin-

legar aðgerðir. Framburðir hinna handteknu hér fyrir dómi þykja styrkja þessa niðurstöðu.

Stefnandi tók þátt í þessum aðgerðum og stóð að því með félögum sínum að hafa uppi borða á efri barmi Almannagjár, á meðan á fundi Alþingis stóð, og lét borðann ekki strax lausan, er lögregluaðgerðir hófust. Annar hópur dreifði áróðursmiðum meðal mannfjöldans um svipað leyti. Aðgerðir þessar voru til þess fallnar að hafa truflandi áhrif á fund Alþingis og allsherjarreglu á hátíðasvæðinu og voru þannig í andstöðu við 36. gr. og 74. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 61. gr., 1. tl., 1. mgr., laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974, og með hliðsjón 106. gr. og 122. gr. laga nr. 19/1940 var lögreglunni þannig heimilt að handtaka stefnanda.

Samkvæmt 38. gr., 1. mgr., laga nr. 73/1973, nú nr. 74/1974, skulu lögreglumenn gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar því sem óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Annað er ekki fram komið en stefnandi og þeir, sem með honum voru handteknir, hafi eftir handtökuna hegðað sér í alla staði vel, bæði austur á Þingvöllum og hér á lögreglustöðinni. Þrátt fyrir það eru þau fyrst höfð í haldi í bifreiðum á Þingvöllum og síðan flutt á lögreglustöðina í Reykjavík og lokuð þar inni í fangaklefum hvert í sínu lagi. Stefnandi er þannig í haldi alls frá 1115 til a. m. k. kl. 1510, að hann kemur fyrir aðstoðaryfirlögregluþjón til skýrslugjafar, þar af er hann í einmenningsklefa frá kl. 1255 til kl. 1440. Skýrslur lögreglunnar um nauðsyn þess að flytja stefnanda til Reykjavíkur og til vistunar hans þar í fangaklefa eru ófullkomnar, m. a. um hvort hætta var á áframhaldandi áróðursaðgerðum hans. Er ósannað, að þörf hafi verið á frelsissviptingu svo lengi. Samkvæmt 151. gr., 1. tl., laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974, sbr. 150. gr., 154. gr. og 155. gr. sömu laga, ber að taka til greina kröfu stefnanda um miskabætur úr ríkissjóði. Við ákvörðun bóta ber að taka tillit til framferðis stefnanda, sem leiddi til handtökunnar, en það var, eins og áður er sagt, eigi vítalaust. Með hliðsjón af aðstæðum öllum þykja bætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 24.000 með vöxtum, eins og krafist er í stefnu.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Með hliðsjón af framlögðum reikningi, sem ekki hefur verið sérstaklega mótmælt, þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 45.000, þar af kr. 29.300 í talsmannslaun.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Einari Ólafssyni, kr. 24.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1979.

Nr. 141/1976. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs** (Benedikt Blöndal hrl.) gegn **Sveini Allan Morthens og gagnsök** (Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Handtaka. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Sigurður M. Helgason borgarfógeti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júlí 1976, að fengnu leyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 hinn 7. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Meðal gagna þessara er bréf ríkissaksóknara 18. október 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík, þar sem krafist er rannsóknar fyrir dómi á „uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum“ 28. júlí 1974 og aðgerðum lögreglu af því efni. Í svarbréfi sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1974 er þess óskað, að ríkissaksóknari geri grein fyrir því, að hverju rannsóknin skuli beinast, „þ. e. ólöglegri handtöku eða ólöglegu atferli hinna handteknu“. Í bréfi ríkissaksóknara 11. desember 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík er þess krafist, að rannsökuð verði ætluð brot hinna handteknu og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Með bréfi 16. júlí 1976 til sakadóms Reykjavíkur ítrekaði ríkissaksóknari kröfu sína um dómsrannsókn, er hefja skyldi tafarlaust. Enn hefur verið lagt fram endurrit af rannsókn, sem fram fór í sakadómi Reykjavíkur dagana 26. júlí til 12. ágúst 1976. Þá komu fyrir dóm Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, sem tók skýrslur af hinum handteknu mönnum í Reykjavík hinn 28. júlí 1974, gagnáfrýjandi og 12 menn aðrir, sem handteknir höfðu verið á Þingvöllum þann dag og fluttir til Reykjavíkur. Endurrit af dómsrannsókn þessari sendi sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara með bréfi 29. desember 1978.

I.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði með stefnu 27. janúar 1975 með heimild í 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Á þeim tíma var eigi ljóst, hvort rannsókn væri hætt án ákæru á hendur gagnáfrýjanda, sbr. 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974. Þess er hins vegar að gæta, að sakadómsrannsókn hófst eigi fyrr en 26. júlí 1976, og henni hefur ekki verið haldið áfram eftir 12. ágúst s. á. Enn fremur kom ekki fram af hálfu ríkissaksóknara við munnlegan flutning máls hér fyrir dómi, þrátt fyrir brýnt tilefni, hvort hann mundi krefjast þess, að rannsókn yrði haldið áfram eða ákæra gefin út á hendur gagnáfrýjanda. Þykir því gagnáfrýjandi, eins og nú er kom-

ið, eiga rétt á því að fá dóm um þá bótakröfu, sem hann hefur uppi í máli þessu.

II.

Eins og greinir í héraðsdómi, fékkst gagnáfrýjandi við að dreifa miðum, sem nánar er lýst í dóminum, þegar lögreglumenn komu á vettvang og færðu hann í bækistöð lögreglu á Þingvöllum. Var það um kl. 1115 hinn 28. júlí 1974. Fallast má á, að dreifing miða þessara hafi verið fallin til að vekja óróa og ólgu meðal þess mikla mannfjölda, sem var á Þingvöllum, er þetta gerðist, svo og að lögreglumönnum hafi verið rétt, eins og hér stóð sérstaklega á, að taka miðana af gagnáfrýjanda, sbr. 34. gr. laga nr. 74/1974, og færa hann til frumskýrslutöku. Sú óbrotna skýrslutaka réttlætti eigi, að gagnáfrýjandi var færður til Reykjavíkur og honum haldið þar föngnum á lögreglustöð þann tíma, sem í héraðsdómi greinir. Á gagnáfrýjandi því rétt til nokkurra bóta af þessum sökum samkv. 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um bætur til gagnáfrýjanda úr hendi aðaláfrýjanda, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, 80.000 krónur.

III.

Í máli þessu voru í héraði lögð fram ýmis skjöl, sem eigi verður talið, að varði úrlausn máls þessa. Þá hefur héraðsdómari hagað skýrslutökum sínum í málinu um margt meira að hætti opinberra mála en einkamála, og varða skýrslur oft atriði, sem eigi skipta máli.

Málabúnaður þessi veldur örðugleikum við könnun sakargagna og mat á þeim og brýtur m. a. í bága við ákvæði 114. gr. laga nr. 85/1936. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir ekki næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð.

Dómsorð:

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um bætur til gagnáfrýjanda, Sveins Allans Morthens, úr hendi aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, er staðfest.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur I. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda. Enn fremur fellst ég á athugasemdir þeirra í III. kafla dómsatkvæðisins um misfellur á málatilbúnaði og málsmeðferð í héraði.

II.

Í bréfi ríkissaksóknara til sakadóms Reykjavíkur, dags. 11. desember 1974, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, er þess krafist, „að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lögum um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla.“ Verður ekki séð, að ákæruvald hafi haft uppi sakargiftir á hendur gagnáfrýjanda um, að háttsemi sú, sem leiddi til handtöku hans 28. júlí 1974, varðaði hann refsiábyrgð eftir öðrum ákvæðum laga en greind eru í nefndu bréfi.

Dreifing miða þeirra, sem í héraðsdómi getur, gat vakið ólgu og óróa meðal þess mikla mannfjölda, sem var á þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí 1974, svo að af kunni að hljótast röskun á allsherjarreglu. Var lögreglumönnum því rétt, eins

og hér stóð á, að stöðva dreifinguna. Hins vegar tel ég ekki hafa verið nægilegt tilefni til, að lögreglumenn handtækju gagnáfrýjanda, svo sem þeir gerðu og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt þessu og með heimild í 151. gr. laga nr. 74/1974 þykir því mega taka til greina fébótakröfu gagnáfrýjanda með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstíma vaxtakröfunnar hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Ég tel, eins og meiri hluti dómenda, að ekki beri að dæma aðaláfrýjanda ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Enn fremur fellst ég á úrlausn þeirra um gjafsóknarlaun talsmanns gagnáfrýjanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, er ég samþykkur dómsorðinu að öðru leyti en því, að ég tel, að fjárhæð sú, sem aðaláfrýjandi er dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda, ætti að vera 50.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. mars sl., hefur Sveinn Allan Morthens, Gnoðarvogi 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, framlagðri í dómi þann 6. febrúar 1975, á hendur fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 50.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu stefndu er sótt þing í málinu og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Sáttaumleitanir hafa engan árangur borið.

Þann 28. júlí 1974 var haldin þjóðhátíð á Þingvöllum við Öxará. Hátíðin var haldin til þess að minnast 1100 ára afmælis Íslands byggðar.

Hátíðahöld í tilefni 11 alda búsetu í landinu höfðu verið í undirbúningi langa hríð. Alþingi ákvað á árinu 1965, að þessa merkisárs í sögu þjóðarinnar skyldi minnst á viðeigandi hátt, og kaus sjö manna nefnd samkvæmt tilnefningu allra stjórnmálaflokka til að sjá um undirbúning og framkvæmd málsins. Samkvæmt

endanlegum tillögum nefndarinnar voru margs konar hátíðahöld ákveðin af þessu tilefni sumarið 1974, þ. á m. héraðshátíðir um land allt. Þá var ákveðið, að þjóðhátíð skyldi vera á Þingvöllum við Öxará 28. júlí 1974.

Í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. í Reykjavík 11. maí 1973 segir: „Ríkisstjórnin hefur að höfðu samráði við þingflokkana ákveðið að fela þjóðhátíðarnefnd að vinna að og gera tillögur um eins dags hátíðahöld á Þingvöllum sumarið 1974." Indriði G. Þorsteinsson, sem var framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar hefur lýst því fyrir dómi, að nefndin hafi haft samþykki Þingvallanefndar til þess að hafa hátíðahöldin á Þingvöllum þann 28. júlí 1974. Hafi Þingvallanefnd tilnefnt tvo menn til að vera þjóðhátíðarnefnd til ráðuneytis vegna hugsanlegra landskemmda á Þingvöllum, en að öðru leyti hafi nefndin verið alveg frjáls að því að undirbúa Þingvelli fyrir hátíðahöldin. Samkvæmt lögum nr. 59/1928 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í 2. gr. laganna er mælt fyrir um mörk hins friðhelga lands. Í 4. gr. laganna segir, að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Í 5. gr. segir, að Þingvallanefnd, skipuð þremur alþingismönnum, hafi fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem tilgreindar séu í 2. gr. laganna.

Þjóðhátíðarnefnd samdi sérstaka dagskrá, og skyldi hún standa frá kl. 1.30 til 7.30 um kvöldið. Hátíð þessi fór fram á svonefndum Efri-Völlum. Fyrir hádegi þennan sama dag hélt Alþingi sérstakan hátíðafund að Lögbergi.

Þann 5. júní 1974 skrifar dóms- og kirkjumálaráðuneytið lögreglustjóranum í Reykjavík bréf. Segir í því bréfi: „Ráðuneytið felur yður, hr. lögreglustjóri, hér með að skipuleggja löggæslu á fyrirhugaðri þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí n.k. svo og að láta í té lögreglulið, er lúti stjórn yðar, til að annast þá löggæslu. Tekur þetta jafnframt til löggæslu á vegum til og frá Þingvöllum í sambandi við þjóðhátíðina.

Um alla framkvæmd þessa ber yður að hafa náið samráð við viðkomandi lögreglustjóra".

Indriði G. Þorsteinsson hefur fyrir dómi lýst því, að sýslumaður í Árnessýslu hafi heimilað þjóðhátíðarnefnd að halda hátíðina þarna á þessum tíma á Þingvöllum. Fram hefur verið lögð svohljóðandi yfirlýsing frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 4. júlí 1974. Þar stendur: „Að gefnu tilefni vegna fyrirspurnar frá

ýmsum aðilum skal tekið fram, að sölustarfsemi á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí n.k. er óheimil án leyfis, og slík leyfi verða ekki veitt nema með samþykki þjóðhátíðarnefndar 1974."

Þá hefur framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar skýrt svo frá fyrir dómi, að óskir nefndarinnar til lögreglustjóra varðandi löggæslu á staðnum hefðu fyrst og fremst verið þær, að reynt yrði að hafa hemil á hlutum, þannig að ekki væri um ölvun að ræða, ölvuðu fólki væri vikið burtu af svæðinu og ekkert færi þar fram, meðan dagskrá stæði, annað en það, er henni kæmi við. Hann var að því spurður, hvort það hefði heyrst fyrirfram, að „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", ætluðu að hafa í frammi einhverjar aðgerðir á þjóðhátíðinni. Hann skýrði svo frá, að daginn áður eða kvöldið fyrir hátíðina hefði það frést, að til einhverra slíkra hluta gæti komið. Enginn hafi þó vitað, í hvaða mæli það yrði. Enda þótt hann hefði allmikið að gera, hefði hann ekið til Reykjavíkur og haft samband við einn ráðherrann í ríkisstjórninni, Magnús Kjartansson, og beðið hann að reyna að koma í veg fyrir þetta, þar sem það samrýmdist ekki hátíðahaldinu. Ráðherrann hafi sagst skyldu reyna það, en ekki geta treyst á, að hann gæti komið í veg fyrir þetta.

Þá sagði framkvæmdastjórinn, að hann hefði rætt málið við lögregluyfirvöld, áður en hann fór til Reykjavíkur. Um það hefði verið rætt, að á meðan á hátíðinni stæði, mundu slíkar aðgerðir ekki samrýmast hátíðahaldinu.

Kl. 1115 sunnudaginn 28. júlí 1974, á meðan yfir stóð þingfundur Alþingis, komu upp tveir borðar á efri brún Almannagjár. Á annan borðann var letrað: „Ísland úr Nato", en hinn „Herinn burt". Á mjög svipuðum tíma barst lögreglunni vitneskja um það, að ungmenni væru að dreifa áróðursbréfum og merkjum á meðal hátíðagesta. Ungmenni þessi voru á og við göngubrú yfir Öxará, sem sérstaklega hafði verið gerð í tilefni hátíðahaldanna. Lögreglan handtók nokkur ungmenni, þ. á m. stefnanda, og lagði hald á bréfin og merkin, sem fólkið hafði meðferðis. Dreifibréfið var undirritað: „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", og var það samkvæmt upphafi sínu sérstaklega útbúið í tilefni hátíðarinnar á Þingvöllum. Á merkinu stóð hins vegar: „Herinn burt".

Kl. 1610 þennan sama dag veittu lögreglumenn því eftirtekt, að gulur borði, sem á stóð: „Ísland úr Nato", hafði verið strengdur á milli fólks á syðri barmi Flosagjár. Þegar þetta var, stóð

hátíðadagskrá yfir, og var verið að leika þjóðsöng Bandaríkjanna á hátíðasvæðinu, en að honum loknum átti fulltrúi Bandaríkjanna að flytja ávarp sitt.

Í blaðinu Neista, sem útgefið er af „Fylkingunni, baráttusamtökum sósíalista", segir í grein, sem birtist eftir þjóðhátíð: „Undir ávarpið sem dreift var á Þingvöllum skrifaði Fylkingin ein, en í aðgerðunum tóku þátt bæði Fylkingarfélagar og aðrir. En skömmu fyrir þjóðhátíðina var reynt að ná saman hópi herstöðvaandstæðinga til að ræða hugsanlegar aðgerðir, og var m. a. reynt að kalla saman framkvæmdanefnd Samtaka herstöðvaandstæðinga. Það tókst þó ekki. Meira líf er ekki í þeim samtökum. Flestir þeirra, sem talað var við, töldu að eitthvað þyrfti að gera. Þeir voru þó færri sem vildu fórna tíma sínum til að gera eitthvað. Kannað var hvort Alþýðubandalagið vildi taka þátt í hugsanlegum aðgerðum, en það stóð þá í stjórnarviðræðnamakki og var ekki á lausu. Þessu lauk með því að Fylkingin gaf út dreifirit og þessi að mestu sami litli hópur fór enn einu sinni að útbúa borða."

Í dagblaðinu Tímanum, sem út kom skömmu eftir þjóðhátíð, birtist yfirlýsing frá framkvæmdanefnd Fylkingarinnar, undirrituð af Birnu Þórðardóttur, en Birna var ein þeirra, sem handtekin voru á Þingvöllum, þar sem hún hafði staðið að því að strengja upp borða við Flosagjá. Í yfirlýsingu þessari segir: „Á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí gerðist það, að 20 manns voru handtekin af lögreglu, flutt til Reykjavíkur og haldið föngnum allt að 5 klst. Tilefni handtökunnar var annars vegar dreifing á dreifiriti gegn bandarísku herstöðinni á Íslandi og veru landsins í NATO og hins vegar borðar með sams konar áletrunum. Að sögn lögreglunnar voru handtökurnar framkvæmdar að ósk þjóðhátíðarnefndar. Lögreglan kvað þjóðhátíðarnefnd bera því við, að engin utanaðkomandi dagskráratriði væru leyfileg á þjóðhátíðinni á Þingvöllum, en tilkynning um þetta hafði hvergi verið tilkynnt fyrirfram og því síður útskýring á, hvað slík tilskipun þýddi. Þarna voru aðrir hópar, svo sem trúarsöfnuðurinn Guðsbörn, dreifandi dreifiblöðum sínum allan dag þjóðhátíðarinnar og látin óátalin. Einnig var látin óátalin auglýsing fyrir Morgunblaðið, er blasti við augum manna á hátíðarsvæðinu.

Í handtökum tuttugumenninganna felst því hrein skoðanakúgun, og með þeim hefur þjóðhátíðarnefnd skipað sér í raðir með forsvarsmönnum undirskriftar Varins lands, sem ekki virðist gera sér grein fyrir því, að tjáningafrelsi er í landinu sam-

kvæmt stjórnarskrá.“ Síðan mótmælir framkvæmdanefnd Fylkingarinnar harðlega þeim pólitísku ofsóknum, er þeir telja felast í ákvörðun þjóðhátíðarnefndar.

Fram er komið í málinu, að það er rétt, að trúarsöfnuðurinn Guðsbörn dreifði dreifiblöðum á þjóðhátíð. Lögreglan kveðst hafa haft einhver afskipti af þeim, en enginn var handtekinn í því sambandi.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann og félagar hans hefðu sjálfsagt verið búnir að dreifa bréfum í um 20 mín. eða svo, þegar lögreglan kom. Er lögreglan kom að honum, þeir hafi verið tveir saman óeinkennisklæddir, hafi annar gengið beint að honum og þrifið af honum þau blöð, sem hann var með undir höndum, en hinn hafi tekið upp lögregluskírteini og sagt: „Þú ert handtekinn“. Þá hafi lögreglumennirnir verið þegar búnir að handtaka nokkra félaga hans. Hann sagði, að þau hefðu verið um sjö eða átta, sem þarna hefðu verið við dreifingu. Hann kvaðst ekki hafa sýnt neinn mótþróa. Hann kvaðst ekki vita, hvenær ákvörðun var tekin um að dreifa þessum bréfum á Þingvöllum. Hann hafi, þegar hann kom á Þingvöll, hitt fyrir fólk, sem hann þekkti, og einhver þeirra hafi haft dreifibréf undir höndum og spurt, hvort hann vildi vera með í að dreifa, og hann hafi verið mjög fús til þess.

Stefán Gunnar Hjálmarsson, sem handtekinn var um leið og stefnandi, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi heyrt það á skotspónum nokkrum dögum fyrir þjóðhátíð, að dreifa ætti þessum dreifibréfum á Þingvöllum. Hann skýrði svo frá, að hann hefði vitað um það fyrirfram, að til stóð að koma upp borðum uppi á efri brún Almannagjár. Hann hefði heyrt það um líkt leyti og það barst í tal, að dreifa ætti bréfunum. Hann kvaðst ekki vita, hvort segja mætti, að menn hafi bundist samtökum um þetta, en eins og komið hafi í ljós, þá hafi fólk verið þarna bæði með borða og dreifibréf. Hann var að því spurður, hvort það hefðu verið sömu samtök, sem sáu um að koma upp borðunum, og þau, sem skrifuðu undir dreifibréfið. Hann kvaðst ekki vita, hvað segja ætti um það, hvort þetta hefði verið framkvæmt af Fylkingunni beinlínis, en svo hljóti auðvitað að vissu leyti að vera. Það hljóta að vera einhver tengsl á milli þess, að dreifibréfinu var dreift og borðinn var settur þarna upp.

Þuríður Friðjónsdóttir, sem handtekin var um leið og stefnandi, hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að hún hafi tekið þátt í að dreifa dreifibréfinu og einnig hafi hún selt merkið, sem á

stóð „Herinn burt“. Hún kvaðst ekki muna, á hvað merkið var selt, en geta trúað, að það hefði verið selt á kr. 50. Hún var að því spurð, hvort hún áliti, að eitthvert samband væri milli þess fólks, sem dreifði bréfinu, og þess, sem hafði uppi borðana á efri barmi Almannagjár. Hún kvaðst ekki vita það, en geta vel trúað því. Hún kvaðst þekkja sumt af því fólki, sem hafði uppi borðana. Hún sagði, að óeinkennisklæddur maður hefði komið að sér, tekið í sig og hrifsað af sér bréfin. Hún var að því spurð, hvort hann hefði ekki beðið hana að afhenda bréfin. Hún svaraði: „Jú, hann gerði það“.

Fram hefur verið lögð skýrsla lögreglunnar í Reykjavík frá sunnudeginum 28. júlí 1974. Segir þar, að skýrslan varði handtöku á Þingvelli vegna dreifingar á áróðursbréfum og merkjum.

Skýrsla þessi er undirrituð af Þorsteini J. Jónssyni lögregluþjóni, og kveðst hann kl. 1115 hafa verið við löggæslu, þar sem þingfundur Alþingis stóð yfir á Lögbergi. Hafi þá borist til hans vitneskja um, að ungmenni væru að dreifa áróðursbréfum og merkjum meðal hátíðagesta. Honum hafi verið falið að hafa upp á þessu fólki, handtaka það og flytja að stjórnstöð lögreglunnar á Þingvöllum. Með honum hafi verið lögregluþjónn nr. 84. Síðan segir: „Skömmu seinna veittum við athygli nokkrum ungmennum á og við hina nýju göngubrú á Öxará, þar sem þau voru að dreifa bréfum og merkjum á meðal gestanna. Við vorum óeinkennisklæddir og kynntum okkur því fyrir þessu fólki og tilkynntum því, að það yrði að fylgja okkur að stjórnstöð lögreglunnar vegna þess, að það væri í óleyfi að dreifa bréfum og merkjum. Við lögðum hald á það af bréfum og merkjum, sem það hafði meðferðis. Fólkið var kurteist og fylgdi okkur strax að lögreglustöðinni. Einhverjir mótmæltu þó handtöku á þeim forsendum, að þeir væru þarna í fullum rétti, ekkert það stæði í stjórnarskránni, sem bannaði slíka dreifingu“. Sýnishorn dreifibréfsins og merkisins, sem fólkið var að dreifa, hefur verið lagt fram. Þarna voru handteknir: Sveinn Rúnar Hauksson, Reynimel 66, Reykjavík, Sveinn Allan Morthens, Gnoðarvogi 24, Reykjavík, Óskar Guðmundsson, Skipasundi 54, Reykjavík, Rafn Guðmundsson, Lambhóli við Þormóðsstaðaveg, Stefán Hjálmarsson, Snorrabraut 67, Reykjavík, Eiríkur Brynjólfsson, Bárugötu 18, Reykjavík, og Bragi Bergsteinsson, Sunnuvegi 23, Reykjavík. Þá var þarna handtekin Þuríður Friðjónsdóttir, Lambhóli við Þormóðsstaðaveg, en henni var sleppt á Þingvöllum.

Þorsteinn Jónsson hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi. Hann

var að því spurður, hvort dreifing bréfanna hefði haft truflandi áhrif á hátíðahaldið. Hann sagði, að sér hafi virst, að bæði merkja- og bréfadreifingin og það, sem fór fram uppi á Almannagjárbarminum, hefði truflandi áhrif. Hann var að því spurður, hvort dreifing bréfanna, skoðuð út af fyrir sig, hefði haft truflandi áhrif á hátíðahöldin. Hann svaraði því svo: „Ef við leiðum hugann að því, að maður, sem þarna fær upp í hendurnar lesmál, þá er hann hættur að hugsa um það, sem er að gerast á hátíðinni sjálfri." Hann tók það fram, að enginn hávaði hefði verið í þessu fólki. Hann sagði fólkið ekki hafa sýnt andspyrnu, nema þá í orðum. Hann var að því spurður, hvort þeir hefðu, áður en þeir tóku plöggin af fólkinu, beðið það um að afhenda þau sjálfviljug. Hann svaraði því svo: „Já, ég held, að við höfum gert það, og einnig tókum við bunka, sem það hélt á í höndunum." Hann var að því spurður, hvort hann hefði frétt um einhverja fleiri en þau, sem handtekin voru, sem væru að dreifa þessu. Hann kvaðst ekki vita, hvort allt þetta fólk var handtekið, en vissulega hefði verið grunur um, að fleiri væru við dreifingu annars staðar. Þeir hefðu ekki búist við, að þeir væru búnir að ná öllu upplaginu. Hann var að því spurður, hvort það hefði ekki komið fram í yfirheyrslu eða í samtölum við fólkið, hvort þeir hefðu náð öllu upplaginu. Hann kvaðst ekkert vita um það, þar sem hann hefði skilið við fólkið við stjórnstöðina.

William Möller, fulltrúi lögreglustjóra, hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að hann hafi frétt af fólki í vörslu lögreglunnar í fangageymslu inni í Bolabás. Þarna sé hesthús, sem hugsað hafi verið sem bækistöð lögreglunnar í sambandi við löggæslu á þjóðhátíðardegi. Talin hafi verið ástæða til, að hann ræddi við þetta fólk. Hann hafi farið þarna inn eftir. Hann hafi rætt óformlega við fólkið í heild og ekki tekið það til yfirheyrslu sem slíkt. Fólkið hafi strax mótmælt handtöku. Hann sagði engar aðstæður hafa verið til skýrslutöku af fólki þarna á staðnum. Hann kvaðst hafa sagt fólkinu, að hann teldi nauðsynlegt að taka skýrslu af því og þar sem ekki væru aðstæður til að gera það á staðnum, teldi hann rétt að flytja það til lögreglustöðvar í Reykjavík. Hann sagði góðan róm hafa verið gerðan af þessu hjá fólkinu, að það fengi að tjá sig um þetta.

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur undirritað lögregluskýrslu, dags. 28. júlí 1974, varðandi yfirheyrslu vegna handtöku á Þingvöllum. Guðmundur var við löggæslustörf á lögreglustöðinni í Reykjavík þennan dag. Í skýrslu

hans segir: „Kl. 12.15 bárust þau boð frá yfirstjórn löggæslunnar á Þingvöllum, að fólk, sem hafði verið handtekið við dreifingu bréfa um herstöðvarmálið og með áletraða borða um brottför hersins, yrði flutt í lögreglubifreið til Reykjavíkur. Var mér tjáð, um leið og ég var beðinn að taka skýrslur af þessu fólki, að aðstaða væri ekki fyrir hendi til að yfirheyra það í bráðabirgðahúsnæði lögreglunnar á Þingvöllum. Samtals tók ég á móti 19 manns til yfirheyrslu.“ Kl. 1610 sunnudaginn 28. júlí 1974 er skrifað í dagbók lögreglunnar í Reykjavík: „Enn er komið með fólk frá Þingvöllum. Það hafði verið með áróðursmiða, sem ekki þótti viðeigandi á þessum degi.“ Kl. 1610 er sá fyrsti úr þessum hópi færður inn í dagbókina. Kl. 1630 er annar úr þessum hópi, stefnandi, skráður í dagbókina. Þá um leið kemur hann fyrir Guðmund Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjón, sem tekur skýrslu af honum. Segir í skýrslunni: „Sveinn kvaðst hafa verið handtekinn af lögreglu fyrir að dreifa nokkrum eintökum af dreifibréfi um herstöðvarmálið. Hann gat þess, að ekki hafi verið komið til að biðja þau að hætta dreifingu eða afhenda lögreglu dreifibréfin. Sveini var kynnt ástæða handtöku, og hann taldi, að aðstæður leyfðu ekki frekari dreifingu, þar sem lagt hefði verið hald á dreifibréfin.“ Að lokinni skýrslugerð var stefnanda sleppt. Á meðan hann beið eftir því, að skýrsla væri af honum tekin, var hann hafður ásamt öðrum þeim, er teknir voru til fanga um leið og hann, í læstu herbergi.

Þann 9. ágúst 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður lögreglustjóranum í Reykjavík hraðbréf, þar sem lögreglustjóranum er tilkynnt, að hann muni gæta hagsmuna 19 manna vegna þess, sem lögmaðurinn kallar ólögmæta og refsiverða handtöku og frelsissviptingu á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974, svo og líflátshótana af hálfu lögreglu. Í bréfinu fer lögmaðurinn fram á það, að honum séu send afrit allra þeirra skýrslna og gagna, sem lögreglan hafi í fórum sínum vegna ofangreindra atburða, og það sé gert ekki síðar en miðvikudaginn 14. ágúst 1974.

Bréfi lögmannsins er svarað þann 14. ágúst 1974 og þá sagt, að skýrslur um afskipti lögreglunnar af fólkinu 28. júlí 1974 hafi allar verið sendar yfirsakadómaranum í Reykjavík til meðferðar.

Þann 20. ágúst 1974 skrifar Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður ríkissaksóknara bréf, þar sem hann vitnar í bréf lögreglustjórans frá 14. ágúst 1974 og fer þess á leit við ríkissaksóknara, að honum verði sem allra fyrst látin í té ljósrit af gögn-

um yfir fyrrgreinda atburði. Kemur fram, að lögmaðurinn telur, að ríkissaksóknara hafi borist þessi gögn frá yfirsakadómaranum í Reykjavík þann 16. ágúst 1974.

Þann 20. september 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fjármálaráðherra innheimtubréf, þar sem hann krefst skaðabóta fyrir stefnanda vegna ólögmætrar handtöku á Þingvöllum 28. júlí 1974. Lögmaðurinn vitnar þar til þeirra bréfa, sem hér að framan eru rakin.

Ráðuneytið svarar þessu bréfi 24. september 1974. Þar kemur fram, að ráðuneytið telur þörf á mun ítarlegri upplýsingum um einstök atriði málsins, svo unnt sé að taka afstöðu til kröfugerðar stefnanda. Telur ráðuneytið óhjákvæmilegt, að skýrslur, sem það telur vera í vörslum yfirsakadómarans í Reykjavík, svo og niðurstöður sakadómsrannsóknar verði fengnar ráðuneytinu í hendur.

Þann 26. september 1974 svarar lögmaðurinn bréfi þessu. Hann sendir jafnframt afrit af þessu svarbréfi sínu til ríkissaksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra. Kemur fram í bréfinu, að lögmaðurinn telur skýrslur þær, sem ráðuneytið sé að biðja um, í vörslu ríkissaksóknara. Hann vitnar til þess, að bréfi sínu til fjármálaráðuneytisins hafi fylgt afrit af bréfi hans til ríkissaksóknara, dags. 20. ágúst 1974, þar sem hann sé að fara fram á afrit af þessum skýrslum. Þessari beiðni hans hafi ekki verið sinnt. Lögmaðurinn segir í bréfinu, að sér sé ekki kunnugt um, að nokkur ákvörðun hafi verið tekin um opinbera rannsókn á háttsemi lögreglu og annarra þeirra, sem að frelsisskerðingum stóðu. Því sé ljóst, að uppgjör bótakrafna verði þegar að fara fram. 1/3 hluti fyrningartíma kröfu stefnanda sé þegar liðinn skv. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála og verði hann því að hefjast handa um málshöfðun sem allra fyrst. Hann skýrir að lokum svo frá, að hann muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar, en það sé bótakröfum þessum óviðkomandi.

Þann 30. september 1974 svarar fjármálaráðuneytið bréfi þessu. Í bréfinu bendir ráðuneytið á, að það geti ekki tekið afstöðu til bótaskyldu á þeim gögnum, sem það hafi í höndum. Þá er til þess vitnað, að lögmaðurinn segi í bréfinu, að stefnandi muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar. Telur ráðuneytið, að slík rannsókn muni hafa verulegt upplýsingagildi fyrir þann þátt málsins, sem að ráðuneytinu snúi. Þá er það skýrt tekið fram, að ráðuneytið muni ekki bera fyrir sig fyrningu.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður skrifar ráðuneyt-

inu enn bréf þann 7. október 1974. Er þar tilkynnt, að stefnandi muni ekki geta beðið niðurstöðu opinberrar rannsóknar, þar sem ætla megi skv. reynslu, að það taki langan tíma. Síðan er það tilkynnt, að lögmaðurinn muni bráðlega hefja undirbúning að höfðun einkamáls gegn fjármálaráðuneytinu og ríkissaksóknara skv. 3. tl. 154. gr. laga 74/1974. Þann 7. október 1974 skrifar lögmaðurinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem vakin er athygli á því, sem fram kemur í bréfaskriftum hans og fjármálaráðherra, að ein ástæða þess, að ekki sé unnt að leysa ágreining aðilja, sé sú, að hvorki hann né fjármálaráðherra hafi undir höndum skýrslu, sem lögreglan í Reykjavík tók af stefnanda. Þennan sama dag kærir lögmaðurinn til ríkissaksóknara vegna ólögmætrar skerðingar á frelsi 20 umbjóðenda sinna á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974. Þar með er talinn stefnandi.

Þann 18. október 1974 sendir Þórður Björnsson ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík bréf og þau gögn, sem eiga að hafa fylgt bréfi yfirsakadómara 15. ágúst 1974 um uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí 1974 og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Segir í bréfinu að af ákæruvaldsins hálfu sé þess krafist, að mál þetta verði rannsakað fyrir dómi. Þá eru með bréfinu send þau skjöl, sem Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur sent embættinu. Þann 11. desember 1974 skrifar ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík enn bréf. Er þar vitnað í bréfið frá 18. október 1974. Þá er þar vitnað í bréf fulltrúa yfirsakadómarans, dags. 4. desember 1974. Síðan er tekið fram í bréfinu: „Þess er krafist, að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lögum um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla. Að sjálfsögðu ber að haga yfirheyrslum í samræmi við ákvæði 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.

Jafnframt er þess krafist, að rannsakaðar verði aðgerðir lögreglu af þessu tilefni og þá m. a. aflað vættis lögreglumanna og annarra, ef til eru um það efni.“ Samkvæmt upplýsingum stefndu mun sakadómaraembættið enn ekki hafa hafið þessa rannsókn, sem þarna er farið fram á.

Stefnandi byggir málshöfðun sína á því, að hann hafi ekki framið neitt það, sem mælt sé ólöglegt, með því að afhenda dreifibréf á þjóðhátíð 28. júlí 1974, enda hafi hann hvorki raskað einkahagsmunum né opinberum hagsmunum með því. Hann hafi

ekki verið beðinn að hætta dreifingu og ekki verið tjáð, að það væri ólöglegt eða bannað. Hann hafi engan mótþróa veitt, en verið þó haldið föngnum í stöð lögreglu á Þingvöllum, en síðan ekið með hann til Reykjavíkur og hann lokaður þar inni, allt án skýringa. Hann heldur því fram, að hann hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem bótakrafa hans er reist á (sbr. 150. gr., 1. tl., laga 74/1974). Lögmælt skilyrði hafi brostið til aðgerðanna og þær hafi verið framkvæmdar á hættulegan, særandi og móðgandi hátt (sbr. 151. gr., 2. tl., laga 74/1974).

Þar sem engin opinber rannsókn sé hafin á hendur stefnanda, sé honum rétt að höfða þetta mál (sbr. 154. gr., 3. tl., laga 74/1974) og að hann eigi rétt til gjafsóknar skv. sama ákvæði. Óhjákvæmilegt hafi verið fyrir stefnanda að draga ekki málshöfðun vegna ákvæða 157. gr. laga 74/1974, enda hafi ósk hans um opinbera rannsókn í bréfi til saksóknara frá 7. október 1974 ekki verið sinnt, en þar hafi verið um að ræða kæru á hendur þeim, sem að frelsisskerðingunni stóðu.

Af hálfu stefndu er málsástæðum stefnanda algerlega mótmælt. Telja þeir, að fullt tilefni hafi verið til handtökunnar, lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi og að stefnandi hafi engum harðræðum sætt. Stefnandi hafi með framferði sínu sjálfur átt alla sök á aðgerðum lögreglu, þeim sem bótakrafan sé reist á, og verði málssókn hans því að teljast fráleit í alla staði. Stefndu leggja sérstaka áherslu á, að fullkomin samstaða hafi verið meðal allra stjórnmálaflokka á Alþingi og innan þjóðhátíðarnefndar um, að engum skyldi líðast að setja blett á þjóðhátíðina með að gera hana að áróðursvettvangi fyrir stefnumál sín. Þarna hafi verið um pólitískt vopnahlé að ræða. Einn aðili, „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", hafi hins vegar virt öll grið að vettugi. Virðing fyrir helgi þjóðhátíðarinnar hafi orðið að lúta í lægra haldi fyrir freistingunni til að koma áróðri á framfæri við mannfjöldann, sem þarna var saman kominn. Þá sé þess að gæta, að áróðursefni Fylkingarfélaga hafi beinst að afstöðunni til Atlantshafsbandalagsins og bandarísku herstöðvarinnar hér á landi, því pólitíska ágreiningsmáli, sem viðkvæmast sé meðal þjóðarinnar. Ekkert málefni hafi verið líklegra til að koma af stað ólgu og æsingi meðal mannfjöldans en einmitt þetta og ógerlegt sé að segja, hvað af hefði leitt, hefði Fylkingunni verið leyft að halda þessu máli í sviðsljósinu á þjóðhátíðinni lengur en raun varð á. Þá benda þeir á, að aðgerðir Fylkingarmanna á Þingvöllum þenn-

an dag beri glöggan vott um talsverðan undirbúning og skipulagningu af þeirra hálfu og ekki hafi verið um handahófskennd vinnubrögð að ræða. Liðinu hafi verið skipt í hópa, þar sem hver hópur hafi haft ákveðið verk að vinna, auk þess sem áróðrinum hafi verið skipulega þannig fyrir komið, að hann næði augum sem flestra hátíðagesta. Skoða verði aðgerðir Fylkingarinnar í heild, en ekki eingöngu út frá atvikum í sambandi við hverja einstaka handtöku, enda hafi verið um heildaraðgerðir Fylkingarinnar að ræða þennan dag og þáttur hvers einstaks liðsmanns aðeins einn þáttur í þeim.

Af þessum sökum hafi framferði stefnanda verið bæði siðferðilega og lagalega ámælisvert og ljóst sé, að opinberum hagsmunum hafi verið raskað, a. m. k. verulega ógnað. Í þessu sambandi er t. d. bent á 36. gr. stjórnarskrárinnar um, að enginn megi raska friði Alþingis. Stefnanda hafi verið tilkynnt ástæða handtöku. Óhjákvæmilegt hafi verið að yfirheyra hann og félaga hans. Þar sem engin aðstaða var til þess á Þingvöllum, hafi þeir verið færðir til Reykjavíkur og sleppt þar strax eftir skýrslutöku. Þá er bent á, að ákvæði 13. kafla laga nr. 19/1940 hafi verið brotin. Sama gildi um lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu, en ýmis fyrirmæli hennar hafi ekki verið virt. Auk alls þessa hafi fyrirmæli ýmissa opinberra aðilja, sem stjórnuðu hátíðinni, verið að engu höfð. Af þessu leiði, að lögreglan hafi haft beina heimild til að handtaka stefnanda og hindra frekari aðgerðir af hans hálfu, en sú heimild felist m. a. í 1. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þá hafi lögreglan haft óbeinar handtökuheimildir, sem m. a. felist í ýmsum greinum lögreglusamþykktar fyrir Árnessýslu, einkum 1. kafla hennar. Ýmsar óbeinar valdbeitingarheimildir felist jafnframt í 34. gr. laga nr. 74/1974.

Þá vitna stefndu til 18. kafla laga nr. 74/1974. Vitnað er til þess, að skv. 150. gr. megi bætur því aðeins dæma, að almennum skilyrðum bótaskyldu, sem þar eru talin, sé fullnægt. Því fari fjarri, að svo sé hér. Þá er á það bent, að stefnandi hafi ekkert fjártjón beðið. Hann hafi ekki beðið nokkurn miska heldur. Enginn grundvöllur sé því til þess, að honum verði dæmdar bætur vegna aðgerða lögreglunnar. Af hálfu stefndu er þess sérstaklega getið, að ákvörðun varðandi handtökurnar hafi verið algerlega í höndum lögreglunnar sjálfrar og einskis annars aðilja. Hins vegar hafi lögreglunni að sjálfsögðu verið kunnugt um það, að þjóðhátíðarnefnd hafi fengið algert forræði á öllu því, sem

fram skyldi fara á Þingvöllum þennan dag, enda hafi lögreglunni verið skylt að sjá til þess, að boðum og bönnum þess opinbera aðilja, sem stjórnaði hátíðinni, væri fram fylgt.

Álit dómsins.

Samkvæmt upplýsingum stefndu er dómsrannsókn sú, sem ríkissaksóknari krafðist 18. október 1974 vegna handtöku stefnanda og fleiri á Þingvöllum 28. júlí 1974, enn ekki hafin. Dráttur á því, að þessi rannsókn hefjist, er þegar orðinn slíkur, að krafa um hana ein út af fyrir sig verður ekki talin, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974, koma í veg fyrir, að stefnandi fái úrlausn kröfu sinnar.

Þann 28. júlí 1974 fór fram þjóðhátíð á Þingvöllum samkvæmt fyrirfram boðaðri dagskrá. Fyrir hádegi þann dag hélt Alþingi hátíðafund á Lögbergi. Samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar er Alþingi friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. júní 1974, bar lögreglustjóranum í Reykjavík í samráði við lögreglustjórann í Árnessýslu að skipuleggja og annast löggæslu á þjóðhátíð (sjá 6. gr. laga 56/1972).

Þjóðhátíðarnefnd og lögreglan höfðu spurnir af því daginn fyrir hátíðina, að í ráði væri að hafa í frammi einhvern áróður á hátíðinni fyrir úrsögn úr NATO og brottför Bandaríkjahers. Málefni þetta hefur verið viðkvæmt deilumál og skipt þjóðinni í andstæðar fylkingar allt frá því Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949. Þá hafði það verið sérstaklega í brennipunkti opinberrar umræðu fyrri hluta árs 1974 vegna áætlana ríkisstjórnarinnar um brottför hersins og undirskriftasöfnunar gegn þeim áformum. Málefni þetta var ekki á dagskrá á Þingvöllum. Framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar hafði rætt það við lögregluyfirvöld, að slíkar aðgerðir samrýmdust ekki hátíðahöldunum. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar eiga menn rétt á að koma saman í friðsamlegum tilgangi, og verður að telja lögreglunni skylt að sjá svo um, að slíkir fundir, sem haldnir eru á lögmætan hátt, megi fara fram ótruflaðir.

Frásögn blaðsins Neista af undirbúningi áróðursaðgerða, yfirlýsing framkvæmdanefndar Fylkingarinnar, sem birtist í Tímanum eftir þjóðhátíðina, og upphaf yfirlýsingar þeirrar, sem stefnandi og fleiri dreifðu á þjóðhátíð í nafni „Fylkingarinnar, baráttusamtaka sósíalista", þykja sýna, að áróðursaðgerðir þær allar, sem leiddu til handtöku þriggja hópa fólks á Þingvöllum 28.

júlí 1974 hafi verið sameiginlega undirbúnar og verði því að metast sem sameiginlegar aðgerðir. Framburðir hinna handteknu hér fyrir dómi þykja styrkja þessa niðurstöðu.

Stefnandi tók þátt í þessum aðgerðum og stóð að því með félögum sínum að dreifa áróðursblöðum og merkjum á hátíðasvæðinu eða í nágrenni þess, á meðan annar hópur hafði uppi borða á efri barmi Almannagjár. Aðgerðir þessar voru í heild sinni til þess fallnar að hafa truflandi áhrif á fund Alþingis og allsherjarreglu á hátíðasvæðinu og voru þannig í andstöðu við áðurnefndar 36. gr. og 74. gr. stjórnarskrárinnar. Með þetta í huga þykir nægjanlega fram komið, að lögreglunni hafi verið rétt að hafa afskipti af stefnanda og þeim, er með honum voru.

Samkvæmt 38. gr., 1. mgr., laga nr. 73/1973, nú nr. 74/1974, skulu lögreglumenn gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar því, sem óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Þorsteinn Jónsson lögreglumaður hefur borið það fyrir dómi, að stefnandi og félagar hans hafi enga mótspyrnu veitt. Af framburðum stefnanda og félaga hans og lögreglumannsins Þorsteins Jónssonar þykir fram komið, að stefnanda og félögum hans var ekki boðið að hætta aðgerðum sínum. Stefnandi og félagar hans mótmæltu handtöku. Dreifing miðanna og merkjanna ein út af fyrir sig getur tæpast hafa verið til þess fallin að skapa mikla truflun. Telja verður, að aðgerðir lögreglu verði að vera í samræmi við tilefni aðgerða. Á Þingvöllum er ekki kannað, hvort hætta var á áframhaldandi aðgerðum stefnanda og félaga hans. Skýrslur lögreglunnar um nauðsyn þess að halda stefnanda föngnum og flytja hann til Reykjavíkur eru ófullkomnar og illa rökstuddar. Lögregluskýrslur eru daglega teknar í bifreiðum og hefði því eins mátt hafa þann hátt á hér. Með þessi sjónarmið í huga þykir ósannað, að þörf hafi verið á frelsissviptingu stefnanda svo lengi sem raun ber vitni, en hann er hafður í haldi, að því er virðist, frá kl. 1115 til a. m. k. 1630, að hann kemur fyrir aðstoðaryfirlögregluþjón til skýrslugerðar í Reykjavík. Samkvæmt 151. gr., 2. tl., laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974, sbr. 150. gr., 164. gr. og 155. gr. sömu laga ber að taka til greina kröfu stefnanda um miskabætur úr ríkissjóði. Við ákvörðun bóta ber að taka tillit til þess framferðis stefnanda, sem leiddi til handtökunnar, en það var, eins og áður er sagt, ekki vítalaust. Með hliðsjón af aðstæðum öllum þykja bætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 24.000 með vöxtum, eins og krafist er í stefnu.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 45.000, þar af kr. 30.000 í talsmannslaun.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sveini Allan Morthens, kr. 24.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 142/1976. Fimmtudaginn 8. febrúar 1979.

Fjármálaráðherra og
ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Birnu Þórðardóttur og
gagnsök
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Handtaka. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Sigurður M. Helgason borgarfógeti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júlí 1976, að fengnu leyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 hinn 7. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni

50.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Meðal gagna þessara er bréf ríkissaksóknara 18. október 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík, þar sem krafist er rannsóknar fyrir dómi á „uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum" 28. júlí 1974 og aðgerðum lögreglu af því efni. Í svarbréfi sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1974 er þess óskað, að ríkissaksóknari geri grein fyrir því, að hverju rannsóknin skuli beinast „þ. e. ólöglegri handtöku eða ólöglegu atferli hinna handteknu".

Í bréfi ríkissaksóknara 11. desember 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík er þess krafist, að rannsökuð verði ætluð brot hinna handteknu og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Með bréfi 16. júlí 1976 til sakadóms Reykjavíkur ítrekaði ríkissaksóknari kröfu sína um dómsrannsókn, er hefja skyldi tafarlaust. Enn hefur verið lagt fram endurrit af rannsókn, sem fram fór í sakadómi Reykjavíkur dagana 26. júlí til 12. ágúst 1976. Þá komu fyrir dóm Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, sem tók skýrslur af hinum handteknu mönnum í Reykjavík hinn 28. júlí 1974, gagnáfrýjandi og 12 menn aðrir, sem handteknir höfðu verið á Þingvöllum þann dag og fluttir til Reykjavíkur. Endurrit af dómsrannsókn þessari sendi sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara með bréfi 29. desember 1978.

I.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði með stefnu 27. janúar 1975 með heimild í 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Á þeim tíma var eigi ljóst, hvort rannsókn væri hætt án ákæru á hendur gagnáfrýjanda, sbr. 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974. Þess er hins vegar að gæta, að sakadómsrannsókn hófst eigi fyrr en 26. júlí 1976, og henni hefur ekki verið haldið áfram eftir 12. ágúst s. á. Enn fremur kom ekki fram af hálfu ríkis-

saksóknara við munnlegan flutning máls hér fyrir dómi, þrátt fyrir brýnt tilefni, hvort hann mundi krefjast þess, að rannsókn yrði haldið áfram eða ákæra gefin út á hendur gagnáfrýjanda. Þykir því gagnáfrýjandi, eins og nú er komið, eiga rétt á því að fá dóm um þá bótakröfu, sem hún hefur uppi í máli þessu.

II.

Borða þeim, sem gagnáfrýjandi kom fyrir ásamt félögum sínum við Flosagjá, er lýst í héraðsdómi. Lögregluaðgerðum gegn gagnáfrýjanda var beitt skömmu eftir kl. 1600 hinn 28. júlí 1974. Ekki verður með vissu ráðið af gögnum máls, hvort gagnáfrýjanda hafi verið kunnugt um lögregluaðgerðir um kl. 1115 sama dag gegn mönnum, er komið höfðu fyrir á barmi Almannagjár svipuðum borðum og borða þeim, er gagnáfrýjandi hélt uppi. Borði sá, er gagnáfrýjandi kom fyrir, var til þess fallinn að vekja ólgu og óróa meðal þess mikla mannfjölda, sem var á Þingvöllum 28. júlí 1974, og leiða til röskunar á allsherjarreglu. Fallast verður á, að lögreglumönnum hafi, eins og hér stóð sérstaklega á, verið rétt að hlutast til um, að framangreindur borði væri tekinn niður, sbr. 34. gr. laga nr. 74/1974, og eftir atvikum beita lögregluaðgerðum í því skyni, með þeim hætti, sem gögn máls bera með sér, að gripið hafi verið til. Vegna aðstæðna á vettvangi var lögreglumönnum og rétt að færa gagnáfrýjanda til frumskýrslutöku. Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að sú óbrotna skýrslutaka, sem hér var þörf á, hafi eigi réttlætt, að gagnáfrýjandi var færð til Reykjavíkur og henni haldið þar fanginni á lögreglustöð þann tíma, sem í héraðsdómi greinir. Á gagnáfrýjandi því rétt til nokkurra bóta af þessum sökum samkv. 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um bætur til gagnáfrýjanda úr hendi aðaláfrýjanda, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, 80.000 krónur.

III.

Í máli þessu voru í héraði lögð fram ýmis skjöl, sem eigi verður talið, að varði úrlausn máls þessa. Þá hefur héraðsdómari hagað skýrslutökum sínum í málinu um margt meira að hætti opinberra mála en einkamála, og varða skýrslur oft atriði, sem eigi skipta máli.

Málabúnaður þessi veldur örðugleikum við könnun sakargagna og mat á þeim og brýtur m. a. í bága við ákvæði 114. gr. laga nr. 85/1936. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir ekki næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð.

Dómsorð:

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um bætur til gagnáfrýjanda, Birnu Þórðardóttur, úr hendi aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur I. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda. Enn fremur fellst ég á athugasemdir þeirra í III. kafla dómsatkvæðisins um misfellur á málatilbúnaði og málsmeðferð í héraði.

II.

Í bréfi ríkissaksóknara til sakadóms Reykjavíkur, dags. 11. desember 1974, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, er þess krafist, „að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lögum um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla". Verður ekki séð, að ákæruvald hafi haft uppi sakargiftir á hendur gagnáfrýjanda um, að háttsemi sú, sem leiddi til handtöku hennar 28. júlí 1974, varðaði hana refsiábyrgð eftir öðrum ákvæðum laga en greind eru í nefndu bréfi.

Borða þeim, sem gagnáfrýjandi kom fyrir ásamt félögum sínum við Flosagjá, er lýst í héraðsdómi. Gat hann vakið ólgu og óróa meðal þess mikla mannfjölda, sem var á Þingvöllum 28. júlí 1974. Kunni þá svo að fara, að af hlytist röskun á allsherjarreglu. Var lögreglumönnum því rétt, eins og á stóð, að mæla fyrir um, að gagnáfrýjandi og félagar hennar tækju borðann niður, svo og að beita lögregluvaldi, ef þeim fyrirmælum var ekki sinnt. Eins og greinir í héraðsdómi, voru gagnáfrýjandi og félagar hennar þegar farin að taka niður borðann, þegar lögreglumenn komu á vettvang og handtóku hana. Verður ekki séð, að hún hafi óhlýðnast fyrirmælum, sem lögreglumenn hafi gefið henni. Að svo vöxnu máli verður að líta svo á, að lögreglumönnum hafi ekki verið rétt að handtaka gagnáfrýjanda, svo sem þeir gerðu og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt þessu og með heimild í 151. gr. laga nr. 74/1974 þykir því mega taka til greina fébótakröfu gagnáfrýjanda með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstíma vaxtakröfunnar hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Ég tel eins og meiri hluti dómenda, að ekki beri að dæma aðaláfrýjanda ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Enn fremur fellst ég á úrlausn þeirra um gjafsóknarlaun talsmanns gagnáfrýjanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, er ég samþykk-

ur dómsorðinu að öðru leyti en því, að ég tel, að fjárhæð sú, sem aðaláfrýjandi er dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda, ætti að vera 50.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. mars sl., hefur Birna Þórðardóttir, Stórageröi 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, framlagðri í dómi þann 6. febrúar 1975, á hendur fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 50.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu stefndu er sótt þing í málinu og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Sáttaumleitanir hafa engan árangur borið.

Þann 28. júlí 1974 var haldin þjóðhátíð á Þingvöllum við Öxará. Hátíðin var haldin til þess að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar.

Hátíðahöld í tilefni 11 alda búsetu í landinu höfðu verið í undirbúningi langa hríð. Alþingi ákvað á árinu 1965, að þessa merkisárs í sögu þjóðarinnar skyldi minnst á viðeigandi hátt, og kaus sjö manna nefnd samkvæmt tilnefningu allra stjórnmálaflokka til að sjá um undirbúning og framkvæmd málsins. Samkvæmt endanlegum tillögum nefndarinnar voru margs konar hátíðahöld ákveðin af þessu tilefni sumarið 1974, þ. á m. héraðshátíðir um land allt. Þá var ákveðið, að þjóðhátíð skyldi vera á Þingvöllum við Öxará 28. júlí 1974.

Í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. í Reykjavík 11. maí 1973, segir: „Ríkisstjórnin hefur að höfðu samráði við þingflokkana ákveðið að fela þjóðhátíðarnefnd að vinna að og gera tillögur um eins dags hátíðahöld á Þingvöllum sumarið 1974.“ Indriði G. Þorsteinsson, sem var framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar, lýsti því fyrir dómi, að nefndin hefði haft samþykki Þingvallanefndar til hátíðahaldanna á Þingvöllum þann 28. júlí 1974. Hafi Þingvallanefnd tilnefnt tvo menn til að vera þjóðhátíðarnefnd til ráðuneytis vegna hugsanlegra landskemmda á Þingvöllum, en að öðru leyti hafi nefndin verið alveg frjáls að

því að undirbúa Þingvelli fyrir hátíðahöldin. Samkvæmt lögum nr. 59/1928 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í 2. gr. laganna er mælt fyrir um mörk hins friðhelga lands. Í 4. gr. laganna segir, að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Í 5. gr. segir, að Þingvallanefnd, skipuð þremur alþingismönnum, hafi fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem tilgreindar séu í 2. gr. laganna.

Þjóðhátíðarnefnd samdi sérstaka dagskrá, og skyldi hún standa frá kl. 1.30 til 7.30 um kvöldið. Hátíð þessi fór fram á svonefndum Efri-Völlum. Fyrir hádegi þennan sama dag hélt Alþingi sérstakan hátíðafund að Lögbergi.

Þann 5. júní 1974 skrifar dóms- og kirkjumálaráðuneytið lögreglustjóranum í Reykjavík bréf. Segir í því bréfi: „Ráðuneytið felur yður, hr. lögreglustjóri, hér með að skipuleggja löggæslu á fyrirhugaðri þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí n.k. svo og að láta í té lögreglulið, er lúti stjórn yðar, til að annast þá löggæslu. Tekur þetta jafnframt til löggæslu á vegum til og frá Þingvöllum í sambandi við þjóðhátíðina.

Um alla framkvæmd þessa ber yður að hafa náið samráð við viðkomandi lögreglustjóra."

Indriði G. Þorsteinsson hefur fyrir dómi lýst því, að sýslumaður í Árnessýslu hafi heimilað þjóðhátíðarnefnd að halda hátíðina þarna á þessum tíma á Þingvöllum. Lögð hefur verið fram svohljóðandi yfirlýsing frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 4. júlí 1974. Þar stendur: „Að gefnu tilefni vegna fyrirspurnar frá ýmsum aðilum skal tekið fram, að sölustarfsemi á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí n.k. er óheimil án leyfis, og slík leyfi verða ekki veitt nema með samþykki þjóðhátíðarnefndar 1974."

Þá hefur framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar skýrt svo frá fyrir dómi, að óskir nefndarinnar til lögreglustjóra varðandi löggæslu á staðnum hefðu fyrst og fremst verið þær, að reynt yrði að hafa hemil á hlutum, þannig að ekki væri um ölvun að ræða, ölvuðu fólki væri vikið burtu af svæðinu og ekkert færi þar fram, meðan dagskrá stæði, annað en það, er henni kæmi við. Hann var að því spurður, hvort það hefði heyrst fyrirfram, að „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", ætluðu að hafa í frammi einhverjar aðgerðir á þjóðhátíðinni. Hann skýrði svo frá, að daginn áður eða kvöldið fyrir hátíðina hefði það frést, að til einhverra slíkra hluta gæti komið. Enginn hafi þó vitað, í hvaða mæli það

yrði. Enda þótt hann hefði allmikið að gera, hefði hann ekið til Reykjavíkur og haft samband við einn ráðherrann í ríkisstjórninni, Magnús Kjartansson, og beðið hann að reyna að koma í veg fyrir þetta, þar sem það samrýmdist ekki hátíðahaldinu. Ráðherrann hafi sagst skyldu reyna það, en ekki geta treyst á, að hann gæti komið í veg fyrir þetta.

Þá sagði framkvæmdastjórinn, að hann hefði rætt málið við lögregluyfirvöld, áður en hann fór til Reykjavíkur. Rætt hefði verið um, að á meðan á hátíðinni stæði, mundu slíkar aðgerðir ekki samrýmast hátíðahaldinu.

Kl. 1115 sunnudaginn 28. júlí 1974, á meðan yfir stóð þingfundur Alþingis, komu upp tveir borðar á efri brún Almannagjár. Á annan borðann var letrað: „Ísland úr Nato" og hinn: „Herinn burt". Á mjög svipuðum tíma barst lögreglunni vitneskja um það, að ungmenni væru að dreifa áróðursbréfum og merkjum á meðal hátíðagesta. Ungmenni þessi voru á og við göngubrú yfir Öxará, sem sérstaklega hafði verið gerð í tilefni hátíðahaldanna. Lögreglan handtók nokkur ungmenni og lagði hald á bréfin og merkin, sem þau höfðu meðferðis. Dreifibréfið var undirritað: „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", og var það samkvæmt upphafi sínu sérstaklega útbúið í tilefni hátíðarinnar á Þingvöllum. Á merkinu stóð hins vegar: „Herinn burt".

Kl. 1610 þennan sama dag veittu lögreglumenn því eftirtekt, að gulur borði, sem á stóð: „Ísland úr Nato", hafði verið strengdur á milli fólks á syðri barmi Flosagjár. Þegar þetta var, stóð hátíðadagskrá yfir, og var verið að leika þjóðsöng Bandaríkjanna á hátíðasvæðinu, en að honum loknum átti fulltrúi Bandaríkjanna að flytja ávarp sitt. Fyrir þetta verk handtók lögreglan stefnanda og tvo menn aðra.

Í blaðinu Neista, sem útgefið er af „Fylkingunni, baráttusamtökum sósíalista", segir í grein, sem birtist eftir þjóðhátíð: „Undir ávarpið sem dreift var á Þingvöllum skrifaði Fylkingin ein, en í aðgerðunum tóku þátt bæði Fylkingarfélagar og aðrir. En skömmu fyrir þjóðhátíðina var reynt að ná saman hópi herstöðvaandstæðinga til að ræða hugsanlegar aðgerðir, og var m. a. reynt að kalla saman frmkvæmdanefnd Samtaka herstöðvaandstæðinga. Það tókst þó ekki. Meira líf er ekki í þeim samtökum. Flestir þeirra, sem talað var við, töldu að eitthvað þyrfti að gera. Þeir voru þó færri sem vildu fórna tíma sínum til að gera eitthvað. Kannað var hvort Alþýðubandalagið vildi taka þátt í hugsanlegum aðgerðum, en það stóð þá í stjórnarviðræðnamakki

og var ekki á lausu. Þessu lauk með því að Fylkingin gaf út dreifirit og þessi að mestu sami litli hópur fór enn einu sinni að útbúa borða".

Í dagblaðinu Tímanum, sem út kom skömmu eftir þjóðhátíð, birtist yfirlýsing frá framkvæmdanefnd Fylkingarinnar, undirrituð af stefnanda, Birnu Þórðardóttur. Í yfirlýsingu þessari segir: „Á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí gerðist það, að 20 manns voru handtekin af lögreglu, flutt til Reykjavíkur og haldið föngnum allt að 5 klst. Tilefni handtökunnar var annars vegar dreifing á dreifiriti gegn bandarísku herstöðinni á Íslandi og veru landsins í NATO og hins vegar borðar með sams konar áletrunum. Að sögn lögreglunnar voru handtökurnar framkvæmdar að ósk þjóðhátíðarnefndar. Lögreglan kvað þjóðhátíðarnefnd bera því við, að engin utanaðkomandi dagskráratriði væru leyfileg á þjóðhátíðinni á Þingvöllum, en tilkynning um þetta hafði hvergi verið tilkynnt fyrirfram og því síður útskýring á, hvað slík tilskipun þýddi. Þarna voru aðrir hópar, svo sem trúarsöfnuðurinn Guðsbörn, dreifandi dreifiblöðum sínum allan dag þjóðhátíðarinnar og látin óátalin. Einnig var látin óátalin auglýsing fyrir Morgunblaðið, er blasti við augum manna á hátíðarsvæðinu.

Í handtökum tuttugumenninganna felst því hrein skoðanakúgun, og með þeim hefur þjóðhátíðarnefnd skipað sér í raðir með forsvarsmönnum undirskriftar Varins lands, sem ekki virðist gera sér grein fyrir því, að tjáningarfrelsi er í landinu samkvæmt stjórnarskrá." Síðan mótmælir framkvæmdanefnd Fylkingarinnar harðlega þeim pólitísku ofsóknum, er þeir telja felast í ákvörðun þjóðhátíðarnefndar.

Fram er komið í málinu, að það er rétt, að trúarsöfnuðurinn Guðsbörn dreifði dreifiblöðum á þjóðhátíð. Lögreglan kveðst hafa haft einhver afskipti af þeim, en enginn var handtekinn í því sambandi.

Stefnandi er ritstjóri Neista, málgagns Fylkingarinnar, blaðs þess, sem vitnað er til hér að framan. Þá hefur hún undirritað í nafni Fylkingarinnar yfirlýsingu þá, sem birtist í dagblaðinu Tímanum og vitnað er í hér að framan. Stefnandi hefur lýst því fyrir dómi, að Ragnar Stefánsson og Árni Sverrisson hafi staðið að því ásamt sér að setja upp borða við Flosagjá. Stefnandi hefur fyrir dómi ekki getað eða viljað skýra skýrlega frá því, hvar og hvaðan þessi borði var fenginn. Hún kveðst vissulega hafa heyrt það fyrir þennan dag, að þetta tækifæri væri mjög vel til þess fallið að koma fram hugmyndum andstæðinga aðildar Íslands

að NATO og hugmyndum andstæðinga NATO yfirleitt og einnig hugmyndum andstæðinga Bandaríkjahers hér á landi, en ákvörðun um, hvort eitthvað yrði gert eða hvað það yrði, hafi aftur á móti verið óljósara. Stefnandi var marginnt eftir því, hver hafi verið undirbúningur þessara aðgerða, en skýr svör fengust ekki við því. Stefnandi hefur skýrt svo frá handtökunni, að þau hafi staðið þarna þrjú saman með borðann. Allt í einu hafi komið þar að aðvífandi maður úr Flugbjörgunarsveitinni. Hann hafi rokið strax að borðanum með miklu offorsi. Þau hafi spurt, hvað gengi eiginlega að honum, og hann hafi sagst hafa fyrirskipun lögreglu um að haga sér eins og hann gerði. Þau hafi beðið hann að hætta þessu, en hann hafi sagst ekki mundu gera það og reynt að rífa borðann niður. Þau hafi þá farið að brjóta borðann saman í staðinn fyrir að hafa manninn hangandi á honum. Stefnandi kvaðst ekki muna, hvort að því var komið að setja borðann ofan í töskuna, en allavega hefðu þau verið búin að taka hann saman, þegar lögreglulið dreif að. Þau hefðu ekki verið beðin um að afhenda borðann og lögreglumennirnir hefðu strax tekið töskuna í sína vörslu, borðann og þau. Stefnandi segir, að þrír lögreglumenn hafi tekið sig, og spurningu dómara um, hvort einhver mótspyrna hafi verið veitt, svarar stefnandi svo: „Nei, það er nú örðugt að fara að veita einhverja mótspyrnu á móti þremur lögregluþjónum fyrir einn einstakling.“ Eftir þetta voru stefnandi og þeir, sem með henni voru, leidd niður í lögreglubíl og sett þar inn. Þau voru síðan færð í aðsetursstað lögreglunnar í Skógarhólum. Ragnar Stefánsson. sem að aðgerðum þessum stóð með stefnanda, hefur skýrt líkt frá handtökunni. Engin átök hafi orðið milli þeirra og lögreglunnar. Það hafði verið tekið utan um hvert þeirra sitt hvorum megin og þau leidd í burtu og hefðu ekki sýnt mótþróa. Hann kvaðst halda, að borðinn hefði sést nokkuð vel frá áhorfendum á þjóðhátíðinni, a. m. k. hefði hann frétt það síðar eftir fólki þar, að það hefði orðið vart við hann. Ragnar sagði fyrir dóminum, að hann hefði margmótmælt því að vera fluttur á brott frá Þingvöllum. Ragnar hefur skýrt svo frá, að hann sé í miðstjórn „Fylkingarinnar, baráttusamtaka sósíalista“.

Fyrir liggur skýrsla lögreglunnar í Reykjavík, dags. 28. júlí 1974. Skýrslan varðar handtöku á fólki með áróðursborða á Þingvöllum. Hún er undirrituð af Lárusi Ragnarssyni lögreglumanni. Hann skýrir svo frá í skýrslu sinni: „Sunnudaginn 28.7.1974 kl. 16.10 var undirritaður staddur á varðgöngu skammt frá stjórn-

stöð lögreglunnar á Þingvöllum og veitti þá athygli gulum borða, er á stóð „Ísland úr NATO", er hafði verið strengdur á milli fólks á syðri barmi Peningagjár (Flosagjár), en um leið var verið að leika þjóðsöng Bandaríkjanna á hátíðasvæðinu, og að honum loknum átti fulltrúi Bandaríkjanna að flytja ávarp sitt. Hljóp ég þegar að fólki þessu og náði að komast að því skömmu síðar, og var það þá að setja nefndan borða niður í gula handtösku, er það hafði meðferðis. Einnig kom úr annarri átt Magnús Einarsson, aðalvarðstjóri, og lögreglumenn nr. 95 og 185 og aðstoðuðu við að handtaka fólkið. Fluttum við síðan fólk þetta að stjórnstöð lögreglunnar, og þaðan var það flutt að boði Magnúsar Einarssonar, aðalvarðstjóra, í fangageymslu lögreglunnar við Skógarhóla."

Þarna voru handtekin stefnandi, Birna Þórðardóttir, Stóragerði 30, Reykjavík, Ragnar Stefánsson, Sunnuvegi 19, Reykjavík, og Árni Sverrisson, Efstasundi 52, Reykjavík. Að lokinni nokkurri vist í Skógarhólum voru þau flutt til Reykjavíkur í lögreglubifreið, þar sem Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn tók af þeim skýrslu. Magnús Einarsson aðalvarðstjóri hefur komið fyrir dóm og staðfest, að hann hafi haft afskipti af stefnanda og þeim, er handteknir voru með honum. Hann kvaðst hafa orðið þess var, að kurr kom í fólk á hátíðasvæðinu, og séð síðan, hvers kyns var, og farið á staðinn. Þannig hafi hagað til, að fólkið var við gjá, sem vatn var í, og hafi hann ekki komist að fólkinu, þar sem gjáin skildi á milli, þegar gengið var beint frá hátíðasvæðinu að fólkinu. Lögreglumenn, sem komu úr annarri átt, hafi komist að fólkinu. Fólkið hafi gengið með þeim og hafi hann ekki orðið var við átök milli fólksins og lögreglumannanna.

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur undirritað lögregluskýrslu, dags. 28. júlí 1974, varðandi yfirheyrslur vegna handtöku á Þingvöllum.

Guðmundur var við löggæslu á lögreglustöðinni í Reykjavík þennan dag. Í skýrslu hans segir: „Kl. 12.15 bárust þau boð frá yfirstjórn löggæslunnar á Þingvöllum, að fólk, sem hafði verið handtekið við dreifingu bréfa um herstöðvarmálið og með áletraða borða um brottför hersins, yrði flutt í lögreglubifreið til Reykjavíkur. Var mér tjáð um leið og ég var beðinn að taka skýrslur af þessu fólki, að aðstaða væri ekki fyrir hendi til að yfirheyra það í bráðabirgðahúsnæði lögreglunnar á Þingvöllum. Samtals tók ég á móti 19 manns til yfirheyrslu."

Stefnandi var færð inn í dagbók lögreglunnar á lögreglustöðinni í Reykjavík kl. 1820 þennan dag. Kl. 1830 kemur stefnandi fyrir Guðmund Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjón, sem tekur skýrslu af henni. Í skýrslu þessari segir: „Birna kvaðst hafa verið handtekin nálægt Peningagjá (Flosagjá), hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir hvers vegna, því hún hefði ekkert það aðhafst, sem hún gæti ímyndað sér sem ástæðu fyrir handtöku. Kvaðst svo ekki svara fleiri spurningum. Birna kvað þó tösku með gulum borða í, sem á stendur „Ísland úr NATO", vera sína eign. Hún afhenti borðann fúslega og kvaðst ekki fara aftur á Þingvöll í dag." Stefnandi hefur sagt, að skýrslan sé ekki rétt. Taskan og borðinn hefðu verið tekin af sér þegar á Þingvöllum. Að skýrslutöku lokinni var stefnanda sleppt.

Þann 9. ágúst 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður lögreglustjóranum í Reykjavík hraðbréf, þar sem lögreglustjóranum er tilkynnt, að hann muni gæta hagsmuna 19 manna vegna þess, sem lögmaðurinn kallar ólögmæta og refsiverða handtöku og frelsissviptingu á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974, svo og líflátshótana af hálfu lögreglu. Í bréfinu fer lögmaðurinn fram á það, að honum séu send afrit allra þeirra skýrslna og gagna, sem lögreglan hafi í fórum sínum vegna ofangreindra atburða, og það sé gert ekki síðar en miðvikudaginn 14. ágúst 1974.

Bréfi lögmannsins er svarað þann 14. ágúst 1974 og þá sagt, að skýrslur um afskipti lögreglunnar af fólkinu 28. júlí 1974 hafi allar verið sendar yfirsakadómaranum í Reykjavík til meðferðar.

Þann 20. ágúst 1974 skrifar Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður ríkissaksóknara bréf, þar sem hann vitnar í bréf lögreglustjórans frá 14. ágúst 1974 og fer þess á leit við ríkissaksóknara, að honum verði sem allra fyrst látin í té ljósrit af gögnum yfir fyrrgreinda atburði. Kemur fram, að lögmaðurinn telur, að ríkissaksóknara hafi borist þessi gögn frá yfirsakadómaranum í Reykjvík þann 16. ágúst 1974.

Þann 20. september 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fjármálaráðherra innheimtubréf, þar sem hann krefst skaðabóta fyrir stefnanda vegna ólögmætrar handtöku á Þingvöllum 28. júlí 1974. Lögmaðurinn vitnar þar til þeirra bréfa, sem hér að framan eru rakin.

Ráðuneytið svarar þessu bréfi 24. september 1974. Þar kemur fram, að ráðuneytið telur þörf á mun ítarlegri upplýsingum um einstök atriði málsins, svo unnt sé að taka afstöðu til kröfugerðar stefnanda. Telur ráðuneytið óhjákvæmilegt, að skýrslur, sem

það telur vera í vörslum yfirsakadómarans í Reykjavík, svo og niðurstöður sakadómsrannsóknar verði fengnar ráðuneytinu í hendur. Þann 26. september 1974 svarar lögmaðurinn bréfi þessu. Hann sendir jafnframt afrit af þessu svarbréfi sínu til ríkissaksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra. Kemur fram í bréfinu, að lögmaðurinn telur skýrslur þær, sem ráðuneytið sé að biðja um, í vörslu ríkissaksóknara. Hann vitnar til þess, að bréfi sínu til fjármálaráðuneytisins hafi fylgt afrit af bréfi hans til ríkissaksóknara, dags. 20. ágúst 1974, þar sem hann sé að fara fram á að fá afrit af þessum skýrslum. Þessari beiðni hans hafi ekki verið sinnt. Lögmaðurinn segir í bréfinu, að sér sé ekki kunnugt um, að nokkur ákvörðun hafi verið tekin um opinbera rannsókn á háttsemi lögreglu og annarra þeirra, sem að frelsisskerðingum stóðu. Því sé ljóst, að uppgjör bótakrafna verði þegar að fara fram. 1/3 hluti fyrningartíma kröfu stefnanda sé þegar liðinn skv. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála og verði hann því að hefjast handa um málshöfðun sem allra fyrst. Hann skýrir að lokum svo frá, að hann muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar, en það sé bótakröfum þessum óviðkomandi.

Þann 30. september 1974 svarar fjármálaráðuneytið bréfi þessu. Í bréfinu bendir ráðuneytið á, að það geti ekki tekið afstöðu til bótaskyldu á þeim gögnum, sem það hafi í höndum. Þá er til þess vitnað, að lögmaðurinn segi í bréfinu, að stefnandi muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar. Telur ráðuneytið, að slík rannsókn muni hafa verulegt upplýsingagildi fyrir þann þátt málsins, sem að ráðuneytinu snúi. Þá er það skýrt tekið fram, að ráðuneytið muni ekki bera fyrir sig fyrningu í máli þessu.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður skrifar ráðuneytinu enn bréf þann 7. október 1974. Er þar tilkynnt, að stefnandi muni ekki geta beðið niðurstöðu opinberrar rannsóknar, þar sem ætla megi skv. reynslu, að það taki langan tíma. Síðan er það tilkynnt, að lögmaður muni bráðlega hefja undirbúning að höfðun einkamáls gegn fjármálaráðuneytinu og ríkissaksóknara skv. 3. tl. 154. gr. laga 74/1974. Þann 7. október 1974 skrifar lögmaðurinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem vakin er athygli á því, sem fram kom í bréfaskriftum hans og fjármálaráðherra, að ein ástæða þess, að ekki sé unnt að leysa ágreining aðilja, sé sú, að hvorki hann né fjármálaráðherra hafi undir höndum skýrslu, sem lögreglan í Reykjavík tók af stefnanda. Þennan sama dag kærir lögmaðurinn til ríkissaksóknara vegna ólögmætrar skerð-

ingar á frelsi 20 umbjóðenda sinna á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974. Þar með er talinn stefnandi.

Þann 18. október 1974 sendir Þórður Björnsson ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík bréf og þau gögn, sem eiga að hafa fylgt bréfi yfirsakadómara 15. ágúst 1974, um uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí 1974 og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Segir í bréfinu, að af ákæruvaldsins hálfu sé þess krafist, að mál þetta verði rannsakað fyrir dómi. Þá eru með bréfinu send þau skjöl, sem Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur sent embættinu. Þann 11. desember 1974 skrifar ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík enn bréf. Er þar vitnað í bréfið frá 18. október 1974. Þá er þar vitnað í bréf fulltrúa yfirsakadómarans, dags. 4. desember 1974. Síðan er tekið fram í bréfinu: „Þess er krafist, að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lögum um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla. Að sjálfsögðu ber að haga yfirheyrslum í samræmi við ákvæði 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.

Jafnframt er þess krafist, að rannsakaðar verði aðgerðir lögreglu af þessu tilefni og þá m. a. aflað vættis lögreglumanna og annarra, ef til eru um það efni."

Samkvæmt upplýsingum stefndu mun sakadómaraembættið enn ekki hafa hafið þessa rannsókn, sem þarna er farið fram á.

Stefnandi byggir málshöfðun sína á því, að hann hafi ekki framið neitt það, sem mælt sé ólöglegt, með því að hafa uppi borða við Flosagjá (Peningagjá) 28. júlí 1974, enda hafi hann hvorki raskað einkahagsmunum né opinberum hagsmunum með því að hafa uppi fyrrgreindan borða. Þá heldur hann því fram, að hann hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem bótakrafa hans er reist á (sbr. 150. gr., 1. tl., laga 74/1974). Lögmælt skilyrði hafi brostið til aðgerðanna og þær hafi verið framkvæmdar á hættulegan, særandi og móðgandi hátt (sbr. 151. gr., 2. tl., laga 74/1974).

Þar sem engin opinber rannsókn sé hafin á hendur stefnanda, sé honum rétt að höfða þetta mál (sbr. 154. gr., 3. tl., laga 74/1974) og að hann eigi rétt til gjafsóknar skv. sama ákvæði. Óhjákvæmilegt hafi verið fyrir stefnanda að draga ekki málshöfðun vegna ákvæða 157. gr. laga 74/1974, enda hafi ósk hans um opinbera rannsókn í bréfi til saksóknara frá 7. október 1974 ekki

verið sinnt, en þar hafi verið um að ræða kæru á hendur þeim, sem að frelsisskerðingunni stóðu.

Af hálfu stefndu er málsástæðum stefnanda algerlega mótmælt. Telja þeir, að fullt tilefni hafi verið til handtökunnar, lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi og að stefnandi hafi engum harðræðum sætt. Stefnandi hafi með framferði sínu sjálfur átt alla sök á aðgerðum lögreglu, þeim sem bótakrafan sé reist á, og verði málssókn hans því að teljast fráleit í alla staði. Stefndu leggja sérstaka áherslu á, að fullkomin samstaða hafi verið meðal allra stjórnmálaflokka á Alþingi og innan þjóðhátíðarnefndar um, að engum skyldi líðast að setja blett á þjóðhátíðina með að gera hana að áróðursvettvangi fyrir stefnumál sín. Þarna hafi verið um pólitískt vopnahlé að ræða. Einn aðili, „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", hafi hins vegar virt öll grið að vettugi. Virðing fyrir helgi þjóðhátíðarinnar hafi orðið að lúta í lægra haldi fyrir freistingunni til að koma áróðri á framfæri við mannfjöldann, sem þarna var saman kominn. Þá sé þess að gæta, að áróðursefni Fylkingarfélaga hafi beinst að afstöðunni til Atlantshafsbandalagsins og bandarísku herstöðvarinnar hér á landi, því pólitíska ágreiningsmáli, sem viðkvæmast sé meðal þjóðarinnar. Ekkert málefni hafi verið líklegra til að koma af stað ólgu og æsingi meðal mannfjöldans en einmitt þetta og ógerlegt sé að segja, hvað af hefði leitt, hefði Fylkingunni verið leyft að halda þessu máli í sviðsljósinu á þjóðhátíðinni lengur en raun varð á. Þá benda þeir á, að aðgerðir Fylkingarmanna á Þingvöllum þennan dag beri glöggan vott um talsverðan undirbúning og skipulagningu af þeirra hálfu og ekki hafi verið um nein handahófskennd vinnubrögð að ræða. Liðinu hafi verið skipt í hópa, þar sem hver hópur hafi haft ákveðið verk að vinna, auk þess sem áróðrinum hafi verið skipulega þannig fyrir komið, að hann næði augum sem flestra hátíðagesta. Skoða verði aðgerðir Fylkingarinnar í heild, en ekki eingöngu út frá atvikunum í sambandi við hverja einstaka handtöku, enda hafi verið um heildaraðgerðir Fylkingarinnar að ræða þennan dag og þáttur hvers einstaks liðsmanns aðeins einn þáttur í þeim.

Stefndu segja:

„Hlutur stefnanda þessa máls í áróðursaðgerðum Fylkingarinnar á þjóðhátíðinni fólst í því, að hann ásamt tveimur öðrum reisti áróðursborða á barmi Flosagjár. Á borðann var letrað stórum stöfum „Ísland úr Nato". Var borðanum haldið þarna nokkra stund.

Þetta atvik gerðist um eftirmiðdaginn, er dagskrá þjóðhátíðarinnar stóð sem hæst. Áróðursborði Fylkingarmanna blasti við hátíðargestum, sem voru flestir saman komnir í brekkunum við Efrivelli, en stór hluti hátíðahaldanna fór þar fram.

Enginn vafi leikur á, að þessar aðgerðir vöktu almenna óánægju og höfðu truflandi áhrif á hátíðahöldin vegna þeirrar ókyrrðar, sem komst á mannfjöldann við þetta. Aðgerðir Fylkingarmanna voru tvímælalaust þess eðlis, að þær gátu stofnað almannafriði og allsherjarreglu í hættu, auk þeirrar truflunar á hátíðinni, sem þær sannanlega orsökuðu. Að þessu leyti voru þær sama marki brenndar og áróðursaðgerðir Fylkingarinnar fyrr um daginn."

Þá segja stefndu:

„Fullvíst er, að atferli stefnanda var ólögmætt, og lögreglan hafði ærið tilefni til þeirra aðgerða, sem gripið var til. Hér að framan hefur því verið lýst, hvernig gerðir Fylkingarmanna á Þingvöllum gengu algerlega í berhögg við allt samkomulag og almennan vilja um snurðulausa framkvæmd þjóðhátíðarinnar, auk þess sem almennar reglur og sérstök fyrirmæli um hátíðina voru þverbrotin með þessum aðgerðum. Framferði stefnanda var því bæði siðferðilega og lagalega ámælisvert, og ljóst, er, að opinberum hagsmunum var raskað eða a. m. k. verulega ógnað með þeim.

Hvað hina síðarnefndu annmarka varðar, bendir allt til, að stefnandi hafi brotið gegn ýmsum beinum lagaákvæðum og öðrum settum réttarreglum. Þau lagaákvæði, sem hér um ræðir, eru fyrst og fremst ýmis ákv. XIII. kafla laga nr. 19/1940 um brot gegn almannafriði og allsherjarreglu, sem augsýnilega hafa verið framin. Hið sama gildir um lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu, en ýmis fyrirmæli hennar hafa ekki verið virt. Auk alls þessa voru fyrirmæli þess opinbera aðila, sem stjórnaði hátíðinni, að engu höfð."

Af þessu leiði, að lögreglan hafi haft beina heimild til að handtaka stefnanda og hindra frekari aðgerðir af hans hálfu, en sú heimild felist m. a. í 1. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Þá vitna stefndu til 18. kafla laga nr. 74/1974. Vitnað er til þess, að skv. 150. gr. megi bætur því aðeins dæma, að almennum skilyrðum bótaskyldu, sem þar séu talin, sé fullnægt. Því fari fjarri, að svo sé hér. Þá er á það bent, að stefnandi hafi ekkert fjártjón beðið. Hann hafi ekki beðið nokkurn miska heldur. Eng-

inn grundvöllur sé því til þess, að honum verði dæmdar bætur vegna aðgerða lögreglunnar. Af hálfu stefndu er þess sérstaklega getið, að ákvörðun varðandi handtökurnar hafi verið algerlega í höndum lögreglunnar sjálfrar og einskis annars aðilja. Hins vegar hafi lögreglunni að sjálfsögðu verið kunnugt um það, að þjóðhátíðarnefnd hafi fengið algert forræði á öllu því, sem fram skyldi fara á Þingvöllum þennan dag, enda hafi lögreglunni verið skylt að sjá til þess, að boðum og bönnum þess opinbera aðilja, sem stjórnaði hátíðinni, væri framfylgt.

Álit dómsins.

Samkvæmt upplýsingum stefndu er dómsrannsókn sú, sem ríkissaksóknari krafðist 18. október 1974 vegna handtöku stefnanda og fleiri á Þingvöllum 28. júlí 1974, enn ekki hafin. Dráttur á því, að þessi rannsókn hefjist, er þegar orðinn slíkur, að krafa um hana ein út af fyrir sig verður ekki talin, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974, koma í veg fyrir, að stefnandi fái úrlausn kröfu sinnar.

Þann 28. júlí 1974 fór fram þjóðhátíð á Þingvöllum samkvæmt fyrirfram boðaðri dagskrá. Fyrir hádegi þann dag hélt Alþingi hátíðafund að Lögbergi. Samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar er Alþingi friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. júní 1974, bar lögreglustjóranum í Reykjavík í samráði við lögreglustjórann í Árnessýslu að skipuleggja og annast löggæslu á þjóðhátíð (sjá 6. gr. laga 56/1972).

Þjóðhátíðarnefnd og lögreglan höfðu spurnir af því daginn fyrir hátíðina, að í ráði væri að hafa í frammi einhvern áróður á hátíðinni fyrir úrsögn úr NATO og brottför Bandaríkjahers. Málefni þetta hefur verið viðkvæmt deilumál og skipt þjóðinni í andstæðar fylkingar allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949. Þá hafði það verið sérstaklega í brennipunkti opinberrar umræðu fyrri hluta árs 1974 vegna áætlana ríkisstjórnarinnar um brottför hersins og undirskriftasöfnunar gegn þeim áformum. Málefni þetta var ekki á dagskrá á Þingvöllum. Framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar hafði rætt það við lögregluyfirvöld, að slíkar aðgerðir samrýmdust ekki hátíðahöldunum. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar eiga menn rétt á að koma saman í friðsamlegum tilgangi, og verður að telja lögreglunni skylt að sjá svo um, að slíkir fundir, sem haldnir eru á lögmæltan hátt, megi fara fram ótruflaðir. Þjóðhátíðarnefnd, sem var í fyrir-

svari fyrir boðaðri hátíð, átti því rétt á, að lögreglan héldi þar uppi lögum og reglu.

Frásögn blaðsins Neista af undirbúningi áróðursaðgerða, yfirlýsing framkvæmdanefndar Fylkingarinnar, sem birtist í Tímanum eftir þjóðhátíðina, og upphaf yfirlýsingarinnar, sem dreift var á Þingvöllum í nafni „Fylkingarinnar, baráttusamtaka sósíalista" þykja sýna, að áróðursaðgerðir þær, sem leiddu til handtöku þriggja hópa fólks á Þingvöllum 28. júlí 1974 hafi verið sameiginlega undirbúnar og verði því að metast sem sameiginlegar aðgerðir. Framburðir hinna handteknu hér fyrir dómi þykja styrkja þessa niðurstöðu. Stefnandi tók þátt í þessum aðgerðum og stóð að því með félögum sínum að hafa uppi borða við Flosagjá, á meðan á hátíðahöldum stóð. Aðgerðir þessar, sem komu í framhaldi af aðgerðum tveggja annarra hópa, voru til þess fallnar að hafa truflandi áhrif á allsherjarreglu á hátíðasvæðinu og voru þannig í andstöðu við áðurnefnda 74. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 61. gr., 1. tl., laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974, og með hliðsjón af 122. gr. laga nr. 19/1940 var lögreglunni þannig heimilt að handtaka stefnanda.

Samkvæmt 38. gr., 1. mgr., laga nr. 73/1973, nú nr. 74/1974, skulu lögreglumenn gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar því sem óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur.

Fram er komið, að stefnandi og félagar hennar voru að taka niður borðann, þá er lögreglumenn komu að og handtóku þau. Engin átök áttu sér stað milli lögreglunnar og þeirra, sem handteknir voru. Hins vegar höfðu þau lent í einhverjum átökum við mann úr Flugbjörgunarsveitinni, sem þarna var til aðstoðar lögreglu. Annað er ekki fram komið en stefnandi og þeir, er handteknir voru með henni, hafi eftir handtökuna hegðað sér í alla staði vel, bæði austur á Þingvöllum og hér á lögreglustöðinni. Á Þingvöllum er engin skýrsla af þeim tekin. Lögreglan kannar ekki, hvort og þá hver hætta var á áframhaldandi truflandi áróðursaðgerðum þeirra. Skýringar lögreglunnar á því, hvers vegna þau eru flutt til Reykjavíkur, eru hæpnar, þegar af þeirri ástæðu, að lögreglan vinnur að skýrslutöku í bifreiðum daglega. Stefnandi er fyrst höfð í haldi í fangageymslu lögreglunnar í Skógarhólum á Þingvöllum og síðan flutt á lögreglustöðina í Reykjavík. Stefnandi er þannig í haldi alls frá 1610 til a. m. k. kl. 1835, að hún kemur fyrir aðstoðaryfirlögregluþjón til skýrslugjafar. Skýrslur lögreglunnar um nauðsyn þess

að halda stefnanda fanginni og flytja hana síðan til Reykjavíkur eru ófullkomnar. Þykir ósannað, að þörf hafi verið á frelsissviptingu svo lengi. Samkvæmt 151. gr., 2. tl., laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974, sbr. 150. gr., 154. gr. og 155. gr. sömu laga ber að taka til greina kröfu stefnanda um miskabætur úr ríkissjóði. Við ákvörðun bóta ber að taka tillit til framferðis stefnanda, sem leiddi til handtökunnar, en það var, eins og áður er sagt, eigi vítalaust. Þá ber enn fremur að taka tillit til þess, að skýrslur stefnanda um undirbúning áróðursaðgerðanna á Þingvöllum eru ófullkomnar, og sé framburður hennar skoðaður í heild, er ljóst, að hún vill víkja sér undan að skýra glögglega frá þessum undirbúningi, sem eðli samkvæmt hlýtur einhver að hafa verið. Þá er mun fyllri grein gerð fyrir undirbúningi aðgerðanna í grein í blaðinu Neista, sem hún er ritstjóri fyrir, og yfirlýsingu Fylkingarinnar í Tímanum, sem hún skrifar undir. Þegar þetta er allt skoðað og aðstæður allar, þykja bætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 15.000 með vöxtum, eins og krafist er í stefnu. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974, telst hann hæfilega ákveðinn kr. 40.000, þar af kr. 30.000 í talsmannslaun.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Birnu Þórðardóttur, kr. 15.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1979.

Nr. 135/1976. **Þuríður Friðjónsdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra og
ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Blöndal hrl.).

Handtaka. Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Sigurður M. Helgason borgarfógeti.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júlí 1976. Krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 50.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Meðal gagna þessara er bréf ríkissaksóknara 18. október 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík, þar sem krafist er rannsóknar fyrir dómi á „uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum“ 28. júlí 1974 og aðgerðum lögreglu af því efni. Í svarbréfi sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1974 er þess óskað, að ríkissaksóknari geri grein fyrir því, að hverju rannsóknin skuli beinast, „þ. e. ólöglegri handtöku eða ólöglegu atferli hinna handteknu“. Í bréfi ríkissaksóknara 11. desember 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík er þess krafist, að rannsökuð verði ætluð brot hinna handteknu og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Með bréfi 16. júlí 1976 til sakadóms Reykjavíkur ítrekaði ríkissaksóknari kröfu sína um dómsrannsókn, er hefja skyldi

tafarlaust. Enn hefur verið lagt fram endurrit af rannsókn, sem fram fór í sakadómi Reykjavíkur dagana 26. júlí til 12. ágúst 1976. Komu þá fyrir dóm m. a. nokkrir menn, sem handteknir höfðu verið á Þingvöllum 28. júlí 1974 og fluttir til Reykjavíkur. Endurrit af dómsrannsókn þessari sendi sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara með bréfi 29. desember 1978.

I.

Áfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði með stefnu 27. janúar 1975 með heimild í 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Á þeim tíma var eigi ljóst, hvort rannsókn yrði hafin á hendur áfrýjanda vegna atviks þessa. Þess er hins vegar að gæta, að áfrýjandi hefur hvorki gefið skýrslu fyrir lögreglu né verið kvödd fyrir sakadóm vegna háttsemi sinnar. Enn fremur kom ekki fram af hálfu ríkissaksóknara við munnlegan flutning máls hér fyrir dómi, þrátt fyrir brýnt tilefni, hvort hann mundi krefjast þess, að rannsókn yrði hafin á hendur áfrýjanda. Þykir hún því, eins og nú er komið, eiga rétt á að fá dóm um þá bótakröfu, sem hún hefur uppi í máli þessu.

II.

Eins og í héraðsdómi greinir, dreifði áfrýjandi dreifibréfi meðal manna og seldi merki nokkur, þegar lögreglumenn komu á vettvang og færðu hana í bækistöð lögreglunnar á Þingvöllum. Var það um kl. 1115 hinn 28. júlí 1974. Fallast má á, að háttsemi áfrýjanda hafi verið til þess fallin að vekja óróa og ólgu meðal þess mikla mannfjölda, sem var á Þingvöllum þennan dag. Var lögreglumönnum því rétt, eins og hér stóð sérstaklega á, að taka dreifibréfin og merkin af áfrýjanda, sbr. 34. gr. laga nr. 74/1974, og færa hana til frumskýrslutöku í bækistöð lögreglunnar. Engin skýrsla var að vísu skráð eftir áfrýjanda og henni leyft að fara ferða sinna eftir skamma hríð. Eins og atvikum var háttað, þykir hún ekki eiga rétt á bótum vegna þessara lögregluaðgerða.

Með þessum athugasemdum ber að sýkna fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, 80.000 krónur.

III.

Í máli þessu voru í héraði lögð fram ýmis skjöl, sem eigi verður talið, að varði úrlausn máls þessa. Þá hefur héraðsdómari hagað skýrslutökum sínum í málinu um margt meira að hætti opinberra mála en einkamála, og varða skýrslur oft atriði, sem eigi skipta máli.

Málabúnaður þessi veldur örðugleikum við könnun sakargagna og mat á þeim og brýtur m. a. í bága við ákvæði 114. gr. laga nr. 85/1936. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir ekki næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Þuríðar Friðjónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur I. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda. Enn fremur fellst ég á athugasemdir þeirra í III. kafla dómsatkvæðisins um misfellur á málatilbúnaði og málsmeðferð í héraði.

II.

Í bréfi ríkissaksóknara til sakadóms Reykjavíkur, dags. 11. desember 1974, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, svo

sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, er þess krafist, „að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lögum um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla". Verður ekki séð, að ákæruvald hafi haft uppi sakargiftir á hendur áfrýjanda um, að háttsemi sú, sem leiddi til handtöku hennar 28. júlí 1974, varðaði hana refsiábyrgð eftir öðrum ákvæðum laga en greind eru í nefndu bréfi.

Dreifing miða og sala merkja þeirra, sem í héraðsdómi getur, gat vakið ólgu og óróa meðal þess mikla mannfjölda, sem var á þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí 1974, svo að af kunni að hljótast röskun á allsherjarreglu. Var lögreglumönnum því rétt, eins og hér stóð á, að stöðva dreifinguna. Hins vegar tel ég ekki hafa verið nægilegt tilefni til, að lögreglumenn handtækju áfrýjanda, svo sem þeir gerðu og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt þessu og með heimild í 151. gr. laga nr. 74/1974 þykir því mega taka til greina kröfu áfrýjanda um fébætur og séu þær hæfilega ákveðnar 25.000 krónur með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstíma vaxtakröfunnar hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Áfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu, og verður stefndi ríkissjóður ekki dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Allan gjafsóknarkostnað áfrýjanda ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun talsmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, tel ég, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Stefndi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Þuríði Friðjónsdóttur 25.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verður ekki dæmdur.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun tals-

manns hennar, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. mars sl., hefur Þuríður Friðjónsdóttir, Lambhóli við Þormóðsstaðaveg, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, framlagðri í dómi þann 6. febrúar 1975, á hendur fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 50.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu stefndu er sótt þing í málinu og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Sáttaumleitanir hafa engan árangur borið.

Þann 28. júlí 1974 var haldin þjóðhátíð á Þingvöllum við Öxará. Hátíðin var haldin til þess að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar.

Hátíðahöld í tilefni 11 alda búsetu í landinu höfðu verið í undirbúningi langa hríð. Alþingi ákvað á árinu 1965, að þessa merkisárs í sögu þjóðarinnar skyldi minnst á viðeigandi hátt, og kaus sjö manna nefnd samkvæmt tilnefningu allra stjórnmálaflokka til að sjá um undirbúning og framkvæmd málsins. Samkvæmt endanlegum tillögum nefndarinnar voru margs konar hátíðahöld ákveðin af þessu tilefni sumarið 1974, þ. á m. héraðshátíðir um land allt. Þá var ákveðið, að þjóðhátíð skyldi vera á Þingvöllum við Öxará 28. júlí 1974.

Í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. í Reykjavík 11. maí 1973, segir: „Ríkisstjórnin hefur að höfðu samráði við þingflokkana ákveðið að fela þjóðhátíðarnefnd að vinna að og gera tillögur um eins dags hátíðahöld á Þingvöllum sumarið 1974.“ Indriði G. Þorsteinsson, sem var framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar, lýsti því fyrir dómi, að nefndin hefði haft samþykki Þingvallanefndar til þess að hafa hátíðahöldin á Þingvöllum þann 28. júlí 1974. Hafi Þingvallanefnd tilnefnt tvo menn til að vera þjóðhátíðarnefnd til ráðuneytis vegna hugsanlegra landskemmda á Þingvöllum, en að öðru leyti hafi nefndin verið alveg frjáls að því að undirbúa Þingvelli undir hátíðahöldin. Sam-

kvæmt lögum nr. 59/1928 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í 2. gr. laganna er mælt fyrir um mörk hins friðhelga lands. Í 4. gr. laganna segir, að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis og ævinlega eign íslensku þjóðarinnar. Í 5. gr. segir, að Þingvallanefnd, skipuð þremur alþingismönnum, hafi fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem tilgreindar séu í 2. gr. laganna.

Þjóðhátíðarnefnd samdi sérstaka dagskrá, og skyldi hún standa frá kl. 1.30 til 7.30 um kvöldið. Hátíð þessi fór fram á svonefndum Efri-Völlum. Fyrir hádegi þennan sama dag hélt Alþingi sérstakan hátíðafund að Lögbergi.

Þann 5. júní 1974 skrifar dóms- og kirkjumálaráðuneytið lögreglustjóranum í Reykjavík bréf. Segir í því bréfi: „Ráðuneytið felur yður, hr. lögreglustjóri, hér með að skipuleggja löggæslu á fyrirhugaðri þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí n.k. svo og að láta í té lögreglulið, er lúti stjórn yðar, til að annast þá löggæslu. Tekur þetta jafnframt til löggæslu á vegum til og frá Þingvöllum í sambandi við þjóðhátíðina.

Um alla framkvæmd þessa ber yður að hafa náið samráð við viðkomandi lögreglustjóra."

Indriði G. Þorsteinsson hefur fyrir dómi lýst því, að sýslumaður í Árnessýslu hafi heimilað þjóðhátíðarnefnd að halda hátíðina þarna á þessum tíma á Þingvöllum. Fram hefur verið lögð svohljóðandi yfirlýsing frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 4. júlí 1974. Þar stendur: „Að gefnu tilefni vegna fyrirspurnar frá ýmsum aðilum skal tekið fram, að sölustarfsemi á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí n.k. er óheimil án leyfis, og slík leyfi verða ekki veitt nema með samþykki þjóðhátíðarnefndar 1974."

Þá hefur framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar skýrt svo frá fyrir dómi, að óskir nefndarinnar til lögreglustjóra varðandi löggæslu á staðnum hefðu fyrst og fremst verið þær, að reynt yrði að hafa hemil á hlutum, þannig að ekki væri um ölvun að ræða, ölvuðu fólki væri vikið burtu af svæðinu og ekkert færi þar fram, meðan dagskrá stæði, annað en það, er henni kæmi við. Hann var að því spurður, hvort það hefði heyrst fyrirfram, að „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", ætluðu að hafa í frammi einhverjar aðgerðir á þjóðhátíðinni. Hann skýrði svo frá, að daginn áður eða kvöldið fyrir hátíðina hefði það frést, að til einhverra slíkra hluta gæti komið. Enginn hafi þó vitað, í hvaða

mæli það yrði. Enda þótt hann hefði allmikið að gera, hefði hann ekið til Reykjavíkur og haft samband við einn ráðherrann í ríkisstjórninni, Magnús Kjartansson, og beðið hann að reyna að koma í veg fyrir þetta, þar sem það samrýmdist ekki hátíðahaldinu. Ráðherrann hafi sagst skyldu reyna það, en ekki geta treyst á, að hann gæti komið í veg fyrir þetta.

Þá sagði framkvæmdastjórinn, að hann hefði rætt málið við lögregluyfirvöld, áður en hann fór til Reykjavíkur. Um það hefði verið rætt, að á meðan á hátíðinni stæði, mundu slíkar aðgerðir ekki samrýmast hátíðahaldinu.

Kl. 1115 sunnudaginn 28. júlí 1974, á meðan yfir stóð þingfundur Alþingis, komu upp tveir borðar á efri brún Almannagjár. Á annan borðann var letrað: „Ísland úr Nato", en hinn „Herinn burt". Á mjög svipuðum tíma barst lögreglunni vitneskja um það, að ungmenni væru að dreifa áróðursbréfum og merkjum á meðal hátíðagesta. Ungmenni þessi voru á og við göngubrú yfir Öxará, sem sérstaklega hafði verið gerð í tilefni hátíðahaldanna. Lögreglan handtók þarna nokkur ungmenni, þ. á m. stefnanda, og lagði hald á bréfin og merkin, sem þau höfðu meðferðis. Dreifibréfið var undirritað: „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", og var það samkvæmt upphafi sínu sérstaklega útbúið í tilefni hátíðarinnar á Þingvöllum. Á merkinu stóð hins vegar: „Herinn burt".

Kl. 1610 þennan sama dag veittu lögreglumenn því eftirtekt, að gulur borði, sem á stóð: „Ísland úr Nato", hafði verið strengdur á milli fólks á syðri barmi Peningagjár. Þegar þetta var, stóð hátíðadagskrá yfir, og var verið að leika þjóðsöng Bandaríkjanna á hátíðasvæðinu, en að honum loknum átti fulltrúi Bandaríkjanna að flytja ávarp sitt. Í blaðinu Neista, sem útgefið er af „Fylkingunni, baráttusamtökum sósíalista", segir í grein, sem birtist eftir þjóðhátíð: „Undir ávarpið sem dreift var á Þingvöllum skrifaði Fylkingin ein, en í aðgerðunum tóku þátt bæði Fylkingarfélagar og aðrir. En skömmu fyrir þjóðhátíðina var reynt að ná saman hópi herstöðvaandstæðinga til að ræða hugsanlegar aðgerðir, og var m. a. reynt að kalla saman framkvæmdanefnd Samtaka herstöðvaandstæðinga. Það tókst þó ekki. Meira líf er ekki í þeim samtökum. Flestir þeirra, sem talað var við, töldu, að eitthvað þyrfti að gera. Þeir voru þó færri, sem vildu fórna tíma sínum til að gera eitthvað. Kannað var hvort Alþýðubandalagið vildi taka þátt í hugsanlegum aðgerðum, en það stóð þá í stjórnarviðræðnamakki og var ekki á

lausu. Þessu lauk með því að Fylkingin gaf út dreifirit og þessi að mestu sami litli hópur fór enn einu sinni að útbúa borða".

Í dagblaðinu Tímanum, sem út kom skömmu eftir þjóðhátíð, birtist yfirlýsing frá framkvæmdanefnd Fylkingarinnar, undirrituð af Birnu Þórðardóttur, en Birna var ein þeirra, sem handtekin var á Þingvöllum, þar sem hún hafði staðið að því að strengja borða við Peningagjá. Í yfirlýsingu þessari segir: „Á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí gerðist það að 20 manns voru handteknir af lögreglu, flutt til Reykjavíkur og haldið föngnum allt að 5 klst. Tilefni handtökunnar var annars vegar dreifing á dreifiriti gegn bandarísku herstöðinni á Íslandi og veru landsins í NATO og hins vegar borðar með sams konar áletrunum. Að sögn lögreglunnar voru handtökurnar framkvæmdar að ósk þjóðhátíðarnefndar. Lögreglan kvað þjóðhátíðarnefnd bera því við að engin utanaðkomandi dagskráratriði væru leyfileg á þjóðhátíðinni á Þingvöllum en tilkynning um þetta hafði hvergi verið tilkynnt fyrirfram og því síður útskýring á hvað slík tilskipun þýddi. Þarna voru aðrir hópar, svo sem trúarsöfnuðurinn Guðsbörn, dreifandi dreifiblöðum sínum allan dag þjóðhátíðarinnar og látin óátalin. Einnig var látin óátalin auglýsing fyrir Morgunblaðið, er blasti við augum manna á hátíðarsvæðinu.

Í handtökum tuttugumenninganna felst því hrein skoðanakúgun og með þeim hefur þjóðhátíðarnefnd skipað sér í raðir með forsvarsmönnum undirskriftar Varins lands, sem ekki virðist gera sér grein fyrir því, að tjáningarfrelsi er í landinu samkvæmt stjórnarskrá." Síðan mótmælir framkvæmdanefnd Fylkingarinnar harðlega þeim pólitísku ofsóknum, er þeir telja felast í ákvörðun þjóðhátíðarnefndar.

Fram er komið í málinu, að það er rétt, að trúarsöfnuðurinn Guðsbörn dreifði dreifiblöðum á þjóðhátíð. Lögreglan kveðst hafa haft einhver afskipti af þeim, en enginn var handtekinn í því sambandi.

Sveinn Allan Morthens, sem handtekinn var um leið og stefnandi, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann og félagar hans hefðu sjálfsagt verið búnir að dreifa bréfum í um 20 mín. eða svo, þegar lögreglan kom. Er lögreglan kom að honum, þeir hafi verið tveir saman óeinkennisklæddir, hafi annar gengið beint að honum og þrifið af honum þau blöð, sem hann var með undir höndum, en hinn hafi tekið upp lögregluskírteini og sagt: „Þú ert handtekinn". Þá hafi lögreglumennirnir verið þegar bún-

ir að handtaka nokkra félaga hans. Hann sagði, að þau hefðu verið um sjö eða átta, sem þarna hefðu verið við dreifingu. Hann kvaðst ekki hafa sýnt neinn mótþróa. Hann kvaðst ekki vita, hvenær ákvörðun var tekin um að dreifa þessum bréfum á Þingvöllum. Hann hafi, þegar hann kom á Þingvöll, hitt fyrir fólk, sem hann þekkti, og einhver þeirra haft dreifibréf undir höndum og spurt, hvort hann vildi vera með í að dreifa, og hann hafi verið mjög fús til þess.

Stefán Gunnar Hjálmarsson, sem handtekinn var um leið og stefnandi, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi heyrt það á skotspónum nokkrum dögum fyrir þjóðhátíð, að dreifa ætti þessum dreifibréfum á Þingvöllum. Hann skýrði svo frá, að hann hefði vitað um það fyrirfram, að til stóð að koma upp borðum uppi á efri brún Almannagjár. Hann hefði heyrt það um líkt leyti og það barst í tal, að dreifa ætti bréfunum. Hann kvaðst ekki vita, hvort segja mætti, að menn hafi bundist samtökum um þetta, en eins og komið hafi í ljós, hafi fólk verið þarna bæði með borða og dreifibréf. Hann var að því spurður, hvort það hefðu verið sömu samtök, sem sáu um að koma upp borðunum, og þau, sem skrifuðu undir dreifibréfið. Hann kvaðst ekki vita, hvað segja ætti um það, hvort þetta hefði verið framkvæmt af Fylkingunni beinlínis, en svo hljóti auðvitað að vissu leyti að vera. Það hlytu að vera einhver tengsl á milli þess, að dreifibréfinu var dreift og borðinn var settur þarna upp.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að hún hafi tekið þátt í að dreifa dreifibréfinu og einnig hafi hún selt merkið, sem á stóð „Herinn burt". Hún kvaðst ekki muna, á hvað merkið var selt, en geta trúað, að það hefði verið selt á 50 kr. Hún var að því spurð, hvort hún áliti, að eitthvert samband væri milli þess fólks, sem dreifði bréfinu, og þess, sem hafði uppi borðana á efri barmi Almannagjár. Hún kvaðst ekki vita það, en geta vel trúað því. Hún kvaðst þekkja sumt af því fólki, sem hafði uppi borðana. Hún sagði, að óeinkennisklæddur maður hefði komið að sér, tekið í sig og hrifsað af sér bréfin. Hún var að því spurð, hvort hann hefði ekki beðið hana að afhenda bréfin. Hún svaraði: „Jú, hann gerði það".

Fram hefur verið lögð skýrsla lögreglunnar í Reykjavík frá sunnudeginum 28. júlí 1974. Segir þar, að skýrslan varði handtöku á Þingvöllum vegna dreifingar á áróðursbréfum og merkjum.

Skýrsla þessi er undirrituð af Þorsteini J. Jónssyni lögreglu-

þjóni, og kveðst hann kl. 1115 hafa verið við löggæslu, þar sem þingfundur Alþingis stóð yfir á Lögbergi. Hafi þá borist til hans vitneskja um, að ungmenni væru að dreifa áróðursbréfum og merkjum meðal hátíðagesta. Honum hafi verið falið að hafa upp á þessu fólki, handtaka það og flytja að stjórnstöð lögreglunnar á Þingvöllum. Með honum hafi verið lögregluþjónn nr. 84. Síðan segir: „Skömmu seinna veittum við athygli nokkrum ungmennum á og við hina nýju göngubrú á Öxará, þar sem þau voru að dreifa bréfum og merkjum á meðal gestanna. Við vorum óeinkennisklæddir og kynntum okkur því fyrir þessu fólki og tilkynntum því, að það yrði að fylgja okkur að stjórnstöð lögreglunnar vegna þess, að það væri í óleyfi að dreifa bréfum og merkjum. Við lögðum hald á það af bréfum og merkjum, sem það hafði meðferðis. Fólkið var kurteist og fylgdi okkur strax að lögreglustöðinni. Einhverjir mótmæltu þó handtöku á þeim forsendum, að þeir væru þarna í fullum rétti, ekkert það stæði í stjórnarskránni, sem bannaði slíka dreifingu.“ Sýnishorn dreifibréfsins og merkisins, sem fólkið var að dreifa, hefur verið lagt fram. Þarna voru handteknir: Sveinn Rúnar Hauksson, Reynimel 66, Reykjavík, Sveinn Allan Morthens, Gnoðarvogi 24, Reykjavík, Óskar Guðmundsson, Skipasundi 54, Reykjavík, Rafn Guðmundsson, Lambhóli við Þormóðsstaðaveg, Stefán Hjálmarsson, Snorrabraut 67, Reykjavík, Eiríkur Brynjólfsson, Bárugötu 13, Reykjavík, og Bragi Bergsteinsson, Sunnuvegi 23, Reykjavík. Þá var þarna handtekin Þuríður Friðjónsdóttir, Lambhóli við Þormóðsstaðaveg, en henni var sleppt á Þingvöllum.

Þorsteinn Jónsson hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi. Hann var að því spurður, hvort dreifing bréfanna hefði haft truflandi áhrif á hátíðahaldið. Hann sagði, að sér hafi virst, að bæði merkja- og bréfadreifingin og það, sem fór fram uppi á Almannagjárbarminum, hefði truflandi áhrif. Hann var að því spurður, hvort dreifing bréfanna, skoðuð út af fyrir sig, hefði haft truflandi áhrif á hátíðahöldin. Hann svaraði því svo: „Ef við leiðum hugann að því, að maður, sem þarna fær upp í hendurnar lesmál, þá er hann hættur að hugsa um það, sem er að gerast á hátíðinni sjálfri.“ Hann tók það fram, að enginn hávaði hefði verið í þessu fólki. Hann sagði fólkið ekki hafa sýnt andspyrnu, nema þá í orðum. Hann var að því spurður, hvort þeir hefðu, áður en þeir tóku plöggin af fólkinu, beðið það um að afhenda þau sjálfviljug. Hann svaraði svo: „Já, ég held, að við höfum gert það, og einnig tókum við bunka, sem það hélt á í höndunum.“ Hann var að því

spurður, hvort hann hefði frétt um einhverja fleiri en þau, sem handtekin voru, sem væru að dreifa þessu. Hann kvaðst ekki vita, hvort allt þetta fólk var handtekið, en vissulega hefði verið grunur um, að fleiri væru við dreifingu annars staðar. Þeir hefðu ekki búist við, að þeir væru búnir að ná öllu upplaginu. Hann var að því spurður, hvort það hefði ekki komið fram í yfirheyrslu eða í samtölum við fólkið, hvort þeir hefðu náð öllu upplaginu. Hann kvaðst ekkert vita um það, þar sem hann hefði skilið við fólkið við stjórnstöðina.

William Möller, fulltrúi lögreglustjóra, hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að hann hafi frétt af fólki í vörslu lögreglunnar í fangageymslu inni í Bolabás. Þarna sé hesthús, sem hugsað hafi verið sem bækistöð lögreglunnar í sambandi við löggæslu á þjóðhátíðardegi. Talin hafi verið ástæða til, að hann ræddi við þetta fólk. Hann hefði farið þarna inn eftir. Hann hafi rætt óformlega við fólkið í heild og ekki tekið það til yfirheyrslu sem slíkt. Fólkið hafi strax mótmælt handtöku. Hann sagði engar aðstæður hafa verið til skýrslutöku af fólki þarna á staðnum. Hann kvaðst hafa sagt fólkinu, að hann teldi nauðsynlegt að taka skýrslu af því og þar sem ekki væri aðstaða til að gera það á staðnum, teldi hann rétt að flytja það til lögreglustöðvar í Reykjavík. Hann sagði góðan róm hafa verið gerðan að þessu hjá fólkinu, að það fengi að tjá sig um þetta. Stefnandi hafði ungt barn sitt með sér á þjóðhátíðina. Hún kom því á framfæri við William Möller, að barnið væri þarna á hátíðinni, og var henni þá sleppt og það án þess að skýrsla væri af henni tekin. Óupplýst er, hversu lengi hún var í haldi.

Þann 9. ágúst 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður lögreglustjóranum í Reykjavík hraðbréf, þar sem lögreglustjóranum er tilkynnt, að hann muni gæta hagsmuna 19 manna vegna þess, sem lögmaðurinn kallar ólögmæta og refsiverða handtöku og frelsissviptingu á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974, svo og líflátshótana af hálfu lögreglu. Í bréfinu fer lögmaðurinn fram á það, að honum verði send afrit allra þeirra skýrslna og gagna, sem lögreglan hafi í fórum sínum vegna ofangreindra atburða, og það sé gert ekki síðar en miðvikudaginn 14. ágúst 1974.

Bréfi lögmannsins er svarað þann 14. ágúst 1974 og þá sagt, að skýrslur um afskipti lögreglunnar af fólkinu 28. júlí 1974 hafi allar verið sendar yfirsakadómaranum í Reykjavík til meðferðar.

Þann 20. ágúst 1974 skrifar Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður ríkissaksóknara bréf, þar sem hann vitnar í bréf lög-

reglustjórans frá 14. ágúst 1974, og fer þess á leit við ríkissaksóknara, að honum verði sem allra fyrst látin í té ljósrit af gögnum yfir fyrrgreinda atburði. Kemur fram, að lögmaðurinn telur, að ríkissaksóknara hafi borist þessi gögn frá yfirsakadómaranum í Reykjavík þann 16. ágúst 1974.

Þann 20. september 1974 sendir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fjármálaráðherra innheimtubréf, þar sem hann krefst skaðabóta fyrir stefnanda vegna ólögmætrar handtöku á Þingvöllum 28. júlí 1974. Lögmaðurinn vitnar þar til þeirra bréfa, sem hér að framan eru rakin.

Ráðuneytið svarar þessu bréfi 24. september 1974. Þar kemur fram, að ráðuneytið telur þörf á mun ítarlegri upplýsingum um einstök atriði málsins, svo unnt sé að taka afstöðu til kröfugerðar stefnanda. Telur ráðuneytið óhjákvæmilegt, að skýrslur, sem það telur vera í vörslum yfirsakadómarans í Reykjavík, svo og niðurstöður sakadómsrannsóknar verði fengnar ráðuneytinu í hendur.

Þann 26. september 1974 svarar lögmaðurinn bréfi þessu. Hann sendir jafnframt afrit af þessu svarbréfi sínu til ríkissaksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra. Kemur fram í bréfinu, að lögmaðurinn telur skýrslur þær, sem ráðuneytið sé að biðja um, í vörslu ríkissaksóknara. Hann vitnar til þess, að bréfi sínu til fjármálaráðuneytisins hafi fylgt afrit af bréfi hans til ríkissaksóknara, dags. 20. ágúst 1974, þar sem hann sé að fara fram á að fá afrit af þessum skýrslum. Þessari beiðni hans hafi ekki verið sinnt. Lögmaðurinn segir í bréfinu, að sér sé ekki kunnugt um, að nokkur ákvörðun hafi verið tekin um opinbera rannsókn á háttsemi lögreglu og annarra þeirra, sem að frelsisskerðingum stóðu. Því sé ljóst, að uppgjör bótakrafna verði þegar að fara fram. 1/3 hluti fyrningartíma kröfu stefnanda sé þegar liðinn skv. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála og verði hann því að hefjast handa um málshöfðun sem allra fyrst. Hann skýrir að lokum svo frá, að hann muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar, en það sé bótakröfum þessum óviðkomandi.

Þann 30. september 1974 svarar fjármálaráðuneytið bréfi þessu. Í bréfinu bendir ráðuneytið á, að það geti ekki tekið afstöðu til bótaskyldu á þeim gögnum, sem það hafi í höndum. Þá er til þess vitnað, að lögmaðurinn segi í bréfinu, að stefnandi muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar. Telur ráðuneytið, að slík rannsókn muni hafa verulegt upplýsingagildi fyrir þann þátt málsins, sem að ráðuneytinu snúi. Þá er það skýrt tek-

ið fram, að ráðuneytið muni ekki bera fyrir sig fyrningu í máli þessu.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður skrifar ráðuneytinu enn bréf þann 7. október 1974. Er þar tilkynnt, að stefnandi muni ekki geta beðið niðurstöðu opinberrar rannsóknar, þar sem ætla megi skv. reynslu, að það taki langan tíma. Síðan er það tilkynnt, að lögmaður muni bráðlega hefja undirbúning að höfðun einkamáls gegn fjármálaráðuneytinu og ríkissaksóknara skv. 3. tl. 154. gr. laga 74/1974. Þann 7. október 1974 skrifar lögmaðurinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem vakin er athygli á því, sem fram kom í bréfaskriftum hans og fjármálaráðherra, að ein ástæða þess, að ekki sé unnt að leysa ágreining aðilja, sé sú, að hvorki hann né fjármálaráðherra hafi undir höndum skýrslu, sem lögreglan í Reykjavík tók af stefnanda. Þennan sama dag kærir lögmaðurinn til ríkissaksóknara vegna ólögmætrar skerðingar á frelsi 20 umbjóðenda sinna á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974. Þar með er talinn stefnandi.

Þann 18. október 1974 sendir Þórður Björnsson ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík bréf og þau gögn, sem eiga að hafa fylgt bréfi yfirsakadómara 15. ágúst 1974, um uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí 1974 og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Segir í bréfinu, að af ákæruvaldsins hálfu sé þess krafist, að mál þetta sé rannsakað fyrir dómi. Þá eru með bréfinu send þau skjöl, sem Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur sent embættinu. Þann 11. desember 1974 skrifar ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík enn bréf. Er þar vitnað í bréfið frá 18. október 1974. Þá er þar vitnað í bréf fulltrúa yfirsakadómarans, dags. 4. desember 1974. Síðan er tekið fram í bréfinu: „Þess er krafist, að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lögum um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla. Að sjálfsögðu ber að haga yfirheyrslum í samræmi við ákvæði 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.

Jafnframt er þess krafist, að rannsakaðar verði aðgerðir lögreglu af þessu tilefni og þá m. a. aflað vættis lögreglumanna og annarra, ef til eru um það efni."

Samkvæmt upplýsingum stefndu mun sakadómaraembættið enn ekki hafa hafið þessa rannsókn, sem þarna er farið fram á.

Stefnandi byggir málshöfðun sína á því, að hún hafi ekki framið neitt það, sem mælt sé ólöglegt, með því að afhenda dreifi-

bréf á þjóðhátíð 28. júlí 1974, enda hafi hún hvorki raskað einkahagsmunum né opinberum hagsmunum með því. Hún hafi ekki verið beðin að hætta dreifingu og ekki tjáð, að það væri ólöglegt eða bannað. Hún hafi engan mótþróa veitt, en verið þó haldið fanginni í stöð lögreglu á Þingvöllum án skýringa. Hún heldur því fram, að hún hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem bótakrafa hennar er reist á (sbr. 150. gr., 1. tl., laga 74/1974). Lögmælt skilyrði hafi brostið til aðgerðanna og þær hafi verið framkvæmdar á hættulegan, særandi og móðgandi hátt (sbr. 151. gr., 2. tl., laga 74/1974).

Þar sem engin opinber rannsókn sé hafin á hendur stefnanda, sé henni rétt að höfða mál (sbr. 154. gr., 3. tl., laga 74/1974) og að hún eigi rétt til gjafsóknar skv. sama ákvæði. Óhjákvæmilegt hafi verið fyrir stefnanda að draga ekki málshöfðun vegna ákvæða 157. gr. laga 74/1974, enda hafi ósk hennar um opinbera rannsókn í bréfi til saksóknara frá 7. október 1974 ekki verið sinnt, en þar hafi verið um að ræða kæru á hendur þeim, sem að frelsisskerðingunni stóðu.

Af hálfu stefndu er málsástæðum stefnanda algerlega mótmælt. Telja þeir, að fullt tilefni hafi verið til handtökunnar, lögmælt skilyrði verið fyrir hendi og að stefnandi hafi engum harðræðum sætt. Stefnandi hafi með framferði sínu sjálfur átt alla sök á aðgerðum lögreglu, þeim, sem bótakrafan sé reist á, og verði málssókn hans því að teljast í alla staði fráleit. Stefndu leggja sérstaka áherslu á, að fullkomin samstaða hafi verið meðal allra stjórnmálaflokka á Alþingi og innan þjóðhátíðarnefndar um, að engum skyldi líðast að setja blett á þjóðhátíðina með að gera hana að áróðursvettvangi fyrir stefnumál sín. Þarna hafi verið um pólitískt vopnahlé að ræða. Einn aðili, „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista", hafi hins vegar virt öll grið að vettugi. Virðing fyrir helgi þjóðhátíðarinnar hafi orðið að lúta í lægra haldi fyrir freistingunni til að koma áróðri á framfæri við mannfjöldann, sem þarna var saman kominn. Þá sé þess að gæta, að áróðursefni Fylkingarfélaga hafi beinst að afstöðunni til Atlantshafsbandalagsins og bandarísku herstöðvarinnar hér á landi, því pólitíska ágreiningsmáli, sem viðkvæmast sé meðal þjóðarinnar. Ekkert málefni hafi verið líklegra til að koma af stað ólgu og æsingi meðal mannfjöldans en einmitt þetta og ógerlegt sé að segja, hvað af hefði leitt, hefði Fylkingunni verið leyft að halda þessu máli í sviðsljósinu á þjóðhátíðinni lengur en raun varð á. Þá benda þeir á, að aðgerðir Flkingarmanna á Þingvöllum þenn-

an dag beri glöggan vott um talsverðan undirbúning og skipulagningu af þeirra hálfu og ekki hafi verið um nein handahófskennd vinnubrögð að ræða. Liðinu hafi verið skipt í hópa, þar sem hver hópur hafi haft ákveðið verk að vinna, auk þess sem áróðrinum hafi verið skipulega þannig fyrir komið, að hann næði augum sem flestra hátíðagesta. Skoða verði aðgerðir Fylkingarinnar í heild, en ekki eingöngu út frá atvikum í sambandi við hverja einstaka handtöku, enda hafi verið um heildaraðgerðir Fylkingarinnar að ræða þennan dag og þáttur hvers einstaks liðsmanns aðeins einn þáttur í þeim.

Af þessum sökum hafi framferði stefnanda verið bæði siðferðilega og lagalega ámælisvert og ljóst sé, að opinberum hagsmunum hafi verið raskað, a. m. k. verulega ógnað. Í þessu sambandi er t. d. bent á 36. gr. stjórnarskrárinnar um, að enginn megi raska friði Alþingis. Bent er á, að stefnandi hafi brotið gegn ákvæðum 13. kafla laga nr. 19/1940. Sama gildi um lögreglusamþykkt fyrir Árnessýslu, en ýmis fyrirmæli hennar hafi ekki verið virt. Auk alls þessa hafi fyrirmæli ýmissa opinberra aðilja, sem stjórnuðu hátíðinni, verið að engu höfð. Af þessu leiði, að lögreglan hafi haft beina heimild til að handtaka stefnanda og hindra frekari aðgerðir af hennar hálfu, en sú heimild felist m. a. í 1. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þá hafi lögreglan haft óbeinar handtökuheimildir, sem m. a. felist í ýmsum greinum lögreglusamþykktar fyrir Árnessýslu, einkum 1. kafla hennar. Ýmsar óbeinar valdbeitingarheimildir felist jafnframt í 34. gr. laga nr. 74/1974.

Þá vitna stefndu til 18. kafla laga nr. 74/1974. Vitnað er til þess, að skv. 150. gr. megi bætur því aðeins dæma, að almennum skilyrðum bótaskyldu, sem þar séu talin, sé fullnægt. Því fari fjarri, að svo sé hér. Þá er á það bent, að stefnandi hafi ekkert fjártjón beðið. Hún hafi ekki beðið nokkurn miska heldur. Enginn grundvöllur sé því til þess, að henni verði dæmdar bætur vegna aðgerða lögreglunnar. Af hálfu stefndu er þess sérstaklega getið, að ákvörðun varðandi handtökurnar hafi verið algerlega í höndum lögreglunnar sjálfrar og einskis annars aðilja. Hins vegar hafi lögreglunni að sjálfsögðu verið kunnugt um það, að þjóðhátíðarnefnd hafi fengið algert forræði á öllu því, sem fram skyldi fara á Þingvöllum þennan dag, enda hafi lögreglunni verið skylt að sjá til þess, að boðum og bönnum þess opinbera aðilja, sem stjórnaði hátíðinni, væri framfylgt.

Álit dómsins.

Samkvæmt upplýsingum stefndu er dómsrannsókn sú, sem ríkissaksóknari krafðist 18. október 1974 vegna handtöku stefnanda og fleiri á Þingvöllum 28. júlí 1974, enn ekki hafin. Dráttur á því, að þessi rannsókn hefjist, er þegar orðinn slíkur, að krafa um hana út af fyrir sig verður ekki talin, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974, koma í veg fyrir, að stefnandi fái úrlausn kröfu sinnar.

Þann 28. júlí 1974 fór fram þjóðhátíð á Þingvöllum samkvæmt fyrirfram boðaðri dagskrá. Fyrir hádegi þann dag hélt Alþingi hátíðafund á Lögbergi. Samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar er Alþingi friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. júní 1974, bar lögreglustjóranum í Reykjavík í samráði við lögreglustjórann í Árnessýslu að skipuleggja og annast löggæslu á þjóðhátíð.

Þjóðhátíðarnefnd og lögreglan höfðu spurnir af því daginn fyrir hátíðina, að í ráði væri að hafa í frammi einhvern áróður á hátíðinni fyrir úrsögn úr NATO og brottför Bandaríkjahers. Málefni þetta hefur verið viðkvæmt deilumál og skipt þjóðinni í andstæðar fylkingar allt frá því að Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949. Þá hafði það verið sérstaklega í brennipunkti opinberrar umræðu fyrri hluta árs 1974 vegna áætlana ríkisstjórnarinnar um brottför hersins og undirskriftasöfnunar gegn þeim áformum. Málefni þetta var ekki á dagskrá á Þingvöllum. Framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar hafði rætt það við lögregluyfirvöld, að slíkar aðgerðir samrýmdust ekki hátíðahöldunum. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar eiga menn rétt á að koma saman í friðsamlegum tilgangi, og verður að telja lögreglunni skylt að sjá svo um, að slíkir fundir, sem haldnir eru á lögmæltan hátt, megi fara fram ótruflaðir.

Frásögn blaðsins Neista af undirbúningi áróðursaðgerða, yfirlýsing framkvæmdanefndar Fylkingarinnar, sem birtist í „Tímanum" eftir þjóðhátíðina og upphaf yfirlýsingarinnar, sem dreift var á Þingvöllum í nafni „Fylkingarinnar, baráttusamtaka sósíalista", þykja sýna, að áróðursaðgerðir þær allar, sem leiddu til handtöku þriggja hópa fólks á Þingvöllum 28. júlí 1974, hafi verið sameiginlega undirbúnar og verði því að metast sem sameiginlegar aðgerðir. Framburðir hinna handteknu hér fyrir dómi þykja styrkja þessa niðurstöðu. Stefnandi tók þátt í þessum aðgerðum og stóð að því með félögum sínum að afhenda dreifibréf

„Fylkingarinnar, baráttusamtaka sósíalista“, og samkvæmt framburði sínum að selja merki, sem á stóð „Herinn burt“, meðan á fundi Alþingis stóð. Á sama tíma hafði annar hópur uppi borða á efri barmi Almannagjár. Aðgerðir beggja þessara hópa voru sem heild til þess fallnar að hafa truflandi áhrif á fund Alþingis og allsherjarreglu á hátíðasvæðinu og voru þannig í andstöðu við 36. og 74. gr. stjórnarskrárinnar. Þá var sölustarfsemi stefnanda í andstöðu við auglýsingu lögreglustjórans í Árnessýslu um, að þjóðhátíðarnefnd ætti að gefa leyfi til allrar sölustarfsemi á svæðinu. Að öllu þessu athuguðu þykir sem lögreglan hafi mátt hafa afskipti af stefnanda.

Stefnandi var handtekin og höfð í vörslu lögreglunnar í bráðabirgðahúsnæði hennar í Skógarhólum. Þegar upp kom, að stefnandi hafði með sér á Þingvöllum lítið barn sitt, ákvað fulltrúi lögreglustjóra, að henni skyldi sleppt á Þingvöllum, og var hún ekki flutt til Reykjavíkur eins og aðrir þeir, er með henni voru við dreifingu bréfanna. Þegar þetta er athugað, þykir ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir meira óhagræði af hálfu lögreglunnar en athafnir hennar gáfu tilefni til, og ber því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 greiðist gjafsóknarkostnaður úr ríkissjóði, þar með kr. 30.000 í talsmannslaun.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal sýkn af kröfum stefnanda, Þuríðar Friðjónsdóttur, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talið kr. 30.000 í talsmannslaun, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1979.

Nr. 218/1977. **Sigfús J. Johnsen**
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
Eignamiðluninni s/f
og gagnsök
(Sigurður Ólason hrl.).

Fasteignaviðskipti. Söluþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. desember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. desember 1977, sbr. 3. málsgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér 540.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 5. mars 1976 til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar, auk vaxta, svo sem að framan greinir. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til raka héraðsdóms þykir gagnáfrýjandi eiga rétt til nokkurrar þóknunar fyrir að hafa komið á sambandi milli manns þess, er keypti fasteign aðaláfrýjanda, og aðaláfrýjanda. Meginþáttur sölustarfsins kom þó í hlut annarrar fasteignasölu, en hún annaðist og um sölu tveggja íbúða, er nefndur kaupandi seldi, og var sú sala forsenda fyrir kaupum hans á fasteign aðaláfrýjanda. Þegar litið er til aðdraganda að fasteignaviðskiptum þeim, er málið fjallar um, og til vinnu gagnáfrýjanda, þykir þóknun hans samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 47/1938 hæfilega ákveðin 135.000 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýj-

anda þá fjárhæð ásamt 13% ársvöxtum frá 24. maí 1976, þegar aðaláfrýjanda var birt héraðsdómsstefna. Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 100.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigfús J. Johnsen, greiði gagnáfrýjanda, Eignamiðluninni s/f, 135.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 24. maí 1976 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 1. september 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 1. september, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 171/1976: Eignamiðlunin gegn Sigfúsi Johnsen, á bæjarþingi Hafnarfjarðar.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Eignamiðlunin s/f, Vonarstræti 12, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 24. maí 1976, á hendur Sigfúsi Johnsen, nú til heimilis að Leirubakka 20, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 620.000 með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1976 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Eigendur Eignamiðlunarinnar eru Jón Guðmundsson og Sverrir Kristinsson.

MÁLAVEXTIR.

Snemma í febrúarmánuði árið 1976 fól stefndi nokkrum fasteignasölufyrirtækjum í Reykjavík að annast sölutilraunir á fasteign sinni, Markarflöt 53 í Garðakaupstað. Meðal þessara fasteignasölufyrirtækja voru fyrirtæki stefnanda og Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður stefnda. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi skýrt frá því, að fasteignin mundi fyrst um sinn vera aðeins til sölu hjá stefnanda. Við þetta hefur stefndi ekki viljað kannast. Agnar Gústafsson kveður stefnda hafa sagt, að eignin væri til sölu hjá einu öðru

fasteignasölufyrirtæki, þ. e. stefnanda. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að eignin hafi verið auglýst fyrst af þeirra hálfu þann 8. febrúar 1976 og að eignin hafi verið skoðuð, verðmetin og sett á söluskrá þann 9. febrúar 1976. Verðið var ákveðið 31 millj. króna, útborgun 18-20 millj. króna. Eignin var auglýst til sölu í dagblöðum bæði á vegum Eignamiðlunar og Agnars Gústafssonar, m. a. kom auglýsing frá stefnanda í Morgunblaðinu þann 18. febrúar.

Samkvæmt því, sem fram er haldið af hálfu stefnanda, kom Valdimar Björnsson skipstjóri, nú til heimilis að Markarflöt 53 í Garðakaupstað, á skrifstofu stefnanda þennan dag og fékk upplýsingar um eignina. Meðal þeirra upplýsinga kveða stefnendur hafa verið verðið, kr. 31.000.000, miðað við 18-20 millj. króna útborgun, nafn, síma og heimilisfang seljanda.

Valdimar fór síðan ásamt konu sinni heim til stefnda að Markarflöt 53, hitti þar fyrir eiginkonu hans og skoðaði eignina. Valdimar kveður þetta hafa átt sér stað í fyrri hluta febrúarmánaðar, en kveðst þó aðspurður ekki viss um það. Hann segist hafa lesið auglýsingu frá stefnanda í Morgunblaðinu og farið af því tilefni á skrifstofu Eignamiðlunarinnar. Hann segist einnig hafa haft samband við Agnar Gústafsson um sama leyti, en þó eftir að hann skoðaði húseignina samkvæmt tilvísun stefnanda. Eiginkona Valdimars, Steinunn Guðmundsdóttir, segir einnig, að þau hafi upphaflega skoðað húsið eftir tilvísun Eignamiðlunarinnar. Hún segist ábyggilega halda, að eignin hafi ekki borist í tal milli þeirra hjóna og Agnars Gústafssonar áður. Agnar kveðst hafa hringt í Valdimar og sagt honum frá eigninni 17. eða 18. febrúar. Hann kveðst síðan hafa hringt í Valdimar einum eða tveimur dögum síðar, þá kveður hann Valdimar hafa sagt, að hann hefði ekki áhuga á húsinu, þar sem honum fyndist það of dýrt. Hann kveðst þá hafa talið, að Valdimar hefði engan áhuga á kaupunum. Valdimar kveður hafa verið hringt frá Eignamiðluninni, eftir að hann skoðaði húsið. Hann kveðst hafa sagt, að hann hefði ekki áhuga á kaupunum. Jón Guðmundsson, annar sameigandi Eignamiðlunarinnar s/f, kannast ekki við, að haft hafi verið símasamband og að í því samtali hafi komið fram, að Valdimar væri afhuga kaupunum. Steinunn Guðmundsdóttir segir, að hún muni ekki betur en að hringt hafi verið frá Eignamiðluninni og spurt, hvort þau væru að hugsa um húsið, og að þau hafi sagt, að þau hefðu ekki áhuga. Hún segir hljóta að vera, að hún hafi sjálf orðið fyrir svörum. Eftir þetta var eignin auglýst á vegum Agn-

ars Gústafssonar þann 19. febrúar og þann 22. febrúar á vegum stefnanda. Eftir að Valdimar skoðaði eignina, kvaðst hann hafa farið út á sjó og verið í burtu í ca 1/2 mánuð, en segir, að kona sín hafi fylgst með fasteignamarkaðnum, meðan hann var fjarverandi. Hann segir, að þau hafi skoðað hús á Sunnuflöt á vegum Eignamarkaðarins og borið saman verð á þeirri eign og Markarflöt 53. Við þann samanburð segir vitnið, að áhugi hafi vaknað fyrir húsinu Markarflöt 53. Hann kveðst þá hafa haft samband við Agnar. Hann kveðst hafa falið Agnari að selja tvær fasteignir, sem hann átti, og koma kaupum saman á þeim grundvelli. Hann segir, að Agnar hafi annast kaupin og að kaupverðið hafi verið ákveðið kr. 27 millj., eftir að vitnið hafði gert kauptilboð að ráði Agnars. Agnar Gústafsson segir, að á að giska hálfum mánuði eftir að hann hafði símasamband við Valdimar út af húsakaupunum eða rétt um mánaðamótin febrúar-mars hafi Valdimar hringt í sig og sagt sér, að hann hefði verið að skoða hús við Sunnuflöt. Hann segir, að Valdimar hafi farið þess á leit við sig, að hann mætti skoða húsið við Markarflöt aftur. Hann segist hafa hringt í Sigfús og kveður tíma hafa verið ákveðinn fyrir Valdimar til að skoða húsið. Hann kveður Valdimar hafa sagt, eftir að hann hafði skoðað húsið, að hann hefði áhuga á að kaupa það, ef hann gæti fengið sama verð og húsið ætti að kosta fyrir húseignir, sem hann átti í Reykjavík, þ. e. Heiðargerði 118 og fimm herbergja íbúð að Espigerði 4. Agnar kveðst hafa skoðað þessar eignir og talið, að ekki mundu fást 30 millj. fyrir þær. Hann segir, að síðan hafi verið rætt um, hvort hugsanlegt væri að koma á makaskiptum. Hann segist hafa rætt það atriði við Sigfús og farið með Sigfúsi til að skoða eignirnar að Heiðargerði og Espigerði. Hann kveður Sigfúsi ekki hafa litist á makaskipti, en hins vegar kveðst hann hafa rætt um það við hann, hvort hann vildi selja húsið á 27 millj. krónur. Í framhaldi af þessu kveður hann síðan hafa verið gerðan kaupsamning milli Sigfúsar og Valdimars.

Nokkrum dögum eftir að Valdimar skoðaði eignina á vegum Eignamiðlunar, segir Jón Guðmundsson, að Sigfús hafi hringt og beðið um, að ekki yrði auglýst frekar, sagt, að komnir væru nokkrir aðiljar, sem vildu kaupa, þ. á m. sendiráð, en hann teldi útilokað að koma á samningum við sendiráðið, vegna þess að það útheimti miklar bréfaskriftir. Jón kveðst hafa nefnt, að hann hefði sent Valdimar til hans og sagt hann teldi hann vel stæðan kaupanda, m. a. vegna þess, að hann ætti tvær fasteignir, sem

hann gæti selt. Hann segir, að Sigfús hafi kannast við, að Valdimar hefði áhuga og væri líklegur kaupandi. Hann segist hafa tekið loforð af Sigfúsi um, að hann léti fyrirtæki sitt vita, ef Valdimar kæmi til greina. Hann segir, að Sigfús hafi ekki gert það. Sigfús segist hafa hringt í öll fasteignasölufyrirtækin, sem höfðu eignina til sölu, og beðið um, að sölutilraunum yrði hætt. Meðal þeirra kveður hann hafa verið stefnendur og segist hafa talað við þá báða í síma. Hann tekur fram, að hann hafi ekki gefið loforð um að láta þá fylgjast með samningum við Valdimar. Hann segist hafa sagt, að verið væri að ganga frá kaupum við hann, en látið orð falla um, að ónefnt sendiráð hefði einnig haft áhuga. Stefnandi virðist hafa auglýst eignina í dagblaði síðast 22. febrúar, en hins vegar birtust þrjár auglýsingar frá Agnari Gústafssyni frá 24. febrúar til 3. mars. Agnar Gústafsson annaðist alla skjalagerð í sambandi við kaupsamning stefnda og Valdimars Björnssonar. Kaupsamningurinn var undirritaður 5. mars 1976, kaupverð var ákveðið 27 millj. krónur, útborgun var ákveðin kr. 10 millj. eigi síðar en 1. maí 1976, enn fremur skyldi kaupandi greiða í áföngum fram til áramóta 8 millj., 1. febrúar 1977 1 millj., 1. mars 1977 1 millj. Að öðru leyti skyldi kaupverðið greiðast með yfirtöku veðskulda og skuldabréfi frá kaupanda. Agnar Gústafsson komst svo að orði um þennan samning í réttinum 28. mars sl.:

„Ég vil geta þess, að Valdimar var á báðum áttum, hvort hann ætti að gera samning þennan, áður en hann hefði fengið tilboð í eignir sínar, en féllst þó á það, eftir að ég hafði fullvissað hann um það, að hægt yrði að selja eignir hans, þannig að hann gæti staðið við þennan samning. Ég vil bæta því við, að það gekk ekki sem best að selja þessar eigir, en það tókst þó að lokum, þó þannig, að ég varð að lána sjálfur 1 millj. í ca einn mánuð, en fimm hundruð þúsund í tæpt ár."

MÁLSÁSTÆÐUR.

Meginmálsástæða stefnanda virðist vera sú, að fasteignakaupin hafi raunverulega komist á fyrir milligöngu hans. Hann telur sér heimilt að reikna þóknun, 2% af 31 millj. króna, sem stefnandi hafði sett upp fyrir eignina, sbr. 2. mgr. (sic) laga nr. 47/1938, enda hafi það verð alls ekki verið óhæfilega hátt.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að kaupin hefðu komist á, þótt stefnandi hefði aldrei komið til skjalanna, fyrir milligöngu Agnars Gústafssonar. Enn fremur er því haldið fram, að

sölutilraunir stefnanda hafi verið farnar út um þúfur og að kaup hefðu aldrei komist á fyrir tilstilli stefnanda.

ÁLIT DÓMSINS.

Á því virðist verða að byggja, að Valdimar Björnsson hafi fengið fyrstu upplýsingar um fasteignina frá stefnanda. Hann virðist þannig hafa komist í það samband við stefnda, sem leiddi til samningsgerðar, að tilvísun stefnanda, þar sem hann fékk fullnægjandi upplýsingar hjá stefnanda, skoðaði eignina að hans tilvísun og hitti eiginkonu stefnda að máli. Þykir í þessu sambandi ekki skipta máli, að hann hitti ekki stefnda sjálfan fyrr en síðar. Verður að telja, að stefnandi hafi þannig átt verulegan þátt í, að samningar tókust, þótt hann hafi ekki tekið þátt í sjálfri samningsgerðinni. Ekki þykir það skipta máli í þessu sambandi, þótt svo kunni að vera, að áhugi Valdimars hafi ekki vaknað fyrir alvöru fyrr en eftir að hann hafði skoðað fleiri eignir.

Ósannað virðist, að Valdimar hafi tilkynnt stefnanda, að hann hefði ekki áhuga á kaupunum.

Þá þykir það ekki hafa úrslitaþýðingu, að Valdimar virðist hafa lagt áherslu á, að Agnar Gústafsson hefði milligöngu um sölu húseigna hans. Það gat samrýmst því, að stefnandi annaðist sölu húseignarinnar Markarflöt 53. Makaskipti virðast og ekki hafa komið til greina af hálfu stefnda.

Samkvæmt þessu þykir stefnandi eiga rétt á nokkurri þóknun úr hendi stefnda, sbr. 6. gr. laga nr. 47/1948.

Við ákvörðun þóknunarinnar þykir mega taka tillit til þeirrar vinnu, sem í té var látin, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 47/1948, til þess, hve mikill þáttur stefnanda var í, að kaupin komust á, og til þess, að endanlega var samið um hagstæðari kjör fyrir kaupandann en upp höfðu verið sett að ráði stefnanda.

Þóknun stefnanda þykir hæfilega ákveðin 270.000 krónur.

Málskostnaður ákveðst 75.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigfús Johnsen, greiði stefnanda, Eignamiðluninni s/f, 270.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 5. mars 1976 til greiðsludags og 75.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. febrúar 1979.

Nr. 24/1979. **Sigfús Johnsen**
gegn
Antoni Erlendssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. b. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1979, sem barst Hæstarétti 2. þ. m. Krefst hann þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigfús J. Johnsen, greiði varnaraðilja, Antoni Erlendssyni, 35.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. janúar 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., hefur Sigfús J. Johnsen, Fýlshólum 6 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 21. febrúar 1978, á hendur Antoni Erlendssyni, Stórageröi 15 hér í borg, „til heimtu skaðabóta og/eða afsláttar að fjárhæð kr. 1.462.111.00 með 20% ársvöxtum frá 12. júní 1976 til greiðsludags, auk málskostnaðar að skað-

lausu, þó eigi lægri en skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. og aukatekjulögum."

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að með kaupsamningi, dags. 12. júní 1976, svo og afsali, dags. 15. júlí 1976, hafi stefndi selt stefnanda fasteignina nr. 6 við Fýlshóla hér í borg. Fljótlega hafi komið í ljós verulegir gallar á eigninni, bæði húsinu sjálfu, svo sem steypugallar, og einnig hafi smíði þaks verið breytt verulega frá þeim teikningum, sem hafi verið grundvöllur kaupanna. Þá hafi einnig orðið verulegur kostnaður við lóð, staðsetningu brunna og margt fleira. Hafi stefndi alfarið neitað samningum um þessi mál og ekki fengist til að bæta úr að eigin frumkvæði og á eigin kostnað. Af þessu tilefni hafi stefnandi fengið dómkvadda matsmenn til að meta framangreind atriði. Eru dómkröfur stefnanda sundurliðaðar þannig:

1. Fjárhæð matsgerðar	kr.	975.000
2. Matskostnaður	—	201.825
3. Kostnaður samkvæmt reikningum	—	285.286
	Samtals kr.	1.462.111

Í greinargerð stefnda kom fram krafa um frávísun málsins.

Fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna 11. þ. m.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar í þessum þætti málsins, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómarans.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins, sem ákveðinn verði við uppkvaðningu úrskurðar um frávísunarkröfuna.

Frávísunarkrafa stefnda er byggð á því, að mál þetta hafi ekki verið lagt fyrir sáttamenn til sáttaumleitunar, eins og þó beri að gera samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936, enda sé málið ekki undanþegið slíkri sáttaumleitun og aðiljar hafi ekki samið um að ganga fram hjá sáttanefnd skv. 11. tl. 5. gr. greindra laga.

Krafa stefnanda um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, er byggð á því, að óþarft hafi verið að leggja málið fyrir sáttamenn til sáttaumleitunar. Málsefnið snúist um fasteign og sé nauðsynlegt að skoða fasteignina við meðferð málsins. Málið hafi því verið höfðað á varnarþingi fasteignarinnar, svo sem skylt

hafi verið. Því sé málið undanþegið sáttaumleitun fyrir sáttamönnum skv. 5. tl. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 78. gr. laganna. Þótt svo vilji til, að heimilisvarnarþing stefnda og varnarþing fasteignarinnar sé það sama, breyti það engu hér um, enda beri beint eða með lögjöfnun að líta svo á, að hvarvetna þar sem heimilt er að nota fasteignavarnarþing, þar eigi við ákvæði 5. tl. 5. gr. laganna.

Mál það, sem hér er til úrlausnar, er risið út af meintum vanefndum stefnda á ástandi hinnar seldu eignar samkvæmt kaupsamningi aðiljanna frá 12. júní 1976 og ákvæðum afsals frá 15. júlí s. á., en þar var tekið fram, að seljandi, þ. e. stefndi, héldi áfram að efna kaupin af sinni hálfu. Ekki þykir efni málsins vera þess eðlis, að það falli undir ákvæði 78. gr. laga nr. 85/1936, þótt rétt kunni að vera, að dómurinn skoði húseign þá, sem um er fjallað. Málið hefur ekki verið lagt fyrir sáttamenn til sáttaumleitunar, en málið er ekki undanþegið slíkri sáttaumleitun. Ekki hafa aðiljar samið um að ganga fram hjá sáttamönnum, sbr. 11. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, og ekki hafa þeir lýst yfir, að útilokað sé, að sátt komist á fyrir sáttamönnum, sbr. 15. tl. 3. mgr. 5. gr. Verður samkvæmt þessu að vísa málinu frá dómi skv. ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir þessum úrslitum verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 43.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Sigfús J. Johnsen, greiði stefnda, Antoni Erlendssyni, kr. 43.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúar 1979.

Nr. 22/1977. **Helgi Guðmundsson**
Guðmundur Sigurðsson og
Þórarinn Andrewsson
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Steinþóri Ingvarssyni
(Björgvin Sigurðsson hrl.).

Verksamningur. Verðtrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1977. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stjórn Verkamannabústaða Hafnarfjarðar bauð 1973 út smíði hússins Sléttahrauns 24-26. Í útboðslýsingu er verðbótaákvæði (1-12), sem lýst er í héraðsdómi. Áfrýjandinn Helgi Guðmundsson gerði tilboð í verkið 24. júlí s. á., en hinir áfrýjendurnir tveir tóku ásamt honum að sér verkið með samningi við verkkaupa 25. september s. á. Áður en tilboð var gert í verkið, ræddust áfrýjendur og stefndi við. Afhentu þeir stefnda útboðslýsinguna. Ágreiningslaust er, að stefndi afhenti áfrýjendum skriflegt tilboð, en aðilja skilur á um, hvers efnis það skjal hafi verið. Stefndi hefur lagt fram skjal, sem hann kveður vera samrit þessa tilboðs síns. Þar segir m. a., að tilboðið sé gert „samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu Húsnæðismálastofnunar ríkisins", þ. e. samkvæmt framangreindri útboðs- og verklýsingu.

Í máli þessu verður að byggja á því, að skjal það, sem stefndi hefur lagt fram, sé samrit þess tilboðs, sem hann afhenti áfrýjendum sumarið 1972. Ágreiningslaust er, að ekki

var sérstaklega vikið að verðbótum í samtölum aðilja um tilboð stefnda. Áfrýjendum hlaut að vera ljóst, að tilboð stefnda, sem varð grundvöllur að samningi þeirra, var reist á verðbótarákvæðinu í útboðslýsingunni. Fólst því réttur til verðbóta samkv. útboðslýsingu í samningi málsaðilja. Aðiljar eru á einu máli um, að krafa stefnda sé reiknuð í samræmi við verðbótarákvæðið.

Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga verður að skýra svo, að þau ógildi ekki verðbótaákvæðið í samningi málsaðilja, sbr. dóm Hæstaréttar 12. janúar 1978 í hæstaréttarmálinu nr. 150/1975.

Með vísan til þess, sem að framan er ritað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 180.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjendur, Helgi Guðmundsson, Guðmundur Sigurðsson og Þórarinn Andrewsson, greiði stefnda, Steinþóri Ingvarssyni, 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1976.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. október sl., höfðaði Steinþór Ingvarsson pípulagningameistari, Ásgarði 157, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri fyrir Kjartani Reyni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, gegn Helga Guðmundssyni, Kambsvegi 18, Reykjavík, Guðmundi Sigurðssyni, Miklubraut 16, Reykjavík, og Þórarni Andrewssyni, Smyrlahrauni 48, Hafnarfirði, til greiðslu, in solidum, skuldar að fjárhæð kr. 809.735 ásamt 1.5% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 1.084 frá 12. september til 28. september 1973, af kr. 2.139 frá 28. september til 3. október 1973, af kr. 3.722 frá þeim tíma til 3. desember

1973, af kr. 63.042 frá þeim tíma til 7. mars 1974, af kr. 107.922 frá þeim tíma til 15. mars 1974, af kr. 248.670 frá þeim tíma til 24. apríl 1974, af kr. 313.390 frá þeim tíma til 3. maí 1974, af kr. 376.066 frá þeim tíma til 9. maí 1974, af kr. 427.432 frá þeim tíma til 21. maí 1974, af kr. 459.320 frá þeim tíma til 15. júlí 1974 og 2% vanskilavöxtum á sama hátt af kr. 459.320 frá þeim tíma til 31. október 1974, af kr. 609.634 frá þeim tíma til 26. nóvember 1974, af kr. 684.550 frá þeim tíma til 20. desember 1974, af kr. 735.494 frá þeim tíma til 30. desember 1974, af kr. 767.790 frá þeim tíma til 4. mars 1975 og af kr. 809.735 frá þeim tíma til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi, að stefndu afhendi honum að viðlögðum dagsektum tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 270.000, samþykktan af stefnanda, og loks krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ af höfuðstól og vöxtum og einnig af víxilupphæðinni.

Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu gegn afhendingu á tryggingarvíxli að fjárhæð kr. 270.000, samþykktum af stefnanda, enda gefi stefnandi kvittun fyrir honum. Þá er og krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda samkvæmt reikningi eða eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að hann félli frá kröfu um afhendingu á tryggingarvíxli, samþykktum af stefnda, að fjárhæð kr. 270.000, enda hefði lögmaðurinn þegar veitt víxlinum viðtöku gegn kvittun.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að með samningi, dags. 25. september 1973, hafi stefndu tekið að sér að reisa og fullgera úti og inni undir tréverk og málningu fjölbýlishúsið Sléttahraun 24-26, Hafnarfirði. Stefnandi tók að sér sem undirverktaki að annast pípulagnir í húsi þessu. Áður en stefnandi gerði stefndu tilboð í verkið, fékk hann í hendur frá stefndu útboðs- og vinnulýsingu á dskj. nr. 20, en þar segir svo á bls. 7 undir 1-12:

„Greiðslur verða inntar af hendi til verktaka samkvæmt ákvæðum í verksamningi, jafnóðum og tilteknum byggingaráföngum lýkur, þó þannig, að samningsbundin greiðsla hækkar eða lækkar, er nemur hlutfalls breytingu á byggingarvísitölu

Hagstofu Íslands, sem reiknuð er út á fjögurra mánaða fresti. Gera skal ráð fyrir, að byggingarvísitala breytist jafnt (línulega) milli gildistökudaga byggingarvísitölunnar, sem eru 1. marz, 1. júlí og 1. nóv. ár hvert. Samningsupphæð miðast við grunntöluna „N", sem er byggingarvísitala Hagstofu Íslands, sem út verður gefin í júlí 1973.

Verðbreytingar á verksamningslið skulu miðast við þann tíma, sem verkliður er unninn á, enda sé sá tími innan ramma verkáætlunar um verkið. Nú lýkur verktaki ekki verklið eða verkinu í heild á tilskildum tíma, og á hann þá ekki rétt á hærri verðbótum en svarar til byggingarvísitölu á þeim tíma, er verklið eða verkinu í heild skyldi lokið samkvæmt verkáætlun m. t. t. framlengingar á skilafresti vegna lögmætra tafa, sbr. ÍST 30-24, Frestir, févíti.

Verðbætur á lokagreiðslu (5% af tilboðsfjárhæð), skal reikna út sem vegið meðaltal verðbóta á aðra verksamningsliði, þ. e. a. s.:

$$V_1 = \frac{V}{(S \div G_1)} \cdot G_1$$

V_1: Verðbætur á lokagreiðslu.
V : Summa verðbóta á aðra verksamningsliði en lokagreiðslu.
G_1: Lokagreiðsla verksamnings.
S : Samningsupphæð."

Á sama dómsskjali segir svo undir lið 1-13:

„Áður en skriflegur verksamningur verður undirritaður, skal verktaki setja bankatryggingu fyrir því, að hann efni skyldur sínar skv. samningum, 10% af samningsupphæð. Bankaábyrgð þessi skal standa í 12 mánuði frá lokaúttekt verksins."

Stefnandi afhenti stefndu tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 270.000, þá er stefndu samþykktu tilboð hans.

Stefndu fengu umsamdar vísitölubætur á verkið.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um greiðslu vísitölubóta samkvæmt ákvæðum í útboðs- og vinnulýsingu á dskj. nr. 20.

Aðiljar málsins hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Það kom fram hjá stefnanda, að hann hafi, þá er hann gerði stefndu tilboð um verkið, afhent stefndu tilboð samhljóða dskj. nr. 3, en það er svohljóðandi:

„Tilboð í Verkamannabústaði Hafnarfirði. Sambýlishús að Sléttahrauni 24-26. Samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu Húsnæðismálastofnunar ríkisins:

Frárennslislögn,	kr.	75.000.00
Neysluvatnslögn,	—	1.383.000.00
Hitalögn,	—	1.413.000.00
	Alls: kr.	2.871.000.00

Reykjavík, 20. júlí 1973,
Steinþór Ingvarsson,
pípul.m.
sími: 35444."

Tilboð þetta kveðst stefnandi hafa afhent stefndu, en samkomulag hafi orðið með málsaðiljum um, að stefnandi lækkaði tilboð sitt um 4%. Stefnandi kvaðst síðan hafa samþykkt tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 270.000 og afhent stefndu. Stefnandi kvaðst hafa átt að fá tryggingarvíxil þennan, þegar verkið væri tekið út eða eftir þrjá mánuði. Ekki hafi verið gerðir skriflegir samningar og ekki hafi verið rætt um vísitölubætur. Stefnandi kvaðst hafa gengið út frá því sem vísu, að tilboðið og verk- og útboðslýsingin giltu.

Fram kom hjá stefnda Helga Guðmundssyni, að þeir stefndu hefðu beðið stefnanda að gera fast tilboð í pípulögn. Stefnandi hafi látið stefndu hafa blað með tilboðsupphæð, kr. 2.7 milljónir. Stefnda Helga var hér fyrir dómi sýnt dskj. nr. 3, og var hann spurður um, hvort hann myndi eftir svona tilboði frá stefnanda. Stefndi Helgi kvaðst muna eftir heildartölu í verkið og eitthvað hafi farið þeirra á milli, hvernig skiptingin væri. Stefndi Helgi kvaðst ekki muna, hvort stefnandi hefði skrifað á blað, hvernig skiptingin væri milli liða. Ekki hafi verið gerðir skriflegir samningar og ekki hafi verið fjallað um vísitölubætur. Ekkert hafi heldur verið rætt um, að stefnandi afsalaði sér vísitölubótum. Plagg eins og dskj. nr. 3 hafi stefnandi ekki látið stefndu hafa. Stefndi Helgi kvaðst ekki fullyrða með tölurnar, en taldi töluna ekki rétta og kvaðst ekki muna eftir annarri tölu en 2.7 milljónum. Víxillinn að fjárhæð kr. 270.000 hafi verið trygging fyrir tilboðinu, sem stefnandi hafi látið stefndu hafa, og talað hafi verið um 10% af tilboðsupphæðinni. Helgi kvað stefndu ekki eiga blaðið með tilboðinu frá stefnanda. Stefnanda hafi borið að vinna sitt verk innan þeirra tímamarka, sem greind eru í útboðs- og vinnulýsingu. Greiðslur hafi stefnandi átt að fá eftir því sem verkið væri unnið.

Fram kom hjá stefnda Þórarni, að stefnandi hafi gert fast til-

boð í pípulögnina og þeir stefndu hafi samþykkt tilboðið. Fjárhæð tilboðsins hafi verið 2.7 milljónir. Ekki kvaðst stefndi Þórarinn muna eftir því, að stefnandi hafi fyrst gert tilboð upp á hærri fjárhæð. Tilboðið hafi verið skriflegt og hafi stefnandi lagt þarna fram tryggingarvíxil, 10% af upphæðinni. Ekki hafi verið minnst á vísitölubætur. Tilboðsblaðið taldi stefndi Þórarinn tapað. Stefndu hafi fengið vísitölubætur á verkið í heild. Ekki hafi verið gerður skriflegur samningur við stefnanda. Stefnandi hafi fengið í hendur verklýsingu og hafi hann átt að haga framkvæmdahraða sínum í samræmi við verklýsinguna. Greiðslur hafi verið inntar af hendi eftir því, hvernig verkið gekk.

Fram kom hjá stefnda Guðmundi, að þeir stefndu hefðu beðið stefnanda að gera fast tilboð í þann verkhluta, sem féll undir pípulagningar. Stefnandi hafi fengið í hendur útboðs- og vinnulýsingu. Tilboð stefnanda hafi verið venjulegt pappírsgagn í einni tölu. Stefndi sagði, að það, sem hann myndi, þá hafi tilboð stefnanda verið fjórar eða fimm línur og ein tala. Fjárhæðin hafi verið sem næst 2.7 milljónum. Stefndi Guðmundur kvaðst ekki muna eftir því, að stefnandi hafi gert tilboð að fjárhæð 2.871 milljón, en það hafi þá verið munnlega, en það, sem hann hafi séð frá stefnanda, hafi verið upp á 2.7 og kannske einhverjar krónur. Samningar hafi verið munnlegir. Stefndu hafi fengið þetta blað frá stefnanda, en það hafi ekki verið skrifað undir neitt, nema stefndu fengu víxil frá stefnanda. Stefndu hafi haldið eftir tilboðsblaði stefnanda. Ekkert hafi verið minnst á vísitölubætur. Víxillinn hafi verið ætlaður fyrst og fremst til staðfestingar því, að málsaðiljar hefðu gert einhvern samning.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi gert stefndu tilboð, dags. 20. júlí 1973, um að leggja frárennslislögn, neysluvatnslögn og hitalögn í hús Verkamannabústaða Hafnarfjarðar nr. 24-26 við Sléttahraun. Það tilboð telur stefnandi stefndu hafa samþykkt með þeirri breytingu, að tilboðsupphæðin hafi verið lækkuð úr kr. 2.871.000 í kr. 2.700.000. Stefnandi hafi þá afhent stefndu tryggingarvíxil, samþykktan af stefnanda, að upphæð kr. 270.000.

Stefnandi hafi lokið verkinu og það hafi verið tekið út af tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins 8. janúar 1975.

Á samningsupphæðina kr. 2.700.000, sem hafi verið grunngjald, hafi átt að koma uppbót vegna verðbreytinga, eins og

segi í útboðs- og vinnulýsingu Húsnæðismálastofnunar ríkisins, en sú lýsing hafi verið hluti af tilboði hans frá 20. júlí 1973 samkvæmt tilvitnun í þá lýsingu í tilboðinu.

Stefndu hafi fengið hina umstefndu upphæð úr hendi verkkaupa, en þrátt fyrir það neiti stefndu að greiða stefnanda verðlagsbæturnar.

Í tilboði stefnanda á dskj. nr. 3 sé vitnað til útboðs- og vinnulýsingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins um verkið og séu skilmálar þeir, er þar greinir, orðnir hluti af tilboðinu og eftir samþykki þess hluti af verksamningi málsaðilja. Á dskj. nr. 4 sjáist ákvæði um verðlagsbætur samkvæmt byggingarvísitölu Hagstofu Íslands. Hliðstæð tilboðsákvæði séu á dskj. nr. 5, sem sé tilboð Helga Guðmundssonar í heildarverkið. Stefndu Guðmundur Sigurðsson og Þórarinn Andrewsson hafi síðar gerst aðiljar að tilboði Helga Guðmundssonar. Eins og fram komi á dskj. nr. 8, hafi stefndu fengið verðlagsbætur greiddar að fullu, þar með talið á „pípulagnir og allt þar að lútandi", eins og segi í þessu vottorði frá stjórn Verkamannabústaðanna í Hafnarfirði. Það séu þessar verðlagsbætur vegna pípulagninganna, sem stefnt sé út af í máli þessu, þar sem stefndu hafi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ekki verið fáanlegir til að greiða stefnanda þær. Á dskj. nr. 10 sé viðurkenning stefndu á, að tilboð stefnanda á dskj. nr. 3 sé grundvöllur réttarsambands málsaðilja. Á dskj. nr. 11 sé sundurliðun á stefnukröfunni.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að augljóst væri, að tilboð stefnanda á dskj. nr. 3 vísi til útboðs- og vinnulýsingarinnar á dskj. nr. 20 og þar af leiðandi verði ákvæði útboðs- og vinnulýsingarinnar, sem við geti átt, hluti af tilboði stefnanda. Þess vegna sé samningsfjárhæðin kr. 2.700.000 vísitölutryggð.

Lög nr. 71 frá 1966 nái ekki til verksamninga, enda geri hið opinbera, bæði ríki og Reykjavíkurborg, verksamninga almennt þannig, að þar séu verðtryggingarákvæði. Í tilviki því, sem hér sé um að ræða, hafi verðbætur verið greiddar til stefndu, þannig að þær séu þá komnar út í verðlag.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ákvæði um verðlagsbætur samkvæmt byggingarvísitölu í útboðslýsingu, sem sé GRUNDVÖLLUR verksamningsins við stefndu, eigi ekki að taka til stefnanda. Í þessu sambandi benda stefndu á, að sem aðalverktakar beri þeir fulla bótaábyrgð á verki stefnanda og hafi þeir haft af honum beinan kostnað. Engin lögskipti séu milli

stefnanda og eigenda byggingarinnar og geti því tilvísun stefnanda til útboðsins aðeins tekið til verklýsingarinnar, eins og fram komi í tilboði hans sjálfs. Þar sé gert tilboð í ákveðnum fjárhæðum og engin krafa eða fyrirvari gerður um verðlagsbætur vegna breyttrar byggingarvísitölu, enda slíkur áskilnaður óheimill samkvæmt 1. gr. laga nr. 71 frá 6. maí 1966.

Varðandi kröfu stefnanda um að fá afhentan tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 270.000 þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnanda hafi verið það frjálst að sækja víxilinn, hvenær sem var eftir að úttekt verksins hefði farið fram og þá gegn kvittun fyrir móttöku hans. Víxill þessi hafi að vísu verið tekinn sem trygging formsins vegna, sem viðurkenning stefnanda á ábyrgð hans á efndum sínum gagnvart stefndu og jafnframt sem sönnunargagn fyrir samningsupphæðinni milli stefnanda og stefndu.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi gefið stefndu fast tilboð að fjárhæð 2.7 milljónir án vísitölubóta. Því var mótmælt, að stefnandi hafi gefið stefndu tilboð samhljóða dskj. nr. 3. Aðiljar málsins væru sammála um, að ekki hefði verið rætt um vísitölubætur við samningsgerð. Bls. 7 á dskj. nr. 20 eigi ekki við undirverktaka, heldur einungis við stefndu. Ekkert réttarsamband sé á milli stefnanda og verkkaupa. Stefnandi sé bundinn gagnvart stefndu um verklega framkvæmd þess verks, sem stefnandi tók að sér. Stefndu beri ábyrgð gagnvart verkkaupa, en stefnandi gagnvart stefndu, sbr. íslenskur staðall, dskj. nr. 21, bls. 10.

Samkvæmt dskj. nr. 11 virðast vísitölubætur vera reiknaðar af hverri greiðslu, þegar greiðsla er innt af hendi. Í samningi sé miðað við vísitölubætur á þeim tíma, sem verkið er unnið. Af hálfu stefndu er ekki vefengt, að línuleg vísitala sé rétt reiknuð.

Stefndu hafi lagt fram bankaábyrgð gagnvart verkkaupa, 10% af samningsfjárhæð. Stefnandi hafi lagt fram tryggingarvíxil, 10% af samningsfjárhæð. Óheimilt hafi verið fyrir málsaðilja að semja um vísitölubætur skv. 1. gr. laga nr. 71 frá 1966.

IV.

Áður en mál þetta var munnlega flutt, lýstu lögmenn aðilja yfir því, að lögmaður stefndu hefði afhent lögmanni stefnanda tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 270.000 og að lögmaður stefnanda hefði afhent lögmanni stefndu kvittun fyrir móttöku víxilsins.

Lögmennirnir lýstu því yfir, að umsamin greiðsla að fjárhæð

kr. 2.700.000 hafi verið greidd stefnanda. Mál þetta sé einungis höfðað til greiðslu verðbóta samkvæmt byggingarvísitölu og vaxta. Tölulega er fjárhæð stefnukröfu ekki vefengd.

Við niðurstöðu máls þessa verður við það miðað, að tilboð það, sem stefnandi afhenti stefndu, hafi verið samhljóða tilboðinu á dskj. nr. 3, enda hafa stefndu viðurkennt að hafa fengið í hendur tilboð frá stefnanda, en þeir hafi ekki lagt það fram.

Eins og að framan er rakið, segir í tilboði stefnanda, að það sé samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu Húsnæðismálastofnunar ríkisins, það er útboðs- og vinnulýsing á dskj. nr. 20, hún er gerð af Innkaupastofnun ríkisins. Hluti af útboðs- og vinnulýsingu þessari er íslenskur staðall, ÍST 30. Í honum er gert ráð fyrir, að greiðslur geti verið háðar verðbreytingum. Ekkert er fram komið um það, að í samningum málsaðilja hafi verið vikið frá ákvæðum útboðs- og vinnulýsingarinnar, sem varð grundvöllur verksamnings stefndu við verkkaupa. Það, sem fram er komið um samninga málsaðilja, virðist fylgja ákvæðum verksamnings stefndu við verkkaupa, t. d. skyldi stefnandi haga verkframkvæmd sinni í samræmi við verkframkvæmd stefndu, stefndu settu verkkaupa tryggingu, 10% af umsömdu endurgjaldi fyrir verkið, og stefnandi afhenti stefndu tryggingarvíxil að fjárhæð 10% af umsömdu endurgjaldi fyrir verkhluta sinn.

Þegar til þess er litið, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir stefnandi hafa mátt reikna með, að ákvæði útboðs- og vinnulýsingar ættu við hann, nema annað væri tiltekið. Málsaðiljar eru sammála um, að ekki hafi verið fjallað um vísitölubætur á verk stefnanda við samningsgerð málsaðilja.

Í lögum nr. 71 frá 1966 er ekki fjallað sérstaklega um verksamninga. Í greinargerð laganna kemur fram, að frumvarpinu sé ætlað að vera almenn löggjöf um hvers konar verðtryggingu í viðskiptum, öðrum en kaupgjaldsmálum. Í flestum verksamningum munu laun vera töluverður liður.

Þegar lögin nr. 71 frá 1966 voru sett, voru í gildi lögin nr. 4 frá 1962, en samkvæmt þeim skyldi Iðnaðarmálastofnun Íslands annast skipulagningu og stjórn stöðlunarmála, hafa forgöngu um samningu, útbreiðslu og útgáfu íslenskra staðla og vera forustuaðili á Íslandi í öllu, er að stöðlun lýtur. Með lögum nr. 31 frá 1971 voru felld úr gildi lögin nr. 4 frá 1962, en samkvæmt 1. gr., 7. tl., þeirra laga skal verkefni Iðnþróunarstofnunar Íslands vera að sjá um skipulagningu, stjórn og framkvæmd stöðlunarmála. Með bréfi, dags. 7. mars 1967, fól iðnaðarmálaráðuneyti

Iðnaðarmálastofnun Íslands að annast undirbúning og útgáfu staðalsins ÍST 30 í samstarfi við þá helstu aðilja, sem mál þetta snertir, og samkvæmt þeim reglum, sem tíðkast hjá stofnuninni um setningu staðla. Íslenskur staðall, ÍST 30, tók gildi í apríl 1969. Í 4. kafla staðalsins er fjallað um útboðsgögn, í 4.1.1. er talið upp það, sem greina skal í útboðslýsingu, þar á meðal er talið, hvort fjárhæð tilboðs skuli háð verðbreytingum og þá með hverjum hætti. Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, þykir það gefa til kynna, að lögunum nr. 71 frá 1966 hafi ekki verið ætlað að taka til verksamninga. Hér er og á það að líta, að hið opinbera gerir og hefur gert verksamninga með vísitöluákvæðum. Ekki er fram komið, að leitað hafi verið heimildar Seðlabanka Íslands til slíkra verðtrygginga.

Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir stefnanda bera vísitölubætur á verk það, sem hann vann fyrir stefndu, enda hafa stefndu viðurkennt að hafa veitt móttöku vísitölubótum á allt verkið, sem þeir unnu fyrir verkkaupa, þ. á m. verkhluta stefnanda, þannig að þær verðbætur eru komnar út í verðlag.

Hvorki hefur verið sýnt fram á, að dagsetningar þær, sem stefnandi miðar kröfur sínar við, sbr. dskj. nr. 11, séu aðrar en þegar stefnandi skilaði hinum ýmsu verkliðum sínum né að stefnandi hafi ekki lokið verki sínu á tilskildum tíma. Verða útreikningar stefnanda því lagðir til grundvallar, enda eru þeir ekki tölulega vefengdir.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina, þó þannig, að vextir ákveðast 9% ársvextir frá 12. september 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvextir frá þeim tíma til greiðsludags og reiknast þannig: af kr. 1.084 frá 12. september 1973 til 28. s. m., af kr. 2.139 frá þeim degi til 3. okt. 1973, af kr. 3.722 frá þeim degi til 13. des. 1973, af kr. 63.042 frá þeim degi til 7. mars 1974, af kr. 107.922 frá þeim degi til 15. s. m., af kr. 154.870 frá þeim degi til 25. s. m., af kr. 248.670 frá þeim degi til 24. apríl 1974, af kr. 313.390 frá þeim degi til 3. maí 1974, af kr. 376.066 frá þeim degi til 9. s. m., af kr. 427.432 frá þeim degi til 21. s. m., af kr. 459.320 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvextir frá þeim degi til 31. október 1974 af kr. 609.634 frá þeim degi til 26. nóvember 1974, af kr. 684.550 frá þeim degi til 20. desember 1974, af kr. 734.494 frá þeim degi til 30. desember 1974, af kr. 767.790 frá þeim degi til 4. mars 1975 og af kr. 809.735 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 150.000.
Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Helgi Guðmundsson, Guðmundur Sigurðsson og Þórarinn Andrewsson, greiði in solidum stefnanda, Steinþóri Ingvarssyni, kr. 809.735 með 9% ársvöxtum af kr. 1.084 frá 12. september 1973 til 28. s. m., en af kr. 2.139 frá þeim degi til 3. október 1973, en af kr. 3.722 frá þeim degi til 13. desember 1973, en af kr. 63.042 frá þeim degi til 7. mars 1974, en af kr. 107.922 frá þeim degi til 15. s. m., en af kr. 154.870 frá þeim degi til 25. s. m., en af kr. 248.670 frá þeim degi til 24. apríl 1974, en af kr. 313.390 frá þeim degi til 3. maí 1974, en af kr. 376.066 frá þeim degi til 9. s. m., en af kr. 427.432 frá þeim degi til 21. s. m., en af kr. 459.320 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1974, en af kr. 609.634 frá þeim degi til 26. nóvember 1974, en af kr. 684.550 frá þeim degi til 20. desember 1974, en af kr. 734.494 frá þeim degi til 30. s. m., en af kr. 767.790 frá þeim degi til 4. mars 1975 og af kr. 809.735 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 150.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúar 1979.

Nr. 223/1976. **Gísli Einar Gunnarsson**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
gegn
Ársæli Björgvinssyni og
(Kristinn Einarsson hrl.)
Sigurði Guðmundssyni til réttargæslu
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Lóðarréttindi. Riftun. Afsal.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. nóvember 1976. Hefur hann í málinu gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að stefndi verði skyldaður með dómi til að gefa út afsal til áfrýjanda fyrir fasteigninni nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, 10.000 krónum, frá dómsuppsögudegi gegn greiðslu á 200.000 krónum.

1. varakrafa: Að stefndi verði skyldaður með dómi til að gefa út afsal til áfrýjanda fyrir fasteigninni nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, 10.000 krónum, frá dómsuppsögudegi gegn greiðslu á 206.226 krónum með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 5. desember 1972 til 16. maí 1973, 1½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

2. varakrafa: Að stefndi verði skyldaður með dómi til að gefa út afsal til áfrýjanda fyrir sökklum ásamt lóðarréttindum að fasteigninni Miðvangi 125 í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, 10.000 krónum, frá dómsuppsögudegi gegn greiðslu á 56.226 krónum auk 1% vaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 5. september 1972 til 15. maí 1973, 1½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá

þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

3. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að gefa út afsal, eins og greinir í 2. varakröfu, gegn greiðslu á 206.226 krónum auk vaxta, eins og segir í 2. varakröfu.

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Til vara krefst stefndi þess, að sér verði aðeins dæmt skylt „að gefa út afsal fyrir lóðarréttindum og sökklum hússins nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði innan 15 daga frá lögbirtingu endanlegs dóms í málinu án dagsekta eða með lægri dagsektum en kr. 10.000 á dag, enda greiði áfrýjandi stefndum kr. 206.226 ásamt dráttarvöxtum, 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 200.000 frá 5. desember 1972 til 5. júní 1973, og dráttarvöxtum, 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 5. júní 1973 til greiðsludags, einnig 9% ársvexti af kr. 6.226 frá 8. janúar 1974 til greiðsludags."

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Réttargæslustefndi hefur tekið til varna áfrýjanda til stuðnings og tekið undir kröfur hans, en engar sjálfstæðar kröfur gert.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Skýra verður samning málsaðilja svo, að áfrýjandi hafi átt rétt á afsali úr hendi stefnda fyrir hinum framseldu lóðarréttindum, þegar hann hefði greitt víxil þann, sem í málinu getur. Enn fremur, að stefndi hafi ætlast til þess, að hann héldi rétti sínum til að rifta samningnum, ef veruleg vanskil yrðu af hendi áfrýjanda á greiðslu víxilsins, þó að hann fengi áfrýjanda umráð lóðarinnar, áður en áfrýjandi hefði goldið kaupverð lóðarréttindanna að fullu. Það leiddi hins vegar af byggingarskilmálum Hafnarfjarðarbæjar, sem stefndi var bundinn af, að hann gat ekki veitt áfrýjanda skilríki fyrir framsali lóðarréttindanna, fyrr en hann sjálfur hafði undirritað lóðarleigusamning við lóðareigandann, Hafnarfjarðarbæ, eða fengið að öðrum kosti sérstakt sam-

þykki bæjaryfirvalda til framsals leigulóðarréttindanna. Stefndi aflaði sér ekki slíks leyfis. Hann undirritaði ekki lóðarleigusamning fyrr en í október 1973, og er ekki komið fram, að það hafi stafað af atvikum, sem áfrýjandi bar áhættu af. Þar sem stefndi gat ekki af sinni hálfu fullnægt samningi sínum við áfrýjanda, er hann rifti honum 5. apríl 1973, var riftunin ekki heimil að lögum. Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að stefndi afsali honum þeim lóðarréttindum yfir lóðinni Miðvangi 125 í Hafnarfirði ásamt framkvæmdum á lóðinni, sem um getur í samningi málsaðilja 6. september 1972, gegn greiðslu, eins og síðar segir.

Svo sem greinir í héraðsdómi, lagði áfrýjandi hinn 20. mars 1975 inn á geymslureikning í Landsbankanum 301.000 krónur til greiðslu áðurnefnds víxils ásamt áföllnum vöxtum og áætluðum málskostnaði. Áfrýjandi hefur ekki í málinu gefið nægа skýringu á sundurliðun þeirrar fjárhæðar þrátt fyrir áskoranir stefnda, og kröfugerð hans er ekki á því reist, að hann hafi fullnægt samningsskyldu sinni með geymslugreiðslu þessari. Verður því ekki til hennar litið við úrlausn málsins að öðru leyti en því, að telja verður, eins og geymslugreiðslunni var háttað, að áfrýjandi hafi með henni fallist á, að sér beri að greiða dráttarvexti af víxlinum frá gjalddaga hans. Verður áfrýjandi því dæmdur til að greiða stefnda víxilfjárhæðina, 200.000 krónur, svo og 6.226 krónur vegna fasteignagjalda, er stefndi greiddi, eða alls 206.226 krónur ásamt vöxtum, svo sem stefndi hefur krafist í varakröfu sinni fyrir Hæstarétti, allt gegn afsali lóðarréttinda ásamt framkvæmdum á lóðinni Miðvangi 125 í Hafnarfirði, eftir því sem áður var greint.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Ársæli Björgvinssyni, er skylt að gefa út afsal til handa áfrýjanda, Gísla Einari Gunnarssyni, fyrir lóðarréttindum ásamt framkvæmdum sínum á lóð-

inni Miðvangi 125 í Hafnarfirði, eftir því sem að framan greinir, gegn greiðslu á 206.226 krónum með 1% vöxtum á mánuði af 200.000 krónum frá 5. desember 1972 til 5. júní 1973, en 1½% vöxtum á mánuði af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags svo og 9% ársvöxtum af 6.226 krónum frá 8. janúar 1974 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 1. nóvember 1976.

1.1.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til að fá stefnda dæmdan til að gefa út afsal fyrir fasteigninni nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði.

Þann 6. september 1972 seldi stefndi, Ársæll Jón Björgvinsson, þá til heimilis að Klapparstíg 31 í Reykjavík, en nú til heimilis að Hraunbæ 88 í Reykjavík, stefnanda, Gísla Einari Gunnarssyni húsasmið, þá til heimilis að Skúlaskeiði 16, Hafnarfirði, leigulóðarréttindi sín yfir lóðinni nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði ásamt sökklum undir raðhús fyrir kr. 400.000. Kaupverðið skyldi stefnandi greiða að hálfu út í hönd og að hálfu með því að samþykkja víxil í gjalddaga 5. desember 1972, og átti hann að fá afsal fyrir eigninni, þegar víxillinn yrði greiddur. Stefnandi greiddi kr. 200.000 við samningsgerð og samþykkti víxil fyrir eftirstöðvunum, pr. 5. desember 1972.

Stefnandi kveðst hafa byrjað að byggja tveggja hæða raðhús á lóðinni, þegar kaupsamningur hafði verið gerður.

Þann 23. nóvember 1972 seldi stefnandi réttargæsluaðilja, Sigurði Guðmundssyni, þá til heimilis að Hraunbæ 128 í Reykjavík, en nú til heimilis að Miðvangi 125 í Hafnarfirði, fasteignina, en lofaði jafnframt að byggja á henni hús fyrir réttargæsluaðilja. Húsið skyldi afhent fokhelt fyrir 1. mars 1973. Kaupverðið var ákveðið kr. 1.800.000.

Stefnandi greiddi ekki víxilinn, og þann 5. apríl 1973 riftaði

stefndi samningi sínum við stefnanda. Þá var byggingu húss á lóðinni það langt komið, að þaksperrur höfðu verið teknar út þann 28. mars 1973. Stefnandi mótmælti riftuninni, en bauðst til að greiða víxilfjárhæðina og kr. 50.000 til viðbótar.

1.2.

Stefnandi höfðaði mál þetta með stefnu, birtri 1. nóvember 1973, og krafðist þess, að stefnda yrði með dómi gert að gefa út afsal til stefnanda fyrir fasteigninni nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, kr. 10.000 pr. dag, gegn greiðslu á kr. 200.000. Jafnframt var krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Þann 8. janúar 1974 lagði stefndi fram greinargerð og afhenti jafnframt dómaranum og lagði fram sparisjóðsbók með innstæðu kr. 200.000 frá 7. janúar 1974.

Þann 21. (sic) mars 1975 lagði stefnandi kr. 301.000 inn á reikning í Landsbankanum sem geymslugreiðslu vegna víxils þess, sem um ræðir í málinu, og afhenti dómaranum kvittun bankans.

Fjárhæðin sundurliðast þannig:

Víxilfjárhæðin	kr. 200.000
Áfallnir vextir og áætlaður málskostnaður	— 101.000
Samtals	kr. 301.000

Skyldi greiðslan afhendast stefnda gegn afhendingu afsals til stefnanda fyrir húseigninni nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði og víxilsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru sem hér segir:

Aðalkrafa:

Að stefndi verði skyldaður með dómi til að gefa út afsal fyrir fasteigninni nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, kr. 10.000 á dag, gegn greiðslu kr. 200.000 og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

1. varakrafa:

Að stefndi verði skyldaður með dómi til að gefa út afsal fyrir fasteigninni nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, kr. 10.000 á dag, gegn greiðslu á kr. 206.226.50 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða fyrir brot úr mánuði af kr. 200.000 frá 5. desember 1972 til 19. janúar 1973, af kr. 206.226

frá þeim degi til 16. maí 1973, 1½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 15 júlí 1974, en 2% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

2. varakrafa:

Að stefndi verði skyldaður með dómi til að gefa út afsal fyrir sökklum ásamt lóðarréttindum að Miðvangi 125 í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, kr. 10.000 á dag, aðallega gegn greiðslu á kr. 56.226.50 auk 1% vaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 5. september 1972 til 15. maí 1973, 1½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að gefa út afsal, eins og að ofan greinir, gegn greiðslu 206.226.50 auk vaxta, eins og að ofan greinir.

Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dagsekta er krafist frá dómsuppsögu.

Stefndi krafðist upphaflega aðallega frávísunar, en féll síðan frá þeirri kröfu undir rekstri málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að gefa út afsal fyrir lóðarréttindum og sökklum hússins nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði innan 15 daga frá lögbirtingu endanlegs dóms í málinu, án dagsekta eða með lægri dagsektum en kr. 10.000 á dag, enda greiði stefnandi stefnda kr. 206.226.50 ásamt dráttarvöxtum, 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 200.000 frá 5. desember 1972 til 5. júní 1973 og 1.5% fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 200.000 frá 5. júní 1973 til greiðsludags og 9% ársvöxtum af kr. 6.226.50 frá 8. janúar 1974 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda til stefnda eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning, 8. júní 1976, var því mótmælt, að sú breyting á kröfugerð stefnanda kæmist að, að dagsektir skyldu greiðast frá dómsuppsögu, og sömuleiðis sú breyting, sem fram kemur í lækkun þeirrar fjárhæðar, sem ráð er gert fyrir, að stefnandi greiði stefnda gegn afhendingu afsals í 2. varakröfu.

Á dómþingi 21. nóvember 1974 beindi stefnandi þeirri áskorun til umboðsmanns Sigurðar Guðmundssonar, að hann sem kaupandi húseignarinnar Miðvangs 125 veitti sér þann styrk í málinu sem honum væri kostur, samanber ákvæði 52. gr. laga 85/

1936. Af hálfu Sigurðar var áskoruninni tekið, og gerðist hann síðan réttargæsluaðili við hlið stefnanda. Réttargæsluaðili gerir ekki sjálfstæðar kröfur í málinu, en tekur undir kröfur stefnanda.

Á árinu 1973 greiddi stefndi samtals kr. 6.226.50 í fasteignagjöld til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar vegna fasteignarinnar nr. 125 við Miðvang.

Samningur stefnanda og stefnda var bréfaður, og í kaupbréfi þessu er kaupverðið sagt kr. 250.000. Greiðsluskilmálar eru sagðir þeir, að kr. 50.000 skyldu greiðast við undirskrift kaupsamnings og að samþykktur skyldi víxill fyrir kr. 200.000, en eins og að framan greinir, var hið raunverulega kaupverð kr. 400.000. Stefnandi heldur því fram til vara, að hann eigi rétt til afsals fyrir fasteigninni nr. 125 við Miðvang gegn greiðslu víxilfjárhæðarinnar og fasteignagjaldanna auk dráttarvaxta frá gjalddaga víxilsins. Í annarri varakröfu er við það miðað, að stefndi verði skyldaður til að gefa út afsal fyrir þeim fasteignaréttindum, sem nefnd eru í samningi aðiljanna, gegn greiðslu eftirstöðva kaupverðs, eins og þær séu samkvæmt hinum skriflega samningi aðiljanna, auk fasteignagjaldanna og dráttarvaxta frá samningsdegi, og loks er við það miðað í síðari lið annarrar varakröfu, að afsal fyrir sökklum og lóðarréttindum verði afhent gegn greiðslu víxilfjárhæðarinnar, fasteignagjaldanna og dráttarvaxta frá samningsdegi.

Í varakröfu stefnda er miðað við, að stefnandi fái afsal gegn greiðslu víxilfjárhæðarinnar, fasteignagjaldanna og dráttarvaxta frá gjalddaga víxilsins.

1.3.

Forsaga máls þessa er sú, að þann 30. júní 1970 var stefnda veitt heimild til að reisa hús í raðhúsasamstæðunni nr. 123-133 við Miðvang í Hafnarfirði á lóð í eigu bæjarsjóðs Hafnarfjarðar. Þann 2. júlí 1970 tilkynnti lóðaskrárritarinn í Hafnarfirði stefnda um skilmála lóðarveitingarinnar. Sérstakir byggingarskilmálar voru síðan kynntir stefnda 25. maí 1971, og kemur þar fram, að lóð fyrir raðhúsin að Miðvangi 123-133 sé sameiginleg og óskipt. Eftir að uppdráttur að byggingu hafði verið samþykktur í bæjarráði Hafnarfjarðar 26. maí 1971, hóf stefndi byggingarframkvæmdir. Grunnur var tekinn út 27. ágúst 1971 og sökkulveggir 1. september 1971. Þegar stefndi seldi stefnanda lóðina, var ekki búið að fylla grunninn undir gólfplötu.

Hinir rituðu skilmálar kaupsamnings milli stefnda og stefnanda eru sem hér segir:

„1. Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa sökkul hússins nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði með tilheyrandi lóðarréttindum.

2. Umsamið söluverð er kr. 250.000.00, — tvö hundruð og fimmtíu þúsund —, og lofar kaupandi að greiða það á eftirfarandi hátt:

a. Við undirskrift kaupsamnings þessa ..... kr. 50.000.00
b. Samþykkir víxil pr. 5. desember 1972 .... — 200.000.00

Kr. 250.000.00

3. Kaupandi skal greiða skatta og skyldur af hinu selda frá afhendingardegi, en seljandi til þess dags.
4. Kaupandi hefur kynnt sér ástand og byggingarstig hússins og sættir sig við það að öllu leyti.
5. Þegar víxillinn pr. 5/12 hefur verið greiddur, skal kaupandi fá afsal fyrir eigninni.
6. Mál, er rísa kynnu út af samningi þessum, má reka fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar án undanfarandi sáttatilraunar fyrir sáttanefnd."

Afhending virðist hafa farið fram við samningsgerð.

Stefnandi segir, að það hafi verið aðalatvinna sín á þessum tíma að kaupa lóðir, reisa á þeim hús og selja. Þannig kveður hann sér hafa verið úthlutað lóðinni nr. 133 við Miðvang og kveðst hafa keypt lóð nr. 152 við Miðvang, áður en hann keypti eignina nr. 125 við Miðvang. En eftir þann tíma kveðst hann hafa keypt lóðirnar nr. 4 og 20 við Norðurvang. Hann kveðst hafa reist hús og selt á öllum þessum lóðum.

Stefndi segir, að stefnandi hafi sagt sér, áður en þeir sömdu, að hann hefði atvinnu af að kaupa fasteignir, byggja upp og selja. Hann kveðst ekki hafa vitað, hvað stefnandi ætlaði að gera við þessa eign, en kveðst hafa vitað, að hann hafði selt annan hluta þessarar húsasamstæðu. Hann kveðst ekki hafa vitað, hvað verkinu miðaði á tímabilinu fram til þess, að riftunarbréfið var sent, en gert ráð fyrir, að eitthvað mundi verða unnið í húsinu. Hann kveðst fyrst hafa fengið að vita um söluna til réttargæsluaðilja 20. sept. 1973. Hann kveðst ekki hafa sótt um leyfi byggingaryfirvalda til að selja stefnanda. Hann kveður sér hafa skilist, aðallega á fasteignasalanum, að stefnandi mundi ætla

að vera búinn að koma byggingunni það áleiðis, áður en afsal færi fram, að salan færi ekki í bága við skilmálana.

Þann 9. september 1972 seldi stefnandi Jóni nokkrum Halldórssyni eignina og tók að sér að skila henni með fokheldu húsi fyrir kr. 1.650.000. Þessum samningi var riftað vegna vanefnda kaupanda þann 23. nóvember 1972, sama daginn og stefnandi seldi réttargæsluaðilja eignina.

Stefndi kveðst ekki hafa frétt um sölu eignarinnar til Jóns Halldórssonar fyrr en eftir 20. sept. 1973.

Þann 27. febrúar 1973 var loft yfir 1. hæð tekið út og 27. mars loft yfir 2. hæð. Eftir að stefndi hafði riftað þann 5. apríl 1973, hélt stefnandi áfram húsbyggingunni, og voru hitaleiðslur, vatnsleiðslur og skolpleiðslur teknar út þann 12. júní 1973.

Þann 19. september 1973 undirritaði bæjarstjórinn í Hafnarfirði lóðarleigusamning fyrir lóðirnar nr. 123-133 við Miðvang, og er stefnda veittur réttur til lóðarinnar nr. 125, en stefnanda til lóðarinnar nr. 133. Þeir undirrituðu síðan báðir þennan samning þann 10. október 1973. Með samningi þessum er lóðin leigð á erfðafestu frá 1. júlí 1970. Leiguliða er heimilt að selja eða veðsetja rétt sinn til lóðarinnar, en bæjarstjórn er áskilinn forkaupsréttur. Samningur þessi var afhentur til þinglýsingar þann 10. október 1973.

Þann 20. maí 1976 var samþykkt í bæjarráði Hafnarfjarðar samkvæmt beiðni lögmanns stefnanda, að bæjarráð hefði ekkert við það að athuga, að Gísli Gunnarsson, og síðan Sigurður Guðmundsson, keypti fasteignina nr. 125 við Miðvang í Hafnarfirði.

1.4.

Í upphafi málsins var því haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hefði fengið gjaldfrest á víxilkröfunni til 5. eða 6. janúar 1973 og að stefndi hefði firrt sig rétti með viðtökudrætti. Þar sem þessi málsástæða er ekki lengur höfð uppi í málinu, þykir ekki ástæða til að rekja þennan þátt málsins nema í aðaldráttum.

Þegar stefnandi afhenti stefnda víxilblaðið, var það ekki útfyllt að öllu leyti, og vantaði nafn útgefanda. Greiðslustaður var tilgreindur Landsbanki Íslands, Reykjavík. Stefndi bað föður sinn, Björgvin Jónsson, að koma víxlinum í verð, en hann leitaði til verslunarfyrirtækisins Verðlistans. Eigandi þess fyrirtækis, Erla Wigelund, gaf víxilinn út og fékk son sinn, Pétur W. Kristjánsson, til að ábekja víxilinn. Hún reyndi fyrst að selja hann í Landsbanka Íslands, en tókst ekki. Síðan reyndi hún að selja

hann í Búnaðarbankanum, en lyktir urðu þær, að víxillinn var settur þar í innheimtu. Virðist þá tilgreiningu greiðslustaðar hafa verið breytt þannig á víxlinum, að Búnaðarbankinn kom í stað Landsbankans.

Stefnandi segist hafa séð, skömmu áður en víxillinn féll í gjalddaga, að hann mundi ekki geta greitt hann á réttum tíma, og segist hafa haft samband við stefnda og sagt honum þetta. Hann kveður stefnda hafa sagt, að hann hefði nú ekkert með víxilinn lengur að gera, eigandi hans væri Verðlistinn. Hann kveðst þá hafa haft samband við Erlu Wigelund og fengið nokkurra daga gjaldfrest. Hann kveðst hafa samið um gjaldfrest til 5. eða 6. janúar 1973. Hann segir stefnda hafa haft samband við sig skömmu eftir gjalddaga víxilsins og sagst þá vera eigandi víxilsins. Hann kveður stefnda hafa boðið, að kr. 50.000 yrðu greiddar þegar í stað, en stefnandi samþykkti framlengingarvíxil fram yfir áramót fyrir afganginum. Næst þegar aðiljarnir töluðust við, kveður stefnandi hafa komið fram, að stefndi vildi fá meiri greiðslu en víxilfjárhæðina. Hann kveðst þá hafa fengið lán til að greiða víxilinn að fullu, en ekki tekist að ná sambandi við stefnda. Hann segir, að ákveðið hafi verið, að þeir aðiljarnir hittust á skrifstofu fasteignasölunnar, sem hafði milligöngu um kaup þeirra. Hann kveðst hafa mætt þar og verið reiðubúinn að greiða, en kveður stefnda ekki hafa mætt. Hann kveðst þá hafa skilið eftir óútfyllta ávísun handa stefnda, en tekið hana seinna, þegar ljóst var, að stefndi mundi ekki vitja hennar. Hann kveðst hafa átt mjög erfitt með að ná sambandi við stefnda, og þegar honum tókst það, kveður hann stefnda hafa sagt, að faðir sinn ætti víxilinn og að hann væri á spítala, en haft yrði samband við hann eftir nokkra daga. Skömmu síðar kveðst hann hafa fengið riftunarbréfið.

Erla Wigelund hefur staðfest, að hún hafi veitt gjaldfrest á víxlinum. Hún kveðst hafa haft samband við föður stefnda, sem hafi samþykkt 1-2 vikna frest. Hún var ekki viss um, hversu langur þessi frestur var, en að lokum sagði hún í vitnaleiðslu, að fresturinn hefði ekki verið lengri en til þess tíma, er hún tók víxilinn úr bankanum, 17. janúar 1973.

Björgvin Jónsson synjar fyrir að hafa samþykkt greiðslufrest. Stefndi synjar fyrir, að stefnandi hafi talað við sig fyrir gjalddaga, að hafa sagt honum að Verðlistinn ætti víxilinn og að hafa boðið eða samþykkt gjaldfrest og endurnýjun víxilkröfunnar. Hann kveðst hafa hringt í stefnanda 4. eða 5. desember og sagt,

að víxillinn væri gjaldfallinn og að hann væri hjá Verðlistanum. Hann vísar á bug staðhæfingum stefnanda um, að erfitt hafi verið að ná í sig. Hann segir frásögn stefnanda um, að hann hafi sagst ásáttur um að ganga frá afsali og uppgjöri, ranga. Hann kveðst ekki hafa fengið skilaboð um, að stefnandi væri tilbúinn til að greiða alla fjárhæðina.

2.1.

Fyrsta málsástæða stefnanda er sú, að riftun sé ekki heimil vegna þess, að um vanheimild hafi verið að ræða, sem stefnda hafi borið að bæta úr. Meðan ekki hafi verið bætt úr vanheimildinni, telur stefnandi, að sér hafi ekki verið skylt að greiða. Hér er átt við það, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafði gert ljóst við veitingu lóðanna, að hún mundi ekki leyfa framsal réttinda til lóðar, áður en lóðarsamningur hefði verið gerður, nema gildar ástæður lægju til að hennar dómi, en lóðarleigusamningur mundi ekki vera gerður fyrr en grunnplata hefði verið steypt. Þessi ákvæði voru í tilkynningu bæjarstjórnar til stefnda, dags. 2. júlí 1970.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að samningur aðiljanna sé ógildur vegna þess, að þess hafi ekki verið gætt að leita samþykkis bæjaryfirvalda.

Ekki kemur til greina að fallast á það með stefnda, að hann eigi að vera laus frá skyldum sínum samkvæmt samningnum vegna eigin vanheimildar.

Ljóst er, að báðum aðiljum hefur verið fullkunnugt um þennan annmarka, og að ætlun þeirra hefur verið, að úr honum yrði bætt eftir samningsgerð.

Stefndi hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að sér hafi skilist, að stefnandi mundi ætla að vera búinn að koma byggingunni það áleiðis, áður en afsal færi fram, að salan færi þá ekki í bága við skilmálana. Virðist þetta vera sennileg skýring.

Samkvæmt samningi aðiljanna átti stefnandi ekki að fá afsal fyrir eigninni, fyrr en víxillinn hefði verið greiddur. Stefnda virðist þá hafa borið að afla heimildar bæjarstjórnar, áður en kæmi til afsals. Stefnandi átti þannig rétt á, að stefndi veitti honum gallalausa eignarheimild, þegar hann hefði greitt víxilinn, en honum var ekki rétt að halda að sér höndum, þar til stefndi hefði aflað heimildarinnar. Það virðist ekki hafa verið óeðlilegt, að stefndi dokaði við með að afla heimildar bæjarstjórnar, þar til séð yrði, hvað yrði úr efndum af hálfu stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ekki beri að telja, að stefndi eigi lögvarða kröfu nema fyrir kr. 50.000, þar sem stefnandi hafi þegar greitt kr. 200.000 af kaupverðinu samkvæmt skriflegum kaupsamningi aðiljanna, þar sem kaupverðið er sagt kr. 250.000, stefndi hafi með þessu móti verið að reyna að komast hjá að greiða opinber gjöld og dómstólar eigi ekki að styðja menn í skattsvikum. Stefnandi bendir á, að hann hafi boðið fram greiðslu á kr. 50.000 þann 4. eða 5. desember 1972, en því boði hafi verið hafnað.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi komist á bindandi samningur vegna þess, að kaupverð hafi verið ranglega tilgreint.

Enginn ágreiningur er um, að umsamið kaupverð hafi verið kr. 400.000.

Stefndi viðurkennir að hafa reynt að leyna hinu rétta kaupverði fyrir skattayfirvöldum, en kveðst hafa sent leiðréttingu við skattframtal sitt til skattstjóra, þegar sér hafi orðið ljóst, að sér yrði ekki stætt á þessu.

Ekki kemur til mála að fallast á það með stefnda, að hann eigi að vera laus frá skuldbindingum sínum samkvæmt samningi aðiljanna vegna eigin skattalagabrots.

Fallast ber á, að það hafi verið andstætt lögum að tilgreina kaupverðið ranglega í hinum ritaða texta samningsins í því skyni að blekkja skattayfirvöld.

Brot stefnda kann að varða hann refsingu og viðurlögum samkvæmt skattalögum, og honum ber að greiða skatta miðað við hið raunverulega kaupverð, en engin lagarök virðast liggja til þess, að sá hluti kaupverðsins, sem veittur var gjaldfrestur á, eigi að vera ólögvarinn vegna skattalagabrots stefnda.

Stefndi heldur því fram, að veruleg vanskil á greiðslu kaupverðs heimili honum riftun. Hann leggur sérstaka áherslu á, að samkvæmt 5. gr. samningsins hafi sér ekki borið að gefa út afsal, fyrr en víxillinn fyrir þeim hluta kaupverðsins, sem gjaldfrestur var veittur á, hefði verið greiddur.

Stefnandi bendir hins vegar á, að samkvæmt 2. gr. samningsins hafi sér borið að greiða kaupverðið að hluta með peningum við samningsgerð og að hluta með því að samþykkja víxil, en hvort tveggja hafi hann efnt.

Stefnandi heldur því fram til vara, að samkvæmt reglum íslensks réttar um viðskeytingu beri að hafna riftunarkröfu stefnda, þar sem húsið, sem réttargæsluaðili og stefnandi hafi

byggt í sameiningu, sé miklu meira virði en verðmæti þau, sem stefndi lét af hendi við stefnanda, hagsmunir þeirra séu því yfirgnæfandi í samanburði við hagsmuni stefnda.

Réttargæsluaðili tekur undir rök stefnanda, en leggur megináhersluna á síðastgreindu málsástæðuna.

2.2.

Aðalatriði máls þessa virðist vera að leysa úr því, hvort stefnandi hafi átt rétt til að bregðast við vanefnd stefnda með riftun, sérstaklega hvort vanefndin hafi verið veruleg. Jafnframt þarf að taka afstöðu til þess, hvort reglur íslensks réttar um viðskeytingu eigi að leiða til þess, að stefndi verði að sleppa tilkalli sínu til hinnar umdeildu fasteignar.

Við úrlausn málsins virðist einkum bera að taka eftirtalin atriði til athugunar:

1. Stefnandi átti að inna kaupverðið af hendi með því að greiða kr. 200.000 út í hönd og samþykkja víxil að fjárhæð kr. 200.000.
2. Stefnandi átti ekki rétt til að fá afsal, fyrr en hann hefði greitt víxilinn.
3. Greiðsludráttur stefnda varðar þann hluta kaupverðs, sem gjaldfrestur var veittur á.
4. Eignin var afhent, áður en kaupsamningurinn hafði verið efndur að fullu.
5. Stefnda var ljóst, að stefnandi hafði atvinnu af að kaupa óbyggðar lóðir og lóðir með ófullbyggðum húsum til að byggja á þeim hús og selja og að hann hafði áður selt annan hluta af húsasamstæðunni nr. 123-133.
6. Stefnandi telur sig hafa verið reiðubúinn til að greiða fjárhæð víxilsins að fullu 15. desember 1972, en víxillinn lá í Búnaðarbankanum til 17. janúar 1973.
7. Ekki verður séð af gögnum málsins, hversu langt húsbyggingunni var komið, þegar vanefndir stefnanda hófust, en þaksperrur höfðu verið reistar, þegar stefndi riftaði samningnum.
8. Stefndi grennslaðist ekki fyrir um, hvort stefnandi hefði selt eignina, og gerði enga tilraun til að aðvara réttargæsluaðilja um riftun sína eða afstýra frekari byggingarframkvæmdum, eftir að hann hafði ákveðið að rifta.
9. Réttargæsluaðili telur sig ekki hafa vitað um vanheimild

stefnanda fyrr en um miðjan september 1973 og heldur því fram, að þá hafi húsbyggingin verið komin á lokastig.

Réttargæsluaðili hefur ekki neytt heimildar 50. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess að ganga inn í málið og krefjast þess, að honum verði tildæmt sakarefnið eða að dómur verði annars svo felldur, að verndaður verði réttur hans.

Í þessu máli virðist því ekki fært að byggja dóm á öðrum atvikum en þeim, sem snerta réttarsamband stefnanda og stefnda, en um sjálfstæðan rétt, sem réttargæsluaðili kann að hafa öðlast samkvæmt viðskeytingarreglum, verður ekki dæmt í þessu máli.

Í þessu sambandi virðist bera að líta svo á, að réttargæsluaðili hafi eignast þau réttindi, sem stefnandi hafði áður átt yfir fasteigninni, við gerð kaupsamnings 23. nóvember 1972, eða áður en vanefndir stefnanda hófust, þótt afhending hins selda ætti ekki að fara fram fyrr en síðar.

Að því er varðar skilyrði riftunarinnar kemur fyrst til athugunar, hvernig skilja beri ákvæði samningsins um greiðslu kaupverðs. Eftir orðum samningsins sýnist liggja nærri að líta svo á, að stefnandi hafi fullnægt skilmálum um greiðslu kaupverðs með því að greiða útborgun og samþykkja víxilinn, en stefndi hafi aðeins átt rétt á að halda að sér höndum um að veita stefnanda fullkomna eignarheimild, þar til að hann hefði greitt víxilinn, og neyta réttarúrræða til innheimtu hans, en hann hafi ekki átt rétt á að rifta. Stefnandi fékk eignina afhenta þegar við samningsgerð, áður en kaupverðið var greitt að fullu, og sýnist það einnig mæla gegn riftunarrétti, sömuleiðis það atriði, að greiðsludráttur stefnanda varðaði þann hluta kaupverðs, sem veittur var gjaldfrestur á. Einkum virðist þó þungt á metunum í þessu efni, að stefnandi hafði heimild til að hefja byggingarframkvæmdir þegar í stað.

Það verður að teljast meginregla íslensks réttar um gagnkvæma samninga, að ef aðili vanefnir samninginn í verulegum atriðum, sé viðsemjanda hans heimilt að rifta, sbr. einkum að því er varðar rétt seljanda til riftunar vegna greiðsludráttar, 28. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, sem hér verður beitt með lögjöfnun.

Það verður að teljast almenn regla í lausafjárkaupum, að ef selt er gegn gjaldfresti og söluhlutur er afhentur, áður en gjaldfrestur er liðinn, geti seljandi ekki riftað vegna greiðsludráttar, sem verður að loknum gjaldfresti.

Samkvæmt 2. mgr. (sic) kaupalaganna getur seljandi almennt

ekki riftað lausafjárkaupum, eftir að hann hefur afhent hið selda, en að því er varðar fasteignir verður almennt að leggja afsal að jöfnu við afhendingu lausafjár í þessu sambandi, og virðist sú regla ekki eiga að sæta undantekningu í þessu máli.

Algengt er, að útgáfa veðskuldabréfa sé þáttur í greiðsluskyldu kaupanda í fasteignakaupum, og eiga þau að jafnaði að greiðast eftir afsal, venjulega með afborgunum á löngum tíma. Vanræksla á greiðslu af slíkum skuldabréfum leiðir þá að jafnaði ekki til riftunar kaupsamnings. Víxill sá, sem um ræðir í þessu máli, átti að greiðast tiltölulega skömmu eftir gerð kaupsamnings, í einu lagi og áður en afsal yrði gefið út, enda greiðsla hans skilyrði afsals. Í samræmi við framanritað virðist eðlilegast að telja, að greiðsla víxilsins hafi verið í svo nánum tengslum við útborgunina, að veruleg vanefnd á greiðslu víxilsins hefði veitt stefnda sömu réttarúrræði og greiðsludráttur á því fé, sem greiða átti út í hönd.

Þótt ekki sé það almenn venja, að fasteignir séu afhentar, áður en kemur til afsals, mun eiga sér stað í nokkrum mæli, að byggingalóðir og hálfbyggð hús séu seld og afhent þannig með það fyrir augum, að kaupandi geti hafið byggingarframkvæmdir án tafar. Ekki virðist heppilegt að telja það almenna reglu, að seljendur séu sviptir riftunarrétti, þegar þannig stendur á, þannig að kaupendur geti hafið byggingarframkvæmdir og dregið greiðslu kaupverðs áhættulítið. Í þessum tilvikum virðist því rétt að telja, að sú almenna regla gildi, að seljandi geti neytt riftunarheimildar, allt til þess að hann hefur afhent kaupanda afsal. Ekki virðast skilyrði til að víkja frá þessari almennu reglu í þessu máli.

Fjárhæð víxilsins var helmingur kaupverðsins. Verður því að telja, að skilvís greiðsla hans hafi verið veruleg forsenda af hálfu stefnda. Ekki verður talið sannað gegn andmælum stefnda, að stefnandi hafi gert stefnda löglegt greiðslutilboð, áður en greiðsludrátturinn var orðinn verulegur.

Af hálfu stefnanda hefur þeirri málsástæðu ekki verið hreyft, að stefndi hafi glatað riftunarrétti sínum fyrir tómlæti, og verður því ekki um það dæmt, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir bera að fallast á sýknukröfu stefnda.

Eins og að framan er rakið, hefur stefndi afhent dómaranum sparisjóðsbók með innstæðu, sem hann telur, að samsvari þeirri fjárhæð, sem stefnandi eigi að fá endurgreidda, þegar kaupin

gangi til baka, en eins og kröfugerð í málinu er háttað, virðist ekki verða dæmt um endurgreiðsluskyldu stefnda.

Samkvæmt 178. gr. laga nr. 85 frá 1936 þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ársæll Björgvinsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gísla E. Gunnarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. febrúar 1979.

Nr. 180/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Vigfúsi Ingólfssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Brot gegn 1. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga.
Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði óskaði sjálfur eftir áfrýjun máls þessa. Var því og áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar, svo sem greinir í áfrýjunarstefnu. Fyrir Hæstarétti lýsti ríkissaksóknari yfir því, að fallið væri frá þeirri kröfu, en krafist væri staðfestingar á refsiákvörðun hins áfrýjaða dóms.

Í héraðsdómi eru málavextir raktir eftir rannsókn máls og öðrum gögnum þess. Svo sem fram kemur, eru tímasetningar þeirra, sem dvöldust ásamt ákærða eftir miðnætti

aðfaranótt föstudagsins 12. október 1973 að Aðalgötu 10 á Sauðárkróki, ekki nákvæmar. Ekki skiptir það þó máli um úrlausn sakarefnis.

Rakin eru í héraðsdómi skipti ákærða og Skarphéðins heitins Eiríkssonar á gangi á efri hæð hússins og þar til ákærði hafði sett hann út fyrir dyrnar og skilið hann þar eftir liggjandi. Eru ekki aðrir til frásagnar um atburðarásina þarna en ákærði. Verður því að byggja á framburði hans við úrlausn máls þessa, þótt framburður ákærða sökum minnisleysis vegna vímdrykkju sé eigi fyllilega staðfastur.

Ákærði ber, að hann muni óljóst um skipti þeirra Skarphéðins heitins í stiganum. Skarphéðinn hafi dottið þarna og fallið niður stigann eða hann sjálfur ef til vill hrundið Skarphéðni. Verður hvorki fullyrt um, hvernig þetta atvikaðist né heldur að Skarphéðinn heitinn hafi þarna í stiganum hlotið áverka af völdum ákærða. Ber að svo vöxnu máli að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði kveðst ekki minnast þess, að Skarphéðinn heitinn hafi mælt nokkurt orð eða hreyft sig, þar sem hann lá fyrir neðan stigann eftir byltuna. Setti hann Skarphéðinn heitinn umsvifalaust út fyrir dyrnar og skildi hann þar einan eftir um hánótt í kalsaveðri, berfættan, yfirhafnarlausan og með fötin flakandi frá sér. Gekk ákærði síðan til sængur, svo sem í héraðsdómi greinir. Ákærða gat ekki dulist, að Skarphéðni var veruleg hætta búin með því að skilja þannig við hann meðvitundarlausan og bjargarvana. Ákærði hefur með þessu atferli sínu unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 220. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess, að Skarphéðinn Eiríksson ruddist þrásinnis inn í húsið Aðalgötu 10 nótt þá, er ákærði framdi brot sitt, en ákærði hafði verið gestur húsráðanda undanfarna daga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi. Rétt þykir að ákveða, að gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. október 1973 til 14. nóvember s. á. komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 200.000 krónur, hvort tveggja fyrir báðum dómum.

Hinn 18. janúar 1974 er þingað í málinu í sakadómi Ísafjarðar, er vitnið Sigurbjörn Ólafur Ragnarsson var eiðfest. Eftir það er ekkert aðhafst í málinu fyrr en 11. maí 1976, er fram fór munnlegur málflutningur fyrir sakadómi Sauðárkróks. Hinn 11. febrúar 1977 sendir héraðsdómari bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum dómsgerðir málsins með ósk um, að dómur verði birtur ákærða, er þá var búsettur þar. Hinn 2. maí s. á. sendir bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum ríkissaksóknara dómsgerðir að aflokinni dómsbirtingu. Með bréfi 17. apríl 1978 sendi svo héraðsdómari ríkissaksóknara dómsskjöl málsins, og segir í bréfinu, að svo virðist sem þau hafi lagst til hliðar. Átelja verður drátt þann, sem orðið hefur á meðferð málsins í héraði.

Dómsorð:

Ákærði, Vigfús Ingólfsson, sæti fangelsi 9 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. október 1973 til 14. nóvember s. á. skal með fullri dagatölu koma refsivist hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, hvort tveggja fyrir báðum dómum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 18. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. maí sl., er höfðað af ákæruvaldinu með ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara hinn 2. nóvember 1973, gegn Vigfúsi Ingólfssyni sjómanni, Hólagötu 33, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa milli kl. 03 og 04 föstudagsnótt-

ina 12. október 1973, er ákærði var gestkomandi að Aðalgötu 10, Sauðárkróki, lagt þar hendur á Skarphéðin Eiríksson, Vatnshlíð, Bólstaðarhlíðarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu, sem þá var kominn óboðinn inn í herbergi húsráðanda, Guðrúnar Sigurðardóttur, á efri hæð hússins, í því skyni að koma honum út úr húsinu, þar sem hann hafði þrásinnis fyrr um nóttina valdið ónæði og verið látinn út. Ákærði kom Skarphéðni, sem var allölvaður, út úr herberginu með valdi og fram á stigapall, þar sem þeir stimpuðust, sem lyktaði með því, að ákærði hratt Skarphéðni niður stigann, sem í fallinu fékk höfuðáverka og missti meðvitund. Ákærði dró síðan Skarphéðin, meðvitundarlausan og klæðlítinn, út um bakdyr hússins og skildi þannig við hann utandyra án þess að hyggja frekar að því, hvernig Skarphéðni reiddi af, né gera lögreglu staðarins eða öðrum viðvart um ástand mannsins. Skarphéðinn fannst síðan kl. 1045 um morguninn liggjandi á bakdyratröppum hússins, eins og ákærði skildi við hann um nóttina, og reyndist þá látinn.

Samkvæmt krufningarskýrslu reyndist dánarorsökin blæðingar inn á heila af völdum höfuðáverka samfara því að liggja meðvitundarlaus á víðavangi nokkurn tíma, eins og veðri var háttað.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 219. gr., 1. mgr. 220. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum 19. janúar 1943 og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

27 sinnum á árunum 1958 til 1961 sektir og bótagreiðslur fyrir ölvun, með sátt.

1960 kæra fyrir líkamsárás, fellt niður gegn bótagreiðslu.

1961 sekt, kr. 2.000, fyrir áfengisbrugg.

1962 kæra fyrir brot á 217. gr. alm. hegningarlaga, en refsikrafa afturkölluð.

1962 uppvís að innbroti. Ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár.

1963 kæra fyrir líkamsárás, brot á 217. gr. hegningarlaga. Refsikrafa afturkölluð, skaðabætur dæmdar.

1965 17/8, dómur, 40 daga varðhald, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 18 mánuði, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956.

1969 kærður fyrir ökugjaldssvik. Refsikrafa felld niður.

1971 19/1, sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.

1971 8/8, sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 106. gr. laga nr. 19/1940.

Málsatvik eru þessi:

Föstudaginn 12. október 1973 var hringt á lögreglustöðina á Sauðárkróki og tilkynnt, að maður lægi á bakdyratröppum hússins nr. 10 við Aðalgötu og virtist látinn.

Lögreglumaður fór þegar á staðinn og fann þar Skarphéðin Eiríksson, bónda í Vatnshlíð í Austur-Húnavatnssýslu.

Taldi lögreglumaðurinn engan vafa leika á því, að maðurinn væri látinn, og flutti hann þegar á sjúkrahúsið á Sauðárkróki, þar sem læknar tóku við honum og úrskurðuðu, að hann væri látinn.

Sá, sem fann líkið, var Torfi Sveinsson, Aðalgötu 12.

Hann skýrir svo frá, að um kl. 1045 um morguninn hafi hann ekið bifreið sinni út úr bílskúr, sem er bakvið húsið nr. 10 við Aðalgötu, og hafi þá séð eitthvert hrúgald liggja við tröppur að bakdyrum hússins. Gekk hann þarna að og sá þá, að þarna lá maður, sem hann ekki bar kennsl á, en áleit vera látinn, og gerði hann þegar ráðstafanir til, að lögreglu væri tilkynnt um þetta.

Torfi Sveinsson segir, að líkið hafi legið á bakinu á spýtnahrúgu norðan við tröppurnar, sem eru tvö þrep. Báðir fætur hafi verið uppi á efra þrepinu.

Sigurður Kristinsson lögreglumaður, sem fyrstur fór á vettvang, lýsir ástandi líksins þannig, að munnur hafi verið með blóðfroðu, storkið blóð kringum áverka á kinn og ofarlega á enni og smáblóðpollur á jörðinni undir höfði, en höfuðið hafi ekki snert jörðina.

Klæðaburður hafi verið þannig, að skyrta var aðeins hneppt með einni tölu um mitt brjóst, en skyrtan að öðru leyti flakað frá og ekki verið girt ofan í buxur. Nærskyrtan hafi lyfst og séð í bert ofan buxnastrengsins og vestispeysa dregin upp og í vöndli á brjósti. Buxnaklauf var opin og sá í bert og líkið berfætt, en stígvél lágu við kerru, sem stóð við vegg gegnt dyrum Aðalgötu 10.

Friðrik J. Friðriksson héraðslæknir framkvæmdi skoðun á líkinu, og segir svo í líkskoðunarvottorði hans: „Það er í fötum, nánar tiltekið brókum og nærbrókum, nærskyrtu, milliskyrtu og peysu, ullarpeysu, en berfætt.

Líkið er afklætt, og við skoðun finnast engin lífsmörk með því, líkamshiti mælist minna en 34°C í endaþarmi.

Áverkar svo sem hér segir: Það er skurður á vinstra kinnbeini, og hefir blætt úr honum, og taumurinn liggur aftan og ofan við eyrað, þá er einnig blóðstorka á nefrót og yfir á hægra augnalok og smáskurður á vinstra augnaloki og mar á gagnauganu. Það er blóð í vinstri nös og einnig er blóð í kverkum. Ofarlega á enni er ca 1 og 1/2 cm langur skurður með mari í kring, en enginn blóðtaumur er frá honum, og eins er afrifa upp á há kolli, sem mælist rúmur cm í þvermál, og enginn blóðtaumur liggur frá því og gætu það verið eldri áverkar."

Fyrir dómi skýrði læknirinn svo frá, að erfitt væri að ákveða með nokkurri nákvæmni, hve langur tími hafi liðið frá andláti, þar til líkskoðun fór fram. Hann telur, að ekki hafi verið liðnar meira en fimm klukkustundir og ekki minna en tvær. Líkkuldinn mæli með því, að hann sé lengri, en vöntun líkbletta, að hann sé styttri.

Réttarkrufning var framkvæmd af Ólafi Bjarnasyni prófessor, og var ályktun hans af krufningunni þessi:

„Við krufningu sáust nýlegir áverkar á andliti og hvirfli. Sumir áverkanna kunna að hafa hlotist af því, að maðurinn hafi dottið, en mjög ólíklegt þykir, að allir áverkarnir hafi hlotist af þeim sökum. Sem afleiðing af ofangreindum áverkum, einum eða fleirum, fannst blæðing milli heilayfirborðs og heilabasts, blæðing í mjúku heilahimnurnar og í heilahólf. Auk þess mar á heilanum sjálfum. Hafa blæðingar þessar orðið manninum að bana. Það, að maðurinn hefir legið meðvitundarlaus á víðavangi nokkurn tíma, kann að hafa verið meðverkandi að dauða.

Maðurinn hefir verið ölvaður, er hann lést."

Samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands var veður á Sauðárkróki hinn 12. október þannig: Kl. 00 var veðurátt S 2, skýjað og hiti ÷ 0.4, kl. 06 VSV 4, skýjað og hiti 1.7, og kl. 09 S 2, skýjað og hiti 0.2.

Dómsrannsókn í máli þessu hófst samdægurs og var að mestu lokið hinn 20. október.

Húsið Aðalgata 10 er forskallað timburhús á hlöðnum kjallara og er hæð og ris með íbúð í.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglumanna um vettvangsathugun snýr húsið hlið að Aðalgötu og er 10 metra frá götubrún. Utanmál þess er 6.40 x 9.40 metrar.

Þegar komið er inn um aðaldyr, er komið inn í gang, sem liggur í gegnum húsið og að salerni, en þar beygir gangurinn til vinstri í forstofu frá bakdyrum, en úr þeirri forstofu liggur stigi

upp á loft. Þegar komið er inn úr aðaldyrum, eru dyr til vinstri inn í eldhús og gegnt þeim dyr inn í suðurenda hússins. Þar sem eldhúshurðin stendur opin upp að vegg, kemur smáinnskot í ganginn, en í því eru dyr, og þar er stigi niður í kjallara.

Stiginn upp á loftið úr forstofu við bakdyr er þannig, að ein trappa er upp á stigapall, en síðan liggur stiginn upp til vinstri og er handriðalaus. Í horninu frá stigapalli og upp í loft er eitt 2" rör og tvö 3¼ rör. Trébiti er undir loftinu í forstofunni og liggur beint upp af stigapalli, svoleiðis að menn verða að beygja sig til að reka ekki höfuðið í hann, þegar gengið er um stigann.

Þegar komið er upp á rishæðina, er þar stór opin forstofa undir kvisti í vestur. Handrið er við stigann til vinstri uppi. Auk þess er á efri hæðinni ruslakompa og geymsla við austursúð, lítið eldhús að norðan og tvö svefnherbergi að sunnan.

Austur frá norðurenda hússins er steyptur skúrveggur 5.05 metrar til austurs og frá honum annar skúrveggur til suðurs, 10.30 metrar, og myndast því port þarna, sem er 5.40 metrar við op þess.

Framan við bakdyr hússins er steypt plata og eitt þrep út af henni til vinstri og eitt beint fram, en til hægri er steyptur stigi niður í kjallara. Til vinstri við og alveg upp að dyrapallinum liggur á jörðinni grind úr barnarúmi, ofan á henni dýna og þar ofan á þríhyrningur með spónaplötu, spónaplata og annar þríhyrningur með spónaplötu ofan á henni.

Í húsinu Aðalgötu 10 bjó Guðrún Sigurðardóttir með fjórum börnum sínum á aldrinum 6 til 11 ára.

Hjá henni voru gestir, Valgerður Andersen, Reykjavík, sem hjá henni hafði dvalist um hálfan mánuð, Ólafur Ragnarsson, Reykjavík, og Vigfús Ingólfsson frá Vestmannaeyjum, ákærði í máli þessu, sem var fyrrverandi sambýlismaður Guðrúnar, og áttu þau eitt barn saman. Höfðu þeir Ólafur og ákærði komið til Sauðárkróks á miðvikudag og gistu hjá Guðrúnu.

Þeir félagar voru við drykkju hjá Hannesi Berg Bergsteinssyni, Aðalgötu 21, á miðvikudagskvöldið og Guðrún og Valgerður með þeim.

Aðiljum ber saman um, að drykkja hafi verið hafin að nýju að Aðalgötu 10 skömmu eftir hádegi næsta dag og hafi þá fljótlega bæst í hópinn áðurnefndur Hannes Berg og Valdís Hagalínsdóttir, Aðalgötu 23, en Hannes Berg fór heim um kl. 21.

Um klukkan 22 um kvöldið kom Skarphéðinn Eiríksson, bóndi í Vatnshlíð, í Aðalgötu 10.

Guðrún Sigurðardóttir skýrir svo frá, að hún hafi þekkt hann lengi, allt frá því að hún var kaupakona hjá honum fyrir 12-13 árum og eftir að hún fluttist til Sauðárkróks þá sumarið áður, hafi hann oft heimsótt hana, borðað þar og stundum gist og síðast helgina áður.

Vitnið Hukur Ingvason, bóndi í Valagerði, sem er skammt frá Vatnshlíð, skýrir svo frá, að hann hafi eftir vinnu í sláturhúsinu, þar sem hann vann, farið að sækja sláturfé heiman að frá sér og frá Vatnsskarði. Eftir að hafa losað féð af bílnum hafi hann farið að svipast um eftir bíl, sem var að flytja fé frá Vatnshlíð, þar sem hann bjóst við, að bíllinn færi þangað aðra ferð, og var ætlunin, að hann tæki í þeirri ferð nokkur lömb fyrir vitnið.

Vitnið sá bílinn stansa við Hótel Mælifell og sá Skarphéðin fara úr honum og inn í húsið Aðalgötu 10, sem er hinum megin götunnar. Fór vitnið á eftir honum þangað inn. Skömmu síðar fóru þeir Skarphéðinn út til að svipast um eftir fjárflutningabílnum, en hann var þá farinn frá hótelinu, og segir vitnið, að Skarphéðinn hafi þá talið rétt að láta frekari fjárflutninga eiga sig og þeir farið aftur inn í Aðalgötu 10.

Vitnið segir, að þarna hafi verið setið að drykkju og hafi Skarphéðinn verið dálítið drukkinn, en þó ekki mjög mikið, þegar vitnið fór heim, en þá telur hann, að klukkan hafi verið rúmlega tólf, og kemur það heim við framburð annarra vitna.

Meðan vitnið var þarna, kom til deilu milli Guðrúnar og ákærða, og fór Guðrún út og hringdi í lögreglu, en samkvæmt skýrslu lögreglunnar kom hún á staðinn kl. 2320, og kærði Guðrún þá fyrrverandi sambýlismann sinn fyrir að hafa lagt hendur á sig. Hann var ekki staddur í húsinu, þegar lögreglan kom, en samkvæmt framburði Hauks Ingvasonar kom ákærði aftur, skömmu eftir að lögreglan fór, og lenti þá að nýju í deilum við Guðrúnu, sem sló til hans með einhverju, þannig að hann blóðgaðist á augabrún.

Vitnið segir, að Skarphéðinn hafi eitthvað blandast í þessar deilur og Guðrún ráðist að honum og klórað hann eitthvað í andliti, þannig að smárispa kom.

Eftir þetta eru tímasetningar varðandi atburði næturinnar flestar mjög ónákvæmar, enda allir, sem í húsinu voru, orðnir meira eða minna drukknir.

Gunnlaugur Sigurgeirsson prentari hafði setið að drykkju með áðurnefndum Hannesi Berg, heima hjá honum, frá klukkan rúm-

lega 21 og fram að miðnætti, en þá fór hann áleiðis heim og kom við í Aðalgötu 10.

Hann var mikið drukkinn, en minnist þess, að þarna voru einhverjar deilur, og man, að Skarphéðinn var blóðugur í andliti og að einhver var að þvo blóðið framan úr honum.

Vitnið telur sig hafa stansað þarna ca 20 mínútur, en síðan farið með Valdísi Hagalínsdóttur heim til hennar og stansað þar nokkra stund, en síðan farið áleiðis heim, suður Aðalgötu.

Þegar hann kom að Aðalgötu 10, man hann, að eitthvað var þar um að vera framan við húsið milli ákærða og Skarphéðins, og lenti vitnið í einhverjum orðaskiptum við ákærða, sem þá fór inn og skellti aftur hurðinni.

Skarphéðinn stóð þá í skoti undir tröppunum að Aðalgötu 10 B, en vitnið hélt áfram ferð sinni og mætti skömmu síðar Jóni Ormari Ormssyni, en samkvæmt framburði Jóns Ormars hitti hann vitnið rétt fyrir kl. 02.

Vitnið Valdís Hagalínsdóttir minnist þess, að Guðrún og Skarphéðinn hafi deilt og Guðrún slegið til hans og hafi blætt úr Skarphéðni.

Hún telur, að þau Gunnlaugur hafi farið dálítið fyrir klukkan eitt, og segist hún hafa boðið Skarphéðni að gista hjá sér, en hann hafi gist hjá henni áður, en hann ekki viljað þiggja það.

Vitnið Helgi Gunnarsson skýrir svo frá, að hann hafi átt leið fram hjá Aðalgötu 10 og hafi þá Guðrún verið að ýta Skarphéðni út úr húsinu, en hann verið á sokkaleistunum og verið að biðja um stígvélin sín. Sinnti Guðrún því ekki og skipaði honum að fara frá húsinu. Bað vitnið Skarphéðin þá að koma með sér. Sagðist Skarphéðinn vera að fara heim, og gekk vitnið með honum nokkurn spöl frá húsinu, en skildi síðan við hann og fór aftur upp á Aðalgötu.

Hann segir, að Skarphéðinn hafi verið með 2 eða 3 skrámur í andliti og sér virst, að blóð úr þeim hafi verið strokið burt. Spurði hann Skarphéðin, hvort hann hefði meitt sig, en hann svarað því til, að það væri ekkert.

Eftir að vitnið skildi við Skarphéðin, fór hann út í bæinn, en síðan suður Aðalgötu og hitti þar Gunnlaug Sigurgeirsson og urðu þeir samferða.

Þegar þeir komu að Aðalgötu 10, var Skarphéðinn þar utandyra, en í dyrunum stóðu Guðrún Sigurðardóttir og maður, sem vitnið ekki þekkti. Fór Gunnlaugur heim að húsinu og átti orðaskipti við manninn, sem þá lokaði dyrunum. Gengu þeir Gunn-

laugur og vitnið síðan suður götuna, en Skarphéðinn stóð í sömu sporum, og fóru engin orðaskipti milli hans og þeirra.

Vitnið, sem var lítið eitt undir áhrifum áfengis, telur, að ekki hafi liðið meira en 10 mínútur frá því að hann skildi við Skarphéðin í fyrra skiptið og þar til hann sá hann þarna aftur.

Hann telur, að Skarphéðinn hafi verið drukkinn, en þó ekki mjög drukkinn.

Guðrún Sigurðardóttir skýrir svo frá, að eftir að Haukur Ingvason og Skarphéðinn komu, hafi þeir tekið þátt í drykkjunni, þó einkum Skarphéðinn, sem vitnið segir, að hafi drukkið mjög skarpt og geri það alltaf og drekki óblandað.

Þegar Haukur hafi farið um miðnætti, hafi hann viljað fá Skarphéðin með sér, en hann neitað.

Hún segir, að Skarphéðinn hafi orðið mjög drukkinn, sungið og haft hátt og vakið börnin, en tvö þau yngri hafi verið heima, en hin gist hjá kunningjum sínum.

Hafi þau reynt að fá Skarphéðin til að fara, en hann ekki viljað það og verið settur út þrisvar til fjórum sinnum, einu sinni af henni, einu sinni af ákærða og einu sinni eða tvisvar af Ólafi Ragnarssyni. Þetta hafi alltaf gerst án átaka, en hins vegar hafi hann alltaf byrjað að berja utan húsið og hafa hátt úti fyrir. Honum hafi alltaf verið hleypt inn aftur, nema einu sinni hafi hann komist inn í gegnum kjallarann.

Eftir að hann hafði verið settur út um kl. 03, hafi þau tekið það ráð að slökkva öll ljós og fara upp á efri hæðina. Allt vín hafi þá verið búið og þau gengið til náða. Valgerður og Ólafur hafi sofið í austara herberginu, hún ásamt börnum sínum í því vestara og ákærði á gólfinu í því herbergi og hafi hann verið sofnaður, þegar hún kom inn, og hún strax sofnað í öllum fötunum.

Hún segist ekki minnast þess að hafa slegið til Skarphéðins, en sér hafi verið sagt, að hún hafi gert það og hann fengið rispu á kinnina.

Vitnið segir, að þau hafi öll verið þéttdrukkin, þegar þau fóru að sofa. Hún hafi ekki orðið vör neins umgangs í húsinu, eftir að hún gekk til hvílu, og ekkert vitað af sér fyrr en hún vaknaði um tíu leytið um morguninn.

Hún segir, að dyr inn í kjallara séu ekki læstar og ekki sé hægt að læsa dyrum úr kjallara upp á miðhæð.

Vitnið Ólafur Ragnarsson segir, að þau Valgerður hafi bæði

verið allmikið drukkin og farið upp og gengið til hvílu snemma kvölds, áður en Skarphéðinn kom.

Vitnið segist hafa sofnað, en vaknað við hávaða niðri og hafi börnin þá einnig vaknað. Ákærði og Guðrún hafi þá verið að deila.

Eftir að lögreglan var farin, fór vitnið niður og segir, að Skarphéðinn hafi þá verið með þras og hávaða. Vitnið vísaði honum út, en hann neitaði að fara, og setti vitnið hann þá út með valdi. Hann segist síðan hafa farið upp aftur og sofnað, en síðan vaknað aftur og farið niður. Skarphéðinn hafi þá aftur verið kominn inn, sungið mikið og haft hátt og hafi Guðrún beðið vitnið að koma honum út. Skarphéðinn hafi sýnt mótþróa og slegið til sín, og telur hann sig hafa slegið Skarphéðin eitt högg, en það hafi ekki valdið áverkum. Eftir þetta hafi þau öll farið upp og hafi hann fljótlega sofnað og sofið til morguns.

Vitnið minnist þess, að Skarphéðinn hafi verið blóðugur í andliti, þegar vitnið kom niður í seinna skiptið og setti hann út.

Vitnið Valgerður Andersen segir, að þau Ólafur hafi farið upp og háttað hjá börnunum, áður en Skarphéðinn og Haukur komu. Börnin hafi orðið hrædd vegna deilu ákærða og Guðrúnar og hafi þau verið að reyna að róa þau.

Vitnið telur, að klukkan hafi verið um eitt, þegar Guðrún kallaði í þau og bauð þeim mat. Fóru þau þá niður, og var Skarphéðinn þá að borða í eldhúsinu og drakk óblandað Baccardi. Meðan á borðhaldinu stóð, segir vitnið, að hann hafi verið með hávaða og hafi ákærði komið honum út, en hann þá komið á eldhúsgluggann og barið og haft hátt.

Hún segir, að nokkru eftir að þau Ólafur fóru upp eftir borðhaldið, hafi Skarphéðinn komið upp í herbergið til þeirra. Ólafur hafi farið á móti honum og leitt hann niður stigann og sett hann út um dyrnar, sem vita út í portið, og hent stígvélum, sem voru í forstofunni, á eftir honum. Þarna hafi ekki verið um högg eða átök að ræða. Síðan heyrði hún, að Skarphéðinn var kominn að framdyrunum og fannst stuttu síðar, að hún heyrði til hans inni í húsinu.

Vitnið telur, að klukkan hafi verið 0230 til 03, þegar ákærði og Guðrún komu upp. Hún hafi sofnað fljótlega eftir það, Ólafur þó verið sofnaður á undan og sofið til morguns.

Eins og að framan er getið, virðast tímasetningar þeirra, sem í húsinu voru, ónákvæmar, og hvað varðar þann tíma, sem þau telja sig hafa gengið til náða, liggja fyrir vitnisburðir annarra,

sem sýna, að áliðnara hafi verið nætur, þegar samkvæminu lauk, en þau telja.

Vitnið Ólafía Kristín Sigurðardóttir, sem býr í næsta húsi, skýrir svo frá, að hávaði úti fyrir húsinu hafi haldið fyrir sér vöku þessa nótt.

Hún leit á klukkuna um fjögur, og skömmu síðar heyrði hún, að einhverjir voru í stiganum upp á hæðina, sem er sunnan á húsinu við Aðalgötu 10 og er úr timbri. Heyrði hún þarna mannamál. Áður hafði hún heyrt eitt högg í rúðu og taldi það koma frá Aðalgötu 10.

Vitnið Þórunn Ragna Tómasdóttir, sem býr í sama húsi, var ekki sofnuð um klukkan fjögur og heyrði þá hávaða, sem hún hélt vera framan við húsið eða sunnan við það. Hún heyrði klið af röddum, en ekki orðaskil, og einnig eins og trampað væri í stiganum sunnan á húsinu eða lamið í hann. Eftir það varð hún einskis vör og telur sig hafa sofnað milli kl. 04 og 0430.

Gluggar á þeim herbergjum, sem þessi vitni sváfu í, vita báðir út að Aðalgötu.

Vitnið Eva Sigurðardóttir, 14 ára gömul, svaf í húsinu Aðalgötu 9, sem er skáhalt á móti Aðalgötu 10.

Hún skýrir svo frá, að hún hafi vaknað klukkan hálf fjögur við rifrildi úti milli karls og konu. Hún sofnaði fljótlega, en vaknaði síðan aftur við rifrildi og fór þá út að glugganum, sem snýr út að Aðalgötu, en sá engan.

Rifrildið var milli karls og konu, og heyrði hún orðaskil hjá konunni og heyrði hana segja: „haltu kjafti", „eg sef á náttunni" og „ætlarðu að vekja börnin". Henni virtist maðurinn vera frekar með röfl og heyrði ekki orðaskil hjá honum, en virtist önnur kona vera þarna líka, sem talaði lægra, og var hún að biðja hina að láta hann eiga sig og koma inn.

Vitnið segist hafa kveikt ljós og litið á klukkuna og hafi hana þá vantað 20 mínútur í fimm.

Vitnið Sveinn Nikodemus Gíslason skýrir svo frá, að hann hafi verið við vélgæslu í frystihúsi til klukkan fjögur og ekið heimleiðis eftir Aðalgötu á tímabilinu 0415 til 0430.

Hann segist af forvitni hafa ekið mjög hægt fram hjá Aðalgötu 10, vegna þess að þar hafi verið mjög líflegt um nætur að undanförnu, og hafi hann skrúfað niður bílrúðuna og horft heim að húsinu.

Ljós hafi þá verið í öllum gluggum, sem hann sá á efri og

neðri hæð, og sá hann fólk á ferli á neðri hæðinni og heyrði músik og mannamál.

Um atburðarás föstudagsmorgunsins hefur í meginatriðum tekist að samræma vitnisburði þeirra, sem í Aðalgötu 10 voru.

Þau virðast hafa vaknað um kl. 10 og Ólafur þá farið inn til Guðrúnar og ákærða og sennilega vakið þau, en síðan farið niður að sækja vatn og þá orðið þess var, að Skarphéðinn lá þar utan dyranna.

Guðrún Sigurðardóttir segir, að Ólafur hafi komið inn til þeirra um morguninn og þeir þá eitthvað farið að ræða atburði næturinnar og hafi ákærði þá sagt, að Skarphéðinn hefði komið inn, eftir að þau voru sofnuð. Hún hafi ekki viljað trúa því, en dætur hennar, sem voru viðstaddar, hafi sagt, að það væri alveg satt, því þær hefðu vaknað og séð ákærða draga hann fram og niður.

Hún minnist þess einnig, að ákærði hafi þá látið þau orð falla, að sennilega lægi hann þarna úti ennþá.

Ólafur Ragnarsson staðfestir þennan framburð Guðrúnar og telur, að það hafi ef til vill orðið þess valdandi, að hann gáði út um dyrnar, þegar hann fór niður til þess að sækja vatnið. Hann segist hafa séð stígvélin úti, þegar hann fór niður, en síðan gáð betur út í bakaleiðinni og þá séð Skarphéðin, þar sem hann lá utan dyranna. Hann hafi þá farið upp og sagt hinum frá þessu og þau farið niður og séð konu og mann standa fyrir utan og beðið þangað til þau voru farin, en þá hafi hann opnað og þreifað á líkinu og fundið, að það var stirðnað. Rétt í því hafi líkið verið sótt.

Síðar við rannsókn málsins skýrði Ólafur svo frá, að þegar hann fór niður um morguninn, hafi hann séð blóðblett á innanverðum bitanum yfir stiganum og hafi hár verið klesst í blóðið. Hann hafi þá verið búinn að sjá sár á augabrún Vigfúsar og ekki vitað, hvernig hann hefði fengið það, og því strax dottið í hug, að hann hefði rekið sig í bitann. Segist hann ekki hafa viljað láta börnin sjá þetta, þar sem þau hafi verið svo hrædd um nóttina, og þess vegna náð í tusku og þurrkað blettinn burtu.

Eftir að líkið fannst, segist hann hafa skýrt hinum, eða a. m. k. einhverjum þeirra, frá þessu.

Hólmfríður Eronsdóttir, 8 ára gömul dóttir Guðrúnar Sigurðardóttur, segir, að hún hafi séð Skarphéðin reyna að vekja móður hennar og hafi hún orðið hrædd og líka reynt að vekja hana ásamt 6 ára systur sinni, sem einnig hafi verið vakandi, og

ákærða, en þeim hafi ekki tekist það. Síðan hafi ákærði leitt Skarphéðin niður, en komið upp aftur. Stuttu síðar hafi hún heyrt rifrildi og sofnað út frá því. Hún hafi ekkert litið upp og ekkert ljós hafi verið kveikt, og hún heldur, að rifrildið hafi verið úti og ákærði þá í rúminu eða inni í stofu.

Framburður ákærða um atburðarásina fram til þess tíma, sem þau gengu til náða, er í öllum meginatriðum í samræmi við þann vitnaframburð, sem hér hefur verið rakinn, en eftir það er hann einn til frásagnar.

Ákærði segir, að Skarphéðinn hafi verið allmikið drukkinn og með hávaða og leiðindi og verið hent út hvað eftir annað, en jafnan komist inn aftur. Segist hann minnast þess að hafa sett hann tvisvar út og hafi orðið við það nokkrar stimpingar, því Skarphéðinn hafi þráast við, en þó ekki verið með nein illindi, og minnist hann þess ekki, að um nein högg hafi verið að ræða. Í fyrra skiptið hafi hann sett hann út um framdyrnar, úr eldhúsinu, en í síðara skiptið ofan af efri hæð, út um bakdyrnar.

Ákærði segir, að þau hafi öll verið orðin allmikið drukkin. Sjálfur hafi hann sofnað inni í stofu, og kemur það heim við framburð annarra, og hafi Guðrún vakið sig og hann farið með henni upp.

Hann hafi síðan vaknað við köll í börnunum, sem hann heldur, að hafi verið að reyna að vekja móður sína. Sá hann þá Skarphéðin sitja á rúmstokknum, og virtist hann árangurslaust vera að reyna að vekja Guðrúnu. Ákærði reyndi einnig að vekja hana, en án árangurs. Sagði hann Skarphéðni að fara út, en hann hafi ekki viljað það og hafi hangið í Guðrúnu og hafi hann orðið að tosa allmikið í hann til þess að fá hann frá rúminu.

Ákærði segir, að sér hafi tekist að koma Skarphéðni niður, og minnist þess ekki, að hann hafi sýnt verulegan mótþróa eða illindi, en hins vegar verið með röfl og hávaða. Þegar niður úr stiganum kom, hafi Skarphéðinn beðið um að fá að sofa í herbergi á neðri hæðinni, en ákærði neitað honum um það af einhverjum ástæðum og komið honum út fyrir dyrnar. Hann segist síðan hafa farið upp og hafi Skarphéðinn þá verið að berja á dyrnar og verið með hávaða. Þegar upp kom, hafi hann lagst upp í rúmið hjá Guðrúnu og börnunum.

Á síðara stigi rannsóknarinnar viðurkenndi ákærði, að Skarphéðinn hefði komið inn í húsið eftir þetta, sennilega stuttu eftir að ákærði var lagstur upp í rúmið eftir að koma honum út.

Ákærði segist hafa séð hann standa í dyrunum eða við hurð-

ina inn í svefnherbergið. Segist hann hafa beðið hann að fara, en þegar hann ekki gerði það, hafi komið til einhverra stimpinga milli þeirra frammi á ganginum. Ákærði telur sig muna, að hann hafi verið búinn að koma honum eitthvað niður í stigann, en Skarphéðinn þá dottið eða ákærði ef til vill hrint honum niður stigann. Ákærði segist ekki muna þetta ljóst, en telur þó, að hann sjálfur hafi ekki fallið með honum niður.

Hann segist muna, að Skarphéðinn lá í forstofunni neðan stigans, og heldur, að hann hafi legið með fætur að stiganum, en man ekki, hvort hann lá á bakinu eða á grúfu. Ákærði segist ekki muna ljóslega, hvernig hann kom honum út, en hann hafi opnað bakdyrahurðina og telur, að hann hafi dregið hann út og síðan ýtt fótum hans út fyrir til þess að geta lokað hurðinni.

Ákærði segist muna, að Skarphéðinn hafi legið alveg hreyfingarlaus eftir fallið og engin orð farið á milli þeirra og sér reynst auðvelt að koma honum út og muni hann hafa tekið í handleggi hans eða undir þá og dregið hann þannig út fyrir.

Hann segist ekki minnast þess, að hann hafi athugað neitt nánar, hvort áverkar væru á Skarphéðni eða hvort hann væri með rænu og alls ekki leitt hugann að því, hvort eitthvað væri að honum, aðeins komið honum út fyrir og síðan farið upp að sofa.

Ákærði minnist þess, að þau hafi rætt atburði næturinnar um morguninn, en minnist þess ekki að hafa látið þau orð falla, að Skarphéðinn kynni að liggja úti fyrir, og sér hafi ekki komið í hug, að svo kynni að vera, en hafi þó haft áhyggjur af því, að hann kynni að hafa verið of harðhentur við hann.

Hann segir, að þau muni öll hafa verið komin niður, þegar Ólafur sagði þeim, að hann hefði þurrkað blóð af bitanum yfir stiganum um morguninn.

Ákærði segist fyrst hafa hitt Skarphéðin þá um sumarið, en þá hafi hann dvalist hjá Guðrúnu Sigurðardóttur hálfan mánuð. Hafi hann þá hitt Skarphéðin nokkrum sinnum heima hjá Guðrúnu og einnig farið með henni og fleirum að heimsækja Skarphéðin, sem þá hafi verið á Skörðugili, og hafi þá farið mjög vel á með þeim.

Hann minnist þess ekki, að neitt hafi gerst þarna um kvöldið eða nóttina, sem hafi egnt hann gegn Skarphéðni, annað en það, að hann hafi verið með hávaða og alltaf komið inn aftur, eftir að hann var settur út og síðan eftir að þau fóru að sofa. Hann segir, að sér hafi fundist, að hann ætti ekki að vera þarna, og viljað

koma honum út vegna þess ónæðis, sem af honum stafaði. Hann segir, að Skarphéðinn hafi ekki sýnt neina vonsku í viðureign þeirra, og telur sig ekki hafa gert það heldur. Högg hafi ekki farið á milli þeirra, aðeins hafi verið um stimpingar að ræða.

Guðrún Sigurðardóttir segir, að hún og ákærði hafi kynnst í Vestmannaeyjum á árinu 1969 og þau tekið upp sambúð, sem hafi gengið illa og verið slitrótt vegna mikillar óreglu ákærða. Þau hafi eignast barn saman á árinu 1971 og 1972 hafi þau keypt í félagi húseign á Akranesi og ætlað að taka upp sambúð þar, en lítið orðið úr því vegna óreglu ákærða og hafi þau skilið að skiptum og hún flust til Sauðárkróks.

Hún segir, að ákærði hafi allan þann tíma, sem þau hafi þekkst, verið mjög óreglusamur og stopult stundað vinnu. Hann hafi verið ofstopafullur við vín, en þó aldrei lagt hendur á sig fyrr en nú. Hann hafi verið mjög afbrýðisamur, en rólegur ódrukkinn.

Guðrún segir, að ákærði hafi verið hjá henni nokkra daga fyrr um haustið, en ekki komið með hennar samþykki í þetta skipti og í hvorugt skiptið verið orðað, að þau tækju upp sambúð að nýju.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að mikil áfengisneysla hefur verið í Aðalgötu 10 frá því skömmu eftir hádegi á fimmtudag og fram eftir nóttu á föstudag og allmargt fólk komið þar við sögu.

Eftir klukkan laust fyrir tvö er þó ekki vitað, að neinir hafi verið þar aðrir en þau fjögur, sem sváfu þar, þ. e. Guðrún Sigurðardóttir, Valgerður Andersen, Ólafur Ragnarsson og ákærði og auk þess tvö börn Guðrúnar og Skarphéðinn Eiríksson.

Ljóst virðist, að Skarphéðinn hafi orðið allmikið drukkinn og verið með hávaða og verið ítrekað vísað út og látinn út úr húsinu með valdi af þeim sökum, en jafnan komist inn aftur, ýmist verið hleypt inn af einhverjum viðstaddra eða komist inn af sjálfsdáðum, en það virðist hafa verið auðvelt í gegnum kjallaradyr, sem ekki voru lokaðar.

Einhverja áverka í andlit virðist Skarphéðinn hafa fengið snemma nætur, en þar virðist hafa verið um minni háttar skrámur að ræða.

Ekki hefur fengist samræmi í framburði þeirra, sem í húsinu voru, og annarra vitna um það, hvenær nætur íbúar hússins gengu til náða. Af framburði þeirra, sem í húsinu voru, má ætla, að það hafi verið um klukkan þrjú, en eftir framburði annarra vitna, sem sáu ljós á neðri hæð hússins og heyrðu þaðan hávaða,

virðist sennilegra, að klukkan hafi verið orðin fjögur til fimm, þegar ljós voru slökkt og íbúar hússins gengu til hvílu.

Ákærði viðurkennir að hafa látið Skarphéðin tvívegis út um austurdyr hússins, eftir að hin voru sofnuð.

Þar er hann að vísu einn til frásagnar að öðru leyti en því, að börn Guðrúnar, 6 og 8 ára, urðu þess vör, að Skarphéðinn var inni í herbergi þeirra, eftir að móðir þeirra var sofnuð, og að ákærði fór með hann niður.

Einnig hefur komið fram í vitnaleiðslu, að áður en íbúar hússins vissu, hvað gerst hafði, sagði ákærði þeim frá því, að hann hefði sett Skarphéðin út, eftir að þau voru sofnuð.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, virðist framburður ákærða um síðustu viðskipti hans og Skarphéðins fyllilega standast, svo langt sem hann nær, og verða að leggjast til grundvallar við niðurstöður málsins.

Samkvæmt krufningarskýrslu hafa blæðingar inn á heila, sem orsakast hafa af áverkum á höfði, orðið Skarphéðni að bana auk þess sem það, að maðurinn hefur legið meðvitundarlaus á víðavangi nokkurn tíma, kann að hafa verið meðverkandi að dauða.

Ljóst virðist, að þann áverka, sem blæðingunni olli, hafi Skarphéðinn fengið, er hann féll niður stigann í átökum við ákærða og hafi höfuð hans rekist í bita þann, sem er yfir stiganum, þar sem svo lágt er undir hann, að menn verða að beygja sig, er þeir ganga um stigann, og styðst það einnig við þann frmaburð Ólafs Ragnarssonar, að hann hafi um morguninn þurrkað blóðblett með hári í af bitanum.

Ekki er hægt að telja sannað, að ákærði hafi hrint Skarphéðni niður stigann, en fall hans er þó í beinu framhaldi af átökum þeirra, og jafnvel þó um hrindingu hafi verið að ræða, er ekkert, sem bendir til, að sú hrinding eða yfirleitt þau átök, sem milli þeirra urðu, hafi af hálfu ákærða verið annað en tilraun til að koma Skarphéðni út úr húsinu án nokkurs ásetnings eða vilja til að valda honum líkamstjóni.

Einnig ber á það að líta, að sú aðgerð ákærða að setja Skarphéðinn út úr húsinu var beint framhald af því, sem húsráðandi, ákærði og Ólafur Ragnarsson höfðu ítrekað gert áður um nóttina, þar sem þau höfðu talið ónæði af nærveru hans og viljað losna við hann úr húsinu, en hann jafnan komið aftur.

Ekki er hægt að slá föstu með neinni vissu, hvenær Skarphéðinn lést.

Samkvæmt áliti Friðriks J. Friðrikssonar héraðslæknis voru

ekki liðnar meira en 5 klukkustundir og ekki minna en tvær frá því hann lést og þar til líkskoðun fór fram um klukkan 11, eða að hann hafi látist á tímabilinu frá kl. 6 til kl. 9 um morguninn.

Ólafur Viðar Hauksson, 11 ára drengur, sem gekk fram hjá húsasundinu milli klukkan hálf átta og átta um morguninn á leið sinni í skóla, telur sig hafa heyrt eins og stunur, þegar hann var sunnan við skúrinn, sem stendur neðan Aðalgötu 10. Hafi hann litið við, en ekkert séð og þá haldið áfram ferð sinni, en heyrði þetta þá aftur, en athugaði það ekkert frekar.

Þegar á þetta er litið og það, að blóðpollur var undir höfði líksins, má ályktа, að Skarphéðinn hafi verið á lífi, þegar ákærði dró hann út fyrir dyrnar.

Ekkert verður um það fullyrt, hvort Skarphéðinn hefði látist eða hve varanlegt tjón hann hefði beðið af höfuðhögginu einu sér, ef hann hefði strax eftir það fengið viðeigandi meðferð í stað þess að liggja fáklæddur úti í hitastigi, sem var lítið yfir frostmarki.

Ákærða mátti vera ljóst, þegar hann setti Skarphéðin út, að hann var meðvitundarlaus og þá hættu, sem því var samfara. Ákærði virðist ekki hafa leitt að þessu hugann né kannað, hvort Skarphéðinn væri meiddur eftir fallið, sem var afleiðing átaka þeirra. Má þar eflaust um kenna slævðri dómgreind ákærða af völdum mikillar og langvarandi áfengisneyslu.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður að teljast fullnægjandi sannað, að ákærði hafi með aðgerðum sínum við að koma Skarphéðni út úr húsinu og því að skilja hann eftir ósjálfbjarga af völdum þeirra aðgerða, utandyra, af gáleysi orðið valdur að dauða hans.

Þykir brot ákærða varða við 219. gr. og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af málsatvikum og tilvísun til VIII. kafla laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin eins árs fangelsi, en til frádráttar frá því komi með fullri dagatölu varðhaldsvist ákærða frá 16. október til 14. nóvember 1973.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Vigfús Ingólfsson, sæti fangelsi í eitt ár, en til frádráttar komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. október til 14. nóvember 1973.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Mánudaginn 26. febrúar 1979.

Nr. 216/1977. **Sigfús J. Johnsen**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Brynjólfi Kjartanssyni
(sjálfur).

Uppboð. Skuldabréf. Greiðslufall. Geymslugreiðsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1977. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang uppboðs. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal ljósrit af handhafaskuldabréfi, útgefnu 18. október 1976 af áfrýjanda, að fjárhæð 2.000.000 króna, tryggðu með 3. veðrétti í fasteigninni Fýlshólum 6.

Fyrir Hæstarétti er ágreiningslaust, að leggja verði til grundvallar, að áfrýjanda hafi fyrst hinn 10. júní 1977 borist tilkynning um, að handhafaskuldabréf þau, sem um er fjallað í málinu, væru til innheimtu hjá Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi. Enn fremur, að áfrýjandi hafi að svo komnu máli átt að greiða þær afborganir og vexti, sem samkvæmt skuldabréfunum féllu í gjalddaga 1. s. m.

Áfrýjandi fór að vísu ekki tafarlaust í Búnaðarbankann til að inna hinar gjaldföllnu greiðslur af hendi. Greiðsludráttur hans var þó eigi slíkur, að stefnda væri vegna hans rétt að telja alla veðskuldina í gjalddaga fallna samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfanna um það efni. Þar sem skuldabréfin voru ekki lengur til staðar í bankanum, er áfrýjandi bauð fram greiðslu sína, og óvíst var, hver hefði þau í höndum, var áfrýjanda heimilt að leysa sig frá greiðsluskyldu með því að leggja hinar gjaldföllnu greiðslur á geymslureikning í Landsbankanum, svo sem hann og gerði að morgni 16. júní. Er ósannað, að áfrýjandi hafi þá verið búinn að fá símskeyti frá stefnda, þar sem krafist var allra eftirstöðva skuldarinnar.

Svo sem nánar er greint í hinum áfrýjaða úrskurði, var lýsing áfrýjanda á kröfu stefnda, er hann greiddi hana inn á geymslureikning í Landsbankanum, að ýmsu leyti ónákvæm. En þar sem engin gögn eru komin fram um, að stefnda hefði ekki verið unnt að fá féð greitt til sín þrátt fyrir þessa ágalla, og hann hafði enn fremur engin andmæli uppi fyrir uppboðsréttinum um, að geymslugreiðslan hefði verið ófullnægjandi af þessum sökum, verður ekki litið svo á, að taka beri kröfu stefnda til greina af umræddri ástæðu. Þá verður sú ástæðulausa töf, sem á því varð af hendi áfrýjanda að tilkynna stefnda um geymslugreiðsluna, ekki metin honum til greiðsludráttar, þó að hún hins vegar kunni að baka honum skaðabótaskyldu gagnvart stefnda á tjóni, sem af kann að hafa hlotist, sbr. nú 3. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna uppboðs.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hins umbeðna uppboðs.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Við það verður að miða, að áfrýjandi hafi fyrst hinn 10. júní 1977 fengið í hendur tilkynningu Búnaðarbanka Íslands um, að handhafaskuldabréf þau, sem um er fjallað í málinu, væru til innheimtu í þeim banka. Þar sem gjalddagi hinna gjaldföllnu greiðslna var 1. júní s. á., bar áfrýjanda að inna þær af hendi þegar í stað, er hann vissi um greiðslustað. Hann gerði þó ekki tilraun til greiðslu fyrr en 15. s. m., en þá höfðu skuldabréfin verið tekin úr vörslu bankans. Áfrýjandi lagði fjárhæð, sem svaraði til hinna gjaldföllnu greiðslna, til geymslu hjá Landsbanka Íslands að morgni hins 16. s. m., en ósannað er, að hann hafi þá verið búinn að fá í hendur símskeyti það frá stefnda, þar sem stefndi krafði áfrýjanda um greiðslu allrar skuldarinnar samkvæmt skuldabréfunum. Lýsing Landsbanka Íslands á skuld þeirri, sem greiða ætti með geymslufénu, er ekki í samræmi við veðskuldabréf þau, sem um er fjallað í málinu, og áfrýjandi hefur engra gagna um það aflað, að banki þessi teldi sér skylt að greiða handhafa fyrrgreindra veðskuldabréfa fé þetta. Eigi hirti áfrýjandi um að gera ráðstafanir til þess að greiða stefnda hina gjaldföllnu afborgun og vexti eftir móttöku símskeytisins 16. júní 1977, og ekki sendi hann stefnda tilkynningu um geymslu fjár þessa í banka. Er ekki sannað, að stefndi hafi um hana vitað fyrr en í þinghaldi 16. september 1977.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja áfrýjanda hafa

gerst sekan um slík vanskil á greiðslu veðskuldabréfanna, að öll skuld samkvæmt þeim á greiðslu veðskuldabréfanna samkvæmt þeim sé í gjalddaga fallin.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigfús J. Johnsen, greiði stefnda, Brynjólfi Kjartanssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 11. nóvember 1977.

Brynjólfur Kjartansson héraðsdómslögmaður hefur krafist þess, að fasteignin Fýlshólar 6 hér í borg verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar veðskuld að fjárhæð kr. 2.000.000 með 12% vöxtum á ári frá 12. júní 1976 til 1. júní 1977, en 2½% vöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. júní 1977 til 1. ágúst 1977 og 3% vöxtum á mánuði frá 1. ágúst 1977 til greiðsludags, enn fremur til lúkningar innheimtulaunum skv. gjaldskrá LMFÍ og ritunar uppboðsbeiðni, samt. kr. 139.500, og öllum kostnaði við uppboðið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola, Sigfúsar Johnsen, vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Gerðarþoli, Sigfús Johnsen, Fýlshólum 6, hefur krafist þess, að synjað verði um gerðina, og krefst hann þess jafnframt, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 27. október sl.

Gerðarþoli, Sigfús Johnsen, er þinglesinn eigandi fasteignarinnar Fýlshóla 6 hér í borg.

Í máli þessu liggja fyrir 2 veðskuldabréf, útgefin til handhafa af gerðarþola þann 15. júlí 1976, hvort að upphæð 1.000.000 kr. Til tryggingar skuldinni veita bréf þessi skuldareiganda samhliða 2. veðrétt og uppfærslurétt á eftir 5.000.000 kr. í fasteigninni Fýlshólum 6 ásamt lóðarréttindum. Gerðarþoli lofar að endurgreiða skuld þessa með jöfnum árlegum afborgunum á næstu

3 árum frá útgáfudegi, og skal fyrsta afborgun fara fram þann 1. júní 1977 og síðan 1. júní árlega, uns skuldinni er lokið. Þá skal greiða 12% ársvexti af skuldinni, eins og hún er á hverjum tíma, árlega eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Bréfin hafa að geyma ákvæði um, að verði ekki staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta skuli hún öll í gjalddaga komin án fyrirvara og megi veðhafi þá láta taka veðið fjárnámi skv. 15. gr. laga 29/1885 eða selja það á opinberu uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar skv. 1. gr. laga nr. 57/1949.

Bréf þessi eru undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta, og þeim var athugasemdalaust þinglýst þann 29. september 1976.

Uppboðsbeiðni gerðarbeiðanda er dagsett þann 28. júní 1977. Var gerðarþola send tilkynning um framkomna uppboðsbeiðni þann 17. ágúst og þess getið, að auglýsing um uppboð yrði send til birtingar þann 13. september. En til þess kom ekki, þar eð þann 2. september bárust uppboðshaldara skrifleg mótmæli gegn framgangi uppboðs. Var uppboðsbeiðni tekin fyrir þann 16. september, og voru þá ítrekuð mótmæli gegn uppboðinu, og er þar af leiðandi uppboðsréttarmál hér til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi segir í málsútlistun sinni, að á gjalddaga þann 1. júní 1977 hafi veðskuldabréfin verið til innheimtu í aðalbanka Búnaðarbanka Íslands, sem hafi skrifað gerðarþola bréf, til þess að hann fengi að vita um greiðslustað. Þetta erindi hafi ekki borið árangur og hafi gerðarþola aftur verið skrifað, rskj. 6, sem er dagsett 7. júní, og þá sett í ábyrgðarpóst. Þetta bréf hafi gerðarþoli tekið af pósthúsinu þann 10. sama mánaðar, sbr. áritun hans á pósttilkynningu, rskj. 5. Þrátt fyrir þetta hafi gerðarþoli ekki greitt, og kveðst gerðarbeiðandi nú hafa sent honum símskeyti, sbr. fylgiskjal nr. IV með rskj. 4, og skorað á hann að borga kr. 2.000.000 ásamt vöxtum og kostnaði á skrifstofu sinni í síðasta lagi þann 23. júní, svo komist yrði hjá uppboði. Samkvæmt rskj. 4, fskj. V, hafi skeyti þetta verið afhent á heimili gerðarþola þann 16. júní kl. 9.45 árdegis. Gerðarbeiðandi segir, að fram hafi að vísu komið í máli þessu, að gerðarþoli hafi deponerað kr. 921.815 þann 16. júní, en þetta hafi sér verið með öllu hulið, allt þar til hann hafi fengið að vita um andmæli gegn nauðungaruppboðinu, en það andmælaskjal er dagsett þann 2. september 1977, rskj. 4, og lagt fram í uppboðsrétti 16. sama mánaðar. Nú sé fjarstæða, að sér hafi borið nein skylda til þess að fara milli banka og útibúa til þess að grennslast fyrir um það, dag eftir dag, hvort greiðsla hefði borist með deposition.

Gerðarþoli hafi vissulega átt að láta sig vita af því til þess að firra sig vanskilavítum. Enn segir gerðarbeiðandi, að sér hafi aldrei verið fengin nein skilríki, svo hann gæti hafið féð úr bankanum.

Gerðarbeiðandi kveðst líta svo á, að allt þetta heimili fyllilega eindögun allrar veðskuldarinnar, og krefst þess með tilvísun til ákvæða veðbréfanna um vanefndaaðildir skuldareiganda, að umbeðið uppboð nái fram að ganga. Hann getur þess í sambandi við framkomna málskostnaðarkröfu, að þar eð gerðarþoli hafi látið undan fallast, svo sem að framan er lýst, að láta sig vita um deposition, eigi málskostnaður að falla á hann í uppboðsréttarmáli þessu, jafnvel þótt uppboðsrétturinn teldi rétt að synja um gerðina.

Af gerðarþola hálfu er því mótmælt, að honum hafi borist annað bréf Búnaðarbankans en það, sem hann fékk í hendur þann 10. júní 1977. Vakin er athygli á því, að gerðarþoli hafi keypt eignina Fýlshóla 6 af Antoni Erlendssyni, sem hafi fengið hluta verðsins greitt með hér umræddum veðbréfum, og muni Anton enn vera eigandi bréfanna. Gerðarþoli hafi fyrst þann 10. júní mátt vita, hvar bréfin voru niður komin. Hafi hann án ástæðulauss dráttar farið í Búnaðarbankann og viljað borga þann 15. júní, en þá hafi veðbréfin ekki verið þar og hann því deponerað hinum föllnu afborgunum í Landsbankann að morgni þess 16. júní, en síðar sama morgun hafi sonur hans tekið við símskeyti frá gerðarbeiðanda, þar sem eindögun allrar veðskuldarinnar er yfir lýst. Þessi yfirlýsing gerðarbeiðanda hafi sem sé komið í ótíma, og er réttmæti hennar alfarið mótmælt og uppboðskröfunni þar með, bæði að því er varðar höfuðstól kröfu og vaxtakröfuna, sem fari í bága við núgildandi reglur um heimtu dráttarvaxta, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 18. mars 1977. Þá sé gjaldfelling höfuðstólsins ekki boðuð með lögmætum hætti, þar eð aðeins hafi verið notast við símskeyti í stað stefnuvotta. Gerðarþoli hafi gert það, er af honum mátti heimta að öllu leyti, og meira en svo sé, þar eð hann hafi deponerað dráttarvöxtum, sem honum hafi engin skylda borið til að gera. Honum hafi ekki borið nein skylda til að tilkynna gerðarbeiðanda um deponeringu, gerðarbeiðandi hefði getað fengið þær upplýsingar hjá bankanum, ef viljað hefði.

Veðskuldabréf þessi eru gefin út til handhafa, en enginn greiðslustaður er tiltekinn. Það er ekki sannað, að gerðarþola hafi verið kunnugt um handhöfn bréfanna á gjalddaga 1. júní

1977, fyrr en hann tók við bréfi Búnaðarbankans þann 10. sama mánaðar. Til þess tíma mátti hann halda að sér höndum um greiðslu, en síðan átti hann að bregða við án ástæðulausrar tafar og greiða áfallnar afborganir og vexti, svo sem um samið var í bréfinu, ásamt dráttarvöxtum, ef því yrði að skipta, frá 10. júní. Því er ekki sérstaklega mótmælt, að hann hafi lagt leið sína í Búnaðarbankann þann 15. júní, og verður að telja, að hann hafi brugðið nægilega fljótt við til að koma fram greiðslu, en þar eð bréfin voru þá ekki lengur í bankanum, var gerðarþoli aftur engu nær um handhafa þeirra og brá þá á það ráð að deponera fénu. En skv. fylgiskjali VI með rskj. 4 er deponering haldin mjög verulegum ágöllum. Kvittun þessi tilgreinir eitt veðskuldabréf í stað tveggja, ársetning er ekki tilgreind og veðréttur ranglega sagður vera 3. veðréttur. Er því ekki ætlandi, að handhafi veðskuldabréfa þeirra, er hér liggja fyrir, hefði náð fénu úr bankanum við framvísun bréfanna. Losnaði gerðarþoli því ekki við greiðsluskyldu sína með þessari deponeringu. Síðan verður ekki séð, að gerðarþoli hafi gert neitt til þess að gegna skyldum sínum sem skuldari skv. veðbréfunum. Verður ekki hjá því komist að líta svo á, að gerðarþoli hafi gerst sekur um stórfelld greiðsluvanskil, og verður uppboð látið ná framgangi á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Um vaxtakröfur gerðarbeiðanda er þetta að athuga:

Með heimild í lögum nr. 10/1961, 13. gr., hefur Seðlabanki Íslands ákveðið með auglýsingu, er birtist í Lögbirtingablaðinu 18. mars 1977, að dráttarvextir skuli mega nema 2½% á mánuði eða broti úr mánuði frá gjalddaga á útlánum innlánsstofnana. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 58/1960, er heimilt að taka þessa vexti af skuld þeirri, er hér um ræðir, frá gjalddaga hennar til greiðsludags, þó þannig, að samkvæmt nefndri auglýsingu skulu 15 dagar líða frá gjalddaga, þar til dráttarvexti má heimta. Á það er að líta, sbr. framanritað, að svo virðist sem gerðarþoli hafi verið búinn að leggja féð í banka, áður en honum barst símskeyti gerðarbeiðanda um handhöfn hans, en þá var hann búinn að festa féð í bankanum samkvæmt almennum reglum um deposition peninga, þó svo tækist að öðru leyti til hjá honum sem að framan er greint. Með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi vatt allt of bráðan bug að því að taka veðskuldabréfin úr bankanum, þykir ekki sanngjarnt að leggja dráttarvexti á gerðarþola frá 16. júní. Verður heldur fyrir hendi að telja honum skyldu til greiðslu dráttarvaxta frá þeim degi, er honum varð sannanlega

vitanlegt, að gerðarbeiðandi hafði krafist uppboðs. Gerðarþola var tilkynnt um hina framkomnu uppboðsbeiðni með bréfi uppboðshaldara, sem var dagsett þann 17. ágúst, en ekki liggur fyrir, hvenær honum barst sú tilkynning. En þann 2. september afhenti umboðsmaður hans skrifleg mótmæli á skrifstofu uppboðshaldara gegn framgangi uppboðsins, og þykir verða að reikna dráttarvexti frá þeim degi, enda ber að skilja margnefnda auglýsingu Seðlabankans þannig, að geri skuldari skil innan 15 daga frá gjalddaga, verði honum ekki taldir dráttarvextir til gjalda, en líði þetta 15 daga tímabil, án þess að greitt sé, reiknist dráttarvextir frá gjalddaga.

Samkvæmt síðari auglýsingu Seðlabankans, er birtist í Lögbirtingablaðinu þann 20. júlí 1977, má taka allt að 3% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá 15 dögum eftir gjalddaga veðskuldabréfs.

Ber þannig að úrskurða, að skuld þessi beri 12% ársvexti frá 12. júní 1976 til 2. september 1977, en 3% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður uppboðið látið fram fara til lúkningar innheimtulaunum skv. taxta LMFÍ, þóknun fyrir ritun uppboðsbeiðni skv. sama taxta og til lúkningar kostnaði við uppboðið.

Málskostnaður í uppboðsréttarmáli þessu fellur niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð þetta nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda til lúkningar kr. 2.000.000 með 12% ársvöxtum frá 12. júní 1976 til 2. september 1977, en 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, innheimtulaunum og kostnaði við uppboðsbeiðni skv. taxta LMFÍ og til lúkningar kostnaði við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1979.

Nr. 110/1977. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur V. Jósefsson hrl.)
gegn
Rafmagnsveitum ríkisins
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Fasteignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. júní 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér fasteignaskatta, samtals að fjárhæð 1.188.749 krónur ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði af 153.387 krónum frá 15. janúar 1973 til 14. maí 1973, af 306.774 krónum frá 15. maí 1973 til 14. janúar 1974, af 492.116 krónum frá 15. janúar 1974 til 14. maí 1974, af 677.459 krónum frá 15. maí 1974 til 14. janúar 1975, af 933.104 krónum frá 15. janúar 1975 til 14. maí 1975 og af 1.188.749 krónum frá 15. maí 1975 til 31. desember 1975, með 2% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá 1. janúar 1976 til 30. nóvember 1976 og 2½% mánaðarvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 180.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði stefnda, Rafmagnsveitum ríkisins, 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Gjaldheimtan í Reykjavík höfðað fyrir hönd borgarsjóðs Reykjavíkur fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. september 1975, á hendur Rafmagnsveitum ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. Að viðurkennd verði með dómi skylda stefnda til greiðslu fasteignaskatts af húseigninni nr. 2 við Súðarvog hér í borg í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga nr. 104/1973 um breyting á þeim lögum og auglýsingar nr. 89/1972, nr. 368/1973 og nr. 386/1974, allar um breytingar á fasteignamati.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.188.749 ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 153.387 frá 15. janúar 1973 til 14. maí 1973, af kr. 306.774 frá 15. maí 1973 til 14. janúar 1974, af kr. 492.116 frá 15. janúar 1974 til 14. maí 1974, af kr. 677.459 frá 15. maí 1974 til 14. janúar 1975, af kr. 933.104 frá 15. janúar 1975 til 14. maí 1975 og af kr. 1.188.749 frá 15. maí 1975 til 31. desember 1975, með 2% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. janúar 1976 til 30. nóvember 1976 og 2½ dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans.

Stefnandi hefur stefnt fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til réttargæslu í málinu.

Stefndi hefur krafist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur hafðar uppi í málinu.

Málsatvik eru þau, að stefndi er eigandi fasteignarinnar nr. 2 við Súðarvog hér í borg. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lagt á stefnda fasteignagjöld af eign þessari árlega um allmörg ár, svo sem lög hafa boðið, nú síðustu árin samkvæmt lögum nr. 8/1972

um tekjustofna sveitarfélaga. Skattur þessi var ákveðinn fyrir árið 1972 kr. 306.744, fyrir árið 1973 kr. 306.744 (sic), fyrir árið 1974 kr. 370.685 og fyrir árið 1975 kr. 511.290. Stefndi hafði greitt hinn álagða fasteignaskatt án athugasemda, og síðast fyrir árið 1972. Er fasteignaskattur hafði verið á lagður eignina fyrir árið 1973, ritaði lögmaður stefnda stefnanda bréf, þar sem skattálagningunni var mótmælt á þeim grundvelli, að samkvæmt 77. gr. orkulaga nr. 58/1967 væri stefndi undanþeginn opinberum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Væri álagning fasteignaskattsins því ólögmæt og mundi stefndi ekki greiða hann nema að undangengnum úrskurði. Stefnandi krafðist þá lögtaks fyrir hinum álagða fasteignaskatti fyrir árið 1973. Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 23. apríl 1974, var synjað um framgang lögtaksins. Þeim úrskurði skaut stefnandi til Hæstaréttar, sem í dómi sínum, uppkveðnum 5. maí 1975, staðfesti niðurstöðu fógetaréttarins á þeim forsendum, að ágreiningsefnið hefði ekki áður verið lagt til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar. Stefnandi lagði málið fyrir yfirfasteignamatsnefnd, sem hinn 24. júní 1975 úrskurðaði, að „Rafmagnsveitum ríkisins er eigi skylt að svara fasteignaskatti af ofangreindri fasteign." Stefnandi vill ekki una niðurstöðu yfirfasteignamatsnefndarinnar og hefur því höfðað mál þetta til viðurkenningar á réttmæti fasteignaskattsálagningarinnar á húseign stefnda nr. 2 við Súðarvog hér í borg svo og til þess að fá aðfararhæfan dóm fyrir álögðum og ógreiddum skattfjárhæðum ásamt áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum auk málskostnaðar.

Kröfur stefnanda í málinu eru studdar þeim rökum, að ákvæði 77. gr. orkulaga nr. 58/1957, þar sem stefndi er meðal annarra stofnana undanþeginn tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga, taki ekki til fasteignaskatts. Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 51/1964, sem í gildi voru við gildistöku orkulaga, sbr. nú lög nr. 8/1972, segir í 3. gr., að „á allar fasteignir, sbr. þó 6. gr., skal árlega leggja á skatt" o. s. frv., og er þá um fasteignaskatt að ræða. Í 6. gr. eru síðan taldir upp fjöldi aðilja, sem undanþegnir eru skattinum. Það er þannig skylt að leggja fasteignaskatt á allar fasteignir samkvæmt lögunum, og hina löngu upptalningu á þeim fasteignum, sem undanþegnar eru álögu, ber að túlka tæmandi samkvæmt lögskýringarreglum. Sama sé um ákvæðið í orkulögunum, það beri að túlka þröngt, þ. e. að þar nefndir aðiljar séu eingöngu undanþegnir álögum á þeim gjöld-

um, sem þar eru upp talin. Fasteignaskattur sé ekki nefndur sérstaklega í undantekningarákvæðinu, enda sé fasteignaskattur byggður á öðrum sjónarmiðum en aðrir skattar. Fasteignaskattur sé lagður á eignir án tillits til tekna af þeim, svo sem sé um aðrar skattheimtur, heldur samkvæmt sérstöku mati, fasteignamati. Í lögum nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu segir, að „allar fasteignir á landinu, sem ekki eru sérstaklega undanþegnar samkv. lögum þessum, skulu metnar til peningaverðs." Fasteignir stefnda séu ekki undanþegnar í lögunum, en rafveiturnar sjálfar séu hins vegar undanþegnar. Af þessu sé því ljóst, að hér umrædd fasteign stefnda sé andlag fasteignamats og því skattskyld sem slík, nema hún væri undanþegin sérstaklega, sem hún sé ekki. Af þessu sé ljóst, að löggjafinn með setningu undanþáguákvæðisins í orkulögum hafi átt við rafveiturnar sjálfar, en ekki einstakar fasteignir aðrar í þeirra eign, svo sem er um hér umrædda fasteign. Megi og ráða það af setningu laga um breyting á lögum um t. d. áburðarverksmiðju, landssmiðju, sementsverksmiðju og útvarpsrekstur ríkisins, þar sem í breytingalögunum er fram tekið, að eignir þeirra aðilja séu ekki undanþegnar fasteignaskatti, þar sem vafi skapaðist um það atriði vegna orðalags sjálfra laganna um skattfríðindi, sem voru með svipuðu orðalagi og nú er um aðilja sem stefnda í orkulögum. Þá bendir stefnandi á það, að stefndi hafi ávallt greitt fasteignaskatt án athugasemda. Það hafi ekki verið fyrr en árið 1973 sem stefndi hafi neitað að greiða hinn álagða fasteignaskatt. Engar breytingar hefðu átt sér stað, aðeins fasteignamatið hefði hækkað um áramótin 1971/1972.

Sýknurök stefnda eru á því byggð, að hann sé undanþeginn greiðslu hins álagða fasteignaskatts með 77. gr. orkulaga nr. 58/1967, en þar segi, að hann sé undanþeginn „tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga." Hér sé um að ræða sérreglu, setta í sérstökum lögum, sem einungis sé ætlað að gilda á afmörkuðu þjóðfélagssviði og sé ætlað það hlutverk að marka starfssvið þeirra stofnana, sem annast orkurannsóknir og virkjun orku í almenningsþágu. Slík undanþáguákvæði hafi verið í gildi um langan aldur um þessar stofnanir. Lög um tekjustofna sveitarfélaga séu almenn lög, sem ákvarði gjaldskyldu allra þjóðfélagsþegna til sveitarfélaga. Sérregla í lögum gangi fyrir ákvæðum laga almenns efnis, nema þess sé sérstaklega getið, að fella beri sérregluna úr gildi. Sé þetta viðurkennd lögskýring íslensks rétt-

ar. Ákvæði 77. gr. orkulaga sé svo ótvírætt um undanþágu þar greindra aðilja, þar á meðal stefnda, á greiðslu skatta til ríkis og bæjarfélaga, að sérstaklega hefði þurft að taka það fram, ef þeir aðiljar væru í einhverju tilliti greiðsluskyldir skatta. Slíkt hafi aldrei verið ætlan löggjafans, enda hefði hann þá gert slíkt með setningu laganna nr. 8/1972, og það því frekar sem hann hefði áður breytt ákvæðum varðandi áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju o. fl. að þessu leyti. Þá mótmælir stefndi því, að stefnandi hafi öðlast rétt til skattheimtunnar við það, að stefndi hafi greitt hinn álagða fasteignaskatt fyrir 1973, enda var skatturinn þá óverulegur.

Samkvæmt 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972 skal leggja á fasteignir skatt til sveitarfélags, þær er metnar eru fasteignamati. Samkvæmt 5. gr. laganna eru allmargar fasteignir undanþegnar álagningu skattsins. Ekki er í undanþáguákvæðinu getið fasteigna stefnda sérstaklega. Þessi lög leystu af hólmi lög nr. 51/1964 um sama efni. Í þeim lögum voru einnig allmargar fasteignir undanþegnar álagningu, en nokkru færri en upp eru taldar í hinum yngri lögum.

Í 77. gr. orkulaga nr. 58/1967 eru Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins, Orkusjóður og Jarðboranir ríkisins undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Telja verður fasteignaskatt meðal þeirra skatta, sem átt er við með öðrum sköttum í ákvæðinu. Hér er um svo ótvírætt lagaákvæði að ræða, að nauðsyn þykir hafa borið til að taka það sérstaklega farm í tekjustofnalögum nr. 8/1972, ef fella ætti niður þær skattaundanþágur, sem framangreindum stofnunum voru veittar í 77. gr. laga nr. 58/1967. Stefnda er því samkvæmt framansögðu eigi skylt að greiða fasteignaskatt til stefnanda af fasteignum sínum. Skiptir eigi máli í því efni, þótt hann hafi um eitthvert skeið eigi neytt þeirra undanþágufríðinda sinna. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmagnsveitur ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. mars 1979.

Nr. 17/1977. **Krossvík h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Pétri Gissurarsyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Björgvin Bjarnason bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnunum Pálma Sveinssyni skipstjóra og Tryggva Björnssyni skrifstofustjóra.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með áfrýjunarstefnu 2. febrúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar s. á. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í áfrýjunarstefnu lýsir áfrýjandi dómkröfum sínum svo, að hann muni fyrir Hæstarétti „krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir Hæstarétti verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins". Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Þá er greinargerð áfrýjanda eigi svo úr garði gerð sem

áskilið er í 44. gr. nefndra laga. Ber af þessum sökum að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Krossvík h/f, greiði stefnda, Pétri Gissurarsyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akraness 1. október 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. sept. sl., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi með stefnu, útgefinni 20. september 1976, af Stefáni Sigurðssyni héraðsdómslögmanni f. h. Péturs Gissurarsonar skipstjóra, Höfðabraut 14, Akranesi, gegn Valdimar Indriðasyni framkvæmdastjóra, Háteigi 14, Akranesi, f. h. stjórnar Krossvíkur h/f til greiðslu launa á uppsagnarfresti frá 1. apríl til 1. júlí 1976, að meðtöldu orlofi, að upphæð kr. 1.141.526 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Einnig hefur stefnandi krafist sjóveðs í b/v Ver, AK 200.

Stefnandi segir kröfu þessa vera vegna þess, að honum var fyrirvaralaust sagt upp starfi hjá stefnda frá og með 1. apríl sl., en hann hafi starfað sem skipstjóri á skipinu frá sl. áramótum. Er krafa um greiðslu launa og aflahlutar í þrjá mánuði skv. sjómannalögum og samningum.

Stefndi mætti ekki á þinginu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum skv. 118. gr. laga nr. 85/1936. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar svo og málskostnað, kr. 126.800 skv. framlögðum reikningi.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, AK 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Indriðason f. h. Krossvíkur h/f, greiði stefnanda, Stefáni Sigurðssyni héraðsdómslögmanni f. h. Pét-

urs Gissurarsonar, kr. 1.141.526 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til greiðsludags og kr. 126.800 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, AK 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. mars 1979.

Nr. 18/1977. **Krossvík h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Jóhanni Kristjánssyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Björgvin Bjarnason bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnunum Pálma Sveinssyni skipstjóra og Tryggva Björnssyni skrifstofustjóra.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. febrúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar s. á. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann fellur frá kröfu sinni um sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í áfrýjunarstefnu lýsir áfrýjandi dómkröfum sínum svo,

að hann muni fyrir Hæstarétti „krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir Hæstarétti verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins". Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Þá er greinargerð áfrýjanda eigi svo úr garði gerð sem áskilið er í 44. gr. nefndra laga. Ber af þessum sökum að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Krossvík h/f, greiði stefnda, Jóhanni Kristjánssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akraness 14. september 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi með stefnu, útgefinni 24. júní 1976, af Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Jóhanns Kristjánssonar, Vesturgötu 95, Akranesi, gegn Valdimar Indriðasyni framkvæmdastjóra, Háteigi 14, Akranesi, f. h. Krossvíkur h/f, Akranesi, vegna b/v Vers, Ak 200, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 734.649 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi segir kröfu þessa vera vegna þess, að honum var skyndilega og án löglegs fyrirvara sagt upp störfum frá og með 1. apríl 1976, en hann var starfandi vélstjóri á b/v Ver, Ak 200. Hann segir, að lögum samkvæmt eigi hann rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, og byggir bótakröfuna á því, en upphæðin sé byggð á útreikningi stéttarfélags hans. Einnig hefur stefnandi krafist sjóveðs í b/v Ver, Ak 200.

Stefnandi hefur lagt fram ljósrit af innheimtubréfi, kaupút-

reikning Vélstjórafélags Íslands og afrit af uppgjöri frá Krossvík h/f.

Stefndi mætti ekki á þinginu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum skv. 118. gr. laga nr. 85/1936. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 79.000.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Indriðason f. h. Krossvíkur h/f, greiði stefnanda, Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Jóhanns Kristjánssonar, kr. 734.649 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og kr. 79.000 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. mars 1979.

Nr. 19/1977. **Krossvík h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Sigurði Arnari Aðalsteinssyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Björgvin Bjarnason bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn

áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnunum Pálma Sveinssyni skipstjóra og Tryggva Björnssyni skrifstofustjóra.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. febrúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar s. á. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann fellur frá kröfu sinni um sjóveðrétt í b/v Ver, AK 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í áfrýjunarstefnu lýsir áfrýjandi dómkröfum sínum svo, að hann muni fyrir Hæstarétti „krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir Hæstarétti verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins". Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Þá er greinargerð áfrýjanda eigi svo úr garði gerð sem áskilið er í 44. gr. nefndra laga. Ber af þessum sökum að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Krossvík h/f, greiði stefnda, Sigurði Arnari Aðalsteinssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akraness 14. september 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi með stefnu, útgefinni 24. júní 1976, af

Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Sigurðar Arnars Aðalsteinssonar, Skólagerði 29, Kópavogi, gegn Valdimar Indriðasyni framkvæmdastjóra, Háteigi 14, Akranesi f. h. Krossvíkur h/f, Akranesi, vegna b/v Vers, Ak 200, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 781.414 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi segir kröfu þessa vera vegna þess, að honum hafi skyndilega og án löglegs fyrirvara verið sagt upp störfum frá og með 1. apríl 1976, en hann hafi verið starfandi á b/v Ver, Ak 200. Hann segir, að lögum samkvæmt eigi hann rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, og byggir bótakröfuna á því, en upphæðin sé skv. útreikningi stéttarfélags hans. Einnig hefur stefnandi krafist sjóveðs í b/v Ver, Ak 200.

Stefnandi hefur lagt fram ljósrit af innheimtubréfi, launaútreikning Vélstjórafélags Íslands og uppgjörsnótur frá stefnda.

Stefndi mætti ekki á þinginu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið eftir 118. gr. laga nr. 85/1936. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 83.700.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Indriðason f. h. Krossvíkur h/f, greiði stefnanda, Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Sigurðar Arnars Aðalsteinssonar, kr. 781.414 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og kr. 83.700 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. mars 1979.

Nr. 20/1977. **Krossvík h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Edvard Kristjánssyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Björgvin Bjarnason bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnunum Pálma Sveinssyni skipstjóra og Tryggva Björnssyni skrifstofustjóra.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. febrúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar s. á. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann fellur frá kröfu sinni um sjóveðrétt i b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í áfrýjunarstefnu lýsir áfrýjandi dómkröfum sínum svo, að hann muni fyrir Hæstarétti „krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir Hæstarétti verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins". Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Þá er greinargerð áfrýjanda eigi svo úr garði gerð sem

áskilið er í 44. gr. nefndra laga. Ber af þessum sökum að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Krossvík h/f, greiði stefnda, Edvarð Kristjánssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akraness 14. september 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi með stefnu, útgefinni 24. júní 1976, af Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Edvarðs Kristjánssonar, Háholti 28, Akranesi, gegn Valdimar Indriðasyni framkvæmdastjóra, Háteigi 14, Akranesi, f. h. Krossvíkur h/f, Akranesi, vegna b/v Vers, Ak 200, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 564.088 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi segir kröfu þessa vera vegna þess, að honum hafi skyndilega og án löglegs fyrirvara verið sagt upp starfi á b/v Ver, Ak 200, frá 1. apríl 1976, en þar hafi hann verið stýrimaður. Hann telur, að lögum samkvæmt eigi hann rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, og byggir bótakröfuna á því, en upphæðin sé byggð á útreikningi stéttarfélags hans. Einnig hefur stefnandi krafist sjóveðs í b/v Ver, Ak 200.

Stefnandi hefur lagt fram ljósrit af innheimtubréfi, launaútreikning skipstjóra- og stýrimannafélagsins og uppgjörsnótur frá stefnda.

Stefndi mætti ekki á þinginu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum skv. 118. gr. laga nr. 85/1936. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 59.000.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Indriðason f. h. Krossvíkur h/f, greiði stefnanda, Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Edvarðs Kristjánssonar, kr. 564.088 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og kr. 59.900 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. mars 1979.

Nr. 21/1977. **Krossvík h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Hilmari Ólafssyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Björgvin Bjarnason bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnunum Pálma Sveinssyni skipstjóra og Tryggva Björnssyni skrifstofustjóra.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með áfrýjunarstefnu 2. febrúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar s. á. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann fellur frá kröfu sinni um sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í áfrýjunarstefnu lýsir áfrýjandi dómkröfum sínum svo, að hann muni fyrir Hæstarétti „krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir Hæstarétti verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins.“ Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Þá er greinargerð áfrýjanda eigi svo úr garði gerð sem áskilið er í 44. gr. nefndra laga. Ber af þessum sökum að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Krossvík h/f, greiði stefnda, Hilmari Ólafssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akraness 14. september 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. sept. sl., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi með stefnu, útgefinni 24. júní 1976, af Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Hilmars Ólafssonar, Hofteigi 10, Reykjavík, gegn Valdimar Indriðasyni framkvæmdastjóra, Háteigi 14, Akranesi, f. h. Krossvíkur h/f vegna b/v Vers Ak 200, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 675.701 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi segir kröfu þessa vera vegna þess, að honum hafi skyndilega og án löglegs fyrirvara verið sagt upp störfum á b/v Ver, Ak 200, frá og með 1. apríl 1976, en hann hafi þar verið stýrimaður. Hann telur, að lögum samkvæmt eigi hann rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, og byggir bótakröfuna á því,

en upphæðin sé skv. útreikningi stéttarfélags hans. Einnig hefur stefnandi krafist sjóveðs í b/v Ver, Ak 200.

Stefnandi hefur lagt fram ljósrit af innheimtubréfi, launaútreikning Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar í Reykjavík og uppgjörsnótur frá stefnda.

Stefndi mætti ekki á þinginu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum skv. 118. gr. laga nr. 85/1936. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 73.100.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Indriðason f. h. Krossvíkur h/f, greiði stefnanda, Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Hilmars Ólafssonar, kr. 675.701 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og kr. 73.100 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægjan innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. mars 1979.

Nr. 34/1977. **Ólafur Finsen**
Hilmar Bendtsen
(Hjörtur Torfason hrl.)
Birgir Ágústsson og
(Páll S. Pálsson hrl.)
Ferðaskrifstofan Saga
(enginn)
gegn
Grand Metropolitan Hotels Ltd. og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Skuldamál. Hlutafélag. Áfrýjun. Útivist aðaláfrýjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjendur skutu málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. september s. á. Þegar það mál var munnlega flutt fyrir Hæstarétti hinn 26. janúar 1977, var ekki sótt þing af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu, og féll málið niður að því er hana varðaði. Með dómi Hæstaréttar 28. s. m. var málinu vísað frá Hæstarétti að því er tók til annarra aðaláfrýjenda. Áfrýjuðu allir aðaláfrýjendur þá málinu að nýju með stefnu hinn 15. febrúar 1977 með skírskotun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Þegar málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti 23. febrúar 1979, kom enginn fyrir dóm af hendi aðaláfrýjandans Ferðaskrifstofunnar Sögu. Er því málssóknin fallin niður að því er þennan aðaláfrýjanda varðar, sbr. 39. gr. laga nr. 75/1973.

Aðaláfrýjendur krefjast þess, að hrundið verði kröfu gagnáfrýjanda, þeirri er síðar greinir, um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Að öðru leyti gera þeir þær dómkröfur, að

þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. apríl 1977. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að frá 15. júlí 1974 til greiðsludags verði vextir af dæmdri fjárhæð ákveðnir 13% ársvextir. Hann krefst og málskostnaðar sér til handa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

I.

Gagnáfrýjandi færir þau rök fyrir kröfu sinni um frávísun málsins frá Hæstarétti, að aðaláfrýjendur hafi upphaflega og að fengnu áfrýjunarleyfi skotið hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar á þeim tíma, sem áður var greindur. Frávísun þess máls frá Hæstarétti hinn 28. janúar 1977 hafi verið reist á því, að áfrýjunarstefnan hafi ekki verið löglega birt stefnda. Aðaláfrýjendum hafi samkvæmt því ekki verið heimilt að áfrýja málinu að nýju eftir reglum 36. gr. laga nr. 75/1973, þar sem hin sérstaka áfrýjunarheimild þeirrar greinar taki ekki til þess tilviks, er máli hefur verið vísað frá Hæstarétti vegna þess, að áfrýjunarstefna hefur ekki verið birt stefnda, áður en frestur til áfrýjunar máls er liðinn.

Nefnt lagaákvæði verður ekki eftir orðum sínum skýrt svo, að heimild sú, sem það veitir til áfrýjunar máls að nýju, sé sérstaklega bundin þeirri takmörkun, sem gagnáfrýjandi heldur fram. Verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina.

II.

Fjárkröfur sínar á hendur aðaláfrýjendum virðist gagnáfrýjandi að meginstofni reisa á því, að kröfur þessar eigi rót að rekja til viðskipta ýmissa hótela hans við óskráð fyrirtæki, sem nefnst hafi Ferðaskrifstofan Saga, en á ensku máli ýmist „Saga-Tour“, „Saga-Travel“, „Saga Travel Ser-

vice“ eða „Saga Travel Bureau“. Muni hér hafa verið um að ræða félag með ótakmarkaðri ábyrgð, myndað af öllum sömu mönnum og voru hluthafar í skráðu hlutafélagi í Reykjavík, sem heitið hafi Ferða-Saga h/f. Hafi atvinna sú, sem hlutafélagið var stofnað til að reka, verið í höndum fyrrgreinda félagsins. Beri aðaláfrýjendur sem félagsmenn í því beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess.

Það er að vísu viðurkennt í málinu, að ferðaskrifstofurekstur hins skráða hlutafélags, Ferða-Sögu h/f, hafi að einhverju marki gengið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga svo og þeim ensku heitum, sem áður voru greind. Þetta leiðir þó engan veginn til þess, að fallist verði á það með gagnáfrýjanda, að með þessum hætti hafi verið stofnað til sameignarfélags hluthafanna, sem verið hafi annar lögaðili en Ferða-Saga h/f. Hefur kröfugerð gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjendum því ekki við rök að styðjast að því leyti sem hún er á framangreindum grundvelli reist.

Þá heldur gagnáfrýjandi því fram öðrum þræði fyrir Hæstarétti, að Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Ekk hafi verið tekið fram í viðskiptum við gagnáfrýjanda eða aðra aðilja, að um væri að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð. Beri aðaláfrýjendur því sem stjórnarmenn í Ferða-Sögu h/f fulla og óskipta ábyrgð á fjárkröfum þeim, sem gagnáfrýjandi sækir í málinu.

Með úrskurði sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 3. desember 1971 var aðiljum gefinn kostur á því með vísun til 120. gr. laga nr. 85/1936 að afla m. a. skýrslu fyrirsvarsmanna gagnáfrýjanda um það, „með hvaða hætti stofnað hafi verið til viðskiptanna við Ferðaskrifstofuna Sögu (Saga Travel Service) og hver hafi samið við“ gagnáfrýjanda. Slík skýrsla hefur þó ekki komið fram. Þá eru tveir reikningar, sem lagðir hafa verið fram í málinu sem fylgiskjöl með viðskiptamannareikningi gagnáfrýjanda, ritaðir á hendur „Saga-Tour Ltd.“, en það bendir til þess, að gert hafi verið ráð fyrir, að skuldarinn væri hlutafélag. Samkvæmt þessu hefur ekki verið sýnt fram á, að gagnáfrýjandi hafi grandlaus talið sig eiga viðskipti sín við annan aðilja en hlutafélag það,

sem í raun hafði á hendi ferðaskrifstofurekstur þann, er fjárkröfur gagnáfrýjanda eru sprottnar af. Verða aðaláfrýjendur því sýknaðir af dómkröfum gagnáfrýjanda, einnig að því leyti sem þær eru á þessum grundvelli reistar, án þess að gefa þurfi að öðru leyti gaum að því, hvernig háttað sé ábyrgð aðaláfrýjenda sem stjórnarmanna í Ferða-Sögu h/f.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Grand Metropolitan Hotels Ltd.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 13. desember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur Hörður Ólafsson, hæstaréttarlögmaður hér í borg, höfðað fyrir hönd Grand Metropolitan Hotels Ltd., Curzon Street 17 B, London, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 5. nóvember 1968, á hendur Ólafi Finsen, Einimel 1, Hilmari H. Bendtsen, Hagamel 23, Birgi Ágústssyni, Meistaravöllum 13, öllum hér í borg, og Finnbirni Þorvaldssyni, Blikanesi 7, Garðahreppi, öllum persónulega og fyrir hönd Saga Travel Service og/eða Ferðaskrifstofunnar Sögu, Ingólfsstræti hér í borg, til óskiptrar greiðslu á skuld að fjárhæð £ 679.2.0 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1967 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Samkvæmt framhaldskröfugerðum eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær, að Ólafur Finsen, Birgir Ágústsson, Hilmar H. Bendtsen, Finnbjörn Þorvaldsson og Ferðaskrifstofan Saga verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda £ 758.11 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa hver fyrir sig krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Skuldin er skv. ódagsettum yfirlitsreikningi stefnenda á hendur Saga Travel Service vegna úttektar ýmissa aðila á vegum þess fyrirtækis á ýmsum hótelum stefnenda á tímabilinu frá 30. janúar 1967 til 28. október 1967. Kröfubréfi, er sent var Ferðaskrifstofunni Sögu 28. október s.l., hefur ekki verið sinnt.

Gert er ráð fyrir, að Saga Travel Service sé sama fyrirtækið og Ferðaskrifstofan Saga, en hvort tveggja eru óskrásett fyrirtæki, sem hafa komið fram gagnvart stefnendum og öðrum (sbr. símaskrá Reykjavíkur um Ferðaskrifstofuna Sögu) sem einkafyrirtæki. Bera eigendur þeirra því ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á fjárskuldbindingum þessara fyrirtækja með öllum sínum eignum.

Með því að hin stefndu fyrirtæki eru óskráð, er allt í óvissu um eigendur þeirra. Hinsvegar er til fyrirtækið Ferða-Saga h.f., og bendir ýmislegt til, að hluthafar þess séu einnig eigendur Saga Travel Service og Ferðaskrifstofunnar Sögu. Hefur því að svo stöddu verið stefnt aðalstjórn og varastjórn Ferða-Sögu h.f. skv. tilkynningu til hlutafélagaskrár 27. marz s.l."

Undir rekstri málsins kom fram nýr yfirlitsreikningur frá stefnanda yfir viðskipti við Ferðaskrifstofuna Sögu til og með 30. september 1968, þar með taldar greiðslur upp í viðskiptin, sem inntar voru af hendi í júní, ágúst og desember 1967, samtals £ 85-14-3, og var breyting á dómkröfum stefnanda gerð á grundvelli niðurstöðu þessa nýja yfirlitsreiknings.

Með bréfi til sakadóms Reykjavíkur, dags. hinn 28. ágúst 1969, óskaði lögmaður stefnanda eftir opinberri rannsókn á því, hver væri eigandi Ferðaskrifstofunnar Sögu og því aðili að skuld þeirri, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu.

Njáll Símonarson skrifstofustjóri skýrði svo frá við rannsókn þessa, að fyrirtækið Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu í Ingólfsstræti, en hún hafi erlendis gengið undir nafninu Saga Travel Bureau. Kvað hann þetta hafa verið á almanna vitorði. Njáll kvað Ferðaskrifstofuna Sögu hafa verið rekna frá árinu 1954 og þar til í októbermánuði 1968. Hann kvaðst hafa gerst framkvæmdastjóri á árinu 1962 og hafa gegnt því starfi þar til í júlímánuði 1968. Njáll kvað þá Ólaf Finsen, Birgi Ágústsson og Hilmar Bendtsen hafa verið í stjórn Ferða-Sögu h/f frá árinu 1962 og þar til ferðaskrifstofan hætti störfum. Ekki kvað Njáll það hafa verið gert í blekkingarskyni að reka ferðaskrifstofuna undir nafninu Saga, þótt hlutafélagið Ferða-Saga hafi verið raunverulegur eigandi ferðaskrifstofunnar. Kvað hann

fyrri eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu ekki hafa talið sig geta fengið firmað Ferðaskrifstofan Saga skráð, þar sem til hafi verið kvikmyndafélag með nafninu Saga. Ekki kvaðst Njáll geta sagt um án nánari athugunar, hvort kröfur stefnanda séu réttar, þó að hann teldi ástæðulaust að rengja þær. Kvað hann a. m. k. sumt af fólki því, sem þar er tilgreint, hafa verið búið að greiða ferðakostnað sinn hjá ferðaskrifstofunni.

Við rannsókn þessa skýrði Ólafur Hannes Finsen svo frá, að Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu, og neitaði hann því eindregið, að nokkur blekkingartilgangur hafi legið þarna á bak við. Kvaðst Ólafur hafa keypt hlut í Ferða-Sögu h/f ásamt Norðurleið h/f, Birgi Ágústssyni og Njáli Símonarsyni. Hafi þarna verið um að ræða meiri hluta hlutabréfanna, en seljendur hafi verið Martin Petersen, Hilmar Bendtsen og Finnbjörn Þorvaldsson, en þeir hafi átt áfram smáhluti í félaginu. Áður hafi seljendur hlutabréfanna verið búnir að reka skrifstofuna og eiga hlutafélagið í nokkurn tíma. Eftir eigendaskiptin hafi stjórnin verið skipuð Ólafi Finsen, stjórnarformanni, Hilmari Bendtsen og Birgi Ágústssyni, meðstjórnendum. Hafi stjórnin verið skipuð þannig óbreytt, þar til ferðaskrifstofan hætti störfum. Taldi Ólafur það nokkurn veginn víst, að ferðamenn þeir, sem tilgreindir eru, hafi verið búnir að greiða reikninga sína til ferðaskrifstofunnar.

Ágúst Birgir Ágústsson skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi aldrei verið hluthafi í Ferða-Sögu h/f, en að forminu til hafi hann átt að vera í stjórn vegna Norðurleiða h/f, sem Ólafur Finsen hafi svo til eingöngu átt og hann sjálfur hafi eignast smáhlut í um þetta leyti. Kvaðst hann aldrei hafa verið boðaður á stjórnarfund í félaginu, þótt hann gengi iðulega eftir því. Birgir kvað þá Finnbjörn Þorvaldsson og Martin Petersen hafa tekið skýrt fram við eigendaskiptin, að ekki mætti nota heitið Ferðaskrifstofan Saga við fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart þriðja manni, þótt nota mætti það í daglegri starfsemi. Birgir kvaðst hafa keypt hlut Ólafs Finsen í Norðurleið h/f um áramótin 1967-1968 og þá hafi jafnframt verið samið um það við Ólaf, að Ferða-Saga væri Norðurleið alveg óviðkomandi. Birgir kvaðst hafa gengið ríkt eftir því, að það yrði tilkynnt til hlutafélagaskrár, að hann væri genginn úr stjórninni, en það hafi ekki verið gert. Birgir kvaðst ekkert vita um kröfur stefnanda máls þessa eða aðrar skuldir ferðaskrifstofunnar.

Hilmar Haukur Bendtsen skýrði svo frá við rannsókn málsins,

að Ferða-Saga h/f hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Kvað hann síðastgreinda nafnið ekki hafa fengist skráð, þar sem nafnið Saga hafi þegar verið frá tekið. Hins vegar hafi ferðaskrifstofan alltaf í daglegu tali gengið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga. Síðustu stjórn kvað hann hafa skipað auk sín þá Ólaf Finsen og Birgi Ágústsson og kvað sig minna, að auk þess hafi Finnbjörn Þorvaldsson verið varamaður. Ekki kvaðst Hilmar vita neitt um kröfu stefnanda máls þessa annað en það, að henni hafi verið stefnt fyrir sjó- og verslunardóm Reykjavíkur.

Krafa stefnanda er byggð á því, að frá sjónarmiði stefnanda sé fyrirtækið Saga Travel Service, pósthólf 315, Reykjavík, skuldari umræddrar kröfu. Vitað sé, að hér sé um að ræða Ferðaskrifstofuna Sögu í Ingólfsstræti. Eigendur ferðaskrifstofunnar séu því skuldarar kröfunnar. Fyrirspurn til firmaskrár Reykjavíkur hafi hins vegar leitt í ljós, að ekki sé til skrásett fyrirtæki með nafninu Ferðaskrifstofan Saga, en til sé fyrirtækið Ferða-Saga h/f og skráður framkvæmdastjóri þess Njáll Símonarson, sem einnig hafi verið framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu. Með tilliti til þessa hafi verið talið, að stofnendur Ferða-Sögu h/f hafi upphaflega ætlað að reka ferðaskrifstofu með því nafni og með þess konar ábyrgð, en hafi hætt við þá fyrirætlun og í þess stað tekið að reka fyrirtækið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga með fullri persónulegri ábyrgð eigenda. Gagnvart þessari tilgátu hafi hluthafar Ferða-Sögu h/f átt að vera eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu og því skuldarar kröfunnar persónulega og fyrir hönd þeirra fyrirtækja, sem þeir hafi til stofnað. Því hafi sú leið verið valin, uns annað réttara kemur í ljós, að stefna persónulega núverandi stjórn Ferða-Sögu h/f sem eigendum Ferðaskrifstofunnar Sögu.

Sýknukrafa stefnda Ólafs Finsen er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Hann hafi á árinu 1962 eignast hlutabréf í Ferða-Sögu h/f og hafi þá verið kosinn í stjórn þess félags. Hafi hlutafélag þetta alla tíð verið eigandi Ferðaskrifstofunnar Sögu og rekið hana og hafi þetta aldrei verið neitt leyndarmál. Einstakir hluthafar í Ferða-Sögu h/f hafi hins vegar aldrei verið persónulegir eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefnanda beri að beina kröfu sinni að Ferða-Sögu h/f, en ekki einstökum hluthöfum í því félagi. Þá er sýknukrafa stefnda Ólafs byggð á því, að krafa stefnanda sé vanreifuð efnislega og tölulega. Er á það bent í þessu sambandi, að ekki liggi ljóst fyrir, hvers konar samningur liggi til grund-

vallar viðskiptum stefnanda og Ferðaskrifstofunnar Sögu. Þá er bent á það, að framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu hafi tekið út fé eða fengið þjónustu í eigin nafni, en þetta sé fært á Ferðaskrifstofuna Sögu.

Sýknukrafa stefndu Finnbjörns og Hilmars er byggð á því, að þeir séu ekki réttir aðiljar máls þessa. Er því lýst yfir af þeirra hálfu, að þeir hafi stofnað til ferðaskrifstofu hér í borg með nafninu Saga á árinu 1958 ásamt þriðja manni. Þeir hafi unnið að rekstri hennar í hjáverkum. Á árinu 1961 hafi þeir stofnað hlutafélag um starfsemina ásamt eiginkonum sínum og hafi valið félaginu nafnið Ferða-Saga h/f, þar eð skráningarstjóri hafi færst undan að skrá félagið með nafninu Saga einu saman. Hafi félagið verið skráð 27. mars 1961 og stefndi Hilmar kjörinn formaður þess, en að öðru leyti hafi stjórnin verið skipuð eiginkonum aðiljanna. Í ársbyrjun 1962 hafi þeir ákveðið að hætta aðild sinni að ferðaskrifstofunni og í aprílmánuði það ár hafi þeir selt fyrirtækið hlutafélaginu Norðurleið, en stefndi Ólafur Finsen hafi þá verið einn af aðaleigendum þess félags. Þannig hafi þó frá málinu verið gengið formsins vegna, að stefndi Finnbjörn og Hilmar og meðstofnandi þeirra hafi hver um sig verið taldir hluthafar áfram fyrir hlut að fjárhæð kr. 5.000, en að öðru leyti hafi hlutaféð, sem jafnframt hafi verið aukið í kr. 150.000, verið í höndum hinna nýju aðilja. Þetta hafi gerst á hluthafafundi hinn 17. apríl 1962 og hafi þá jafnframt verið kosin sú stjórn í félaginu, sem stefnt er í máli þessu. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði hafi verið skipaður Njáll Símonarson, sem komið hafi inn í félagið sem hluthafi við hlið Norðurleiðar h/f. Er því haldið fram af hálfu þessara stefndu, að með þessum aðgerðum hafi þeir raunverulega verið lausir allra mála við Ferða-Sögu h/f og ferðaskrifstofu þess félags. Aðild þeirra að stjórn félagsins og hluthafaskrá hafi einungis verið ætluð til bráðabirgða, þar til hinir nýju hluthafar hefðu gert á því framtíðarskipan, sem hentaði hagsmunum þeirra. Það hafi og orðið svo í reynd, að þessir stefndu hafi engin afskipti haft af félaginu, hvorki sem stjórnarmenn né hluthafar, og hafi þeir ekki haft neinna persónulegra hagsmuna að gæta. Rekstur félagsins og skipulag hafi að öllu leyti verið í höndum hinna nýju eigenda. Hins vegar hafi hinir nýju eigendur ekki gert reka að því að veita stefndu formlega lausn með nýrri stjórnarskráningu þrátt fyrir eftirgangsmuni, en það skipti þó engu máli gagnvart stefnanda máls þessa. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að þegar

stefndu skildu við Ferða-Sögu h/f, hafi aðstaðan verið sú, að félagið hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Sú skipan hafi verið fyllilega heimil og lögleg, án þess að nokkur persónuleg ábyrgð kæmi til, og verði að telja, að svo sé enn. Samkvæmt því sé ekki önnur ábyrgð fyrir hendi á skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu en hin félagslega ábyrgð Ferða-Sögu h/f. Verði hin umstefnda skuld talin réttmæt skuld ferðaskrifstofunnar, sem þó sé ósannað, beri að beina henni að Ferða-Sögu h/f, en hvorki að stjórnendum félagsins né hluthöfum. Ef stefnandi vilji ekki beina kröfum sínum að hlutafélaginu, þá eigi hann ekki annars úrkosti en að halda sig að viðsemjendum sínum, hvort sem það er Njáll Símonarson eða einhver annar, eða að þeim mönnum, sem raunverulega höfðu persónulega hagsmuni af starfsemi Ferðaskrifstofunnar Sögu á þeim tíma, sem til skuldarinnar var stofnað. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefndu Finnbjörn og Hilmar séu ekki réttir aðiljar máls þessa. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki fært nægilegar sönnur að kröfu sinni í máli þessu með þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram. Er efni kröfunnar og fjárhæð mótmælt.

Sýknukrafa stefnda Birgis er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Er því haldið fram, að hann hafi aðeins komið við sögu hlutafélagsins Ferða-Sögu með þeim hætti, að hann hafi verið kosinn í stjórn þess hinn 17. apríl 1962 sem fulltrúi Norðurleiðar h/f, er þá hafi eignast meiri hluta hlutabréfa í félaginu. Hann hafi sjálfur engan hlut átt í félaginu og hafi aldrei átt nema í umboði Norðurleiðar h/f. Er því haldið fram, að stefndi Birgir hafi engin afskipti haft af rekstri ferðaskrifstofunnar á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og þar sem Norðurleið h/f sé ekki lengur hluthafi, sé aðild stefnda Birgis að stjórn Ferða-Sögu h/f lokið. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefndi Birgir verði ekki með nokkrum hætti gerður ábyrgur fyrir skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu. Þá er því og haldið fram, að stefnandi hafi ekki fært sönnur að kröfu sinni með þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram, hvorki að efni né fjárhæð.

Samkvæmt endurriti úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur var Ferða-Saga h/f skráð hinn 27. mars 1961. Var tilgangur félagsins að reka ferðaskrifstofu og veita hvers konar fyrirgreiðslu og þjónustu í því sambandi. Ekki kemur fram í skráningunni, að starfsemi félagsins skyldi rekin undir öðru nafni. Stofnendur voru Hilmar Bendtsen, Björg Sverrisdóttir, Finnbjörn Þorvaldsson, Theodóra Björnsdóttir, Martin Petersen og Kristín Sigurðar-

dóttir. Var fyrsta aðalstjórn félagsins skipuð þeim Hilmari Bendtsen, Kristínu Sigurðardóttur og Theodóru Björnsdóttur. Samkvæmt skráningu hinn 30. mars 1968 skipuðu aðalstjórn félagsins Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson, en til vara Finnbjörn Þorvaldsson. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði var þá skráður Njáll Símonarson.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 3. febrúar 1969, var bú Ferða-Sögu h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Með bréfi, dags. hinn 10. mars 1969, var lýst í þrotabúið upphaflegri fjárhæð dómkröfu máls þessa ásamt vöxtum og innheimtukostnaði. Í kröfulýsingunni kemur fram, að stefnandi hafi ekki vitað um tilvist Ferða-Sögu h/f og því hafi félaginu ekki verið stefnt í máli því, sem stefnandi hafi höfðað. Hins vegar hafi komið fram í greinargerðum varnaraðilja málsins, að þeir telji Ferða-Sögu h/f réttan skuldara kröfunnar.

Með gagnaöflunarúrskurði gaf dómurinn aðiljum kost á að afla þessara gagna:

„1. Skýrslu fyrirsvarsmanna stefnanda um það, með hvaða hætti stofnað hafi verið til viðskipta við Ferðaskrifstofuna Sögu (Saga Travel Service) og hver hafi samið við stefnanda.
2. Hver hafi séð um greiðslur af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu og með hvaða hætti þær hafi verið inntar af hendi.
3. Aflað verði upplýsinga frá skiptarétti Reykjavíkur úr gögnum þrotabús Ferða-Sögu h/f um samband þess félags við Ferðaskrifstofuna Sögu.
4. Stefndi Finnbjörn Þorvaldsson komi fyrir dóm til skýrslugjafar.
5. Annarra þeirra gagna, sem framangreind atriði kunna að gefa efni til.“

Með bréfi, dags. hinn 28. janúar 1972, skýrði lögmaður stefnanda lögmanni stefnanda í Englandi frá efni úrskurðar þessa og óskaði eftir svari við 1. og 2. lið úrskurðarins. Í svarbréfi lögmanns stefnanda í Englandi kemur fram, að verið sé að reyna að afla greindra upplýsinga, en með tilliti til tíma þess, sem liðið hafi, og mannaskipta í starfsliði stefnanda sé það erfiðleikum bundið. Lögmaðurinn kveðst geta skýrt frá því, að samkvæmt bókhaldsgögnum hafi greiðslur frá Saga Travel Service verið inntar af hendi í reiðufé, þótt bókhaldskerfið geri ekki greinarmun á greiðslum í reiðufé og greiðslum með ávísunum.

Þá ritaði lögmaður stefnanda skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, þar sem hann gerði grein fyrir 3. lið gagnaöflunarúrskurðar

dómsins og óskaði eftir, að sér yrðu látnar í té upplýsingar þær, sem þar eru greindar. Lýsti lögmaður stefnanda yfir við munnlegan flutning málsins, að ekki hefði borist svar við þessu bréfi.

Samkvæmt vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík hefur ekki verið skráð firma með nafninu Ferðaskrifstofan Saga.

Eigi hafa komið fram gögn þau, sem aðiljum var gefinn kostur á að afla, nema aðiljaskýrsla Finnbjörns Þorvaldssonar, og er hún svohljóðandi:

„Málavöxtum að því er varðar feril Ferðaskrifstofunnar Sögu og síðar hlutafélagsins Ferða-Sögu h/f í Reykjavík á tímabilinu 1958-1962 og aðild mína að þeim, svo og tengsl mín við hlutafélagið eftir 17. apríl 1962, sem í reynd voru engin, er rétt lýst í 3.-5. málsgr. á bls. 1-2 í greinargerð umboðsmanns míns frá 10. janúar 1968 í máli þessu. Vil ég sérstaklega taka fram, að ég hafði engin afskipti af félaginu eða starfsemi þess eftir þá breytingu, sem á því varð á árinu 1962, og engra persónulegra hagsmuna þar að gæta. Ég var ekki starfsmaður við fyrirtækið eftir þennan tíma og styrkti það ekki í annarri veru, hvorki með vinnu né fé. Hafði ég engan ávinning af félaginu né ætlaðist til hans í neinu formi.

Ég leyfi mér sömuleiðis að taka fram, að ég hef aldrei verið í stjórn hlutafélagsins Ferða-Sögu hf. Þótt ég hafi formsins vegna verið kjörinn í varastjórn félagsins á árinu 1962, var ég aldrei kvaddur til neinna stjórnarstarfa sem slíkur, og var raunar fjarstaddur, þegar kjörið fór fram.

Um eigendaskiptin, sem fram fóru á árinu 1962, leyfi ég mér að staðfesta, að þau voru í formi sölu á hlutabréfum fyrirtækisins, en ekki eignum þess.

Ég átti engan þátt í þeim viðskiptum fyrirtækisins, sem stefnukrafan í ofangreindu máli tekur til, og get ekkert upplýst um þá kröfu."

Fyrir sakadómi Reykjavíkur hafa stefndu Hilmar og Ólafur og Njáll Símonarson, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu, skýrt svo frá, að Ferða-Saga h/f hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Er það í samræmi við það, sem haldið er fram af hálfu allra hinna stefndu. Samkvæmt því verður að leggja til grundvallar, að rekstur Ferðaskrifstofunnar Sögu hafi verið á ábyrgð stjórnar Ferða-Sögu h/f, en hins vegar er eigi í ljós leitt, að tengsl Ferðaskrifstofunnar Sögu við Ferða-Sögu h/f hafi formlega verið með þeim hætti, að unnt sé að líta svo á, að Ferðaskrifstofan Saga hafi verið rekin með takmarkaðri ábyrgð,

sbr. ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903, sbr. 2. gr. laga nr. 77/1921 og 9. gr. laga nr. 84/1933. Það er fram komið í málinu, að sú stjórn Ferða-Sögu h/f, sem stefndu skipuðu, var kosin hinn 17. apríl 1962, en tilkynning um það til hlutafélagaskrár var dagsett hinn 27. mars 1968 og skráð hinn 30. s. m., en birt 10. maí s. á. Stefndi Finnbjörn kveðst ekki hafa verið kvaddur til að taka þátt í stjórnarstörfum, og hefur þeirri yfirlýsingu hans eigi verið mótmælt sérstaklega af hálfu annarra aðilja málsins. Stefndi Birgir er skráður einn af stjórnarmönnum Ferða-Sögu h/f í hlutafélagaskrá, og hefur hann eigi fært sönnur að því, að sú skráning sé eigi rétt að lögum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að líta svo á, að þeir, sem skipuðu aðalstjórn Ferða-Sögu h/f, sem kosin var hinn 17. apríl 1962, þ. e. stefndu Ólafur, Hilmar og Birgir, beri einn fyrir alla og allir fyrir einn persónulega ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem stofnað var til af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu við stefnanda á árunum 1967 og 1968 og krafist er greiðslu á í máli þessu. Hins vegar þykir bera að sýkna stefnda Finnbjörn, sem ómótmælt er, að ekki hafi verið kvaddur til stjórnarstarfa á þessum tíma. Af hálfu stefnanda hefur verið lagður fram viðskiptamannareikningur Ferðaskrifstofunnar Sögu, þ. e. Saga Travel Bureau, með fylgiskjölum, og þykir það ekki hnekkja niðurstöðu þessari um ábyrgð stefndu Ólafs, Hilmars og Birgis, þótt á tveimur skjala þessara sé við eitt af nöfnum þeim, sem notuð voru um Ferðaskrifstofuna Sögu, þ. e. Saga Tour, skráð „Ltd.“, sem gefur til kynna, að fyrirtækið hafi verið rekið með takmarkaðri ábyrgð. Svo sem áður er fram komið, hafa ekki komið fram af hálfu stefndu gögn um viðskipti stefnanda og Ferðaskrifstofunnar Sögu, og verður því reikningur sá, sem fram er kominn af hálfu stefnanda, lagður til grundvallar, enda hafa eigi komið fram rökstudd andmæli gegn honum.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi Finnbjörn Þorvaldsson verður sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart honum fellur niður. Stefndu Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson verða hins vegar dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn persónulega og fyrir hönd Ferðaskrifstofunnar Sögu til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld, £ 758.11, með 7% ársvöxtum, sem reiknast frá 1. janúar 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 45.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt

samdómendunum Eggert Kristjánssyni og Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðendum.

Dómsorð:

Stefndi Finnbjörn Þorvaldsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Ólafssonar f. h. Grand Metropolitan Hotels Ltd., í máli þessu, en málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Stefndu Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen, Birgir Ágústsson og Ferðaskrifstofan Saga greiði in solidum stefnanda, Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Grand Metropolitan Hotels Ltd., £758.11 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. mars 1979.

Nr. 36/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Halldóri Erni Magnússyni.

Kærumál. Kyrrsetning samkv. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979 til Hæstaréttar með kæru 23. s. m., er barst Hæstarétti 26. s. m. Samkvæmt gögnum máls var úrskurðurinn birtur varnaraðilja 22. s. m.

Eigi hefur borist sérstök greinargerð til Hæstaréttar af hálfu varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu og krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Framangreindur úrskurður er kæranlegur með stoð í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Skilja verður hinn kærða úrskurð svo, að með honum hafi rannsóknardómari í máli varnaraðilja markað sér þá stefnu fyrir sitt leyti, að hann muni leita eftir kyrrsetningu hjá yfirborgarfógeta á eignum varnaraðilja, sbr. 144. gr. laga nr. 74/1974, til tryggingar væntanlegri skaðabótakröfu og sakarkostnaði, svo sem nánar greinir í úrskurðinum. Eigi eru efni til að hrinda hinum kærða úrskurði svo skýrðum sem að framan greinir.

Dómsorð:

Heimilt er, að leitað verði eftir því af hálfu sakadóms Reykjavíkur samkvæmt framanrituðu, að kyrrsettar verði eignir varnaraðilja til tryggingar greiðslu skaðabóta, er greinir í hinum kærða úrskurði, svo og vegna greiðslu sakarkostnaðar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 21. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Hinn 1. desember 1978 barst rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá bandarísku varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli vegna ætlaðs misferlis við innflutning og sölu á hjólbörðum frá Hjólbarðasölunni s/f til varnarliðsins frá því í október 1976. Í kærunni var talið, að 1788 hjólbarðar, sem varnarliðið hafði greitt fyrir, hefðu ekki verið afhentir og sé andvirði þeirra $ 153.252.00.

Við rannsókn máls þessa hafa 5 menn, þ. á m. kærði Halldór Örn Magnússon, Kríuhólum 2, Reykjavík, viðurkennt að hafa átt þátt í því, að varnarliðið greiddi fyrir hjólbarða, sem það fékk aldrei, með því m. a. að panta og kvitta fyrir móttöku á hjólbörðum, sem aldrei bárust varnarliðinu, og rangfæra bókhald. Ágóðanum skiptu þeir síðan á milli sín.

Yfirheyrslur yfir mönnunum 5 hafa ekki leitt í ljós, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir á framangreindan hátt né hve mikið hver fékk í sinn hlut. Samkvæmt yfirliti, sem RLR hefur

gert og byggt er á hjólbarða- og hjólbarðaslangnapöntunum varnarliðsins frá 13. sept. 1976 til 27. okt. 1978 og tollpappírum yfir hjólbarða og hjólbarðaslöngur, sem varnarliðinu hafa borist, hefur varnarliðið greitt $ 448.319.66, en þar af hafa vörur að verðmæti $ 159.651.96 ekki komið fram.

Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður, lögmaður varnarliðsins í máli þessu, ritaði RLR bréf hinn 13. febrúar sl. og óskaði eftir, að rannsóknarlögreglan færi fram á við sakadóm Reykjavíkur, að gert yrði löghald í eignum kærðu til tryggingar greiðslu skaðabóta til varnarliðsins. Taldi lögmaðurinn misferli kærðu nema a. m. k. $ 155.000.00, eða 50.111.500 krónum miðað við gengi bandaríkjadals þann 13. febrúar.

Þann 14. febrúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur lögð fram krafa RLR um kyrrsetningu á eignum hinna 5 kærðu til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta, sbr. 144. gr. laga 74/1974. Ekki er í kröfunni greind sú fjárhæð, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslu á, en vitnað til þeirrar fjárhæðar, sem í kæru varnarliðsins getur.

Hinn 15. febrúar sendi dómarinn yfirborgarfógetanum í Reykjavík endurrit af þinghaldinu 14. febrúar ásamt kröfu RLR og öðrum gögnum málsins og óskaði eftir, að eignir kærða yrðu kyrrsettar.

Í símtali við fulltrúa yfirborgarfógeta hinn 16. febrúar var lagt fyrir hann að fresta framkvæmd kyrrsetningarinnar, enda taldi dómarinn þá rétt, að krafa RLR yrði borin undir kærða og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana.

Kærði kom fyrir dóminn hinn 19. þ. m. og mótmælti kyrrsetningarkröfunni.

Rannsókn á ætluðu misferli kærðu er ólokið, og enn er ekki ljóst, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir hjá varnarliðinu, en samkvæmt gögnum málsins virðist vera um verulega fjárhæð að ræða. Þykir því rétt að verða við kröfu RLR um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu skaðabóta.

Kærðu stóðu saman að margnefndu misferli með vitund um aðild hver annars. Af gögnum málsins má ætla, að um raðbrot sé að ræða, sem virt muni verða sem eind. Ekki er ljóst, hve mikið hver hinna kærðu fékk í sinn hlut. Verður því að miða við, að þeir beri ábyrgð in solidum á tjóni því, sem ætla má, að varnarliðið hafi beðið af háttsemi þeirra.

Eftir atvikum þykir ekki rétt að miða þá fjárhæð, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslur á, við hærri fjárhæð

en þá, er lögmaður varnarliðsins greinir í bréfi sínu til RLR, þ. e. $ 155.000.00, eða kr. 50.111.500.

Ætla má, að til málshöfðunar gegn kærðu komi að rannsókn málsins lokinni, en óvíst er, hver sakarkostnaður í máli þeirra kann að verða. Þykir á þessu stigi málsins ekki óvarlegt að ætla, að hann kunni að nema kr. 500.000 á hvern kærðu, og þykir því rétt að verða við kröfu um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar að því marki.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 144. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber því að ákveða, að kyrrsetja skuli eignir kærða Halldórs Arnar Magnússonar til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, samtals að fjárhæð kr. 50.611.500.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Kyrrsetja skal eignir kærða Halldórs Arnar Magnússonar, Kríuhólum 2, Reykjavík, til tryggingar 50.611.500 króna greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Mánudaginn 5. mars 1979.

Nr. 37/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Þorvaldi Bergmann Björnssyni.

Kærumál. Kyrrsetning samkv. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979 til Hæstaréttar með kæru 23. s. m., er barst

Hæstarétti 26. s. m. Samkvæmt gögnum máls var úrskurðurinn birtur varnaraðilja 22. s. m.

Eigi hefur borist sérstök greinargerð til Hæstaréttar af hálfu varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu og krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Framangreindur úrskurður er kæranlegur með stoð í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Skilja verður hinn kærða úrskurð svo, að með honum hafi rannsóknardómari í máli varnaraðilja markað sér þá stefnu fyrir sitt leyti, að hann muni leita eftir kyrrsetningu hjá bæjarfógetanum í Kópavogi á eignum varnaraðilja, sbr. 144. gr. laga nr. 74/1974, til tryggingar væntanlegri skaðabótakröfu og sakarkostnaði, svo sem nánar greinir í úrskurðinum. Eigi eru efni til að hrinda hinum kærða úrskurði svo skýrðum sem að framan greinir.

Dómsorð:

Heimilt er, að leitað verði eftir því af hálfu sakadóms Reykjavíkur samkvæmt framansögðu, að kyrrsettar verði eignir varnaraðilja til tryggingar greiðslu skaðabóta, er greinir í hinum kærða úrskurði, svo og vegna greiðslu sakarkostnaðar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 21. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Hinn 1. desember 1978 barst rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli vegna ætlaðs misferlis við innflutning og sölu á hjólbörðum frá Hjólbarðasölunni s/f til varnarliðsins frá því í október 1976. Í kærunni var talið, að 1788 hjólbarðar, sem varnarliðið hafði greitt fyrir, hefðu ekki verið afhentir og sé andvirði þeirra $ 153.252.00.

Við rannsókn þessa máls hafa 5 menn, þ. á m. kærði Þorvaldur

Bergmann Björnsson, Holtagerði 56, Kópavogi, viðurkennt að hafa átt þátt í því, að varnarliðið greiddi fyrir hjólbarða, sem það fékk aldrei, með því m. a. að panta og kvitta fyrir móttöku á hjólbörðum, sem aldrei bárust varnarliðinu, og rangfæra bókhald. Ágóðanum skiptu þeir síðan á milli sín.

Yfirheyrslur yfir mönnunum 5 hafa ekki leitt í ljós, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir á framangreindan hátt né hve mikið hver fékk í sinn hlut. Samkvæmt yfirliti, sem RLR hefur gert og byggt er á hjólbarða- og hjólbarðaslangnapöntunum varnarliðsins frá 13. sept. 1976 til 27. okt. 1978 og tollpappírum yfir hjólbarða og hjólbarðaslöngur, sem varnarliðinu hafa borist, hefur varnarliðið greitt $ 448.319.66, en þar af hafa vörur að verðmæti $ 159.651.96 ekki komið fram.

Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður, lögmaður varnarliðsins í máli þessu, ritaði RLR bréf hinn 13. febrúar sl. og óskaði eftir, að rannsóknarlögreglan færi fram á við sakadóm Reykjavíkur, að gert yrði löghald í eignum kærðu til tryggingar greiðslu skaðabóta til varnarliðsins. Taldi lögmaðurinn misferli kærðu nema a. m. k. $ 155.000.00, eða 50.111.500 krónum miðað við gengi bandaríkjadals þann 13. þ. m.

Þann 14. febrúar sl. var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur lögð fram krafa RLR um kyrrsetningu á eignum hinna 5 kærðu til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta, sbr. 144. gr. laga 74/1974. Ekki er í kröfunni greind sú fjárhæð, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslur á, en vitnað er til þeirrar fjárhæðar, sem í kæru varnarliðsins getur.

Hinn 15. febrúar sendi dómarinn bæjarfógetanum í Kópavogi endurrit af þinghaldinu 14. febrúar ásamt kröfu RLR og öðrum gögnum málsins og óskaði eftir, að eignir kærða yrðu kyrrsettar.

Í símtali við fyrrgreindan fógeta hinn 16. febrúar var lagt fyrir hann að fresta framkvæmd kyrrsetningarinnar, enda taldi dómarinn þá rétt, að krafa RLR yrði borin undir kærða og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana.

Kærði kom fyrir dóminn hinn 16. febrúar og lögmaður hans hinn 19. febrúar, og mótmæltu þeir kyrrsetningarkröfunni.

Rannsókn á ætluðu misferli kærðu er ólokið, og enn er ekki ljóst, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir hjá varnarliðinu, en samkvæmt gögnum málsins virðist vera um verulega fjárhæð að ræða. Þykir því rétt að verða við kröfu RLR um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu skaðabóta.

Kærðu stóðu saman að margnefndu misferli með vitund um

aðild hver annars. Af gögnum málsins má ætla, að um raðbrot sé að ræða, sem virt muni verða sem eind. Ekki hefur verið í ljós leitt, hve mikið hver kærði fékk í sinn hlut. Verður því að miða við, að þeir beri ábyrgð in solidum á tjóni því, sem ætla má, að varnarliðið hafi beðið af háttsemi þeirra. Eftir atvikum þykir ekki rétt að miða þá fjárhæð, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslu á, við hærri fjárhæð en þá, er lögmaður varnarliðsins greinir í bréfi sínu til RLR, þ. e. $ 155.000.00, eða kr. 50.111.500.

Ætla má, að til málshöfðunar gegn kærðu komi að rannsókn málsins lokinni, en óvíst er, hver sakarkostnaður í máli þeirra kann að verða. Þykir á þessu stigi málsins ekki óvarlegt að ætla, að hann kunni að nema kr. 500.000 á hvern kærðu, og þykir því rétt að verða við kröfu um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar að því marki.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 144. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber því að ákveða, að kyrrsetja skuli eignir kærða Þorvalds Bergmanns Björnssonar til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflvíkurflugvelli, samtals að fjárhæð kr. 50.611.500.

Bæjarfógetanum í Kópavogi er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Kyrrsetja skal eignir kærða Þorvalds Bergmanns Björnssonar, Holtagerði 56, Kópavogi, til tryggingar 50.611.500 króna greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Bæjarfógetanum í Kópavogi er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Mánudaginn 5. mars 1979.

Nr. 38/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Geir Guðmundssyni.

Kærumál. Kyrrsetning samkv. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979 til Hæstaréttar með kæru 23. s. m., er barst Hæstarétti 26. s. m. Samkvæmt gögnum máls var úrskurðurinn birtur varnaraðilja 22. s. m.

Eigi hefur borist sérstök greinargerð til Hæstaréttar af hálfu varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu og krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Framangreindur úrskurður er kæranlegur með stoð í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Skilja verður hinn kærða úrskurð svo, að með honum hafi rannsóknardómari í máli varnaraðilja markað sér þá stefnu fyrir sitt leyti, að hann muni leita eftir kyrrsetningu hjá yfirborgarfógeta á eignum varnaraðilja, sbr. 144. gr. laga nr. 74/1974, til tryggingar væntanlegri skaðabótakröfu og sakarkostnaði, svo sem nánar greinir í úrskurðinum. Eigi eru efni til að hrinda hinum kærða úrskurði svo skýrðum sem að framan greinir.

Dómsorð:

Heimilt er, að leitað verði eftir því af hálfu sakadóms Reykjavíkur samkvæmt framanrituðu, að kyrrsettar verði eignir varnaraðilja til tryggingar greiðslu skaðabóta, er greinir í hinum kærða úrskurði, svo og vegna greiðslu sakarkostnaðar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 21. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Hinn 1. desember 1978 barst rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli vegna ætlaðs misferlis við innflutning og sölu á hjólbörðum frá Hjólbarðasölunni s/f til varnarliðsins frá því í október 1976. Í kærunni var talið, að 1788 hjólbarðar, sem varnarliðið hafði greitt fyrir, hefðu ekki verið afhentir varnarliðinu og sé andvirði þeirra $ 153.252.00.

Við rannsókn þessa máls hafa 5 menn, þ. á m. kærði Geir Guðmundsson, Hraunbæ 38, Reykjavík, viðurkennt að hafa átt þátt í því, að varnarliðið greiddi fyrir hjólbarða, sem það fékk aldrei, með því m. a. að panta og kvitta fyrir móttöku á hjólbörðum, sem aldrei bárust varnarliðinu, og rangfæra bókhald. Ágóðanum skiptu þeir síðan á milli sín.

Yfirheyrslur yfir mönnunum 5 hafa ekki leitt í ljós, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir á framangreindan hátt né hve mikið hver fékk í sinn hlut. Samkvæmt yfirliti, sem RLR hefur gert og byggt er á hjólbarða- og hjólbarðaslangnapöntunum varnarliðsins frá 13. sept. 1976 til 27. okt. 1978 og tollpappírum yfir hjólbarða og hjólbarðaslöngur, sem varnarliðinu hafa borist, hefur varnarliðið greitt $ 448.319.66, en þar af hafa vörur að verðmæti $ 159.651.96 ekki komið fram.

Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður, lögmaður varnarliðsins í máli þessu, ritaði RLR bréf hinn 13. febrúar sl. og óskaði eftir, að rannsóknarlögreglan færi fram á við sakadóm Reykjavíkur, að gert yrði löghald í eignum kærðu til tryggingar greiðslu skaðabóta til varnarliðsins. Taldi lögmaðurinn misferli kærðu nema a. m. k. $ 155.000.00, eða 50.111.500 krónum miðað við gengi bandaríkjadals þann 13. þ. m.

Þann 14. febrúar sl. var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur lögð fram krafa RLR um kyrrsetningu á eignum hinna 5 kærðu til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta, sbr. 144. gr. laga 74/1974. Ekki er í kröfunni greind sú fjárhæð, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslu á, en vitnað til þeirrar fjárhæðar, sem í kæru varnarliðsins getur.

Hinn 15. febrúar sendi dómarinn yfirborgarfógetanum í

Reykjavík endurrit af þinghaldinu 14. febrúar ásamt kröfu RLR og öðrum gögnum málsins og óskaði eftir, að eignir kærða yrðu kyrrsettar.

Í símtali við fulltrúa yfirborgarfógeta hinn 16. febrúar var lagt fyrir hann að fresta framkvæmd kyrrsetningarinnar, enda taldi dómarinn þá rétt, að krafa RLR yrði borin undir kærða og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana.

Lögmaður kærða, Sigurður Sigurjónsson héraðsdómslögmaður, hefur komið fyrir dóminn og mótmælt kröfu RLR. Krafðist hann þess, að henni yrði hafnað, og rökstuddi kröfu sína í 5 liðum, sem rétt þykir að rekja efnislega:

1. Rannsókn málsins er hvergi nærri lokið, en í 145. gr. laga 74/1974 virðist við það miðað, að ákæra hafi verið gefin út á hendur sökunaut, svo að löghaldi verði við komið, svo sem 144. gr. gefur tilefni til.
2. Ljóst er af gögnum málsins, að um mörg brot er að tefla, en ekki eitt sameiginlegt brot hinna 5 kærðu. Enn fremur, að þeir hafi um mismunandi langa hríð verið tengdir afbrotum þeim, sem kæran hljóðar um. Að þessu gefnu sé fullljóst, að ekki sé um solidariska ábyrgð að ræða gagnvart „heildarbótakröfu, sem er áætluð af gerðarbeiðanda US $ 155.000".
3. Krafa varnarliðsins hljóðar um greiðslu í bandaríkjadölum, en bætur eiga að greiðast í íslenskri mynt, þar sem kærðu hafa aldrei fengið greitt í bandaríkjadölum.
4. Kærði hefur rætt við „ameríska fulltrúa varnarliðsins" um greiðslu bóta og hefur lýst vilja sínum til bótagreiðslna fyrir honum og við yfirheyrslur. Enn fremur liggur ekkert fyrir, sem bendir til undanskots eigna kærða og gefið gæti tilefni til löghalds.
5. Kærði hefur verið óvenjulega samstarfsfús við að upplýsa mál það, sem löghaldsbeiðnin er reist á.

Um framangreind rök er þetta að segja:

Um 1. 145. gr. laga nr. 74/1974 gerir ráð fyrir, að koma megi að bótakröfu í „væntanlegu refsimáli", þ. e. fyrir útgáfu ákæru. Varnarliðið hefur ekki, svo vitað sé, komið að í málinu kröfu um skaðabætur, enda er tjón þess enn óljóst, þar sem rannsókn er ólokið. Það er ekki skilyrði kyrrsetningar samkv. 144. gr. laga 74/1974, að krafa um bætur hafi komið fram. Fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja.

Um 2. Hinir 5 kærðu stóðu saman að margnefndu misferli með vitund um aðild hver annars. Af gögnum málsins má ætla, að

um raðbrot sé að ræða, sem virt muni verða sem eind. Ekki hefur verið í ljós leitt, hve mikið hver kærðu fékk í sinn hlut. Verður því að miða við, að þeir beri ábyrgð in solidum á tjóni því, sem ætla má, að varnarliðið hafi beðið af háttsemi þeirra.

Um 3. Gögn málsins bera með sér, að greiðslur hafi farið fram með ávísunum á erlendan gjaldeyri.

Um 4. Kærði hefur rætt við John R. Michaud, rannsóknarlögreglumann hjá varnarliðinu, um greiðslu bóta. Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni hefur samkvæmt umboði frá varnarliðinu verið falið að gæta hagsmuna þess í máli þessu. Bar því að semja við hann um greiðslur. Þar sem það hefur ekki verið gert og engar tryggingar settar fyrir greiðslum, verður kyrrsetningarkröfu ekki hafnað á þeim forsendum.

Um 5. Enda þótt kærði hafi sýnt samstarfsvilja við rannsókn málsins, verður ekki hjá því litið, að varnarliðið á ríkra hagsmuna að gæta, og rýrir samstarfsfýsi kærða ekki rétt varnarliðsins til þess að leita eftir tryggingu á væntanlegri bótakröfu sinni.

Rannsókn á ætluðu misferli kærðu er ólokið, og ekki er ljóst, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir hjá varnarliðinu, en samkvæmt gögnum málsins virðist vera um verulega fjárhæð að ræða. Þykir því rétt að verða við kröfu RLR um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu skaðabóta.

Svo sem áður greinir, þykir verða að telja kærðu bera ábyrgð in solidum.

Eftir atvikum þykir ekki rétt að miða fjárhæð þá, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslu á, við hærri fjárhæð en þá, er lögmaður varnarliðsins greinir í bréfi sínu til RLR, þ. e. $ 155.000.00, eða kr. 50.111.500.

Ætla má, að til málshöfðunar gegn kærðu komi að rannsókn málsins lokinni, en óvíst er, hver sakarkostnaður í máli þeirra kann að verða. Þykir á þessu stigi málsins ekki óvarlegt að ætla, að hann kunni að nema kr. 500.000 á hvern kærðu, og þykir því rétt að verða við kröfu um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar að því marki.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 144. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber því að ákveða, að kyrrsetja skuli eignir kærða Geirs Guðmundssonar til tryggingar greiðslu sakarkastnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, samtals að fjárhæð kr. 50.611.500.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Kyrrsetja skal eignir kærða Geirs Guðmundssonar, Hraunbæ 38, Reykjavík, til tryggingar 50.611.500 króna greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Mánudaginn 5. mars 1979.

Nr. 39/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Gísla Grétari Sigurjónssyni.

Kærumál. Kyrrsetning samkv. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979 til Hæstaréttar með kæru 23. s. m., er barst Hæstarétti 26. s m. Samkvæmt gögnum máls var úrskurðurinn birtur varnaraðilja 22. s. m.

Eigi hefur borist sérstök greinargerð til Hæstaréttar af hálfu varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu og krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Framangreindur úrskurður er kæranlegur með stoð í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Skilja verður hinn kærða úrskurð svo, að með honum hafi rannsóknardómari í máli varnaraðilja markað sér þá stefnu fyrir sitt leyti, að hann muni leita eftir kyrrsetningu hja yfirborgarfógeta á eignum varnaraðilja, sbr. 144. gr. laga nr. 74/1974, til tryggingar væntanlegri skaðabótakröfu og sak-

arkostnaði, svo sem nánar greinir í úrskurðinum. Eigi eru efni til að hrinda hinum kærða úrskurði svo skýrðum sem að framan greinir.

Dómsorð:

Heimilt er, að leitað verði eftir því af hálfu sakadóms Reykjavíkur samkvæmt framanrituðu, að kyrrsettar verði eignir varnaraðilja til tryggingar greiðslu skaðabóta, er greinir í hinum kærða úrskurði, svo og vegna greiðslu sakarkostnaðar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 21. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Hinn 1. desember 1978 barst rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli vegna ætlaðs misferlis við innflutning og sölu á hjólbörðum frá Hjólbarðasölunni s/f til varnarliðsins frá því í október 1976. Í kærunni er talið, að 1788 hjólbarðar, sem varnarliðið hafði greitt fyrir, hafi ekki verið afhentir varnarliðinu og sé andvirði þeirra $ 153.252.00.

Við rannsókn þessa máls hafa 5 menn, þ. á m. kærði Gísli Grétar Sigurjónsson, Laugarásvegi 67, Reykjavík, viðurkennt að hafa átt þátt í því, að varnarliðið greiddi fyrir hjólbarða, sem það fékk aldrei, með því m. a. að panta og kvitta fyrir móttöku á hjólbörðum, sem aldrei bárust varnarliðinu, og rangfæra bókhald. Ágóðanum skiptu þeir síðan á milli sín.

Yfirheyrslur yfir mönnunum 5 hafa ekki leitt í ljós, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir á framangreindan hátt né hve mikið hver fékk í sinn hlut. Samkvæmt yfirliti, sem RLR hefur gert og byggt er á hjólbarða- og hjólbarðaslangnapöntunum varnarliðsins frá 13. sept. 1976 til 27. okt. 1978 og tollpappírum yfir hjólbarða og hjólbarðaslöngur, sem varnarliðinu hafa borist, hefur varnarliðið greitt $ 448.319.66, en þar af hafa vörur að verðmæti $ 159.651.96 ekki komið fram.

Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður, lögmaður varnarliðsins í máli þessu, ritaði RLR bréf hinn 13. febrúar sl. og óskaði eftir, að rannsóknarlögreglan færi fram á við sakadóm Reykja-

víkur, að gert yrði löghald í eignum kærðu til tryggingar greiðslu skaðabóta til varnarliðsins. Taldi lögmaðurinn misferli kærðu nema a. m. k. $ 155.000.00, eða 50.111.500 krónum miðað við gengi bandaríkjadals þann 13. þ. m.

Þann 14. febrúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur lögð fram krafa RLR um kyrrsetningu á eignum hinna 5 kærðu til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta, sbr. 144. gr. laga 74/1974. Ekki er í kröfunni greind sú fjárhæð, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslur á, en vitnað er til þeirrar fjárhæðar, sem í kæru varnarliðsins getur.

Hinn 15. febrúar sendi dómarinn yfirborgarfógetanum í Reykjavík endurrit þinghaldsins 14. febrúar ásamt kröfu RLR og öðrum gögnum málsins og óskaði eftir, að eignir kærða yrðu kyrrsettar.

Í símtali við fulltrúa yfirborgarfógeta hinn 16. febrúar var lagt fyrir hann að fresta framkvæmd kyrrsetningarinnar, enda taldi dómarinn þá rétt, að krafa RLR yrði borin undir kærða og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana.

Kærði kom fyrir dóminn hinn 19. febrúar ásamt lögmanni sínum, Sigurði Sigurjónssyni héraðsdómslögmanni, og mótmæltu þeir kröfu RLR. Krafðist lögmaðurinn þess, að kröfunni yrði hafnað, og hefur hann rökstutt þá kröfu sína í 5 liðum, sem rétt þykir að rekja efnislega:

1. Rannsókn málsins er hvergi nærri lokið, en í 145. gr. laga 74/1974 virðist við það miðað, að ákæra hafi verið gefin út á hendur sökunaut, svo að löghaldi verði við komið, svo sem 144. gr. gefur tilefni til.
2. Ljóst er af gögnum málsins, að um mörg brot er að ræða, en ekki eitt sameiginlegt brot hinna 5 kærðu. Enn fremur, að þeir hafi um mismunandi langa hríð verið tengdir afbrotum þeim, sem kæran hljóðar um. Að þessu gefnu sé fullljóst, að ekki sé um solidariska ábyrgð að ræða gagnvart „heildarbótakröfu, sem er áætluð af gerðarbeiðanda US $ 155.000".
3. Krafa varnarliðsins hljóðar um greiðslu á bandaríkjadölum, en bætur eiga að greiðast í íslenskri mynt, þar sem kærðu hafa aldrei fengið greitt í bandaríkjadölum.
4. Kærði hefur rætt við „ameríska fulltrúa varnarliðsins" um greiðslu bóta og hefur lýst vilja sínum til bótagreiðslna fyrir honum og við yfirheyrslur. Enn fremur liggur ekkert fyrir, sem bendir til undanskots eigna kærða og gefið gæti tilefni til löghalds.

5. Kærði hefur verið óvenjulega samstarfsfús við að upplýsa mál það, sem löghaldsbeiðnin er reist á.

Um framangreind rök er þetta að segja:

Um 1. 145. gr. laga nr. 74/1974 gerir ráð fyrir, að koma megi að bótakröfu í „væntanlegu refsimáli", þ. e. fyrir útgáfu ákæru. Varnarliðið hefur ekki, svo vitað sé, komið að í málinu kröfu um skaðabætur, enda er tjón þess enn óljóst, þar sem rannsókn er ólokið. Ekki er það skilyrði kyrrsetningar samkv. 144. gr. laga 74/1974, að krafa hafi komið fram um bætur. Fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja.

Um 2. Hinir 5 kærðu stóðu saman að margnefndu misferli með vitund um aðild hver annars. Af gögnum málsins má ætla, að um raðbrot sé að ræða, sem virt muni verða sem eind. Ekki hefur verið í ljós leitt, hve mikið hver kærðu fékk í sinn hlut. Verður því að miða við, að þeir beri ábyrgð in solidum á tjóni því, sem ætla má, að varnarliðið hafi beðið af háttsemi þeirra.

Um 3. Gögn málsins bera með sér, að greiðslur hafi farið fram með ávísunum á erlendan gjaldeyri.

Um 4. Kærði hefur rætt við John R. Michaud, rannsóknarlögreglumann hjá varnarliðinu, um greiðslu bóta. Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni hefur samkvæmt umboði frá varnarliðinu verið falið að gæta hagsmuna þess í máli þessu. Bar því að semja við hann um greiðslur. Þar sem það hefur ekki verið gert og engar tryggingar settar fyrir greiðslum, verður kyrrsetningarkröfu ekki hafnað á þeim forsendum.

Um 5. Enda þótt kærði hafi sýnt samstarfsvilja við rannsókn málsins, verður ekki hjá því litið, að varnarliðið á ríkra hagsmuna að gæta, og rýrir samstarfsfýsi kærða ekki rétt varnarliðsins til þess að leita eftir tryggingu á væntanlegri bótakröfu sinni.

Rannsókn á ætluðu misferli kærðu er ólokið, og sem fyrr segir, er ekki ljóst, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir hjá varnarliðinu, en samkvæmt gögnum málsins virðist vera um verulega fjárhæð að ræða. Þykir því rétt að verða við kröfu RLR um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu skaðabóta.

Svo sem áður greinir, þykir verða að telja kærðu bera ábyrgð in solidum.

Eftir atvikum þykir ekki rétt að miða þá fjárhæð, sem kyrrsetningu er ætlað að tryggja greiðslu á, við hærri fjárhæð en þá, er lögmaður varnarliðsins greinir í bréfi sínu til RLR, þ. e. $ 155.000.00, eða kr. 50.111.500.

Ætla má, að til málshöfðunar gegn kærðu komi að rannsókn málsins lokinni, en óvíst er, hver sakarkostnaður í máli þeirra kann að verða. Þykir á þessu stigi málsins ekki óvarlegt að ætla, að hann kunni að nema kr. 500.000 á hvern kærðu, og þykir því rétt að verða við kröfu um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar að því marki.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 144. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber því að ákveða, að kyrrsetja skuli eignir kærða Gísla Grétars Sigurjónssonar til tryggingargreiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, samtals að fjárhæð kr. 50.611.500.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Kyrrsetja skal eignir kærða Gísla Grétars Sigurjónssonar, Laugarásvegi 67, Reykjavík, til tryggingar 50.611.500 króna greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Mánudaginn 5. mars 1979.

Nr. 40/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Hrafnkeli Óskarssyni.

Kærumál. Kyrrsetning samkv. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979 til Hæstaréttar með kæru 23. s. m., er barst Hæstarétti 26. s. m. Samkvæmt gögnum máls var úrskurðurinn birtur varnaraðilja 22. s. m.

Eigi hefur borist sérstök greinargerð til Hæstaréttar af hálfu varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu og krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Framangreindur úrskurður er kæranlegur með stoð í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Skilja verður hinn kærða úrskurð svo, að með honum hafi rannsóknardómari í máli varnaraðilja markað sér þá stefnu fyrir sitt leyti, að hann muni leita eftir kyrrsetningu hjá bæjarfógetanum í Keflavík á eignum varnaraðilja, sbr. 144. gr. laga nr. 74/1974, til tryggingar væntanlegri skaðabótakröfu og sakarkostnaði, svo sem nánar greinir í úrskurðinum. Eigi eru efni til að hrinda hinum kærða úrskurði svo skýrðum sem að framan greinir.

Dómsorð:

Heimilt er, að leitað verði eftir því af hálfu sakadóms Reykjavíkur samkvæmt framanrituðu, að kyrrsettar verði eignir varnaraðilja til tryggingar greiðslu skaðabóta, er greinir í hinum kærða úrskurði, svo og vegna greiðslu sakarkostnaðar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 21. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Hinn 1. desember 1978 barst rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli vegna ætlaðs misferlis við innflutning og sölu á hjólbörðum frá Hjólbarðasölunni s/f til varnarliðsins frá því í október 1976. Í kærunni er talið, að 1788 hjólbarðar, sem varnarliðið hafði greitt fyrir, hafi ekki verið afhentir varnarliðinu og sé andvirði þeirra $ 153.252.00.

Við rannsókn þessa máls hafa 5 menn, þ. á m. kærði Hrafnkell Óskarsson, Smáratúni 41, Keflavík, viðurkennt að hafa átt þátt í því, að varnarliðið greiddi fyrir hjólbarða, sem það fékk aldrei, með því m. a. að panta og kvitta fyrir móttöku á hjólbörðum, sem

aldrei bárust varnarliðinu, og rangfæra bókhald. Ágóðanum skiptu þeir síðan á milli sín.

Yfirheyrslur yfir mönnunum 5 hafa ekki leitt í ljós, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir á framangreindan hátt né hve mikið hver fékk í sinn hlut. Samkvæmt yfirliti, sem RLR hefur gert og byggt er á hjólbarða- og hjólbarðaslangnapöntunum varnarliðsins frá 13. sept. 1976 til 27. okt. 1978 og tollpappírum yfir hjólbarða og hjólbarðaslöngur, sem varnarliðinu hafa borist, hefur varnarliðið greitt $ 448.319.66, en þar af hafa vörur að verðmæti $ 159.651.96 ekki komið fram.

Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður, lögmaður varnarliðsins í máli þessu, ritaði RLR bréf hinn 13. febrúar sl. og óskaði eftir, að rannsóknarlögreglan færi fram á við sakadóm Reykjavíkur, að gert yrði löghald í eignum kærðu til tryggingar greiðslu skaðabóta til varnarliðsins. Taldi lögmaðurinn misferli kærðu nema a. m. k. $ 155.000.00, eða 50.111.500 krónum miðað við gengi bandaríkjadals þann 13. þ. m.

Þann 14. febrúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur lögð fram krafa RLR um kyrrsetningu á eignum hinna 5 kærðu til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta, sbr. 144. gr. laga 74/1974. Ekki er í kröfunni greind sú fjárhæð, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslu á, en vitnað er til þeirrar fjárhæðar, sem í kæru varnarliðsins getur.

Hinn 15. febrúar sendi dómarinn bæjarfógetanum í Keflavík endurrit af þinghaldinu 14. febrúar ásamt kröfu RLR og öðrum gögnum málsins og óskaði eftir, að eignir kærða yrðu kyrrsettar.

Í símtali við fyrrgreindan fógeta hinn 16. febrúar var lagt fyrir hann að fresta framkvæmd kyrrsetningarinnar, enda taldi dómarinn þá rétt, að krafa RLR yrði borin undir kærða og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana.

Lögmaður kærða, Sigurður Sigurjónsson héraðsdómslögmaður, hefur komið fyrir dóminn, og mótmælti hann kröfu RLR f. h. kærða. Krafðist lögmaðurinn þess, að kröfunni yrði hafnað, og hefur hann rökstutt þá kröfu sína í 5 liðum, sem rétt þykir að rekja efnislega:

1. Rannsókn málsins er hvergi nærri lokið, en í 145. gr. laga 74/1974 virðist við það miðað, að ákæra hafi verið gefin út á hendur sökunaut, svo að löghaldi verði við komið, svo sem 144. gr. gefur tilefni til.
2. Ljóst er af gögnum málsins, að um mörg brot er að tefla, en ekki eitt sameiginlegt brot hinna 5 kærðu. Enn fremur, að

þeir hafi um mismunandi langa hríð verið tengdir afbrotum þeim, sem kæran hljóðar um. Er í því sambandi sérstaklega bent á, að kærði Hrafnkell Óskarsson hafi langstyst verið viðriðinn þetta mál. Að þessu gefnu sé fullljóst, að ekki sé um solidariska ábyrgð að ræða gagnvart „heildarbótakröfu, sem er áætluð af gerðarbeiðanda US $ 155.000".

3. Krafa varnarliðsins hljóðar um greiðslu í bandaríkjadölum, en bætur eiga að greiðast í íslenskri mynt, þar sem kærðu hafa aldrei fengið greitt í bandaríkjadölum.
4. Kærði hefur rætt við „ameríska fulltrúa varnarliðsins" um greiðslu bóta og hefur lýst vilja sínum til bótagreiðslna fyrir honum og við yfirheyrslur. Enn fremur liggur ekkert fyrir, sem bendir til undanskots eigna kærða og gefið gæti tilefni til löghalds.
5. Kærði hefur verið óvenjulega samstarfsfús við að upplýsa mál það, sem löghaldsbeiðnin er reist á.

Um framangreind rök er þetta að segja:

Um 1. 145. gr. laga nr. 74/1974 gerir ráð fyrir, að koma megi að bótakröfu í „væntanlegu refsimáli", þ. e. fyrir útgáfu ákæru. Varnarliðið hefur ekki, svo kunnugt sé, komið að í málinu kröfu um skaðabætur, enda er tjón þess enn óljóst, þar sem rannsókn er ólokið. Ekki er það skilyrði kyrrsetningar samkv. 144. gr. laga 74/1974, að krafa hafi komið fram um bætur. Fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja.

Um 2. Hinir 5 kærðu stóðu saman að margnefndu misferli með vitund um aðild hver annars. Af gögnum málsins má ætla, að um raðbrot sé að ræða, sem virt muni verða sem eind. Ekki hefur verið í ljós leitt, hve mikið hver kærðu fékk í sinn hlut. Verður því að miða við, að þeir beri ábyrgð in solidum á tjóni því, sem ætla má, að varnarliðið hafi beðið af háttsemi þeirra.

Að því er þátt kærða Hrafnkels varðar hefur hann við yfirheyrslu hjá rannnsóknarlögreglu borið, að honum hafi verið kunnugt um málið síðan um vorið 1976 og hann hafi síðast tekið við greiðslu í september eða október 1978.

Um 3. Gögn málsins bera með sér, að greiðslur hafi farið fram með ávísunum á erlendan gjaldeyri.

Um 4. Kærði hefur rætt við John R. Michaud, rannsóknarlögreglumann hjá varnarliðinu, um greiðslu bóta. Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni hefur samkvæmt umboði frá varnarliðinu verið falið að gæta hagsmuna þess í máli þessu. Bar því að semja við hann um greiðslur. Þar sem það hefur ekki verið

gert og engar tryggingar settar fyrir greiðslum, verður kyrrsetningarkröfu ekki hafnað á þeim forsendum.

Um 5. Enda þótt kærði hafi sýnt samstarfsvilja við rannsókn málsins, verður ekki hjá því litið, að varnarliðið á ríkra hagsmuna að gæta, og rýrir samstarfsfýsi kærða ekki rétt varnarliðsins til þess að leita eftir tryggingu á væntanlegri bótakröfu sinni.

Rannsókn á ætluðu misferli kærðu er ólokið, og sem fyrr segir er enn ekki ljóst, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir hjá varnarliðinu, en samkvæmt gögnum málsins virðist vera um verulega fjárhæð að ræða. Þykir því rétt að verða við kröfu RLR um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu skaðabóta.

Svo sem áður greinir, verður að telja kærðu bera ábyrgð in solidum.

Eftir atvikum þykir ekki rétt að miða fjárhæð þá, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslu á, við hærri fjárhæð en þá, er lögmaður varnarliðsins greinir í bréfi sínu til RLR, þ. e. $ 155.000.00, eða kr. 50.111.500.

Ætla má, að til málshöfðunar gegn kærðu komi að rannsókn málsins lokinni, en óvíst er, hver sakarkostnaður í máli þeirra kann að verða. Þykir á þessu stigi málsins ekki óvarlegt að ætla, að hann kunni að nema kr. 500.000 á hvern kærðu, og þykir því rétt að verða við kröfu um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar að því marki.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 144. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber því að ákveða, að kyrrsetja skuli eignir kærða Hrafnkels Óskarssonar til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, samtals að fjárhæð kr. 50.611.500.

Bæjarfógetanum í Keflavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Kyrrsetja skal eignir kærða Hrafnkels Óskarssonar, Smáratúni 41, Keflavík, til tryggingar 50.611.500 króna greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Bæjarfógetanum í Keflavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Fimmtudaginn 8. mars 1979.

Nr. 34/1979. **Seltjarnarneskaupstaður**
gegn
Steindóri Árnasyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili, Seltjarnarneskaupstaður, hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1978. Hann krefst þess, að frávísunardómur bæjarþings Seltjarnarness 19. desember 1978 verði úr gildi felldur að því er varðar aðalsök í héraði og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja, Steindórs Árnasonar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í sama lagaákvæði og fyrr getur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1978. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur að því er varðar gagnsök í héraði og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Jafnframt er krafist staðfestingar héraðsdóms um frávísun aðalsakar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 21. febrúar 1979.

Eftir dómtöku máls þessa neytti héraðsdómari heimildar 120. gr. laga nr. 85/1936 til að endurupptaka það. Gaf hann aðiljum kost á að afla nánari gagna um verðmæti eigna varnaraðilja, þeirra, er taldar voru hafa farið forgörðum, er eldur var lagður í hænsnahús hans. Er frá því greint í héraðsdómi, hverra nýrra gagna var aflað af þessu tilefni svo og frá málflutningsyfirlýsingu af hálfu varnaraðilja um það, að nánari gagna um fjárhæð skaðabótakröfunnar teldi hann ekki gerlegt að afla.

Í aðalsök í héraði krefur sóknaraðili varnaraðilja um endurgreiðslu á kostnaði við eyðingu hænsnahússins, en hún er

talin hafa farið fram samkvæmt heimild í heilbrigðislöggjöf. Þykir það ekki eiga að standa í vegi fyrir efnisdómi um kröfu þessa, að glögg gögn kunni að skorta um verðmæti hænsnahússins, sérstaklega ef haft er í huga það, sem áður var greint um endurupptöku málsins og gagnaöflun að ábendingu dómara. Verður héraðsdómari að meta það, hvor aðilja eigi að bera halla af ófullkomnum upplýsingum um verðmæti hússins, ef og að því leyti sem verðmæti þess verður talið skipta máli um fjárkröfu sóknaraðilja.

Í gagnsök í héraði gerir varnaraðili skaðabótakröfu í 4 liðum. Af því, sem fram er komið um málsástæður aðilja, verður ekki séð, að sérstaklega hafi þurft að taka afstöðu til lóðarréttinda varnaraðilja, þegar fjallað var um 1. kröfulið gagnsakar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem áður er greint um endurupptöku málsins eftir dómtöku, gagnaöflun af því tilefni og framkomna málflutningsyfirlýsingu um vandkvæði á frekari gagnaöflun, var héraðsdómara eigi rétt að vísa gagnkröfum þessum í heild sjálfkrafa frá dómi, svo sem hann gerði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 19. desember 1978.

1.0.

Mál þetta, sem var dómtekið 15. þ. m., hefur Benedikt Sveinsson hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir hönd Seltjarnarneskaupstaðar á hendur Steindóri Árnasyni, Öldugötu 53, Reykjavík, á bæjarþingi 14. desember 1976, þar sem mætt var af hálfu stefnda og fyrirtaka málsins samþykkt.

Málið er höfðað til greiðslu kostnaðar vegna eyðingar á hænsnahúsi auk vaxta og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Aðalstefndi hefur höfðað gagnsök með sama hætti og aðalsök var höfðuð á bæjarþingi 22. mars 1977 til heimtu bóta fyrir verðmæti, sem eyddust í bruna 7. ágúst 1976, sem staðið var fyrir af hálfu aðalstefnanda.

2.0.

Gagnstefnandi átti hænsnahús í landi Nýjabæjar við götuna Sefgarða, Seltjarnarneskaupstað, sem hann hafði leigt Ingólfi nokkrum Hannessyni undir hænsnabú. Um mánaðamótin nóvember-desember 1975 virðist hafa verið brotist inn í húsið um glugga og síðan margsinnis fram á annan í jólum og unnar skemmdir á húsinu, rúður brotnar og þannig búið um brynningartæki, að vatn flóði úr þeim um hænsnastíurnar. Þótt reynt væri að byrgja glugga, sem rúður höfðu verið brotnar í, virðast rottur hafa komist í húsið á þessu tímabili. Um vorið 1976 endurtóku sig líkir atburðir. Kvartað var frá nálægum húsum yfir rottugangi, og varð það að ráði um miðjan júní 1976, að hænsnin yrðu flutt úr húsinu. Þetta var rætt í heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 22. júní 1976, og var ákveðið, að formaður nefndarinnar kynnti sér málavexti. Skúli Júlíusson, formaður nefndarinnar, tilkynnti gagnstefnanda með bréfi 22. júní 1976, að nefndinni hefðu borist kvartanir vegna óþrifnaðar og rottugangs í og við hænsnahúsið og óskaði eftir skoðun á húsinu. Skoðun þessi fór síðan fram 25. júní 1976, og tóku þátt í henni Skúli Júlíusson, Ingimundur K. Helgason lögregluvarðstjóri, gagnstefnandi og leigutaki hans. Um miðjan júlí höfðu hænsnin verið flutt úr húsinu. Þann 24. júlí brutust þrír piltar inn í húsið og unnu á því skemmdarverk, m. a. brutu þeir útvegg í húsinu, tvöfaldan asbestvegg og burðarstoðir. Á tímabilinu 26. júlí til 4. ágúst var dreift 52 kg af rottueitri í hænsnahúsinu, og hafði það þau áhrif, að fjöldi af rottuhræjum lá eftir í hænsnahúsinu og nágrenni þess. Var gripið til þess ráðs að láta standa vörð við húsið af heilbrigðisástæðum. Þann 5. ágúst 1976 hófst stefnandi handa um að gera við húsið. Þann 6. ágúst gengu þeir á vettvang Jóhannes Long, heilbrigðisfulltrúi í Reykjavík, Ingimundur K. Helgason varðstjóri og Ásmundur Reykdal meindýraeyðir. Þann sama dag skrifaði heilbrigðisfulltrúinn skýrslu um athuganir

þeirra, og bæjarfógeti ritaði heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar bréf, þar sem segir:

„Hér með sendist heilbrigðisnefnd Seltjarnarnesskaupstaðar til athugunar og viðeigandi meðferðar skýrsla lögreglunnar á Seltjarnarnesi, ásamt skýrslu rannsóknarlögreglu, ljósriti af skýrslu meindýraeyðis, ásamt myndaspjaldi, varðandi ásigkomulag hænsnahúss Steindórs Árnasonar við Sefgarða á Seltjarnarnesi, óþrif þar og rottugagn, en nauðsyn er talin á skjótum aðgerðum. Ljósrit af skýrslu Jóhannesar Long, heilbrigðisfulltrúa, dagsett í dag, varðandi þetta mál, fylgir."

Einungis var einn nefndarmanna heilbrigðisnefndar, Gunnlaugur Árnason, viðlátin á þessum tíma, og kom Ingimundur K. Helgason varðstjóri bréfi þessu ásamt meðfylgjandi gögnum til hans. Bæjarstjóri var í sumarfríi á þessum tíma, og leitaði Gunnlaugur til Magnúsar Erlendssonar, forseta bæjarstjórnar. Báru þeir síðan ráð sín saman Magnús, Gunnlaugur og Ingimundur og höfðu samráð við meiri hluta bæjarstjórnar. Niðurstaðan af umræðum þessum varð sú, að hænsnahúsið skyldi brennt og jafnað yfir lóðina með jarðvegi. Ingimundur hafði samband við slökkviliðið í Reykjavík, sem annast brunaútköll á Seltjarnarnesi, og bað um aðstoð. Klukkan 0930 þann 7. ágúst 1976 lagði slökkviliðið af stað á vettvang. Kl. 1025 var gagnstefnanda sent símskeyti, undirritað af forseta bæjarstjórnar f. h. bæjaryfirvalda, um, að hænsnakofar hans við Sefgarða yrðu eyddir með eldi þann dag sökum geysilegrar smithættu af eitri og rottumaur. Þennan dag var húsið brennt ásamt öllu því, sem í því var, rústirnar fjarlægðar og jarðvegi jafnað yfir lóðina.

Á fundi bæjarstjórnar 8. september 1976 var gerð svofelld ályktun: „Bæjarstjórn staðfestir aðgerðir lögreglu og heilbrigðisyfirvalda varðandi hænsnakofa Steindórs Árnasonar í landi Nýjabæjar, en aðgerðir þessar voru framkvæmdar 7. þ. m. Skýrslur frá lögreglu og heilbrigðisyfirvöldum liggja fyrir hjá skrifstofu bæjarstjóra." Næsta dag sendi aðalstefnandi gagnstefnanda reikning, en hann hafði áður, í skeyti dags. 17. ágúst, áskilið sér allan rétt á hendur bæjarstjórn í sambandi við brunann.

3.0.

KRÖFUR, MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Af hálfu aðalstefnanda er þess krafist í aðalsök, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda 384.657 krónur auk 13% ársvaxta frá 7.

ágúst 1976 til 21. nóv. 1977, en 16% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu aðalstefnda er krafist sýknu í aðalsök og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Í gagnsök er þess krafist af hálfu gagnstefnanda, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3.807.000 með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í gagnsök er þess krafist af hálfu gagnstefnda, að hann verði sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda.

Aðalkrafan sundurliðast þannig:

1.	Brunavarsla	kr. 35.156
2.	Ýting og jöfnun	— 92.421
3.	Brottflutningur á brunarústum o. fl.	— 257.080
	Samtals	kr. 384.657

Gagnsökin sundurliðast þannig:

1.	Hús	kr. 2.953.000
2.	Lausafé ýmislegt	— 500.000
3.	Miðstöðvarlögn og brynningartæki	— 290.000
4.	Hænsnatað	— 64.000
	Samtals	kr. 3.807.000

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að heilbrigðisyfirvöldum hafi verið stjórnarfarslega heimilt að brenna hús gagnstefnanda á hans kostnað, um hafi verið að ræða ólögmætt ástand og grófa sök og vanrækslu af hálfu gagnstefnanda á þeirri skyldu að halda húsum sínum lausum við meindýr, stefnanda (sic) hafi ekki aðeins borið að bera kostnað af eyðingu hússins, heldur einnig að þola hana bótalaust. Af hálfu aðalstefnanda er í þessu efni vitnað í 2. mgr. 17. gr., 5. tl. 10. gr. laga 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, eftirtalin ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, sbr. 9. gr. nefndra laga: 26. gr., einkum 11. og 12. tl., 27. gr., 28. gr., einkum 1. tl., 3. tl. 40. gr., 1. tl. 45. gr., 78. gr., 79. gr., 80. gr., einkum 1. tl., 82. gr., einkum 1. tl., og 161. gr., einkum 2. tl., svo og 1. og 3. mgr. 29. gr. heilbrigðissamþykktar

fyrir Seltjarnarneshrepp nr. 59/1961, sbr. 19. gr. laga 12/1969 og 2. tl. 213. gr. reglugerðar nr. 45/1972. Þá hefur af hálfu aðalstefnanda verið vísað til grunnreglna grenndarréttar og því haldið fram, að brýnir almannahagsmunir hafi knúið á um skjótar aðgerðir.

Af hálfu gagnstefnanda er því aðallega haldið fram, að ekki hafi verið tekin lögleg ákvörðun um brennuna, heilbrigðisnefnd hafi engin fyrirmæli gefið, en til vara, þótt litið yrði svo á, að slík ákvörðun hefði verið tekin, að sú ákvörðun sé þá haldin formlegum og efnislegum annmörkum. Því er haldið fram, að slíka ákvörðun skorti stoð í lögum, að heilbrigðisnefnd hafi ekki vald til eyðingar slíkra verðmæta, að um hafi verið að ræða brot á meginreglum um stjórnvaldsákvarðanir og framkvæmd þeirra og ekki hafi verið gætt réttra aðferða. Fyrst hefði orðið að taka málið til meðferðar í heilbrigðisnefnd, síðan hefði átt að gefa aðilja kost á að skýra málið frá sínu sjónarmiði og loks hefði átt að leita úrlausnar dómstóla samkvæmt reglum laga um brottnám ólögmæts ástands. Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið gætt réttra stjórnvaldssjónarmiða og með brennunni hafi gagnstefnanda verið valdið tjóni á ólögmætan og bótaskyldan hátt; ekkert tilefni, sem undanþiggi bótaábyrgð, hafi verið til, að húsinu var eytt. Þá hefur verið látið að því liggja, að annarleg sjónarmið hafi ráðið ákvörðun bæjaryfirvalda, en af hálfu bæjaryfirvalda er þeirri málsástæðu harðlega mótmælt.

Af hálfu gagnstefnda er kröfum gagnstefnanda mótmælt til vara sem allt of háum, af gögnum málsins verði ráðið, að húsið hafi verið mjög lítils virði, bæði vegna aldurs, viðhaldsskorts og skemmdarverka, sem á því höfðu verið unnin. Því er haldið fram, að þau verðmæti, sem talin eru undir lið 2 í sundurliðuninni, séu annað hvort hluti fasteignarinnar eða fylgifé hennar, en efamál sé, hvort sumir af þessum hlutum hafi nokkurt verðgildi eða þeir hafi yfir höfuð verið í húsinu. Varðandi verðmæti í lið 3 er því haldið fram, að um sé að ræða hluta fasteignarinnar, auk þess sem ósannað sé með öllu, að verðmæti þessi hafi verið til staðar. Lið 4 er mótmælt sem allt of háum, enda hafi hænsnatáðið verið með öllu óhæft til notkunar sem áburður á gróður, eftir að eitri hafði verið dreift í það. Af hálfu gagnstefnanda er áhersla lögð á, að gagnstefndi hafi komið í veg fyrir, að upplýst yrði um verðmæti þessi með eyðingu þeirra og af þeim sökum hljóti sönnunarbyrðin að hvíla á honum um, að þau séu minna virði en fram er haldið af hálfu gagnstefnanda.

4.0.

Í málinu hafa komið fram ýmis gögn varðandi verðmæti þess, sem eyðilagðist í brunanum. Kvittun fyrir greiðslu brunabótaiðgjalds, þar sem fram kemur, að vátryggingarfjárhæð sé 2.953.000 krónur (mun hér vera um að ræða virðingarverð ársins 1975), virðingargerð Brunabótafélagsins frá 29. október 1955, bréf Brunabótafélags Íslands til lögmanns gagnstefnanda, dags. 3. mars 1977, þar sem fram kemur, að húsið hafi verið fellt úr tryggingu frá og með 15. okt. 1975, þar sem ástand þess hafi verið það lélegt að dómi matsmanna, að það hafi ekki verið talið tryggingarhæft, bréf félagsins til lögmannsins, dags. 11. maí 1978 um sama efni, ljósrit úr fasteignamatsbók, sem sögð er vera frá 1970, þar sem verð hænsnahússins er talið 193.000 krónur, en verðmæti lóðar 200.000 krónur, og kaupsamningur, dags. 12. maí 1954, þar sem fram kemur, að gagnstefnandi hefur ásamt öðrum manni keypt hænsnabú við Nýjabæ fyrir 88.000 krónur ásamt áhöldum fyrir 8.000 krónur. Ekki er getið um lóðarréttindi í þessum samningi. Þá hefur verið lagður fram lóðarleigusamningur milli gagnstefnanda og eiginkonu hans annars vegar og Sigurgeirs Áskelssonar hins vegar frá 19. apríl 1972, þar sem leigt er hænsnahús við Nýjabæ í Seltjarnarneshreppi ásamt eignarlóð, meðfylgjandi fóðurgeymslu og áhöldum öllum, sem húsinu fylgja, frá 1. apríl 1972 til 1. apríl 1980, leigan er ákveðin 8.000 krónur á mánuði, samningur um heimtaug hitaveitu frá 12. apríl 1972, framsal Ingólfs Hannessonar, dags. 18. mars 1977, á bótakröfu til gagnstefnanda, þar sem fram kemur, að hann telur miðstöðvarlögn, sem hann átti í húsinu, ásamt sjálfvirkum hitastillum að verðmæti u. þ. b. 250.000 krónur og brynningartæki fyrir hænsni í 10 stíum að verðmæti 40.000 krónur, listi yfir lausafé, sem talið er hafa farið forgörðum í brunanum, í 74 liðum (í skjali þessu eru engar verðtilgreiningar og þess getið, að margt fleira hafi verið í húsunum), lögregluskýrslur, þar sem fram koma upplýsingar um ástand hússins, áður en það var brennt, og skemmdir á því, skýrslur heilbrigðisfulltrúa og meindýraeyðis, þar sem fram koma upplýsingar um þessi efni, og skrifleg aðiljaskýrsla gagnstefnanda, þar sem lítillega er vikið að þessum atriðum. Þá hafa farið fram mjög víðtækar aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur, þar sem málið hefur skýrst að nokkru.

Eftir að málið hafði verið dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 16. nóvember sl., var það endurupptekið samkvæmt

120. gr. laga 85/1936 þann 15. þ. m. og aðiljum gefinn kostur á að koma að frekari upplýsingum um meint tjón gagnstefnanda. Lögmaður gagnstefnanda lýsti því þá yfir, að þar sem sambærilegir munir við það lausafé, sem krafist sé bóta fyrir, séu nú ekki á almennum markaði, sé ekki fært að upplýsa um gangverð þeirra. Lagður var fram uppdráttur af hænsnahúsinu og húsaskipan, gerður 14. desember 1978 samkvæmt upplýsingum gagnstefnanda, og gagnstefnandi kom fyrir dóminn og gaf aðiljaskýrslu.

Þrátt fyrir þessa víðtæku gagnaöflun hefur m. a. ekkert komið fram um gildi hænsnataðs sem verslunarvöru, og það þótt allhá krafa sé gerð um bætur fyrir það, og ekkert hefur verið upplýst um gangverð. Ekkert hefur komið fram um það, hvort vatn og eitur kunni að hafa rýrt verðgildi þess. Upptalning lausafjár þess, sem krafist er bóta fyrir, er ekki tæmandi. Engin tilraun hefur verið gerð til að gera grein fyrir verðgildi einstakra muna. Þrátt fyrir yfirlýsingu lögmanns gagnstefnanda verður að telja, að hægt hefði verið að veita dóminum upplýsingar um verðmæti sambærilegra muna á almennum markaði og auðvelda þannig starf dómsins. Meðal lausafjármuna eru taldir munir, sem ætla má að innifaldir séu í fasteignamati og a. m. k. að nokkru leyti í brunabótamati. Ekki virðist loku fyrir það skotið, að afla hefði mátt álitsgerðar sérfróðra manna, sem að gagni hefði komið, um verðmæti hins brennda á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja og mátt hefði afla.

Eins og fram kemur í leigusamningnum frá 19. apríl 1972, telur gagnstefnandi sig þar vera að leigja hús ásamt eignarlóð, en í skjali, sem undirritað er af Magnúsi Erlendssyni, forseta bæjarstjórnar, dags. 13. mars 1975, virðist koma fram, að ágreiningur hafi verið á þeim tíma á milli eiganda Nýjabæjar og gagnstefnanda og eiginkonu hans um lóðarréttindi og að gagnstefnandi hafi á þeim tíma ekki haft afsal fyrir henni. Fram kemur í skjali þessu, að forseti bæjarstjórnar telur, að ágreiningur um þessi efni geti leitt til dómsmáls, og í bréfi bæjarstjóra, dagsettu 28. júní 1974, er gagnstefnanda vísað á lögmann eiganda Nýjabæjar varðandi kröfu um brottflutning á húsi gagnstefnanda. Í skýrslu Magnúsar Erlendssonar hér fyrir dómi kemur fram, að ástæðan til, að hann skrifaði skjal þetta, hafi verið sú, að hann hafi vitað, að Snæbjörn Ásgeirsson, sem mun hafa verið eigandi Nýjabæjar, og gagnstefnandi áttu í erfiðleikum með að leiða mál

sín til lykta, en að hann hafi talið, að hann gæti hjálpað til að leysa málið með því að láta skjal þetta í hendur gagnstefnanda og bjóðast til að miðla málum.

Af þessum gögnum virðist mega ráða, að einhver óvissa hafi verið um lóðarréttindi gagnstefnanda, en fullnægjandi vitneskju vantar um réttindi þessi. Það virðist geta skipt verulegu máli um mat á tjóni gagnstefnanda og jafnvel um bótaskyldu gagnstefnda, hvernig þessum réttindum var háttað, hvort gagnstefnandi mátti vænta þess, burt séð frá skipulags- og heilbrigðissjónarmiðum, að fá að hafa húsið þar, sem það var, og nýta það eða hvort rétti hans var þannig háttað, að eigandi jarðarinnar gat krafist þess, að hús hans yrði fjarlægt af lóðinni.

Eins og að framan er rakið, hefur aðiljum verið gefinn kostur á að bæta úr því, sem áfátt þykir varðandi upplýsingu málsins, og þykir þá af þeim ástæðum, sem raktar hafa verið, ekki verða komist hjá því að vísa gagnsökinni frá dómi.

Við úrlausn ágreinings aðilja í aðalsök kann að reyna á það, hvort eyðing á verðmætum aðalstefnda sé þess eðlis, að honum beri að þola hana bótalaust og greiða kostnað við hana samkvæmt fyrirmælum heilbrigðislöggjafarinnar, eða hvort um er að ræða eignarskerðingu, sem fullt verð á að koma fyrir, sbr. 9. og 10. gr. laga 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, sbr. einkum 11. og 12. tl. 26. gr. reglugerðarinnar, 1.—3. tl. 76. gr. (sic), 1. tl. 79. gr., 2. tl. 79. gr., II. kafla reglugerðarinnar, einkum 3. tl. 40. gr., 2. tl. 42. gr., 1. tl. 45. gr., 2. tl. 161. gr., og 3. tl. 164. gr., enn fremur 2. mgr. 17. gr. og 19. gr. laga 12/1969, 4. og 5. tl. 210. gr. reglugerðar 45/1972 og 2. tl. 213. gr. sömu reglugerðar, 29. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 59/1961, 1.—3. gr. laga 27/1945 og 67. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1944.

Við úrlausn þessa álitaefnis kann það að varða miklu, hvort hagsmunir aðalstefnda, sem tengdir voru við húseign hans, námu jafnvel milljónum króna, eins og haldið er fram af hans hálfu, eða hvort einungis var um að ræða verðmæti þess efnis, sem í húsunum var, verðmæti, sem ef til vill hefði ekki hrokkið til að mæta kostnaði við niðurrif og brottnám, eins og haldið er fram af hálfu aðalstefnanda. Að svo vöxnu máli þykir einnig verða að vísa aðalsökinni frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:
Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. mars 1979.

Nr. 41/1979. **Búnaðarbanki Íslands,**
Mosfellssveit,
gegn
Kristjáni Finnssyni og
Brynjólfi Markússyni.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 12. febrúar 1979, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur sóknaraðili með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar hinni kærðu dómsathöfn, áritun Þórhildar Líndal, fulltrúa yfirborgardómara í Reykjavík, 8. febrúar 1979 á áskorunarstefnu um frávísun máls þessa frá bæjarþingi Reykjavíkur. Krefst hann þess, að hin kærða dómsathöfn verði felld úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómarann að árita áskorunarstefnuna um aðfararhæfi fyrir stefnukröfum og málskostnaði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, svo sem heimilt er samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973.

Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður höfðaði mál þetta f. h. sóknaraðilja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, útgefinni af Þorgeiri Örlygssyni, fulltrúa

yfirborgardómara í Reykjavík, á hendur varnaraðiljum til greiðslu á víxilskuld að fjárhæð 167.000 krónur ásamt vöxtum og kostnaði. Málið var þingfest 30. janúar 1979. Kom sóknaraðili þá fyrir dóm og lagði fram sóknargögn sín, þar á meðal áskorunarstefnu, sem birt hafði verið varnaraðiljum. Krafðist hann áritunar dómara á stefnuna um aðfararhæfi hennar fyrir stefnukröfunum. Ekki var sótt þing af hálfu varnaraðilja. Málið var tekið til áritunar, og hinn 8. febrúar 1979 vísaði héraðsdómari málinu frá dómi með svofelldri áritun á frumrit stefnunnar:

„Þingfestingardegi máls þessa hefur verið breytt bæði á frumriti og afritum áskorunarstefnunnar. Ekki er ljóst, hvenær breyting þessi hefur átt sér stað eða hvort stefnda hafi verið hún kunn. Verður því af þessum sökum að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður fellur niður".

Lögmaður sóknaraðilja skýrir svo frá í kæru sinni til Hæstaréttar, að breytingar þær á útgáfudegi og þingfestingardegi, sem gerðar hafa verið á áskorunarstefnunni, hafi hann gert, áður en hún var gefin út af fulltrúa yfirborgardómara.

Áskorunarstefnan ber með sér, að útgáfudegi hennar hefur verið breytt úr 8. í 15. janúar 1979 og þingfestingardegi úr 23. í 30. janúar 1979. Hvorki verður séð af stefnunni né öðrum gögnum máls, hver gert hafi þessar breytingar né hvenær þær hafi verið gerðar.

Var héraðsdómara því rétt að vísa málinu frá dómi ex officio samkvæmt 12. gr. laga nr. 49/1968. Ber því að staðfesta hina kærðu áritun dómara um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Það athugast, að í áskorunarstefnu er bæjarþing Reykjavíkur ranglega nefnt Borgardómur Reykjavíkur, sbr. 38. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Þriðjudaginn 13. mars 1979.

Nr. 179/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigmundi Þór Símonarsyni
(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Með sakargögnum þeim, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir ákærði sannur að sök um brot það, er í ákæru greinir, og er brot hans fært réttilega til refsiákvæða í henni. Refsing hans samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 45. gr. laga nr. 82/1969 þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða frá birtingu héraðsdóms að telja, en samkvæmt gögnum máls var dómurinn birtur ákærða hinn 9. september 1977. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 60.000 krónur.

Ákærða var eigi skipaður verjandi í héraði, og hafði hann eigi uppi ósk um það. Mál ákæruvaldsins gegn honum var þingfest 25. apríl 1975 fyrir brot það, sem hann er sakaður um að hafa framið 26. maí 1974. Í þinghaldi þessu var honum birt ákæra, framburður ákærða fyrir lögreglu var kynntur honum svo og framburður vitnisins Bjarna Sverrissonar fyrir lögreglu. Þá var hann spurður sjálfstætt um nokkur atriði, er brot hans varðar. Á dómþingum 5. apríl, 13. apríl og 2. maí 1977 voru yfirheyrð fjögur vitni og þrjú þeirra heitfest, en ákærði var eigi viðstaddur. Hinn 9. september 1977 kom ákærði í annað skipti fyrir dóm. Framburður hans í sakadómi 25. apríl 1975 var lesinn fyrir honum. Tók ákærði

fram eitt tiltekið atriði varðandi brot sitt. Að svo vöxnu er bókað svo í þingbók: „Ákærði kveðst ekki óska eftir að færa neitt frekar fram, áður en málið sé tekið til dóms". Var málið síðan tekið til dóms. Samkvæmt þessu hafa ákærða eigi verið kynntir eiðfestir framburðir þriggja vitna, sem báru um brot það, sem hann er sakaður um í málinu, áður en héraðsdómari tók málið til dóms. Þá er eigi sýnilegt, að hann hafi verið spurður um, hvort ýmis önnur sakargögn ættu við hann, né að honum væri veittur kostur á að gera athugasemdir við þau.

Samkvæmt 78. gr. laga nr. 74/1974 er dómara boðið að kynna sökunaut „efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli . . ." í síðasta lagi í lok rannsóknar. Er þetta grundvallaratriði í rannsókn opinberra mála, er styðst við veigamikil lagarök. Samkvæmt framansögðu hefur héraðsdómari eigi gætt reglna þessara, og ber að átelja hann fyrir það. Fyrir Hæstarétti hefur komið fram fullnægjandi vörn fyrir ákærða, og þykir því eigi óhjákvæmilegt, eins og hér stendur á, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði.

Það athugast, að mikill dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa í héraði, og er hann eigi réttlættur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigmundur Þór Símonarson, sæti 15 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. september 1977.

Ár 1977, föstudaginn 9. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni saka-

dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 448/1977: Ákæruvaldið gegn Sigmundi Þór Símonarsyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

1. Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. desember 1974, gegn ákærða, Sigmundi Þór Símonarsyni rafvirkja, Vatnsendabletti 3, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. nóvember 1949, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 26. maí 1974 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni R 34993 um troðninga og vegleysur nálægt heimili sínu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

2.1. Í lögregluskýrslu segir, að sunnudaginn 26. maí 1974, kl. 0045, hafi komið á „lögreglustöðina" Bjarni Sverrisson, Efstasundi 52 hér í borg. Hann tilkynnti, að „rétt áður" hefði hann verið staddur við Elliðavatn og þá séð, að blárri Fiat bifreið hefði verið ekið með „óskapa sveiflum um vegleysur og annað, er fyrir varð, svo að eigi duldist, að ölvaður maður var stjórnandi hennar". Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu. Á vettvang komu lögreglumennirnir að bifreiðinni R 34993 mannlausri. Vísað var á ökumanninn, sem reyndist vera ákærði, og leyndist hann undir gömlu bátaskýli niður við vatnið. Ákærði var handtekinn og færður fyrir Tryggva Friðlaugsson varðstjóra til yfirheyrslu. Samkvæmt lögregluskýrslunni þrætti ákærði fyrir að hafa ekið bifreiðinni, en viðurkenndi að hafa gangsett hana. Að lokinni yfirheyrslu var ákærði færður til blóðtöku og síðan í fangageymsluna. Enn segir í skýrslunni „voru greinileg merki eftir hjólbarða bifreiðarinnar, þar sem sýnilegt var, að grassverðinum var spólað upp."

2.2. Í skýrslu varðstjórans segir, að ákærði hafi neitað því að hafa ekið bifreið, en kannast við að hafa neytt áfengis, „allar tegundir", „20 lítra", „hér og þar", „alltaf einn". Neðst á framhlið skýrslunnar er skrifað: „Ég var ekki að keyra. Sigm. Þ." Á bakhlið skýrslunnar, sem fjallar um „Útlit og önnur einkenni", skráir varðstjórinn, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, andlit hans þrútið, augu vot og blóðhlaupin, jafnvægi mjög óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður samhengislaus. Þá var ákærði kærulaus í framkomu og óhreinn til fara.

2.3. Klukkan 0920 næsta morgun var komið með ákærða til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Eftir að ákærði hafði heyrt framangreinda lögregluskýrslu, kvaðst hann ekkert hafa við hana að athuga. Ákærði kvaðst eiga umræddan bíl og mundi eftir að hafa gangsett vélina. Ákærði kvaðst hafa verið mjög mikið ölvaður og því muna illa atburðarásina. Ákærði skýrði einnig svo frá, að hann gæti ekki munað eftir því að hafa ekið bifreiðinni, en rámaði þó í það, að hann hefði verið að aka inni á lóðinni við húsið heima. Ákærði sagði, að hann hefði alls ekki ætlað að skapa neina hættu fyrir aðra með þessu háttalagi. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að drekka mikið áfengi, þegar hann fór að eiga við bílinn. Hann mundi ekki fyrir víst, hvar hann var við drykkjuna, en minnti, að hann hefði verið heima. Ákærði greindi að lokum frá því, að hann hefði ekki ökuréttindi þá stundina, hann hefði verið sviptur þeim fyrir um ári, og átti sviptingin að gilda í eitt ár.

2.4. Eftir hádegi sama dag gaf Bjarni Sverrisson tollvörður, Efstasundi 13, fæddur 3. apríl 1950 í Reykjavík, skýrslu í málinu hjá rannsóknarlögreglunni. Hann skýrði svo frá, að hann hefði ekkert við lögregluskýrsluna að athuga, kvaðst hafa látið lögregluna vita vegna óvenjulegs ökulags, bifreiðinni hefði verið ekið um troðninga og vegleysur nálægt sumarbústaðnum að Vatnsendabletti 6, þar sem hann var staddur. Bjarni taldi, að ökumaðurinn hefði skapað mesta hættu fyrir sjálfan sig með þessu aksturslagi, en af akstrinum hefði stafað mikill hávaði og valdið miklu ónæði í nærliggjandi sumarbústöðum. Áður en Bjarni hélt á fund lögreglunnar, var maðurinn búinn að aka í um 20 mínútur. Þeim, sem til sáu, bar saman um, að sjálfsagt væri að segja til mannsins. Að lokum kvaðst Bjarni ekki þekkja þann, sem undir stýri sat, og ekki sá Bjarni neinn annan í bílnum.

2.5. Ákæra málsins var birt á dómþingi 25. apríl 1975. Ákærði neitaði þá að hafa ekið bifreiðinni R 34993 ölvaður umrætt sinn, en kannaðist við að hafa ekið henni smáspöl við heimili sitt. Ákærði hafði verið að reyna að gera við bensínstíflu, en það reyndist árangurslaust. Að því loknu kvaðst ákærði hafa drukkið úr rúmlega hálfri flösku af áfengi, sem hann átti í bílskúrnum. Ekki gat ákærði sagt um, hve langur tími leið frá því hann fór að neyta áfengis og þar til lögreglan kom, en það hefði verið „dágóð stund, ef til vill hálftími". Ákærði mótmælti því að hafa

ekið um vegleysur, enda slíkt ekki hægt, þar sem hér væri um að ræða litla og lága bifreið af Fiat gerð.

Eftir að framburður ákærða hjá rannsóknarlögreglunni, sbr. 2.3., hafði verið lesinn honum, kvað ákærði skýrsluna hafa verið hálfgerða nauðungarskýrslu, þar sem honum hefði skilist, að hann fengi ekki að fara, fyrr en hann skrifaði undir skýrsluna og hann hefði verið illa fyrirkallaður og viljað komast á brott.

Ákærði sagði, að um aðra en hann væri ekki að ræða sem ökumann bifreiðarinnar umrætt sinn. Ákærði kvaðst hafa falið sig í bátaskýlinu niður við vatnið, þar sem hann hefði séð lögreglubifreið koma, er hann var að sýsla við vél bílsins, og hann vildi ekki láta taka sig. Ákærði neitaði því að hafa sagt lögreglumönnunum, sem handtóku hann, að hann hefði gangsett bílinn.

Þegar framburður Bjarna Sverrissonar, sbr. 2.4., hafði verið lesinn ákærða, sagði hann, að varla hefði verið mikill hávaði í bílnum, þar sem púströrskerfið var í lagi.

Ákærði kvaðst í fyrstu ætla að skila sjálfur vörn í málinu eigi síðar en 25. maí 1975, en að athuguðu máli tók hann sér frest til að ákveða um vörn.

2.6. Bjarni Sverrisson kom fyrir dóm 31. mars sl. og gaf vitnisburð í málinu, sem hann staðfesti með eiði. Vitnið skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði það verið gestkomandi í sumarbústað hjá Stefáni Haraldssyni og konu hans, Guðrúnu Sigurðardóttur. Sá bústaður er nær vatninu en húsið, sem umræddur maður var við. Það, sem vakti fyrst athygli vitnisins og gestgjafa þess, var hinn mikli hávaði af bifreiðinni vegna stöðugra bensíninngjafa. Fóru vitnið og Stefán að athuga málið og sáu þá, að bifreiðinni var ekið þarna um alfaratroðninga, utan lóða, sem liggja þarna að sumarbústöðunum. Var bifreiðinni ekið út af troðningunum, m. a. utan í börð. Fannst vitninu og Stefáni þetta kynlegt og töldu manninn vera ölvaðan. Varð því að ráði, að vitnið fór niður á Árbæjarlögreglustöð og tilkynnti um ferðir mannsins. Vitnið taldi, að það hefði verið 5—6 mínútur á leiðinni að lögreglustöðinni. Var brugðið vel við, og taldi vitnið, að lögreglan hefði verið komin á vettvang 10—15 mínútum eftir að vitnið gerði henni viðvart. Vitnið kvaðst hafa verið komið aftur að bústaðnum á undan lögreglunni. Þá var maðurinn annað hvort nýbúinn að stöðva bifreiðina eða var að bjástra við að koma henni í gang. Vitnið kvaðst hafa séð manninn fyrir utan bifreiðina, og er hann varð lögreglunnar var, hljóp hann niður

að vatninu og vitnið og lögreglan á eftir. Maðurinn reyndi að fela sig í skúrræksni og var tekinn þar af lögreglunni og settur í járn.

Vitnið sagði, að maðurinn hefði greinilega verið ölvaður. Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð ástand mannsins greinilega, áður en það gerði lögreglunni viðvart og meðan hann var inni í bifreiðinni.

Ekki kvaðst vitnið hafa orðið vart við, að maðurinn væri með áfengisflösku, hvorki á hlaupunum né þegar hann var tekinn.

Eftir að skýrsla sú, sem vitnið gaf rannsóknarlögreglunni, hafði verið lesin vitninu, staðfesti það hana.

2.7. 13. apríl sl. kom fyrir dóm sem vitni Stefán Haraldsson rafsuðumaður, til heimilis Ljósvallagötu 20, fæddur 21. apríl 1955 í Reykjavík, og gaf skýrslu um málavexti, sem hann staðfesti með eiði. Skýrði vitnið svo frá, að umrætt sinn hefði það, Bjarni og bróðir vitnisins, Jón Ingi, verið staddir í sumarbústaðnum Vatnsendabletti 6 (Vindási). Vitnið sagði, að ákærði hefði verið aðallega á næstu sumarbústaðalóð, sem faðir hans mun eiga. Ekki ók hann bifreiðinni þar, heldur á troðningi utan lóðanna og um móana. Bjarni fór til að láta lögregluna vita, en vitnið fylgdist með manninum á meðan. Maðurinn hélt áfram akstri, þar til hann festi bílinn á barði. Þá fór hann úr bílnum og gekk að geymslu við bústað föður síns. Þar var hann eitthvað að bjástra og gekk síðan aftur í bifreiðina. Vitnið heyrði, að maðurinn reyndi að gangsetja bifreiðina, og var hann enn að fást við það, er lögreglubifreiðin birtist. Þá stökk maðurinn úr bifreiðinni og reyndi að fela sig í bátaskýli, þar sem lögreglan tók hann. Vitnið sagði, að maðurinn hefði verið ölvaður, skítugur og illa til reika, en hann hefði ekki verið með neina áfengisflösku á hlaupunum og útilokað væri, að hann hefði neytt áfengis, eftir að lögreglan kom á staðinn.

2.8. Jón Ingi Haraldsson bifreiðarstjóri, Efstasundi 92, fæddur 29. júlí 1946 á Akranesi, gaf eiðvætti í dóminum 2. maí sl. Skýrði vitnið svo frá, að umrætt sinn hefði það, bróðir þess Stefán og Bjarni Sverrisson veitt athygli manni, sem „djöflaðist“ á bíl við næsta sumarbústað, bæði á vegi og utan vegar. Maðurinn fór síðan út af lóðinni og ók þar bæði á vegi og utan vegar. Þeir komu sér saman um, að rétt væri að láta lögregluna vita. Fór Bjarni til þess, og kom lögreglan fljótlega á vettvang. Eftir að Bjarni fór, sá vitnið, að maðurinn ók aftur inn á lóðina, en kvaðst ekki geta sagt um, hvort maðurinn var að aka allt fram að því,

að lögreglan kom á vettvang, en lögreglan handtók manninn í bátaskýli við Elliðavatnið. Vitnið kvaðst hafa séð, að lögreglan hljóp góðan spöl á eftir manninum niður að vatninu, en kvaðst ekki geta sagt um, hvort hann var að koma þá frá bílnum, þar eð hæð ber þarna á milli að nokkru. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að maðurinn væri með áfengisflösku.

Vitnið giskaði á, að 15—20 mínútur hefðu liðið, frá því að Bjarni fór frá bústaðnum og þar til lögreglan kom á staðinn.

Vitnið kvaðst hafa talið, að maðurinn væri ölvaður vegna aksturslagsins, eilífrar inngjafar og svo spóls. Þá sá vitnið manninn eitt sinn ganga frá bílnum að bústaðnum, og slagaði hann þá. Síðan fór maðurinn aftur að bifreiðinni og hélt áfram uppteknum hætti.

Magn alkóhóls í blóðsýni því, sem ákærða var tekið, reyndist 2.21‰.

3. Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 12. apríl sl., hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér greinir:

1966 17/1 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1966 4/3 Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 1 ár.
1966 14/7 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
1967 20/4 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 20. og 21. gr. áfengislaga.
1967 5/8 Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1967 22/9 Reykjavík: Dómur: Varðhald í 20 daga fyrir brot á 27. og 80. gr. umferðarlaga.
1967 8/11 Reykjavík: Dómur: Varðhald í 15 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til ökuréttinda í 15 mánuði frá 8/11 1967.
1968 23/3 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1972 23/6 Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1972 3/9 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1973 25/9 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. umferðarlaga.
1974 18/1 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á

25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 30. október 1973.

4. Með framburðum framangreindra vitna, alkóhólgreiningu í blóði og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru greinir, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði hefur því unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976, og telst hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð kr. 150.000 til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 25 daga, sbr. 53. gr. og 54. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976.

Við ákvörðun refsingar er tekið tillit til refsidóms frá 18. janúar 1974 og dómssátta frá 1. desember 1974 og 5. október 1975, sbr. 71. gr., 77. gr. og 78. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 skal ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt.

Að lokum ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Sigmundur Þór Símonarson, greiði 150.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, en sæti ella varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

Miðvikudaginn 14. mars 1979.

Nr. 16/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bryndísi Valbjörnsdóttur
(Hjörtur Torfason hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Arnar Guðmundsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. sakavottorð ákærðu, umsögn um góða ástundun hennar við menntaskólanám óslitið síðan haustið 1977 og yfirlýsingar vinnuveitenda hennar um, að hún hafi reynst ötul í starfi.

Eftir ósk ákærðu var máli þessu skotið til Hæstaréttar. Samkvæmt áfrýjunarstefnu var dóminum og áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar, en við flutning málsins hér fyrir dómi féll ríkissaksóknari frá þeirri kröfu, sbr. 176. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákæruliður 1. Ákærða viðurkennir, svo sem í héraðsdómi greinir, að hafa í aprílmánuði 1975 keypt 20 gr af hassi af Róbert Emanuel Glad og goldið fyrir það alls 10.000 krónur. Með þessari játningu ákærðu og þegar virt eru samskipti hennar og nefnds Róberts með fíkniefni þykir þetta brot hennar sannað.

Ákæruliður 2. Ákærða játar að hafa hinn 14. júlí 1974 að beiðni áðurnefnds Róberts flutt hass hingað inn í landið frá Luxemburg, geymt það á heimili sínu að Kötlufelli 1 hér í borg þar til um mánaðamót júlí og ágúst s. á. og neytt sjálf um 5 gr af því. Í sakadómi hinn 30. september 1975 ber hún að hafa séð fíkniefni þetta vegið í íbúð í Luxemburg og það þá reynst 1500 gr að þyngd. Enn fremur viðurkennir ákærða,

að Magnús Jón Kjartansson hljómlistarmaður hafi að beiðni hennar séð um sölu á megninu af fíkniefni þessu á Keflavíkurflugvelli og hún fengið í hendur fyrir sölu þessa 4.000 dollara, en hann telur ákærðu alls hafa afhent 1540 gr, þar af hafi hann og þeir Jóhannes Rúnar Magnússon og Guðleifur Sveinn Kristjánsson, sem starfa á Keflavíkurflugvelli, fengið samtals 150 gr af hassi í þóknun fyrir sölu þess. Eru framburðir þeirra um söluþóknunina í samræmi við framburð Magnúsar. Með eigin játningu ákærðu og samkvæmt öðrum sakargögnum, sem nánar eru reifuð í héraðsdómi, þykir sannað, að ákærða hafi flutt inn í landið um 1500 gr af hassi hinn 14. júlí 1975 og framið önnur þau brot, er í ákærulið þessum greinir.

Ákæruliður 3. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um, að ákærða hafi gerst sek um brot þau, er í ákærulið þessum getur, þó þannig, að eigi verður talið í ljós leitt, að hún hafi afhent Jóhannesi Rúnari Magnússyni til sölu meira af hassi en 170 gr.

Í ákæruskjali eru brot ákærðu réttilega heimfærð til lagaákvæða.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Þegar litið er til aldurs ákærðu, náinna tengsla hennar við Róbert Glad svo og þess, er fram er komið um hagi hennar, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fullnustu refsingar hennar skuli fresta og hún niður falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, samtals 180.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, sæti fangelsi 6 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún nið-

ur falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 180.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda í máli þessu að öðru leyti en því, að ég tel að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 22. júlí 1977.

Málið, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað með ákæru, dags. 25. janúar 1977, gegn Bryndísi Valbjörnsdóttur, Kötlufelli 1, Reykjavík, fæddri þar í borg 3. janúar 1957, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

„1. Í apríl 1975 í Reykjavík keypt 20 grömm af hassi af Róbert Glad fyrir kr. 10.000.

2. Hinn 14. júlí 1975 flutt hingað til lands frá Luxemburg um 1500 grömm af hassi til sölu hérlendis fyrir Róbert Glad, haft efnið í vörslum sínum á heimili sínu að Kötlufelli 1 og neytt um 5 gramma af því. Um mánaðamótin júlí/ágúst í Ytri-Njarðvík afhent efnið Magnúsi Jóni Kjartanssyni, sem tók að sér að sjá um sölu þess á 6.50 bandaríkjadali hvert gramm og fá sjálfur 130-140 grömm fyrir. Nokkru síðar tekið við 4.000 bandaríkjadölum frá Magnúsi Jóni á heimili hans í Ytri-Njarðvík og hinn 7. ágúst 1975 flutt peningana til Róberts Glad í Luxemburg.

3. Hinn 31. ágúst 1975 flutt hingað til lands um 350 grömm af hassi, að mestu til sölu hérlendis, fyrir Róbert Glad, haft efnið í vörslum sínum á heimili sínu, um miðjan september sama ár að

Greniteigi 8 í Keflavík afhent allt að 290 grömmum af efninu Jóhannesi Rúnari Magnússyni, sem skyldi sjá um sölu þess á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

Teljast framangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, sem er fædd 3. janúar 1957 í Reykjavík, er sakhæf og hefur hvorki sætt kæru né refsingu áður, svo kunnugt sé.

MÁLSATVIK.

Þann 21. september 1975 hófst hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum rannsókn á meintu fíkniefnasmygli og dreifingu Róberts Glad, sem daginn áður hafði verið handtekinn við komu hingað til lands með töluvert af fíkniefnum í fórum sínum.

Rannsókn málsins í heild reyndist allumfangsmikil, og sætti Róbert Glad m. a. um tveggja mánaða gæsluvarðhaldi. Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, var fljótlega kölluð til yfirheyrslu vegna gruns um aðild að meintu smygli Róberts, og var hún m. a. fjórum sinnum yfirheyrð í dómi 24. september til 1. október. Ástæða ítrekaðra yfirheyrslna var sú, að ákærða gaf ósamræmda og ranga framburði framan af. Verður nú rakið það helsta í framburði ákærðu og annarra í málinu.

Vinskapur var milli ákærðu Bryndísar og Róberts Glad þegar á árinu 1974, og það sumar fóru þau m. a. í skemmtiferð um hin ýmsu lönd Evrópu og alla leið til Marokkó. Að einhverju leyti slettist upp á vinskapinn í febrúarmánuði 1975, og fyrir páska það ár hélt Róbert Glad einn síns liðs til Luxemburg. Hann var stutt í þeirri för, og ber Bryndís að hafa séð í hans fórum að Miðtúni 32, eftir að hann kom heim, hassefni í plötuformi, sennilega um 200 gr. Af efni þessu kvaðst hún hafa keypt til eigin nota 20 gr á 500 kr. grammið og greitt Róbert 10.000 kr. Síðar segir hún Róbert bréflega hafa lofað sér 20 gr án gjalds, og efni það ætlaði hún að selja á 800 kr. gr, en ekkert orðið af því, að Róbert sendi efnið. Róbert hélt utan aftur í maímánuði, að sögn þá til lengri dvalar, enda hugðist hann fá sér vinnu þar í landi. Þau Bryndís og Róbert skrifuðust á á þessu tímabili, og

var ákveðið þeirra í milli, að Bryndís kæmi út til Róberts þá um sumarið. Róbert kom óvænt í nokkurra daga heimsókn hingað til lands í byrjun júní, og ætlaði Bryndís þá með honum utan, en náði ekki með skömmum fyrirvara að afla fjár til að leysa út ferðamannagjaldeyri og hélt því utan á eftir honum 10. júní 1975.

Í Luxemburg bjó Róbert í íbúð, sem tveir piltar, starfandi hjá Cargolux, höfðu, og þar fékk Bryndís einnig inni. Fram hefur komið, að mjög gestkvæmt var í þessari íbúð og fíkniefni oft um hönd höfð. Seinni partinn í júní héldu þau Bryndís og Róbert til Amsterdam, og kvaðst Bryndís hafa haft óljósan grun um, að hann ætlaði að kaupa fíkniefni. Róbert keypti þar hassefni, en Bryndís var ekki viðstödd viðskiptin, en sá efnið strax eftir kaup. Róbert flutti hassið frá Hollandi til Luxemburg í íbúð þá, sem áður getur. Þar voru efnin geymd í tvær vikur, og á þeim tíma var lítillega eytt til nota dveljenda í íbúð. Róbert kvaðst hafa keypt 1500 gr af Nepal- eða Pakistanhassi, en Bryndís, sem sá efnið vigtað, telur það hafa verið Marokkóhass. Stuttu eftir efniskaup í Amsterdam bað Róbert Bryndísi að flytja efnið með sér hingað til lands, þá er hún héldi heim. Ekki var rætt um neina þóknun Bryndísi til handa og dreifingu ekki að öðru leyti en því, að Róbert bað Bryndísi að tala við Magnús Kjartansson hljómlistarmann, og átti hún að biðja hann að aðstoða við sölu.

Bryndís hélt frá Luxemburg 14. júlí 1975 og gekk frá efnismagni öllu í ferðatösku. Sama dag kom hún efnum í gegnum tollskoðun á Keflavíkurflugvelli og flutti þau heim til sín í Kötlufell 1, Reykjavík. Þar kvaðst hún hafa geymt efnið óhreyft í allt að tveim vikum, eða fram í lok júlí, og á því tímabili tileinkað sér til eigin nota smámola, sennilega 5 gr. Bryndís sneri sér þá til Magnúsar Kjartanssonar hljómlistarmanns, þar sem hann bjó í Ytri-Njarðvík, og sagði honum, að hún væri með efni frá Róbert, sem þyrfti að seljast helst fyrir 5-7 bandaríkjadali grammið. Úr varð, að Magnús tók við efni til sölu. Þetta var alveg um mánaðamótin júlí/ágúst 1975.

Í framburði Bryndísar kemur fram, að hún hafi farið með allt efnið til hans og sennilega 4. — 5. ágúst haft samband við hann og í framhaldi af því farið heim til hans og móttekið 4.000 dali sem söluandvirði hluta efnisins. Magnús hafi síðan sagt, að meira fé kæmi síðar. Hún bar og, að þeim Magnúsi hafi samist svo, að hann skyldi fá efni fyrir sinn þátt í málinu og hafi hann raunar tekið 130-140 gr.

Í framburði Magnúsar kemur fram, að hann sagði Bryndísi hafa haft samband við sig u. þ. b. tveimur vikum fyrir verslunarmannahelgi og beðið sig að koma á markað 1540 gr af hassi. Kvaðst hann hafa svarað því til, að hann hefði ekki sambönd til slíks, en hann skyldi þó athuga málið. Síðan kvaðst hann hafa náð sambandi við Bandaríkjamann, Wagner að nafni, sem kvaðst fús að taka 500 gr. Magnús kvaðst hafa látið Bryndísi vita þetta og hafi hún komið með 500 gr til sín u. þ. b. viku eftir verslunarmannahelgi. Magnús hélt með efnið upp á Keflavíkurflugvöll til Wagners varnarliðsmanns og afhenti honum efnið gegn 1.200 $ greiðslu. Fé það kvaðst Magnús hafa afhent Bryndísi síðar um kvöldið, en hún beið á heimili hans. Magnús segir Bryndísi hafa komið aftur nokkrum dögum síðar og þá með um 1100 gr af hassi, sem Magnús segir þá Jóhannes Rúnar Magnússon og Guðleif Svein Kristjánsson hafa tekið til sölu í tvennu lagi, og eftir það hafi hann ekki haft afskipti af málinu önnur en þau að boðsenda Bryndísi 600 $ til Luxemburg með eiginkonu sinni. Magnús sagðist ásamt Guðleifi og Jóhannesi hafa fengið samtals 150 gr sem þóknun.

Í framburðum Guðleifs Kristjánssonar og Jóhannesar Rúnars Magnússonar kom fram, að þeir sögðust hafa fengið 75 gr í þóknun fyrir að selja efni fyrir Magnús Kjartansson, og átti hann að fá 75 gr fyrir að koma slíku í umferð fyrir Bryndísi Valbjörnsdóttur. Nokkuð óljós er framburður Guðleifs annars vegar og Jóhannesar hins vegar um dreifingu efnanna, en Jóhannes telur, að þeir hafi tekið við samtals frá Magnúsi 435 + 470 gr, en Guðleifur telur, að hann hafi samtals tekið við um 1300 gr, þar í reyndar 100 gr, sem tekin voru aftur af Wagner varnarliða, sem gat ekki staðið fyllilega í skilum með greiðslur. Salan var í öllum tilfellum til varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli. Magnús hins vegar taldi heildarmagnið hafa verið 1540 gr, nefndi hann ákveðinn kaupanda, Wagner, að 400 gr, sagði Guðleif og Jóhannes hafa móttekið 990 gr, en 150 gr hafi verið þóknun til allra þriggja.

Bryndís hefur ekki viljað fullyrða um ákveðið efnismagn nákvæmar en svo, að það hafi verið 1300-1500 gr, enda hún aldrei vigtað það allt í einu.

Varðandi greiðslur kemur fram, að Jóhannes segir þá hafa afhent Bryndísi einu sinni, er hún var heima hjá Magnúsi, 1700 $.

Í ágúst, er Bryndís var komin með hluta söluandvirðis, ákvað hún að halda til Luxemburg og afhenda Róbert féð, um 4.000 $. Hélt hún til Luxemburg og framkvæmdi fyrirætlun sína. Róbert

staðfesti, en kvaðst ekki muna peningafjárhæð nákvæmlega, en taldi það vera 4-5.000 $.

Þau Bryndís og Róbert fengu lánaðan bíl Jóhanns, sem starfar hjá Cargolux, og héldu akandi með íslenskri stúlku, Ágústu Daníelsdóttur, til Parísar, en þar stundaði hún nám, en jafnframt var búið að ákveða að halda í verslunarerindum til Amsterdam og m. a. kaupa hass, sem Bryndís féllst á að flytja til Íslands fyrir Róbert. Þau voru í Amsterdam seinni partinn í ágúst og dvöldust þar í nokkra daga. Þar keypti Róbert hassefni, en ekki ber þeim saman um efnismagnið. Bryndís var ekki viðstödd kaupin, en segist hafa séð efnið strax við komu til Luxemburg og sagði það Marokkóhass um 300 gr, þ. e. a. s. efnið, sem hún flutti til Íslands fyrir Róbert. Í samprófun þeirra Bryndísar og Róberts bætti hún við, að auk þess hefði verið 50 gr af svörtu efni, sem Róbert hafi sérstaklega tekið fram, að ætti að geyma fyrir hann, þangað til hann kæmi. Róbert hins vegar segir, að efnismagn í þessari ferð hafi vissulega verið Marokkóhass að mestu, en lítið eitt minna heldur en við fyrri kaup. Bryndís segir Róbert ekki hafa lagt hart að sér við sölu á þessu efni, er heim kæmi.

Er til Íslands kom, 31. ágúst, eða nánar rétt eftir það, í byrjun september, hafði Bryndís samband við Jóhannes Rúnar í Keflavík og fól honum að selja fyrir sig efni fyrir 5 $ gr. Hún kvaðst hafa látið hann hafa 290 gr, en hann segist hafa tekið við 160-170 gr. Engar greiðslur höfðu átt sér stað, er málið komst upp, og reyndar kvaðst Jóhannes ekki hafa selt neitt af þessu, en við handtöku hans í Keflavík vísaði hann lögreglu á 130 gr.

Verjandi ákærðu, Hjörtur Torfason, hefur í skriflegri vörn gert þær dómkröfur í fyrsta lagi, að frestað verði ákvörðun refsingar fyrir brot þau, sem ákært er út af, með skilyrðum um hæfilegan tíma, en til vara, að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa, og að fullnustu refsingar verði frestað skilorðsbundið um hæfilegan tíma. Þá gerir verjandi kröfu um hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

NIÐURSTÖÐUR.

Verður þá tekin afstaða til ákærunnar og fjallað um hvern ákærulið fyrir sig.

Ákæruliður 1.

Með eigin framburði ákærðu Bryndísar telst nægilega sannað,

að hún hafi í apríl 1975 keypt 20 grömm af hassi fyrir 10.000 kr. af Róbert Glad og notað efnið sjálf.

Með atferli þessu hefur ákærða Bryndís gerst brotleg við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974 og þannig unnið til refsingar.

Ákæruliður 2.

Með eigin játningu ákærðu, sem og er studd öðrum gögnum málsins, telst sannað, sem í ákæruskjali greinir, að ákærða Bryndís hafi 14. júlí 1975 flutt hingað til lands frá Luxemburg um 1500 grömm af hassi til sölu hérlendis fyrir Róbert Glad, haft efnið í vörslum sínum á heimili sínu að Kötlufelli 1 og neytt um 5 gramma af því. Síðar, eða um mánaðamótin júlí/ágúst, í Ytri-Njarðvík afhent efnið Magnúsi Jóni Kjartanssyni, sem tók að sér að sjá um sölu þess á 6.50 bandaríkjadali hvert gramm gegn greiðslu í efni fyrir. Þá er og sannað, að ákærða hafi nokkru síðar tekið við um 4.000 bandaríkjadölum sem söluandvirði og hinn 7. ágúst 1975 flutt Róbert Glad þá peninga út til Luxemburg.

Með ofangreindu atferli hefur ákærða Bryndís unnið til refsingar samkvæmt 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákæruliður 3.

Með eigin framburði ákærðu Bryndísar, sem og er studdur öðrum gögnum málsins, telst sannað, að hún hafi hinn 31. ágúst 1975 flutt hingað til lands a. m. k. 350 grömm af hassi, að mestu til sölu hérlendis fyrir Róbert Glad, hún hafi jafnframt haft efnið í vörslum sínum á heimili sínu um nokkurn tíma, en um miðjan september s. á. að Greniteigi 8 í Keflavík afhent allt að 290 grömmum af efninu til Jóhannesar Rúnars Magnússonar, sem ætlaði að sjá um sölu þess á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

Með atferli þessu hefur ákærða Bryndís unnið til refsingar samkvæmt 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo vitað sé. Ekki verður séð, að ákærða hafi haft fjárhagslegan ávinning af gerðum sínum.

Í skriflegri vörn hæstaréttarlögmanns Hjartar Torfasonar kem-

ur fram, að hann byggir kröfur um skilorðsbundna refsingu á ungum aldri ákærðu, persónulegum högum hennar fyrr og nú svo og tímabundnum persónutengslum við Róbert Glad.

Íslensk fíkniefnalöggjöf byggir m. a. á kenningum vísindamanna þess efnis, að neysla kannabisefna sé hættuleg heilsu manna. Reynslan hérlendis sýnir, að það er ekki hvað síst ungmenni, sem verða hassneyslu að bráð. Alvarlegust brot eru ólöglegt smygl og dreifing hassefna í miklu magni, og það hefur og sýnt sig, að það eru fyrst og fremst ungmenni, sem þá iðju stunda.

Málsatvikum öllum og aðstæðum þykir ekki þannig háttað, að skilorðsbinding refsingar sé talin við eiga.

Verður refsing ákærðu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærðu samkvæmt 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns Hjartar Torfasonar, kr. 25.000.

Dómsorð:

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, sæti fangelsi í 6 mánuði. Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar með kr. 25.000 sem málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Hjartar Torfasonar.

Miðvikudaginn 14. mars 1979.

Nr. 14/1977. **Ásta Baldvinsdóttir**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Ragnari Á. Magnússyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi með stefnu 20. ágúst 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Það áfrýjunarmál féll niður vegna útivistar áfrýjanda 7. janúar 1977, og áfrýjaði áfrýjandi málinu að nýju með stefnu 28. janúar 1977 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1978. Áfrýjandi skaut hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Hún krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu verði vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju. Enn fremur krefst hún þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst áfrýjandi, að henni verði aðeins dæmt að greiða stefnda 368.082 krónur, en málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir aðalkröfu sína á því, að héraðsdómara hafi borið að leggja efnisdóm á gagnkröfu áfrýjanda eða vísa henni berum orðum frá dómi.

Skilja verður héraðsdóminn svo, að héraðsdómari hafi vísað frá dómi gagnkröfu þeirri, sem áfrýjandi hafði uppi við munnlegan flutning málsins til skuldajafnaðar við stefnukröfurnar. Verður því ekki á aðalkröfu áfrýjanda fallist.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð verða eigi reiknaðir frá fyrri tíma en birtingardegi stefnu, 31. desember 1973.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ásta Baldvinsdóttir, greiði stefnda, Ragn-

ari Á. Magnússyni, 500.081 krónu með 10% ársvöxtum frá 31. desember 1973 til greiðsludags, 93.000 krónur í málskostnað í héraði og 120.000 krónur fyrir Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 21. nóvember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Ragnari Á. Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, Hraunbæ 180, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 10. desember 1973, á hendur Ástu Baldvinsdóttur, nudd- og snyrtisérfræðingi, Hrauntungu 85 í Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 500.081.70 auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1970 til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ.

Af hálfu stefndu var í upphafi krafist sýknu af kröfum stefnanda og að henni yrði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins. Jafnframt var af hennar hálfu gerður áskilnaður um kröfugerð á hendur stefnanda til skuldajafnaðar með höfðun gagnsakar eða í sérstöku máli.

Í upphafi þinghalds hinn 12. þ. m., er fram skyldi fara munnlegur málflutningur samkvæmt ákvörðun dómara, að undangenginni sameiginlegri yfirlýsingu lögmanna aðilja um, að gagnasöfnun væri lokið, var lagður fram af hálfu stefndu reikningur hennar á hendur stefnanda að upphæð kr. 980.000.00, dags. þennan sama dag. Var því lýst yfir, að krafan samkvæmt reikningnum væri höfð uppi til skuldajafnaðar gegn stefnukröfum. Lögmaður stefnanda mótmælti greindu skjali sem of seint fram komnu svo og skuldajafnaðarkröfu, reistri á því. Vísaði lögmaður stefndu til áskilnaðar um slíka gagnkröfugerð í greinargerð af hennar hálfu. Fór síðan fram munnlegur málflutningur, en áður hafði dómari árangurslaust leitað sátta.

Endanlegar dómkröfur aðilja eru á þá leið, að stefnandi krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 500.081.70 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,

svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ. Varðandi framkomna gagnkröfu til skuldajafnaðar krefst hann þess aðallega, að hún fái ekki komist að í málinu, til vara, að henni verði vísað frá dómi, og til þrautavara, að hann verði sýknaður af henni.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær kröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* krefst hún sýknu af kröfum stefnanda. Hvernig sem málið fari, krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Samkvæmt skjölum og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að málsaðiljar bjuggu saman tímabilið 1. september 1967 til ársbyrjunar 1970 á heimili stefndu að Hrauntungu 85 í Kópavogi. Á þessu árabili annaðist stefnandi ýmsar greiðslur fyrir stefndu vegna byggingar húss hennar nr. 85 við Hrauntungu. Kveðst stefnandi hafa greitt nær eingöngu í þessu skyni ýmsa reikninga og gjaldfallnar skuldir fyrir stefndu að upphæð kr. 1.250.081.71, en á sama tíma fengið til þess fjármuni frá stefndu að upphæð kr. 750.000.00, þannig að mismunur nemi stefnufjárhæðinni, kr. 500.081.70.

Aðiljar hafa fyrir dómi tjáð sig nánar um málavexti. Verður nú rakið það helsta úr skýrslum þeirra.

Stefnandi skýrði svo frá í þinghaldi 17. desember sl., að þau stefnda hafi verið í sambúð frá 1. september 1967 til 2. janúar 1970 að Hrauntungu 85 í Kópavogi, en það var hús í smíðum, eign stefndu. Fyrst í stað, eða til áramótanna 1967-1968, hafi nær eingöngu verið um það að ræða, að hann svæfi á heimili stefndu, en borðaði yfirleitt úti. Frá nefndum áramótum og til sambúðarslitanna kveðst hann hafa verið í fæði og þjónustu hjá stefndu. Kveður hann, að í upphafi sambúðarinnar hafi fjárhagur stefndu verið mjög slæmur og hafi það blasað við, að húsið, sem var nánast hálfbyggt, yrði sett á nauðungaruppboð eða stefnda yrði gjaldþrota. Því kveðst hann hafa orðið við tilmælum stefndu um að hjálpa til með greiðslur áhvílandi skulda og til þess að þoka byggingu hússins áfram.

Ragnar kveðst hafa haldið sjóðdagbók um fjárviðskipti sín og stefndu, en eftir henni hafi hann samið greiðsluyfirlit það, sem stefnukröfurnar séu byggðar á. Hann tekur fram, að kröfur sínar í málinu séu eingöngu vegna greiðslu áhvílandi lána eða vegna byggingarframkvæmda við Hrauntungu 85. Kveðst hann hafa látið stefndu í té kr. 607.723.93 umfram stefnufjárhæð á sambúðartímanum og sé þá ekki allt upp talið.

Hann kveður aðspurður, að eftir sambúðarslitin hafi þau stefnda í fjölmörg skipti rætt um uppgjör fjárviðskiptanna. Hafi þau orðið ásátt um að fela Svani Þór Vilhjálmssyni héraðsdómslögmanni, sameiginlegum kunningja þeirra, að gera upp þessi viðskipti, en einhvern veginn hafi aldrei orðið neitt úr því.

Ásta Baldvinsdóttir kom fyrir dóminn 25. apríl sl. Hún kveður þau stefnanda hafa verið í sambúð í húsi hennar að Hrauntungu 85, Kópavogi, frá því haustið 1967 og þar til 4. janúar 1970. Hafi hún þennan tíma falið stefnanda að annast fyrir sig greiðslur og kveðst álíta, að hún hafi látið hann fá fé fullkomlega fyrir öllum greiðslum, sem hann hafi innt af höndum fyrir sig. Kveðst hún hafa látið stefnanda fá allt það fé, sem henni áskotnaðist sambúðartímann, en hafi svo fengið peninga hjá honum, er hún þurfti á að halda. Hún kveður, að öll matarkaup heimilisins hafi verið í reikning þennan tíma og muni stefnandi hafa séð um greiðslur yfirleitt.

Greiðsluyfirlitið, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, var lagt fyrir Ástu í ofannefndu þinghaldi, en samkvæmt því tjáist stefnandi hafa lagt út fyrir hana 1. sept. 1967 — 31. des. 1969 samtals kr. 1.250.081.71, en fengið til þess fjármuni, samtals kr. 750.000.00. Varðandi greint skjal kveður Ásta, að þar vanti mikið upp á, svo allt það fé, sem hún hafi látið stefnanda í hendur, sé upptalið.

Varðandi reikningsuppgjör aðilja miðað við 3. nóv. 1968, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, en samkvæmt því telst stefnda skulda stefnanda kr. 200.000.00, eftir að búið er að draga frá greiðsluupphæðinni kr. 257.070.05 vegna uppihalds o. fl. til 1. nóv. 1968, kveðst stefnda hafa samþykkt það með undirskrift sinni eftir beiðni stefnanda, er þau voru kvöld eitt við skál stödd á skrifstofu hans.

Ásta kveður aðspurð, að tekjur hennar um sambúðartímann hafi verið fyrst og fremst meðlag frá fyrrverandi eiginmanni, kr. 10.000.00 á mánuði fyrst í stað og síðan kr. 20.000.00 á mánuði. Þá hafi hún haft lítils háttar atvinnutekjur og hafi þetta fé runnið til stefnanda, sem svo lét henni í té peninga, er hún þurfti á að halda.

Stefnandi byggir kröfur sínar fyrst og fremst á greiðsluyfirliti því, sem hann hefur lagt fram og hann kveðst hafa samið eftir sjóðdagbók, er hann hafi haldið um fjárviðskipti sín og stefndu um sambúðartímann. Hann bendir á, að hann hafi sýnt lögmanni stefndu öll fylgiskjöl varðandi reikningsyfirlitið, enda

sé því á engan hátt mótmælt eða vefengt, að tilgreindar greiðslur hafi verið inntar af höndum fyrir stefndu og samkvæmt hennar beiðni. Þetta megi reyndar telja viðurkennt.

Hann leggur áherslu á það, að kröfur sínar séu eingöngu til endurgreiðslu fjár, er varið var til greiðslu áhvílandi lána eða vegna byggingarframkvæmda við Hrauntungu 85. Hafi hann að vísu lagt meira fé út fyrir stefndu til ofannefndra þarfa heldur en endurgreiðslukröfunni nemi, en það sé sín ákvörðun að láta sitja við kröfugerð samkvæmt framlögðu greiðsluyfirliti.

Hann mótmælir alfarið þeim staðhæfingum stefndu, að hún hafi látið hann hafa fé fyllilega fyrir öllum greiðslum. Hafi hún ekki látið af hendi aðra fjármuni en þá, sem gerð hafi verið grein fyrir af sinni hendi í málinu. Staðhæfingum sínum um frekari afhendingar fjár hafi stefnda eigi stutt neinum sönnunargögnum og beri því að vísa þeim á bug.

Stefnandi kveðst mótmæla því af öllu afli, að stefnda fái komið að gagnkröfu til skuldajafnaðar, enda sé það ótvírætt brot á réttum reglum um málsmeðferð að leggja slíka kröfugerð fyrst fyrir við munnlegan málflutning, löngu eftir að gagnasöfnun hafi verið lýst lokið.

Verði talið mót von sinni, að gagnkrafan eigi að fá að komast að, þá sé ljóst, að hún sé algerlega óreifuð og beri því að vísa henni frá dómi. Fallist dómurinn ekki á það, liggi það fyrir í málsgögnum, að hann hafi greitt til stefndu umfram stefnufjárhæð fullkomið endurgjald fyrir alla þá aðhlynningu og þjónustu, er hann hafi notið um sambúðartímann.

Frávísunarkrafa stefndu er studd þeim rökum, að samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, sem stefnandi hafi lagt fram við munnlegan málflutning, sé því lýst yfir, að stefnandi hafi átt lögheimili í Reykjavík 1. janúar 1967. Hinn 27. nóvember 1969 hafi hann flutt til Kópavogs, en hinn 1. janúar 1970 hafi hann flutt aftur til Reykjavíkur. Hér sé um að ræða, að opinbert vottorð, sem stefnandi sjálfur leggi fram og standi óhaggað, kippi gersamlega sjálfum grundvellinum undan málssókninni, en meginforsendur málatilbúnaðar stefnanda sé sú staðhæfing hans í stefnu og öðrum sóknarskjölum, að þau stefnda og hann hafi verið í sambúð að Hrauntungu 85 í Kópavogi 1. september 1967 — 2. janúar 1970, eða í fulla 28 mánuði. Þar sem nú samkvæmt opinberu vottorði úr þjóðskrá líti svo út sem stefnandi hafi aðeins búið rúman mánuð á heimili stefndu í Kópavogi, þá sé grund-

völlur sá, sem málssókn sé byggð á, brostinn. Beri því að vísa málinu frá.

Verði eigi fallist á frávísunarkröfuna, kveðst stefnda benda á það, að hún hafi fyllilega látið stefnanda í hendur fjármuni fyrir öllu því, sem hann hafi greitt fyrir hennar hönd. Til frekari rökstuðnings sýknukröfu sinni vísar hún til kröfugerðar sinnar til skuldajafnaðar, en þar sé um að ræða kröfu fyrir ráðskonulaun sambúðartímann, þ. e. í 28 mánuði, kr. 20.000.00 að jafnaði, eða samtals kr. 560.000.00, svo og húsaleigu í sama tíma, kr. 15.000.00 á mánuði, eða samtals 420.000.00. Kveður hún dómvenju alfarið styðja réttmæti gagnkröfugerðar sinnar.

Stefnda kveðst vísa á bug mótmælum stefnanda þess efnis, að gagnkrafa sín sé of seint fram komin og eigi því ekki að koma til álita. Fyrirvari um þessa kröfugerð hafi verið gerður á tryggilegan hátt í greinargerð, en þar hafi þessi kröfugerð verið reifuð svo og nánar í aðiljaskýrslu.

Hún heldur því fram, að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir fyrningu, ef hún þá sé nokkur fyrir hendi. Hún bendir á það, að framlögð skjöl af hendi stefnanda til stuðnings kröfugerð hans séu alls ekki í samræmi hvert við annað, ef þau ekki beinlínis stangist á. Veiki þetta mjög allan málatilbúnað hans og gefi reyndar frekara tilefni til frávísunar.

Málsaðiljar eru algerlega ásátt um það bæði í skjölum málsins svo og í skýrslum sínum fyrir dóminum, að þau hafi búið saman að Hrauntungu 85 í Kópavogi frá því haustið 1967 og til áramótanna 1969/1970. Í þessu efni ber ekkert á milli.

Greint vottorð Hagstofu Íslands, sem stefnda byggir á frávísunarkröfu sína, virðist lagt fram af hálfu stefnanda eingöngu til þess að sýna fram á, að sambúð þeirra málsaðiljanna hafi verið fremur óákveðin og laus í reipunum.

Að þessu athuguðu þykja eigi vera nein efni til þess að taka frávísunarkröfuna til greina.

Það er út af fyrir sig rétt, sem stefnda heldur fram, að skjöl þau, sem stefnandi hefur lagt fram um fjárviðskipti þeirra stefndu, eru hvorki saman tengd né í fullkomnu samræmi innbyrðis.

Stefnandi hefur í málflutningi sínum gert grein fyrir þessu á þann veg, að hann geri eingöngu kröfur vegna greiðslna fyrir stefndu til ákveðinna þarfa, þ. e. varðandi húseign hennar Hrauntungu 85, og þó ekki svo tæmandi sé talið. Hafi hann kosið að takmarka kröfugerð sína að þessu leyti og byggi hana aðeins á þeim

greiðslum, sem tilgreindar séu á framlögðu greiðsluyfirliti. Hin tvö önnur skjöl í málinu varðandi fjárviðskiptin séu vinnuplögg nefndu greiðsluyfirliti til frekari fyllingar og skýringar.

Með tilvísun til ofangreindra skýringa af hendi stefnanda og þess, hvernig málið liggur fyrir, þykja eigi vera nein efni til frávísunar þess vegna vanreifunar eða óskýrrar kröfugerðar af hendi stefnanda.

Tilefni til þessarar umfjöllunar um formhlið málsins er gefið af stefndu í munnlegum málflutningi.

Af þeim sökum þykir eigi neitt standa því í vegi, að fjallað sé um efni málsins í beinu framhaldi. Verður að telja, að eðlilegast sé að líta á frávísunarkröfuna sem ábendingu til dómara í munnlegum málflutningi fremur en formlega kröfugerð, þar sem hún kemur svo allt of seint fram.

Telja verður, að um stefnukröfur gildi hinn almenni 10 ára fyrningarfrestur, sbr. 2. tölulið 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Greiðsluyfirlitið, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, hefur eigi sætt öðrum mótmælum af hálfu stefndu en þeim, að þar vanti mikið, svo allt það fé sé fram talið, sem hún hafi látið stefnanda í té til ráðstöfunar fyrir sig á sambúðartímanum. Verður því við það miðað við úrlausn málsins, að óumdeilt sé, að upptaldar greiðslur í skjalinu hafi verið inntar af höndum fyrir stefndu.

Staðhæfingar sínar um frekari fjárframlög af sinni hendi svo og þær, að hún hafi látið stefnanda hafa fé fyllilega fyrir öllum greiðslum, hefur stefnda eigi stutt neinum gögnum, en stefnandi hefur eindregið vísað þessu á bug. Verður því sýknukrafa stefndu á þessu byggð ekki tekin til greina.

Í greinargerð af hálfu stefndu er að því vikið, að samkvæmt dómvenju eigi hún kröfu til ráðskonulauna úr hendi stefnanda fyrir sambúðartímann, og kveðst hún munu hafa slíka kröfu uppi, ef stefnandi haldi málssókninni til streitu. Í niðurlagi greinargerðarinnar er þannig komist að orði, að þess sé vænst, að stefnandi felli málssóknina niður. Af þeim sökum sé ekki nú sett fram ákveðin krafa um ráðskonulaun né heldur sett upp gjald fyrir afnot húsnæðis og annan beina, en gagnkröfur í þessa átt verði hins vegar gerðar, ef málssókninni verði haldið áfram. Um þetta sé allur réttur áskilinn.

Það er álit dómara, að stefndu hafi að réttu lagi borið að hafa uppi gagnkröfur sínar um leið og greinargerð af hennar hendi

var lögð fram, sbr. ákvæði í 106. gr. laga nr. 85/1936, eða í fyrsta þinghaldi þar á eftir og í allra síðasta lagi, áður en þinghald það var háð, er málsaðiljar lýstu sameiginlega gagnasöfnun lokið.

Kröfugerð hennar að þessu leyti, sem er fyrst og fremst sýknumálsástæða og fyrst var höfð uppi við munnlegan málflutning, er of seint borin fram og kemur því ekki til álita í þessu máli gegn eindregnum mótmælum stefnanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að taka dómkröfur stefnanda að fullu til greina, og verður því stefnda dæmd til að greiða honum hina umkröfðu skuld, kr. 500.081.70 með vöxtum, eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 93.000.00.

Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Ásta Baldvinsdóttir, greiði stefnanda, Ragnari Á. Magnússyni, kr. 500.081.70 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 93.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 7. apríl 1976.

Ár 1976, miðvikudaginn 7. apríl, var fógetaréttur Kópavogs settur að Hrauntungu 85, Kópavogi, og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta Sigurberg Guðjónssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið 3/1974: Ragnar Á. Magnússon gegn Ástu Baldvinsdóttur, sama stað.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit úr dómabók Kópavogs (mál nr. 3/1974), svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 500.082 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi, auk 3.000 fyrir ritun fjárnámsbeiðni, til greiðsludags, 845 í birtingar- endurrits- (sic), kr. 93.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér og er mætt. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, sem er eignarhluti hans í húseigninni nr. 85 við Hrauntungu hér í bæ. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 15. mars 1979.

Nr. 38/1976. **Einar Th. Hallgrímsson**
gegn
Ólafi Ragnari Sigurðssyni,
Karli Helgasyni og
Magnúsi Ásgeirssyni.

Óskað álitsgerðar Læknaráðs.

Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Mál þetta hefur þrisvar verið lagt fyrir Læknaráð. Eru tillögur réttarmáladeildar Læknaráðs dagsettar 20. júlí 1973, 7. mars 1974 og 26. mars 1975. Tillögur þessar voru síðar staðfestar sem álitsgerðir og úrskurðir Læknaráðs í samræmi við 5., 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 192/1942 um starfshættu Læknaráðs.

Eftir að málið var síðast lagt fyrir Læknaráð með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1974, hefur verið aflað í því nýrra gagna, þar á meðal um heilsuhagi áfrýjanda. Á bæjarþingi Reykjavíkur var málið dæmt með sérfróðum meðdómendum, þar á meðal lækni, sem hefur viðurkenningu sem sérfræðingur í taugaskurðlækningum.

Þegar framanskráð er virt, þykir rétt, áður en málið er dæmt í Hæstarétti, með vísan í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr.

4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1942 að æskja þess, að Læknaráð láti uppi rökstutt álit um eftirfarandi á grundvelli læknisfræðilegra gagna málsins, þar á meðal hinna nýju gagna og héraðsdóms:

1. Telur Læknaráð enn „yfirgnæfandi líkur“ á, að blæðing sú, er Einar Th. Hallgrímsson fékk hinn 17. mars 1970 sé afleiðing af höfuðhöggi?

2. Eru þess dæmi, að menn hafi fengið blæðingu á sama stað og Einar, þ. e. frá æðinni arteria anterior communis, af höfuðhöggi?

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitsgerð samkvæmt framangreindu.

Þriðjudaginn 20. mars 1979.

Nr. 136/1977. **Jóhann Ásmundsson**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
hreppsnefnd Eyrarsveitar
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Synjað innsetningargerðar. Vegur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkarður Másson, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. ágúst 1977. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd hinnar umbeðnu inn-

setningargerðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt bréfi vegamálastjóra til áfrýjanda 12. september 1963 var vegarkafli sá, sem um ræðir í máli þessu, í tölu þjóðvega, uns nýr vegur var lagður „fyrir meira en áratug". Líti Vegagerð ríkisins svo á, að vegarkafli þessi „hafi þá fallið úr þjóðvegatölu, svo sem venja er, þegar nýr þjóðvegur er lagður samhliða gömlum vegi". Hafi Vegagerðin ekkert „við það að athuga fyrir sitt leyti", að áfrýjandi sem landeigandi loki vegarkaflanum.

Með skírskotun til framangreindrar yfirlýsingar þykir verða við það að miða, að vegur sá, sem áfrýjandi hefur lokað, hafi ekki talist til þjóðvega, eftir að vegarstæði Eyrarsveitarvegar var fært. Engin skýr gögn hafa komið fram um það, að hinn aflagði þjóðvegarkafli niður með Kverná hafi eftir breytinguna haldist sem umferðarleið, er íbúar Eyrarsveitar almennt ættu umferðarrétt um. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefndi geti krafist þess fyrir hönd íbúa sveitarfélagsins almennt, að hinn aflagði þjóðvegarkafli skuli opnaður með beinni fógetagerð fyrir umferð þeirra í Kvernárkamp, svo sem í innsetningarbeiðninni felst. Er þá engin afstaða tekin til þess, hvort eigandi Kvernárkamps, sem ekki er gerðarbeiðandi, eða aðrir einstaklingar hefðu getað krafist þess, að hlið áfrýjanda yrði opnað með beinni fógetagerð.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 180.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framkvæmd hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Stefndi, hreppsnefnd Eyrarsveitar, greiði áfrýjanda, Jóhanni Ásmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 180.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í gerðarbeiðni þeirri, sem lögmaður stefnda sendi sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 18. júlí 1977, segir:

„F. h. hreppsnefndar Eyrarsveitar fer ég þess á leit við yður, herra sýslumaður, að þér veitið atbeina yðar til að hindra og upphefja ólögmæta lokun vegar, sem liggur frá þjóðveginum til Grundarfjarðar, niður að námu við sjó, meðfram Kverná að austanverðu í landi jarðarinnar Kvernár. Þess er jafnframt farið á leit, að umbj. m. verði settur inn í afnot vegarins f. h. íbúa Eyrarsveitar, en hagsmunir sveitarfélagsins krefjast þess, að umferð um hann sé frjáls og óhindruð.

Hér er um að ræða gamla þjóðveginn til Grundarfjarðar, en hann liggur nú niður í námu í svonefndum Kampi. Þar er tekið efni til steypugerðar í sveitarfélaginu, uppfyllingar grunna og annarra nota. Talið er, að 79. gr. núgildandi vegalaga eigi við um veg þennan, en samskonar ákvæði var í vegalögum frá 1963."

Í 79. gr. vegalaga nr. 66/1975 segir:

„Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra."

Í máli þessu er upplýst, að áfrýjandi lokaði hliði á vegi, sem nánar er lýst í gerðarbeiðni og hinum áfrýjaða úrskurði og sem telja verður, að 79. gr. vegalaga gildi um. Ekki hafði hann til þess leyfi sveitarstjórnar stefnda fyrir Hæstarétti.

Líta verður svo á, að þegar af þeirri ástæðu, að sveitarstjórn er í 79. gr. vegalaga ætlaður afskiptaréttur af því, hvort loka megi vegi, sem sú grein fjallar um, sé stefndi réttur aðili máls þessa. Þar sem leyfi stefnda lá ekki fyrir til að loka veginum, ber að taka kröfu hreppsnefndarinnar um að opna veginn til greina, enda er það fordæmisregla í íslenskum rétti, að fjarlægja megi lása og slíkar hindranir með innsetningargerð fógeta. Verður að telja, að stjórnvöld geti leitað þessa úrræðis, ef það þykir henta til brottnáms ólögmæts ástands.

Samkvæmt framanskráðu tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ég tel hæfilega ákveðinn 80.000 krónur.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 6. ágúst 1977.

Með beiðni, dags. 18. júlí sl., fór gerðarbeiðandi, hreppsnefnd Eyrarsveitar, þess á leit að fá aðstoð fógeta til þess að hindra og upphefja ólögmæta lokun vegar, sem liggur frá þjóðveginum til Grundarfjarðar, niður að námu við sjó, meðfram Kverná að austanverðu í landi jarðarinnar Kvernár. Þess er jafnframt farið á leit, að gerðarbeiðandi verði settur inn í afnot vegarins f. h. íbúa Eyrarsveitar.

Gerðarþoli bar fram mótmæli gegn framkvæmd gerðarinnar, en aðiljar lögðu síðan ágreining þennan undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafist greiðslu hæfilegs málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Málavextir eru þeir, að árið 1935 keypti Stefán Stephensen, nú búsettur í Reykjavík, land með malarnámu skammt austan við Kverná í Eyrarsveit. Liggur landið með sjó. Að austan liggur jörðin Grund, að sunnan jörðin Kverná og að vestan landspilda í eigu ríkissjóðs. Vegur að landi þessu liggur yfir land Kvernár. Er það gamall þjóðvegur, sem var í þjóðvegatölu, þar til nýr þjóðvegur var gerður árið 1950. Þessi gamli þjóðvegur hefur verið notaður til þess að komast í umrædda námu og er eini vegurinn, sem liggur að námunni. Efni úr námu þessari hefur verið notað til húsbygginga og annarrar mannvirkjagerðar á

Grundarfirði, svo sem hafnargerðar. Telur því hreppsnefnd Eyrarsveitar sér skylt að gæta hagsmuna íbúa Eyrarsveitar og sjá um, að allir eigi greiða leið að námunni.

Hinn 16. júlí sl. bannaði gerðarþoli Lárusi Guðmundssyni, Grundarfirði, ferð um veginn með vinnutæki til þess að sækja efni í námuna, en Lárus hefur gert samning við Stefán Stephensen, eiganda hennar, um efnistöku þar.

Gerðarbeiðandi rökstyður innsetningarbeiðni sína með því, að umræddur vegur falli undir ákvæði 79. gr. vegalaga frá 25. mars 1977, og sé því gerðarþola óheimilt að loka honum með læstu hliði eða hindra umferð um hann með öðru móti.

Gerðarþoli mótmælir því, að vegur þessi falli undir 79. gr. vegalaga, og telur, að vegurinn sé einkavegur, sbr. 37. gr. vegalaga.

Ekki verður fallist á, að það breyti nokkru um umferðarrétt um nefndan veg, hvort hann flokkast undir 79. gr. eða 37. gr. vegalaga, því að einkavegi, sem liggur að fleiri eignum en einni, getur eigandi einnar eignar ekki meinað eigendum annarra eigna umferð um.

Af hálfu gerðarþola er ekki vefengt, að vegur þessi hafi áður verið í þjóðvegatölu og hafi þá og eftir að nýi þjóðvegurinn var gerður, verið notaður til þess að flytja eftir efni úr malarnámunni. Gerðarþoli heldur því þó fram, að síðan árið 1950 hafi enginn farið um veginn án þess að fá fyrst samþykki hans. Gerðarbeiðanda, íbúum Eyrarsveitar, eiganda námunnar svo og öðrum, sem hafa leyfi til efnistöku úr námunni, er brýn þörf á að komast um veginn. Verður krafa gerðarbeiðanda um innsetningu tekin til greina á hans ábyrgð. Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað vegna fógetamáls þessa. Þykir hann hæfilega tiltekinn kr. 150.000.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 150.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. mars 1979.

Nr. 59/1977. **Ólafur Haraldsson**
Grétar Haraldsson og
Haraldur Haraldsson
(Hörður Ólafsson hrl.)
gegn
Ingibjörgu Hjálmarsdóttur
Halldóri Hjálmarssyni
Guðrúnu Hjálmarsdóttur
Kristínu Hjálmarsdóttur
Herði Hjálmarssyni og
Margréti Hjálmarsdóttur
(Lúðvík Gizurarson hrl.)
og Sigurði M. Helgasyni,
skiptaráðanda í Reykjavík
(enginn).

Erfðamál. Búskipti. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 14. apríl 1977. Krefjast þeir þess, að kaupmáli sá, er í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, frá 24. febrúar 1966, verði dæmdur ógildur. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru hafðar uppi á hendur Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda í máli þessu, en af hans hálfu er eigi sótt þing.

Í öndverðu skutu allir sóknaraðiljar í héraði málinu til Hæstaréttar. Þrír þeirra féllu síðar frá áfrýjun af sinni hendi, og eru þeir eigi lengur aðiljar málsins fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi reisa áfrýjendur málstað sinn á þeirri málsástæðu einni, að framangreindur kaupmáli milli hjónanna

Margrétar Halldórsdóttur og Hjálmars Þorsteinssonar feli efnislega í sér dánarráðstöfun og verði hann því eigi lagður til grundvallar skiptum þeim, er málið fjallar um, með því að reglna erfðalaga um erfðagerninga hafi eigi verið gætt.

Skýra ber kröfu áfrýjenda svo, að í henni felist, að eign sú, er framangreindur kaupmáli lýtur að, teljist til hjúskapareignar og verði búi skipt samkvæmt því. Með skírskotun til raka hins áfrýjaða úrskurðar verður eigi á þetta fallist, og ber að leggja kaupmálann til grundvallar skiptum í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Leggja ber framangreindan kaupmála til grundvallar skiptum í máli þessu.

Áfrýjendur, Ólafur Haraldsson, Grétar Haraldsson og Haraldur Haraldsson, greiði stefndu Ingibjörgu Hjálmarsdóttur, Halldóri Hjálmarssyni, Guðrúnu Hjálmarsdóttur, Kristínu Hjálmarsdóttur, Herði Hjálmarssyni og Margréti Hjálmarsdóttur 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. mars 1977.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. f. m. að loknum skriflegum málflutningi, var höfðað hér fyrir skiptaréttinum af Agli Hjálmarssyni, Þorsteini Hjálmarssyni, Ólöfu Hjálmarsdóttur, Ólafi Haraldssyni, Grétari Haraldssyni og Haraldi Haraldssyni gegn Ingibjörgu Hjálmarsdóttur, Halldóri Hjálmarssyni, Guðrúnu Hjálmarsdóttur, Kristínu Hjálmarsdóttur, Herði Hjálmarssyni og Margréti Hjálmarsdóttur.

Upptök þessa máls og helstu málavextir eru sem hér segir:

Í bréfi til borgarfógetaembættisins í Reykjavík, dags. 17. september sl., óskaði Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður þess f. h. allra þeirra aðilja, sem eru sóknaraðiljar þessa máls, að fundur yrði boðaður í dánar- og félagsbúi hjónanna Hjálmars Þorsteinssonar, látins 20. júní 1972, og Margrétar Halldórsdóttur, látinnar

21. maí 1976, sem síðast áttu heima í Þjórsárgötu 6 hér í borg. Þá segir: „Hvort heldur búinu yrði skipt opinberum skiptum eða haldið áfram tilraunum til einkaskipta, hafa umbjóðendur mínir ákveðið að bera undir skiptaréttinn gildi kaupmála, sem Hjálmar heit. gerði 24. febrúar 1966. Hjálmar var fæddur 21. sept. 1886. Leyfi ég mér því að fara þess á leit við yður, að þér takið skiptamál þetta til meðferðar hið allra fyrsta".

11. október sl. var haldinn skiptafundur í búinu. Var þá ákveðið, að uppskrift færi fram í búinu. Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður áréttaði þá f. h. fyrrgreindra skjólstæðinga sinna, að hann vildi bera gildi framangreinds kaupmála frá 24. febr. 1966 undir skiptaréttinn. Var þá ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál yrði rekið hér í réttinum um deiluefnið. Síðan hefur málið verið sótt og varið hér fyrir réttinum, og var málið skriflega flutt að ósk varnaraðilja, en þeir eru allir ólöglærðir, en varnaraðiljar hafa allir undirritað skjöl, sem út hafa verið gefin í þeirra nafni, svo sem greinargerð og varnarskjal.

Sóknaraðiljar gera þessar kröfur: *Að* kaupmálinn milli hjónanna Hjálmars Þorsteinssonar og Margrétar Halldórsdóttur, sem gerður var 24. febr. 1966 og tilkynntur til skrásetningar 25. febr. 1966, dskj. nr. 5, verði metinn ógildur. *Að* varnaraðiljum verði gert að greiða þeim málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ samkv. túlkun skiptaréttarins.

Varnaraðiljar andmæla öllum kröfum sóknaraðilja og gera kröfur til, að umræddur kaupmáli milli hjónanna Hjálmars Þorsteinssonar og Margrétar Halldórsdóttur, dags. 24. febr. 1966 og tilkynntur til skrásetningar 25. febr. 1966, sbr. dskj. nr. 5, verði metinn gildur, að hann verði lagður til grundvallar við skiptin á dánar- og félagsbúi þeirra hjóna. Þá krefjast þau málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þessir:

Margrét Egilsdóttir, fyrri kona Hjálmars Þorsteinssonar húsgagnasmíðameistara, er að ofan er nefndur, lést 22. ágúst 1924, og voru börn þeirra fjögur, þrír fyrstgreindu sóknaraðiljar þessa máls og Haraldur faðir hinna sóknaraðiljanna, en hann er látinn, og eru börn hans erfingjar í búi þessu. Í júnímánuði 1925 höfðu þau Hjálmar og Margrét Halldórsdóttir ákveðið að ganga í hjónaband, sbr. upphaf kaupmálans á dskj. nr. 2. Þau Hjálmar og Margrét lifðu síðan saman í hjónabandi, þar til hann lést 20. júní 1972. Margrét lést 21. maí 1976. Börn Hjálmars og Margrétar Halldórsdóttur eru varnaraðiljar þessa máls.

Áður en Hjálmar og Margrét Halldórsdóttir gengu í hjónaband, gerðu þau með sér kaupmála, sbr. dskj. nr. 2. Samkvæmt 1. lið kaupmálans skyldu innanstokksmunir, er Margrét lagði til og tilgreindir eru á meðfylgjandi lista, vera séreign hennar, framtaldir á kr. 2.493. Enn fremur þeir innanstokksmunir og búsáhöld, er þau eignuðust síðar. Í 2. lið segir: „Að sjálfsögðu skal verzlun sú, er ég, Margrét Halldórsdóttir, hefi í hyggju að setja á stofn undir eigin nafni, og af mínu eigin fé, vera séreign mín.“ Í 3. lið segir, að skrásetja skuli kaupmálann á varnarþingi þeirra samkv. ákv. laga nr. 20 20. júní 1923. Kaupmálinn er dags. 23. júní 1925 og tilkynntur 25. s. m.

Með kaupsamningi og afsali, dags. 21. mars 1928, keypti Margrét Halldórsdóttir ásamt Magnúsi Jónssyni trésmið fasteignina nr. 28 við Klapparstíg hér í borg, og var þar um að ræða eignarlóð og lítið hús, sem var rifið og fjarlægt. Með kaupsamningi og afsali, dags. 14. maí 1925, keypti Margrét helming nefndrar fasteignar af meðeiganda sínum, nefndum Magnúsi Jónssyni. Skömmu síðar var byggt stórt hús á lóðinni, þar sem fyrirtæki fjölskyldunnar, Trésmíðaverkstæði Hjálmars Þorsteinssonar & Co h/f, hefur verið til húsa og er enn. Eignin var upphaflega þinglýst á nafn Margrétar Halldórsdóttur og er svo enn, sbr. dskj. nr. 6. Hjónin Hjálmar Þorsteinsson og Margrét Halldórsdóttir gerðu með sér annan kaupmála, sem er dags. 24. febr. 1966, sbr. dskj. nr. 5, og er 1—3 gr. þess kaupmála svohljóðandi: „1. gr. Við staðfestum hér með, sem afráðið var með okkur, er reist var húsið að Klapparstíg 28 í Reykjavík, að téð húseign nr. 28 við Klapparstíg í Reykjavík með öllu múrföstu og naglföstu og tilheyrandi eignarlóð, skal hér eptir sem hingað til vera séreign mín Margrétar Halldórsdóttur og óviðkomandi skuldbindingum félagsbús okkar hjónanna og hjúskapareigna okkar og sérskuldbindingum meðundirritaðs Hjálmars Þorsteinssonar. 2. gr. Verði fargað eign þeirri, er samkv. 1. gr. hér á undan er séreign mín Margrétar Halldórsdóttur, hvort heldur er allri eigninni eða hluta hennar, skal allt það andvirði, er fyrir kemur, verða séreign mín Margrétar Halldórsdóttur og óviðkomandi skuldbindingum félagsbús okkar hjónanna og hjúskapareigna okkar og sérskuldbindingum meðundirritaðs Hjálmars Þorsteinssonar. 3. gr. Arður allur, sá er til fellur af eignum þeim, er samkvæmt 1. gr. og 2. gr. hér á undan eru séreign meðundirritaðrar Margrétar Halldórsdóttur, skal, meðan við lifum bæði, ganga til sameiginlega (sic.) heimilishalds okkar. Fari svo, að meðundirrituð Margrét Halldórsdóttir

andist á undan meðundirrituðum Hjálmari Þorsteinssyni, skal hann meðan hann lifir hafa arð allan af þeim eignum, er samkvæmt 1. gr. og 2. gr. hér á undan eru séreign meðundirritaðrar Margrétar Halldórsdóttur."

Á árinu 1974 leitaði núverandi lögmaður sóknaraðilja fyrir hönd nokkurra þeirra til skiptaréttarins með skipti á dánar- og félagsbúi Hjálmars Þorsteinssonar og Margrétar Halldórsdóttur, sbr. dskj. nr. 8 og 9, en hann telur í greinargerð sinni, að 9. des. 1975 eða á næsta fundi á eftir hafi búið verið framselt til einkaskipta. Ekki verður þó séð af skiptafundargerðum, er fyrir liggja, að búið hafi verið formlega afhent til einkaskipta, en ekkert mun hafa verið við málið átt af hálfu skiptaráðanda næstu mánuðina, en hins vegar virðast aðiljar sjálfir hafa unnið að lausn málsins, en ekki virðist það hafa borið endanlegan árangur, þegar Margrét féll frá. Með bréfi, dags. 17. sept. sl., óskaði sami lögmaður, eins og áður greinir, eftir atbeina skiptaréttarins við skiptin, enda taldi hann, að leyfið væri fallið niður af sjálfu sér við fráfall Margrétar. Málið var svo þingfest 11. október sem fyrr segir.

Uppskrift og virðing í búinu fór fram 20. október 1976 og 27. s. m., og voru eignir og skuldir uppskrifaðar sem hér segir:

Eignir:	1.	Húseignin Þjórsárgata 6, Rvík f.e.m. . .	kr. 699.000
	2.	Hálf húseignin Hverfisg. 34, Rvík f.e.m.	— 1.009.000
	3.	Hlutabréf í 4 hlutafélögum samt.	— 91.000
	4.	Útistandandi skuldir	— 1.756.725
			Samtals kr. 3.555.723
Skuldir:	1.	Sparisj. Rvíkur og nágr. . . kr. 80.000	
	2.	Auður h/f ..... — 225.374	— 305.374
			Skuldlaus eign kr. 2.250.349

Þá voru skrifaðar upp séreignir konu samkvæmt kaupmálum:

	1.	Húseignin nr. 28 við Klapparstíg í Rvík, f.e.m.	kr. 4.810.000
	2.	Innbúsmunir, matsverð	— 242.800
			Samtals kr. 5.052.800

Fram hafa verið lögð ljósrit af skattframtölum Hjálmars Þorsteinssonar 1928—1931, incl., sbr. dskj. nr. 17—20, og reksturs- og efnahagsreikningur pr. 31. des. 1975 fyrir Hjálmar Þorsteinsson & Co h/f og efnahagsreikningur fyrir Hjálmar Þorsteinsson pr. 31. des. 1964. Loks hefur verið lagt fram ljósrit úr veðmálaregistri fyrir Klapparstíg 28 varðandi þinglýstan eiganda og veðsetningar frá upphafi, sbr. dskj. nr. 6 og 7.

Sóknaraðiljar hafa einkum rökstutt mál sitt með eftirfarandi: Þeir skírskota til þess, að þegar Margrét Halldórsdóttir hafi keypt eignina Klapparstíg 28 21. mars 1928, hafi ekki verið gerður kaupmáli um hana og engin vísbending fyrirfinnist um það, að hún hafi verið keypt fyrir það fé, sem í kaupmálanum frá 1925 hafi verið ætlað til stofnunar verslunar Margrétar Á hinn bóginn sé ekki annað vitað en Hjálmar hafi greitt veðskuldir þær og fjárnámskröfu, sem á eigninni hvíldi á sínum tíma. Þá benda þeir á, að í kaupmálanum frá 1925 sé fram tekið, að hann verði skrásettur samkv. lögum nr. 20 20. júní 1923, en bæði það, að kaupmáli þessi var gerður, svo og tilvísun þessi til nefndra laga bendi ótvírætt til þess, að þeim hjónum hafi verið fullkunnugt um skilyrði laga fyrir, að eign, sem annars yrði félagseign, væri gerð að séreign annars hjóna. Þá benda sóknaraðiljar á, að ekki sé á það minnst í skattframtali Hjálmars Þorsteinssonar 1965, árið áður en síðari kaupmálinn var gerður, að Klapparstígur 28 sé séreign Margrétar. Það sé því nokkuð fært í stílinn, þegar lögmaður Hjálmars, sem kaupmálann ritaði, segir svo í 1. gr., að Klapparstígur 28 skuli hér eftir sem hingað til vera séreign mín, Margrétar Halldórsdóttur. Þá benda sóknaraðiljar á, að þegar kaupmálinn hafi verið gerður 24. febr. 1966, hafi Hjálmar Þorsteinsson verið rúmlega 79 ára gamall, fæddur 21. september 1886, og hafi þá fengið slag. Margrét hafi þá verið rúmlega 70 ára, fædd 23. sept. 1895. Þá hafi sambúð þeirra hjóna verið ágæt. Einnig benda sömu aðiljar á, að efnahagur þeirra hjóna, Hjálmars og Margrétar, hafi verið mjög góður um þetta leyti. Þannig hafi eignir þeirra samkvæmt athugun erfingja 30. ágúst sl. verið að verðmæti 58.825.320, en skuldir aðeins kr. 305.374.

Þá skírskota sóknaraðiljar til þess, að heimilt sé hjónum að gefa hvort öðru gjafir í lifanda lífi, svo framarlega sem það sé ekki á kostnað skuldheimtumanna, en um það verði að gera kaupmála, sbr. V. kafla laga nr. 20/1923, og láta skrásetja hann. en jafnframt halda þeir því fram, að slíkar gjafir geti stangast á við reglur erfðalaga um skylduarf. Þá geti slíkar gjafir enn

fremur verið í ósamræmi við kröfur erfðalaga um andlega heilsu þeirra, sem gera erfðaskrár, og um hæfi vitundarvotta o. s. frv. Gjöfin eða loforðið um hana geti þannig verið dulbúin erfðaskrá eða dánargjöf. Byggja þau kröfur sínar m. a. á, að kaupmálinn frá 1966 sé dulbúin erfðaskrá eða dánargjafagerningur, gjafaloforð, sem ekki sé ætlast til að komi til framkvæmda fyrr en að gefandanum látnum, sbr. 54. gr. erfðalaga. Þá rekja sóknaraðiljar, að margnefndur kaupmáli frá 1966 hafi ekki verið gerður með hætti, er segir í gildandi erfðalögum, og ekki innan heimildar 35. gr. þeirra laga og benda á í því sambandi áætlað verðmæti einstakra eigna búsins á sl. sumri og eignirnar í heild. Þá telja sömu aðiljar, að efni kaupmálans þurfi að vera eðlilegt miðað við allar ástæður, því ef svo sé ekki, hljóti að vakna um það grunsemdir, að verið sé að sniðganga ákvæði erfðalaga. En sú grunsemd verði að vissu, þegar sýnilegt sé, að gefandinn færi engar fórnir með gjöfinni í lifanda lífi, hvorki að því er varðar missi arðs af gjöfinni né missi raunverulegs ráðstöfunarréttar hans yfir henni, enda þótt sá réttur kunni að glatast að formi til, sem sé að gjöfinni sé ekki ætlað að koma til framkvæmda fyrr en að gefandanum látnum. Þá spyrja sóknaraðiljar, hverju Hjálmar Þorsteinsson hafi fórnað í lifanda lífi eða hverju kaupmálinn hafi breytt fyrir hann. Hjálmar hafi getað, áður en kaupmálinn var gerður, ráðstafað húsinu Klapparstíg 28 með samþykki konunnar og það sama hafi hann getað gert eftir gerð kaupmálans. Fyrir gerð kaupmálans hafi konan ekki getað ráðstafað þessari eign ein, því þótt hún væri þinglýstur eigandi hússins, þá hafi húseignin hvorki verið hjúskapareign hennar né séreign, heldur sameign beggja. Eftir kaupmálagerðina hafi konan hins vegar getað ráðstafað nefndri fasteign ein án samráðs við manninn. En líkur fyrir slíkri ráðstöfun telja sóknaraðiljar heldur litlar, þar sem konan hafi verið 70 og maðurinn 79 ára og verið búin að lifa lengi saman í ástríkri sambúð. Loks skýrskota sömu aðiljar til þess, að með tilvísan til 3. gr. kaupmálans breyti hann engu um, hver njóti arðs af þessari fasteign.

Varnaraðiljar hafa eindregið mótmælt málsástæðum sóknaraðilja og atvikalýsingum þeirra, þar sem rangt sé með farið, og hafa einkum fært fram eftirfarandi: Þeir segja, að þegar móðir þeirra hafi keypt fasteignina Klapparstíg 28, hafi verið þar lítið hús, sem rifið hafi verið, áður en byggingarframkvæmdir hafi hafist á lóðinni. Móðir þeirra hafi nokkru síðar reist hús á lóðinni, m. a. með aðstoð bræðra sinna, sem lánað hafi fé til fram-

kvæmdanna, og er upplýst, að lán þessi námu alls kr. 19.644.89, sbr. dskj. nr. 20. Þá segja sömu aðiljar, að þar sem húsið hafi orðið til með framangreindum hætti, hafi þegar í upphafi verið ákveðið af föður þeirra og móður, að húsið yrði séreign hennar, enda þinglýst á hennar nafn og bræður hennar hafi staðið í þeirri trú, þegar þeir lánuðu fé til byggingarinnar, að svo væri eða húsið yrði gert að hennar séreign. Hins vegar hafi orðið dráttur á, að þetta væri beinlínis staðfest með kaupmála, sem eigi hafi verið gerður fyrr en 24. febr. 1966, en í honum komi greinilega fram, sbr. gr. 1., að efni hans sé aðeins staðfesting á munnlegu samkomulagi, sem gert hafi verið, „er reist var húsið að Klapparstíg 28 í Reykjavík". Samkvæmt því segja varnaraðiljar, að kaupmálinn frá 1966 hafi ekki verið gerður til að sniðganga erfðalög eða í nokkrum öðrum ólöglegum tilgangi, heldur hafi verið með gerð hans einungis verið bætt úr fyrri drætti og vanrækslu.

Varnaraðiljar hafa skýrt svo frá, að eftir lát fyrri konu föður þeirra á árinu 1924 hafi móðir þeirra komið á heimili hans og um það bil ári síðar hafi þau gengið í hjónaband. Á heimilinu hafi verið fjögur börn og móðir fyrri konu föður þeirra. Þá hafi fjárhagur föður þeirra verið mjög bágborinn, en ekki hafi þeim tekist að afla skilríkja um fjárhag hans þá, en samkvæmt skattframtali hans 1928 skuldi hann kr. 34.600 fram yfir eignir (ekki kr. 35.600), sbr. dskj. nr. 17. Þá segja sömu aðiljar, að þegar móðir þeirra hafi komið á heimilið, hafi hún verið um þrítugt og hafi hún snemma farið að vinna fyrir sér og verið mjög sparsöm og nýtin og eins og fram komi í kaupmálanum á dskj. nr. 2, hafi hún safnað fé og munum, sem hún hafi lagt til heimilisins. Gera megi ráð fyrir, að féð hafi farið í að byggja húsin Bjarnarstíg 4 og Klapparstíg 28 og hafi móðir þeirra ekki vitað annað en síðarnefnda húseignin væri hennar eign og sama hafi gilt um þau systkinin. Um kaupmálann frá 1966 hafi allir erfingjarnir vitað frá upphafi og í öllum erfðasamningum, sem aðiljar þessa máls hafi gert, hafi verið gengið út frá, að kaupmálinn væri í fullu gildi, þar til stofnað hafi verið til þessa máls, sbr. dskj. 11.

Því hefur verið eindregið andmælt af varnaraðiljum, að andlegri heilsu foreldra þeirra hafi verið nokkuð farið að hraka, þegar þau hafi gert kaupmálann á árinu 1966, enda geti fleiri en einn læknir borið um þetta efni, þar sem þeir hafi verið þeim nákunnugir og fylgst með heilsufari þeirra.

Þorkell Halldórsson, Akranesi, bróðir Margrétar Halldórsdótt-

ur, 79 ára, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitninu var kynnt efni ljósrits úr afsals- og veðmálaregistri Reykjavíkur, framlagðs í málinu, og kannaðist hann við að hafa lánað systur sinni Margréti til byggingar hússins Klapparstígs 28, Reykjavík, og kvað upphæðina kr. 10.000 ekki ólíklega. Þegar hann lánaði þetta fé, kvaðst hann hafa talið, að Margrét væri að byggja húsið í eigin nafni. Vitnið vissi til, að Loftur bróðir hans hafði einnig lánað fé í sama skyni, en hann mundi ekki, hversu mikið. Sem svar við þeirri spurningu, hvort hann hefði sett það sem skilyrði fyrir láninu, að Margrét ætti húsið sem séreign, svaraði hann: „Annað hafði aldrei komið til greina í sambandi við þessa lánveitingu en að Margrét ætti húsið ein.“ Ástæðuna fyrir þessu kvað vitnið hafa verið þá, að fjárhagur Hjálmars hafi verið svo óviss, að annað hafi ekki þótt tryggt en Margrét yrði eigandi hússins. Vitnið kvað Hjálmar hafa verið í útgerð og tapað fé á henni. Vitnið kvað Hjálmar hafa verið hættan útgerð, þegar hér var komið, en hann hafi átt ógreiddar skuldir frá henni.

Margrét Halldórsdóttir og Hjálmar Þorsteinsson gengu í hjónaband, eins og áður segir, á árinu 1925, og gilda því lög nr. 20 20. júní 1923 um fjármál þeirra. Samkvæmt 30. gr. þeirra laga er hjónum veitt heimild til gjafa sín á milli, ef um það er gerður kaupmáli, og samkvæmt 38. gr. sömu laga er skilyrði til þess, að kaupmálinn sé gildur, að hann sé tilkynntur og skráður í kaupmálabókina samkv. IX. kafla sömu laga. Kaupmáli sá, sem hér er um deilt, er dags. 24. febr. 1966 og tilkynntur 25. febr. 1966 og skrásettur sama dag.

Svo sem að framan er rakið, hafa varnaraðiljar haldið því fram, að móðir þeirra, Margrét Halldórsdóttir, hafi litið svo á alla tíð, að húseignin Klapparstígur 28 hafi verið hennar séreign, og hafa varnaraðiljar fært að því ýmis rök, svo sem að húseignin hafi frá upphafi verið þinglýst á hennar nafni, enda hafi hún verið kaupandi upphaflegu eignarinnar samkv. framlögðum kaupsamningum og afsölum og hún hafi átt nokkra fjármuni til þess og bræður hennar hafi lánað henni allmikið fé til þess. Einnig styður þetta vitnisburður Þorkels Halldórssonar, sem að framan er rakinn. Sóknaraðiljar hafa andmælt þessu og skírskotað til þess, að engin ákvæði um húseignina hafi verið í kaupmála fyrr en í kaupmálanum frá 24. febr. 1966. Þar sem skýr ákvæði eru um nefnda fasteign í þessum síðastgreinda kaupmála, þykir rétt að víkja næst að gildi hans gagnvart sóknaraðiljum.

Ekki er um deilt, að réttra formsatriða og réttra undirskrifta

svo og ákvæða um skráningu og tilkynningu sé gætt varðandi þennan kaupmála. En eins og að framan er að vikið, hafa sóknaraðiljar einkum borið fyrir sig þær ástæður, að ákvæði kaupmálans og form stangist á við ákvæði erfðalaga, og í öðru lagi um, að andlegri heilsu Hjálmars Þorsteinssonar hafi verið farið að hraka svo og að gerningur þessi sé samkvæmt öllum aðstæðum aðilja, eins og að framan er nánar að vikið, í eðli sínu erfðagerningur, þ. e. gerningur mortis causa.

Á það, að hér sé raunverulega um erfðagerning að ræða, verður ekki fallist. Hér er um kaupmála í nánast hefðbundnu formi að ræða, og breytir engu þar um, þótt í honum séu ákvæði um not af arði séreignarinnar, enda er t. d. í 23. gr. laga nr. 20 20. júní 1923, síðari mgr., beinlínis gert ráð fyrir því, að arður af séreign verði hjúskapareign viðkomandi, nema bein ákvæði séu um annað í kaupmála. Varðandi andlega heilsu aðilja er nánast ekkert upplýst. Margrét Halldórsdóttir var 70 ára og Hjálmar Þorsteinsson 79 ára að aldri, og hefur lögmaður sóknaraðilja slegið því fram, að Hjálmar hafi verið búinn að fá „slag", en engin tilraun hefur verið gerð til að færa sönnur að andlegri vanhæfni aðilja kaupmálans, svo ekki er hægt að taka þá ástæðu til greina. Ekki verður heldur á það fallist, að hér sé um dulbúna erfðaskrá eða gerning mortis causa að ræða, þótt Hjálmar Þorsteinsson væri kominn á þann aldur, sem að framan greinir, enda hafa verið óneitanlega færð að því allsterk rök, að fyrir gerð þessa kaupmála hafi verið litið svo á, að nefnd húseign væri séreign Margrétar Halldórsdóttur. Einnig er á það að líta, að Hjálmar Þorsteinsson lifði í um 6 ár eftir þetta. Þegar á þetta er litið, er nú var greint, þykir verða að hafna kröfum sóknaraðilja, að kaupmálinn frá 24. febr. 1966 verði metinn ógildur gagnvart þeim, heldur verður hann lagður til grundvallar við skiptin í dánarbúi Hjálmars Þorsteinssonar og Margrétar Halldórsdóttur. Ekki þykir ástæða til að fenginni framangreindri niðurstöðu að taka afstöðu til þess, hvort húseignin nr. 28 við Klapparstíg hafi verið séreign Margrétar Halldórsdóttur, áður en kaupmálinn frá 1966 var gerður.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigurður M. Helgason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja um ógildingu kaupmálans, dags. 24. febr. 1966, tilkynnts 25. febr. 1966, er ekki tekin til greina,

og verður kaupmálinn lagður til grundvallar við skipti í búi þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. mars 1979.

Nr. 23/1977. **Sigurgeir Steingrímsson**
Gylfi Felixson og
Hrafn G. Johnsen
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Guðnýju Ámundadóttur
(Björgvin Sigurðsson hrl.).

Skuldamál. Húsaleigusamningur. Verðbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 9. febrúar 1977. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en aðiljar hafa lýst yfir fyrir Hæstarétti, að enginn tölulegur ágreiningur sé um hina dæmdu fjárhæð eða vexti.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 140.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sigurgeir Steingrímsson, Gylfi Felixson og Hrafn G. Johnsen, greiði stefndu, Guðnýju Ámundadóttur, 140.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. nóvember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 10. þ. m., höfðaði Guðný Ámundadóttir, Hverfisgötu 39, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Sigurgeir Steingrímssyni tannlækni, Tungubakka 34, Reykjavík, Gylfa Felixsyni tannlækni, Glæsibæ 8, Reykjavík, og Hrafni G. Johnsen tannlækni, Smyrlahrauni 24, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 662.935 ásamt hæstu leyfilegu vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, eftir því sem hlutar skuldarinnar féllu í gjalddaga, frá 1. janúar 1971 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ af höfuðstól og vöxtum.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þá leið, að í stað stefnukröfunnar að fjárhæð kr. 662.935 er gerð krafa um kr. 568.716, og er sú fjárhæð sundurliðuð þannig:

a.	Tímabilið 1. mars 1972 til 1. mars 1973, þ. e. 12 mán., kr. 19.016 pr. mán.	kr. 228.192
b.	Tímabilið 1. mars til 30. nóv. 1973, þ. e. 9 mán., kr. 23.810 pr. mán.	kr. 214.290
c.	Tímabilið 1. des. 1973 til 1. mars 1974, þ. e. 3 mán., kr. 27.170 pr. mán.	kr. 81.510
d.	Tímabilið 1. mars 1974 til 1. sept. 1975, þ. e. 18 mán., kr. 31.698 pr. mán.	kr. 570.564
	Samtals	kr. 1.094.556
	Frá dregst þegar greidd húsaleiga, kr. 12.520 á mán. allt tímabilið	kr. 525.840
	Eftirstöðvar	kr. 568.716

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda þær dómkröfur, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til þess að greiða

kr. 568.716 með hæstu innlánsvöxtum, það er 7% ársvöxtum frá 1. mars 1972 til 17. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags eftir því sem hlutar skuldarinnar féllu í gjalddaga. Þá var og krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ af höfuðstól og vöxtum.

Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að með húsaleigusamningi, dags. 1. september 1965, hafi stefnandi leigt stefndu húsnæði til 10 ára á 2. hæð í húsinu nr. 37 við Hverfisgötu hér í borg fyrir tannlæknastofu. Grunnleiga fyrir allt húsnæðið var kr. 9.000 á mánuði. Í 6. gr. húsaleigusamningsins er svohljóðandi ákvæði:

„Verði breytingar á leigu eftir húsnæði á leigutímabilinu, skal miðast við vísitölu byggingarkostnaðar til hækkunar eða lækkunar, og skal þá framangreind leiguupphæð skoðast sem grunnleiga."

Eftir þessu ákvæði mun hafa verið farið til ársloka 1968, og mun húsaleiga þá hafa verið komin í kr. 12.520. Eftir þann tíma hafa stefndu greitt stefnanda þessa fjárhæð í húsaleigu, þ. e. kr. 12.520 á mánuði. Stefnandi mun hafa fallið frá kröfu um vísitöluhækkun á húsaleigu um áramótin 1968 til 1969, án þess þó að þá væri rætt um, hvernig húsaleigunni yrði farið það, sem eftir væri samningstímans. Á árinu 1972 krafði stefnandi um vísitöluhækkun á húsaleiguna. Aðiljar eru ósammála um, hvenær á árinu 1972 stefnandi hafi borið fram þessa kröfu um vísitöluhækkun. Þrátt fyrir kröfu stefnanda um hækkun hafa stefndu greitt út samningstímann kr. 12.510 til kr. 12.570 í húsaleigu á mánuði, og deponeruðu stefndu húsaleigunni. Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um mismun á þegar greiddri húsaleigu og þeirri húsaleigu, sem stefnandi hefur krafist á tímabilinu 1. mars 1972 til 1. september 1975.

Aðiljar málsins hafa komið fyrir dóm til yfirheyrslu vegna máls þessa.

Stefnandi málsins bar, að farið hefði verið eftir ákvæðum 6. gr. húsaleigusamningsins þar til í desember 1968. Á þeim tíma fannst stefnanda byggingarvísitalan hafa hækkð það óeðlilega mikið, að

húsaleigan yrði tiltölulega hærri heldur en þær 9 þúsund krónur, sem gerður hafði verið samningur um, en til þess að verja þessar 9 þúsund krónur næstu 10 árin hafi verið látið þetta ákvæði um byggingarvísitöluna á sínum tíma. Ekki hafi verið rætt um, hvernig áframhald yrði, en stefnandi kvaðst ekki hafa afsalað sér breytingu á húsaleigu eftir þann tíma, hvernig svo sem breyttar aðstæður yrðu. Á árinu 1972 hafi húsaleigan verið orðin óeðlilega lág samanborið við gjöld af fasteigninni og þá hafi stefnanda fundist rétt að breyta þessu aftur þannig, að það yrði í samræmi við gildandi verðlag, eins og það hafi verið á þeim tíma. Kröfu um hækkun kvaðst stefnandi hafa sett fram á miðju ári 1972, þegar stefndu ætluðu að greiða, þeir hafi í þessu tilfelli greitt 4 mánuði eftir á og hafi stefnandi farið fram á breytta húsaleigu frá þeim tíma, sem húsaleiga hefði verið greidd.

Það kom fram hjá stefnanda hér fyrir dómi, að hún væri ekki eini eigandi hins leigða húsnæðis. Eigendur væru systir stefnanda og börn stefnanda, en samninginn hafi stefnandi gert ein fyrir hönd annarra eigenda. Samkvæmt yfirlýsingu stefnanda og framlögðu veðbókarvottorði eru eigendur hússins nr. 37 við Hverfisgötu stefnandi og Vilborg Ámundadóttir, systir stefnanda.

Stefndi Gylfi Felixson bar fyrir dómi, að þeir stefndu hefðu bara átt við stefnanda um viðskipti út af húsaleigunni. Farið hafi verið eftir ákvæðum um vísitölubindingu húsaleigunnar fram á árið 1968. Stefnda Gylfa minnti, að stefnandi hafi, þá er hún hætti að krefja um vísitöluhækkun, haft orð á því, að byggingarvísitalan hefði hækkað það ört og mikið, að hún teldi ekki rétt að fara eftir henni, en um framhaldið hafi aldrei verið rætt. Þeir stefndu hafi ekki hugsað um framhaldið, hvort vísitöluhækkun yrði tekin upp aftur eða ekki. Það hafi ekkert verið minnst á þetta. Bara hafi verið talað um tímann, þegar stefnandi hætti að taka hækkunina. Það hafi verið á árinu 1972 sem stefnandi fór aftur að krefja um hækkaða húsaleigu. Þá hafi stefndu reynt að tala við stefnanda, en það hafi gengið hálfilla. Stefndu hafi neitað þessari hækkun, sem þeim hafi fundist dálítið mikil, en stefndu hafi gengið hálfilla að ná sambandi við stefnanda. Tíminn hafi liðið og hafi stefndu aldrei getað talað út um hlutina við stefnanda. Þegar stefndu hafi farið að ræða hækkunina við stefnanda, hafi stefndu farið fram á það, að stefnandi fengi sér heimild, sem hún hafi tjáð stefndu, að hún gæti fengið. Stefnandi hafi sagst geta fengið heimild hjá ráðuneytinu fyrir þessum hækkunum og hafi stefndu sagst mundu fallast á hækkun, ef

hún kæmi með þá heimild, en það hafi hún ekki gert. Það kom fram hjá stefnda Gylfa, að stefndu hafi verið til umræðu um hækkun, en þeim hafi fundist húsið vera allilla útlítandi og illa við haldið.

Það kom fram hjá stefnda Hrafni Johnsen, að þá er stefnandi tók það upp hjá sjálfri sér að afnema ákvæði húsaleigusamningsins um vísitöluhækkun, þá hafi hann skilið það svo, að hún með því hafi afsalað sér rétti til þess að krefjast hækkunar skv. vísitölu síðar á leigutímabilinu, en um þetta hafi ekki verið talað. Viðskipti út af þessum húsaleigusamningi hafi stefndu eingöngu átt við stefnanda og henni hafi þeir greitt húsaleiguna. Stefndi Hrafn kvaðst halda, að það hefði kamið fram oftar en einu sinni, að stefndu væru reiðubúnir að greiða hækkun, ef það fengist leyfi til þess að hækka húsaleiguna, ef stefnandi sýndi þeim skriflega heimild til þess, en það hafi hún aldrei gert.

Stefndi Sigurgeir Steingrímsson bar, að þeir stefndu hefðu átt viðskipti sín vegna húsaleigunnar við stefnanda Guðnýju eina og hafi stefndu ekki fyrr en seinna orðið ljóst, að eigendur að húsnæðinu voru fleiri. Stefnandi hafi tekið það upp að eigin hvötum að hætta að taka hækkun. Ekki hafi verið um það rætt, hvað yrði um vísitöluhækkun það, sem eftir væri leigutímans, en stefndi kvaðst hafa skilið það svo, að með þessu félli stefnandi frá hækkun, það sem eftir væri leigutímans. En ekki hafi verið útilokað, að einhver hækkun hefði getað átt sér stað eftir öðrum leiðum en miða við byggingarvísitölu. Þegar stefndu voru krafðir um hækkun samkvæmt byggingarvísitölu á árinu 1972, hafi þeir hafnað því algerlega, þar sem þeir hafi talið, að byggingarvísitala kæmi ekki lengur til greina, og auk þess hafi verðstöðvun verið í gildi. Þegar um húsaleiguhækkun hafi verið rætt, þá hafi stefndu viljað leggja til grundvallar húsaleiguhækkun, sem hafi orðið yfirleitt á húsaleigu á svæðinu þarna í kring við sambærilega aðstöðu og komið hafi fram, að stefndu hafi greitt fyllilega miðað við ástand hússins og aðrir gerðu þarna í nágrenninu.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að á ýmsum tímum hafi verið bannað ýmist með lögum eða ákvörðunum stjórnvalda að hækka húsaleigu samkvæmt vísitölu, en í annan stað hafi stjórnvöld á stundum leyft vissar hækkanir samkvæmt vísitölu, ýmist um ákveðinn vísitölustigafjölda, sbr. tilkynningu verð-

lagsstjóra nr. 8/1973, eða að fullu, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra nr. 44/1973.

Stefnandi byggir kröfur sínar um hækkun á 6. gr. laga nr. 94/1970 og síðari heimildum stjórnvalda.

Augljóst sé af dskj. nr. 6, að stefndu neiti með öllu að greiða hina vangreiddu húsaleigu, sem hér sé stefnt út af, þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Leitað hafi verið til verðlagsstjóra til að fá staðfest, að kröfur stefnanda væru löglegar, og svar verðlagsstjóra sé á dskj. nr. 8, þar sé tekið fram, að útreikningur í bréfi lögmanns stefnanda sé innan ramma þessara hækkunarheimilda með örlitlum frávikum í tíma.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að þá er húsaleigusamningurinn var gerður 1. september 1965, hafi verið algengt að hafa sambærileg ákvæði og eru í 6. gr. samningsins. Húsaleigusamningurinn hafi verið í fullu gildi allt samningstímabilið, nema þegar bannað hafi verið að hækka húsaleigu, þótt ákvæðum hans hafi ekki verið beitt til hins ýtrasta. Til þess að stefnandi hefði firrt sig rétti, hefði eitthvað frekar þurft til að koma en stefnandi notaði ekki fyllsta rétt sinn. Þar hefði þurft nýjan samning eða yfirlýsingu stefnanda um, að hún hefði fallið frá samningsbundnum rétti sínum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að fram til ársloka 1968 hafi verið farið eftir ákvæði 6. gr. húsaleigusamningsins og hafi grunnleigan, kr. 9.000 á mánuði, þá verið komin upp í kr. 12.520. Í þessu sambandi er á það bent, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 71 frá 6. maí 1966 sé bannað að binda fjárgreiðslur við breytingar á vísitölu, þannig að eftir þann tíma hafi stefndu ofgreitt húsaleigu til stefnanda.

Stefnandi hafi einhliða breytt leigusamningnum í lok ársins 1968 og fallið frá ákvæði 6. gr. hans um vísitölubindingu. Þessa breytingu hafi stefndu samþykkt, þannig að frá þeim tíma sé 6. gr. húsaleigusamningsins á dskj. nr. 3 niður fallin fyrir viljayfirlýsingu og athafnir stefnanda, en hafi ekki orðið óvirk vegna opinberra aðgerða. Þær hækkanir, sem síðar hafi verið leyfðar, byggist á því, að báðir aðiljar samþykki. Þá sé hækkunin látin óátalin.

Á það er bent, að húsaleigan hafi frá upphafi verið óeðlilega há á þeim tíma, er stefndu tóku við húsnæðinu, miðað við ástand þess, en stefndu hafi standsett alla hæðina og uppganginn að henni og hafi þeir greitt þann kostnað, svo að húsnæðið yrði nothæft fyrir tannlækningastofur. Njóti stefnandi þessara að-

gerða stefndu, sem að miklu leyti hafi verið nauðsynlegt viðhald á eigninni, en að nokkru leyti sérframkvæmdir vegna tannlækningastofanna, sem nú komi stefnanda að fullu gagni, þar sem húsnæðið sé leigt áfram fyrir tannlækningastofur. Megi þar sérstaklega benda á allar nauðsynlegar leiðslur fyrir vatn, rafmagn og frárennsli að tannlækningasamstæðunum og eigi stefndu vafalaust gagnkröfur af þessu efni, ef til kæmi.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að það, að stefnandi hætti að taka vísitöluhækkun á árinu 1968, sé ekki hægt að skilja öðru vísi en svo, að það sé viljayfirlýsing stefnanda um, að ákvæði 6. gr. samningsins sé fallið niður. Að minnsta kosti hafi ákvæðið fallið niður fyrir aðgerðarleysi stefnanda. Dskj. nr. 12 sýni, að stefnandi hafi ekki farið að krefja um vísitöluhækkun fyrr en í desember 1972. Dskj. nr. 20 komi í framhaldi af dskj. nr. 12, verið geti að krafa um vísitöluhækkun hafi verið sett fram í nóvember, en fyrr ekki.

IV.

Undir rekstri málsins hefur komið fram, að stefnandi er ekki eini eigandi hins leigða húsnæðis. Samkvæmt framlögðu veðbókarvottorði fasteignarinnar nr. 37 við Hverfisgötu eru eigendur tveir, það er stefnandi og Vilborg Ámundadóttir, sem mun vera systir stefnanda. Stefnandi mun vera eigandi að 89/128 hlutum fasteignarinnar, og Vilborg Ámundadóttir mun vera eigandi að 39/128 hlutum fasteignarinnar. Í málinu liggur frammi yfirlýsing Vilborgar Ámundadóttur, þar sem hún staðfestir áðurgefið munnlegt umboð til stefnanda til þess að innheimta vangoldna húsaleigu hjá stefndu. Í yfirlýsingu þessari segir, að allt, sem stefnandi geri í þessu sambandi, málshöfðun og annað, sé jafnbindandi fyrir Vilborgu og hefði hún það sjálf gert, enda hafi stefnandi haft á hendi umsjón þessarar sameignar um árabil, eins og samningurinn beri með sér, sem stefnandi skrifi ein undir.

Framlagður húsaleigusamningur ber með sér, að stefnandi skrifar ein undir sem leigusali. Fram kom hjá stefndu hér fyrir dómi, að þeir hefðu átt viðskipti sín vegna húsaleigunnar eingöngu við stefnanda. Því var lýst yfir af hálfu stefndu, að aðild stefnanda væri ekki vefengd. Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, þá þykir það ekki eiga að varða frávísun málsins, að eigendur hins leigða húsnæðis höfðuðu ekki báðir mál þetta, enda verður að líta svo á yfirlýsingu eigandans Vilborgar

Ámundadóttur á dskj. nr. 18 svo og það, sem fram er komið um viðskipti stefnanda og málsaðilja, að stefnandi hafi haft umboð til þess að annast leigu húsnæðisins svo og þau viðskipti, sem af því leiddu.

Húsaleigusamningur sá, sem lögskipti málsaðilja byggjast á, er dagsettur 1. sept. 1965, það er fyrir gildistöku laga nr. 71 frá 1966. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki á þá málsástæðu stefndu fallist, að ákvæði 6. greinar samningsins brjóti í bága við ákvæði laga nr. 71 frá 1966.

Fram er komið, að málsaðiljar fóru eftir ákvæði 6. gr. húsaleigusamningsins til ársloka 1968, en þá tók stefnandi það upp hjá sjálfri sér að hætta að krefja um hækkun vegna hækkunar á byggingarvísitölu. Málsaðiljar eru sammála um, að ekki hafi verið rætt um, hvernig yrði um húsaleiguna, það sem eftir væri samningstímans. Það, að stefnandi krafðist ekki hækkunar vegna breytinga á vísitölu í lok ársins 1968, þykir ekki hafa gefið stefndu tilefni til þess að telja stefnanda með því afsala sér rétti til þess að krefjast hækkunar í samræmi við ákvæði samningsins, það sem eftir var leigutímans, en eins og að framan er rakið, var samningurinn gerður til 1. september 1975.

Með lögum nr. 94 frá 1970 var komið á verðstöðvun hér á landi. Í 6. gr. laganna er ákveðið, að húsaleiga, er fylgi verðlagsvísitölu samkvæmt samningi, megi hækka til samræmis við vísitölur, eins og þær eru í nóvember 1970, en eftir það skuli húsaleiga samkvæmt slíkum samningi haldast óbreytt til loka verðstöðvunartímabilsins. Lög þessi voru sett 19. nóvember 1970, og skyldu þau gilda til 31. ágúst 1971. Með lögum nr. 77 frá 1971 var gildistími laga nr. 94/1970 framlengdur til 31. des. 1971.

Málsaðiljar eru ósammála um, hvenær stefnandi hafi aftur farið að krefja um vísitöluhækkun á húsaleigu. Stefndu halda því fram, að það hafi verið í desember 1972, eða í fyrsta lagi í nóvember 1972, og hafi þá verið gerð krafa um vísitöluhækkun fyrir allt árið 1972. Stefnandi kveðst hafa sett fram kröfuna á miðju sumri 1972 og þá hafa krafið um vísitöluhækkun á gjaldfallinni húsaleigu, en þá hafi stefndu skuldað húsaleigu frá 1. mars 1972. Fram er komið, að eftir að stefndu neituðu að greiða vísitöluhækkun á húsaleigu, hafi stefnandi neitað að veita húsaleigunni viðtöku og hafi stefndu eftir það deponerað húsaleigu til stefnanda. Lögmanni stefndu var gefinn kostur á að leggja fram síðustu kvittun stefnanda fyrir húsaleigugreiðslu, og lagði lögmaðurinn fram kvittun, dags. 2. des. 1972. Þar er kvittað fyrir

greiðslu upp í húsaleigu fyrir 1971, sem lögmenn aðilja eru sammála um, að eigi að vera fyrir árið 1972, fjárhæðin er kr. 125.100. Einnig hefur verið lagt fram ljósrit af svuntu úr kvittanahefti, dags. 16. febrúar 1972. Þar er skráð ein greiðsla, kr. 62.550, sem húsaleiga fyrir okt., des. 1971 og jan., febr. 1972. Þannig að fram er komið, að stefndu hafa greitt húsaleigu eftir á og þá í þessum tilfellum a. m. k. fyrir nokkra mánuði í einu og 2. des. 1972 fyrir 10 mánuði í einu. Ólíklegt þykir, að stefnandi hafi ekki krafið stefndu um ógreidda húsaleigu frá því í mars 1972 fyrr en í nóvember eða desember 1972. Gegn fullyrðingum stefndu þykir ekki verða miðað við, að stefnandi hafi sett fram kröfu um hækkun á húsaleigu á miðju sumri 1972. Rétt þykir að miða við, að krafan hafi verið sett fram ekki síðar en í nóvember 1972. Sú skoðun styðst við orðalag kvittunarinnar á dskj. nr. 20 svo og við dskj. nr. 12, sem er ódagsett, en er reikningur yfir húsaleigu í 11 mánuði frá 1. janúar 1972 mínus innborgað, sem er að fjárhæð húsaleiga í tvo mánuði.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda hefur ekki verið tölulega mótmælt, og á dskj. nr. 8, sem er bréf verðlagsstjóra, kemur fram, að útreikningar þeir, sem stefnandi byggir dómkröfu sína á, eru innan ramma þeirra hækkunarheimilda, sem veittar hafa verið síðan 1. nóvember 1970.

Niðurstaða dómsins verður því sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda umkrafða hækkun á húsaleigu frá 1. desember 1972. Samkvæmt framlögðum gögnum virðast stefndu hafa greitt þá kr. 12.510 til kr. 12.570 á mánuði í húsaleigu, en kröfugerð stefnanda er við það miðuð, að stefndu hafi greitt kr. 12.520 á mánuði út samningstímann, og verður sú fjárhæð lögð til grundvallar, enda hefur lögmaður stefndu líka miðað við þessa fjárhæð. Samkvæmt þessu ber stefndu að greiða stefnanda kr. 510.252 þannig: með 7% ársvöxtum af kr. 6.494 frá 1. des. 1972 til 1. jan. 1973, en af kr. 12.992 frá þeim degi til 1. febrúar 1973, en af kr. 19.488 frá þeim degi til 1. mars 1973, en af kr. 30.778 frá þeim degi til 1. apríl 1973, en af kr. 42.068 frá þeim degi til 1. maí 1973, en af kr. 53.358 frá þeim degi til 17. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1973, en af kr. 64.648 frá þeim degi til 1. júlí 1973, en af kr. 75.938 frá þeim degi til 1. ágúst 1973, en af kr. 87.228 frá þeim degi til 1. september 1973, en af kr. 98.518 frá þeim degi til 1. okt. 1973, en af kr. 109.808 frá þeim degi til 1. nóv. 1973, en af kr. 121.098 frá þeim degi til 1. des. 1973, en af kr. 135.748 frá þeim degi til 1. jan.

1974, en af kr. 150.398 frá þeim degi til 1. febrúar 1974, en af kr. 165.048 frá þeim degi til 1. mars 1974, en af kr. 184.262 frá þeim degi til 1. apríl 1974, en af kr. 203.404 frá þeim degi til 1. maí 1974, en af kr. 222.582 frá þeim degi til 1. júní 1974, en af kr. 241.760 frá þeim degi til 1. júlí 1974, en af kr. 260.938 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1974, en af kr. 280.116 frá þeim degi til 1. sept. 1974, en af kr. 299.294 frá þeim degi til 1. okt. 1974, en af kr. 318.472 frá þeim degi til 1. nóv. 1974, en af kr. 337.650 frá þeim degi til 1. des. 1974, en af kr. 356.828 frá þeim degi til 1. jan. 1975, en af kr. 376.006 frá þeim degi til 1. febrúar 1975, en af kr. 395.184 frá þeim degi til 1. mars 1975, en af kr. 414.362 frá þeim degi til 1. apríl 1975, en af kr. 433.540 frá þeim degi til 1. maí 1975, en af kr. 452.718 frá þeim degi til 1. júní 1975, en af kr. 471.896 frá þeim degi til 1. júlí 1975, en af kr. 491.074 frá þeim degi til 1. ágúst 1975, en af kr. 510.252 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 105.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurgeir Steingrímsson, Gylfi Felixson og Hrafn G. Johnsen, greiði in solidum stefnanda, Guðnýju Ámundadóttur, kr. 510.252 með 7% ársvöxtum af kr. 6.494 frá 1. des. 1972 til 1. jan. 1973, en af kr. 12.992 frá þeim degi til 1. febrúar 1973, en af kr. 19.488 frá þeim degi til 1. mars 1973, en af kr. 30.778 frá þeim degi til 1. apríl 1973, en af kr. 42.068 frá þeim degi til 1. maí 1973, en af kr. 53.358 frá þeim degi til 17. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1973, en af kr. 64.648 frá þeim degi til 1. júlí 1973, en af kr. 75.938 frá þeim degi til 1. ágúst 1973, en af kr. 87.228 frá þeim degi til 1. september 1973, en af kr. 98.518 frá þeim degi til 1. október 1973, en af kr. 109.808 frá þeim degi til 1. nóvember 1973, en af kr. 121.098 frá þeim degi til 1. desember 1973, en af kr. 135.748 frá þeim degi til 1. janúar 1974, en af kr. 150.398 frá þeim degi til 1. febrúar 1974, en af kr. 165.048 frá þeim degi til 1. mars 1974, en af kr. 184.262 frá þeim degi til 1. apríl 1974, en af kr. 203.404 frá þeim degi til 1. maí 1974, en af kr. 222.582 frá þeim degi til 1. júní 1974, en af kr. 241.760 frá þeim degi til 1. júlí 1974, en af kr. 260.938 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1974, en af kr.

280.116 frá þeim degi til 1. september 1974, en af kr. 299.294 frá þeim degi til 1. október 1974, en af kr. 318.472 frá þeim degi til 1. nóvember 1974, en af kr. 337.650 frá þeim degi til 1. desember 1974, en af kr. 356.828 frá þeim degi til 1. janúar 1975, en af kr. 376.006 frá þeim degi til 1. febrúar 1975, en af kr. 395.184 frá þeim degi til 1. mars 1975, en af kr. 414.362 frá þeim degi til 1. apríl 1975, en af kr. 433.540 frá þeim degi til 1. maí 1975, en af kr. 452.718 frá þeim degi til 1. júní 1975, en af kr. 471.896 frá þeim degi til 1. júlí 1975, en af kr. 491.074 frá þeim degi til 1. ágúst 1975, en af kr. 510.252 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 105.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. mars 1979.

Nr. 99/1977. **Hulda Sigurðardóttir**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Eiríki Valdimarssyni
og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Fasteignaviðskipti. Gallar. Skaðabótamál. Ómerking og frávísun aðalsakar í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn hefur kveðið upp Björgvin Bjarnason bæjarfógeti ásamt meðdómendunum Guðmundi Bjarnasyni og Pétri Elíssyni trésmíðameisturum.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með

stefnu 24. júní 1977. Dómkröfur hennar fyrir Hæstarétti eru þessar:

„A. Í aðalsök í héraði:

1. Að gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda kr. 50.989 með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 15. ágúst 1975 til 15. ágúst 1976, af kr. 303.864 frá þeim degi til 14. júní 1977 og af kr. 50.989 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að gagnáfrýjanda verði gert að gefa út handa aðaláfrýjanda skuldabréf að fjárhæð kr. 1.264.375, tryggt með veði í neðri hæð fasteignarinnar nr. 7 við Hjarðarholt á Akranesi, næst á eftir skuldum við Veðdeild Landsbanka Íslands samkvæmt þremur veðskuldabréfum, dags. 30. janúar, 24. júní og 10. desember 1965, upphaflega að fjárhæð samtals kr. 200.000, skuld við Landsbanka Íslands, útibúið á Akranesi, samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 14. sept. 1970, upphaflega að fjárhæð kr. 150.000, svo og veði fyrir láni frá Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar að fjárhæð kr. 400.000. Hljóði skuldabréfið um greiðslu fjárhæðarinnar á 5 árum frá 15. ágúst 1978 að telja, með jöfnum árlegum afborgunum hinn 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinni 15. ágúst 1979, og með 13% ársvöxtum frá sama tíma að telja, er greiðist eftir á í sömu gjalddögum og afborganir.

3. Að gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar, eigi lægri en kr. 115.000.

B. Í gagnsök í héraði:

Að aðaláfrýjandi verði sýknaður af kröfu gagnáfrýjanda um bætur vegna galla á gluggum á neðri hæð fasteignarinnar nr. 7 við Hjarðarholt á Akranesi og gagnáfrýjanda gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar."

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. ágúst 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Hann gerir svofelldar dómkröfur fyrir Hæstarétti:

„Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að gagnáfrýjandi verði í aðalsök í héraði sýknaður að svo stöddu af öllum kröfum aðaláfrýjanda.

Í gagnsök í héraði verði aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda kr. 249.300 vegna ágalla íbúðar að frádregnum eftirstöðvum staðgreiðslu vegna kaupa á sömu íbúð kr. 50.989 eða kr. 198.311 með 14% ársvöxtum frá 6. júní 1975 til greiðsludags. Til vara í gagnsök, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 150.000 með 13% ársvöxtum frá 6. júní 1975 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti."

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Samkvæmt því, er greinir í áfrýjunarstefnu, áfrýjar aðaláfrýjandi héraðsdómi einungis að því er varðar gagnsök í héraði. Eru í áfrýjunarstefnunni engar kröfur gerðar um endurskoðun héraðsdóms að því er til aðalsakarinnar tekur. En þar sem gagnáfrýjandi hefur einnig áfrýjað héraðsdómnum að sínu leyti, stendur þetta ekki í vegi fyrir því, að fjallað verði hér fyrir dómi um kröfur aðaláfrýjanda um sakarefni aðalsakar í héraði, enda hefur hún ekki gert kröfur að því er til aðalsakarinnar tekur um meira en héraðsdómur dæmdi henni.

Um aðalsök í héraði.

Í kröfugerð aðaláfrýjandi felst, að hún krefst þess, að staðfest verði úrlausn héraðsdóms um aðalsök í héraði að öðru leyti en því, að hún lækkar kröfu sína að því er tekur til höfuðstóls veðskuldabréfs úr 1.770.125 krónum í 1.264.375 krónur. Stafar þessi lækkun af því, að aðaláfrýjandi hefur hafið í Landsbanka Íslands tvær geymslugreiðslur frá gagnáfrýjanda vegna afborgana af höfuðstól hins fyrirhugaða veðskuldabréfs, hvora að fjárhæð 252.875 krónur, auk vaxta.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar á þeim grundvelli, að krafa aðaláfrýjandi að fjárhæð 50.989 krónur eigi að koma til skuldajafnaðar við skaðabótakröfu hans vegna galla á gleri. Enn fremur heldur hann því fram, að sér hafi verið óskylt að gefa út veðskuldabréf, fyrr en aðaláfrýjandi hefði afhent afsal fyrir eigninni. Samkvæmt því, sem síðar segir um gagnsök í héraði, þykir þetta þó ekki hafa við rök að styðjast. En þar sem kröfur í aðalsök í héraði hafa ekki ver-

ið lagðar til sátta fyrir sáttamenn og aðiljar ekki samið um, að þær skyldu vera undanskildar sáttameðferð þeirra, verður ekki hjá því komist að ómerkja héraðsdóminn að því er þær varðar og vísa málinu að því leyti frá héraðsdómi, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Um gagnsök í héraði.

Gagnáfrýjanda var kunnugt um, að tvöfalt gluggagler í íbúð aðaláfrýjandi var samsett með kíttislistum og 10 ára gamalt. Hann hefur viðurkennt, að áður en kaupsamningur var gerður, hafi hann við skoðun veitt athygli móðu á milli glerja svo og að hann hafi haft fregnir af þessu frá öðrum. Þá hefur hann ekki sannað staðhæfingar sínar um, að aðaláfrýjandi hafi gefið honum rangar upplýsingar um ástand glersins. Samkvæmt þessu og þar sem gagnáfrýjandi samdi um kaupin án nokkurs fyrirvara um rétt sinn til bóta af þessu tilefni, ber að sýkna aðaláfrýjandi af kröfum hans í gagnsök í héraði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjandi málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk að því er tekur til aðalsakar í héraði, og er þeim þætti málsins vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Hulda Sigurðardóttir, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Eiríks Valdimarssonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjandi 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 13. apríl 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. mars sl. eftir árangurslausa sáttatilraun og munnlegan málflutning, var höfðað fyrir bæjarþingi með stefnu, útgefinni 5. febrúar 1976 af Huldu Sigurðar-

dóttur, Garðabraut 16, Akranesi, gegn Eiríki Valdimarssyni, Hjarðarholti 7, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 2.073.989 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 15. ágúst 1975 til greiðsludags.

Til vara var gerð sú krafa í stefnu, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 50.989 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 15. ágúst 1975 til greiðsludags, og jafnframt að stefndi yrði dæmdur til að gefa út til stefnanda skuldabréf að fjárhæð kr. 2.023.000 til 8 ára, tryggt með veði í fasteigninni Hjarðarholti 7, neðri hæð, Akranesi, næst á eftir áhvílandi veðlánum og kr. 400.000 láni hjá Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1976. Vextir af veðskuldabréfinu yrðu 13% per anno, reiknist þeir frá 15. ágúst 1975 og greiðist eftir á í sömu gjalddögum og afborganir.

Í aðalkröfu og varakröfu var krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Í bæjarþingi 17. nóv 1976 var af hálfu stefnanda gerð sú breyting í kröfugerð, að til vara var gerð krafa um, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 566.854 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 50.989 frá 15. ágúst 1975 til 15. ágúst 1976, en af 303.864 frá þeim degi til greiðsludags og jafnframt að stefndi yrði dæmdur til að gefa út til stefnanda skuldabréf að fjárhæð kr. 1.770.125 til 7 ára, tryggt með veði í fasteigninni Hjarðarholti 7, neðri hæð, Akranesi, næst á eftir áhvílandi veðlánum og kr. 400.000 hjá Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1977. Vextir af veðskuldabréfinu yrðu 13% per anno, reiknist þeir frá 15. ágúst 1976 og greiðist eftir á í sömu gjalddögum og afborganir.

Í greinargerð stefnda, dags. 31. ágúst 1976, gerði hann þær dómkröfur, að hann yrði með öllu dæmdur sýkn í máli þessu og að honum yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 5. nóv. 1976, höfðaði aðalstefndi, Eiríkur Valdimarsson, gagnsök á hendur aðalstefnanda, Huldu Sigurðardóttur.

Dómkröfur gagnstefnanda eru, að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 249.300 að frádregnum kr. 50.989, eða kr. 198.311 með 14% ársvöxtum frá 6. júní 1975 til

greiðsludags auk málskostnaðar vegna undangengins máls og máls þessa skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum reikningi.

Gagnstefndi hefur gert þær dómkröfur í gagnsök, aðallega, að gagnstefndi verði með öllu sýknaður af kröfum gagnstefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar. Þá krefst gagnstefndi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 24. apríl 1975, keypti aðalstefndi af aðalstefnanda neðri hæð húseignarinnar Hjarðarholt 7, Akranesi, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Umsamið kaupverð íbúðarinnar var kr. 6.300.000, sem skyldi greiðast þannig:

1.	Kaupandi (aðalstefndi) tók að sér áhvílandi veðskuldir við Veðdeild Landsbanka Íslands skv. veðskuldabréfum, dags. 30. nóv. og 10. des. 1965, að eftirstöðvum	kr. 153.597.54
2.	Kaupandi tók að sér að greiða áhvílandi veðskuld til Landsbanka Íslands, Akranesi, skv. veðskuldabréfi, dags. 14. sept. 1970 að eftirstöðvum	— 90.000.00
3.	Kaupandi skyldi greiða í peningum við undirskrift kaupsamnings	— 100.000.00
4.	Kaupandi skyldi greiða í peningum eigi síðar en 15. ágúst 1975	— 400.989.46
5.	Kaupandi seldi með kaupsamningi sama dag seljanda (aðalstefnanda) íbúðarhæð að Garðabraut 16, Akranesi á kr. 4.100.000 að frádregnum veðskuldum, kr. 567.587	— 3.532.413.00
6.	Kaupandi skyldi gefa út veðskuldabréf til 8 ára, tryggt með veði í hinni seldu eign næst á eftir áhvílandi veðlánum og væntanlegu láni hjá Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, kr. 400.000. Vextir af veðskuldabréfinu skyldu vera 13% ársvextir, en það væri að fjárhæð	— 2.023.000.00
		Kr. 6.300.000.00

Eignin skyldi afhent kaupanda 1.—15. júní 1975 og afsal útgefið eigi síðar en 15. ágúst sama ár.

Kaupandi (aðalstefndi) flutti inn í íbúðina 6. júní 1975. Var þá borið hvítt efni á stofugluggana, og var það á þeim í um það bil einn mánuð. Eftir að gluggarnir voru þrifnir, taldi aðalstefndi,

að móða eða raki væri milli glerja í gluggum, en þau voru tvöföld, saman sett með kíttislistum. Gerði hann seljanda (aðalstefnanda) viðvart um þetta og taldi, að um galla á glerinu væri að ræða. Eigi er upplýst í málinu, hvenær sú kvörtun kom fram af hálfu kaupanda. En af bréfi lögmanns hans, dags. 20. ágúst 1975, til bæjarfógetans á Akranesi, þar sem óskað er eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta meinta galla á glerinu, er ljóst, að samningaumleitanir höfðu þá farið fram um bótagreiðslur úr hendi seljanda vegna meintra galla. Og óumdeilt er í málinu, að aðiljar komu saman á fund hjá lögmanni aðalstefnda, Stefáni Sigurðssyni, Vesturgötu 23, Akranesi, til að reyna sættir í málinu. Varð þá að samkomulagi, að aðiljar tilnefndu sinn hvorn manninn til að skoða glerið og meta til peningaverðs, hvað kosta mundi að bæta úr göllum þess, ef um þá væri að ræða.

Aðalstefndi tilnefndi af sinni hálfu Alfreð Viktorsson húsasmíðameistara, Vallholti 15, Akranesi, til að vinna verk þetta, en aðalstefnandi Guðmund Magnússon húsasmíðameistara, Suðurgötu 99, Akranesi. Ákveðinn var tími til skoðunargerðar 28. ágúst 1975, en aðeins Alfreð mætti til matsins, og skilaði hann skoðunarmatsgerð, dags. sama dag (dskj. nr. 9 í máli þessu), sem síðar verður rakin.

Dómkvaðning matsmanna var frestað um sinn, meðan á þessum samkomulagstilraunum stóð, og fór hún eigi fram fyrr en 18. mars 1976 (dskj. nr. 6).

Eigi varð af efndum framangreinds kaupsamnings skv. efni hans. Aðalstefndi greiddi á tilskyldum tíma kr. 350.000 upp í útborgun skv. 4. lið samningsins, en eftir stóðu kr. 50.989.46. Þá var heldur ekki gefið út eða boðið veðskuldabréfið af hálfu aðalstefnda skv. 6. lið og eigi heldur afsal útgefið af hálfu aðalstefnanda. Það, sem næst gerist í málinu, er, að lögmaður aðalstefnanda krafðist þess með bréfi, dags. 23. des. 1975, til aðalstefnda, að hann fullnægði fyrrnefndum kaupsamningi fyrir 7. janúar 1976 með því að greiða eftirstöðvar af útborgun ásamt vöxtum og kostnaði og gefa út veðskuldabréfið samkv. samningum. Jafnframt bauð aðalstefnandi fram afsal fyrir hinni seldu eign. Um leið voru sett fram mótmæli gegn því, að íbúðin hefði verið haldin leyndum göllum.

Þessu bréfi var svarað af hálfu aðalstefnda með bréfi lögmanns hans, dags. 26. jan. 1976. Var í því ítrekuð sú skoðun aðalstefnda, að galli væri á samsetningu á glerjum í íbúðinni og beðið yrði um mat dómkvaddra manna á glerinu, ef málið leystist ekki á

annan hátt. Aðalstefnandi höfðaði síðan mál þetta með stefnu, útgefinni 5. febrúar 1976, sem fyrr greinir.

Verða málsatvik nú rakin nánar, eins og þau koma fram í stefnu og gagnstefnu, greinargerðum, aðiljaskýrslu, vætti vitna og öðrum málsgögnum.

Aðalstefnandi, Hulda Sigurðardóttir, kom fyrir dóm 8. október 1976. Lýsti hún yfir, að glerið í hinni seldu íbúð hefði verið A-gler af belgískri gerð og sett saman af Glerslípuninni á Akranesi. Var það 10 ára gamalt, er salan fór fram. Aðalstefnandi kvað ekki hafa verið um að ræða galla á samsetningu glersins, er íbúðin var seld. Hún hafi verið ógölluð af 10 ára gleri að vera. Aðalstefnandi sagði, að hún hefði aldrei fullvissað aðalstefnda um, að samsetningin væri í lagi. Hann hafi ekki gert neinar athugasemdir um ástand glersins, er hann skoðaði íbúðina í marsmánuði 1975. Veður var þá þurrt. Skoðaði aðalstefndi þá glerið og hafði orð á því, að það væri sett saman með kítti. Þá voru viðstödd dóttir hennar og tengdasonur.

Þegar undirritun samninga fór fram 24. apríl 1975 í íbúð aðalstefnanda, gerði aðalstefndi heldur ekki neinar athugasemdir við ástand glersins. Suddi var þá úti, og skoðaði aðalstefndi þá ekki íbúðina eða glerið. Aðalstefnandi kvaðst þá hafa minnst sjálf á glerið vegna orðróms frá aðalstefnda um leynda galla í glerinu og hafi hún spurt aðalstefnda, hvort hann vildi ekki skoða glerið. Hann hafi þá borið þau ummæli af sér og sagði, að sér hefði verið sagt þetta. Viðstaddir undirritun samninga voru auk aðilja Halldór Sigurðsson, er aðstoðaði aðalstefnanda við söluna, dóttir hennar og tengdasonur og Hermann G. Jónsson fulltrúi, er gerði kaupsamninginn.

Aðalstefnandi kveðst hafa mætt á fundi hjá Stefáni Sigurðssyni héraðsdómslögmanni í ágústmánuði vegna ágreinings um glerið og hafi hún beðið Guðmund Magnússon að líta á glerið, eins og áður er lýst, en ekki hafi hún samþykkt dómkvaðningu matsmanna.

Vitnið Teitur Benedikt Þórðarson, tengdasonur aðalstefnanda, kom fyrir dóm 23. sept. 1976. Hann bjó í hinni seldu íbúð frá 1970 til 1975. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt, er kaupandi skoðaði íbúðina, og hafi hann skoðað gler og veggi, og minnist vitnið þess ekki, að kaupandi hafi gert neinar athugasemdir við ástand glersins. Var þá þurrt veður, og jafnvel sólskin. Vitnið kvað seljanda hafa spurt kaupanda, er kaupsamningurinn var

undirritaður, hvort hann vildi ekki skoða glerið, áður en hann undirritaði samninginn. Var þetta vegna ummæla kaupanda við aðra. En kaupandi taldi ekki ástæðu til þess. Vitnið kvaðst hafa skoðað glugga íbúðarinnar með Halldóri Sigurðssyni, nokkru eftir að hún var seld aðalstefnda. Vitnið kvaðst hafa sagt eftir skoðunina, að það hefði ekki áður séð glerið í því ástandi, sem það var við skoðunina. Breytingar á glerinu, frá því að vitnið bjó í íbúðinni, þar til það skoðaði glerið, hafi verið, að áður hafi glerið virst matt, en við skoðunina hafi verið móða á því.

Vitnið Ásdís Dóra Ólafsdóttir, dóttir aðalstefnanda, bjó í hinni seldu íbúð, og hafði hún ekki orðið vör við, að neitt væri að samsetningu glerja í íbúðinni. Vitnið var viðstatt, er aðalstefndi skoðaði íbúðina í mars, og var þá þurrt veður og sólskin. Skoðaði hann íbúðina mjög vandlega, m. a. glerið, og hafði orð á því, að það væri kíttað og tók fram, að nýjasta samsetningin væri með listum.

Vitnið Halldór Matthías Sigurðsson, Vesturgötu 160, Akranesi, var aðstoðarmaður aðalstefnanda við sölu íbúðarinnar. Hann kvaðst hafa komið í íbúðina allt frá því að húsið Hjarðarholt 7 var í byggingu og hafi hann aldrei veitt því athygli, að glerið væri gallað í gluggum. Vitnið segir rétt vera, að aðalstefndi, kaupandi íbúðarinnar, Eiríkur Valdimarsson, hafi komið til þess oftar en einu sinni, áður en samningar voru undirritaðir, vegna hugsanlegra galla á glerinu. Sagði vitnið, að aðalstefnda, Eiríki, hafi verið boðið að skoða íbúðina eins oft og hann vildi og kynna sér ástand hennar. Vitnið kvaðst hafa talið, að verið væri að selja jafngamalt gler og húsið. Og við undirritun kaupsamnings hafi ástand glersins komið til tals á þann hátt, að seljandi (aðalstefnandi) hafi spurt kaupanda (aðalstefnda), hver hefði sagt honum frá því, að glerið væri gallað í gluggunum. Kvað vitnið þá alla viðstadda hafa skoðað glerið í stofugluggunum og enginn hafi gert athugasemdir við það. Kaupsamningur hafi síðan verið undirritaður. Vitnið segist ekki hafa heyrt seljanda fullvissa kaupanda um, að ekkert væri athugavert við glerið í stofugluggum. Vitnið kvaðst þá hafa talið, að þetta mál væri úr sögunni og frá þeim tíma, að kaupsamningur var undirritaður og þar til um miðjan ágúst, hafi ekki verið minnst á galla í glerinu. En samkomulagið var gert á skrifstofu Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns um, að hvor aðili tilnefndi mann til að skoða og meta glerið í íbúðinni að Hjarðarholti 7, hafi verið gert í þeim tilgangi að leysa málið á friðsaman hátt (sic). En vitnið sagðist

ekki hafa lagt þann skilning í greint samkomulag, að með því væri verið að játa, að glerið hafi verið gallað við sölu íbúðarinnar.

Aðalstefndi, Eiríkur Valdimarsson, gaf skýrslu fyrir dómi 8. október 1976. Kvaðst hann hafa boðið skipti á íbúð sinni að Garðabraut 16 og íbúð aðalstefnanda Hjarðarholti 7. Hann skoðaði íbúð aðalstefnanda í mars 1975 ásamt eiginkonu sinni og þá aðallega að því er herbergjaskipun varðaði. Fannst aðalstefnda vera raki í horni á rúðum í stofugluggum, en aðalstefnandi hafi sagt það vera vegna þess, að eftir væri að þrífa þá að utan, en rigningaveður var. Aðalstefndi sá ekki neitt athugavert við aðra glugga, enda kvaðst hann ekki hafa skoðað þá sérstaklega. Einnig fannst aðalstefnda raki vera í einum vegg neðan glugga í borðstofu, og kvað aðalstefnandi það vera í steypunni.

Eftir þetta fór aðalstefndi til Halldórs Sigurðssonar, sem var umboðsmaður aðalstefnanda, til þess að ræða um íbúðaskiptin. Voru skiptin ákveðin, og fékk Halldór Hermann G. Jónsson fulltrúa til að gera kaupsamning.

Áður en samningar voru gerðir, kvaðst aðalstefndi hafa frétt, að eitthvað væri athugavert við glerið í íbúðinni. Hann hafi þá snúið sér til Halldórs Sigurðssonar og beðið hann að spyrjast fyrir um þetta, áður en samningar væru gerðir. Kvaðst hann hafa farið nokkrar ferðir til Halldórs til að fá svar við þessu, en ekki fengið það. Þegar Hermann G. Jónsson var tilbúinn með samninginn, spurði Halldór aðalstefnda, hvort ekki væri nægilegt að athuga þetta, er afsal yrði gefið út.

Var síðan komið saman í íbúð aðalstefnanda til undirritunar samninga. Aðalstefndi kvaðst þó ekki hafa skoðað glerið, en hafa gengið um stofuna með Hermanni, en ekki spurt um neitt varðandi íbúðina. En Halldór hafi þá spurt, hver hefði sagt honum, að glerið væri gallað, en hann hafi sagt, að hann myndi það ekki. Aðalstefnandi hafi þá sagt, að ekkert væri athugavert við glerið og að hún hefði búið í íbúðinni í 10 ár.

Fjölskylda aðalstefnda flutti í íbúðina 6. júní 1975, en hann var eigi viðstaddur, og bar kona hans hvítt efni á stofugluggana, er var þar í um það bil einn mánuð. Þegar aðalstefndi hreinsaði þá að innanverðu, kvaðst hann hafa tekið eftir því, að ekki sást út um þá vegna móðu milli glerja. Kvaðst aðalstefndi þá hafa farið til Hermanns G. Jónssonar og beðið hann um, að þetta kæmi skýrt fram, er hann gerði afsalið. Kvað hann Hermann hafa haft samband við Halldór Sigurðsson og aðalstefnanda, en þau hafi ekkert viljað gera í málinu.

Aðalstefndi kvaðst þá hafa leitað til Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, og var þá kominn ágúst 1975. Leiddi það til áðurnefnds fundar aðilja um málið og samkomulags um tilnefningu skoðunar- og matsmanna, sem áður er rakið í málinu.

Aðalstefndi lýsti því yfir í dóminum, að hann skuldaði aðalstefnanda skv. kaupsamningi kr. 2.023.000. Hann hafi viljað greiða umsamda afborgun og vexti af skuld þessari 6. júní 1976, en Halldór Sigurðsson og lögfræðingur hennar hafi eigi viljað taka við greiðslunni. Hafi hann þá lagt þann 16. júní inn í Landsbanka Íslands kr. 515.865 á nafn aðalstefnanda sem greiðslu á vöxtum og afborgun.

Vitnið Hermann G. Jónsson fulltrúi kvaðst hafa gert kaupsamninginn eftir beiðni Halldórs Sigurðssonar og samkvæmt samkomulagi, sem aðiljar höfðu komið sér saman um án atbeina vitnisins, og það skoðaði ekki íbúðina eða kynnti sér ástand hennar. Vitnið minnist þess ekki, að rætt hafi verið um galla á glerinu, áður en til samnings kom og hann undirritaður og eigi hafi aðalstefndi gert athugasemdir um efni samningsins við undirritun hans. En kvöldið, sem kaupsamningur var undirritaður heima í stofu aðalstefnanda, urðu umræður milli hennar og aðalstefnda um hugsanlega galla á glerinu. Vitnið minnist þess að hafa staðið upp og litið út um gluggana, en myrkur var og rigning, og rann vatn niður gluggana. Var þá með engu móti hægt að sjá, hvort móða var milli glerja eða samsetning í ólagi.

Vitnið minnist þess, að síðar, þegar það hafði gert afsal og veðskuldabréf, fengust skjöl þessi ekki undirrituð vegna þess, að aðalstefndi taldi galla vera fram komna á glerinu og hefði hann leitað til lögfræðings í því efni.

Vitnið Sigurður Jónsson húsasmiður, Kirkjubraut 46, kveðst fyrir dómi 5. nóv. 1976 hafa byrjað störf hjá Glerslípun Akraness fyrir 12 árum, en eigandi fyrirtækisins var Friðjón Runólfsson. Eftir það hóf fyrirtækið þá starfsemi að setja saman gler með kíttislistum, og vann vitnið við samsetningu allra glerja á vegum fyrirtækisins. Vitnið fullyrti, að engir lausir þræðir hefðu verið settir milli glerja, sem fyrirtækið hefði sett saman.

Vitnið Eðvarð Friðjónsson, Vesturgötu 68, Akranesi, sonur eiganda Glerslípunar Akraness, kveðst hafa vitað til, að eins konar korn hafi verið sett inn í allra stærstu rúður sem rakavari, en þó ekki nærri alltaf. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að til væru einhvers konar þræðir, sem notaðir væru í sama skyni, en ekki vissi vitnið til, að þeir hefðu verið notaðir hjá fyrirtæki föður

þess. Vitnið taldi, að fyrirtæki föður hans hafi sett saman rúður í 13 til 14 ár, en það var selt 1971. Faðir hans vann við fyrirtækið, áður en Sigurður Jónsson tók til starfa hjá honum.

Vitnið Ólafur Hallgrímsson húsasmiður, Garðabraut 16, Akranesi, bar fyrir dómi 5. nóv. 1976, að hann hefði bent aðalstefnda, Eiríki Valdimarssyni, á, að móða væri sjáanleg á gleri í stofugluggum í íbúðinni að Hjarðarholti 7. Kvaðst vitnið hafa tekið eftir þessu, er það fór eftir götunni, og hafi mest borið á móðunni í stofugluggum í sólskini.

Af hálfu aðalstefnda var lagt fram í dóminum vottorð Ólafs Guðbrandssonar og Kristínar Kristinsdóttur, Merkurteigi 1, Akranesi. Þau votta, að árið 1964 eða 1965 hafi verið sett gler í glugga húss þeirra að Merkurteigi 1, sett saman með kíttislistum í Glerslípun Akraness og m. a. af Sigurði Jónssyni, Kirkjubraut 46, og töldu þau, að þetta væri fyrsta verk þessarar tegundar, sem fyrirtækið tók að sér. Þau lýsa yfir, að glerið hafi reynst vel og sé ennþá gallalaust, sem sjá megi.

Vitnið Alfreð Viktorsson húsasmíðameistari, Vallholti 15, Akranesi, kom fyrir dóm 8. okt. 1976 og staðfesti matsgerð sína, sem fyrr er getið. Hann kvaðst ekki hafa komið í íbúðina að Hjarðarholti 7, fyrr en skoðun fór fram, og sé matsupphæðin í lágmarki á þeim tíma, er matið fór fram. Matsgerð þessi er dags. 25. ágúst 1975 og er svohljóðandi:

„Að ósk Eiríks Valdimarssonar hef ég skoðað gler í húsinu að Hjarðarholti 7, neðri hæð, og er móða á milli í öllum rúðum. Áætlaður kostnaður á nýju gleri, efni vegna ísetningar og vinna:

Gler og efni v/ísetningar	kr. 125.000.00
Vinna	— 66.500.00
	kr. 189.500.00“

Eins og áður er getið, bað lögmaður aðalstefnda um dómkvaðningu matsmanna með matsbeiðni, dags. 20. ágúst 1975, til að meta meinta galla á gleri og samsetningu þess í íbúð hans að Hjarðarholti 7. Dómkvaðning fór þó eigi fram um sinn, eins og að framan er lýst, og eigi fyrr en 18. mars 1976. Dómkvaddir voru Bergmundur Stígsson byggingameistari, Vesturgötu 131, og Björn Halldórs Björnsson forstjóri, Stekkjarholti 3.

Þeir segja í matsgerð sinni, sem dagsett er 21. júní 1976, að þeir hafi móttekið dómkvaðningu 11. júní og matið hafi farið fram 16. júní 1976.

Matsgerðin, sem matsmenn hafa staðfest fyrir dómi, er svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu bæjarfógetans á Akranesi, dags. 19/3 1976, hafa undirritaðir verið beðnir að meta til peningaverðs galla á gleri í íbúð Eiríks Valdimarssonar, Hjarðarholti 7 á Akranesi. Dómkvaðning þessi er móttekin 11/6 1976 og málsaðilum tilkynnt með nægum fyrirvara símleiðis, hvenær matið færi fram, og var það ákveðið 16/6 '76 kl. 20.30. Eigandi íbúðarinnar, Eiríkur Valdimarsson, var viðstaddur, en seljandinn, Hulda Sigurðardóttir, Garðabraut 16, mætti ekki.

Við kynntum okkur málsatvik eftir því sem hægt var og skoðuðum glerið í íbúðinni, sem samkvæmt þeim upplýsingum, sem við fengum, mun vera orðið 11 ára gamalt og þar af leiðandi farið að veðrast og verða matt. Það leynir sér ekki, að móða er á milli glerja í flestum rúðum, mismunandi mikið, og ber mest á rúðum, sem snúa móti sól.

Kaupandi heldur því fram, að sér hafi verið sagt, að glerið væri óskemmt, og hafi hann treyst því og ekki athugað það frekar, en seinna hafi svo komið í ljós, að svo var ekki. Það er algengt, að samlíming á gleri getur bilað fljótlega, og myndast þá strax móða milli rúðanna, og ber venjulega mest á því, þegar loft er rakt og hlítt í veðri, t. d. ef sól skín. Nú er það venjulegt, að fólk er misnæmt fyrir þessu, og öðrum finnst það ómögulegt, sem hinn sér ekkert athugavert við, svo það er ekki víst, að seljandi hafi gert sér grein fyrir því, að þetta stafaði af bilaðri samsetningu á glerinu. Við höfum ekki trú á því, að þessi galli hefði ekki sézt, ef vel hefði verið að gáð, og ólíklegt, að glerið hafi allt bilað eftir að kaup fóru fram.

Það er okkar álit, að ekki sé hægt að bæta úr þessu, nema að skipta um gler í íbúðinni, og miðast því mat okkar við það, að skipt sé um það, sem skemmt er.

Efni, gler, ílagskítti, listar og saumur, samt. kr. 151.000.00
Vinna við ísetningu og taka gamla glerið úr — 98.300.00

Samt. kr. 249.300.00

Akranesi, 21. júní 1976.
Bergmundur Stígsson, Björn H. Björnsson."

Þann 1. sept. 1976 var af hálfu aðalstefnda lagt fram sem dskj. nr. 10, kvittun fyrir deponeringu frá Landsbanka Íslands, Akranesi, dags. 16. júní 1976, svohljóðandi:

„Eiríkur Valdimarsson, Hjarðarholti 7, Akranesi, hefur í dag deponerað kr. 515.865.00 afborgun og vexti vegna skuldar samkvæmt veðskuldabréfi í Hjarðarholti 7, Akranesi, gjalddagi bréfsins er 16. júní 1976.

Eigandi veðskuldabréfsins er Hulda Sigurðardóttir, Garðabraut 16, Akranesi.

Geymslufé (depositum) verður greitt kröfuhafa, þegar hann telst hafa sannað rétt sinn til greiðslunnar skv. ofanrituðum skilmálum.

Engir vextir eru greiddir af geymslufé (depositum).“

Aðalsök.

Aðalstefndi (sic) reisir aðalkröfu sína á því, að það hafi verið forsenda þess, að hann lánaði aðalstefnda eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 2.023.000, að hann stæði við skuldbindingar sínar skv. efni kaupsamnings aðilja. Vanefndir aðalstefnda á kaupsamningum séu vanskil á hluta af peningagreiðslu skv. 4. tölul. og einkum vanræksla hans á að gefa út umsamið skuldabréf skv. 6. tl. Þetta hafi leitt til þess, að forsendur kaupverðsins hafi brostið og skuld hans því öll fallið í gjalddaga.

Í kaupsamningnum er kveðið skýrt og afdráttarlaust á um það, að afsal og kostnaðaruppgjör fari eigi síðar fram en 15. ágúst 1975. Aðalstefnandi hafði því staðið við allar sínar skuldbindingar skv. samningi aðilja. Aðalstefndi bauð hins vegar ekki fram greiðslu sína, og varð því ekki af afsali.

Aðalstefnandi telur það rangt, sem haldið er fram af hálfu aðalstefnda, að hann hafi enga möguleika haft til að gefa út umsamið skuldabréf, þar sem hann hafi ekki fengið útgefið afsal fyrir eigninni. Afsal sé yfirlýsing seljanda um, að kaupandi hafi staðið full skil á kaupverði. Kaupandi í fasteignakaupum hafi því ótvírætt frumkvæðisskyldu á því að bjóða fram fyrir sitt leyti umsamda greiðslu, bæði peninga og skuldabréf. Geymslugreiðsla aðalstefnda á vöxtum og afborgun af umræddu skuldabréfi komi því eigi í staðinn fyrir né leysi hann undan þeirri skyldu að gefa út skuldabréfið í samræmi við samninga aðilja.

Í þessu efni breytir engu, þó að aðalstefndi hafi talið sig eiga kröfur á hendur aðalstefnanda á grundvelli galla. Fjárhagslegir hagsmunir aðalstefnda, sem rætur ættu að rekja til meints galla á eigninni, réttlættu með engu móti vanrækslu hans á útgáfu skuldabréfsins, ef hafðir eru í huga hagsmunir aðalstefnanda af kaupunum.

Aðalstefnandi hefur í munnlegum flutningi málsins mótmælt framangreindum mötum sem of háum og órökstuddum. Og þegar annars vegar eru virtir fjárhagslegir hagsmunir aðalstefnda af því, að bætt yrði úr meintum göllum, og hins vegar kaupverð húseignarinnar, kr. 6.300.000, og þeir hagsmunir aðalstefnanda að fá í hendur tryggingu fyrir láni að fjárhæð kr. 2.023.000 auk eftirstöðva peningagreiðslunnar, kr. 50.989.46, sé auðsætt, að krafa aðalstefnda á grundvelli meints galla, jafnvel þó að hún væri á rökum reist, leysi hann ekki undan samningsskyldum að gefa út umrætt skuldabréf. Af framangreindu megi ljóst vera, að forsenda aðalstefnanda fyrir láni á eftirstöðvum kaupverðs til aðalstefnda gegn skuldabréfi hafi brostið og fjárhæð sú, sem þar var um að tefla, öll fallin í gjalddaga.

Varakröfu sína í aðalsök byggir aðalstefnandi á því í fyrsta lagi, að aðalstefndi hafi enn eigi innt af hendi peningagreiðslu skv. 4. tl. kaupsamnings, kr. 50.989.46, þó að hann hafi viðurkennt greiðsluskyldu sína. Þá hafi aðalstefnandi eigi átt þess kost að innleysa geymslugreiðslu þá (deponeringu) kr. 515.865, er aðalstefndi lagði inn í Landsbanka Íslands og var eins árs greiðsla á afborgun og vöxtum af skuldabréfi skv. 6. tl. kaupsamningsins.

Skilyrði fyrir móttöku fjárins var handhöfn skuldabréfsins, sem aðalstefndi hefur aldrei gefið út. Beri aðalstefnda því að greiða fjárhæðir þessar með vanskilavöxtum, eins og krafist er.

Rök aðalstefnda fyrir sýknukröfu sinni í aðalsök eru þau, að vegna galla, sem fram hafi komið í hinni seldu íbúð, hafi verið afsakanlegur dráttur á efndum kaupsamningsins. Hann viðurkennir að skulda aðalstefnanda eftirstöðvar af útborgun, kr. 50.989.46, skv. 4. tl. kaupsamnings, en sú fjárhæð hafi eigi verið greidd aðalstefnanda vegna þess, að aðalstefndi taldi sig stórlega blekktan í kaupunum, og ætti hann af þeirri ástæðu margfalda þá fjárhæð hjá aðalstefnanda.

Vegna dráttar á útgáfu skuldabréfsins hefur aðalstefndi bent á, að hann hafi eigi haft möguleika á útgáfu þess, þar sem hann hafi eigi fengið afsal fyrir eigninni, en skuldabréfið skyldi tryggt með veði í hinni seldu eign. Hann hafi eigi getað veðsett eign, sem var skráð á nafn seljanda (aðalstefnanda).

Aðalstefndi hafi þó talið rétt að greiða aðalstefnanda afborgun og vexti af væntanlegu skuldabréfi, eins og það hefði verið gefið út, og reiknaði með að greiða vexti frá 6. júní 1975, eða yfirtökudegi eignarinnar.

Aðalstefnandi neitaði með öllu að taka við greiðslunni, og lagði þá aðalstefndi greiðsluna inn á geymslugreiðslu í Landsbanka Íslands, eins og óumdeilt sé í málinu.

Gagnsök.

Eins og að framan er rakið, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda með gagnstefnu, útgefinni 5. nóv. 1976, til greiðslu skaðabóta vegna meintra galla á hinni seldu íbúð, að fjárhæð kr. 249.300 að frádregnum kr. 50.989, eða kr. 198.311 með 14% ársvöxtum frá 5. júní 1976 til greiðsludags.

Gagnstefnandi hefur gert þá grein fyrir kröfum sínum, að skömmu eftir að hann hafi tekið við íbúðinni, hafi hann orðið þess áskynja, að rakamóða væri á milli flestra glerja í gluggum íbúðarinnar. Áður en kaupsamningur var undirritaður, hafi gagnstefnandi heyrt, að glerin mundu ekki vera gallalaus. Og við skoðun fyrir kaupin virtist honum sem móða væri á sumum rúðum, en seljandi (gagnstefndi) tjáði honum, að rakinn væri að utanverðu á glerjunum. Umboðsmaður aðalstefnda, Halldór Sigurðsson, lofaði gagnstefnanda að kanna, hvort glerin í gluggum íbúðarinnar væru í lagi, en það var vanrækt með öllu. Við undirritun kaupsamnings kom þetta til umræðu, og kvað gagnstefndi þá glerin vera ógölluð, og tók gagnstefnandi það trúanlegt. Eftir að gagnstefnandi varð þess fullviss, að glerin í rúðum íbúðarinnar væru gölluð, reyndi hann að leysa málið með samkomulagi aðilja. Varð að samkomulagi að tilnefna tvo skoðunar- og matsmenn til að skoða og meta glerið. En aðeins fulltrúi gagnstefnanda, Alfreð Viktorsson, mætti við skoðunargerðina, og hefur mat hans verið rakið hér áður í dóminum. Síðar fór fram mat dómkvaddra manna á glerinu og kostnaði við viðgerð á göllum þess, eins og að framan er rakið, og er dómkrafa gagnstefnanda byggð á matsgerðinni. Gagnstefnandi byggir bótakröfu sína á því, að leyndir gallar hafi verið á glerjum íbúðarinnar, og beri gagnstefndi fébótaábyrgð á þeim göllum, hvort sem honum voru gallarnir ljósir eða ekki, er kaupin fóru fram. En margt bendir til, að gagnstefndi hafi vitað um ágalla á glerinu, m. a. þræðir milli rúðuglerja, sem dómendur sáu, er þeir fóru í vettvangsskoðun 5. nóv. 1976.

Sýknukrafa gagnstefnda er reist á þeim rökum, að með öllu sé ósannað, að rúðugler í íbúðinni að Hjarðarholti 7 hafi verið ógölluð, þegar kaupsamningur var undirritaður 24. apríl 1975. Þvert á móti hafi ástand íbúðarinnar í einu og öllu verið í sam-

ræmi við kaupsamning aðilja. Gagnstefnda var kunnugt um aldur glersins og að það var saman sett með kíttislistum.

Verði það álit dómsins, að umrætt gler hafi verið gallað, er því mótmælt af hálfu gagnstefnda, að um leyndan galla hafi verið að ræða.

Gagnstefnandi skoðaði hina seldu eign vandlega fyrir undirritun kaupsamnings og hefði móða þá verið milli glerja og hann ekki veitt því athygli, er ljóst, að hann hefði með því vanrækt aðgæsluskyldu sína.

Þá er því sérstaklega mótmælt, að gagnstefndi hafi fullvissað gagnstefnanda um, að glerið væri ógallað, og einnig því, að Halldór Sigurðsson hafi lofað honum að kanna ástand glersins, enda hlaut slíkt fyrst og fremst að vera í verkahring gagnstefnanda (kaupanda) sjálfs.

Þá er bótakröfu gagnstefnanda mótmælt af hálfu gagnstefnda sérstaklega sem of hárri og órökstuddri.

Í munnlegum flutningi málsins var af hálfu gagnstefnda haldið fram, að hinni seldu eign hafi í engu verið svo áfátt, að talist geti galli eftir skilningi gildandi réttarreglna um fasteignakaup. Undirstöðurök kaupalaga nr. 39/1922 hafa í ísl. rétti verið lögð til grundvallar að nokkru leyti í fasteignakaupum.

Í kaupalögum er hugtakið galli hins vegar ekki skýrt, og hefur í því efni verið stuðst við skýringar fræðimanna á hugtakinu. Þær almennu viðmiðanir, sem fræðimenn hafa sett fram og ekki hefur verið deilt um, séu m. a. eftirfarandi: Er hlutur í samræmi við það, sem lofað var eða kaupandi mátt ganga út frá. Sé ekki við beinar yfirlýsingar um þetta atriði að styðjast, þá beri að athuga, hvað kaupandi megi gera ráð fyrir um eign af sama tagi svo og að verð og notagildi sé það sama og almennt gerist. Máli skipti við ákvörðun gallahugtaksins, hvort forsenda kaupanda geti verið ákvörðunarástæða fyrir hann og seljanda sé ljóst, að svo sé, og þá, hvort eðlilegt sé og sanngjarnt að láta seljanda bera ábyrgð á þeirri forsendu. Síðast en ekki síst beri að hafa í huga í þessu sambandi skoðunar- eða aðgæsluskyldu kaupanda, sem reist er á undirstöðurökum 47. gr. kaupal. Gagnstefndi hafi aldrei ábyrgst beint eða óbeint tiltekin gæði glersins í hinni seldu eign umfram það, sem við mátti búast miðað við aldur hennar. Þvert á móti hafi beinlínis verið tekið fram í kaupsamningi, að eignin væri seld í þáverandi ástandi, sem kaupandi hefði kynnt sér og sætt sig við. Við þetta ástand hafi og verðákvörðun eignarinnar verið miðuð.

Gagnstefnanda hafi verið kunnugt um, áður en kaup gerast, að hér er um að ræða 10—11 ára gamalt gler, hvernig það var saman sett og af hverjum. Mátti hann því gera sér ljóst, við hverju hefði mátt búast um endingu glersins, sbr. og ummæli matsmanna í matsgerð. Hafi móða verið komin fram, áður en kaupin gerðust, en það farið fram hjá gagnstefnanda við skoðun þrátt fyrir þann tíma og tilefni, sem hann hafði, þá sé um að ræða vanrækslu á skoðunar- og aðgæsluskyldu, sem hann verði sjálfur að bera hallann af. Hafi móða hins vegar ekki komið fram, fyrr en eftir að kaup gerðust, þá hafi ekki annað gerst en það, sem gagnstefnandi mátti alltaf búast við um endingu glersins.

Telja verður, að í leyndum galla felist, að hann hafi ekki komið fram við venjulega skoðun, sem þá að sjálfsögðu hafi verið sinnt, jafnframt því að kaupanda hafi ekki verið eða mátt vera um gallann kunnugt.

Gagnstefnandi skoðaði íbúðina, og kaup bárust í tal a. m. k. einum mánuði áður en frá þeim var gengið. Á þessu tímabili fékk gagnstefnandi bæði tilefni og tækifæri til að skoða íbúðina og ástand hennar.

Af framansögðu megi ljóst vera, að staðhæfingar gagnstefnanda um leyndan galla hljóti að teljast rangar.

Þá hefur gagnstefndi haldið því fram, að útilokað sé, að ágallar þeir, sem taldir hafi verið í margumræddum glerjum, hafi verið slík forsenda fyrir kaupum aðilja, að gagnstefnandi eigi fébótakröfu á hendur gagnstefnda þeirra vegna.

Til stuðnings varakröfu sinni um, að stefnukröfur í gagnstefnu verði lækkaðar verulega, hefur gagnstefndi bent á, að ósanngjarnt sé, að hann verði látinn bera fullan kostnað af nýju gleri, þar sem gagnstefnanda var ljós aldur hússins og glers, og hann áskildi sér aldrei í samningum aðilja gæði glersins sem nýtt væri.

Niðurstöður.

Aðalstefndi í máli þessu varð þess var nokkru eftir að hann flutti í íbúð þá að Hjarðarholti 7, þann 6. júní 1975, er hann hafði keypt af aðalstefnanda með kaupsamningi 24. apríl 1975, að móða var á milli rúðuglerja í íbúðinni. Aðalstefndi taldi ágalla þennan það mikinn, að hann leitaði eftir samkomulagi við aðalstefnanda um fébætur vegna hans. Varð sú ákvörðun tekin af aðiljum, að tveir menn, sem þeir tilnefndu, skyldu skoða og meta ástand glersins. Skoðun var þó aðeins framkvæmd af byggingameistara, er aðalstefndi kvaddi til starfsins, en fulltrúi aðal-

stefnanda mætti ekki. Matsgerð hans, dags. 28. ágúst 1975, staðfesti álit aðalstefnanda um galla á glerinu, en þar segir, að móða sé á milli í öllum rúðum. Vegna þessa varð ekki af fullnustu kaupsamnings milli aðilja, sem átti að fara fram 15. ágúst 1975 í síðasta lagi. Skyldi aðalstefndi þá ljúka peningagreiðslu vegna kaupanna og gefa út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 2.023.000, og var nánar samið um efni bréfsins. Jafnframt skyldi aðalstefnandi gefa út afsal fyrir íbúðinni. Upplýst er í málinu, að veðskuldabréf og afsal var tilbúið til undirskriftar af þeim, er aðalstefnandi hafði falið skjalagerð vegna kaupanna, en það er föst venja í fasteignaviðskiptum, að seljandi annist hana. Einnig er föst venja, að skuldabréf og afsal séu tilbúin á sama tíma, og verður því að hafna þeirri varnarástæðu aðalstefnda, að honum hafi eigi verið unnt að gefa út skuldabréfið vegna þess, að afsal hafi eigi verið fyrir hendi.

Aðalstefndi synjaði áskorun aðalstefnanda um útgáfu skuldabréfsins gegn afsali og að ljúka að öðru leyti viðskiptum aðilja skv. kaupsamningi. Og þann 19. mars 1976 fór fram mat að tilhlutan aðalstefnda á glerjum íbúðarinnar sem að framan er rakið.

Í matsgerðinni segir m. a.: „Móða er milli glerja á flestum rúðum, mismunandi mikið."

Er aðalstefndi hafði verið í íbúðinni í um 1 ár, vildi hann greiða aðalstefnanda ársafborgun og vexti af skuldabréfinu, eins og það hefði verið gefið út, en aðalstefnandi vildi eigi taka við greiðslu. Lagði aðalstefndi þá greiðsluna inn á geymslugreiðslu á nafn aðalstefnanda.

Af framangreindu er ljóst, að vanefndir aðalstefnda á útgáfu skuldabréfsins stafa af atvikum og ástandi, sem óvissa var um og aðalstefnandi kynni að bera ábyrgð á. Þegar framangreind atvik eru höfð í huga og eins og málavöxtum í heild er háttað, þykir dráttur aðalstefnda á útgáfu skuldabréfsins því ekki eiga að veita aðalstefnanda rétt til að fá nú þegar greiddar í peningum fjárhæð skuldabréfsins. Verður aðalkrafa aðalstefnanda í málinu því eigi tekin til greina.

Aðalstefndi hefur viðurkennt greiðsluskyldu sína á kr. 50.989, eftirstöðvum af útborgun skv. kaupsamningi, enda dregur hann þá upphæð frá í gagnstefnu. En eðlilegra þykir, að um þennan lið sé fjallað í aðalsök. Þá er upplýst í málinu, að aðalstefnandi átti þess eigi kost að leysa til sín geymslugreiðslu þá, er aðalstefndi lagði inn í Landsbanka Íslands 16. júní 1976 á nafn aðal-

stefnanda sem greiðslu á vöxtum og afborgun af veðskuldabréfinu, eins og það hefði verið gefið út. Eigi er deilt um fjárhæð þessa, kr. 515.865. Aðalstefnandi telst einnig hafa rétt til vaxta af þeirri fjárhæð, þar sem hann gat eigi leyst hana til sín, þó að hann hafi hafnað greiðslunni, enda hafði þá mál þetta verið höfðað. Niðurstaða málsins í aðalsök verður sú, að taka ber til greina varakröfur aðalstefnanda að öðru leyti en því, að rétt þykir, að vextir verði 13% ársvextir.

Gagnstefnandi byggir kröfugerð sína á matsgerð hinna dómkvöddu manna frá 19. júní 1976. Eigi hefur henni verið hnekkt, og hún hefur einnig stuðning frá matsgerð frá 25. ágúst 1975. Þykir því rétt að leggja matsgerðina til grundvallar í meginatriðum.

Gagnstefndi hefur mótmælt matsgerð og gagnkröfu sem of hárri. Matsgerðin fer eigi fram fyrr en rúmlega ári eftir að gagnstefnandi flutti inn í íbúðina. Honum var, áður en kaupin fóru fram, kunnugt um aldur glersins og var unnt, eftir atvikum með sérfróðum mönnum, að ganga úr skugga um ástand þess. Þá gat gagnstefnandi eigi vænst þess, að glerið væri nýtt.

Þegar á þetta er litið og málavextir metnir að öðru leyti í heild, er efni til þess að ákveða að taka til greina varakröfu gagnstefnanda í málinu, og þykja skaðabætur gagnstefnanda vegna galla á glerinu hæfilega ákveðnar kr. 150.000.

Ber því að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda þá fjárhæð, en rétt þykir, að ársvextir verði 13% frá þeim tíma, er hann fékk íbúðina afhenta.

Úrslit í aðalsök verða því, að aðalstefnda er gert að greiða aðalstefnanda kr. 566.854 með 13% ársvöxtum af kr. 50.989 frá 15. ágúst 1975 til 15. ágúst 1976, en af 303.864 frá þeim degi til greiðsludags og jafnframt til að gefa út til aðalstefnanda skuldabréf að fjárhæð kr. 1.770.125 til 7 ára, tryggt með veði í fasteigninni Hjarðarholti 7, Akranesi, neðri hæð, næst á eftir áhvílandi veðlánum og kr. 400.000 láni hjá Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1977. Vextir af veðskuldabréfinu verði 13% ársvextir frá 15. ágúst 1976 og greiðist eftir á í sömu gjalddögum og afborganir.

Málskostnaður í aðalsök ákveðst kr. 115.000.

Í gagnsök verða úrslit þau, að gagnstefnda verður gert að greiða gagnstefnanda kr. 150.000 með 13% ársvöxtum frá 6. júní 1975 til greiðsludags og kr. 55.000 í málskostnað.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Eiríkur Valdimarsson, greiði aðalstefnanda, Huldu Sigurðardóttur, kr. 566.854 með 13% ársvöxtum af 50.989 frá 15. ágúst 1975 til 15. ágúst 1976, af kr. 303.864 frá þeim degi til greiðsludags. Aðalstefndi gefi út skuldabréf að fjárhæð kr. 1.770.125 til 7 ára, tryggt með veði í neðri hæð fasteignarinnar Hjarðarholti 7, Akranesi, næst á eftir áhvílandi veðlánum og kr. 400.000 láni hjá Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1977. Vextir af veðskuldabréfinu verði 13% ársvextir frá 15. ágúst 1976 og greiðist eftir á í sömu gjalddögum og afborganir. Aðalstefndi greiði aðalstefnanda í málskostnað kr. 115.000.

Gagnstefndi, Hulda Sigurðardóttir, greiði gagnstefnanda, Eiríki Valdimarssyni, kr. 150.000 með 13% ársvöxtum frá 6. júní 1975 til greiðsludags og í málskostnað kr. 55.000.

Allar greiðslur og skyldur samkvæmt dómi þessum fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. mars 1979.

Nr. 52/1979. **Brendon Carr Whitehead**
gegn
Gylfa Guðmundssyni.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í g lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1979, sem barst Hæstarétti 15. mars þ. á. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá lund, að sóknaraðilja verði heimilað að setja hina úrskurðuðu máls-

kostnaðartryggingu „í formi sjálfskuldarábyrgðar Valdimars J. Magnússonar framkvæmdastjóra, Garðaflöt 31, Garðabæ, sem er reiðubúinn til að taka á sig þá ábyrgð".

Varnaraðili, sem ekki hefur sérstaklega kært úrskurðinn af sinni hálfu, krefst þess í greinargerð til Hæstaréttar, dags. 6. mars 1979, að sóknaraðilja verði gert að setja málskostnaðartryggingu, er nemi 2.000.000 króna eða til vara annarri lægri fjárhæð, „í formi ábyrgðar viðurkenndrar bankastofnunar eða innistæðu í sparisjóðsbók". Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Er mál þetta var þingfest í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur 26. janúar 1979, varð ágreiningur með aðiljum um skyldu sóknaraðilja til að setja málskostnaðartryggingu. Dómsformaðurinn, Sigríður Ólafsdóttir, aðalfulltrúi yfirborgardómara, tók málið eigi til úrskurðar í því þinghaldi, en frestaði því til 2. febrúar sl. Tók þá Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómara, málið fyrir, en frestaði því að beiðni lögmanna aðilja til 7. febrúar. Var þá málið enn tekið fyrir, og nú af síðastgreindum dómsformanni og meðdómandanum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra. Er skráð í þingbók, að meðdómandinn Ægir Ólafsson hafi boðað forföll, en dómsformaður hafi ákveðið að halda þingið eigi að síður. Fór því næst fram munnlegur málflutningur um ágreining aðilja, en að því búnu var málið tekið til úrskurðar. Hinn kærði úrskurður var síðan kveðinn upp hinn 9. febrúar af dómsformanninum og þeim meðdómanda, sem á málflutning hlýddi, svo og af meðdómandanum Ægi Ólafssyni.

Framangreind málsmeðferð er andstæð 205. gr. laga nr. 85/1936 og meginreglu 192. gr. sömu laga. Verður því að ómerkja hinn kærða úrskurð sjálfkrafa og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og er mál-

inu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 9. febrúar 1979.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar miðvikudaginn 7. febr. sl., hefur Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður f. h. Brendon Carr Whitehead, Jóhannesarborg, Suður-Afríku, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri föstudaginn 29. desember 1978, gegn Gylfa S. Guðmundssyni veitingamanni, Bárugötu 11, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 5.000.000 ásamt vöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði, sem nemur 1.5% frá 17. maí 1974 til 15. júlí s. á., 2% frá þeim degi til 1. maí 1976, 2.5% frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og 3% frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins, eigi lægri en samkv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst stefnandi þess einnig, að hin umstefnda skuld ásamt vöxtum verði greidd í réttu hlutfalli við breytingar á sölugengi bandaríkjadollars gagnvart íslensku krónunni samkv. skráningu Seðlabanka Íslands frá 17. maí 1974 (gengi þá $ 1.00 : kr. 93.20) til þess, sem er á greiðsludegi.

II.

Í sem skemmstu máli er skuld þessi til komin vegna afríska listaverka, sem flutt voru til Íslands á vegum stefnanda og stefnda til sýningar og sölu á Íslandi, og var haldin um þau sýning á Kjarvalsstöðum í Reykjavík, dagana 11. apríl — 5. maí þ. á. Nemur skuldin, að því er stefnandi heldur fram í stefnu, ógreiddum helmingshluta stefnda af andvirði verkanna, sem sé innkaupsverð þeirra til landsins eftir því sem samningar stefnanda og stefnda hafi staðið til um. Stefnandi segir fjárhæð skuldarinnar áætlaða að hluta, en það sé óhjákvæmilegt fyrir þá sök, að stefnandi hafi ekki fengið heildaruppgjör og greinargerð frá stefnda um ráðstöfun listaverkanna og andvirðis þeirra. Í stefnu áskilur stefnandi sér rétt til að gera sérstaka kröfu um slíkt uppgjör, eftir því sem við eigi, svo og til að lækka stefnukröfurnar. Þrátt fyrir eftirgangsmuni af hálfu stefnanda hafi stefndi

ekki fengist til þess að gera skil gagnvart stefnanda og því hafi verið nauðsyn á málshöfðun.

III.

Er mál þetta var þingfest í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur hinn 26. janúar 1979, kom fram krafa af hálfu stefnda um það, að stefnanda yrði gert skylt að setja málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 2.000.000. Lögmaður stefnanda mótmælti á þingfestingardegi því, að honum væri skylt að setja málskostnaðartryggingu, svo og þeirri fjárhæð, er stefndi gerði kröfu um. Var lögmönnum aðilja gefinn kostur á að tjá sig um ágreiningsefnið hinn 7. febrúar 1979 og málið því næst tekið til úrskurðar um framkomna kröfu.

IV.

Stefndi styður kröfu sína við 183. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að höfði erlendis búsettur maður mál fyrir íslenskum dómstóli, þá geti stefndi gert þá kröfu á þingfestingardegi, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltaki. Undantekningarákvæðið í 2. mgr. 183. gr. eigi ekki við í þessu tilviki, þar sem Suður-Afríka, heimaland stefnanda, sé ekki aðili að alþjóðasamningi um einkamálaréttarákvæði nr. 9 frá 17. júlí 1905. Beri stefnanda því að setja fram tryggingu þessa, ef þess sé krafist, samkv. skýlausu ákvæði áðurnefndrar lagagreinar.

Eins og fyrr segir, hefur stefnandi alfarið mótmælt því, að honum beri að setja málskostnaðartryggingu í máli þessu, þar sem hennar sé engin nauðsyn. Ef dómurinn líti hins vegar svo á, að málskostnaðartryggingu beri að setja, þá bauð hann fram persónulega ábyrgð Valdimars J. Magnússonar framkvæmdastjóra, Garðaflöt 31, Garðabæ, sem hann kvað vera valinkunnan sæmdarmann. Þá hefur stefnandi sérstaklega bent á, að umkrafin tryggingarfjárhæð sé óraunhæf og allt of há, vegna þess m. a., að stefnufjárhæðin sé sumpart áætluð, eins og fram komi í stefnu, þar sem ekki hafi tekist að afla réttra upplýsinga um skuldaskil aðilja, en það stafi af tregðu stefnda til þess að gefa nauðsynlegar upplýsingar.

Lögmaður stefnda hefur alfarið mótmælt því, að framboðin trygging af hálfu lögmanns stefnanda, þ. e. persónuleg ábyrgð Valdimars J. Magnússonar, sé nægjanleg trygging, sbr. 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936. Að því er upphæð tryggingarkröfunnar

varðar, þá telur hann það hlutverk stefnanda, en ekki stefnda, að rökstyðja stefnukröfur, og því sé krafa hans um málskostnaðartryggingu í samræmi við stefnufjárhæð málsins. Hefur hann krafist þess, að stefnanda verði skylt að setja tryggingu, annað hvort í formi bankaábyrgðar eða bankainnstæðu.

V.

Álit dómsins.

Samkv. 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 getur stefndi í máli, þegar erlendis búsettur maður er málshöfðandi, gert þá kröfu á þingfestingardegi, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan tíma, sem dómari tiltekur. Undantekning frá þessari afdráttarlausu skyldu er gerð í 2. mgr. 183. gr., þegar svo hagar til, að menn búsettir á Íslandi eru undanþegnir því að setja sams konar tryggingu í heimalandi stefnanda, þá skal stefnandi einnig vera undanþeginn því hér á landi.

Vegna hins afdráttarlausa ákvæðis í 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 um skyldu til þess að setja málskostnaðartryggingu, sé hennar krafist, og með því að heimaland stefnanda er ekki aðili að áðurnefndum alþjóðasamningi um einkamálaréttarákvæði nr. 9 frá 17. júlí 1905, og stefnandi hefur ekki sýnt fram á með öðrum hætti, að menn búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja málskostnaðartryggingu í heimalandi stefnanda, þykir mega fallast á það sjónarmið stefnda í máli þessu, að stefnanda beri að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

Að því er eðli tryggingarinnar varðar, þá hefur stefnandi boðið fram persónulega ábyrgð Valdimars J. Magnússonar framkvæmdastjóra. Stefndi hefur hins vegar alfarið mótmælt því að taka slíka tryggingu gilda og krefst þess, að stefnanda verði skylt að setja tryggingu, annað hvort í formi bankainnstæðu eða bankaábyrgðar. Ákvæði 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 miðar að því að gera það auðvelt fyrir innlendan aðilja að ná inn málskostnaði hjá erlendum aðilja, sem ekki greiðir hann fúslega. Þegar þetta er virt, þykir rétt, að tryggingin verði sett annað hvort í formi bankaábyrgðar eða innstæðu í sparisjóðsbók.

Fjárhæð málskostnaðartryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin kr. 850.000, og ber stefnanda að afhenda í réttinum annað hvort yfirlýsingu viðurkenndrar bankastofnunar um ábyrgð á greiðslu málskostnaðar í máli þessu eða sparisjóðsbók sem skilríki fyrir innstæðunni, ekki síðar en 23. febr. nk., er mál þetta verður aftur tekið fyrir á reglulegu þingi í sjó- og verslunardómi.

Krafa um málskostnað fyrir þennan þátt málsins sérstaklega kom ekki fram.

Úrskurð þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, ásamt meðdómsmönnunum þeim Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Ægi Ólafssyni kaupmanni.

Því úrskurðast:

Stefnandi, Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður f. h. Brendon Carr Whitehead, Jóhannesarborg, Suður-Afríku, setji 850.000 kr. tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar stefnda, Gylfa S. Guðmundssonar, annað hvort í formi ábyrgðar viðurkenndrar bankastofnunar eða innstæðu í sparisjóðsbók, og skal fullnægjandi skjal um trygginguna afhent í síðasta lagi, er mál þetta verður tekið fyrir að nýju á reglulegu þingi sjó- og verslunardómsins hinn 23. febrúar 1979.

Þriðjudaginn 27. mars 1979.

Nr. 160/1977. **Árni Jónsson**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Energoprojekt
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 743.216 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1976 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða áfrýjanda 440.797 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1976 til greiðsludags, en málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 170.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Árni Jónsson, greiði stefnda, Energoprojekt, málskostnað fyrir Hæstarétti, 170.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. júní sl., hefur Árni Jónsson, Nestúni 9, Helllu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. nóvember 1976, á hendur hr. Popnevacovic, framkvæmdastjóra Energoprojekt, engineering and contracting company, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, f. h. fyrirtækisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 743.216 með 13% ársvöxtum frá 1. október 1976 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi starfaði hjá stefnda við framkvæmdir í Sigöldu. Hann hóf þar störf í nóvember 1973, vann almenn störf fram í mars 1974, en byrjaði þá að starfa á krana og var með hann eftir það. Krananum átti að halda gangandi allan sólarhringinn, og gaf stefnandi ásamt öðrum kranamanni stefnda yfirlýsingu, dags. 8. maí 1976, um, að þeir yrðu tveir á krananum og tímaskrift yrði hagað með tilteknum hætti, sbr. dskj. nr. 6. Þá lýsa þeir því yfir, að þeir muni skipta vinnustundunum með sér og ábyrgjast að vera viðlátnir 24 stundir hvern dag.

Vinnu í Sigöldu var hagað þannig, að unnir voru 11 dagar á

hverju tveggja vikna tímabili. Vinnutímabil hófst á mánudegi og lauk á fimmtudagskvöldi næstu viku þar á eftir. Þetta var talið eitt úthald. Síðari hluta ágústmánaðar 1976 var stefnandi fjarverandi eitt úthald, og var þá annar maður settur til að leysa hann af. Í læknisvottorði á dskj. nr. 13, dagsettu 27. ágúst 1976, kemur fram, að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 16. ágúst til 27. ágúst, alls 12 daga. Þegar stefnandi kom aftur til vinnu þann 30. ágúst 1976 reyndust vandkvæði á, að hann fengi starf sitt á ný. Töldu forsvarsmenn véladeildar stefnda sig ekki geta látið afleysingamanninn víkja. Kom til tals, að stefnandi fengi starf á krananum á ný, en þá átti að hverfa frá vinnufyrirkomulaginu, sem gilt hafði samkvæmt dskj. nr. 6. Í þess stað skyldi unnið eftir því fyrirkomulagi sem aðalkjarasamningur kveður á um. Þessu vildi stefnandi ekki una og tilkynnti starfsmannastjóra, að hann liti á þessar aðfarir sem uppsögn úr starfi. Bréf hans þess efnis kemur fram á dskj. nr. 4, og þar stendur:

„Sigöldu 1. 9. 1976, hr. starfsmannastjóri Pétur Pétursson.

Ég undirritaður Árni Jónsson, vinnunúmer 1, mætti til vinnu við Sigöldu mánudaginn 30. 8. eftir veikindi. Var mér þá tjáð, að ég gæti ekki hafið störf á því tæki, sem ég hef unnið á síðastliðin tvö ár. Hef ég beðið eftir, að það mál leystist. Þar sem ég hef ekki fengið starfa minn aftur, lít ég svo á, að mér sé sagt upp störfum hjá fyrirtækinu Energoprojekt". Stefnandi fór síðan af staðnum. Hann byggir kröfur sínar á 1. mgr. 1. gr. laga 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum o. fl. og 1. 26 samnings dskj. nr. 8, 2. mgr. Telur hann sig samkv. þessum ákvæðum eiga rétt til eins mánaðar uppsagnarfrests miðað við mánaðamót. Hann reiknar kröfu sína út á dskj. nr. 3. Í þeim útreikningi er við það miðað, að bætur til stefnanda eigi að samsvara kaupi hans fyrir fjögur vinnutímabil í stað þess að miða við mánaðamótin október-nóvember, sem í þessu tilviki lentu á miðju vinnutímabili.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefnandi hafi ásamt Pétri Ottesen kranamanni lýst því yfir með yfirlýsingunni á dskj. nr. 6, að þeir væru reiðubúnir til að ábyrgjast það, að 15 tonna Coles krani í eigu Energoprojekt yrði starfræktur 24 klst. hvern dag að uppfylltum nánari skilyrðum. Þeir hafi ábyrgst stefnda, að þeir mundu sérhvern dag vera reiðubúnir til að starfa í 24 klst., sem þeir mundu skipta með sér.

Fljótlega hafi á því borið, að stefnandi hafi tekið sér leyfi frá störfum án samþykkis yfirmanna á staðnum. Hann hafi því ver-

ið varaður við, að ítrekuð brot vörðuðu fyrirvaralausri uppsögn. Lokaaðvörun þess efnis hafi hann fengið í júlímánuði.

Aðvörun þessi liggur frammi á dskj. nr. 12 og ber yfirskriftina: Lokaákvörðun: Hr. Árni Jónsson, vinnunr.: 1. Síðan segir: „Í nýgerðum kjarasamningum er svohljóðandi grein um agabrot (grein 1.26). „Gerist starfsmaður sekur um ítrekaða óstundvísi eða brot á viðurkenndum öryggisreglum, er hægt að segja honum upp störfum án uppsagnarfrests, enda hafi hann áður verið aðvaraður tvisvar sinnum skriflega." Okkur hefur verið tjáð, að þú hafir framið agabrot, sem þér er kunnugt um." Stefnandi hefur ritað á þessa aðvörun um móttöku. Aðvörunin er ódagsett. Samkvæmt gögnum málsins var samningur með þessu ákvæði gerður í mars 1976. Önnur aðvörun en þessi hefur ekki verið lögð fram.

Stefndi segir, að þann 2. ágúst 1976 hafi stefnandi horfið úr vinnu án leyfis og muni hafa farið í lax- eða silungsveiði austur á land. Stefnandi hefur viðurkennt, að hann hafi um þetta leyti um fríhelgi fyrir þennan dag farið í lax- og silungsveiði austur á land. Segir hann Stefán Björnsson verkstjóra hafa sagt hann hafa stolist úr vinnu. Stefnandi segir hins vegar það hafa orðið að samkomulagi milli sín og Péturs Ottesen, sem hafði farið í frí nokkru áður, að Pétur tæki einn að sér vinnuna, meðan hann væri fjarverandi. Segir hann það hafa verið munnlegt samkomulag við júgóslavneskan yfirmann Stefáns Björnssonar, Velja Vidanovich, að þeir Pétur fengju að skipta vinnunni á milli sín eins og þeir vildu eða teldu sig geta haldið krananum gangandi. Þetta hafi verið gert vegna þess, að líka hafi þurft að vinna yfir fríhelgar. Af þessum sökum hafi hann ekki talið sig þurfa neitt leyfi. Þeir Pétur hafi farið, þegar þeim sýndist, og hafi ekki orðið neinir árekstrar út af því. Pétur Ottesen hefur staðfest þetta samkomulag. Júgóslavinn er farinn af landinu og hefur ekki komið fyrir dóm. Stefán Björnsson verkstjóri kannast hins vegar ekkert við slíkan munnlegan samning. Stefnandi segir, að tilefni þess, að hann fékk lokaaðvörunina hafi verið þessi laxveiðiferð.

Af hálfu stefnda er því svo haldið fram, að um miðjan ágúst 1976 hafi Árni enn ekki mætt til starfa án nokkurs fyrirvara og hafi kraninn enn stöðvast, uns tekist hafi að fá staðgengil á kranann í stað Árna. Árni heldur því fram, að hann hafi strax á mánudagsmorgni hringt á skrifstofuna og látið af því vita, að hann væri veikur og að læknirinn segði, að hann mundi líklega ekki

geta mætt þetta úthald og jafnvel ekki lengur. Hann var ekki viss um, hver hefði tekið á móti þessum skilaboðum. Hann hafi tilkynnt þetta til almennu skrifstofunnar.

Samkvæmt framburði Péturs Ottesen forfallaðist hann einnig 16. ágúst og kom ekki aftur að Sigöldu.

Stefndi heldur því fram, að þegar Árni mætti til vinnu á ný þann 30. ágúst hafi verkstjóri véladeildar, Stefán Björnsson, tilkynnt honum, að þar sem hann hefði þráfaldlega brotið gegn ábyrgðaryfirlýsingum þeim, sem hann gaf, er hann hóf skiptivinnuna þann 8. maí 1976, þá yrði að taka upp þann hátt að hafa fjóra menn krananum, svo að ítrekaðar fjarvistir hans án leyfis stöðvuðu ekki kranann í tíma og ótíma. Stefnandi hafi neitað þessu. Stefnanda hafi þá verið boðin vinna við akstur á vörubifreið og enn fremur almenn vinna á staðnum. Því boði hafi Árni hafnað og horfið af staðnum eftir þann 1. september eftir að hafa skrifað bréfið á dskj. nr. 4. Af hálfu stefnda er því eindregið neitað, að stefndi hafi sagt Árna upp störfum. Telja verði, að stefnandi hafi fyrirvaralaust slitið ráðningu sinni hjá stefnda, og verði ekki séð, að stefndi geti verið ábyrgur fyrir nokkru tjóni, sem stefnandi telji sig hafa orðið fyrir af þessu tilefni.

Varðandi varakröfu heldur stefndi því fram, að verði breyting á vinnufyrirkomulagi talin uppsögn af hálfu stefnda, þá hafi sú neitun legið fyrir þegar þann 30. ágúst 1976, sbr. dskj. nr. 4, og uppsagnarfrestur skv. samningum sé einn mánuður. Útreikningi bótakröfu stefnanda á dskj. nr. 3 sé því mótmælt sem allt of háum í einstökum liðum. Hins vegar mótmælir stefndi ekki þeim taxta, sem reiknað er með á dskj. 3.

Álit dómsins.

Með yfirlýsingunni á dómsskj. 6 ábyrgjast stefnandi og Pétur Ottesen kranamaður stefnda, að þeir skuli skipta með sér vinnustundum við 15 t Coles krana og vera viðlátnir 24 stundir hvern dag. Vinnutilhögun þessi vék í verulegum atriðum frá þeirri tilhögun, sem greinir í almennu samningunum, sbr. 1.18, dskj. 8. Samkvæmt framburðum stefnanda og Péturs Ottesen forfölluðust þeir báðir þann 16. ágúst 1976. Samkvæmt framburði stefnanda tilkynnti hann veikindi sín til almennu skrifstofunnar og lét þess getið, *að hann gæti líklega ekki mætt þetta úthald og jafnvel ekki lengur*. Af þessu leiðir, að telja verður, að forsendur hafi verið brostnar fyrir yfirlýsingu þeirra félaga á dómsskj. nr. 6, þar sem þeir gátu ekki staðið við hana. Er þá við það miðað, að hér var um sérvinnutilhögun að ræða, og eins og hér hátt-

aði til, gat stefnandi ekki búist við, að hún gilti, eftir að þeir kranamennirnir báðir höfðu forfallast. Eftir framburði Stefáns Björnssonar og málflutningi stefnanda var stefnanda boðin vinna við kranann samkvæmt þeirri vinnutilhögun, sem gilti samkvæmt almennu samningunum, og verður að telja, að stefndi hafi á þann veg mátt uppfylla skyldur sínar gagnvart stefnanda. Hins vegar reyndi aldrei á, hvort þeir gátu efnt það loforð, þar sem stefnandi hafnaði því og hvarf af vinnustaðnum að svo búnu eftir að hafa sent bréfið á dskj. 4. Af þessu leiðir, að fallast verður á það með stefnda, að stefnanda hafi ekki verið sagt upp störfum, heldur hafi hann sjálfur horfið á braut. Ber því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Energoprojekt, skal sýkn af kröfum stefnanda, Árna Jónssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 30. mars 1979.

Nr. 16/1977. **Fradis Ltd.**
(Hafsteinn Sigurðsson hrl.)
gegn
Jóni Eggertssyni f. h. Netanausts
(Garðar Garðarsson hdl.).

Samningar. Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. febrúar 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér „sterlingspund 5.268.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af £ 11.290.00 frá 1/9 1974 til 1/11 1974, frá þeim degi af £ 20.850.00 til 31/12 1974, frá þeim degi af £ 32.140.00 til 21/1 1976, frá þeim degi af £ 22.628.00 til 5/5 1976 og frá þeim degi af £ 5.268.00 til 20/11 1976, þá 2.5% dráttarvexti af £ 5.268.00 frá þeim degi til 1/8 1977 og 3% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, vörugeymslukostnað kr. 180.954.00, auk 16% ársvaxta af kr. 70.954.00 frá 21/1 1976 til 5/5 1976 og sömu vexti frá þeim degi af kr. 180.954.00 til greiðsludags svo og yfirfærslukostnað Landsbanka Íslands af upphæð samsvarandi £ 32.140.00 auk vaxtaupphæðar og málskostnaðar skv. mati Hæstaréttar fyrir báðum dómum."

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

I.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, fóru fram viðræður í mars 1974 milli stefnda og sölumanns umboðs- og heildverslunar Péturs O. Nikulássonar um kaup á netum frá útlöndum. Sölumaður umboðs- og heildverslunarinnar, sem ræddi við stefnda, kveður hann hafa talað um „að fá" 5000 net. Pétur O. Nikulásson stórkaupmaður kveður sér hafa þótt „pöntun Jóns á 5000 netum vera óeðlilega stór og hafi hann því ekki viljað samþykkja stærri pöntun en um 3000 net." Umboðs- og heildverslunin sendi síðan áfrýjanda eða systurfyrirtæki hans þrjár pantanir vegna stefnda, 1000 net í hverri pöntun. Er fyrsta pöntunin dagsett 5. apríl 1974, en hinar 3. maí 1974. Af hálfu umboðs- og heildverslunarinnar er því haldið fram, að hún hafi sent stefnda afrit af pöntununum, en stefndi hefur neitað, að hann hafi fengið þau.

Áfrýjandi sendi umboðs- og heildversluninni staðfestingar (sales note confirmations) á öllum þrem pöntununum. Eru þær dagsettar 25. apríl, 22. maí og 23. maí 1974. Afrit

af öllum pöntununum og staðfestingunum hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Staðfestingarnar tilgreina verð, greiðsluskilmála og afgreiðslutíma varanna. Þær eru undirritaðar af áfrýjanda sem seljanda, og form þeirra gerir ráð fyrir undirritun stefnda sam kaupanda. Umboðs- og heildverslunin framsendi stefnda staðfestingar áfrýjanda í tvíriti, þá fyrstu 13. maí og hinar 28. maí 1974, að því er ráðið verður af póststimplum á umslögum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt. Fylgdi þeim orðsending, þar sem stefndi var beðinn að endursenda umboðs- og heildversluninni annað eintak staðfestinganna undirritað og afla bankaábyrgðar fyrir greiðslu, en form til þess höfðu einnig fylgt orðsendingunum. Stefndi viðurkennir, að hann hafi fengið staðfestingar þessar ásamt fylgiskjölum, en eigi samþykkti hann þær né endursendi, og ekki virðist hann hafa reynt að afla bankaábyrgðar þeirrar, sem beðið var um.

II.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram í málinu, svo sem áður er sagt, að í viðræðum sölumanns umboðs- og heildverslunar Péturs O. Nikulássonar og stefnda hafi hinum síðarnefnda verið gefið upp verð á þeim netum, sem hann hugðist kaupa. Hafi hann beðið um, að þau yrðu pöntuð fyrir sig. Það hafi verið gert og áfrýjandi síðan samþykkt þá pöntun með hinum svonefndu staðfestingarbréfum sínum. Stefnda hafi því verið skylt að leysa netin til sín.

Ekki verður talið sannað gegn eindregnum andmælum stefnda, að hann hafi í áðurnefndum viðræðum við sölumanninn eða síðar gert bindandi pöntun á þeim netum, sem málið fjallar um. Hefur þessi málsástæða því ekki við rök að styðjast. Þá er það einnig ósannað, að stefnda hafi verið send og hann fengið í hendur samrit þeirra pöntunarseðla, sem umboðs- og heildverslunin sendi áfrýjanda hans vegna. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki heldur á það fallist, sem einnig hefur verið hreyft af hendi áfrýjanda, að stefndi hafi orðið bundinn við umræddar pantanir vegna tómlætis síns um að bera fram mótmæli vegna þeirra.

Þá bendir áfrýjandi enn fremur á það kröfum sínum til stuðnings, að stefndi hafi engin mótmæli haft uppi, er honum bárust um hendur umboðs- og heildverslunar Péturs O. Nikulássonar hinar svonefndu staðfestingar áfrýjanda, þær sem áður er getið og dagsettar eru í maí 1976. Hafi það verið fyrst í októbermánuði sem stefndi hafi hreyft því, að hann teldi sig ekki hafa pantað margnefnd net. Hafi stefnda einnig af þessari ástæðu orðið skylt að leysa netin til sín.

Orðsendingar þær, sem fylgdu umræddum staðfestingarbréfum til stefnda, frá umboðs- og heildverslun Péturs O. Nikulássonar voru ekki skilmerkilegar. Af þessum svonefndu staðfestingum einum sér mátti stefndi ekki ráða það til hlítar, að áfrýjandi liti svo á, að bindandi kaup hefðu verið gerð um netin, enda voru skjöl þessi þannig að gerð, að í þeim var gagngert ráð fyrir því gert, að stefndi ritaði á þau samþykki sitt sem kaupandi. Verða kröfur áfrýjanda ekki heldur teknar til greina á þessum grundvelli.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fradis Ltd., greiði stefnda, Jóni Eggertssyni f. h. Netanausts, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur 12. desember 1976.

Mál þetta, sem þingfest var þann 18. júní 1975 og dómtekið þann 25. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Hafsteinn Sigurðsson hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. Fradis Ltd., Manchester, Englandi, fyrir sjó- og verslunardómi Keflavíkur með stefnu, birtri 12. júní 1975, gegn Jóni Eggertssyni, Hringbraut 100, Keflavík, f. h. einkafyrirtækis hans, Netanausts í Keflavík, til greiðslu á £ 32.140.00 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af £ 11.290.00 frá 1. september 1974 til 1. nóvember s. á., af £ 20.850.00 frá þeim degi til

31. desember 1974, en af £32.140.00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaði skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk alls kostnaðar við yfirfærslu tildæmdra fjárhæða til stefnanda í Englandi.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar þannig, að krafist er £5.268.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði, af £11.290.00 frá 1. september 1974 til 1. nóvember s. á., af £20.850.00 frá þeim degi til 31. desember 1974, af £32.140.00 frá þeim degi til 21. janúar 1976, af £22.628.00 frá þeim degi til 5. maí s. á., en af £5.268.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 180.954 í vörugeymslukostnað með 16% ársvöxtum af kr. 70.954 frá 21. janúar 1976 til 5. maí s. á., en af kr. 180.954 frá þeim degi til greiðsludags, svo og yfirfærslukostnaðar Landsbanka Íslands af upphæð samsvarandi £32.140.00 auk vaxtaupphæðar og málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands af hinni lækkuðu dómkröfu.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir reikningi.

Leitað hefur verið sátta með málsaðiljum, án árangurs.

II.

Stefnandi skýrir frá málavöxtum í stefnu og greinargerð á þá leið, að stefndi hafi eftir mörg samtöl við sölumenn hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, sem annaðist milligöngu um viðskipti þau, sem í máli þessu er um deilt, gert pöntun á 1000 ufsanetum, auðkennda nr. 0576 og dagsetta 5. apríl 1974, og pöntun á 2000 þorskanetum nr. 0643 og 0644, sem dagsettar eru 3. maí 1974, frá stefnanda. Skýrir stefnandi svo frá, að starfsmenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar hafi gefið stefnda upp verð á umræddum netum og að stefndi hafi upphaflega óskað eftir 5000 netum, en þar sem ekki var unnt að afgreiða það magn, hafi orðið að samkomulagi, að pöntuð voru 3000 net. Pantanir þessar voru sendar til stefnanda, og voru afrit þessara pantana send stefnda. Segir stefnandi, að staðfestingar á pöntunum hafi verið sendar heildverslun Péturs O. Nikulássonar og að afrit þeirra hafi verið send stefnda og hafi verið rætt við stefnda um opnun bankaábyrgðar fyrir greiðslum skömmu síðar og hafi stefndi lofað að ganga í málið. Segir stefnandi, að stefndi hafi tjáð umboðsmönnum sínum, að hann ætti von á lánum að fjárhæð kr. 5.000.000 og þau mundu auðvelda honum greiðslur.

Skýrir stefnandi svo frá, að engin mótmæli eða athugasemdir

hafi komið frá stefnda um pantanir þessar, en í októbermánuði 1974 hafi sölumenn frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar verið á ferð í Keflavík ásamt sölustjóra stefnanda og hitt stefnda að máli og hafi þá komið fram, að stefndi teldi sig óbundinn af pöntunum þeim, sem áður er greint frá, þar sem hann hefði ekki opnað bankaábyrgð. Segir stefnandi, að komið hafi þá fram hjá stefnda, að lánsmöguleikar hans hefðu breyst og hann ætti ekki von á nema um kr. 1.500.000 að láni.

Hin umdeildu net komu til landsins í þrennu lagi, í ágúst, október og desember 1974, og segir stefnandi, að tilkynningar um komu þeirra hafi verið sendar stefnda. Kemur fram af hálfu stefnanda, að net þessi hafi verið sérpöntuð fyrir íslenskan markað, þannig að aðeins sé unnt að selja þau hér á landi. Segir stefnandi, að stefndi hafi, er svo var komið, óskað eftir, að pantanirnar yrðu settar í smærri einingar til að auðvelda greiðslur, en það hafi ekki verið unnt að skipta þeim, en á hinn bóginn hafi sölumenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar boðist til að hjálpa stefnda að selja netin, sem þá höfðu lækkað í verði. Segir stefnandi, að stefndi hafi lofað að reyna að leysa málið, en ekki hafi orðið úr því og eftir árangurslausar innheimtutilraunir hafi mál þetta verið höfðað til greiðslu á andvirði netanna.

Eftir að til málssóknar þessarar kom, munu sölumenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar hafa reynt að selja fyrrgreind net, en ekki báru tilraunir þeirra árangur fyrr en í janúar á þessu ári, er netin seldust samtals á £ 26.872.00, og er hin lækkaða stefnukrafa mismunur á því verði, sem stefnandi krafði stefnda um í upphafi, og verði því, sem netin seldust fyrir að lokum, eða £ 5.268.00. Stefnandi bauð stefnda netin til kaups á lækkuðu verði, en ekki vildi stefndi þiggja það boð, og er því stefnukrafan, eins og hún nú stendur, fyrrgreindur mismunur á upphaflegu kaupverði og söluverði netanna auk vaxta og áfallins kostnaðar.

Í greinargerð sinni skýrir stefndi frá málavöxtum á þá leið, að á vertíð 1974 hafi hann átt von á láni að fjárhæð kr. 5.000.000 og hafi hann meðal annars hugleitt að kaupa net fyrir lán þetta til þess að eiga birgðir til endursölu. Hafi hann þá haft samband við sölumann hjá Kristjáni G. Gíslasyni h/f og hafi þá orðið úr, að fyrirtækið leitaði verðtilboðs fyrir stefnda með svonefndri „prufupöntun", en stefndi kveður það vera fólgið í því, að send sé áskorun um að gera verðtilboð miðað við ákveðið magn af vöru. Hafi hann innan skamms fengið nákvæmt tilboð, sem ein-

ungis þarfnaðist staðfestingar hans, til þess að samningur hefði komist á, en þar sem hann staðfesti ekki tilboðið, féll málið niður.

Um sama leyti og fyrrgreind „prufupöntun" var gerð hjá áðurnefndu fyrirtæki, hafi sölumaður heildverslunar Péturs O. Nikulássonar haft samband við stefnda og hafi stefndi skýrt honum frá hugleiðingum sínum. Segir stefndi, að þar sem hann vildi fá samanburð á verði, hafi áðurnefndur sölumaður boðist til að gera „prufupöntun" hjá stefnanda og hafi hann tjáð stefnda, að sömu reglur giltu hjá umbjóðanda sínum um „prufupantanir" eins og hjá Kristjáni G. Gíslasyni h/f, það er, að ekki verði talið, að bindandi samningur hafi komist á, fyrr en kaupandi staðfestir pöntun af sinni hálfu og opnar bankaábyrgð.

Telur stefndi, að þeir aðiljar, sem sáu um framvindu „prufupöntunar" sinnar, hafi talið, að um fullgilda pöntun hafi verið að ræða, þrátt fyrir að áðurnefndur sölumaður heildverslunar Péturs O. Nikulássonar hafi sagst ætla að gera „prufupöntun". Stefndi segir, að þá hafi komið fram, að umrætt fyrirtæki gæti tekið að sér að selja netin, ef stefndi vildi ekki fá þau, þegar til kæmi, ef hann pantaði netin, en ekki kveðst stefndi hafa viljað panta þau þrátt fyrir tilboð þetta.

Í maímánuði 1974 barst stefnda bréf frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, þar sem honum voru sendar upplýsingar um verð og afgreiðslutíma vörunnar, og voru þau gögn í sama formi og gögn þau, sem hann fékk frá Kristjáni G. Gíslasyni h/f og áður hefur verið greint frá. Fylgdu með tilmæli frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar um, að stefndi ætti að undirrita pöntunina til samþykkis og opna bankaábyrgð sem fyrst. Stefndi kveður sig hafa verið afhuga umræddum viðskiptum, er málið var svo komið, og hafi hann því hvorki staðfest pöntunina né opnað bankaábyrgðir og þannig talið sig óbundinn vera. Segir stefndi, að hringt hafi verið til sín frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar og hann beðinn um að ganga frá málinu af sinni hálfu, en hann hafi tjáð viðmælanda sínum, að hann væri afhuga að gera pöntunina.

Stefndi skýrir svo frá, að það næsta, sem hann fékk vitneskju af í máli þessu, hafi verið í október 1974, er sölumenn frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar komu til sín ásamt sölustjóra stefnanda og hafi þeir skýrt svo frá, að „pantanir" hans væru á leið til landsins. Kveður hann sig hafa orðið þrumulostinn og skýrt þeim svo frá, að hann hefði enga pöntun gert, enda hafi hann hvorki staðfest pantanir né opnað bankaábyrgð, en hann

hafi í greiðaskyni boðist til að hjálpa til við að selja netin, en með því hafi hann ekki verið að staðfesta þessar pantanir, enda hafi það, að hans sögn, aldrei staðið til.

III.

Í máli þessu hefur verið lögð fram yfirlýsing tveggja starfsmanna heildverslunar Péturs O. Nikulássonar, þingmerkt nr. 9, en þeir eru Erlingur Sigurðsson sölumaður og Sigurður Jónsson skrifstofustjóri.

Í yfirlýsingu þessari er skýrt svo frá, að Erlingur Sigurðsson hafi oft haft samband við stefnda í mars 1974 og hafi stefndi að lokum pantað hjá honum 1000 ufsanet og 2000 þorskanet. Segist Erlingur hafa gefið stefnda upp nákvæmt verð ufsanetanna og nokkuð nákvæmt verð þorskanetanna, þegar stefndi gerði pöntun sína. Skýrir hann svo frá, að pantanir þessar hafi verið sendar utan til stefnanda, Fradis Ltd., og hafi söluskilmálar verið opnun bankaábyrgðar, eins og venja er, þegar nýir viðskiptavinir panta varning, en fram til þessa hefði stefndi, Netanaust, aðeins átt takmörkuð viðskipti við heildverslun Péturs O. Nikulássonar. Kemur fram í yfirlýsingunni, að staðfesting hafi borist frá stefnanda og að stefnda hafi verið sent afrit hennar og að skömmu síðar hafi Erlingur átt símtal við stefnda varðandi opnun bankaábyrgðar og hafi stefndi ætlað að ganga í málið fljótlega.

Er tekið fram í umræddri yfirlýsingu, að venja sé, að vörur séu sendar hingað til lands frá stefnanda, án þess að bankaábyrgð hafi enn verið opnuð, þar sem reynslan hafi sýnt, að ekki standi á ábyrgðum, þegar varan sé komin til landsins, og sé þetta gert kaupanda til hagræðis, því gjöld af bankaábyrgðum reiknist frá opnun þeirra, og með því að bíða með opnun þeirra spari kaupandi nokkur útgjöld.

Síðan segir orðrétt í umræddri yfirlýsingu:

„Þann 22. október 1974 fórum við undirritaðir til Keflavíkur til að hitta viðskiptavini okkar þar, m. a. Jón Eggertsson vegna NETANAUSTS. Með okkur var sölustjóri Fradis Ltd., Mr. Kirby. Jón Eggertsson var ekki í fyrirtæki sínu, svo við fórum heim til hans. Þáðum við kaffiveitingar hjá Jóni, sem var einn heima.

Inntum við Jón Eggertsson eftir greiðslum og bankaábyrgðum. Tjáði Jón okkur þá, að lán þau, er hann hafði átt von á að fá, ca. kr. 5 milljónir, hefðu brugðist og myndi hann í hæsta lagi fá 1.5 milljónir og skapaði þetta honum mikil vandræði, sem

yrðu þess valdandi, að hann gæti ekki greitt pantanirnar, eins og fyrirhugað hafði verið.

Gerðum við Jóni grein fyrir því, að þar sem netin væru sérpöntuð fyrir Ísland og staðhætti þar, framleidd í Kóreu, sem hefði sent þau til Evrópu fyrir löngu, þýddi það, að þau væru óseljanleg erlendis.

Þegar hér var komið umræðum, lét Jón Eggertsson í ljós þá skoðun sína, að hann hefði ekki átt von á að vera skuldbundinn, þar sem hann hefði ekki verið búinn að opna bankaábyrgðir fyrir netunum og ekki gert sér grein fyrir, að pantanir væru farnar af stað eða um það bil að koma til landsins.

Þessi afstaða og skilningur Jóns Eggertssonar kom okkur á óvart, og létum við þá skoðun okkar í ljós við Jón, að hann hefði sérpantað netin, fengið staðfestingar á pöntununum í tvígang, vörurnar þar að auki framleiddar í Kóreu og sendar þaðan til Evrópu og á leiðinni hingað og því væri ekki aftur snúið héðan af. Pantanirnar væru því algerlega skuldbindandi fyrir hann. Spurði Jón Eggertsson, hvort ekki væri unnt að skipta pöntununum í smærri einingar, þ. e. að hann tæki og greiddi þær í minni skömmtum. Töldum við, að það yrði nokkrum vandkvæðum bundið. Tekið skal fram, að Jón Eggertsson var búinn að fá tilkynningar frá Eimskip um vöruna, a. m. k. fyrstu sendinguna.

Endaði samtal okkar við Jón Eggertsson þannig, að Jón sagðist mundu reyna að leysa málið, þrátt fyrir að lánin, sem hann hafði átt von á, hefðu brugðist.

Hins vegar kom okkur saman um að hjálpa Jóni við að selja það af netunum, sem hægt væri, sem því miður ekki tókst vegna hins breytta ástands hjá útgerðinni á Íslandi almennt."

IV.

Fyrir dóminn kom sem vitni Sigurður Jónsson, skrifstofustjóri hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar. Staðfesti hann fyrir dómi yfirlýsingu þá, sem um er getið hér að framan.

Vitnið kvaðst ekki hafa haft samband við stefnda fyrr en þann 22. október 1974, er það fór til Keflavíkur ásamt Erlingi Sigurðssyni og sölustjóra stefnanda. Skýrði vitnið svo frá, að umræður við stefnda hafi aðallega gengið út á það að fá fram hjá stefnda, hvernig hann hygðist greiða hina pöntuðu vöru. Hefði stefndi þá skýrt þeim frá örðugleikum, sem komið hefðu upp varðandi lánsmöguleika hans. Skýrði vitnið frá því, að í umræðunum hefði „meðal annars komið fram sú skoðun stefnda,

eða spurning, hvort hann væri bundinn við kaup þessi.“ Segir vitnið, að stefnda hafi verið gerð grein fyrir því, að svo væri, enda orðið um seinan að hreyfa mótmælum við.

Aðspurt um það, hvernig pantanir væru gerðar á netum frá stefnanda hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, skýrði vitnið svo frá, að þegar sölumaður og kaupandi hafi komið sér saman um, að kaupandi kaupi ákveðna vöru, þá sé gerð pöntun í nafni kaupanda og frumrit hennar sent stefnanda, eitt eintak sent kaupanda, en fyrirtækið haldi eftir einu eintaki. Eintak kaupanda kvað vitnið ekki vera sent í ábyrgðarbréfi. Sagði vitnið, að kaupendur skrifi aldrei undir vörupantanir hjá fyrirtækinu og að tilvik þetta væri hið fyrsta á 10 ára starfsferli þess, þar sem kaupandi telji sig ekki hafa pantað vöru, sem pöntuð hafi verið í nafni hans.

Vitnið sagði, að er það fór frá stefnda í umrætt sinn, hafi það álitið, að stefndi gæti ekki leyst vöruna til sín, en ekki, að stefndi teldi sig ekki hafa pantað vöruna.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Erlingur Sigurðsson, sölumaður hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar. Skýrði vitnið svo frá, að það hefði haft samband við stefnda og boðið honum net til sölu og hafi stefndi beðið um verð á ufsa- og þorskanetum, en ekki kvaðst vitnið muna, hvaða verð það gaf stefnda upp. Sagði vitnið, að stefndi hefði rætt um 5000 net, en endirinn hefði orðið sá, að pöntuð væru 3000 net. Sagði vitnið, að af sinni hálfu hefði það talið, að hér hafi verið um pöntun að ræða.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði komið greinilega fram, þegar það heimsótti stefnda í október 1974 ásamt Sigurði Jónssyni og sölustjóra stefnanda, að stefndi hafi ekki búist við, að varan væri komin til landsins, þar eð hann hefði ekki opnað bankaábyrgð. Einnig hefði stefndi sagt, að hann hefði engar tilkynningar fengið um pöntun á vörunni eða staðfestingar á pöntun og hafi stefndi ekkert virst vita um vöruna. Vitnið sagðist hafa álitið, að stefndi hefði trúlega haldið, að hér væri um „prufupöntun“ að ræða.

Vitnið kvaðst telja, að stefndi hefði jafnvel haldið, að pöntunin færi ekki af stað fyrr en bankaábyrgð væri opnuð. Sagði það, að algengt væri hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, að pöntun væri send, án þess að bankaábyrgð væri áður opnuð. Kom einnig fram í vitnisburðinum, að vitnið teldi stefnda ófróðan um viðskipti á þessu sviði.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa talið, að stefndi hefði gert bind-

andi pöntun. Vitnið sagðist þó hafa sagt stefnda, þegar hann pantaði vöruna, að heildverslun Péturs O. Nikulássonar mundi selja netin fyrir hann, ef hægt væri, ef svo kynni að fara, að stefndi vildi ekki taka við vörunni, er til kæmi, en stefndi væri þó eftir sem áður ábyrgur fyrir greiðslu.

Vitnið kvaðst telja, að hér væri um stóra pöntun að ræða og það hefði litið á stefnda sem nýjan viðskiptavin á þessu sviði. Sagði það, að matsatriði væri hverju sinni, hvort viðskiptavinir ættu að opna bankaábyrgð, áður en pantanir væru sendar.

Stefndi í máli þessu, Jón Eggertsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði á árunum 1970 til 1974 selt net í umboðssölu fyrir Kristján G. Gíslason h/f, en síðan hafi hann farið að huga að því að flytja sjálfur inn net til sölu. Hafi hann í því sambandi kannað, hvernig unnt væri að standa að slíkum viðskiptum hjá Kristjáni G. Gíslasyni h/f og heildverslun Péturs O. Nikulássonar, og minnti hann, að hann hefði rætt við Erling Sigurðsson hjá hinu síðarnefnda fyrirtæki. Sagðist hann hafa beðið um nákvæmt verðtilboð miðað við ákveðna netategund og taldi sig hafa beðið um, að tilboðið yrði miðað við 5000 net hjá hvoru fyrirtæki. Kvaðst hann hafa fengið tilboð frá báðum fyrirtækjunum.

Stefndi kvaðst ekki minnast þess að hafa fengið afrit af pöntun heildverslunar Péturs O. Nikulássonar til stefnanda, og sagði hann, að sér hefði verið ókunnugt um, að umrædd net hefðu verið pöntuð, þar til sölumaður stefnanda og starfsmenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar komu til Keflavíkur þann 22. október 1974. Sagði stefndi, að sér hefði komið mjög á óvart, að netin væru á leið til landsins, þar sem hann taldi sig aldrei hafa samþykkt pöntun fyrir fyrirtæki sitt. Sagði hann, að sölumaður hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar hefði talað um, að opna þyrfti bankaábyrgð og samþykkja pöntun, áður en varan yrði send til landsins.

Stefndi skýrði svo frá, að eftir að honum barst bréf frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, sem lagt hefur verið fram í málinu og þingmerkt nr. 14, hefði hann haft símasamband við Erling Sigurðsson og sagt honum, að hann væri afhuga viðskiptunum og hann mundi ekki undirrita skjölin. En í bréfi þessu var hann beðinn um að endursenda til fyrirtækisins annað eintak meðfylgjandi pöntunarstaðfestingar frá stefnanda undirritað, og einnig var þar beðið um, að opnuð yrði bankaábyrgð. Kvaðst hann einnig hafa talað við Pétur O. Nikulásson um sama efni, en

ekki kvaðst hann hafa átt í bréfaskriftum við Pétur um þetta efni. Kvaðst stefndi hafa tilkynnt sölumanni hjá Kristjáni G. Gíslasyni h/f á sama hátt, að hann hefði ekki áhuga á viðskiptum þeim, sem fyrirtækið bauð sér í kjölfar fyrirspurnar hans, sem áður er um getið.

Stefndi kvaðst hafa orðið afhuga að flytja sjálfur inn net vegna minnkandi umsvifa á því sviði, en skertir lánsmöguleikar hans hjá Iðnlánasjóði hefðu engin áhrif haft á þá ákvörðun hans.

Sagði stefndi, að komið hefði fram í samtali við Erling Sigurðsson, að ef hann pantaði net, en óskaði ekki eftir því að taka við þeim, er til kæmi, þá mundi heildverslun Péturs O. Nikulássonar selja netin fyrir hann, en ekki hefði hann pantað netin þrátt fyrir þetta tilboð.

Kvaðst stefndi hafa boðist til að aðstoða heildverslun Péturs O. Nikulássonar við að selja netin, þegar starfsmenn fyrirtækisins og sölustjóri stefnanda hittu hann að máli í október 1974, en ekki hefði honum fundist hann vera skyldugur til að taka við netunum sjálfur. Sagði hann, að sér hefði verið boðið við þetta tilefni, að netin yrðu afgreidd í smærri einingum, en ekki kvaðst hann hafa haft áhuga á því.

Fyrir dóminn hefur einnig komið sem vitni Pétur O. Nikulásson stórkaupmaður. Skýrði vitnið svo frá, að þegar pöntuð væru þorskanet hjá fyrirtæki sínu, væri ekki unnt að gera svokallaða „prufupöntun", þar sem netin væru ekki pöntuð beint frá framleiðanda, heldur væru þau pöntuð í gegnum stefnanda í máli þessu, sem opnaði ábyrgð gagnvart framleiðanda, þegar hann hefði fengið pöntunina í sínar hendur.

Vitnið sagði, að pöntun sú, sem Netanaust er talið hafa gert hjá fyrirtæki hans, hefði að öllu leyti farið um hendur Erlings Sigurðssonar. Kvaðst vitnið fyrst hafa rætt við stefnda síðast í október eða í nóvemberbyrjun 1974 og hafi það þá boðið honum að skipta pöntuninni í smærri einingar og auk þess boðið afslátt frá upphaflegu kaupverði, en stefndi hafi ekkert viljað um málið ræða og sagst enga pöntun hafa gert.

Vitnið kvaðst alltaf reyna að afla skriflegra staðfestinga kaupanda á pantanir, en ekki gangi vel að afla þeirra. Aðspurt sagði vitnið, að alltaf væri beðið um, að bankaábyrgð yrði opnuð strax. Vitnið sagði, að engin föst venja ríkti hjá fyrirtæki sínu um skilyrði þess, að pöntun væri gerð fyrir viðskiptavini, heldur væri metið í hverju einstöku tilfelli, hversu formleg pöntun þyrfti að vera. Vitnið kvaðst þó alltaf reyna að taka sem minnsta

áhættu fyrir umbjóðendur sína, þegar pantað væri fyrir viðskiptavini.

V.

Stefnandi, Fradis Ltd., byggir kröfur sínar á hendur stefnda, Jóni Eggertssyni vegna Netanausts, á því, að stefndi hafi í mars 1974 gert bindandi pöntun á 1000 ufsanetum og 2000 þorskanetum. Upphaflegt kaupverð netanna var £ 32.140.00, en í janúar og mars á þessu ári tókst heildverslun Péturs O. Nikulássonar að selja netin fyrir jafngildi £ 26.872.00, og er endanleg kröfugerð stefnanda á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér mismuninn á upphaflegu kaupverði og söluverði, eða £ 5.268.00 ásamt vöxtum og öðrum kostnaði. Áður en umrædd sala á netunum fór fram, var stefnda boðið að kaupa netin á því verði, sem fékkst síðar fyrir þau, eins og fram kemur á dskj. nr. 11, en stefndi hafnaði því boði.

Rökstyður stefnandi kröfur sínar með því, að eftir að stefndi gerði pöntun á umræddum netum, hafi honum verið sent afrit af pöntun til stefnanda, afrit af staðfestingu stefnanda á pöntuninni og enn fremur tilkynningu frá H/f Eimskipafélagi Íslands um, að varan væri komin til landsins, án þess að hreyfa neinum athugasemdum við. Hafi stefnda verið kunnugt, þá þegar er hann pantaði vöruna, að ekki væri um „prufupöntun" að ræða.

Stefnandi hefur getið þess, að þó svo að stefndi hafi ekki undirritað afrit pöntunar til staðfestingar eða opnað bankaábyrgð, þá sé pöntunin bindandi fyrir hann, enda tíðkist varla, að kaupendur staðfesti pantanir skriflega og kaupendum sé gert það í hag að þurfa ekki að opna bankaábyrgð fyrr en að afhendingu vörunnar kemur, þar sem kostnaður vegna bankaábyrgðar reiknist frá þeim tíma, þegar hún er opnuð. Stefnandi hefur einnig fullyrt, að stefndi hafi lofað að opna bankaábyrgð í samtölum við starfsmenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar, fljótlega eftir að hann gerði pöntunina.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu frumreikninga fyrir hin umdeildu net ásamt farmskírteinum, þingmerkt nr. 6 til 8. Einnig hefur hann lagt fram dskj. nr. 17 og 18, yfirlýsingu frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar um, að fyrirtækið hafi ráðstafað netunum til annarra kaupenda, ásamt fylgiskjölum varðandi kröfu hans um greiðslu á farmgjaldi og geymslukostnaði af sendingunum. Einnig hefur verið lögð fram í málinu yfirlýsing frá Pétri O. Nikulássyni, þingmerkt nr. 20, um viðskiptaháttu fyrir-

tækis síns, þegar pöntuð eru net frá stefnanda. Er yfirlýsing þessi í samræmi við framburð Péturs O. Nikulássonar fyrir dómi, sem áður hefur verið rakinn. Fylgir með yfirlýsingunni handskrifaður listi frá Erlingi Sigurðssyni yfir pantanir, sem gerðar voru hjá fyrirtækinu á netum, um það leyti sem hin umdeilda pöntun var gerð fyrir stefnda í máli þessu, og er sú pöntun þar tilgreind, en sú skýring fylgir, að listar af þessu tagi séu alltaf gerðir hjá fyrirtækinu.

Stefndi í máli þessu rökstyður sýknukröfu sína með því, að hann hafi aldrei pantað net hjá stefnanda, heldur hafi hann einungis leitað verðtilboða frá honum. Lítur stefndi svo á, að bréf stefnanda til sín, sem lagt hefur verið fram í málinu og þingmerkt nr. 14, sé einungis tilboð um sölu á ákveðnu magni neta á ákveðnu verði og það beri greinilega með sér, að ætlast sé til þess, að það sé samþykkt bréflega með undirskrift kaupanda á tilboðinu og það síðan sent stefnanda og fyrst þá sé kominn á bindandi samningur. Bendir stefndi á, að hann hafi aldrei gengið þannig frá tilboðinu, og verði því að telja, að hann hafi hafnað því. Stefndi kveðst telja, að venja sé í viðskiptum á þessu sviði, að bindandi samningur teljist ekki vera kominn á, fyrr en tilboð af þessu tagi hafi verið samþykkt skriflega, og hefur hann þessu til stuðnings lagt fram í dskj. nr. 13 tilboð frá Kristjáni G. Gíslasyni h/f, sem hann leitaði eftir, eins og áður hefur verið um getið, og er það efnislega samhljóða bréfi stefnanda til stefnda á dskj. nr. 14. Stefndi kveður tilboð Kristjáns G. Gíslasonar h/f hafa fallið niður, þar sem hann samþykkti það ekki. Einnig hefur stefndi lagt fram í málinu yfirlýsingar frá Kristjáni G. Gíslasyni h/f, Marco h/f og Kristjáni Ó. Skagfjörð h/f, þingmerktar nr. 21 til 23, um fyrirkomulag fyrirtækjanna á pöntun neta fyrir viðskiptavini sína. Yfirlýsingar þessar eru efnislega samhljóða að því leyti, að fyrirtækin sendi pöntun utan til fyrirtækja, sem annast sölu neta, og senda hin erlendu fyrirtæki síðan staðfestingar á pöntunum, sem kaupendur verða að undirrita, til þess að samningur teljist vera kominn á. Í yfirlýsingunum frá Marco h/f og Kristjáni Ó. Skagfjörð h/f kemur einnig fram, að ekki teljist samningur vera kominn á, fyrr en kaupandi opnar bankaábyrgð.

Einnig lætur stefndi þess getið, að stefnandi hafi sent stefnda tilboð sitt til staðfestingar í lok aprílmánaðar 1974 og að þá hafi verið beðið um, að bankaábyrgð yrði opnuð, en stefndi telur, að beiðni þessi ætti ekki að hafa komið fram, ef söluskilmálar væru

þeir, að bankaábyrgð ætti fyrst að opna, þegar varan væri komin til landsins. Bendi þetta til þess, að stefnandi hafi viljað fá bankaábyrgð opna, áður en hann teldi stefnda hafa gert skuldbindandi pöntun.

Þá telur stefndi einnig, að umboðsmönnum stefnanda hafi mátt vera það ljóst, að hann væri fákunnandi um viðskipti á þessu sviði, og hafi þeir gengið þannig frá málunum, að bindandi samningur hafi komist á milli hans og stefnanda, þá sé samningur honum óskuldbindandi með tilvísun til 32. gr. laga nr. 7 frá 1936.

VI.

Stefndi reisir, svo sem fyrr greinir, sýknukröfu sína meðal annars á því, að í viðskiptum af því tagi, sem í máli þessu er um deilt, gildi viðskiptavenja þess efnis, að skuldbindandi samningur teljist ekki vera kominn á með aðiljum, fyrr en pöntun hefur verið staðfest skriflega af kaupanda. Með tilvísun til 1. gr. samningalaga nr. 7 frá 1936 gildi því ekki hinar frávíkjanlegu reglur I. kafla þeirra laga, heldur hin meinta viðskiptavenja, sem gerir ríkari kröfur til samningsgerðar heldur en lögin áskilja.

Með framlögðum yfirlýsingum á dskj. nr. 21 til 23 frá Kristjáni G. Gíslasyni h/f, Marco h/f og Kristjáni Skagfjörð h/f, sem áður hefur verið fjallað um, hefur stefndi leitast við að sýna fram á, að venja sé fyrir hendi um það, að samningur á þessu sviði sé ekki kominn á, fyrr en pöntun hefur verið staðfest skriflega af kaupanda.

Rétturinn lítur svo á, að til þess, að hin meinta venja hafi verkanir þær, sem stefndi telur hana hafa, verði hún m. a. að uppfylla þau skilyrði, að eftir henni hafi verið farið við framkvæmd um nokkurn tíma og tilvist hennar sé alkunn. Á dskj. nr. 21 til 23 kemur fram, að venja þessi gildi í viðskiptum þargreindra viðskiptaaðilja, en stefnandi máls þessa hefur borið brigður að því, að venja þessi sé algild, og verður því með tilvísan til 121. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 að líta svo á, að stefnda beri að sanna tilvist hinnar meintu venju. Ekki getur rétturinn fallist á, að stefnda lánist sú sönnun með hinum framlögðu yfirlýsingum á dskj. nr. 21 til 23, og telur rétturinn, að skoða beri umræddar yfirlýsingar sem lýsingu á viðskiptaháttum þar greindra fyrirtækja og hafi viðskiptahættir þessir ekki áunnið sér þá festu, sem þarf að vera fyrir hendi,

til þess að þeir geti þokað ákvæðum I. kafla samningalaga til hliðar. Verður því skv. framansögðu að telja, að ákvæði I. kafla samningalaga hafi gildi, þegar skorið er úr því, hvort samningur hefur komist á milli aðilja máls þessa.

Stefnandi máls þessa staðhæfir, að bindandi samningur hafi komist á með aðiljum málsins um kaup á hinum umdeildu netum. Andstætt þessu hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi ekki gert skuldbindandi samning við stefnanda, heldur hafi hann aðeins hvatt stefnanda til þess að gera sér tilboð og þar sem hann sinnti ekki tilboði þessu, hafi samningur ekki komist á. Ekki lítur rétturinn svo á, að sannað sé í máli þessu, hvorki með framlögðum gögnum né framburði vitna, að samningur hafi komist á samkvæmt almennum reglum um samþykki tilboðs. Hins vegar telur rétturinn, að skoða beri háttsemi stefnda á þá lund, að hann hafi hvatt stefnanda til að gera sér tilboð með þeim afleiðingum, að stefnanda hafi verið rétt með hliðsjón af 9. gr. laga nr. 7 frá 1936 að líta á aðgerðarleysi stefnda gagnvart tilboðinu sem samþykki hans á því að öðru óbreyttu.

Stefndi hefur meðal annars rökstutt sýknukröfu sína með því, að ef rétturinn teldi, að skuldbindandi samningur hafi komist á milli aðilja málsins, þá geti stefnandi með tilvísun til 32. gr. laga nr. 7 frá 1936 ekki borið þann samning fyrir sig.

Í máli þessu hefur komið fram, að umboðsmanni stefnanda, heildverslun Péturs O. Nikulássonar, hafi verið fullkunnugt um, að stefndi hafi verið ófróður um viðskipti á þessu sviði. Einnig hefur komið fram, að umboðsmanni stefnanda sé kunnugt um þann viðskiptahátt margra annarra umboðsmanna netaframleiðenda að gera svonefnda „prufupöntun“ fyrir viðskiptavini sína, sem ekki verður talin bindandi, fyrr en hún hefur verið staðfest skriflega af viðskiptavininum. Að auki hefur komið fram, að umboðsmanni stefnanda hafi verið kunnugt, að stefndi hafi ekki, áður en samningaumleitanir þær, sem í máli þessu er um deilt, hófust, átt viðskipti á umræddu sviði í jafnstórum stíl og raun ber vitni í máli þessu. Verður því að telja með tilvísun til framangreindra atriða, að ótvíræð skylda hafi hvílt á umboðsmanni stefnanda sem viðskiptafróðum aðilja að gera stefnda berlega grein fyrir, að aðrir hættir væru hafðir á viðskiptum við sig en við aðra viðskiptaaðilja á þessu sviði. Þá hefur einnig komið fram í framburði vitnisins Erlings Sigurðssonar, að vitnið hafi tjáð stefnda, að ef stefndi pantaði net, en vildi ekki taka við þeim, þegar þau kæmu til landsins, þá gæti heildverslun Péturs

O. Nikulássonar selt netin fyrir hann. Telja verður, að þessi afstaða umboðsmanns stefnanda hafi enn frekar orðið til þess að villa stefnda sýn um skuldbindingargildi aðgerða sinna. Telur rétturinn, að með því að gera stefnda sem óviðskiptafróðum aðilja ekki nægilega grein fyrir skuldbindingargildi athafna sinna á sviði, þar sem lítil festa ríkir um almenna viðskiptahætti, og með því að hafa villt stefnda sýn með upplýsingum, sem reyndust ekki eiga við rök að styðjast, hafi umboðsmaður stefnanda gert það að verkum, að stefndi gat ekki gert þær ráðstafanir, sem aðstæður kröfðust, til að fyrirbyggja, að skuldbindandi samningur kæmist á milli sín og stefnanda. Með vísan til þessa telur rétturinn, að umboðsmaður stefnanda hafi með tilvísun til 32. gr. laga nr. 7 frá 1936 fyrirgert rétti stefnanda til að bera fyrir sig samning sinn við stefnda, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir með hliðsjón af niðurstöðu málsins og með tilliti til 178. gr. laga nr. 85 frá 1936, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, Sveinn Sigurkarlsson, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Zakaríasi Hjartarsyni og Andreasi Færseth.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Eggertsson vegna einkafyrirtækis síns, Netanausts, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Fradis Ltd.

Stefnandi, Fradis Ltd., greiði stefnda, Jóni Eggertssyni, kr. 250.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. apríl 1979.

Nr. 207/1977. **Guðjónína Jóhannesdóttir**
f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Sverre Jensen
Aslaug Davidsen
Marie Pedersen
Grace Haugen
Harry Warhaug og
(Skúli Pálsson hrl.)
til réttargæslu Sigurgeir Jónssyni,
skiptaráðanda í Kópavogi,
(enginn)
og
Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður
f. h. dánarbús Ole Omundsen og
erfingja þess, þeim
Sverre Jensen
Aslaug Davidsen
Marie Pedersen
Grace Haugen og
Harry Warhaug,
gegn
Guðjónínu Jóhannesdóttur
f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1977. Krefst hann þess aðallega, að stefndu í aðalsök verði dæmd f. h. dánarbús Ole Omundsen

til að greiða áfrýjanda 3.917.526 krónur auk 13% ársvaxta frá 1. janúar 1976 til greiðsludags, en til vara aðra fjárhæð lægri að mati Hæstaréttar auk vaxta, eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 5. desember 1977. Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi stefndi Sigurgeir Jónssyni skiptaráðanda til réttargæslu fyrir Hæstarétti. Engar kröfur eru gerðar á hendur honum, og af hans hálfu er eigi sótt þing.

Dánarbú Ole Omundsen, sem andaðist 19. október 1975, er til meðferðar í skiptarétti Kópavogs sem skuldafrágöngubú. Í hinum áfrýjaða úrskurði hefur skiptaráðandi leyst úr kröfu aðaláfrýjanda, dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur, er andaðist 25. janúar 1976, til ráðskonulauna úr fyrrgreinda búinu.

Réttarfarsnauðsyn ber til þess, að skiptaráðanda sé stefnt til Hæstaréttar f. h. dánarbús Ole Omundsen, sbr. lög nr. 19/1895. Með því að þessa hefur eigi verið gætt, ber að vísa aðalsök sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Í málflutningi hér fyrir dómi lýsti Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður því, að hann hefði eigi fengið samþykki skiptaráðandans í Kópavogi til þess að gagnáfrýja málinu og hafa uppi kröfur vegna fyrrgreinds dánarbús. Eigi hafi hann heldur haft umboð erfingja til að binda þeim persónulega fjárábyrgð. Ber því einnig að vísa gagnsök sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu, aðalsök og gagnsök, er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 21. október 1977.

Sóknaraðili máls þessa, Guðjónína Jóhannesdóttir, Nönnugötu 1 í Reykjavík, hefur gert þær dómkröfur aðallega, að úrskurðað verði, að dánarbú Ole Omundsen greiði henni f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur kr. 3.917.526 auk 13% ársvaxta frá 1. janúar 1976 til greiðludags svo og málskostnað, en til vara aðra lægri fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan greinir.

Af hálfu varnaraðilja eru þær dómkröfur gerðar, að hrundið verði kröfu sóknaraðilja og honum verði dæmt að greiða varnaraðiljum málskostnað.

Varnaraðiljar auk búsins eru erfingjar þess, Sverre Jensen, fæddur 11. desember 1928, Aslaug Davidsen, fædd 18. janúar 1930, Marie Pedersen, fædd 28. mars 1931, Grace Haugen, fædd 2. júní 1928, og Harry Warhaug, fæddur 1. nóvember 1935, systkinabörn Ole Omundsen heitins og öll búsett í Noregi.

Málið var lagt undir úrskurð dómsins að loknum munnlegum málflutningi 6. þ. m.

Krafa um frávísun var ekki höfð uppi, og þykja málsskjöl ekki gefa tilefni til þess.

Málið ber að sem hér segir:

Hinn 19. október 1975 lést Ole Omundsen, til heimilis að Fífuhvammsvegi 25, Kópavogi. Með bréfi, dags. 20. nóvember sama ár, óskaði sambýliskona hans, Margrét Jóhannesdóttir, eftir uppskrift og virðingu eigna dánarbúsins. Það var framkvæmt 3 desember s. á., og reyndust helstu eignirnar vera helmingur neðri hæðar íbúðarhússins nr. 25 við Fífuhvammsveg, Kópavogi, á móti fósturdóttur Margrétar og Ole, Sigurlaugu Friðgeirsdóttur, Framnesvegi 40 í Reykjavík, innbú og peningainnstæður í bönkum. Innbú var selt á opinberu uppboði, en helming íbúðarinnar keypti fósturdóttirin með samþykki skiptafundar fyrir kr. 2.582.722. Peningaeign dánarbúsins pr. 31. desember 1976 nam kr. 758.099 og lýstar kröfur kr. 296.212, en innköllun til erfingja og skuldheimtumanna birtist síðast í 28. tbl. Lögbirtingarblaðs hinn 12. apríl 1976.

Erfðaskrá fyrirfinnst ekki í dánarbúinu.

Hinn 25. janúar 1976 lést sambýliskona Ole heitins, Margrét Jóhannesdóttir. Alsystir hennar og einkaerfingi er sóknaraðili þessa máls. Hún óskaði eftir uppskrift eigna dánarbús systur sinnar, sem fram fór síðan 12. febrúar f. á. Að ósk sóknaraðilja

var veitt leyfi til einkaskipta, og var erfðafjárskýrslu skilað 18. febrúar f. á. Reyndust hreinar eignir búsins kr. 435.810. Dánarbúið var síðan enduruppteki til framhaldsskipta vegna kröfu sóknaraðilja á hendur dánarbúi Ole Omundsen.

Niðurstaða bréfaskipta milli skiptaráðandans og lögmanns erfingja Ole heitins, Johan Chr. Bull, Stavanger, varð sú, að erfingjarnir óskuðu eftir, að búi Ole heitins yrði skipt sem skuldafrágöngubúi. Jafnframt mótmæltu þeir öllum kröfum sóknaraðilja. Þegar ljóst varð, að um málssókn yrði að ræða, óskuðu þeir eftir með bréfi, dags. 28. febrúar þ. á., að Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður gætti hagsmuna þeirra.

Verður nú rakinn aðdragandi kröfugerðar sóknaraðilja:

1. Í bréfi lögmanns Margrétar heitinnar, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, dags. 20. nóv. 1975, til skiptaráðandans í Kópavogi varðandi beiðni um uppskrift og virðingu eigna dánarbús Ole heitins segir eftirfarandi: „Umbj. minn, Margrét, lítur svo á, að eignir búsins hafi verið sameign hennar og hins látna, þar sem þau hafi búið saman s.l. 45 ár."

2. Í bréfi sama lögmanns til Harry Warhaug, Noregi, dags. 30. desember 1975, segir eftirfarandi: „Tel ég, að svo verði að líta á, að þau hafi að jöfnu eignast búið."

3. Í kröfulýsingu sóknaraðilja í dánarbú Ole heitins, dags. 2. júní 1976, segir eftirfarandi: „Ég undirritaður vil hér með fyrir hönd db. Margrétar Jóhannesdóttur, Fífuhvammsvegi 25, sem lést hinn 25. janúar 1976, lýsa fjárkröfum í db. Ole Omundsen, en Margrét heitin var bústýra Ole heitins, og voru þau sameigendur að eignum búsins."

4. Á skiptafundi hinn 23. september 1976 óskaði sóknaraðili eftir því, að litið yrði á bú hinnar látnu og Ole Omundsen sem heild í sambandi við skiptin og eignum félagsbúsins skipt til helminga.

5. Í bréfi skiptaráðandans til lögmanns erfingja Ole heitins, Johans Chr. Bull, Stavanger, dags. 15. nóvember 1976, segir svo: „Lögmaður dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur hefur aðallega krafist helmings eigna hins látna, en til vara krafist ráðskonulauna." Síðarnefnda krafan byggðist á yfirlýsingu sóknaraðilja utanréttar.

6. Með bréfi sóknaraðilja til skiptaráðandans, dags. 21. desember 1976, var sendur útreikningur tryggingafræðings á ráðskonulaunum Margrétar heitinnar hjá Ole Omundsen og þess

getið, að skv. útreikningnum verði krafan í dánarbú Ole Omundsen allt að kr. 3.917.526 auk innheimtulauna.

Hinn 15. september sl. lýsti sóknaraðili yfir fyrir dómi, að hún hafi verið viðstödd viðtöl Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns og hinnar látnu, þar sem fram hafi komið, að hin látna ætlaði sér að hafa uppi kröfur á hendur dánarbúi Ole Omundsen á grundvelli ráðskonulauna og/eða á grundvelli sameignarsjónarmiða.

Guðjónína Jóhannesdóttir kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að hin látnu hafi kynnst í Kálfshamarsvík, sem er skammt utan við Skagaströnd, og hófu þau síðan sambúð skömmu síðar, eða á árinu 1930. Í fyrstu leigðu þau sér húsnæði, en byggðu síðan eftir nokkur ár húsið Lund á Skagaströnd og áttu þar heima til 1967 eða 1968. Eftir það fluttu þau til Kópavogs og bjuggu þar til dauðadags.

Margrét heitin vann utan heimilis, eða í fiskvinnu, fyrstu árin eftir að hún og hinn látni hófu sambúð, en síðan vann hún heima fyrir og hafði menn í fæði og húsnæði. Breytilegt var, hversu margir þeir voru, en 2 menn voru hjá henni um 14 ára skeið. Eftir að hin látna flutti til Kópavogs, vann hún ekkert, enda hafi heilsa hennar þá verið farin að bila.

Ekki vissi Guðjónína, hvort hin látna hefði beinlínis verið ráðin sem ráðskona, er hún hóf sambúð með hinum látna. Að minnsta kosti hafði hún ekki heyrt það, en hins vegar lýsti hún yfir á skiptafundi hinn 23. september f. á., að hún vissi til þess, að Margrét heitin hefði alls ekki þegið laun frá Ole Omundsen, á meðan þau bjuggu saman.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðilja kemur fram, að hann hafi annast kröfugerð í dánarbú Ole Omundsen fyrir Margréti heitina, og eftir að hún lést, annaðist hann einkaskipti á búi hennar, sem hafi verið skuldaviðgöngubú. Hafi þeim búskiptum lokið hinn 18. febrúar 1976.

Síðan segir svo í greinargerðinni:

„Af hálfu Margrétar heitinnar var það haft á oddinum, að réttlátast væri, að eigur bús Ole Omundsen væru taldar sameign þeirra að jöfnu, sbr. dskj. no. 1 og 11. Jafnframt gerði ég henni ljóst, að næðist ekki samkomulag á þessum grundvelli við hina norsku erfingja, væri þó öruggur dómapraxis fyrir því, að sambýliskona ætti rétt á launum úr hendi sambýlismanns síns eða frá db. hans. Var ákveðið, að ég annaðist hagsmunagæslu fyrir

Margréti heitina í sambandi við búið, en áður en á það reyndi, veiktist hún og lést hinn 25. janúar 1976, eins og áður segir.

Ég vil leyfa mér að taka hér fram, að í viðtölum við mig var Margrét heitin mjög bjartsýn á, að erfingjar Ole heitins myndu verða sanngjarnir og gera vel við sig, enda hefði ávallt verið mjög gott samband þarna á milli. Gerði hún sér vonir um, að þeir myndu jafnvel afsala sér arfi og hún fengi umráð yfir fasteign búsins, þ. e. hálfri íbúð að Fífuhvammsvegi 25, en fyrir hinum helmingnum var fósturdóttir þeirra, Sigurlaug, skráð. Lét ég þetta sjónarmið hennar koma fram í bréfi, sem ég ritaði einum erfingjanna 30. des. 1975, dskj. nr. 11.

Í kröfulýsingu, dags. 2. júní, dskj. nr. 12, er sjónarmið Margrétar heit. um sameign búsins enn haft á oddinum, en þar sem talað er um „fjárkröfur" í bréfinu, er að sjálfsögðu átt við launakröfur.

Óþarft virðist að taka fram, að sjálfsagt var að leggja saman eigur þeirra beggja, Ole heit. og Margrétar, ef samkomulag hefði verið um að skipta að jöfnu. Hins vegar taldi skiptaráðandi ástæðulaust að bíða með skipti eftir Margréti heit., því alltaf mætti endurupptaka skiptin og ná fram jöfnuði milli erfingja.

Hugmyndinni um skiptingu búsins á sameignargrundvelli var hafnað af erfingjum. Var þá Guðjón Hansen, tryggingafr., fenginn til að reikna út ráðskonulaun Margrétar heit. Jóhannesdóttur. Er útreikningur hans á dskj. no. 9 í máli þessu og er lagður til grundvallar kröfugerð í málinu.

Í útreikningi sínum styðst tryggingafræðingurinn við taxta Iðju og Dagsbrúnar. Hann skiftir sambúðartímanum í 3 tímabil, sem hér segir:

Vegna áranna	1931-1939	kr. 373.847.00
Vegna áranna	1940-1967	kr. 3.370.828.00
Vegna áranna	1968-1975	kr. 2.625.289.00
	Samtals	kr. 6.369.964.00

Til frádráttar kemur svo verðmæti fæðis og húsnæðis í árslok 1975, þannig:

Fæði:

Vegna áranna 1931-1939 kr. 115.893.00

Vegna áranna 1940-1967	kr. 1.044.957.00		
Vegna áranna 1968-1975	kr. 813.840.00		
	Kr. 1.974.690.00		
Húsnæði:			
Vegna áranna 1931-1939	kr. 28.039.00		
Vegna áranna 1940-1967	kr. 252.812.00		
Vegna áranna 1968-1975	kr. 196.897.00		
	Kr. 477.748.00	kr. 2.452.438.00	
		Mismunur kr. 3.917.526.00	

sem er aðaldómkrafan í málinu.

Ég vísa að öðru leyti í dskj. nr. 9 og dskj. nr. 8, þar sem fram koma upplýsingar til tryggingafr. byggðar á frásögn Guðjónínu Jóhannesdóttur, systur Margrétar heit., sem er gerkunnug æfiferli systur sinnar og sambýlismanns hennar.

Af greinargerð tryggingafræðingsins kemur fram, að hann gerir ráð fyrir, að til lækkunar komi á tekjugrundvelli, einkum árin 1931-1939 og 1968-1975 af ástæðum, sem hann tilgreinir.

Í málinu er því gerð varakrafa um aðra lægri fjárhæð að mati dómara.

Rök og málsástæður:

Í máli þessu er um að ræða launakröfu. Ekki þarf að mínu viti blöðum um það að fletta, að launakrafa þessi gengur í arf eftir hina látnu og á að renna inn í db. hennar, sem á allan þann sama rétt og hún sjálf átti.

Eins og fram kemur hér að framan, hélt hin látna fram rétti sínum, meðan hún lifði, og hafði ekki fallið frá honum, áður en hún dó. Lá það ávallt fyrir, að krafa yrði gerð um ráðskonulaun, ef eigi næðust samningar um skipti eftir Ole Omundsen, þar sem þetta er hið eina úrræði sambýliskonu til að eignast hlutdeild í eignum sambýlismanns síns við sambúðarslit eða andlát, þegar svo er, sem venjulega er staðreyndin, að eignir eru á hans nafni.

Í Hrd., 35. b., bls. 843, var kröfu sambýlismanns um að verða talinn sameigandi að eignum db. sambýliskonu hafnað. Hins vegar voru honum dæmd laun úr búinu. Allmargir dómar kveða á um rétt sambýliskonu til launa (ráðskonulauna), og má í þessu

sambandi benda á grein Harðar Einarssonar, hrl., í Úlfljóti, 4. tbl. 1970, þar sem raktir eru ýmsir dómar.

Mörgum munu þykja lágar fjárhæðir þær, sem dæmdar eru, en ég tel óhjákvæmilegt, að í framtíðinni verði breyting í þá átt að dæma hærri laun. Sambýlisformið verður æ algengar og réttur konu gróflega fyrir borð borinn, ef sambýlismaður fær einn þá fjármuni, sem þau bæði hafa aflað á sambúðartímanum, sem oft varir áratugum saman.

Hæstaréttardómur í 40. b., bls. 92, bendir ótvírætt í þá átt, að tilhneiging sé að rétta hlut konu. Þar voru sambýliskonu dæmdar kr. 70.000.00 í héraði, en Hæstiréttur hækkaði launin í kr. 120.000.00, eða um rúm 58%.

Víst er, að krafa umbj. míns er ekki fyrnd skv. 3. gr., 1. tl. i. f., laga nr. 14/1905, enda ótvírætt, að sambýli var hér óslitið."

Í greinargerð lögmanns varnaraðilja er sýknukrafa hans byggð á því, að ekki hafi myndast kröfuréttur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja um ráðskonulaun úr dánarbúi Ole Omundsen. Síðan segir þar svo:

„Margrét heitin Jóhannesdóttir hafði ekki gert neinn samning við Ole Omundsen, meðan bæði lifðu, og heldur ekki gert reka að því að krefja db. hans um ráðskonukaup, áður en hún lést. Með öllu er óvíst, að hún hefði nokkurn tíma haft uppi slíkar kröfur, þótt hún hefði lifað.

Af þessu leiðir, að db. Margrétar heitinnar á ekki rétt til að fá úr hendi varnaraðila greiðslur, sem byggja rétt til ráðskonulauna. Ég vil sérstaklega benda á, að í Hrd. þeim, sem vitnað er til í greinargerð andstæðings míns, er krefjandinn sjálfur upphafsmaður að málssókn, og er málið þegar af þeirri ástæðu ósambærilegt við það úrlausnarefni, sem hér liggur fyrir."

Niðurstaða.

Ole Omundsen lést hinn 19. október 1975, og var bú hans tekið til opinberra skipta. Fjárhagsleg staða þess miðað við 1. nóvember 1977 er þessi:

1.	Peningar í sparisjóðsbók	kr.	1.284.550
2.	Peningar í sjóði	—	62.947
3.	Norskir peningar 1.663.08, ca ísl.	—	63.745
4.	Vegna sölu eignarhluta dánarbúsins í jarðhæð hússins nr. 25 við Fífuhvammsveg, Kópavogi:		

4.1. Greiðsla í peningum 2. febrúar 1978 kr. 750.000
4.2. Eftirstöðvar, er greiðast með 5 ára skuldabréfi .. .. — 1.075.000
5. Lýstar kröfur fyrir utan kröfu sóknaraðilja .. kr. 265.607

Samtals kr. 3.236.242 265.607

Margrét Jóhannesdóttir lést hinn 25. janúar 1976, og voru einkaskipti á dánarbúi hennar heimiluð skv. erfðafjárskýrslu, dags. 18. febrúar 1976, reyndust hreinar eignir búsins kr. 435.810.

Ekki er þess getið almennt í settum lögum, hvaða réttindi erfast, en á andlag erfða er þó drepið á nokkrum stöðum, og benda þau lagaákvæði til þess, að það séu eigur manns, fjármunir eða fé, þ. e. fjárréttindi, en ekki önnur réttindi, nema lög heimili það hverju sinni. Þegar þetta er virt, þykja hafa myndast réttindi að stofni til, er Margrét heitin var á lífi, og hefur erfingi hennar sama rétt og hún hafði og getur nýtt sér hann. Á meðan Margrét heitin var á lífi, ritaði lögmaður hennar bréf, dags. 20. nóvember 1975, til skiptaráðandans í Kópavogi, og segir þar svo:

„Umbj. minn, Margrét, lítur svo á, að eignir búsins hafi verið sameign hennar og hins látna, þar sem þau hafi búið saman s.l. 45 ár."

Í bréfi sama lögmanns, dags. 30. desember 1975, segir svo:

„Tel ég, að svo verði að líta á, að þau hafi að jöfnu eignast búið."

Sóknaraðili máls þessa hugleiddi í fyrstu að hafa uppi kröfur á grundvelli sameignarsjónarmiða, en hvarf frá því og krafði síðan dánarbú Ole Omundsen um ráðskonulaun á skiptafundi hinn 30. mars sl. Kröfu þessari mótmæltu varnaraðiljar, og verður því úrskurðað um réttmæti hennar, svo sem krafist hefur verið.

Samkvæmt málsskjölum munu hin látnu hafa búið saman um 45 ára skeið, en þar sem þau gengu ekki í hjúskap, gilda eigi um fjármál þeirra lög nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna né hafði Margrét heitin öðlast lögerfðarétt eftir Ole Omundsen skv. lögum nr. 8/1962. Erfðaskrá fyrirfannst ekki.

Samkvæmt framburði sóknaraðilja vissi hann ekki, hvort Margrét heitin hafi verið ráðin beinlínis sem ráðskona, er hún hóf sambúð með Ole Omundsen. A. m. k. hafði hún ekki heyrt

það og taldi þau hafa búið saman sem hjón. Þá vissi sóknaraðili ekki, hvort Margrét hafi litið á stöðu sína á heimilinu sem hún væri ráðskona, en um þetta hafi aldrei verið rætt á heimilinu. Margrét hafi alls ekki þegið laun frá sambýlismanni sínum og vissi ekki til þess, að hún hefði krafið Ole Omundsen um þau, á meðan þau bæði voru á lífi.

Samkvæmt þessu er talið ólíklegt, að Margrét heitin hafi ætlast til sérstakra fjárgreiðslna, er hún hóf sambúð með Ole Omundsen, og virðist ekki hafa búið á heimili hans sem launþegi. Sennilega hefur sambúð þeirra orðið Margréti til nokkurs fjárhagslegs hagræðis, en hún mun ekkert hafa unnið utan heimilis, nema fyrstu árin eftir að þau hófu sambúð, síðan stundað fæðissölu um nokkurt árabil.

Samkvæmt uppskriftargerð eigna dánarbús Margrétar, er fram fór hinn 12. febrúar 1976, leiðir í ljós, að hún hafi haft sérgreindan fjárhag, er bendir til þess, að hún hafi haft nokkra sjálfstæða tekjuöflun í skjóli stöðu sinnar á heimili Ole Omundsen.

Samkvæmt þessu er talið, að Margrét hafi aðeins ætlast til að hafa fast heimili og fæði og uppihald í skjóli sambýlis við Ole Omundsen.

Ekki áttu þau börn saman, og hefur heimilishald ekki verið svo þungt, að hinn látni hafi þurft á heimilisaðstoð að halda, enda verður ekki séð, að heimilishaldið hafi verið léttara við sambýlið.

Með tilliti til aðstæðna, að því leyti sem upplýst hefur verið í máli þessu, þykir bera að líta svo á, að sóknaraðili eigi ekki rétt til fjárgreiðslna úr dánarbúi Ole Omundsen fyrir vinnu Margrétar í þágu heimilisins. Verða því kröfur umboðsmanns hennar ekki teknar til greina.

Eftir atvikum og með hliðsjón af 178. grein laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð vegna starfsanna fógeta.

Sigurberg Guðjónsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja, Guðjónínu Jóhannesdóttur f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur, um ráðskonulaun í dánarbúi Ole Omundsen er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 3. apríl 1979.

Nr. 128/1978. **Halldóra Sigurjónsdóttir**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Bergþóru Þorsteinsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1978. Hún krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, og að gerð sú, sem í málinu greinir, nái fram að ganga. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við það verður að miða, að áfrýjandi hafi keypt hund þann, er í máli þessu greinir, seint á árinu 1977 og stefnda hafi síðar fengið umráð hans. Stefnda hefur eigi sýnt fram á, að hún eigi tilkall til umráða yfir hundinum, er hrundið geti kröfu áfrýjanda til þess að fá hann afhentan sér.

Hér fyrir dómi skýrði lögmaður áfrýjanda svo frá, að talið væri, að hundurinn væri nú á ókunnum stað í Mosfellshreppi. Lögmaður stefndu kvað rétt vera, eftir því sem hann best vissi, að hundurinn væri nú í Mosfellshreppi á stað, sem sér væri ekki um kunnugt.

Stefnda er búsett í Kópavogi, og var því rétt að hefja fógetagerðina þar í bæ. Eins og mál þetta horfir nú við, verður á því að byggja, að hundur áfrýjanda sé í Mosfellshreppi. Af þeim sökum getur fógeti í Kópavogi ekki tekið hundinn

og afhent hann áfrýjanda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Leggja verður til grundvallar í málinu, að hund þann, sem áfrýjandi krefst, að sér verði fenginn í hendur með innsetningargerð, hafi hún keypt af Erni nokkrum Kinsky seint á árinu 1977. Voru engar brigður á þetta bornar fyrir fógetadómi. Stefnda, sem fékk hundinn síðar í hendur, hafði hann í vörslum á heimili sínu í Kópavogi, að því er ætla verður, og hafði áfrýjandi ekki ástæðu til að álíta, að á því hefði orðið breyting, er hún beiddist innsetningargerðarinnar. Nú lýsti stefnda yfir því, er málið kom fyrir fógetadóm Kópavogs, að hún hefði ráðstafað hundinum til geymslu á ótilgreindum stað í Mosfellssveit. Átti áfrýjandi þess þá kost að skora á hana að greina nánar frá verustað hundsins fyrir fógetadóminum, sbr. 37. gr. laga um aðför nr. 19/1887, sem hér á við fyrir lögjöfnun. Gat áfrýjandi að því búnu beiðst þess, að hlutaðeigandi fógeti héldi innsetningargerð áfram. Þetta gerði áfrýjandi ekki, og þar sem hundurinn var ekki lengur í lögsagnarumdæmi Kópavogs, og gerðin varð því ekki framkvæmd af fógeta þeim, sem þar hefur lögsögu, var honum rétt að synja um framkvæmd hennar. Samkvæmt þessu er ég samþykkur dómsorði meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 27. apríl 1978.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 19. apríl sl., er til orðið vegna beiðni Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Halldóru Sigurjónsdóttur, Barrholti 12 í Mosfellssveit, um innsetningu í poodle hund, er talinn var í vörslum Bergþóru

Þorsteinsdóttur, Grænahjalla 15 hér í bæ. Af hálfu gerðarbeiðanda er krafist sakarkostnaðar að mati fógeta.

Lögmaður gerðarþola, Guðmundur Þórðarson héraðsdómslögmaður, hefur krafist þess, að umbeðinni innsetningargerð verði synjað og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða hæfilegan málskostnað að mati fógeta. Til vara krefst hann þess, að umbjóðanda sínum verði tildæmd hæfileg þóknun fyrir umhirðu hundsins og hæfileg þóknun vegna fæðiskostnaðar auk málskostnaðar.

Málsatvikum lýsir gerðarbeiðandi svo, að umbjóðandi sinn hafi keypt fyrrnefndan hund af Erni Kinsky, Bygggarði á Seltjarnarnesi, um mánaðamótin október/nóvember sl., en hún síðan þurft að fara erlendis um áramót og þá komið hundinum fyrir hjá Eggert Þorsteinssyni, Þórufelli 8 í Reykjavík, en hann mun vera bróðir gerðarþola í máli þessu. Hafi Eggert síðan ráðstafað hundi þessum til gerðarþola, en hann synjað fyrir að fá gerðarbeiðanda hundinn í hendur.

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur lagt fram greiðslukvittun Mosfellshrepps fyrir greiðslu hundaskatts fyrir árið 1978 vegna hunds nr. 66, dskj. nr. 2, og greiðslukvittun frá Erni Kinsky fyrir poodle hund, dskj. nr. 7.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að Eggert Þorsteinsson, bróðir gerðarþola, hafi gefið henni umræddan hund, sem hann hafi áður fengið að gjöf frá eiginmanni gerðarbeiðanda. Hafi þessar ráðstafanir verið nauðsynlegar, þar sem hvorki Eggert né eiginmaður gerðarbeiðanda hafi verið þess umkomnir að gæta hundsins fyrir gerðarbeiðanda. Lögmaður gerðarþola hefur upplýst, að þar sem hundahald sé bannað í Kópavogi, hafi gerðarþoli ráðstafað hundinum til fósturs í Mosfellssveit. Þá hefur verið bent á af hálfu gerðarþola, að kvittanir þær, sem lagðar hafa verið fram sem dskj. nr. 2 og nr. 7, segi ekki til um það, hver sé eigandi hundsins, enda séu þær til orðnar eftir að innsetningarbeiðnin hafi verið samin.

Niðurstöður.

Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að eignarréttur hans að hundi þeim, sem beiðst er innsetningar í, sé ótvíræður. Þeirri staðhæfingu hefur eindregið verið mótmælt af hálfu gerðarþola.

Gegn mótmælum gerðarþola hefur gerðarbeiðandi ekki fært fram fullnægjandi sönnun fyrir því, að réttur hans til framangreinds hunds sé ótvíræður. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki

fjallað um kröfu gerðarbeiðanda í fógetarétti, og nær því umbeðin gerð ekki fram að ganga.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að varakrafa gerðarþola heyrir ekki undir úrskurðarvald fógeta.

Úrskurðarorð:

Gerð þessi nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 4. apríl 1979.

Nr. 69/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Kára Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 2. apríl 1979, er barst Hæstarétti sama dag. Krefst verjandi hans þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur.

Eigi hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. apríl 1979.

Ár 1979, sunnudaginn 1. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113 af Ásgeir Frið-

jónssyni við undirritaða votta og þá kveðinn upp svofelldur úrskurður.

MÁLSATVIK.

Um kl. 1100 í dag var handtekinn Kári Sigurðsson, fæddur 10. mars 1955, til heimilis að Dyngjuvegi 12 hér í borg, vegna grunsemda um meðhöndlun og dreifingu fíkniefna undanfarnar vikur.

Framburðir nefnds Kára þar um hafa verið breytilegir, en hér í dómi fyrir stundu kvaðst hann fyrir 4—6 vikum hafa frá tilteknum aðilja útvegað samtals 85 gr af svörtum hassefnum. Nánar hafi ýmsir kunningjar lagt fram fé til efniskaupa. Af slíkum nafngreindi nefndur Kári einungis B og kvað hafa lagt fram (sic) 130 þús. kr. og fyrir þær fengið 33 gr af hassefnum. Ekki kvaðst Kári Sigurðsson vilja gera nánari grein fyrir meintri ráðstöfun efna. Fyrir 2—3 vikum kvaðst margnefndur Kári í tveimur afhendingum hafa fengið samtals 150 gr af sterku marihuana gegn gjaldfresti. Meintur seljandi var tilgreindur undir algengu stuttnefni. Af efnum taldi Kári Sigurðsson sig hafa selt 35 eða 45 gr áðurnefndum B á kr. 4.000 hvert gr, en kaupverð verið 3.500 kr. hvert gr, eða hið sama og á fyrrnefndum hassefnum. Ekki gerði Kári Sigurðsson nánari grein fyrir ráðstöfun meintra efna, utan hvað nokkuð hefði gengið til hans eigin nota og gjafa.

B, . . ., bar í lögregluyfirheyrslu í gær að hafa tvívegis af Kára Sigurðssyni keypt fíkniefni, nánar fyrir 2—4 vikum, 20 gr af sterku marihuana og 2—3 vikum fyrr 20 gr af svörtu hassefni, en lélegu.

D, . . ., bar í lögregluyfirheyrslu í gær, að Kári Sigurðsson hefði fyrir 2—3 vikum boðið sér hassefni til kaups, en ekki orðið af viðskiptum.

Kvaðst nefndur D hafa vísað Kára Sigurðssyni á liðsmenn hljómsveitarinnar S sem líklega kaupendur og síðar hjá þeim frétt, að þeir muni af nefndum Kára hafa keypt 5 gr af hassi.

E, . . ., bar í lögregluyfirheyrslu í gær að hafa líklega 19. mars sl. af Kára Sigurðssyni keypt 10 gr af marihuana.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974 og gæti því sök, ef sönnuð þætti, varðað fangelsisrefsingu. Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds, en rannsókn á frumstigi og sýnilega eftir að yfirheyra marga aðilja. Telst því í þágu rannsóknar máls þessa og með vísan til 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera, að Kári Sigurðs-

son, fæddur 10. mars 1955, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kári Sigurðsson, fæddur 10. mars 1955, til heimilis að Dyngjuvegi 12, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Miðvikudaginn 4. apríl 1979.

Nr. 80/1975. **Steingrímur Vilhjálmsson**
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
gegn
Sigurmoni Hartmannssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Landamerkjamál. Beitarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. júní 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Dómkröfur hans eru þær, að „viðurkenndur verði með dómi sambeitarréttur jarðarinnar Litlahóls, nú Laufhóls, í Viðvíkurhreppi í Skagafjarðarsýslu að 1/3 á móti jörðinni Miklahóli í sömu sveit í svonefndu „Risi" í Ennisfjalli og í fjallinu. Sambeitarsvæði þetta á Risi afmarkist af línu, sem sé dregin úr svonefndri Vatnsgötu, punktur I" á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings, sem síðar verður greindur, „um Illukeldu, punktur J, neðan Fjallhúsa að Viðvíkurmerkjum, punktur K, en til hliðar af landamerkjum aðliggjandi jarða, punktar K, H, L og punktur A um M og N til I." Hann krefst og þess, að staðfest verði viðurkenning héraðsdóms á því, að hann eigi vegna jarðarinnar Laufhóls opna og heimila umferðarleið



L
Fjall
B
Reitur
A
Hríshálsvegur
Kúamór
Fjallhúsagil
C
krófulína stefnda og dómlína í hérði
krófulína áfrýjanda landamerkjalína
H
Ennisland
Viðvíkurland
K
G
Fjallhús
Ris
J
F
Illa-Kelda
landamerkjalína
Hornmerki
M
Kýrholt-Enni-Miklihóll
O
D
Naut-hóll
N
P
E
12
11
10
9
8



Hæstaréttardómar 1979, bls. 392—403, mál nr. 80/1975.

eftir stystu gömlum rekstrarslóðum búfjár á fyrrgreint sambeitarland. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að viðurkenndur verði „sambeitarréttur (beitarítak) eiganda Litlahóls að 1/3 í Risi og í fjalli í landi Miklahóls eftir þeim mörkum, sem í héraðsdómi eru tiltekin", milli punkta A, B, C, D, E, F, G og H samkvæmt áðurgreindum uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa nokkur vitni komið fyrir dóm. Nokkur önnur gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal uppdráttur Skúla Jóhannssonar verkfræðings.

Pétur Jónasson, fyrrum hreppstjóri, kom fyrir dóm 29. desember 1975, þá 88 ára gamall. Hann kvaðst vera uppalinn á Enni í Viðvíkursveit og hafa verið þar langan tíma vel kunnugur. Hann hafi ávallt heyrt talað um, að Fjallhúsin væru á Risi. Risið hafi verið svæðið milli Viðvíkurlands annars vegar og Kýrholts og Ennis hins vegar.

Sama dag komu fyrir dóm Sverrir Björnsson, fyrrverandi bóndi í Viðvík, 64 ára, og Erlingur Björnsson, Neðra-Ási í Hjaltadal, 67 ára. Þeir töldu landið ofan frá Hrísháls vegi milli jarðanna Ennis og Kýrholts annars vegar og Viðvíkur hins vegar niður að keldu, sem var neðan Fjallhúsa og rann í norðvestur í lækjardrag nokkuð fyrir neðan Nauthól, vera Miklahólsris.

Hinn 5. febrúar 1976 kom fyrir dóm Oddný Jónsdóttir, 77 ára. Hafði hún það eftir nafngreindum bónda á Enni, að Miklahólsris eða Ris héti landið á milli Ennis og Viðvíkur marka.

Hinn 5. febrúar 1976 kom fyrir dóm Kristján Einarsson, bóndi á Enni í Viðvíkursveit, 51 árs. Segir hann, að nafngreindur maður, sem uppalinn hafi verið á Miklahóli og Enni, hafi tjáð sér, að hæð sú, er tekur að myndast upp frá Nauthóli vestan Fjallhúsaflóa vestur að svonefndri Riskeldu væri nefnd Ris. Hann kvað og slægnaland hafa verið frá Miklahóli á Risi og upp með Riskeldu.

Sama dag kom fyrir dóm Halldór Antonsson bóndi, 54 ára. Kvaðst hann hafa átt heima á Litlahóli frá 1936 til 1948 og hefði þá svokallað Miklahólsris verið talið bungan upp frá Nauthólnum milli Riskeldu að sunnan og flóans sunnan og austan Fjallhúsanna að norðan. Landið milli Riskeldu og landamerkja Ennis og Miklahóls hefði aldrei verið talið tilheyra Risinu og ekki heldur Fjallhúsin og landið umhverfis þau.

Meðal gagna máls er yfirlýsing varðandi landamerki Kýrholts og Miklahóls, dagsett 29. janúar 1976, svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Gísli Bessason, fyrrverandi eigandi Kýrholts, og Stefán Steingrímsson, núverandi eigandi Kýrholts, og Sigurmon Hartmannsson, eigandi Miklahóls, lýsum því hér með yfir, að vélgrafni skurðurinn úr Vatnsgötu vestan við Nauthól og austan við Heygarð skoðast frá okkar hendi sem gildandi merki milli jarðanna, og hefur svo verið allt frá því að nefndur skurður var grafinn, með því að trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands, er mældi fyrir skurðinum, valdi honum hagkvæmasta legu til framræslu að okkar samþykki."

Skurður þessi er merktur E, D á uppdrætti Skúla Jóhannssonar.

Stefán Steingrímsson kom fyrir dóm 5. febrúar 1976. Kvaðst hann „munu skoða og fara eftir merkjunum, eins og skurðurinn segir til um, en óskar samt eigi að breyta gömlu merkjunum, eins og þau eru í landamerkjaskrá sýslunnar."

Samkvæmt gögnum máls er jörðin Laufhóll nýbýli, stofnað 1949 af fornu lögbýli, Litlahóli, og landspildu úr Brimnesslandi. Samkvæmt jarðamati, staðfestu 1861, var jörðin Litlihóll 10 hundruð að fornu mati, en Miklihóll 40 hundruð.

Í héraði var lögð fram loftljósmynd frá Landmælingum Íslands af hinu umdeilda landsvæði og nágrenni þess. Upplýst er, að loftljósmynd þessi er glötuð, en fyrir Hæstarétt hefur verið lagt annað eintak sömu myndar frá 22. ágúst 1960. Á þá mynd hefur Ragnar Eiríksson héraðsráðunautur

dregið landamerkjalínu milli Miklahóls og aðliggjandi jarða, kröfulínu áfrýjanda, dómlínu héraðsdóms, rekstrarleið frá Litlahóli að Risi og merkt kennileiti og örnefni. Stefndi hefur ritað á lyfirlýsingu, sem er viðfest loftmyndina, að hann hafi ekkert við verk Ragnars að athuga.

Á dómþingi 5. febrúar 1976 lögðu dómendur héraðsdóms fram uppdrátt, er Ragnar Eiríksson hafði gert í nóvember 1975 af hinu umdeilda landi, „eins og það er ákveðið í dómi landamerkjadóms . . .“ Lögð hefur verið fyrir Hæstarétt yfirlýsing Ragnars um mælingu á landstærð Miklahóls. Kveður hann mælinguna gerða samkvæmt loftmynd Landmælinga Íslands og einnig sé stuðst við uppdrátt, er hann hafi gert af landinu. Samkvæmt þessu er heildarstærð Miklahóls neðan Hrísháls vegar 338 hektarar. Land það, sem áfrýjandi krefst sambeitar í, er 118 hektarar, en land það, sem talið er háð sambeitarrétti samkvæmt héraðsdómi, 69 hektarar.

Í mars 1979 gerði Skúli Jóhannsson verkfræðingur að tilhlutan málsaðilja uppdrátt af hinu umdeilda svæði. Kveður hann uppdrátt sinn unninn eftir loftljósmynd þeirri, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt og Ragnar Eiríksson hefur dregið á merkjalínur og örnefni. Á uppdrætti þessum eru dregnar merkjalínur milli Miklahóls og aðliggjandi jarða að austan, vestan og norðan, dómlína héraðsdóms og kröfulína áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Þar er og mörkuð rekstrarleið frá Litlahóli að Risi samkvæmt ákvörðun héraðsdóms svo og ýmis örnefni og kennileiti. Er ekki ágreiningur með aðiljum um að leggja loftljósmyndina og uppdrátt þennan til grundvallar í máli þessu.

Fyrir Hæstarétti greinir aðilja máls eingöngu á um það, hvar séu takmörk lands þess, sem kallast Ris, að sunnan, vestan og norðvestan. Þeir eru sammála um, að Hrísháls vegur greini Ris frá fjallinu (Ennisfjalli) og að landamerki Miklahóls og Viðvíkur ráði mörkum Riss að norðan frá fjalli að punkti H, þar sem dómlína héraðsdóms sker merkjalínu þessa á uppdrættinum. Að því er varðar rekstrarleiðina frá

Litlahóli að Risi er eigi ágreiningur um, að hún sé rétt mörkuð á uppdráttinn. Ekki er fram komið, að ágreiningur sé um merki Miklahóls og aðliggjandi jarða.

Í héraðsdómi er margnefndu Risi lýst svo, að neðan fjallsróta og hins forna Hrísháls vegar sé bungumyndað graslendi, sem halli til norðurs allt að Nauthóli. Að vestan halli landi þessu að svonefndri Riskeldu og að austan að mýrinni vestan Fjallhúsanna. Þetta bungumyndaða graslendi sé nefnt Ris, eftir því sem næst verði komist. Landamerkjadómurinn hefur afmarkað Ris í samræmi við þessa lýsingu. Vætti þau og vottorð, sem aflað hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms og áður er lýst, hnekkja ekki niðurstöðu héraðsdóms. Verður hann því lagður til grundvallar í aðalatriðum.

Á stuttum kafla vestan svonefnds Nauthóls hefur héraðsdómur ákveðið mörk Riss utan fornra landamerkja Miklahóls eftir þeim merkjum, sem eigendur Kýrholts og Miklahóls hafa komið sér saman um og áður er rakið. Þetta fær ekki staðist, þar sem Litlihóll hefur aldrei átt neinn sambeitarrétt í Kýrholtslandi, enda hefur áfrýjandi ekki gert kröfu til sambeitar nema að hinum fornu merkjum Kýrholts. Verður að telja mörk Riss á þessum stað ná aðeins að hinum gömlu landamerkjum Kýrholts og Miklahóls í samræmi við kröfu áfrýjanda. Verða mörk Riss á þessum stað því ákveðin frá punkti, þar sem dómlínan sker merkjalínuna milli punkta M og N, og verður það nefnt punktur O. Síðan ræður landamerkjalínan frá O til N (Nauthóll) og síðan til norðvesturs, uns hún sker dómlínu héraðsdóms á milli punkta D og E, í punkti, sem kallast P. Síðan ræður dómlína héraðsdóms frá þeim punkti að punkti E og þaðan að norðan til austurs um punkta F og G til H, sem er sá staður, þar sem dómlína héraðsdóms sker merkjalínu milli Viðvíkur og Miklahóls. Í héraðsdómi er merkjalínan ekki dregin nema að hæsta punkti á melhóli um 160 metra suðaustur af Fjallhúsum. Melhóll þessi er ekki auðkenndur á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, en ágreiningslaust er, að merkjalínan sé rétt dregin á uppdrættinum. Aðiljar hafa ekki hreyft neinum athugasemdum við, að línan nái til H. Samkvæmt þessu

verða mörk Riss lína dregin frá punkti A um B, C, O, N, P, E, F, G til H, en síðan ræður Fjallhúsagil til fjalls, en það eru óumdeild landamerki Miklahóls og Viðvíkur.

Áfrýjandi hefur, eins og áður greinir, krafist þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að honum sé heimil rekstrarleið fyrir búfé sitt eftir gömlum rekstrarslóðum að sambeitarlandinu. Rekstrarleið þessi er mörkuð á uppdrátt Skúla Jóhannssonar, og hefur sú mörkun ekki sætt andmælum sérstaklega. Verður að telja, að leiðin sé nægilega skýrt afmörkuð í hinum áfrýjaða dómi, og ber að staðfesta niðurstöðu hans að því leyti.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Viðurkenndur er sambeitarréttur jarðarinnar Laufhóls að einum þriðja hluta á móti jörðinni Miklahóli í Risi og fjalli, eins og að framan greinir.

Viðurkenndur er umferðarréttur til rekstrar búfjár frá Laufhóli að Risi eftir gömlum rekstrarslóðum, eins og þær eru markaðar á uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfræðings.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Skagafjarðarsýslu 20. september 1974.

Ár 1974, föstudaginn 20. september, var í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki af Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni og meðdómsmönnunum Agli Bjarnasyni héraðsráðunaut og Ingvari Gýgjari Jónssyni byggingarfulltrúa, kveðinn upp dómur í landamerkjamálinu nr. 1/1972: Steingrímur Vilhjálmsson, eigandi Laufhóls, gegn Sigurmoni Hartmannssyni, eiganda Miklahóls.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. maí sl. og síðan 2. þ. m. eftir endurflutning þess, er höfðað fyrir landamerkjadóminum af Steingrími Vilhjálmssyni, eiganda og ábúanda Laufhóls í Við-

víkurhreppi í Skagafjarðarsýslu, gegn Sigurmoni Hartmannssyni bónda, Kolkuósi í Viðvíkurhreppi, eiganda Miklahóls í sömu sveit. Málið var þingfest 29. maí 1972. Þann dag voru reyndar sáttir með aðiljum án árangurs, meðdómendur nefndir í dóm og ruðning gerð. Þær dómkröfur eru í upphafi gerðar af hálfu sóknaraðilja, að „staðfestur verði sameignarréttur Laufhóls að beitilandsvæði, svokölluðu Risi og fjalllendi innan landamerkja Miklahóls. Enn fremur, að Laufhólsbónda verði heimiluð umferðar- og rekstrarleið búfjár stytztu leið um gamlar rekstrarslóðir frá Laufhóli að umræddu sameignarlandi, enda verði og fjarlægð girðing, sem þar hefur verið sett til hindrunar. Loks er krafizt hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins."

Nánar hefur sóknaraðili áréttað og markað kröfur sínar þannig: *að* staðfestur verði með dómi réttarins sambeitarréttur Litlahóls — nú Laufhóls eftir tiltölu eftir ríkismati jarðanna á móti Miklahóli í „Risinu og fjallinu" og afmarkist sambeitarsvæði þetta hið neðra af línu úr svokallaðri Vatnsgötu, neðan Nauthóls, í Illukeldu, neðan Fjallhúsa, en til hliðar af landamerkjum aðliggjandi jarða, *að* Laufhólsbónda skuli jafnan vera opin og heimil umferðarleið eftir stystu gömlum rekstrarslóðum búfjár frá Laufhóls-(Litlahóls-)landi og á fyrrgreint sambeitarland og *að* fjarlægðar verði girðingar á sambeitarlandinu sjálfu. Loks er þess krafist, *að* varnaraðili verði dæmdur til þess að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili mótmælir því, að sóknaraðili eigi sambeitarrétt í landi Miklahóls, eins og sá réttur er túlkaður af honum, en viðurkennir, að fyrir hendi sé beitarítak í landi Miklahóls til handa sóknaraðilja að 1/3 hluta á svonefndu Risi og í fjalli. Hins vegar fellst varnaraðili eigi á þær markalínur á Risi, sem sóknaraðili krefst viðurkenningar á. Hann telur Risið byrja þar, sem landið hækkar suðaustur af Nauthóli, og takmarkast af Riskeldu að vestan og Fjallhúsaflóa, er hann svo nefnir, að austan. Að öðru leyti vitnar varnaraðili til gagna málsins. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Sóknaraðili hefur þann 15. janúar 1973 fengið gjafsókn í máli þessu.

Dómendur hafa með málsaðiljum farið á vettvang og skoðað umdeilt land og umhverfi þess.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá, að árið 1948 hafi hann byrjað búskap á eignarjörð sinni Laufhóli, sem er nýbýli. Er býlið hluti úr landi Brimness og svo jörðin Litlihóll, sem sóknaraðili hafði

þá keypt. Samkvæmt umsögn kunnugra átti Litlihóll sameiginlegt beitiland með Miklahóli, og var það jafnan notað af fyrri ábúendum Litlahóls, segir sóknaraðili í aðiljaskýrslu sinni. Eftir fjárskiptin 1949-1950 kveðst hann hafa „keypt sér sauðfé og fjölgað því, eftir því sem ástæður leyfðu, og hafði að jafnaði hluta þess á Litlahóli, eða um 100 fjár. Fé þetta vandist fljótlega á að beita sér á svokallað Ris norðan í Ennisfjalli og hagvandist þar að nokkru leyti." Segir sóknaraðili, að um þetta hafi verið gott samkomulag við þáverandi bónda á Miklahóli, sem bjó þar til ársins 1966. Árið 1969 er Sigurmon Hartmannsson, varnaraðili í máli þessu, talinn hafa keypt Miklahól, en þar áður um árabil haft umsjón með jörðinni og nokkur afnot af henni. Sama ár og varnaraðili keypti Miklahól segir sóknaraðili hann hafa byrjað girðingarframkvæmdir á jörðinni og m. a. girt fyrir aldagamlar búfjárleiðir frá Litlahóli að Risi og einnig þvergirt svokallað Risland. Þetta kveður sóknaraðili varnaraðilja hafa gert án samráðs við sig og hafi hann mótmælt þessum aðgerðum og jafnframt farið þess á leit, að hann opnaði leið fyrir fénað sóknaraðilja að sameiginlegu landi þeirra og að þeir semdu um hrein merki á landinu. En þessu er varnaraðili eigi talinn hafa viljað sinna, og báru tilmælin engan árangur. Sóknaraðili hefur vitnað til allmargra skjala frá fyrri tíð, þar sem getið er um sambeitarrétt Litlahóls við Miklahól í landi síðarnefndu jarðarinnar, og verður komið að því síðar. Telur hann hér vera um að ræða eins konar sameignarrétt, sem sé víðtækari en ítaksréttur. Sóknaraðili tekur fram, að hann hafi til öryggis lýst ítaksrétti sínum, eftir að lög um lausn ítaka voru sett árið 1952, og sent sýslumanni Skagafjarðarsýslu afrit um sameiginlegt beitiland Miklahóls og Litlahóls úr landamerkjabók frá 1890.

Í aðiljaskýrslu sinni hefur varnaraðili gert grein fyrir afstöðu sinni og leitast við að skýra sitt mál. Hann tekur fram, að milli engjastykkjanna Fjallhúsaflóa og Riskeldu sé Rishæðin og ofan við hana Kúamór og í þann mó hafi kýr og kvíær áður fyrr verið reknar frá Miklahóli og Litlahóli og svo í fjallið. Telur hann, að slegið hafi verið sem hægt var upp í Rishæðina beggja vegna og hún hafi eigi markast af öðru en bithaga. Segir hann hana hefjast suðaustur af Nauthóli, sem er merkjaholt Kýrholts og Miklahóls. Fjallhúsin telur hann hafa myndað um sig tún, enda hafi þar verið þurrkað tað og þar bælst fé við húsin og því árlega verið nytjað til slægna sem heimatún. Slíkur fjall- eða beitarhúsabúskapur mun áður fyrrum mjög hafa tíðkast, segir hann.

Nefnir hann þá málvenju þeirra, er þarna bjuggu, að talað var um, „að skepnur, er hefðu verið í Fjallhúsum, væru nú komnar vestur á Ris“ eða „að skepnur, er hefðu verið við Riskeldu, væru komnar austur á Ris.“ Segir hann, að Riskelda, sem áður var óræst, hafi verið eftirsótt engi og oft um aldamót lánuð Brimnesbónda til slægna og neðan merkja hafi hún árlega verið nytjuð frá Kýrholti. Þá segir varnaraðili, að jörðin Litlihóll hafi átt 1/3 beitarítaks í Rishæð og til fjallsins og hafi það aðallega verið notað fyrir málnytjupening, kýr og kvíaær, og virt og viðurkennt af öllum aðiljum. Varnaraðili telur aðstöðu alla hafa breyst á síðari árum frá því, sem áður var, vegna breyttra búskaparhátta og hafi hann orðið fyrir ágangi búfjár af hálfu sóknaraðilja. Því kveðst hann hafa reynt að fá leyst til sín beitarrétt Litlahóls gegn því að láta af hendi land frá sér til þeirrar jarðar annars staðar, en þeim tilmælum eigi verið sinnt eða þau borið árangur.

Þannig háttar til, svo sem í gögnum málsins kemur fram, að jörðin Laufhóll er nýbýli, sem myndað hefur verið fyrir rúmum 20 árum af jörðinni Litlahóli og hluta úr jörðinni Brimnesi. Lönd Laufhóls og Miklahóls liggja saman. Land Laufhóls liggur norðar, og eru landamerki jarðarinnar spölkorn norðan við þjóðveginn, sem liggur um land Miklahóls. Land Miklahóls liggur að fjalli. Austan við það er Viðvík og að vestan Kýrholt og Enni.

Í skjölum málsins kemur það fram og raunar viðurkennt, að Litlahóli (nú Laufhóli) hafa um langan aldur fylgt beitarréttindi í landi Miklahóls, nánar tiltekið á svonefndu Risi og í fjalli. Svo er að sjá sem beitarréttur þessi hafi jafnan verið nýttur. Í máli þessu er um það deilt, hvert inntak þessa réttar hefur verið, svo og um takmörk hans á Risinu og loks um leið að þessu landi.

Skal nú rakið, hversu beitarréttindanna í landi Miklahóls er getið í skjölum, sem lögð hafa verið fram. Í fasteignamatsbók Skagafjarðarsýslu 1849 segir um beitiland Litlahóls: „ . . . beitiland er í sameign við seinasttalda jörð (þ. e. Litlahól) . . .“ Í landamerkjaskrá fyrir Litlahól, dags. 10. febrúar 1890, segir um þetta: „Eftir tiltölu á Litlihóll sambeit við Miklahól á Risinu og í fjallinu.“ Í gerðabók fasteignamatsnefndar í Skagafjarðarsýslu, löggiltri til notkunar af Stjórnarráði Íslands 11. mars 1916, segir um Miklahól: „Litlihóll á sambeit á Miklahólsrisi fyrir búsmala“. Í fasteignamatsskjölum úr Skagafjarðarsýslu 1929-1930 segir um Litlahól: „Bithagi sameiginlegur við Miklahól.“ Í fasteignamats-

skjölum fyrir Skagafjarðarsýslu 1941 um Miklahól segir svo: „Sambeit á Risinu með Litlahóli.“ Í fasteignamatsskjölum 1941 um Litlahól segir í svari við spurningu um beitiland jarðarinnar: „Hrísmóar og mýrar og 1/3 í Miklahólsrisi.“

Af því, sem í þessum gögnum málsins greinir, svo og því, sem fram hefur komið af hálfu málsaðilja, þykir dóminum það vera í ljós leitt, að sóknaraðili á vegum jarðarinnar Litlahóls (nú Laufhóls) sambeit í landi Miklahóls á Risi og í fjalli (sic). Eftir því, sem næst verður komist af gögnum málsins, m. a. fasteignamati, ber að líta svo á, að Litlahóli (nú Laufhóli) fylgi 1/3 hluti af þessum sameignarrétti til beitar, sambeit, og þykir rétt að staðfesta það í dómi þessum.

Er þá að því komið að ákveða mörk sambeitarlands þess, er hér um ræðir, og eru Ris og fjall innan skráðra marka Miklahóls. Landi háttar þarna þannig, að neðan fjallsróta og hins forna Hrísháls vegar er bungumyndað graslendi, sem hallar til norðurs allt að Nauthóli. Að vestan hallar landi þessu að svonefndri Riskeldu og að austan mýrinni vestan Fjallhúsanna. Þetta bungumyndaða graslendi, sem svo er í stórum dráttum afmarkað, er nefnt Ris, eftir því sem næst verður komist.

Þykir rétt, eftir því sem gögn málsins gefa til kynna og komið hefur í ljós við nána skoðun á landinu, að ákveða mörk sambeitarlandsins sem hér á eftir greinir:

Að vestan takmarkast landið af Riskeldu, nú vélgröfnum framræsluskurði, er liggur frá landamerkjunum milli Kýrholts og Miklahóls til suðausturs. Er skurðinum sleppir, ræður bein stefna hans að Hrísháls vegi, en síðan vegurinn að landamerkjum Ennis og Miklahóls.

Að norðan markast landið frá norðurenda skurðarins í Riskeldu af landamerkjunum milli Kýrholts og Miklahóls, nú vélgröfnum framræsluskurði, þar til hann beygir til norðurs í keldudragi norðaustan við Nauthólinn.

Að austan markast landið af beinni línu úr þessum síðastnefnda punkti við áðurnefnda beygju á merkjaskurðinum suðaustur dragið í enda vélgrafins framræsluskurðar, þaðan ræður sá skurður, þar til hann beygir til suðvesturs að brekkunni. Frá þessari beygju á skurðinum ræður bein lína til suðausturs í hæsta punkt á melhóli ca 160 m suðaustur af Fjallhúsunum. Melhóll þessi auðkennist m. a. af stökum klettadrang, sem er austast í melnum.

Hvað varðar kröfu sóknaraðilja um, að jafnan skuli vera opin

og heimil umferðarleið eftir stystu gömlum rekstrarslóðum búfjár frá Laufhóls-(Litlahóls-)landi og á sambeitarlandið, þykir rétt að taka þá kröfu til greina þannig, að varnaraðilja verði sem minnst óhagræði að.

Af gögnum málsins, sem koma heim við athugun á vettvangi, virðist mega ráða, að gömul rekstrarleið frá Litlahóli að sambeitarlandinu hafi verið nær vestast í landi Miklahóls meðfram landamerkjum milli Kýrholts og Miklahóls. Nú liggur þjóðvegur (Siglufjarðarvegur) norðarlega í landi Miklahóls, og kemur hann þvert á þessa rekstrarleið. Meðfram veginum báðum megin hafa verið settar upp girðingar, sem að einhverju leyti eru kostaðar af Vegagerð ríkisins á móti varnaraðilja, sem annast hefur uppsetningu þeirra. Hlið er á girðingunni sunnan vegarins, en ekki að norðan. Landamerki jarðanna Miklahóls og Litlahóls (nú Laufhóls) eru skammt norðan þjóðvegarins. Fyrir nokkrum árum létu eigendur jarðanna gera framræsluskurð á merkjunum frá landamerkjum Kýrholts austur undir Brimnesveg. En síðan setti varnaraðili upp girðingu meðfram þessum skurði. Sú girðing liggur einnig þvert á gömlu rekstrarleiðina, og á henni er ekkert hlið. Um leið og þessar girðingar hindra ágang frá Laufhóli á land Miklahóls loka þær fyrir gömlu rekstrarleiðina að sambeitarlandinu, þ. e. ekki hafa verið sett hlið á merkjagirðinguna og girðinguna norðan vegarins. Eðlilegast og hagfelldast virðist vera, að þessi gamla rekstrarleið gildi framvegis sem umferðaræð að sambeitarlandinu. Þykir því rétt að staðfesta í dómi þessum, að svo skuli vera. Jafnframt er rétt að skylda þá eigendur girðinga, sem nú eru og síðar kunna að liggja þvert á rekstrarleið þessa, til þess að gera á þær hlið á rekstrarslóðinni. Skulu hlið þessi vera ólæst, traust og þægileg umgöngu, og ber þeim, er um hliðin ganga, að loka þeim að loknum rekstri í gegnum þau hverju sinni.

Í þinghaldi 29. maí 1972 varð það að samkomulagi milli aðilja, að varnaraðili undirgekkst að fjarlægja á því sumri girðingar á Risi. Er eigi annað að sjá en sú sátt hafi verið haldin, og er því eigi ástæða til að fjalla frekar um það atriði.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður skuli falla niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, þykja hæfilega ákveðin kr. 140.000, og ber að greiða þau úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði talsmannsins, kr. 75.500 skv. framlögðum reikningi.

Dómsorð:

Viðurkenndur er sambeitarréttur sóknaraðilja, Steingríms Vilhjálmssonar, eiganda Laufhóls, að 1/3 — einum þriðja — hluta á Risi og í fjalli í landi Miklahóls, eign varnaraðilja, Sigurmons Hartmannssonar, með þeim takmörkum á landinu, sem að framan greinir.

Enn fremur er viðurkenndur umferðarréttur til handa sóknaraðilja að sambeitarlandinu eftir gömlum rekstrarslóðum nær vestast í landi Miklahóls, og ber að setja hlið á girðingar, þar sem þær liggja þvert yfir rekstrarleiðina, eins og greint er að framan.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 140.000, og útlagður kostnaður hans, kr. 75.500, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. apríl 1979.

Nr. 189/1977. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Einari Jónssyni
og gagnsök
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Skattamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Valtýr Guðmundsson, settur borgarfógeti, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. októ-

ber 1977. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að gera lögtak hjá gagnáfrýjanda til tryggingar eftirstöðvum opinberra gjalda, samtals að fjárhæð 482.401 króna auk 2½% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 6. apríl 1977 til 31. júlí s. á., en 3% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. ágúst 1977 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. október 1977. Krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Tekjuskattur sá og önnur gjöld, sem lögtaks er krafist fyrir í máli þessu, eru lögð á skaðabótafé, sem gagnáfrýjandi fékk greitt fyrir bifreið sína, er hún hafði eyðilagst í árekstri. Ákvörðun tekjuskattsstofnsins er talin reist á ákvæðum 10. mgr., áður 9. mgr., E liðs, 7. gr. laga nr. 68/1971, en skattstofninn er hinn sami við ákvörðun annarra þeirra opinberu gjalda, sem í málinu greinir.

Að meginstofni kveður nefndur E liður 7. greinar á um skyldu skattgreiðanda til að greiða tekjuskatt af ágóða af sölu fasteignar eða lausafjár í vissum tilvikum, þó að sala eignar falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda. Fjallar hann því um lagafrávik frá meginreglunni í A lið 10. gr. laganna um, að tekjuskatt skuli ekki leggja á tekjur af sölu eigna skattgreiðanda, nema salan falli undir atvinnurekstur hans.

Í 1. ml. 10. mgr. E liðs, sem áður var nefnd, segir svo: „Bætur vegna altjóns og eignarnámsbætur teljast sem söluverð í þessu sambandi.“ Er eigi ótvírætt, hvort skýra beri orðin „í þessu sambandi“ í hinu tilvitnaða ákvæði fremur svo, að með þeim sé höfðað til ákvæða E liðs 7. gr. í heild eða þau vísi aðeins til næstu málsgreinar á undan, þ. e. 9. mgr. E liðs 7. gr., sem er svohljóðandi: „Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattþegns, telst ágóði af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Ágóði telst mismunur á söluverði eignanna annars vegar og kaupverði,

kostnaðarverði eða bókfærðu verði þeirra hins vegar.“ Leiðir fyrri skýringarkosturinn til þess, að greiddar skaðabætur eða vátryggingarbætur vegna algers tjóns, svo og eignarnámsbætur, verða jafnan skattlagðar, eins og um væri að ræða söluandvirði eignar. Hins vegar felur síðari skýringarkosturinn í sér, að til skattgreiðslu af bótum þessum kemur því aðeins, að um sé að ræða sölu eignar í atvinnurekstri skattgreiðanda.

Ákvæði 10. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 68/1971 var lögtekið með 3. tl. 4. gr. laga nr. 30/1971 um breytingu á lögum nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt. Breytti ákvæðið E lið 7. gr. laga nr. 90/1965 til mikilla muna. Greinargerð með lagafrumvarpinu tekur ekki af tvímæli um það, hversu víðtæka breytingu frá eldri reglum um skattlagningu skaðabóta eða vátryggingarfjár ákvæðinu sé ætlað að gera né á hverjum lagasjónarmiðum breytingin sé reist. Var þó ærin ástæða til að víkja sérstaklega að þessum atriðum, ef ætlunin var sú, að lögfesta svo víðtæka heimild til skattlagningar skaðabóta og vátryggingarbóta, sem leiða mundi af hinni rýmri skýringu ákvæðisins, þeirri sem fyrr var nefnd, eigi síst þar sem ákvæðið þannig skilið hefði gagngert breytt þeim reglum, sem lengi höfðu gilt um skattlagningu slíkra bóta, þess efnis að bætur þessar bæri ekki að telja til skattskyldra tekna. Studdist það við ákvæði b liðs 10. gr. laga nr. 74/1921 svo og samsvarandi ákvæði yngri laga um, að m. a. útborgaðar brunabætur teldust ekki skattskyldar tekjur. Var þeirri reglu í lagaframkvæmd einnig beitt um aðrar skaðabætur og vátryggingarbætur fyrir eignatjón, sbr. 3. og 4. tl. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 245/1963, 3. og 4. tl. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 147/1955 og 3. og 4. tl. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 133/1936. Lá þessu vafalaust til grundvallar m. a. það sjónarmið, sem skýrt kemur fram í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 74/1921, að bótagreiðsla geri skattgreiðanda að engu betur settan fjárhagslega en hann áður var, þar sem hún sé háð því, að skattgreiðandi hafi beðið tjón.

Full skattlagning bótagreiðslu fyrir algert tjón að því er

tekur til mismunar á kaupverði eða kostnaðarverði þeirrar eignar, sem forgörðum fór, og bótafjárhæðar, sem þarf til að afla nýrrar sambærilegrar eignar, mundi leiða til mjög mikillar mismunar tjónþola eftir því, hvort unnt er að bæta úr tjóni með viðgerð á eign eða skaðinn verður aðeins bættur með kaupum nýrrar sambærilegrar eignar.

Þegar allt framangreint er virt, þykir eiga að skýra ákvæði 10. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 68/1971 svo, að það vísi aðeins til bótagreiðslna fyrir eignir þær, sem um getur í 9. mgr. E liðs.

Ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, nema ákvæði hans um málskostnað. Kemur þá ekki til álita, hvort skattheimtu þá, sem um er deilt, hefði átt að meta óheimila vegna ákvæða 67. gr. stjórnarskrár, ef margnefnt ákvæði laga nr. 68/1971 hefði verið talið taka til hennar orðum sínum samkvæmt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000 krónur.

Dómsorð:

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um synjun á framgangi umbeðinnar lögtaksgerðar.

Aðaláfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði gagnáfrýjanda, Einari Jónssyni, samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Málsaðiljar hafa lýst því yfir, að ekki sé deilt um fjárhæðir í máli þessu. Gagnáfrýjandi hefur lýst því yfir, að hann óski ekki eftir að neyta heimildar síðari málsliðs 10.

mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 68/1971, áður 9. mgr. E liðs, sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 7/1972, verði talið, að honum beri að greiða skatt af bótum þeim, sem um er fjallað í málinu.

Kröfur sínar í máli þessu reisir gagnáfrýjandi á því, að ákvæði 10. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 68/1971, sem hin umdeilda skattlagning byggist á, brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, og séu því ógild.

Ekki er vefengt, að lagaákvæði þetta sé sett á stjórnskipulegan hátt og skattlagningin byggist því á formlega gildri lagaheimild. Þá er heldur eigi vefengt, að hluti söluverðsins hefði verið skattskyldur, ef um sölu hefði verið að ræða.

Þegar virtar eru íslenskar réttarreglur um skattlagningu, er ljóst, að almenni löggjafinn hefur allfrjálsar hendur um val skattstofna og skattlagningaraðferðir. Ákvæði 10. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 68/1971, sbr. ákvæði sömu laga um skattlagningu söluhagnaðar, verða eigi talin skerða eign gagnáfrýjanda á þann hátt, að brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Eins og áður getur, er hin umdeilda álagning byggð á 10. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt. Málsgrein þessi var sett í lög með 3. tl. 4. gr. laga nr. 30/1971. Ákvæðið er í sérstakri málsgrein og verður ekki samkvæmt orðum sínum skýrt á þann hátt, að það eigi einungis við altjóns- og eignarnámsbætur vegna atvinnurekstrar skattþegns. Styður það þessa skýringu, að með gildistöku þess var fellt niður eldra ákvæði um skattfrelsi brunabótafjár. Skattlagning bóta, eins og hér er um fjallað, getur að vísu haft í för með sér mismunun skattþegna án atbeina þeirra sjálfra, en ekki er sú mismunun slík, að varði ógildi skattálagningarinnar. Þegar allt þetta er virt, verður að telja ákvæði 10. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 68/1971 gild og skattlagningu þessa því heimila.

Samkvæmt þessu verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Eftir atvikum máls þessa er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. október 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn hinn 11. október, kl. 1300, var í fógetarétti Reykjavíkur í lögtaksmálinu nr. 5/1977: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Einari Jónssyni kveðinn upp svofelldur úrskurður:

Mál þetta var þingfest hér fyrir réttinum hinn 27. maí sl. og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 26. september sl.

Málið hvíldi, á meðan beðið var úrskurðar ríkisskattanefndar.

Með bréfi sínu, dags. hinn 14. febr. sl., tilkynnti Gunnar Sæmundsson, héraðsdómslögmaður hér í borg, f. h. gerðarþola gerðarbeiðanda, að hann mundi halda uppi vörnum, ef gerðarbeiðandi krefðist lögtaks til tryggingar greiðslu gjalda skv. viðbótarálagningu, alls kr. 482.401, sem lagðar voru á gerðarþola samkvæmt skattbreytingarseðli, dags. hinn 5. apríl sl., þegar skattstofan hér í Reykjavík hafði tekið skattframtal gerðarþola til endurskoðunar.

Gerðarbeiðandi krafðist síðan lögtaksaðgerða í málinu með bréfi, dags. hinn 26. maí sl., en umboðsmaður gerðarþola mótmælti framgangi gerðarinnar, og var málið þingfest sama dag.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að lögtak verði heimilað í eignum gerðarþola til tryggingar greiðslu umræddrar viðbótarálagningar, kr. 482.401 auk 2½% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 6. apríl 1977 að telja til greiðsludags, svo og málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati réttarins. Við munnlegan málflutning breytti umboðsmaður gerðarbeiðanda kröfugerð sinni þannig, að frá 1. ágúst sl. reiknuðust dráttarvextir 3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði til greiðsludags, en breyting þessi væri í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands. Umboðsmaður gerðarþola gerði ekki athugasemd við þessa breytingu á dómkröfum gerðarbeiðanda.

Dómkröfur gerðarþola eru þær, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Forsaga máls þessa er sú, að Einar Jónsson, nafnnr. 1816-4574, Freyjugötu 27 hér í borg, gerðarþoli í máli þessu, lenti í bifreiðaárekstri á bíl sínum, R 15213, hinn 12. júní 1975 á gatnamótum Flókagötu og Gunnarsbrautar hér í borg. Bíl sinn hafði hann keypt nýjan á árinu 1974 á kr. 598.395, en hann var af gerðinni DATSUN-180B. Þetta atvikaðist svo, að gerðarþoli ók bifreið

sinni umrætt sinn vestur Flókagötu, er bifreiðinni B 797 var ekið viðstöðulaust suður Gunnarsbraut án þess að virða stöðvunarskyldumerki við gatnamótin með þeim afleiðingum m. a., að bifreiðarnar rákust á, og bifreið gerðarþola skemmdist svo mikið, að tryggingarfélagið, sem bifreiðin B 797 var tryggð hjá, borgaði gerðarþola kr. 1.450.000 í altjónsbætur fyrir bifreiðina. Kvittun gerðarþola fyrir móttöku fjárins er dags. hinn 25. júní 1975.

Hinn 26. júlí 1975 kaupir gerðarþoli nýja bifreið af gerðinni DATSUN-160J fyrir kr. 1.489.242, sem er minni og ódýrari en DATSUN-180B. Í skattframtali sínu 1976 gat gerðarþoli um þessar eignabreytingar. Með bréfi skattstofunnar í Reykjavík, dags. hinn 7. desember sl., er gerðarþola tilkynnt, að mismunurinn á altjónsbótum og kaupverði bílsins (eldra bílsins), sbr. að framan, verði reiknaður honum til hækkunar skatttekna, sbr. E lið 7. gr., 10. mgr., laga um tekju- og eignarskatt. Mismunur þessi er kr. 851.605, og skv. skattbreytingarseðli (dskj. nr. 3) var viðbótarálagningin þessi:

1.	Tekjuskattur	kr. 344.046
2.	Kirkjugarðsgjald	— 2.155
3.	Útsvar	— 93.700
4.	Skyldusparnaður	— 34.000
5.	Sjúkratryggingagjald	— 8.500
		Alls kr. 482.401

Umboðsmaður gerðarþola kærði álagninguna til skattstjóra og síðan til ríkisskattanefndar, og var álagningin staðfest á báðum kærustigunum.

Umboðsmenn málsaðilja hafa báðir lýst því yfir í dóminum við munnlegan flutning málsins, að hvorki væri í máli þessu deilt um gang málsins fyrir skattayfirvöldum né hina tölulegu hlið þess, þ. e. útreikning gjaldanna af hinni umdeildu skatttekjuhækkun, heldur aðeins um lagagildi E liðs 7. gr., 10. mgr., laga um tekju- og eignarskatt nr. 68/1971. Lagagrein þessi er þannig:

„Bætur vegna altjóns og eignarnámsbætur teljast sem söluverð í þessu sambandi“ þ. e. mismunur á kaupverði og altjónsbótum er skattskyldur sem söluhagnaður eftir reglum laganna, hafi bótaþeginn ekki átt eignina tilskilinn tíma.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur bæði í greinargerð og í munnlegum málflutningi haldið því fram, að gjöldin, sem mál þetta snýst um, séu réttilega á lögð og réttmæt, og hefur í því

sambandi aðallega vitnað til E liðs 7. gr., 10. mgr., skattalaga. Hann hefur mótmælt því, að þetta tiltekna lagaákvæði fari í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Meðal annars sé þarna um jafnræði í skattlagningu að tefla, þannig að allir þeir, sem í því lenda að fá altjónsbætur, séu jafnt settir, miðað við að aðrar aðstæður séu þær sömu. Löggjafanum sé veitt rúm heimild til þess að leggja á almenna skatta, það sýni þróun skattalaga svo og afstaða dómsvaldsins í landinu.

Umboðsmaður gerðarþola hefur haldið því fram, að 10. mgr. 7. gr., E liðs, skattalaganna sé ekki í samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar og sé í þessu tilviki um hreina eignaupptöku að ræða. Auðsjáanlegt sé af atvikum málsins, að gerðarþoli hafi tapað fjárhagslega á því að fá altjónsbæturnar fyrir bílinn, en ekki auðgast, því sé engar tekjur að skattleggja. Auk þess sé það alkunna, að uppgjör tryggingarfélaga á bíltjónum sé með þeim hætti, að tjónþolar auðgist vart af slíku, enda fari tryggingarfélögin sjálf með slíka úrskurði. Í þessu tilfelli sé því ekki um tekjusköttun að ræða, heldur eignaupptöku.

Ákvæði 10. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt kom fyrst inn í íslenska skattalöggjöf með lögum nr. 30/1971 og var síðan tekið óbreytt upp í núgildandi lög, sbr. að ofan. Um tilgang eða skýringu á ákvæði þessu verður ekki stuðst við greinargerð að lagafrumvarpinu né meðferð málsins á Alþingi. Hins vegar er orðalagið ótvírætt, og í stuttu máli þykir verða að skilja ákvæðið svo í þessu tilviki, að fái bíleigandi altjónsbætur borgaðar fyrir eyðilagðan bíl, verði mismunur á kaupverði bílsins og altjónsbótum skattskyldur sem söluhagnaður miðað við þann tíma, sem bíllinn hefur verið í eign tjónþolans. Þrátt fyrir eignarréttarákvæði í 67. gr. stjórnarskrárinnar eru margs konar skerðinga á eignarrétti manna fullheimilar eftir íslenskum lögum. Ein slíkra skerðinga eru skattaálögur. Þær hafa tíðkast hér á landi í ýmsum myndum svo til frá upphafi byggðar hér. Heimildin til skatttökunnar er reist á fjárþörf hins opinbera til sívaxandi umsvifa þess og samneyslu. Eftir 77. gr. stjórnarskrárinnar skal skattamálum skipa með lögum. Þessi heimild löggjafans til þess að gefa út lög um ýmis konar skattskyldu á hendur borgurunum hefur hér á landi verið túlkuð rúmt af dómstólum landsins. Þegar skera á úr um það, hvort skattálagning brjóti í bága við eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar, ber einkum að hafa í huga, hvort skatturinn sé á lagður eftir almennum og efnislegum mælikvarða, hver upphæð skattsins sé, hve marg-

ir séu skattlagðir, þ. e. einstakir aðiljar frá skildir, og síðast en ekki síst, hvort skatturinn sé miðaður við raunveruleg fjárverðmæti í höndum skattþegnsins eða rauntekjur, hvort sem þær stafa af vinnu hans hjá öðrum, viðskiptum o. s. frv.

Atvik það, sem mál þetta snýst um, liggur ljóst fyrir. Bifreið gerðarþola, sem hann fær altjónsbæturnar fyrir, er eyðilögð að hans óvilja og án alls tilverknaðar af hans hendi. Einnig ber á það að líta, að gerðarþola var bifreiðin nauðsynleg vegna atvinnu sinnar. Gerðarþoli fær altjónsbæturnar útborgaðar 25. júní 1975, og mánuði seinna kaupir hann bifreið fyrir bótafé. Hann varð þó að sætta sig við að kaupa bæði minni og ódýrari bíl, DATSUN-160J, og varð að bæta kr. 39.242 við bótafé til þess að borga nýja bílinn til fulls.

Eins og að framan er skýrt, verður umrætt lagaákvæði ekki skýrt á annan hátt en það jafni altjónsbótum til söluverðs, enda þótt sá reginmismunur sé á þessu tvennu, að selji maður bíl sinn frjálsri sölu, getur hann metið allar aðstæður, þegar sala fer fram, m. a. það, hvort söluhagnaður verði skattskyldur að lögum.

Til úrlausnar því, hvort hér sé um að ræða löglega skattálagningu, ber fyrst og fremst að hafa það í huga, að hér er ekki um eignarsköttun að ræða, heldur hreina tekjusköttun, enda þótt ekki verði séð, að gerðarþola hafi hlotnast tekjur af tjónsbótunum, svo sem að framan er rakið. Raunverðmæti hans er bifreiðin, sem hann missir við umferðarslysið, en í stað hennar fær hann minni og ódýrari bifreið, enda þótt hún sé einu ári yngri.

Telja verður, að gerðarþoli hafi á engan hátt auðgast eða haft skattskyldar tekjur af þessum viðskiptum. Enda er það markmið flestra trygginga, í þessu falli bifreiðatrygging, að gera tjónþolann sem líkast settan fjárhagslega og hann var fyrir tjónsatvikið, eftir atvikum annað hvort með því að kosta viðgerð á bílnum, sem í tjóninu lendir, eða með greiðslu altjónsbóta.

Samkvæmt þessu verður að telja, að téð viðbótarskattlagning sé bein skerðing á bótarétti gerðarþola og brjóti í bága við eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar.

Því verður að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. apríl 1979.

Nr. 147/1978. **Jósafat Arngrímsson**
(sjálfur)
gegn
Samvinnubanka Íslands h/f
og gagnsök
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. september 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. september 1978. Krefst bankinn staðfestingar fyrrnefndrar fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að í fjárnámsbeiðni þeirri, sem gagnáfrýjandi sendi bæjarfógetanum í Njarðvíkum 13. febrúar 1978, hafi verið beiðst fjárnáms í eignum annars manns. Var maður þessi ásamt aðaláfrýjanda skuldari samkvæmt dómi þeim, sem var aðfarargrundvöllur.

Ekki veldur þetta því, að fella eigi hið áfrýjaða fjárnám úr gildi, þar sem aðaláfrýjandi var sjálfur mættur í fógetarétti Keflavíkur, þegar fjárnámið var gert, og samþykkti, að gerðin færi fram. Honum var leiðbeint af dómara, og síðan benti hann á til fjárnáms eign sína, 2. hæð í Hafnargötu 31 í Keflavík.

Þá byggir aðaláfrýjandi kröfu sína á því, að með hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð hafi gagnáfrýjandi fengið aðfararveð fyrir dómkröfu sinni til viðbótar samningsveðrétti þeim, er hann hafði fyrir skuldinni samkvæmt tryggingar-

bréfi frá 18. mars 1974. Fjárnáminu hafi síðan verið þinglýst, án þess að það kæmi fram, að þar væri um sömu kröfu að ræða og tryggingarbréfið tók til. Hafi þetta valdið sér tjóni.

Mál þetta varðar aðeins hið áfrýjaða fjárnám, en ekki þinglýsingu þess. Eru ekki gallar á fjárnáminu, sem ógildi þess valdi.

Samkvæmt framanskráðu verður hið áfrýjaða fjárnám staðfest, svo sem gagnáfrýjandi krefst.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða fjárnám er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði gagnáfrýjanda, Samvinnubanka Íslands h/f, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 6. apríl 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 6. apríl, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Hafnargötu 31 og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Sveini Sigurkarlssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 83/1978: Samvinnubanki Íslands h/f gegn Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, uppkveðinn 11. jan. 1978, og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 1.230.000 auk 2.5% mánaðarvaxta frá 1. mars 1977 til 1. ágúst 1977, en með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 2.000 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 154.000 í málskostnað, kr. 5.000 fyrir beiðni, kr. 3.650 í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli, Jósafat Arngrímsson, er mættur í réttinum og samþykkir hann, að gerðin fari hér fram.

Fógeti leiðbeindi mætta, sem er ólöglærður, og skoraði á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og bryndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign, Hafnargötu 31, 2. hæð í Keflavík, fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindri eign til tryggingar framangreindum kröfum og öllum kostnaði, áföllnum og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta, að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Upplesið. Játað rétt bókað.

Jósafat Arngrímsson. S. H. Valdimarsson.

Gerðinni lokið.

Föstudaginn 6. apríl 1979.

Nr. 148/1978. **Jósafat Arngrímsson**
(sjálfur)
gegn
Samvinnubanka Íslands h/f
og gagnsök
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. september 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. september 1978. Krefst bankinn staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi byggir kröfur sínar á því, að með hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð hafi gagnáfrýjandi fengið aðfararveð fyrir dómkröfu sinni til viðbótar samningsveðrétti þeim, er hann hafði fyrir skuldinni samkvæmt tryggingarbréfi frá 18. mars 1974. Fjárnáminu hafi síðan verið þinglýst, án þess að það kæmi fram, að þar væri um sömu kröfu að ræða og tryggingarbréfið tók til. Hafi þetta valdið sér tjóni.

Mál þetta varðar aðeins hið áfrýjaða fjárnám, en ekki þinglýsingu þess. Eru ekki gallar á fjárnáminu, sem ógildi þess valdi. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um staðfestingu þess.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða fjárnám er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði gagnáfrýjanda, Samvinnubanka Íslands h/f, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 6. apríl 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 6. apríl, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Hafnargötu 31 og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Sveini Sigurkarlssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 79/1978: Samvinnubanki Íslands h/f gegn Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, uppkveðinn 11. jan. 1978, og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 740.000 auk 2.5% mánaðarvaxta frá 1. mars til 15. apríl 1977 af kr. 240.000, en af kr. 740.000 frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 3.675 í stimpil- og

afsagnarkostnað, kr. 95.650 í málskostnað, kr. 5.000 fyrir beiðni og kr. 2.900 í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli, Jósafat Arngrímsson, er mættur í réttinum, og samþykkir hann, að gerðin fari hér fram.

Fógeti leiðbeindi mætta, sem er ólöglærður.

Skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og bryndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign til tryggingar, 2. hæð húseignarinnar Hafnargötu 31, Keflavík.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindri eign til tryggingar framangreindum kröfum og öllum kostnaði, áföllnum og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta, að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Upplesið. Játað rétt bókað.

Jósafat Arngrímsson. S. H. Valdimarsson.

Gerðinni lokið.

Föstudaginn 6. apríl 1979.

Nr. 149/1978. **Jósafat Arngrímsson**
(sjálfur)
gegn
Samvinnubanka Íslands h/f
og gagnsök
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. september 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. september 1978. Krefst bankinn staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi byggir kröfur sínar á því, að með hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð hafi gagnáfrýjandi fengið aðfararveð fyrir dómkröfu sinni til viðbótar samningsveðrétti þeim, er hann hafði fyrir skuldinni samkvæmt tryggingarbréfi frá 18. mars 1974. Fjárnáminu hafi síðan verið þinglýst, án þess að það kæmi fram, að þar væri um sömu kröfu að ræða og tryggingarbréfið tók til. Hafi þetta valdið sér tjóni.

Mál þetta varðar aðeins hið áfrýjaða fjárnám, en ekki þinglýsingu þess. Eru ekki gallar á fjárnáminu, sem ógildi þess valdi. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um staðfestingu þess.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða fjárnám er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði gagnáfrýjanda, Samvinnubanka Íslands h/f, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 6. apríl 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 6. apríl, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Hafnargötu 31 og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Sveini Sigurkarlssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 81/1978: Samvinnubanki Íslands gegn Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, upp-

kveðinn 11. jan. 1978, og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 220.000 auk 2.5% mánaðarvaxta frá 1. mars 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.000 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 42.200 í málskostnað, kr. 5.000 fyrir beiðni, kr. 1.650 í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli, Jósafat Arngrímsson, er mættur í réttinum og samþykkir, að gerðin fari hér fram.

Fógeti leiðbeindi mætta, sem er ólöglærður. Skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign, Hafnargötu 31, 2. hæð, í Keflavík.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindri eign til tryggingar framangreindum kröfum og öllum kostnaði, áföllnum og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta, að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Upplesið. Játað rétt bókað.

S. H. Valdimarsson. Jósafat Arngrímsson.

Gerðinni lokið.

Mánudaginn 9. apríl 1979.

Nr. 71/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Lóu Fanneyju Valdimarsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 3. apríl 1979 hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Gögn máls bárust Hæstarétti 3. s. m. Í bréfi ríkissaksóknara 4. þ. m. er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði með skírskotun til forsendna hans staðfestur, „þó þannig, að gæsluvarðhaldsvistin verði eigi lengri en til miðvikudagsins 18. apríl 1979, kl. 17.". Í greinargerð skipaðs verjanda varnaraðilja, er barst Hæstarétti 5. þ. m., er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Hinn 6. þ. m. bárust Hæstarétti ljósrit skýrslna, sem teknar höfðu verið af varnaraðilja hinn 4. s. m. og Þráni Hleinari Kristjánssyni hinn 5. s. m. Enn fremur barst nú í dag viðbótarskýrsla rannsóknarlögreglu um yfirheyrslu á Þráni Hleinari svo og framhaldsgreinargerð skipaðs verjanda varnaraðilja.

Varnaraðili var sambýliskona Svavars heitins Sigurðssonar, sem Þráinn Hleinar Kristjánsson hefur viðurkennt að hafa svipt lífi sunnudaginn 1. þ. m. á efstu hæð hússins nr. 34 við Hverfisgötu hér í borg. Er verknaður þessi var framinn, var varnaraðili í húsi þessu, á efstu hæð þess. Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, var varnaraðili ásamt nefndum Þráni og Margréti Hermannsdóttur færð í fangageymslu lögreglunnar um kvöldið greindan sunnudag. Mánudaginn 2. þ. m., klukkan 1115, kom varnaraðili fyrir rannsóknarlögreglu, og var tekin af henni skýrsla um málsatvik. Skýrði hún þá svo frá, að hún hefði ekki vitað af því, þegar sambýlismanni hennar var banað á heimili þeirra daginn áður. Hafi hún fyrst fengið vitneskju um þetta, er hún hafði verið færð í fangaeymslu.

Síðar sama dag kom varnaraðili fyrir dóm. Kvað hún nú skýrslu þá, sem hún gaf fyrir rannsóknarlögreglu fyrr um daginn, ranga í verulegum atriðum, en neitaði sem fyrr að hafa átt hlut að því að bana Svavari Sigurðssyni.

Í skýrslu, sem rannsóknarlögregla tók af varnaraðilja 4. þ. m., skýrði hún svo frá, að hún hefði síðast séð til þeirra Svavars heitins og Þráins Hleinars í eldhúsi í íbúð hennar

og Svavars. Hafi Þráinn þá verið með hníf í hendi og otað honum að brjósti eða kviði Svavars. Kvaðst hún hafa orðið ofsahrædd og farið yfir í íbúð Þráins Hleinars, sem er á sömu hæð. Hafi hún sagt Margréti Hermannsdóttur, sem þar var, „að Þráinn ætlaði að ganga frá Svavari". Hún hafi svo heyrt vein og stuttu síðar hafi Þráinn komið í íbúðina til þeirra og sagt: „Þetta er búið". Síðan hafi hún gengið yfir í íbúð sína og séð Svavar heitinn á eldhúsgólfinu í blóði sínu.

Í rannsókn málsins kemur fram, að rætt hafi verið um að koma líkinu undan. Rannsókn þessa atriðis er eigi lokið, og eru framburðir ekki á einn veg um nokkur atriði máls, er verulega þýðingu kunna að hafa.

Að þessu athuguðu þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til, þó svo, að varnaraðili sæti eigi gæsluvarðhaldi lengur en til miðvikudagsins 18. apríl 1979, klukkan 1700.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður, þó þannig, að gæsluvarðhaldstími varnaraðilja, Lóu Fanneyjar Valdimarsdóttur, verði eigi lengri en til miðvikudagsins 18. apríl 1979, klukkan 1700.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1979.

Ár 1979, mánudaginn 2. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að í gærkvöldi, laust fyrir kl. 2200, kom Hákon Elías Kristjánsson á miðborgarstöð lögreglunnar í Reykjavík og skýrði frá því, að Þráinn Kristjánsson, Hverfisgötu 34, hefði tjáð sér, að hann hefði orðið manni að bana í húsinu nr. 34 við Hverfisgötu í Reykjavík.

Lögreglan í Reykjavík fór þegar á vettvang og fann í íbúð á efstu hæð hússins að tilvísan Þráins Kristjánssonar karlmannslík, sem reyndist vera af Svavari Sigurðssyni, fæddum 13. nóvember 1922, þar til heimilis. Á líkinu voru miklir áverkar á kviði, brjósti og hálsi eftir hníf, og hefur kærði, Þráinn Kristjánsson, viðurkennt að vera valdur að áverkum þessum. Rannsóknar-

lögregla ríkisins var kvödd á staðinn, en kærði Þráinn var fluttur ásamt kærðu og Margréti Hermannsdóttur í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Kærði Þráinn viðurkenndi við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og nú fyrir dómi að hafa orðið Svavari Sigurðssyni að bana.

Við frumrannsókn lögreglu hefur ýmislegt komið fram, sem bendir til þess, að til einhvers konar ráðagerða hafi komið milli kærðu, Lóu Fanneyjar, og kærða Þráins um að bana Svavari Sigurðssyni. Eftir lát Svavars hafa og verið tilgreind ummæli þeirra, sem benda enn fremur til einhvers konar ráðagerða af þeirra hálfu um að leyna þeim verknaði, en frásagnir þeirra sjálfra eru óljósar að ýmsu leyti og misræmi milli þeirra.

Grunsemdir beinast að því, að kærða hafi með einhverju liðsinni í orði eða verki átt þátt í þeim verknaði Þráins að bana Svavari Sigurðssyni.

Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærðu, og skal hún sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 2. maí 1979, kl. 1700.

Brot það, sem kærða er sökuð um, gæti varðað hana fangelsisrefsingu skv. ákvæðum XXIII. kafla alm. hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærða, Lóa Fanney Valdimarsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 2. maí 1979, kl. 1700.

Mánudaginn 23. apríl 1979.

Nr. 78/1979. **Ragnheiður Guðráðsdóttir**
gegn
Margréti Pálsdóttur.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í a lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. apríl 1979, sem barst Hæstarétti 18. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1979 verði úr gildi felldur og að héraðsdómarinn víki sæti í málinu. Þá er höfð uppi krafa um kærumálskostnað.

Af hálfu varnaraðilja eru eigi gerðar kröfur í máli þessu.

Engin haldbær rök eru komin fram fyrir því, að héraðsdómari eigi að víkja sæti í máli þessu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1979.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 29. mars sl., hefur Margrét Pálsdóttir, Langholtsvegi 204, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. janúar 1978, á hendur Ragnheiði Guðráðsdóttur, áður Skeiðarvogi 151, Reykjavík, en nú til heimilis í Bandaríkjunum. Stefnukröfur eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 177.973 með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1975 til 1. desember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar. Þá var upphaflega krafist staðfestingar á kyrrsetningargerð, sem fram fór 20. janúar 1978 í eign stefnda, fasteigninni að Skeiðarvogi 151, Reykjavík.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing í málinu og þær kröfur gerðar, að stefndi verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda

og auk þess dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Í fógetarétti Reykjavíkur 30. ágúst 1978 varð svofelld sátt með aðiljum:

„1. Stefnandi bæjarþingsmálsins nr. 361/1978 (staðfestingarmál löghalds), Margrét Pálsdóttir, fellur frá kröfum sínum um staðfestingu löghaldsgerðarinnar og samþykkir, að löghaldstryggingu sé skilað. Aðiljar eru sáttir á, að dæmt verði um málskostnað löghaldsmálsins, kr. 19.310, eins og löghaldsgerðin hafi ekki fallið niður og stefnandi hafi ekki fallið frá kröfum sínum um staðfestingu löghalds.

Fellur því þegar gert löghald niður.

2. Gerðarþoli, Ragnheiður Guðráðsdóttir, setur að handveði til tryggingar greiðslu á dómkröfum stefnanda í ofangreindu bæjarþingsmáli veðskuldabréf að fjárhæð kr. 4.283.572, útgefið 21. júlí 1978, með 5. veðrétti í fasteigninni að Skeiðarvogi 151, Reykjavík. Það er í vörslu Jóns Bjarnasonar hrl., Bergstaðastræti 44, Reykjavík, og mun hann sjá um vörslur á skuldabréfi þessu og annast greiðslu á dómkröfum stefnanda eftir dóm í málinu. Þó skal honum heimilt að greiða til Ragnheiðar greidda afborgun og vexti, enda sé endanlegur dómur ekki genginn í málinu. Þá skal gerðarþola heimilt að setja aðra tryggingu í samráði við gerðarbeiðanda. Enginn frestur veitist á fullnnægju dóms, þó beðið sé eftir greiðslu á veðskuldabréfi."

Sátt um það deiluefni, sem hér er til úrlausnar, hefur verið reynd, en án árangurs.

Málsefnið er það, að Margrét Pálsdóttir krefur Ragnheiði Guðráðsdóttur um barnalífeyri frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Tryggingastofnun ríkisins, sem Ragnheiður tók á móti vegna Margrétar á tímabilinu 1. febrúar 1974 til 31. júlí 1975 samkvæmt upplýsingum greindra stofnana, sem fram koma á dómsskj. 3. Margrét er dóttir Ragnheiðar. Hún varð 18 ára 31. júlí 1975 og þá lauk greiðslu lögbundins barnalífeyris. Rétt til barnalífeyris fékk Margrét eftir lát föður síns, Páls Ragnars Jóhannessonar. Hún telur sig ekki hafa verið á framfæri móður sinnar greint tímabil og hafi kostað framfæri sitt sjálf og geri því endurkröfu til þess lífeyris, sem móðir hennar hafi þannig tekið á móti fyrir hennar hönd. Um endurkröfurétt þennan vísar stefnandi til laga um almannatryggingar og svo sérstaklega 16. gr. laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 29/1963.

Sýknukrafa Ragnheiðar er í fyrsta lagi byggð á því, að líta verði á framfærslutímabil barna sem eina heild. Margrét hafi

frá fæðingu verið á framfærslu foreldra sinna og eftir lát föðurins á framfæri Ragnheiðar. Hún hafi um sinn horfið af heimilinu, meðan dvalið var um fárra vikna skeið í bráðabirgðahúsnæði, og ráð hafi verið fyrir því gert, að hún kæmi aftur á heimili fjölskyldunnar. Þá er því mótmælt, að Margrét hafi farið af heimilinu fyrr en 14. maí 1974. Þá er því mótmælt, að Margrét eigi sjálfstæðan rétt til að fá til sín lífeyrinn, sem stefnt er út af, og heldur ekki verði það séð, að hún geti krafist hækkunar lífeyrisins úr 50% í tvöfaldan barnalífeyri. Sé þetta talið rétt hjá Margréti, er á því byggt, að réttur hennar sé fallinn niður fyrir fyrningu eða tómlæti hennar.

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram aðiljaskýrsla hans, og af hálfu stefnanda hefur skýrslan verið tekin sem staðfest fyrir dómi. Í skýrslu þessari kemur fram frekari útlistun á málsástæðum þeim, sem raktar eru hér að framan, og málsatvikum lýst af hálfu stefnda, m. a. er þar talinn kostnaður, sem Ragnheiður telur sig hafa haft af framfærslu Margrétar, áður en hún flutti að heiman, og húsgögn, sem Ragnheiður telur sig hafa látið Margréti fá til búnaðar herbergis þess, er hún fékk á nýju heimili.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, þjóðskrá, tilkynnir Margrét sig frá Rauðarárstíg 42, Reykjavík, en þar bjó móðir hennar, að Langholtsvegi 204, Reykjavík, þann 6. júní 1974. Samkvæmt vottorðinu er hún heimilisföst þar til 28. janúar 1975, er hún flytur að Kjalarlandi 12, Reykjavík. Að Kjalarlandi býr hún samkvæmt vottorðinu til 10. ágúst 1976. Samkvæmt framburði Margrétar hér fyrir dómi þann 16. mars 1979 flutti hún að heiman í febrúar-mars 1974. Þennan framburð hennar styður framburður Daðeyju *Steinunnar* Daðadóttur í þinghaldi 29. mars sl., en Steinunn segir, að stefnandi hafi flutt til sín 15. mars 1974 að Langholtsvegi 204, en Steinunn býr þar. Þær eru sammála um það Margrét og Steinunn, að þangað hafi Margrét flutt að ósk móður sinnar, en ósamkomulag hafi verið með þeim mæðgum og ekki hafi verið ráð fyrir því gert, að Margrét flytti aftur heim. Margrét segir, að ósamkomulag þetta hafi verið út af núverandi stjúpföður hennar, sem hafi ekki þolað hana á heimilinu. Segir hún jafnframt, að hvorugt systkina sinna búi lengur hjá móður þeirra og hafi systir hennar verið farin að heiman á undan henni.

Steinunn Daðadóttir segir, að hún hafi unnið hjá móður Margrétar og hafi hún stungið upp á því við hana, að hún tæki stúlkuna til sín, þar sem móðir hennar kvartaði mjög undan henni, og

Steinunni vantaði barnfóstru. Segir Steinunn, að Margrét hafi fengið sérherbergi hjá sér og fæði og auk þess kr. 7.000 á mánuði til að byrja með. Móðir Margrétar hafi ekkert greitt með henni. Síðar hafi Margrét farið að vinna úti, en þó verið hjá henni eitthvað áfram. Henni hafi líkað ágætlega við Margréti og engin vandræði verið með hana. Þær eru sammála um það Margrét og Steinunn, að móðir Margrétar hafi lagt kommóðu og rúm Margrétar með henni í vistina. Margrét segir, að auk þessa hafi Ragnheiður lagt til með henni ýmislegt til skrauts úr búi sínu og föður Margrétar.

Eiginmaður Margrétar, Jón Ólafsson, hefur einnig borið fyrir dómi, að það hafi verið að frumkvæði Ragnheiðar, að Margrét fór að heiman. Margrét og Jón voru heitbundin, þá er hún fór að heiman, og bjó hann að Langholtsvegi 204 með henni.

Í þinghaldi 29. mars sl., eftir að Steinunn Daðadóttir hafði gefið skýrslu sína, lagði lögmaður stefnda, Jón Bjarnason, fram dómsskj. nr. 9, en þar gerir hann kröfu um, að dómari málsins víki sæti, með svofelldum rökstuðningi:

„Hinn 16. þessa mánaðar kom stefnandi málsins fyrir dóm til þess að gefa aðilaskýrslu:

Spurði dómarinn stefnandi um þau atriði, sem hann virðist hafa talið máli skipta, og kemur fram af endurriti þinghaldsins, hver þau atriði voru, þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að rekja þau frekar nú.

Þessu næst innti dómarinn undirritaðan eftir því, hvort óskað væri eftir því af hálfu stefndu, að leggja spurningar fyrir stefnandi.

Lagði ég þá fram sem dómskjal nr. 8 spurningar, 31 að tölu, er ég óskaði, að bornar yrðu upp fyrir stefnandi.

Stefnandi ráðfærði sig við lögmann sinn, og að því loknu lét lögmaður stefnandi færa til bókar, að stefnandi væri fús til að svara þeim spurningum á dómskjali nr. 8, sem dómarinn teldi hafa þýðingu fyrir málið, en öðrum spurningum myndi hún neita að svara.

Að gefnu þessu tilefni frá lögmanni stefnandi bar dómarinn síðan nokkrar af spurningunum á dómskjali nr. 8 upp fyrir stefnandi, sem stefnandi svaraði, en dómarinn fékkst ekki til þess að bera upp fyrir stefnandi meginþorra spurninganna á dómskjali nr. 8.

Í lok þinghaldsins fékkst svo fært til bókar, að ítrekuðu tilefni

frá mér, að stefnnandi neitaði að svara frekari spurningum á dómskjali nr. 8.

Samkvæmt upphafsákvæðum 114. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber aðila að gefa eftir föngum glögga og greinilega skýrslu og yfirlýsingar fyrir dómi. Ber dómara að fylgjast með málinu í öllum atriðum og spyrja aðila eða umboðsmann um hvert það atriði, er honum þykir óljóst og máli kann að skipta, á hvaða stigi máls sem er og kosta kapps um, að yfirlýsingar og skýrslur verði nægilega glöggar.

Samkvæmt upphafsákvæðum 115. gr. sömu laga er dómara skylt að taka við skýrslu hvers þess aðila, sem óskar að gefa skýrslu fyrir dómi um málavöxtu, nema skýrslan sé sýnilega þarflaus eða þýðingarlaus.

Í 116. gr. sömu laga segir m. a., að fullnægi aðili ekki ákvæðum 114. eða 115. gr., geti dómari vísað máli frá dómi eða skýrt þögn aðila eða ófullnægjandi svar á þann hátt sem gagnaðila sé hagfelldast svo og lagt skýrslu hans til grundvallar málsúrslitum.

Þegar virt eru framangreind ákvæði 114. gr. og 115. gr. og höfð í huga bókun lögmanns stefnandi, er ljóst, að ákvörðun dómara um það, hvaða spurningar á dómskjali nr. 8 hann teldi rétt að leggja fyrir stefnandi, verður ekki skýrð á annan hátt en þann, að dómarinn hafi álitið aðrar spurningar á dómskjalinu engu máli skipta og því þýðingarlausar, en þær eru að megin efni byggðar á aðilaskýrslu, sem lögð var fram á bæjarþinginu hinn 6. apríl 1978 af hálfu stefndu sem dómskjal nr. 5.

Sama viðhorfs gætir augljóslega í því hátterni dómarans, að bera ekki einu sinni nefnda aðilaskýrslu stefndu undir stefnandi.

Stefnandi svaraði viðstöðulaust þeim spurningum, sem dómari fékkst til að bera upp. Neitun stefnandi að svara öðrum spurningum er auðvitað alfarið byggð á framangreindum viðbrögðum dómarans við bókun lögmanns hennar. Dómarinn hefir því átt frumkvæði að því, að stefnandi svaraði ekki þessum spurningum.

Með þessu atferli hefir dómarinn gert sig óhæfan og glatað hlutleysi sínu til þess að geta skýrt þögn aðila eða ófullnægjandi svör á þann hátt, sem greinir í 116. grein nefndra laga.

Þá er ekki síður augljóst, að viðbrögð dómarans við spurningunum á dómskjali nr. 8 benda eindregið til þess, að hann telji þá þætti málsins, sem spurningarnar beinast að, engu máli skipta og því þýðingarlaust og þarflaust að afla upplýsinga um þá.

Þar eð þeir þættir málsins eru megin uppistaða í vörn og sýknu-

kröfu stefndu, er ljóst, að dómarinn hefir í upphafi gagnaöflunarstigs tjáð sig þann veg um þessar málsástæður, að ekki gæti lengur þess hlutleysis, sem dómara ber að sýna við meðferð máls."

Við lýsingu lögmanns stefnda á því, er gerðist í þinghaldi 16. mars sl., er það að athuga, að nokkuð skortir á, að nákvæmlega sé með farið. Í þinghaldinu bókar dómarinn um þetta atriði:

„Lögmaður stefnda leggur fram nr. 8 spurningar. Lögmaður stefnda er að því spurður, hver sé tilgangurinn með þessum spurningum, og segir hann, að þær séu í tilefni af aðilaskýrslu stefnda. Þá er hann spurður að því, hvort hann hyggist gera kröfu til skuldajafnaðar eða til gagnkröfu vegna þeirra atriða, sem skýrsla stefnda, dskj. nr. 5, og spurningarnar fjalla um, undanskyldar eru þó spurningarnar 6—12. Lögmaðurinn óskar bókað, að á þessu stigi geti hann ekki sagt um, hvort hann geri kröfu til skuldajafnaðar eða til gagnkröfu, það muni fara eftir svörum stefnanda og óskum stefndu. Þessar spurningar séu fyrst og fremst settar fram til þess að upplýsa málið, enda sé það á gagnaöflunarstigi.

Lögmaður stefnanda óskar bókað, að hann telji, að þegar hafi verið svarað þeim spurningum, sem máli skipti í yfirheyrslu hér á undan, og telji hann frekari spurningar þýðingarlausar. Telji dómarinn hins vegar, að vanti eitthvað inn í myndina, þá sé sjálfsagt að svara þeim spurningum. Að öðru leyti neiti mætta svörum við dskj. nr. 8.

Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda þykir dómaranum sem spurningum nr. 6—8 og 11 sé þegar svarað og rétt sé að leggja spurningar nr. 9, 10, 12, 13 og 14 fyrir mættu. Lögmaður stefnanda felst á það. Svörum við öðrum spurningum er neitað á þeim grunni, að þær séu þýðingarlausar, þ. e. af hálfu lögmanns stefnanda.

Framangreindar spurningar eru síðan lagðar fyrir mættu."

Af bókunum þessum sést, að dómarinn reynir að koma til móts við óskir lögmanns stefnda, eftir að neitað hefur verið að svara frekari spurningum, en eins og segir í greinargerð lögmannsins fyrir kröfu hans, höfðu stefnandi og lögmaður hennar rætt um spurningarnar, áður en lögmaður hennar tjáði sig um þær. Að ósk lögmanns stefnda voru spurningar hans enn á ný lagðar fyrir stefnanda í lok þinghaldsins, sem enn neitaði að svara þeim.

Í þinghaldi 29. mars sl. er í lok þinghaldsins bókað:

„Lögmaður stefndu leggur fram nr. 9 kröfu um, að dómarinn víki sæti í málinu og rökstuðning þar um.

Lögmaður stefnanda kveðst mótmæla kröfu lögmanns stefnda og lýsa gagnaöflun lokið og óska eftir, að ákveðinn verði dagur til munnlegs flutnings.

Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda kveðst lögmaður stefnda þurfa að fá svör við spurningum á dskj. nr. 8, sem ekki hafa verið bornar upp. Verði stefnandi ekki við því, þá þurfi hann að afla gagna varðandi þessi atriði á annan hátt.

Lögmaður stefnanda kveðst þá neita um frekari frest í málinu og kveðst taka skýrslu stefnda á dskj. nr. 5 sem staðfesta fyrir dómi.

Lögmennirnir töldu, að þeir þyrftu ekki að tjá sig frekar um kröfu stefnda um, að dómarinn víki sæti í málinu, og kröfu hans um frekari frest til gagnaöflunar.

Lögmaður stefnda telur, að málið eigi að hvíla, meðan dómarinn úrskurði, hvort hann eigi að víkja í málinu, en til vara gerir hann kröfu um frekari frest.

Lögmaðurinn tekur sérstaklega fram, að stefndi sé nú búsettur í Bandaríkjunum.

Að gefnu tilefni frá dómaranum telja lögmenn sig ekki þurfa að flytja málið munnlega um þessi atriði, en vísa til þess, sem að framan er bókað.

Dómarinn tekur málið til úrskurðar um ofangreind álitaefni."

Álit dómsins.

Rétt þykir að taka eingöngu fyrir í þessum úrskurði kröfu stefnda um, að dómarinn víki sæti, og láta úrskurð um frestbeiðni hans hvíla á meðan.

Lögmaður stefnda lætur þess ógetið, við hvaða heimild hann styður kröfu sína um, að dómarinn víki sæti. Telja verður, að hann byggi hér á niðurlagi 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að stefnandi hafi verið á framfæri foreldra sinna og síðar móður sinnar, allt þar til stefnandi fór að heiman, og líta verði á framfærslutíma barna sem eina heild. Þá er í greinargerð talin ýmis einstök atriði, sem varða framfærslu stefnanda, flest frá þeim tíma, sem stefnandi var enn í móðurhúsum. Atriði þessi koma einnig fram í aðiljaskýrslu stefnda. Af málatilbúnaði stefnda er ekki ljóst, hvort þessi atriði eru upp talin til þess að sýna fram á, að framfærsluskyldunni hafi verið fullnægt, eða hvort talið er, að þessi atriði séu þess eðlis, að gangi lengra en venjuleg framfærsluskylda foreldris með barni sínu. Stefndi hefur ekki gert sér-

stakar gagnkröfur, en sbr. 106. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936 hefðu slíkar kröfur þegar átt að vera komnar fram.

Stefnandi neitar því ekki, að hún hafi verið á framfæri móður sinnar síðustu árin áður en hún fór að heiman. Kröfur hennar varða aðeins tímann eftir það. Í þinghaldi 16. mars sl. er lögmaður stefnda inntur eftir því, hvað fyrir honum vaki með þeim spurningum, sem hann lagði þá fram. Skýringar hans varpa ekki frekar en orðið var ljósi á, hvernig hann hyggst standa að vörn málsins, og ófáanlegur er hann til að gefa upp, hvort hann hyggst hafa uppi gagnkröfu í málinu, og þá ekki heldur, hverjar séu upphæðir slíkra krafna. Eins og fram er komið, var af hálfu stefnanda neitað að svara framkomnum spurningum, nema dómaranum þætti einhvers á vanta um upplýsingar frá stefnanda. Dómarinn hlutaðist þá til um, að stefnandi svaraði þeim spurningum, sem vörðuðu tímabilið eftir að stefnandi fór að heiman, og samþykkti stefnandi að svara þeim spurningum, en neitaði öðrum.

Samkvæmt 115. gr. laga nr. 85/1936, sbr. einnig 3. mgr. 133. gr. sömu laga, má dómari ekki bera upp fyrir aðilja eða vitni sýnilega þýðingarlausar spurningar. Með spurningum sínum til lögmanns stefnda í þinghaldi 16. mars sl. reyndi hann árangurslaust að fá grundvöll fyrir slíku mati. Hann reyndi síðan að koma á móts við lögmann stefnda með að fá stefnanda til að svara þeim spurningum lögmannsins, sem hugsanlega gátu komið málsefninu við, eins og kröfugerð beggja aðilja er háttað. Verður ekki séð, að dómari geti orðið vanhæfur til meðferðar máls af þessum sökum. Aðili verður heldur ekki þvingaður til skýrslugjafar, sjá 116. gr. laga nr. 85/1936, sjá aftur á móti 124. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936, sbr. 131. gr. sömu laga um vitni.

Af ofangreindu þykir leiða, að dómari málsins eigi ekki að víkja sæti.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist vegna þessa þáttar málsins.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Dómari málsins víkur ekki sæti.

Mánudaginn 30. apríl 1979.

Nr. 229/1976. **Báran h/f**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Jóni Eysteinssyni bæjarfógeta, innheimtumanni ríkissjóðs í Keflavík, og gagnsök
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Skattamál. Viðhaldskostnaður fasteignar. Gagnsök vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. desember 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember s. á. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða lögtaksúrskurði verði hrundið og synjað um framgang hins umbeðna lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. janúar 1977. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að gera lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar 121.532 krónum auk 1½% dráttarvaxta á mánuði af 58.555 krónum frá 1. júlí 1975 til 31. júlí s. á. og af 121.532 krónum frá þeim degi til 30. apríl 1976, 2% dráttarvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 30. nóvember 1976 og 2½% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður héraðsdóms í máli þessu var kveðinn upp 14. júlí 1976. Áfrýjunarstefna var birt 30. resember 1976. Voru því liðnar meira en átta vikur frá uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar og meira en fjórar vikur frá birtingu áfrýjunarstefnu, þegar gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu 28. janúar 1977. Var gagnáfrýjun málsins því óheimil, sbr. 1. mgr. 11.

gr. laga nr. 29/1885 og 1. og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, og ber að vísa gagnsökinni frá Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla ríkisskattstjóra frá 29. janúar 1979, þar sem rakin er saga ákvæða laga nr. 68/1971 og 7/1972 svo og ákvæða reglugerða nr. 355/1972 og 257/1974 um viðhaldskostnað húsnæðis og lýst skattalegri meðferð slíks viðhaldskostnaðar samkvæmt ákvæðum þessum.

Í máli þessu er einungis deilt um skatta áfrýjanda árin 1974 og 1975, og hafa málsaðiljar lýst því yfir, að ef breyting sú, sem skattstjóri gerði á kostnaði áfrýjanda af viðhaldi fasteignar hans, verði talin ógild, þá falli niður skattur sá, sem lögtaks er krafist fyrir í máli þessu.

Um langt skeið var í skattalögum ákvæði þess efnis, að fjármálaráðherra gæti ákveðið frádráttarbæran viðhaldskostnað fasteignar sem ákveðinn hundraðshluta af brunabóta- eða fasteignamatsverði hennar. Ekki var þó heimild þessi notuð. Með 2. mgr., sbr. 1. mgr. E liðs 12. gr. laga nr. 30/1971, síðar 2. mgr., sbr. 1. mgr. E liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, var greind heimild þrengd þannig, að hún var takmörkuð við íbúðarhúsnæði manns, er hann notaði sjálfur og fjölskylda hans, og eina íbúð aðra, er hann ætti. Um heimild skattgreiðanda til að draga viðhaldskostnað annarra fasteigna frá tekjum sínum skyldi því fara eftir meginreglunni í A lið 11. greinar laganna, er miðar við raunverulegan viðhaldskostnað.

Með ákvæði 9. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972 var 1. mgr. E liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 enn breytt. Voru hin sérstöku ákvæði þessarar málsgreinar um frádrátt vegna fyrninga, sem aðeins tóku til íbúðarhúsnæðis, sem maður notaði sjálfur, og einnar íbúðar annarrar, nú látin gilda um allt íbúðarhúsnæði. Ákvæði 2. og 3. mgr. héldust hins vegar óbreytt, þar á meðal tilvísunin í 2. mgr. um, að hún tæki til sama húsnæðis og 1. mgr. Var síðan ákveðið með reglugerð nr. 355/1972, sem talin er sett samkvæmt heimild í nefndum E lið 15. greinar, að árlegur frádráttarbær viðhaldskostnaður íbúðarhúsnæðis skyldi vera ákveðinn hundraðshluti af fast-

eignamatsverði þess. Var reglugerðarákvæðinu beitt um allt íbúðarhúsnæði, þar á meðal það húsnæði áfrýjanda, sem um er fjallað í málinu.

Það leiðir af tilvísun 2. mgr. E liðs 15. gr. til næstu málsgreinar á undan, að heimildin til að ákveða frádráttarbæran viðhaldskostnað húsnæðis sem fastan hundraðshluta af fasteignamatsverði þess er bundin við það húsnæði, sem greinir í 1. mgr. Þó að þess sé ekki sérstaklega getið í athugasemdum við frumvarp að lögum nr. 7/1972, að ætlunin sé að breyta reglum um frádrátt vegna viðhaldskostnaðar jafnframt reglum um frádrátt vegna fyrningar, verður þó ekki hjá því komist að líta svo á, vegna hinnar fortakslausu tilvísunar 2. mgr. E liðs til 1. mgr., að slík breyting hafi leitt af breytingunni á 1. mgr.

Svo sem sagt var, hefur ákvæði b liðs 2. gr. reglugerðar nr. 355/1972 stoð í 2. og 3. mgr. E liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 og 55. gr. sömu laga, sem eigi verða taldar brjóta gegn ákvæðum 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

Samkvæmt þessu verður að telja skattlagningu þessa heimila, og ber að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar til tryggingar 121.532 krónum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreindri gagnsök er vísað frá Hæstarétti.

Hið umbeðna lögtak skal fram fara til tryggingar 121.532 krónum.

Áfrýjandi, Báran h/f, greiði stefnda, Jóni Eysteinssyni bæjarfógeta, innheimtumanni ríkissjóðs í Keflavík, 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Keflavíkur 14. júlí 1976.

Í máli þessu, sem þingfest var hinn 11. september 1975 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 30.

júní sl., hefur gerðarbeiðandinn, innheimtumaður ríkissjóðs í Keflavík, krafist þess, að lögtak verði heimilað hjá gerðarþola, Bárunni h/f, Keflavík, til tryggingar greiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs, að fjárhæð kr. 121.532 auk vaxta og málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu gerðarþola eru þær réttarkröfur gerðar, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og honum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Opinber gjöld þau, sem í máli þessu ræðir, eru hækkanir á tekjuskatti gerðarþola árin 1972 og 1974, kr. 4.015 og kr. 63.754, og tekjuskattur árið 1975, kr. 62.469. Er krafist lögtaks fyrir eftirstöðvum þessara gjalda, svo sem að framan greinir.

Um málavexti segir umboðsmaður gerðarþola m. a. eftirfarandi: „Báran h.f. var stofnað 14. nóvember 1963 í þeim tilgangi að kaupa húseign í Keflavík og annast rekstur hennar eins og stofnsamningur og samþykktir félagsins kveða á um. Hlutafé félagsins er aðeins kr. 152.000.00 og hluthafar milli 40 og 50, flestir búsettir hér í Keflavík. Með afsali, dagsettu 19. 3. '64, eignaðist umbjóðandi minn húseignina nr. 5 við Klapparstíg hér í bæ og á hana enn. Rekstur umbjóðanda míns hefur frá öndverðu takmarkast við útleigu á greindu húsi, sem er 35—40 ára gamalt. Má því geta nærri, að um ýmislegt viðhald hefur verið að ræða á húsinu. . . ."

Ágreiningsefni í máli þessu er það, hvort gerðarþola sé heimill frádráttur á útlögðum viðhaldskostnaði fasteignarinnar Klapparstígs 5, Keflavík, frá tekjum, áður en skattur verði á lagður. Samkvæmt skattframtölum gerðarþola frá umræddu tímabili hefur kostnaður af viðhaldi fasteignarinnar verið sem hér segir:

Árið 1971 kr. 21.464.00
Árið 1972 kr. 33.011.20
Árið 1973 kr. 456.251.00
Árið 1974 kr. 112.672.00

Með fullnaðarúrskurðum ríkisskattanefndar og skattstjórans í Reykjanesumdæmi um skattfjárhæðir er á því byggt með vísan til E liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972, og b liðs 2. gr. reglugerðar nr. 228/1971, að veita skyldi til frádráttar tekjum ár hvert 1.5% af fasteignamati hússins Klapparstígs 5, Keflavík, eða kr. 11.565. Telur gerðarþoli, að af þessum sökum hafi hann borið miklu hærri tekjuskatt en ella árin 1972, 1974 og 1975 og t. d. hefði hann aðeins borið nokkur þúsund

krónur í tekjuskatt síðastnefnt ár, ef viðhaldskostnaður samkvæmt skattframtali þess árs hefði verið tekinn til greina.

Mótmæli sín og kröfur reisir gerðarþoli á eftirfarandi:

1. Að hið tilvitnaða reglugerðarákvæði eigi ekki nægjanlega stoð í lögum. Niðurlagsákvæði E liðs 15. gr. tekjuskattslaganna (nr. 68/1971), þ. e. tvær seinustu málsgreinarnar, kveði ekki á um það, hver megi ákveða hinn frádráttarbæra viðhaldskostnað. Auk þess felist í ákvæðinu ólögmætt og allt of víðtækt framsal löggjafans til skattayfirvalda og ætti ákvörðun sem þessi aðeins heima í almennum lögum.
2. Að rekstrarkostnað skuli draga frá tekjum, áður en skattur verði á þær lagður, sbr. þá meginreglu, sem fram komi í 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga, þ. e. tekjuskattur verði aðeins lagður á hreinar tekjur.
3. Að „hið tilvitnaða lagaákvæði og reglugerðarákvæði" eigi ekki við um skattlagningu að því er sig varði.
4. Að sér hafi verið heimilt að færa tap sitt milli ára, þar til höfuðstóllinn næði því að verða réttur aftur, sbr. 2. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga.

Gerðarbeiðandi rökstyður kröfur sínar einkum með eftirfarandi atriðum:

1. Ákvæði b liðs 2. gr. reglugerðar nr. 355/1972, sem kveður á um, að árlegur frádráttarbær viðhaldskostnaðar skuli vera 1.5% á ári af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðis, eigi næga stoð í 15. gr., E lið, laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr., 9. tl., laga nr. 7/1972, enda séu heimildarákvæði af þessu tagi algeng í lögum, þannig að ráðherra sé heimilað að kveða nánar á um framkvæmd laga, fylla þau og skýra, auk þess sem heimilt sé að ákveða í lögum, að kveðið sé á um tiltekin atriði í reglugerð.
2. Undantekningar séu frá þeirri meginreglu 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga, að reksturskostnað skuli draga frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður, þar á meðal þær reglur, sem hér um ræðir, og leiði til þess, að frádráttarbær viðhaldskostnaður sé aðeins ákveðinn hundraðshluti af fasteignamatsverði. Vísar hann til orða greinargerðar með lögum nr. 7/1972 um tekjuskatt og eignarskatt því til stuðnings, að reglan eigi við um allt íbúðarhúsnæði, hvort sem það er í eign einstaklings eða félags og hvort sem eigandi býr í því, leigir það út eða lætur standa autt.
3. Rekstrartap gerðarþola á framtali hans 1973, kr. 4.697, hafi

verið fært á móti hagnaði hans á framtali 1974 samkvæmt heimild 2. mgr. B liðar 11. gr. tekjuskattslaga, en nefnt ákvæði heimili ekki frádrátt vegna öfugs höfuðstóls, sem myndaður hafi verið með ófrádráttarbærum viðhaldskostnaði.

Álit réttarins.

Allt frá því er lög nr. 74/1921 um tekjuskatt og eignarskatt voru sett, hafa verið ákvæði í lögum, er heimila ráðherra að að ákvarða með reglugerðum, hverjar framkvæmdir við fasteignir skuli teljast frádráttarbær viðhaldskostnaður svo og hvernig viðhaldskostnaður fasteigna skuli metinn, áður en skattlagning tekna fer fram, m. a. hefur heimild verið fyrir hendi til að ákveða, að frádráttarbær viðhaldskostnaður skuli vera viss hundraðshluti af fasteigna- eða brunabótaverði fasteignar. Síðastgreind heimild kemur fyrst fram með lögum nr. 6/1935 um tekjuskatt og eignarskatt, en er ekki notuð fyrr en með setningu reglugerðar nr. 228/1971, 2. gr., b liðs, þar sem ákveðið er, að árlegur frádráttarbær viðhaldskostnaður skuli vera 1.5 af hundraði af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðis úr steini. Samhljóða ákvæði er í 2. gr., b lið, reglugerðar nr. 355/1972, sem nam úr gildi reglugerð nr. 228/1971. Umrætt fyrirkomulag var við lýði þar til ákveðið var með setningu reglugerðar nr. 251/1974 (sic) að afnema fyrri reglu um ákvörðun frádráttarbærs viðhaldskostnaðar, og voru þá ákvæði þau, sem giltu fyrir setningu reglugerðar nr. 228/1971 um frádráttarbærni raunverulegs viðhaldskostnaðar tekin í gildi á ný.

Ákvæði b liðs 2. gr. reglugerða nr. 228/1971 og 355/1972 um, að frádráttarbær viðhaldskostnaður skuli vera 1.5% af hundraði fasteignamatsverðs íbúðarhúsnæðis, var í gildi fyrir skattárin 1971 til og með 1974. Ákvæðið hefur fullnægjandi stoð í 15. gr., E lið, laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr., 9. tl., laga nr. 7/1972, en í 3. mgr. stafliðsins segir: „Fjármálaráðherra getur í reglugerð ákveðið . . . . . árlegan hundraðshluta fyrningar og viðhaldskostnaðar.“ Í 1. og 2. mgr. nefnds stafliðs segir: „Fyrningarverð íbúðarhúsnæðis skal vera jafnt fasteignamatsverði. Árlegan frádráttarbæran viðhaldskostnað húsnæðis, sem fyrnt er samkvæmt 1. mgr., má ákveða sem fastan hundraðshluta af fasteignamatsverði.“

Ótvírætt verður talið, að greint ákvæði taki til alls íbúðarhúsnæðis, hvernig sem háttað er eignaraðild eða formi og tilgangi rekstrar.

Ekki verður fallist á, að í 3. mgr. E liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 felist ólögmætt framsal valds úr hendi handhafa löggjafavalds til handhafa framkvæmdarvalds. Ákvæðið er ívilnandi að því leyti sem það heimilar frádrátt frá tekjum gjaldenda, áður en skattur verði á þær lagður. Á hinn bóginn er ljóst, að meðallagsregla þessi miðar að einföldun og hagræðingu við ákvörðun á frádrætti vegna viðhaldskostnaðar íbúðarhúsnæðis, en ekki því að rýra rétt skattþegna.

Rétturinn lítur svo á, að heimild gerðarþola til að draga rekstrarkostnað sinn frá tekjum, áður en skattur verði á þær lagður, samkvæmt meginreglu A liðs 11. gr. laga nr. 68/1971 hafi sætt takmörkunum títtnefnds ákvæðis b liðs 2. gr. reglugerða nr. 228/1971 og 355/1972, sbr. 15. gr., E lið, laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr., 9. tl., laga nr. 7/1972, að því er varðar viðhaldskostnað húseignarinnar Klapparstígs 5, Keflavík, þau skattár, sem um ræðir í máli þessu. Þá lítur rétturinn svo á, að heimild 2. mgr. B liðs 11. gr. laga nr. 68/1971 til að færa rekstrartap á milli ára taki aðeins til þess taps, sem myndast af frádráttarbærum rekstrarkostnaði. Verður þannig ekki fallist á, að gerðarþola hafi verið rétt að færa á milli ára rekstrartap, myndað af þeim hluta viðhaldskostnaðar, sem var ófrádráttarbær, samkvæmt því sem að framan greinir.

Samkvæmt framangreindu verður niðurstaða máls þessa sú, að heimila beri framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir kr. 121.535 (sic) á ábyrgð gerðarbeiðanda, en kostnað gerðarþola.

Af hálfu gerðarbeiðanda var gerð krafa um vexti, án nánari tilgreiningar, við framlagningu greinargerðar hans 24. júní sl. Við munnlegan flutning málsins gerði umboðsmaður gerðarbeiðanda kröfu um lögleyfða dráttarvexti af álögðum gjöldum 1972, 1974 og 1975 frá eindaga hverrar greiðslu til greiðsludags. Vegna óskýrleika vaxtakröfu og þess, hve hún er seint fram komin, þykir bera að vísa henni frá.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð fyrir kr. 121.535 (sic) á fram að ganga.

Gerðarþoli, Báran h/f, greiði gerðarbeiðanda, innheimtumanni ríkissjóðs í Keflavík, kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. maí 1979.

Nr. 30/1979. **Jósafat Arngrímsson**
gegn
Samvinnubanka Íslands h/f
Víði Finnbogasyni h/f
Pétri Péturssyni h/f
Bifreiðastöð Stykkishólms
bæjarsjóði Keflavíkur
Verzlunarbanka Íslands h/f
Jóni G. Zoëga héraðsdómslögmanni
Halldóri Sigurðssyni og
Brunabótafélagi Íslands.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Samvinnubanka Íslands h/f, Víði Finnbogasyni h/f, Pétri Péturssyni h/f, Bifreiðastöð Stykkishólms, Verzlunarbanka Íslands h/f, Jóni G. Zoëga héraðsdómslögmanni og Halldóri Sigurðssyni, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 15.000 krónur í ómaksbætur hverjum að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. maí 1979.

Nr. 31/1979. **Jósafat Arngrímsson**
gegn
Sveini H. Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni
bæjarsjóði Keflavíkur
Verzlunarbanka Íslands h/f
Brunabótafélagi Íslands og
Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Sveini H. Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, Verzlunarbanka Íslands h/f og Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 15.000 krónur í ómaksbætur hverjum að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. maí 1979.

Nr. 72/1979. **Friðrik Adolfsson**
gegn
Guðlaugi Hermannssyni og
Einari Ingimundarsyni,
bæjarfógeta í Hafnarfirði.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Friðrik Adolfsson, er eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. maí 1979.

Nr. 73/1979. **Friðrik Adolfsson**
gegn
Halldóru L. Helgadóttur
Guðlaugi Hermannssyni og
Birni Hermannssyni, tollstjóra
í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Friðrik Adolfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. maí 1979.

Nr. 115/1977. **Gjafar h/f**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Benedikt Blöndal hrl.).

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júní. Dómkröfur áfrýjanda eru, að stefnda verði gert að greiða honum 2.750.000 krónur með 8% ársvöxtum frá 19. mars 1973 til 16. maí s. á., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 28. apríl 1976, 15¾% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 21½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gjafar h/f, greiði stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 4. mars 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. desember 1975, og var málið þingfest 9. janúar 1976.

Stefnandi málsins er Gjafar h/f, Vestmannaeyjum.

Stefndi er Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.750.000 með 8% ársvöxtum frá 19. mars 1973 til 16. maí 1973, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 28. apríl 1976 og með 15¾% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu og sé þá tekið tillit til þeirrar peningagreiðslu, sem stefndi hefur innt af hendi undir rekstri málsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

II.

Í stefnu málsins segir svo:

„Stefnandi kveður málavexti þá, að er m.b. Gjafar VE 300 fórst við strand 22. febrúar 1973, var hann í vátryggingarábyrgð hjá stefndu. Í október 1972 hafði verið beðið um að færa bátinn í hæstu leyfða tryggingu, sem var þá 25% ofaná tryggingamat fjárhæðanefndar, og skyldi svo verða áfram. Miðað við áramót var samkvæmt þessu skylt að hækka interessutryggingu bátsins í kr. 38.750.000.00, sem ekki var gert, heldur báturinn aðeins hækkaður í kr. 37.875.000.00, þannig að á vantar kr. 875.000.00 samkvæmt því, að báturinn sé áfram í fullri tryggingu svo sem um var beðið. Frá og með 23. febr. 1973 hafði fjárhæðanefnd ákveðið 5% hækkun á vátryggingarverðmæti báta og þar með Gjafars VE 300, sem var vegna gengislækkunar og hækkana á skipaverði. Þessa hækkun hefur stefnandi ekki fengið, en hún nemur kr. 1.937.500.00. Þá dróst fram eftir árinu 1973 að gera upp vátryggingarbæturnar, og hefur félagið ekki viljað greiða vexti í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarsamninga, sem stefnandi hefur reiknað fram til uppgjör fór fram 9. ágúst 1973, að nemi kr. 1.007.200.00. Samkvæmt þessu reiknar stefnandi inneign sína hjá félaginu framangreindar kr. 875.000.00 plús kr. 1.937.500.00 plús kr. 1.007.200.00, sem samanlagt gerir umstefnda skuld, kr. 3.819.700.00. Stefndu hafa ekki fengist til að greiða framangreindar kröfur, og er því mál þetta höfðað."

Sáttaumleitanir dómsins leiddu til þess, að í þinghaldi 21. febrúar 1977 greiddi stefndi stefnanda kr. 790.922. Jafnframt var lýst yfir af lögmanni stefnda: „Stefndi viðurkennir, að honum beri samkvæmt 24. gr. laga nr. 20/1954 að greiða stefnanda vexti frá 2. apríl 1973. Stefndi greiðir nú kr. 790.922.00, sem felur í sér áætlaða vaxtafjárhæð auk inneignar Gjafars h.f. á viðskiptareikningi, kr. 90.017.00."

Frekari sættir náðust ekki, en þetta varð m. a. til þess, að stefnandi breytti kröfum sínum á þann veg, sem lýst hefur verið í kafla I hér að framan. En kröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:

1. Vangreiddar bætur vegna húftryggingar
(32.500.000 ÷ 31.000.000) ..... kr. 1.500.000

2. Vangreiddar bætur vegna hagsmunatryggingar (interessutryggingar) (8.125.000 ÷ 6.875.000) .. kr. 1.250.000

Kr. 2.750.000

Þórarinn Gísli Jónsson, starfsmaður stefnanda, hefur í bréfi til lögmanns stefnanda skýrt svo frá:

„Í október 1972 bað Rafn Kristjánsson, skipstjóri og útgerðarmaður, mig að taka við umsjón Gjafars h.f., Vestmannaeyjum, sem var eigandi að m/b Gjafari VE 300. Rafn var þá kominn á sjúkrahús í Reykjavík, helsjúkur. Rafn bað mig einnig að athuga með sölu á bátnum. Eftir að ég hafði tekið þetta að mér, fór ég á skrifstofu Sjóvátryggingarfélags Íslands (23.10.1972) og ræddi þar við hr. Hannes Sigurðssan, fulltrúa. Í ljós kom, að báturinn var tryggður sem hér segir:

Húftrygging samkv. mati fjárhæðanefndar, skírteini nr. 324324/202576, útg. 28/2'72, gildir frá 1/1'72 — 31/12'72	kr. 25.000.000.00
Hækkun á húftryggingu samkv. mati fjárhæðanefndar, skírt. nr. 329707/207962, útgefið 21/9'72, gildir frá 1/9 — 31/12'72	— 2.500.000.00
Húftrygging samtals	kr. 27.500.000.00
Kaskointeressutrygging, skírt. nr. 327035/205290, útg. 14/6'72, gildir 1/1'72 — 31/12'72	kr. 2.000.000.00
Hækkun á skírt. 327035, sem gildir frá 18/5'72 — 31/12'72	— 1.000.000.00
Samtals trygging	kr. 30.500.000.00

Tryggingu þessa taldi ég of lága, bæði vegna öryggis útgerðarinnar og vegna væntanlegrar sölu bátsins, þar sem tryggingarverð hefur mjög afgerandi áhrif á hámarkssöluverð skipa. Ég bað því um, að báturinn yrði nú þegar hækkaður í tryggingu í það hámark, sem hann mætti vera og yrði áfram í því, eða 25% ofan á tryggingarmat fjárhæðanefndar eins og það er á hverjum tíma. Hannes Sigurðsson lofaði að sjá um þetta, og samkvæmt bréfi, dags. 25. 10. 1972, er staðfest, að interessutrygging er hækkuð frá 23/10'72 um kr. 3.875.000.00, eða í 25% kr. 6.875.000.00. Þá taldi ég, að báturinn væri í fullri tryggingu, eins og hægt væri að fá hann tryggðan, eða kr. 34.375.000.00 við alskaða."

Hér fyrir dómi hefur Þórarinn Gísli m. a. skýrt svo frá: „Ég fór á skrifstofu Sjóvá og átti þar samtal við Hannes Þ. Sigurðsson. Ég man ekki til þess, að þar væru aðrir viðstaddir, sem hlýddu á mál okkar. Ég fékk að sjá, á hvað báturinn var tryggður. Ég sá, að hann var ekki fulltryggður samkvæmt þeim reglum sem um þetta gilda. Þarna kom í ljós, að 25% hagsmunatrygging hafði ekki verið nýtt til fulls, og ég bað um, að hún yrði hækkuð í 25%. Við tókum ákvörðun um hækkunina. Ég man, að Hannes vildi „rúnna" fjárhæðina af, en ég lagði áherslu á að miða nákvæmlega við prósentuna. Hannes samþykkti að hækka tryggginguna á hagsmunatryggingunni í 25% af vátryggingu skipsins samkvæmt ákvörðun fjárhæðanefndar. Ég man ekki eftir neinni sérstakri yfirlýsingu frá Hannesi um, að hann gæfi loforð um, að hagsmunatryggingin á m/s Gjafari skyldi í framtíðinni jafnan vera 25% af vátryggingarverði skipsins, en ég gekk út frá því, að samtalið hefði leitt til þess, að slíkt samkomulag hefði komist á á milli mín og Hannesar. Mér var um það kunnugt á þessari stundu, að útgerðin átti ráð á því, hvort hagsmunatryggingin væri tekin eða ekki. Ég hef séð um bókhald fyrir Gjafar s/f og síðar Gjafar h/f frá 1954. Ég var búinn að vera framkvæmdastjóri Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja í um tæp 6 ár, þegar þetta skeði. Var ég því nokkuð kunnugur báta- og skipatryggingum. Ef slíkt mál hefði komið fyrir í mínu starfi sem framkvæmdastjóra Bátaábyrgðarfélagsins, þá hefði ég talið mér skylt að hækka hagsmunatrygginguna á hverjum tíma í samræmi við hækkanir á vátryggingarverði í þeim tilfellum, þar sem útgerð hefði óskað eftir 25% hagsmunatryggingu. Samkvæmt þessu var ég grandalaus fyrir því, að hagsmunatryggingin var ekki ákveðin 25% af vátryggingarverði skipsins. Tel ég því, að stefndi hafi lækkað trygginguna frá því, sem umsamið var. Ég vissi úr mínu starfi, að alltaf var verið að breyta vátryggingarfjárhæð skipa, og þess vegna vildi ég miða hagsmunatrygginguna við 25% af vátryggingarfjárhæð skipsins, en ekki „rúnna" hana af, eins og Hannes vildi. Ég neitaði því, að hún yrði „rúnnuð" af, enda var það ekki gert. Hannes tók ekkert fram í okkar samtali, að ég þyrfti að gefa sérstaka yfirlýsingu um hækkun hagsmunatryggingar, ef fjárhæðanefnd breytti vátryggingarfjárhæð skipsins. Ég taldi því, að samkomulag væri um, að hagsmunatryggingin yrði ávallt 25% af vátryggingarverði skipsins."

Hannes Þ. Sigurðsson, deildarstjóri stefnda, kveðst hafa hitt Þórarin G. Jónsson á skrifstofu stefnda í október 1972. Jafnframt

skýrir hann svo frá: „Ég kynnti Þórarni þáverandi vátryggingarverðmæti bátsins, og ákvað hann þá þegar að nýta þann möguleika, sem fyrir hendi var, að hækka interessutryggingu skipsins upp í þá fjárhæð, sem hæst var þá leyfilegt að taka, en það er 25% af húftryggingarverðmæti. Þessi fjárhæð nam kr. 3.875.000, og var vátryggingarskírteini gefið út samkvæmt því. Með þessari viðbót var vátryggingarverðmæti interessu skipsins alls kr. 6.875.000. Hins vegar kannast ég ekki við að hafa lofað að sjá svo um, að interessan væri jafnan í hámarki, enda aldrei farið fram á það við mig. Eins og kunnugt er, þá er eigendum skipa í sjálfsvald sett, hvort þeir kaupa interessutryggingu fyrir skip sín eða ekki. Það er reynslan, að mjög margir gera það, en aðrir alls ekki. Interessutryggingarnar, sem keyptar eru, þurfa ekki að vera í hámarki, og eru það í mörgum tilvikum alls ekki. T. d. má geta þess, að interessutrygging Gjafars var fyrir árið 1970 að fjárhæð kr. 2.000.000, en mátti vera kr. 4.825.000, og árið 1971 kr. 2 milljónir, en mátti vera kr. 5.750.000. Þegar Þórarinn ákvað hækkunina, var tryggingin að fjárhæð kr. 3.000.000. Með beinu tilliti til mismunandi sjónarmiða hinna ýmsu eigenda báta og skipa, sem vátryggð eru og hafa verið hjá Sjóvátryggingarfélaginu, hefur aldrei skapast sú regla, að félagið hækkaði sjálfkrafa eða einhliða án fyrirmæla eigenda interessutryggingu hinna ýmsu skipa, hvað þá að nokkrir eigendur hafi gefið þau fyrirmæli, að interessan skyldi jafnan vera í hámarki Hér er um að ræða frjálsa tryggingu, sem eigendur verða að gefa fyrirmæli um að hækka, ef fjárhæðanefnd fiskiskipa hefir séð ástæðu til hækkunar húftryggingarverðmæti skipa. Fáum við ekki slík fyrirmæli, þá helst interessuupphæðin óbreytt og framlengist samkvæmt því. Frá 1. janúar 1973 hækkaði húftryggingarverðmæti Gjafars úr 27.5 milljónum í 31 milljón. Sjóvátryggingarfélaginu bárust engin fyrirmæli um að hækka interessutrygginguna, og þess vegna var interessutryggingin framlengd óbreytt, eins og hún hafði áður verið.“

Hér fyrir dómi hefur Hannes lýst ofangreinda skýrslu rétta, en jafnframt neitað því, að hann hafi lofað Þórarni, að stefndi hækkaði hagsmunatrygginguna í hámark á hverjum tíma, enda hafi Þórarinn ekki sett fram beiðni um slíkt í samtalinu.

Hannes skýrir svo frá, að frá 25. október 1972 hafi ný skírteini ekki verið gefin út fyrr en 31. mars 1973, en skipið hafi þá verið á strandstað. Skipið hafi ekki náðst af strandstað, en einhverju af tækjum og öðru lauslegu hafi verið bjargað úr því.

Hannes kveðst sjálfur hafa gefið út skírteinin hinn 31. mars 1973 án samráðs við starfsmenn stefnanda. Hann segir, að stefndi muni ekki hafa sent útgerð bátsins sérstaka tilkynningu um nýjar tryggingarfjárhæðir frá 1. janúar 1973, þar til skírteinin voru gefin út 31. mars 1973. Þá segir hann: „Eftir að það kerfi var tekið upp, að fjárhæðanefnd fiskiskipa tók að ákvarða vátryggingarverðmæti, þá hvarf alveg það persónulega samband, sem vátryggjendur höfðu við eigendur skipanna varðandi ákvörðun vátryggingarfjárhæðanna hverju sinni."

Við samprófun hélt Þórarinn G. Jónsson því fram, að hann hefði ekki haft tækifæri til að kvarta við stefnda yfir rangri fjárhæð hagsmunatryggingarinnar, vegna þess að dráttur hefði orðið á hjá stefnda að gefa út skírteini, en Þórarinn kveðst ekki hafa vitað um breytt vátryggingarverð skipsins, þegar það strandaði.

III.

Í málinu liggur frammi bréf, dagsett 19. janúar 1977, frá Tryggingasjóði fiskiskipa, undirritað af Jóni E. Þorlákssyni tryggingafræðingi. Þar segir m. a.:

„1. Fjárhæðanefnd var *stofnuð* í desember 1968 í samræmi við tillögur nefndar, er fjallaði um vátryggingu fiskiskipa og Tryggingasjóð fiskiskipa. Fjárhæðanefnd hefur ekki lagagrundvöll að standa á annan en þann, sem fram kemur í síðustu málsgr. 4. gr. laga nr. 5 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem ekkert hefur reynt á. Um starf nefndarinnar er samkomulag milli ráðuneytis, Landssambands ísl. útvegsmanna og tryggingafélaga, og hefur það gengið snurðulaust frá upphafi.

2. *Starfshættir* nefndarinnar hafa mótast smám saman. Nefndin sló því föstu þegar í upphafi, að vátryggingarfjárhæðir, sem hún ákvarðaði, væru ekki endanlegar, þannig að skipseigandi og vátryggingarfélag gætu komið sér saman um að vátryggja skipið hærra (viðbótartrygging), sem næmi allt að 25%, enda greiddi skipseigandi sjálfur iðgjald af viðbótartryggingu. Sömuleiðis að vátryggingarfélag væri ekki bundið við að vátryggja skip eins hátt og nefndin ákvarðaði, ef félag telur það óráðlegt, t. d. ef skip rýrnar skyndilega að verðmæti, verður vélarvana eða er tekið úr notkun. Nefndin hefur við ákvarðanir sínar aðallega hliðsjón af verði nýrra skipa og markaðsverði skipa, sem skipta um

eigendur innanlands. Ákvarðanir um vátryggingarfjárhæðir tekur nefndin fyrir hver áramót, þannig að nýtt verð gengur í gildi á áramótum. Auk þess hefur nefndin sum ár orðið að hækka vátryggingarverðið á öðrum tímum vegna gengisbreytinga og verðbólgu, stundum jafnvel tvisvar á ári. Ef endurbætur eru gerðar á skipi, veitir nefndin hækkun á vátryggingarverði út á það, enda hefur hún trúnaðarmenn, sem meta verðmætisaukningu vegna endurbóta.

3. *Tilkynningar* frá nefndinni um ákvörðun vátryggingarverðs eru sendar tryggingafélögunum, Fiskveiðasjóði Íslands, Landsbanka Íslands og stundum fleiri aðilum. Nefndin hefur beint því til tryggingafélaga (munnlega), að þau láti skipaeigendur fylgjast með, hvað gerist í þessum efnum, enda er það nauðsynlegt, til þess að þeir geti tekið afstöðu til þess, hvort þeir telja sig þurfa viðbótartryggingu.
4. Hinn 23. febrúar 1973 ákvað nefndin almenna hækkun á vátryggingarverði skipanna vegna hækkunar á verði erlends gjaldeyris (Bandaríkjadollar féll um 10% 12. febrúar, og ísl. króna fylgdi honum). Á lista, sem nefndin gaf út um nýtt vátryggingarverð, var *m/b Gjafar VE 300* með, en báturinn mun hafa strandað aðfararnótt 22. febrúar 1973. Um þetta tilvik er fjallað í bréfi Sjóvátryggingarfélags Íslands til Fjárhæðanefndar, dags. 9. mars 1973, og svarbréfi nefndarinnar, dags. 27. mars 1973, og vísast til þess."

Í málinu liggur frammi afrit af bréfi Fjárhæðanefndar fiskiskipa til stefnda, dagsett 27. mars 1973. Þar segir m. a. svo:

„Vér höfum áður tekið fram, að ef tryggingafélag telur vátryggingarverð, sem Fjárhæðanefnd ákveður, of hátt af einhverjum ástæðum, t. d. vegna þess að skipi hafi verið lagt eða hafi rýrnað að verðmæti, þá telst félagið ekki bundið af ákvörðun nefndarinnar. En nefndin óskar að fá vitneskju um öll slík tilvik.

Þegar Fjárhæðanefnd ákvað hækkun á vátryggingarverði skipanna þann 23. febrúar s.l., var henni ekki kunnugt um, að svo stórvægilegar skemmdir hefðu orðið á m/b Gjafari, sem síðar kom í ljós. En vér teljum, að Sjóvátryggingarfélag Íslands hafi haft fullan rétt til að hækka ekki vátryggingarverð umræddsskips þann 23. febrúar og að það hafi verið eðlileg afstaða hjá félaginu."

Hinn 8. janúar 1973 ritaði Fjárhæðanefnd fiskiskipa bréf til stefnda, þar sem fram er tekið: „Fjárhæðanefnd hefur ákveðið vátryggingarfjárhæðir fiskiskipa vátryggðra hjá félagi yðar, sem

gilda skulu frá 1. janúar 1973, eins og segir í eftirfarandi skrá:" Í skránni er vátryggingarverð Gjafars, VE 300, tilgreint kr. 31.000.000.

Í bréfi, dagsettu 27. febrúar 1973, til stefnda tilkynnir Fjárhæðanefnd fiskiskipa: „Fjárhæðanefnd hefur frá og með 23. þ. m. ákveðið hækkun á vátryggingarverði stálfiskiskipa yfir 100 lestir að stærð, sem greiðslur úr Tryggingarsjóði miðast við. Hið nýja vátryggingarverð er á eftirfarandi skrá." Í skánni er vátryggingarverð Gjafars, VE 300, tilgreint kr. 32.500.000.

Í málinu liggja frammi fjögur skjöl, sem eru útfyllt form fyrir vátryggingarbeiðnir. Formin eru útbúin af stefnda og útfyllt af starfsmanni eða starfsmönnum stefnda. Ein þessara beiðna er dagsett 23. október 1972 og undirrituð af GÞG, sem mun vera Guðni Þ. Guðmundsson. Hljóðar beiðnin um hækkun á interessutryggingu fyrir Gjafar, VE 300, í kr. 6.875.000.

IV.

Krafa stefnanda þess efnis, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda kr. 1.250.000 til viðbótar þegar greiddri hagsmunatryggingu (interessutryggingu), er af hálfu stefnanda studd þeim rökum, að Þórarinn G. Jónsson hafi óskað þess í áðurgreindu samtali við Hannes Þ. Sigurðsson, deildarstjóra stefnda, að hagsmunatryggingin skyldi vera svo há sem reglur frekast leyfðu, þ. e. 25% af húftryggingarverði skipsins, svo sem Fjárhæðanefnd ákvarðaði það hverju sinni. Þórarinn hafi gagngert farið á aðalskrifstofu stefnda til þess að biðja um þessa tryggingu. Hafi hækkun á hagsmunatryggingunni verið samþykkt úr kr. 3.875.000 í kr. 6.875.000. Staðfesting hafi síðan komið frá stefnda um þessa hækkun nokkru síðar, og skyldi vátrygging þessi standa til loka ársins 1972. Nýtt vátryggingartímabil hafi hafist 1. janúar 1973. Samkvæmt 3. gr. vátryggingarskilmálanna hafi vátryggingartaki og félagið í byrjun vátryggingartímabilsins átt að koma sér saman um vátryggingarverðið. Starfsmenn stefnda hafi ekki haft neitt samband við starfsmenn stefnanda og ekkert nýtt skírteini hafi verið gefið út í byrjun ársins, þrátt fyrir það að Fjárhæðanefnd hafi með bréfi til stefnda, dags. 8. janúar 1973, tilkynnt nýtt húftryggingarverð, kr. 31.000.000, á Gjafari, VE 300. Þegar báturinn strandaði, hafi stefndi ekki enn verið búinn að gefa út nýtt skírteini um hagsmunatryggingu bátsins. Það hafi stefndi fyrst gert hinn 31. mars 1973 og þá án samráðs við starfsmenn stefnanda. Í þessu skírteini hafi vátrygg-

ingarfjárhæð hagsmunatryggingarinnar verið sú sama og var í skírteininu, sem gilti til áramóta 1972/1973, þ. e. kr. 6.875.000, þrátt fyrir það að þá hafi húftryggingarverð bátsins samkvæmt bréfi Fjárhæðanefndar frá 27. febrúar 1973 verið komið í kr. 32.500.000. Samkvæmt því hafi hagsmunatryggingin átt að vera 25% af þeirri fjárhæð, eða kr. 8.125.000, en ekki kr. 6.875.000. Af hálfu stefnanda er lögð áhersla á, að stefndi hafi brotið mjög af sér í samskiptum við stefnanda með því að láta hjá líða að gefa út nýtt skírteini í byrjun árs 1973, svo sem gert sé ráð fyrir í 3. gr. vátryggingarskilmálanna. Ef stefndi hefði látið gera ný skýrteini varðandi húftryggingu og hagsmunatryggingu skipsins, hefði stefnandi getað kannað, hvort rétt vátryggingarverð var sett á hagsmunatrygginguna. Þórarinn G. Jónsson hafi mátt treysta því, að hagsmunatryggingin yrði jafnan 25% af húftryggingarfjárhæð skipsins. Með því að stefndi hafi þannig þverbrotið skyldu sína til að hafa samráð við starfsmenn stefnanda og ekki gefið út skírteinið fyrr en 31. mars 1973 og þá andstætt vilja og óskum stefnanda, verði stefndi að sæta því, að fjárhæð hagsmunatryggingarinnar verði ákveðin kr. 8.125.000. Beri því að taka þennan kröfulið stefnanda til greina. Verði ekki á þetta fallist, beri að miða hagsmunatrygginguna við 25% af kr. 31.000.000, sem Fjárhæðanefnd ákvarðaði sem húftryggingarverð skipsins 8. janúar 1973, en samkvæmt því ætti fjárhæð hagsmunatryggingarinnar að vera kr. 7.750.000. Þennan kröfulið ætti því að taka til greina með að minnsta kosti kr. 875.000 (7.750.000 ÷ 6.875.000). Því er sérstaklega mótmælt af stefnanda, að áðurgreind beiðni Guðna Þ. Guðmundssonar, starfsmanns stefnda, geti haft nokkur áhrif á úrslit þessa máls, þar sem hann hafi ekki verið á fundi þeirra Hannesar Þ. Sigurðssonar og Þórarins G. Jónssonar, og hljóti skjalið að hafa verið samið eftir upplýsingum Hannesar.

Varðandi hinn kröfulið stefnanda er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með því að stefndi hafi ekki gefið út nýtt skírteini fyrir húftryggingu skipsins fyrr en skipið var strandað, verði að líta svo á, að um óverðsett skírteini sé að ræða í lögskiptum aðilja, sbr. 75. gr. laga nr. 20/1954. Verði samkvæmt því að leggja verðmæti skipsins til grundvallar bótum vegna húftryggingarinnar. Fjárhæðanefnd hafi hinn 23. febrúar 1973 ákveðið húftryggingarverð skipsins kr. 32.500.000 og þá hækkun, sem þar komi fram á vátryggingarverðinu, byggi nefndin m. a. á gengislækkun 12. febrúar 1973. Er því haldið fram af stefnanda, að

augljóst sé, að hækkun hafi orðið á verðmæti skipsins samkvæmt mati Fjárhæðanefndar, áður en það strandaði hinn 22. febrúar 1973. Beri því að miða húftryggingarbæturnar við kr. 32.500.000, en ekki kr. 31.000.000, sem nefndin úrskurðaði 8. janúar 1973. Mismunur þessara fjárhæða nemi kr. 1.500.000, sem stefnda beri að greiða.

V.

Af hálfu stefnda er öllum kröfum stefnanda mótmælt. Er því í fyrsta lagi mótmælt, að stefndi hafi lofað stefnanda því, að trygging skipsins skyldi jafnan vera í hámarki, enda hafi ekki verið beðið um slíkt og stefnda hvorki verið rétt né skylt að hækka tryggginguna einhliða. Þórarinn G. Jónsson, starfsmaður stefnanda, hafi þekkt vel til vátrygginga fiskiskipa. Hafi það verið vilji hans, að hagsmunatrygging Gjafars, VE 300, yrði jafnan í hámarki, þ. e. 25% af vátryggingarverði skipsins samkvæmt ákvörðun Fjárhæðanefndar fiskiskipa, þá hefði honum verið í lófa lagið að setja fram ótvíræða ósk um það, t. d. bréflega. Það hafi hann ekki gert og í byrjun árs 1973 hafi hann heldur ekki hirt um að hafa samráð við stefnda um nýja fjárhæð í upphafi tryggingartímabilsins. Hagsmunatryggingin sé og hafi verið frjáls trygging, sem skipseigandi ráði algerlega, hvort sé tekin eða ekki. Stefnandi hafi ekki sannað, að hann hafi óskað þess, að hagsmunatrygging yrði ávallt í hámarki. Beri því að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Stefndi bendir á, að Gjafar, VE 300, hafi verið húftryggður hjá stefnda fyrir kr. 31.000.000 samkvæmt ákvörðun Fjárhæðanefndar, þegar skipið strandaði hinn 22. febrúar 1973. Líta verði svo á, að ákvörðun Fjárhæðanefndar hinn 23. febrúar 1973 um nýtt vátryggingarverð verði að skoða sem beiðni um hækkun vátryggingarverðsins. Þeirri beiðni hafi verið hafnað, enda hafi skipið þá verið strandað. Fjárhæðanefnd hafi fallist á, að synjunin hafi verið eðlileg og tekið hækkunina aftur. Geti stefnandi því engan rétt byggt á ákvörðun Fjárhæðanefndar frá 23. febrúar 1973. Því er haldið fram, að húftrygging skipsins, að fjárhæð kr. 31.000.000, hafi verið samkvæmt verðsettu skírteini í skilningi 75. gr. laga nr. 20/1954. Ef ekki verði litið svo á, þá sé ekki um neinn vátryggingarsamning að ræða. Jafnvel þótt litið væri svo á, að um óverðsett skírteini væri að ræða, þá breyti það engu, þar sem vátryggingarverð skipsins skuli þá samkvæmt 1. mgr. 75. gr. laganna miðast við verð skipsins „á þeirri stundu, er

ábyrgð félagsins hófst", en það sé einmitt kr. 31.000.000, þar sem ábyrgðartímabilið hafi hafist 1. janúar 1973.

Til stuðnings sýknukröfu sinni hefur stefndi einnig vitnað til 30. gr. skilmála húftryggingarsamningsins.

Þá hefur stefndi áskilið sér rétt til, ef kröfur stefnanda samkvæmt framansögðu verða teknar til greina að einhverju leyti, að skuldajafna iðgjöldin af tildæmdri tryggingu, miðað við dagafjölda, við tildæmda kröfu.

VI.

Svo sem áður er fram komið, var Gjafar, VE 300, vátryggður hjá stefnda með tvennum hætti. Var þar um að ræða annars vegar húftryggingu á sjálfu skipinu og hins vegar svokallaða hagsmunatryggingu (kaskointeressutryggingu).

Í 3. gr. vátryggingarskilmálanna fyrir húftryggingunni segir svo:

„Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið. Það samkomulag er bindandi fyrir báða aðila, nema síðar verði sannað, að verðákvörðunin hafi verið byggð á röngum forsendum. Þó getur vátryggingartaki aldrei breytt vátryggingarverðinu án samþykkis félagsins.

Sé vátryggingarverð lækkað að kröfu félagsins, ber því að endurgreiða hlutfallslega af þeim parti iðgjaldsins, sem reiknaður hefur verið fyrir áhættuna af algeru tjóni.

Til viðbótar húftryggingunni er vátryggingartaka heimilt að kaupa sérstaka hagsmunatryggingu fyrir skipið til að mæta beinu og óbeinu fjárhagslegu tjóni, sem hann kynni að bíða við það, að skipið færist. Vátryggingarverð hagsmunatryggingarinnar má þó ekki vera hærra en 1/4 hluti af vátryggingarverði húfsins."

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja er ljóst, að aðiljar gengu almennt út frá því, að vátryggingarverð húftryggingarinnar skyldi vera það sama og Fjárhæðanefnd fiskiskipa ákvað á hverjum tíma.

Nýtt tryggingartímabil hófst 1. janúar 1973. Þann 8. janúar 1973 ákvað Fjárhæðanefnd vátryggingarverð húftryggingarinnar kr. 31.000.000. Virðist stefndi hafa lagt það verð til grundvallar án samráðs við stefnanda þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skilmálanna um, að aðiljar skyldu koma sér saman um vátryggingarverðið. Var og þess varla að vænta, að samningaumleitanir um húftrygg-

ingarverðið hefðu þýðingu, þar sem föst venja var um að leggja mat Fjárhæðanefndar til grundvallar. Að fengnu mati Fjárhæðanefndar bar stefnda þó samkvæmt góðri viðskiptavenju að gefa út nýtt skírteini með hinni nýju fjárhæð. Það gerði hann ekki.

Í 75. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga segir svo: „Vátryggingarverð skips er verð þess á þeirri stundu, er ábyrgð félagsins hófst.

Ef kveðið er á um tiltekið verð á skipi, þegar vátryggingarsamningurinn er gerður (verðsett skírteini), er sú verðákvörðun skuldbindandi fyrir félagið, ef það getur eigi sannað, að hið tiltekna verð sé hærra en svo, að sanngjarnt sé að telja það vátryggingarverð skipsins."

Fjárhæðanefnd ákvað nýtt húftryggingarverð, kr. 32.500.000, fyrir Gjafar, VE 300, hinn 23. febrúar 1973, þ. e. daginn eftir að skipið strandaði.

Eigi verður fallist á það með stefnanda, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda kr. 32.500.000 í húftryggingarbætur. Þykir í því sambandi ekki skipta máli, hvort heldur húftryggingin telst vera samkvæmt „verðsettu skírteini" eða ekki. Hafi verið um óverðsett skírteini að ræða, þá átti verðið samkvæmt ákvæðum 75. greinar laga nr. 20/1954 að miðast við verð skipsins, þegar ábyrgð félagsins hófst. Telja verður í því sambandi, að ábyrgð félagsins hafi hafist 1. janúar 1973, en ekki er annað fram komið í málinu en að verð skipsins hafi þá verið kr. 31.000.000. Verði hins vegar litið svo á, að um verðsett skírteini hafi verið að ræða, þá var það í upphafi tímabilsins kr. 31.000.000. Eftir að skipið strandaði hinn 22. febrúar 1973 með þeim afleiðingum, að ekki var unnt að bjarga því, varð svo mikil breyting á aðstæðum, að ekki gat komið til hækkunar á húftryggingunni nema með samþykki stefnda. Krafa stefnanda þess efnis, að stefnda sé skylt að greiða kr. 1.500.000 til viðbótar þegar greiddum húftryggingarbótum, verður því ekki tekin til greina.

Í kafla II hér að framan hefur verið gerð grein fyrir skýrslum Þórarins G. Jónssonar og Hannesar Þ. Sigurðssonar um fund þeirra á skrifstofu stefnda í Reykjavík í októbermánuði 1972. Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sannað, að ótvíræð ósk hafi komið fram um það af hálfu Þórarins G. Jónssonar á fundinum, að hagsmunatrygging skipsins skyldi framvegis vera 25% af húftryggingarverði þess, og Þórarinn G. Jónsson minnist ekki neinnar sérstakrar yfirlýsingar frá Hannesi Þ. Sigurðssyni á fundinum þess efnis, „að hann gæfi loforð um, að

hagsmunatryggingin á m/s Gjafari skyldi í framtíðinni jafnan vera 25% af vátryggingarverði skipsins."

Er þá næst úrlausnarefni, hvort Þórarinn G. Jónsson hafi mátt, eins og á stóð, treysta því, að slíkt samkomulag hafi komist á, eða að stefndi hafi haft í frammi þess konar hátterni í viðskiptum aðiljanna, að honum sé skylt að hlýta því, að fjárhæð hagsmunatryggingarinnar verði ákveðin hærri en kr. 6.875.000.

Er þá fyrst að líta á 3. gr. vátryggingarskilmála hagsmunatryggingarinnar, sem er svohljóðandi:

„Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið, en það má þó ekki hærra vera en 1/4 hluti af vátryggingarverði skipsins, eins og það er ákveðið samkv. 3. gr. í húftryggingarskírteininu."

Nýtt tryggingartímabil hófst 1. janúar 1973. Að fengnu áliti Fjárhæðanefndar hinn 8. janúar 1973 var, eins og málavöxtum var háttað, eðlilegast, að stefndi hefði samráð við stefnanda um fjárhæð hagsmunatryggingarinnar. Það gerði stefndi ekki. Þá vanrækti stefndi að gefa út nýtt skírteini innan hæfilegs frests, eftir að honum hafði borist tilkynning Fjárhæðanefndar hinn 8. janúar 1973. Á hitt er að líta, að hagsmunatryggingin var frjáls trygging, og ef Þórarinn G. Jónsson vildi tryggja það, að hún væri ávallt í hámarki, þá var honum í lófa lagið að taka af öll tvímæli um það, annað hvort með ótvíræðri og sannanlegri beiðni í upphafi eða með því að óska þess sérstaklega í byrjun hins nýja tryggingartímabils. Þetta vanrækti hann.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir stefnandi ekki hafa fært nægar sönnur að því, að stefnda sé skylt að greiða hærri bætur samkvæmt hagsmunatryggingunni en kr. 6.875.000. Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina.

Þrátt fyrir þessi úrslit ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðjóni Hansen tryggingafræðingi og Páli Sigurðssyni dósent.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Gjafari h/f, kr. 150.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Að öðru leyti á stefndi að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Fimmtudaginn 3. maí 1979.

Nr. 9/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Friðrik Tómasi Alexanderssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Fyrning brota. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á héraðsdómi að því er refsingu varðar. Felst í því, að eigi kemur til álita hér fyrir dómi brot það, sem ákærða er gefið að sök í 3. tölulið ákæru.

I.

Um 1. ákærulið. Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um, að ákærði hafi veitt Lárusi Lárussyni áverka þá, er í ákærulið þessum getur, og að slíkt brot varði við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það var framið 22. febrúar 1970. Í þinghaldi sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1974 voru skýrslur rannsóknarlögreglu um rannsókn þessa ákæruatriðis lagðar fram í dómi, en dómsrannsókn hafði þá engin farið fram um það. Ætla verður, að refsing ákærða hefði ekki farið fram úr 1 árs varðhaldi, ef dómur hefði fjallað um brot þetta eitt sér. Hinn 23. febrúar 1974 var refsikrafa fyrnd vegna brots þessa, sbr. 1. tl. 81. gr. og 82. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði því sýknaður af refsikröfu samkvæmt þessum ákærulið.

Um 2. ákærulið. Svo sem í héraðsdómi greinir, er sannað, að ákærði framdi brot það, sem honum er hér gefið að sök. Er það réttilega heimfært undir 1. mgr. 217. gr. almennra

hegningarlaga. Brotið var framið 8. apríl 1970. Hinn 23. febrúar 1974 eru skýrslur rannsóknarlögreglu um rannsókn þessa ákæruliðs lagðar fram í sakadómi. Engin dómsrannsókn hafði þá farið fram, og var refsikrafa því fyrnd, sbr. 1. tl. 81. gr. og 82. gr. almennra hegningarlaga, en fyrir brot þetta eitt sér hefði ákærða verið dæmd vægari refsing en varðhald eitt ár. Ákærði verður því sýknaður af refsikröfu samkvæmt þessum ákærulið.

Um 4. ákærulið. Meðal gagna þeirra, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, eru vottorð Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 19. apríl 1979, um áverka þá, er Viðar Loftsson og Jónatan Hall hlutu af líkamsárás ákærða í Þórscafé. Segir m. a. svo í vottorði varðandi Viðar: „Talsverð eymsli voru hæ. megin á kviðarholi og yfir hæ. nýrnasvæði á baki. Nokkur eymsli voru einnig vi. megin á baki, en ekki voru einkenni um meiri háttar kviðarholsáverka. Vegna ástands sjúklings var erfitt að gera nákvæma skoðun á honum, og var honum ráðlagt að liggja hér áfram næstu kukkutíma til frekara eftirlits. Viðar neitaði því algerlega og fór heim gegn ráðleggingum lækna.

Ekki kom hann aftur til eftirlits vegna þessa slyss".

Í vottorði um áverka Jónatans Hall segir m. a.: „Jónatan kvartaði um verki í hæ. kinn. Glóðarauga var vi. megin og mar og þroti niður á kinnina. Slímhúðarblæðing var innan á efri vörinni vi. megin. Ekki virtust brot á andlitsbeinum, og engin ytri sár sáust.

Ekki þótti ástæða til að taka röntgenmynd af andlitsbeinum, og var Jónatan útskrifaður að rannsókn lokinni.

Var honum ráðlagt að koma aftur, ef ný einkenni kæmu fram.

Jónatan kom ekki til eftirlits eftir þetta."

Þá var meðal framangreindra gagna svohljóðandi yfirlýsing Bjarka Elíassonar yfirlögregluþjóns, dags. 18. apríl 1979, um „miðavaktir" lögreglumanna: „Þegar lögreglumenn eru á svokölluðum „miðavöktum" í samkomuhúsum borgarinnar, eru þeir sendir þangað af lögreglustjóraembættinu. Þeir eru óeinkennisklæddir við störf sín, og er megin

hlutverk þeirra að taka við aðgöngumiðum af gestum þeim, er fara inn í húsið, sjá um, að gestafjöldi sé innan leyfilegra marka, ákvæðum um lokunartíma sé framfylgt og að haldið sé uppi almennri reglu í samkomuhúsinu.

Aðgöngumiðar eru sendir til tollstjóraembættisins vegna skila á skemmtanaskatti.

Lögreglumenn, sem sinna þessum störfum, fá greidd laun fyrir störf sín frá lögreglustjóraembættinu, sem endurkrefur samkomuhaldara um kostnaðinn."

Svo sem í héraðsdómi getur, er sannað, að ákærði réðst að þeim Viðari Loftssyni og Jónatan Hall með þeim afleiðingum, sem í ákæru og greindum læknisvottorðum getur. Eru brot þessi réttilega heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Jónatan Hall lögreglumaður var óeinkennisklæddur.

Í ákæru er á því byggt, að hann hafi verið lögreglumaður að skyldustörfum. Ósannað er, að ákærða hafi verið þetta ljóst, er hann sló Jónatan.

Hinn 23. febrúar 1974 eru skýrslur rannsóknarlögreglu um rannsókn á brotum, er í þessum ákærulið getur, lagðar fram í sakadómi. Engin dómsrannsókn hafði þá farið fram. Var refsikrafa því fyrir að því er varðar brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. tl. 81. gr. og 82. gr. nefndra laga, en fyrir brot þessi ein sér hefði ákærða verið dæmd vægari refsing en varðhald eitt ár. Verður ákærði því einnig sýknaður af refsikröfu um brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Um 5. og 6. ákærulið. Svo sem í héraðsdómi getur, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brot þau, er ákæruliðir þessir fjalla um. Eru brot réttilega heimfærð til refsiákvæða í ákæru.

II.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfileg fangelsi 12 mánuðir. Rétt er að ákveða, að gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. febrúar 1974 til 8. apríl s. á. komi refsivist hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Upplýst er, að ákærði hefur að fullu greitt þeim Lárusi Lárussyni og Gunnari Marel Friðþjófssyni skaðabætur. Verður því ekki um þær dæmt hér fyrir dómi.

Eftir atvikum þykir mega láta sitja við úrlausn héraðsdómara um skaðabótakröfur Árna Vernharðs Gíslasonar, Jóns Guðmundssonar og Bertrams Henrys Möller á hendur ákærða.

IV.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals 200.000 krónur fyrir báðum dómum, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 250.000 krónur.

Þótt ákærði hafi dvalist erlendis frá því á árinu 1970 og fram á árið 1972, réttlætir það eigi vítaverðan drátt á dómsrannsókn máls þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Tómas Alexandersson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. febrúar 1974 til 8. apríl s. á. skal koma refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til Árna Vernharðs Gíslasonar, Jóns Guðmundssonar og Bertrams Henrys Möller eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur, hvort tveggja fyrir báðum dómum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1978.

Ár 1978, föstudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni

sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 65/1978: Ákæruvaldið gegn Friðrik Tómasi Alexanderssyni, sem tekið var til dóms 16. f. m.

Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 7. október 1974, gegn ákærða, Friðrik Tómasi Alexanderssyni atvinnurekanda, Kóngsbakka 1, Reykjavík, fæddum 24. júní 1933 á Grund í Kolbeinsstaðahreppi, fyrir líkamsárásir sem hér greinir:

1. Sunnudagsnóttina 22. febrúar 1970, að afloknum dansleik í Þjóðleikhúskjallaranum í Reykjavík, ráðist þar utandyra á Lárus Lárusson, Sólheimum 40, Reykjavík, og slegið hann fyrst eitt högg í magann og nokkru síðar annað högg, sem lenti á hægri kjálka og kinn, með þeim afleiðingum, að Lárus hlaut við þetta brot á hægri efri kjálka auk glóðarauga hægra megin.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Miðvikudagsnóttina 8. apríl 1970 ráðist á Gunnar Friðþjófsson, Heiðargerði 112, Reykjavík, þar sem þeir voru staddir við Umferðarmiðstöðina í Reykjavík, og slegið hann þar mörg hnefahögg í höfuðið með þeim afleiðingum, að Gunnar missti um stund meðvitund og féll til jarðar. Gunnar mun hafa farið úr kjálkalið af völdum högganna og varð frá vinnu í eina viku af þessum sökum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

3. Mánudagskvöldið 18. maí 1970, þá er ákærði var staddur á Hótel Borg í Reykjavík, ráðist þar á einn samkomugesta, Guðjón Inga Sigurðsson, Tómasarhaga 37, Reykjavík, og slegið hann tvö hnefahögg, annað á vinstra eyra, en hitt á vinstri vanga, svo að af hlaust áverki á eyranu auk þess sem brotnaði úr tönn vinstra megin í efri góm.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

4. Fimmtudagsnóttina 25. júní 1970, þá er ákærði var staddur í samkomuhúsinu Þórscafé í Reykjavík, ráðist þar að einum samkomugestanna, Viðari Loftssyni, Dalalandi 2, Reykjavík, og slegið hann þungt högg í kviðinn, svo að hann féll í gólfið og flytja varð hann undir læknishendi á slysavarðstofuna í Reykjavík. Enn fremur fyrir að hafa í framhaldi af atburðum þessum slegið Jónatan Hall, lögregluþjón nr. 130 í lögregluliði Reykjavíkur, sem þarna var að eftirlitsstörfum og varð vitni að atburðum þessum og hugðist hafa afskipti af ákærða, tvö hnefahögg í andlitið, annað á vinstra kinnbein, en hitt ofarlega á efri vörina

hægra megin, með þeim afleiðingum, að Jónatan hlaut við þetta glóðarauga vinstra megin auk þess sem tvær tennur losnuðu í munni hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

5. Sunnudagsnóttina 2. desember 1973, þá er ákærði var á ferð með Árna Gíslasyni, Kvistalandi 3, Reykjavík, í leigubifreiðinni R 271 og komið var að Laugalæk 8 í Reykjavík, þar sem ákærði og sambýliskona hans hugðust fara úr bifreiðinni, ráðist þar á nefndan Árna Gíslason, sem enn fremur hafði stigið út úr bifreiðinni, og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið, þar til Árni féll til jarðar, en ákærði forðaði sér inn í húsið. Við læknisskoðun kom í ljós, að Árni hafði hlotið skurð vinstra megin við munnvik, sem náði að hluta í gegnum kinnina, og varð því að sauma skurðinn saman.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

6. Laugardaginn 16. febrúar 1974, þá er ákærði var staddur á heimili sínu, Kóngsbakka 1, og eftir að inn í íbúðina var kominn Jón Guðmundsson, leigubifreiðarstjóri frá Bæjarleiðum, sem hafði verið pantaður þangað til aksturs, en verið boðið inn, þar sem ákærði og sambýliskona hans voru ekki tilbúin til að fara þá þegar, ráðist þar á greindan Jón með hnefahöggum í andlit og höfuð, sem lyktaði með því, að Jón komst við illan leik út í bifreið sína og gat þar kallað í gegnum talstöð á lögregluaðstoð, og síðan, þá er lögreglumaðurinn nr. 55 úr lögregluliði Reykjavíkur, Bertram Möller, var kominn á vettvang og hugðist hafa ákærða á brott með sér, ráðist að lögreglumanninum, slegið hann þungt hnefahögg í andlitið, svo að hann missti um stund meðvitund að mestu, en reyndi þó að komast út úr húsinu, en ákærði fylgdi honum eftir og lét högg og spörk ganga á honum, allt þar til frekari liðsauki lögreglumanna barst og ákærði var handtekinn. Báðir árásarþolar hlutu við þetta verulegar ákomur á andlit og höfuð og urðu óvinnufærir um nokkurn tíma.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

I. Málavextir.

Um 1. ákærulið.

Vitnið Lárus Lárusson, starfsmaður Rauða kross Íslands, til

heimilis að Brekkuseli 16 (þá til heimilis Sólheimum 40), fæddur 17. janúar 1942 í Reykjavík, kom á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar mánudaginn 23. febrúar 1970 til að kæra ákærða fyrir líkamsárás. Hann skýrði svo frá, að næstliðið laugardagskvöld hefði hann farið á sameiginlega árshátíð apótekanna í Reykjavík, sem haldin var í Þjóðleikhúskjallaranum, ásamt eiginkonu sinni, starfsmanni í Reykjavíkur Apóteki. Er dansleik lauk, fór ákærði, kona hans og kunningjar út og hann ásamt tveim mönnum út á Hverfisgötu að ná í leigubifreið. Er þeir 3 stóðu þarna, kom að þeim ókunnugur maður og sló vitnið algerlega að tilefnislausu eitt högg í magann. Vitnið kvaðst hafa ýtt manninum strax frá sér og taldi, að maðurinn mundi láta þetta gott heita. Maðurinn gekk þá aftur að vitninu, sem hélt, að maðurinn ætlaði eingöngu að tala við sig. Maðurinn hins vegar sló til vitnisins aftur, og lenti höggið á hægri kinn þess. Vitnið kvaðst hafa vankast við höggið. Er vitnið áttaði sig, var maðurinn á bak og burt. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt manninn, en mundi eftir að hafa séð hann á árshátíðinni. Síðar fékk vitnið upplýsingar um, að ákærði hefði verið þarna á ferð.

16. mars s. á. var ákærða kynnt kæran á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Ákærði kannaðist við að hafa verið á árshátíðinni. Ákærði kvaðst hafa verið mjög drukkinn þarna um kvöldið og um það leyti, sem árshátíðin var úti. Ekki taldi ákærði sig muna vel, hvað gerðist, eftir að hann kom út úr veitingahúsinu, en mundi þó, að hann lenti í orðaskaki við einhvern mann. Ekki minntist ákærði þess að hafa slegið þarna til manns, en verið gæti, að hann hefði lent í stimpingum við mann. Ákærði taldi sig samt vissan um, að hann hefði engan slegið, hvorki í andlit né annars staðar. Ákærði taldi sakargiftir algerlega rangar og harðneitaði þeim.

Tveim dögum síðar, eða 18. s. m., gaf Guðmundur Skjöldur Pálsson skrifstofumaður, Keldulandi 7 (þá til heimilis að Reynimel 58), fæddur 29. aktóber 1943 í Siglufirði, skýrslu um málavexti. Vitnið kvaðst hafa farið á árshátíðina með konu sinni, kæranda og hans eiginkonu. Á dansleiknum tók vitnið eftir manni, sem vitnið frétti síðar, að væri ákærði, sem var talsvert drukkinn. Að lokinni árshátíð, um kl. 0300, fór vitnið ásamt kæranda út fyrir til að ná í leigubifreið. Þeir gengu árangurslaust niður á Lækjartorg og síðan til baka að leikhúsinu. Þeir voru staddir á tröppunum fyrir utan húsið, er þeir veittu ákærða eftirtekt á stéttinni fyrir neðan tröppurnar. Þá heyrði vitnið

ákærða segja upphátt: „Ég skal ná í bíl á undan ykkur helvítis fíflin ykkar.“ Vitninu virtist maðurinn beina þessum orðum að hópnum fyrir utan. Kærandi svaraði eitthvað á þá leið, úr því hann væri svona seigur, hvort hann vildi ekki ná í 10 bíla, svo hin þyrftu ekki að hafa fyrir því. Rétt á eftir kom ákærði að kæranda og sló hann í andlitið. Vitninu fannst ákærði slá af öllum mætti, svo glumdi í höfði kæranda. Síðan hljópst ákærði á brott. Vitnið sagðist ekki hafa tekið eftir, hvort kærandi vankaðist við höggið, en hann gerði enga tilraun til að slá aftur. Kærandi og vitnið gengu strax á eftir ákærða og náðu tali af honum, er hann kom síðar aftur á vettvang. Vitnið spurði, hvað svona framkoma ætti að þýða. Ákærði svaraði með einhverjum óskiljanlegum enskuslettum og hafði engin umsvif og sló aftur til kæranda. Vitnið sá ekki, hvar höggið lenti, en kærandi sló ekki á móti. Skömmu síðar bar að lögreglubifreið. Vitnið sagði lögreglumönnunum, að ákærði hefði slegið mann skömmu áður og bað þá að taka ákærða. Þeir sinntu því ekki. Vitnið sá ákærða tala einnig við lögreglumennina, en vissi ekki, hvað þeim fór á milli.

2. apríl s. á. var vitnið Snorri Ólafsson klæðskeri, Sólheimum 23, fæddur 4. september 1932 að Breiðabólstað í Miðdölum, yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Vitnið skýrði svo frá, að hann og kona hans, kærandi og hans kona hefðu farið á árshátíðina. Vitnið smakkaði mjög lítið áfengi um kvöldið, enda kvaðst það bragða áfengi sáralítið yfirleitt. Vitnið veitti þarna athygli manni, sem það vissi síðar, að var ákærði. Fannst vitninu „nokkur sláttur“ á ákærða, og var hann „þó nokkuð áberandi ölvaður“. Um kl. 0300 fór kærandi og vitnið Guðmundur að leita leigubifreiðar, en vitnið beið innan við útidyrnar á meðan. Eftir skamma stund fór vitnið út á tröppurnar til að gá að kæranda og vitninu Guðmundi. Hitti vitnið þá á tröppunum og hafði þeim ekki tekist að ná í leigubifreið. Í sama mund kom ákærði út úr húsinu og sagði upphátt: „Ég skal sýna ykkur helvítis fíflin ykkar, að ég skal vera á undan ykkur að ná í bíl“, eða eitthvað í þeim dúr. Kærandi svaraði: „Sýndu það þá fíflið þitt“, eða eitthvað á þá leið. Ákærði vék sér þá skyndilega að kæranda og sló hann eitt högg í kviðinn og strax á eftir annað högg í andlitið, svo „buldi“ í höfði kæranda. Vitninu virtist kærandi vankast eitthvað við höggið og gerði enga tilraun til að slá á móti. Ákærði gekk síðan á brott, og veitti vitnið honum ekki eftirtekt eftir þetta.

17. apríl s. á. kynnti rannsóknarlögreglan ákærða framburði vitna. Ákærði vildi engu bæta við sinn framburð.

Vitnið Guðmundur Skjöldur kom í dóminn 23. nóvember sl. Vitnið kvaðst ekki vera skyldur eða á annan hátt venslaður kæranda, en vera góður vinur hans. Ákærða kvaðst vitnið ekki þekkja, hafði ekki séð hann fyrir eða eftir atburðinn. Vitnið þekkti ekki nafn mannsins, áður en hann kom til rannsóknarlögreglunnar, og var ekki beðinn að þekkja ákærða í hópi annarra manna. Vitnið sagði árásarmanninn hafa verið í samkvæminu, sem þeir félagar voru báðir í. Veitti vitnið manninum athygli, þar sem hann var ölvaður og mikil læti í honum. Vitnið skýrði síðan sjálfstætt frá og gerði það mjög á sömu leið og hjá rannsóknarlögreglunni. Að lokum staðfesti vitnið skýrslu þá, sem það gaf hjá rannsóknarlögreglunni.

Vitnið Snorri Ólafsson kom fyrir dóm sama dag. Ekki kvaðst vitnið vera skylt eða tengt kæranda, en þeir væru kunnugir. Ekki kvaðst vitnið þekkja ákærða á nokkurn hátt og hann hefði fengið nafn mannsins hjá kæranda, eftir að atburðurinn átti sér stað. Ekki sagði vitnið neitt sérstakt hafa komið fyrir inni á dansleiknum. Eftir hann kvaðst vitnið hafa farið út ásamt samferðafólki sínu, þ. e. Lárusi, Guðmundi og eiginkonum þeirra þriggja. Fyrir utan Þjóðleikhúsið var reynt að ná í leigubíl, og er bíll var að koma þarna að, ruddist maður fram fyrir og sló Lárus, án þess að vitnið heyrði nokkur orðaskipti á milli þeirra áður. Sá vitnið manninn slá Lárus eitt hnefahögg í andlitið. Lárus féll ekki við, en vankaðist eitthvað. Ekki tók Lárus neitt á móti, og maðurinn fór í burtu í bifreiðinni.

Vitnið kvaðst telja, að maðurinn hefði verið undir áfengisáhrifum, þótt vitnið gæti ekki fullyrt það.

Vitnið mundi ekki til þess, að lögreglan hefði komið á vettvang, og minnti helst, að þau sex, sem áður er getið, hefðu farið á brott á sama tíma.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa komið fyrir hjá rannsóknarlögreglunni. Dómarinn sýndi þá vitninu skýrslu þá, sem því er eignuð hér að framan. Vitnið kvaðst kannast við rithönd sína undir skýrslunni, en segist enn ekki minnast þess að hafa mætt hjá rannsóknarlögreglunni.

Framburðurinn var lesinn í heyranda hljóði. Að því loknu kvaðst vitnið ekki sjá annað en framburðurinn væri réttur, eftir því sem það myndi í dag.

Kærandi kom einnig fyrir dóm sama dag. Hann kvaðst ekkert

þekkja ákærða í málinu, en kvaðst þekkja hann í sjón eftir umrætt atvik, og hafði vitnið séð hann nokkrum sinnum síðar, en ekkert rætt við hann.

Vitnið kvaðst ekki nú geta sagt nákvæmlega um, hvernig hann komst að nafni mannsins, sem sló hann, en þetta hefði ekki verið neitt vandamál og legið ljóst fyrir, er vitnið kærði. Vitnið sagði, að þeir hefðu báðir verið í sama samkvæminu eða sameiginlegri árshátíð starfsfólks apóteka í Reykjavík. Vitnið sagði, að maðurinn hefði verið með fólki, sem starfaði í Austurbæjarapóteki og mundi hafa verið með stúlku, sem starfaði þar. Á þessum tíma starfaði eiginkona vitnisins í Reykjavíkur Apóteki svo og eiginkona vitnisins Guðmundar Pálssonar, en vitnið kvaðst ekki muna, hvort eiginkona vitnisins Snorra Ólafssonar vann þá þar.

Vitnið kvaðst hafa staðið ásamt vitnunum Guðmundi og Snorra á gangstéttarbrún fyrir utan Þjóðleikhúsið, og voru þeir að reyna að ná sér í leigubíl, er ákærði sló hann fyrirvaralaust hnefahögg í andlitið. Vitnið kvaðst ekki hafa fallið við og sagði, að maðurinn hefði aðeins slegið sig þetta eina högg. Vitnið sagði, að maðurinn hefði verið mjög ölvaður, og vitnið kvaðst aðeins hafa neytt áfengis, enda gerði hann mjög lítið af slíku. Vitnið taldi, að Guðmundur hefði neytt lítillega áfengis, en Snorri ekki, þar sem hann væri bindindismaður.

Aðspurt um viðbrögð vitnisins við högginu, sagði vitnið, að þau hefðu nánast verið engin. Vitnið kvaðst hafa orðið mjög hissa yfir þessu, en maðurinn fór í burtu, og lauk þar með samskiptum þeirra.

Vitnið kvaðst hafa kært þennan atburð til rannsóknarlögreglunnar og mundi vel eftir að hafa gefið skýrslu þar.

Framburður vitnisins þar var lesinn í heyranda hljóði. Að því loknu staðfesti vitnið efni skýrslunnar og undirskrift sína undir henni.

Vitnið kvaðst ekki hafa farið á slysavarðstofuna umrædda nótt, enda hefði hann ekki talið þetta alvarlegt, en síðar kvaðst vitnið hafa leitað til heimilislæknis síns, Bergþórs Smára, sem gaf honum tilvísun á röntgendeild Landspítalans, og hefur vitnið lagt fram vottorð læknisins. Ekki var talin ástæða til, að vitnið færi í sérstaka aðgerð, og kvaðst vitnið ekki hafa leitað til annars læknis en Bergþórs út af þessu og ekki eftir að læknisvottorðið var gefið út. Vitnið kvaðst vera orðið jafngott af áverka sínum að öðru leyti en því, að til skamms tíma hefði hann verkjað í brotið, þegar kalt var, en það dragi þó frekar úr því.

Vitnið sagði, að glóðarauga hefði verið nokkuð lengi, og hann hefði bólgnað upp á staðnum í ein 2 ár, ef kalt var í veðri. Vitnið kvaðst ekki hafa verið neitt rúmliggjandi, en við rúmið í 3 daga. Vitnið kvaðst ekki hafa misst nein vinnulaun, þar sem hann hefði fengið þessa 2 eða 3 daga greidda sem veikindadaga.

Ákærði hefur í dóminum skírskotað til framburðar síns hjá rannsóknarlögreglunni og ekki talið sig hafa neinu við hann að bæta.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá Bergþóri Smára lækni, dagsett 27. febrúar 1970, og er það svohljóðandi:

„Lárus Lárusson, Sólheimum 40, Reykjavík, kom til mín á stofuna 23. þ. mán. Hann kveðst hafa orðið fyrir líkamsárás aðfaranótt 22. þ. mán. og verið sleginn í andlitið. Við skoðun kemur í ljós stórt glóðarauga h. megin, og röntgenskoðun í Landspítalanum 25. þ. mán. sýnir brot á hægri efri kjálka (frael. maxielal sin). Skoðun í dag sýnir enn all mikla bólgu hægra megin í andliti, en glóðaraugað er að lagast.

B. Smári".

Um 2. ákærulið.

Vitnið Gunnar Marel Friðþjófsson matreiðslumaður, Fossheiði 62, Selfossi (þá til heimilis Heiðagerði 112, Reykjavík), fæddur 31. maí 1947 í Reykjavík, kom á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar miðvikudaginn 8. apríl 1970 og kærði ákærða fyrir líkamsárás. Vitnið kvaðst nóttina áður, um kl. 0300, hafa verið við söluop Umferðarmiðstöðvarinnar ásamt Stefáni Egilssyni. Voru þeir á ferð í leigubifreið frá Hreyfli, sem Guðbjörn Niels Jensson ók. Þeir félagar hugðust versla þarna. Einhver maður, sem vín virtist vera í, var þá í söluopinu að versla og sagði: „Þið virðist hafa gleymt diplomatinu heima". Vitnið sagði þá: „Gleymt hverju?" „Diplomatinu" sagði maðurinn. „Hver?" sagði vitnið. „Þú", sagði maðurinn, hvessti augun á vitnið og sló um leið til Stefáns, og hélt vitnið, að höggið hefði komið á brjóstið. Vitnið kvaðst þá hafa gengið á milli og ýtt á brjóstið á manninum og honum um 2 skref aftur á bak jafnframt því sem vitnið bað manninn að vera ekki með nein læti. Þá sló maðurinn vitnið, svo það lá, en vitnið vissi ekki, hve mörg höggin voru. Vitnið stóð síðan upp og gekk að manninum, sem stökk í leigubifreið frá Bifreiðastöð Reykjavíkur. Vitnið gekk þá að bifreiðinni, opnaði og bað ökumanninn að bíða. Maðurinn sagði honum að aka af stað, og var það gert. Í bílnum sá vitnið tvær stúlkur. Vitnið

sagði manninn hafa slegið sig í andlitið og hitt vinstra megin við munninn, svo kjálkinn gekk úr lið hægra megin. Vitnið fór strax á slysavarðstofuna. Þar var hann skoðaður, og læknir sagðist ekki geta gert neitt, þetta væri óbrotið. Bað læknirinn vitnið að koma í myndatöku næsta dag, sem vitnið gerði. Þá reyndist ekki vera um brot að ræða, en læknir sagði þetta vera illa tognað um liðamótin. Vitnið kvaðst einnig vera með sprungna vör að innanverðu og kinn.

Vitnið Guðbjörn Niels Jensson húsgagnasmiður (áður atvinnubílstjóri), Ásgarði 145 (þá Bræðraparti við Engjaveg), fæddur 16. júlí 1934 í Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni sama dag og kærandi. Hann skýrði svo frá, að nóttina áður hefði hann verið að aka kæranda og Stefáni. Ók vitnið þeim að söluopi Umferðarmiðstöðvarinnar, svo þeir gætu verslað þar. Stöðvaði vitnið bifreiðina á móti opinu, og fóru báðir piltarnir út. Á meðan kærandi var að bíða afgreiðslu, kom einhver maður þarna að og pantaði eitthvað. Síðan sneri maðurinn sér til og „hló út í loftið" og sagði við Gunnar og Stefán: „Þið hafið gleymt diplómatinu heima". Gunnar sagði ekkert í fyrstu, en spurði síðan: „Hver?". Maðurinn sagði þá: „Þú" og beindi orðum sínum að Gunnari. Þeir félagar sögðu þá ekkert, horfðu bara á manninn, sem hálfsneri sér við og horfði á þá aftur. Allt í einu sló hann til Stefáns með hægri hendi út frá sér. Lenti höggið á hægri kinn Stefáns, en hann gerði ekkert. Gunnar sneri sér að manninum og spurði, hvað þetta ætti að þýða, og sagði, að menn, sem ekki gætu verið til friðs, ættu ekki að láta sjá sig á svona stöðum. Vitnið sagði, að þá hefði engum togum skipt og maðurinn hefði slegið Gunnar 3 hnefahögg. Ekki sá vitnið betur en hann hitti á kjálkann við hökuna og munninn og í öxlina, svo Gunnar lá. Vitnið snaraðist þá út úr bílnum. Maðurinn hætti þá. Vitnið spurði manninn, hvort honum þætti þetta sæmandi og réttast væri að kalla á lögregluna. Maðurinn flýtti sér að fá afgreiðslu og fór svo inn í leigubíl frá BSR, sem beið hans þarna með tveim stúlkum. Gunnar stóð upp og fór að bílnum og talaði eitthvað við bílstjórann, sem ók á brott. Vitnið kvaðst ekki kannast við árásarmanninn, en gaf á honum lýsingu. Vitnið ók Gunnari strax á slysavarðstofuna og beið hans þar. Vitninu fannst hann vera bólginn á hægri kinn, og vinstri vörin íarin að bólgna. Vitnið hafði það eftir ökumanni BSR bifreiðarinnar, að hann hefði ekið með árásarmanninn og stúlkurnar 2 að Hrísateigi 1. Við könnun þar komst Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri í rann-

sóknarlögreglunni, að því, hverjar stúlkurnar tvær voru. Þær upplýstu, að þarna hefði verið um ákærða að ræða.

17. s. m. var ákærði yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Akærði kannaðist við að hafa verið þarna að verki. Kvaðst hann hafa lent í orðaskaki við tvo pilta, sem endaði með því, að ákærði sló annan. Ekki tók ákærði eftir, hvort hann lá. Ekki mundi ákærði, hvort hann sló fleiri högg en eitt. Ákærði kvaðst síðan hafa tekið sínar „pylsur" og farið út í bíl, en strákurinn kom að honum. Ákærði kvaðst hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis, er þetta gerðist. Ekki mundi ákærði, hvernig stóð á orðahnippingunum.

Vitnið Guðbjörn Níels skýrði svo frá í dóminum 23. nóvember sl., að hann hefði oft ekið Gunnari og Stefáni og sig minnti, að Gunnar hefði eitt sinn verið sleginn við nætursöluna í Umferðarmiðstöðinni, en ekki kvaðst vitnið geta borið frekar um það atriði. Ekki mundi vitnið sérstaklega eftir að hafa mætt hjá rannsóknarlögreglunni. Vitninu var þá sýnd viðkomandi rannsóknarlögregluskýrsla með framburði þeim, sem honum var þar eignaður. Vitnið kannaðist við undirskrift sína undir framburðinum, og eftir að hafa lesið hann, sagði vitnið, að sig rámaði í, að þetta hefði átt sér stað, en treysti sér ekki til að bera um einstök atriði.

Vitnið Gunnar Marel Friðþjófsson kom fyrir dóm 12. desember sl. eftir að hafa verið boðaður nokkrum sinnum. Hann kvaðst umrætt sinn hafa verið ásamt Stefáni Egilssyni við næturssölu Umferðarmiðstöðvarinnar í verslunarskyni. Þeir hefðu skipað sér í röð þarna, sem var nokkuð löng, og var Stefán á undan. Þá kom þarna að ákærði og vildi troðast fram fyrir. Ekki þekkti vitnið ákærða í sjón. Vitnið kvaðst hafa sagt við hann að vera ekki að troðast. Síðan kvaðst vitnið ekki muna meir fyrr en hann rankaði við á götunni einhverjum mínútum síðar. Þá var maðurinn, sem sló vitnið, farinn. Vitnið kvaðst síðan hafa farið með leigubifreiðinni, sem það var með, upp á slysavarðstofu.

Vitnið kvaðst ekkert frekar hafa verið undir læknishendi en kemur fram í vottorði Ólafs Bjarnasonar, sbr. síðar. Þá kveðst vitnið ekki hafa verið rúmliggjandi, en verið frá vinnu í vikutíma, þar sem kjálkaliðirnir höfðu bólgnað. Vitnið kvaðst hafa verið orðið jafngott eftir 3—4 vikur.

Framburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn í heyranda hljóði, eftir að vitnið hafði kannast við nafnritun sína undir skýrslunni. Vitnið sagði, að skýrsla þessi hefði verið gefin

daginn eftir atburðinn og hún hefði verið gefin eftir bestu vitund.

Vitnið kvaðst ekkert hafa þekkt ákærða eða hafa haft nokkur samskipti við hann fyrir atburðinn. Vitnið sagði það vera öruggt, að hann og Stefán hefðu komið að nætursölunni á undan ákærða.

Í dóminum hefur ákærði lýst því yfir, að hann hefði engu við framburð sinn hjá rannsóknarlögreglunni um þennan ákærulið að bæta.

Stefán Egilsson mun ekki hafa verið yfirheyrður um málavexti hjá rannsóknarlögreglunni. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar til að fá hann fyrir dóm, en þær reyndust árangurslausar.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð, dagsett 10. apríl 1970, Ólafs Bjarnasonar læknis. Er það á þessa leið:

„Gunnar Friðþjófsson, matsveinn, f. 31. 5. 1947, til heimilis að Heiðargerði 112, Reykjavík, kom á Slysadeild Borgarspítalans þann 8. 4. 1970 kl. 03.05. Segir sjúklingur, að ráðist hafi verið á sig fyrir utan Umferðarmiðstöðina í Reykjavík um það bil 20 mín. fyrir komu hingað og hann verið sleginn í andlitið og fallið við það í götuna. Kvartar hann nú um slæman verk í vinstri kjálkalið og bólgu og verk í neðri vör vinstra megin.

Við skoðun er hann mjög aumur viðkomu yfir hægri kjálkalið og neðri kjálkanum vinstra megin, einnig er 1 cm langur skurður innan á neðri vör vinstra megin og talsverð bólga og mar á neðri vör vinstra megin. Ekki sjáanlegir aðrir áverkar á honum.

Röntgenmyndir af neðri kjálka og kjálkalið vinstra megin sýna ekki brot".

Um 3. ákærulið.

Í skýrslu Magnúsar Ásgeirssonar lögregluþjóns segir, að mánudaginn 18. maí 1970, kl. 2140, hafi verið beðið um lögregluaðstoð að Hótel Borg vegna ölvaðs manns. Tveir lögreglumenn sinntu þessu. Dyraverðir hússins, Árni Stefánsson og Ársæll Einarsson, skýrðu lögreglumönnunum svo frá, að skömmu áður hefði ákærði ráðist að manni, slegið hann í andlitið og forðað sér út úr húsinu. Guðjón Ingi Sigurðsson leikari, Hringbraut 63, Hafnarfirði, fæddur 8. febrúar 1941 á Ísafirði, sem ráðist var að, skýrði samkvæmt skýrslum lögreglunnar svo frá: „Ég var staddur inni í húsinu við borð, sem ég sat við, er til mín kom nefndur Friðrik, tók vínglas mitt af borðinu og drakk allt úr því. Ég spurði þá Friðrik, hvort hann vildi ekki gera svo vel og borga það, sem

hann hefði tekið, en þá skipti engum togum, að hann sló mig, fyrst á vinstra eyra og síðan á vangann, svo gerði hann sig líklegan til að slá mig aftur, en í það skipti gat ég vikið mér undan. Eftir þetta forðaði Friðrik sér á brott". Í lögregluskýrslunni segir, að Guðjón Ingi hafi haft áverka á eyra og einnig hafi brotnað tönn, vinstra megin í efri góm. Skömmu eftir atburðinn á Hótel Borg var ákærði handtekinn við Kjörbarinn í Lækjargötu.

Morguninn eftir var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni. Þá skýrði ákærði svo frá, að hann hefði komið á Hótel Borg um kl. 1900 kvöldið áður. Ákærði var „nokkuð" ölvaður og hélt sig að mestu á barnum. Ekki kvaðst ákærði muna til þess, að hann hefði tekið traustataki glas og drukkið úr eða hafa slegið mann. Ákærði taldi sig hins vegar muna, að honum hefði verið boðið að einhverju borði. Ekki vildi ákærði mótmæla því að hafa slegið mann umrætt sinn.

Í niðurlagi rannsóknarlögregluskýrslunnar, segir Magnús Magnússon lögreglumaður, að hann hafi haft símasamband við Guðjón Inga, sem ekki óskaði eftir frekari aðgerðum í málinu.

Guðjón Ingi kom fyrir dóm 2. desember sl. Hann skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði hann verið staddur á Hótel Borg ásamt Guðjóni Pálssyni hljóðfæraleikara. Vitnið kvaðst hafa verið með Charteuse glas. Vitnið kvaðst hafa farið fram á salerni, og er hann kom aftur, stóð ókunnugur maður við borðið, tók glasið upp, um leið og vitnið bar að, og gerði sig líklegan til að drekka úr því. Vitnið bað manninn um að láta glasið vera. Maðurinn sagði vitninu þá að halda kjafti og drakk síðan úr glasinu í einum teyg. Vitnið kvaðst þá hafa sagt við manninn, hvort hann vildi ekki kaupa nýtt glas handa sér. Maðurinn sló þá umsvifalaust til vitnisins. Vitninu tókst að víkja sér undan, án þess að maðurinn kæmi við það. Maðurinn hentist þá áfram á borð og hafnaði að lokum á gólfinu. Dyraverðir hússsins, Árni Stefánsson og Ársæll Einarsson, komu þarna strax að. Á meðan vitnið var að tala við Ársæl, kom maðurinn hlaupandi og sló vitnið, um leið og hann stökk út úr húsinu. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar höggið lenti á sér, en heldur, að það hafi verið í magann. Ekki var um mikið högg að ræða. Vitninu varð ekkert meint af þessu og leitaði ekki til læknis. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hvort maðurinn var ölvaður, en hann var ör.

Eftir að vitninu höfðu verið kynnt ummæli, sem því eru eignuð í lögregluskýrslu Magnúsar Ásgeirssonar, kvaðst Guðjón Ingi hvorki kannast við, að tönn hefði brotnað né hann hefði fengið

umtalsverðan áverka, enda hefði hann aðeins fengið eitt högg. Vitnið kvaðst hvorki vilja gera refsi- né bótakröfu á ákærða.

Fyrir dóminum hefur ákærði lýst því yfir, að hann teldi ekki ástæðu til að bæta við framburð sinn hjá rannsóknarlögreglunni.

Um 4. ákærulið.

Í skýrslu Þórðar Kristjánssonar lögregluþjóns segir, að fimmtudaginn 25. júní 1970, kl. 0045, hefði verið beðið um lögregluaðstoð að Þórscafé. Þrír lögregluþjónar fóru að sinna þessu. Þeir hittu fyrir á vettvangi Jónatan Hall lögreglumann, sem var með ákærða í járnum vegna þess, að ákærði hafði slegið Viðar Loftsson, Dalalandi 2, í kviðinn. Jónatan kvaðst hafa séð þetta, en hann var staddur í fatageymslu hússins. Hugðist hann hafa tal af ákærða, en þá skipti engum togum, að hann sló Jónatan tvö hnefahögg í andlitið. Annar lögreglumaður, sem var þarna nærstaddur, kom Jónatan til aðstoðar, og tókst þeim að yfirbuga ákærða og handjárna. Ákærði, sem var lítið ölvaður, var fluttur í fangageymsluna. Lögreglumennirnir fluttu Jónatan til skoðunar á slysavarðstofuna. Í lögregluskýrslunni segir, að við læknisskoðunina hafi komið í ljós, að Jónatan hafi fengið slæmt högg á vinstra gagnauga, sem þegar var orðið bólgið og farið að blána. Annað högg hafi hann fengið á munninn, svo að efri vörin var farin að bólgna allmikið.

Næsta morgun var ákærði tekinn til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Hann skýrði svo frá, að hann hefði átt afmæli daginn áður og af því tilefni skroppið í Þórscafé sér til skemmtunar. Ákærði kvaðst hafa komið í húsið um kl. 2230 og var þá „nokkuð undir áhrifum, þar sem hann var áður búinn að skála nokkuð við bróður sinn og „sjálfan sig“.“ Ákærði kvaðst hafa lent í þrasi við einhvern mann. Ekki mundi ákærði hvers vegna, og endaði þetta með því, að ákærði gaf manninum einn „Solar plexus“, svo hann lá. Ákærði taldi sig aðeins hafa slegið manninn eitt högg fyrir bringspalirnar. Er ákærði hafði slegið manninn, átti að setja hann út úr húsinu, en ákærði kvaðst ekki hafa verið samþykkur því. Ekki vissi ákærði, hvort það var lögregluþjónn eða dyravörður, sem ætlaði að henda honum út, en sá var óeinkennisklæddur og húfulaus, að því er ákærði hélt. Ákærði kvaðst hafa reiknað með, að um væri að ræða einhvern „eftirlitsmann“. Einhverjar ryskingar urðu milli þeirra, og sagði ákærði það vel hugsanlegt, að hann hefði slegið manninn tvö

högg. Einhver kom „eftirlitsmanninum“ til aðstoðar, og tókst þeim að yfirbuga ákærða.

Jónatan Hall lögregluflokksstjóri, Hjaltabakka 24, fæddur 15. nóvember 1942 í Reykjavík, gaf skýrslu um málavexti hjá rannsóknarlögreglunni 2. júlí s. á. Jónatan kvaðst hafa verið á „miðavakt“. Um kl. 0045 var hann á eftirlitsferð uppi á lofti og sá þá, að einhver maður var að tala við „Þór Ragnarsson“ við fatageymsluna. Ákærði stóð til hliðar við viðmælanda Þórs, og sá vitnið ákærða reka, greinilega viljandi, olnbogann í kviðinn á manninum, sem lá „eins og skotinn“. Jónatan kvaðst hafa gengið til ákærða og kynnt sig sem lögreglumann. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í einkennisbúningi, með húfu eða sýnt merki. „Þór Ragnarsson“ sagði ákærða einnig, að vitnið væri lögreglumaður, sem ynni þarna. Jónatan bað ákærða að tala við sig frammi á stigapalli, og fylgdi ákærði vitninu þangað. Vitnið spurði ákærða, hvers vegna hann hefði slegið manninn. Ákærði vildi þá ekki kannast við að hafa slegið neinn. Vitnið spurði ákærða um nafn, sem ákærði gaf upp. Vitnið spurði síðan ákærða um heimilisfang. Ákærði kvaðst þá ekkert hafa við vitnið að tala og sló það strax tvö hnefahögg, annað á vinstra kinnbein og hitt ofarlega á efri vörina, hægra megin. Er ákærði hafði slegið vitnið, „sveif“ Jónatan á ákærða, og tókust þeir á. Raymond Steinsen lögreglumaður kom vitninu til aðstoðar, og járnuðu þeir ákærða eftir miklar sviptingar. Vitnið kvaðst eftir höggið hafa fengið glóðarauga vinstra megin og bólgnaði þar. Þá sagði vitnið tennur hafa losnað hægra megin, en þær væru aftur orðnar fastar.

Rannsóknarlögregluskýrsla málsins hefur ekki að geyma neinn framburð ofangreinds Viðars Loftssonar, og ekki er í skýrslunni getið um neinar tilraunir til að boða hann. Er dómarinn fól boðunardeildinni að kveðja Viðar fyrir dóm, kom í ljós, að hann hefur, samkvæmt upplýsingum deildarinnar, verið búsettur árum saman í Finnlandi og óvíst, hvenær hann kemur heim.

Jónatan Hall kom fyrir dóm 23. nóvember sl. Þá kvaðst vitnið kannast við nafn ákærða, en mundi ekki eftir honum sérstaklega í sambandi við neitt atvik. Dómarinn spurði þá, hvort Jónatan myndi eftir atviki í Þórscafé. Vitnið sagðist muna eftir því, að það hefði verið slegið þar, en mundi ekki tilefnið.

Vitnið kvaðst hafa starfað í lögreglunni í Reykjavík frá 1963, en ekki verið starfsmaður Þórscafé fyrr en 1975—1976. Vitnið kvaðst hins vegar hafa verið á svokallaðri miðavakt áður á vegum lögreglustjóraembættisins og tollstjóraembættisins. Starfs-

skyldur á miðavaktinni eru þær að taka við aðgöngumiðum gesta, fylgjast með, að ekki sé hleypt inn eftir leyfilegan tíma, húsinu sé lokað á réttum tíma og aldursmörk gesta virt. Einnig aðstoða þeir dyraverði hússins við að sjá um, að allt fari fram eftir settum reglum. Við slíkar miðavaktir eru lögreglumenn ekki auðkenndir á neinn hátt, en venja sé að bera á sér lögreglumerki til að geta sýnt það og sannað þannig á sér deili.

Vitnið sagði, að nú hefði rifjast upp fyrir sér, að hann hefði haft afskipti af manni í Þórscafé vegna þess, að hann sló annan mann á þann hátt, að hann rak olnbogann af fullum kröftum aftur fyrir sig undir bringspalirnar á manninum, og kveðst vitnið ekki hafa séð neitt fara á milli mannanna áður. Vitnið kvaðst hafa farið að tala við þann, sem sló, og kynnt sig sem lögreglumann og sýnt honum lögreglumerkið. Þór (sic) Ragnarsson sonur veitingamannsins, sem þarna var, sagði manninum einnig, að vitnið væri lögreglumaður. Vitnið kvaðst í framhaldi af þessu hafa spurt manninn um nafn og heimilisfang. Maðurinn gaf upp nafnið, en sagðist síðan ekki mega vera að að standa í þessu og sló vitnið tvö hnefahögg, og minnti vitnið, að annað hefði lent neðan við vinstra auga og hitt á hægri kjálka. Vitnið kvaðst hafa vankast og lét sig falla á manninn og niður nokkrar tröppur og niður á næsta stigapall í þeirri von, að hann lenti ofan á manninum, en þeir lentu saman hlið við hlið. Í þessu bar að óeinkennisklædda lögreglumennina Raymond Steinsen og Ingimund Helgason, sem komu þarna í samkomuhúsaeftirliti, og hjálpuðu þeir vitninu að yfirbuga manninn.

Framburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn í heyranda hljóði. Vitnið staðfesti skýrsluna og kvaðst hafa gefið hana eftir bestu vitund á sínum tíma og teldi vitnið, að það, sem þar segir í lögregluskýrslunni um framvísun lögreglumerkis, sé réttara en í skýrslunni í dag.

Vitnið kvaðst eftir atvikið hafa farið á slysavarðstofuna. Þar var hann skoðaður, en ekki gerð á honum nein aðgerð, þar sem þess var ekki talin þörf, og kvaðst vitnið ekkert hafa farið þangað aftur. Mörgum árum seinna fór að bera á því, að tennur fóru að losna þeim megin, sem hann var sleginn, og sagði tannlæknirinn, að árásin gæti e. t. v. verið orsökin.

Vitnið kvaðst ekki gera neina bótakröfu.

Fyrir dóminum hefur ákærði staðfest framburð sinn hjá rannsóknarlögreglunni og ekki talið ástæðu til að tjá sig frekar um þennan ákærulið.

Um 5. ákærulið.

Í skýrslu Gísla Ingim. Þorsteinssonar lögregluþjóns segir, að aðfaranótt sunnudagsins 2. desember 1973 hafi verið óskað eftir aðstoð lögreglunnar að Laugalæk 8 vegna líkamsárásar. Á vettvangi kom í ljós, að Árni Vernharður Gíslason bifreiðasmiður, Kvistalandi 3, hafði orðið fyrir árás. Árni hafði verið farþegi í leigubifreið og tekið upp í bifreiðina karl og konu. Var þeim ekið að Laugalæk 8. Þar réðst maðurinn á Árna, og síðan fóru maðurinn og konan í húsið. Árni reyndist vera alblóðugur í framan og var fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Þrjú vitni voru að árásinni, sbr. síðar, auk konunnar.

11. s. m. gaf Árni skýrslu um atburðinn hjá rannsóknarlögreglunni. Árni skýrði svo frá, að þann 2. desember hefði hann setið að drykkju heima hjá sér. Um miðnætti fékk hann sér leigubifreið og lét aka sér um borgina. Um kl. 0230 var Árni staddur fyrir utan veitingahúsið Þórscafé. Þar fyrir utan var talsverð mannþröng, þannig að ekki var hægt að aka áfram. Ókunnug stúlka kom að bifreiðinni og spurði, hvort „þau mættu ekki sitja í bifreiðinni áleiðis niður eftir". Þar eð ókleift var að ná í leigubifreið, kvaðst kærandi hafa í greiðaskyni samþykkt þetta. Í því kom karlmaður að bifreiðinni og settist í aftursætið, en stúlkan settist milli Árna og ökumannsins. Kváðust þau vilja fara að ísbúðinni við Laugalæk.

Á leiðinni talaði Árni við stúlkuna, og voru þau „eitthvað að glettast", og skömmu áður en komið var að ísbúðinni, bauð stúlkan upp á áfengi, sem hún var með í flösku. Við ísbúðina fór karlmaðurinn út úr bifreiðinni. Árni ætlaði að opna hurðina fyrir stúlkunni, svo hún kæmist út. Þá vissi Árni ekki fyrr til en maðurinn þreif í vitnið og dró út úr bifreiðinni. Þegar maðurinn þreif í Árna, lá við, að hann félli í götuna. Á meðan Árni var að „koma sér á réttan kjöl", var aftur þrifið í hann og hann fyrirvaralaust sleginn í andlitið, svo hann féll í götuna. Síðan hlupu hjúin inn í ísbúðina. Er þetta átti sér stað, kvaðst vitnið hafa verið „lítillega undir áfengisáhrifum."

Þórdór Pálsson húsasmiður, Jórufelli 6, fæddur 4. apríl 1943 að Fit, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu, gaf skýrslu 19. s. m. um málið hjá rannsóknarlögreglunni. Vitnið kvaðst þá vera leigubifreiðarstjóri og aka bifreiðinni R 271 frá Bæjarleiðum. Um kl. 2400 var beðið um bifreið að Kvistalandi. Þar kom í bifreiðina hjá vitninu maður, sem óskaði eftir akstri um borgina. Er þeir voru um kl. 0230 staddir fyrir utan Þórscafé,

kom stúlka að bifreiðinni. Stúlkan spurði vitnið, hvort hann vildi aka henni að ísbúðinni við Laugalæk. Vitnið kvaðst hafa farþega, sem hefði umráð bifreiðarinnar. Farþeginn bauð stúlkunni að koma með. Maður, sem vitnið vissi þá ekki deili á, kom þá einnig í bifreiðina. Stúlkan settist milli vitnisins og farþegans, en fylgdarmaður hennar í aftursætið. Ekið var rakleitt að ísbúðinni við Laugalæk. Þar fór maðurinn úr aftursætinu, þreif upp framhurðina og tók í farþega vitnisins. Vitnið sá manninn slá farþegann a. m. k. tvisvar. Farþeginn féll við í götuna, en stóð fljótlega upp aftur. Stúlkan fór fljótlega úr bifreiðinni og með manninum inn í húsið. Sinntu þau því ekki, er reynt var að hafa samband við þau. Vitnið hafði samband við stöð sína, sem hringdi til lögreglunnar, sem kom fljótt á staðinn. Að lokum sagði vitnið, að farþegi sinn hefði á leiðinni talað lítillega við stúlkuna og manninn, og varð vitnið ekki vart við neitt ósætti á milli þeirra. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að farþeginn hefði gefið tilefni til átakanna, og vissi ekki, hvers vegna þau hófust.

21. febrúar 1974 gaf Hilda Hafsteinsdóttir, starfsstúlka í áðurgreindri íssölu, til heimilis að Kóngsbakka 1, fædd 17. júlí 1949, svohljóðandi skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni:

„Mér hefur hér verið kynnt kæra Árna Gíslasonar vegna líkamsárásar, sem hann kveðst hafa orðið fyrir aðfaranótt 3. des. s.l. fyrir utan ísbúðina að Laugalæk 8 hér í borginni, það er vinnustað minn.

Ég man eftir því, að einhvern tíman í vetur vorum við Friðrik Alexandersson, sambýlismaður minn, að koma af dansleik í Þórscafé. Utan við húsið var nokkur mannþröng og mjög erfitt að fá leigubifreið. Þá heyrði ég kallað til mín, og sá ég, að það var maður að nafni Árni Gíslason, sem þarna var í leigubifreið og virtist vera einn síns liðs. Ég kannast eitthvað við Árna, en ekki get ég munað síðan hvenær, en ég veit hann starfar eitthvað í sambandi við viðgerðir bifreiða. Ég fór nú að bifreiðinni hjá Árna og spurði hann, hvort hann vildi aka okkur, og átti þar við Friðrik og mig, niður eftir, eins og ég orðaði það. Við Friðrik ætluðum í ísbúðina að Laugalæk 8, því hann á það fyrirtæki. Árni kvað okkur velkomið að koma með í bifreiðinni og snéri ég þá aftur upp á tröppur samkomuhússins, en þar beið Friðrik og var mjög mikið ölvaður. Hann kom svo með mér að bifreiðinni og settist inn í aftursæti hennar, en ég settist við hlið bifreiðarstjórans og Árni svo við hlið mér í framsætið. Nú var ekið bein-

ustu leið að ísbúðinni, og vorum við Árni eitthvað að tala saman á leiðinni, og ég gaf honum að drekka úr áfengisflösku, sem ég var með. Ég sjálf drakk einnig úr henni. Aftur á móti talaði ég ekkert við Friðrik á leiðinni og bauð honum ekki að drekka. Nú gerðist ég svo ölvuð, að mig brestur minni. Ég man síðast eftir mér, þegar við vorum þarna í bifreiðinni á leiðinni að ísbúðinni, en ég man ekkert eftir því, þegar við komum þangað, eða hvað þar kann að hafa gerst og yfirleitt ekkert fyrr en ég vaknaði í ísbúðinni um kl. 14.00 daginn eftir.

Frekar get ég ekki skýrt frá þessu ferðalagi okkar Friðriks".

20. apríl s. á. gaf Hilda nýja skýrslu í málinu hjá rannsóknarlögreglunni, og var þá komið nýtt hljóð í strokkinn. Skýrslan hljóðar svo:

„Varðandi ferð okkar Friðriks í leigubifreiðinni með Árna Gíslasyni frá Þórscafé að Laugalæk 8 þá get ég gert frekari grein fyrir samskiptum okkar Árna í bifreiðinni. Eins og fram er komið í fyrri framburði mínum í máli þessu, þá sat ég í framsæti bifreiðarinnar milli bifreiðarstjórans og Árna. Hvernig á því stóð, að ég settist þar, en ekki í aftursætið hjá Friðrik, því get ég ekki gert mér grein fyrir. Fljótlega eftir að við lögðum af stað frá Þórscafé, þá fór Árni að sýna mér ástleitni. Hann hafði vinstri hönd og handlegg á sætisbakinu aftan við mig og má segja, að hann hafi að nokkru leyti haldið um axlir mér. Með hægri hendinni var hann svo að káfa á lærinu á mér, en ég var í kjól með mjög stuttu pilsi. Ég bannaði Árna að gera þetta með því að segja honum að hætta, en þegar það bar ekki árangur, þá sló ég á höndina á honum. Þrátt fyrir þetta hélt hann áfram að káfa á mér. Hvort hann sýndi mér beinlínis dónaskap, það skal ég ekki segja um. Í það minnsta eitt skipti á leiðinni varð ég dálítið æst, er ég var að banna Árna áleitni hans, og varð Friðrik þess var. Hann hallaði sér fram í sætinu og mun þá hafa séð, hvað Árni aðhafðist, en ekki sagði Friðrik eitt einasta orð eða aðhafðist nokkuð. Að öðru leyti fór ekki illa á með okkur Árna á leiðinni, og ég gaf honum nokkrum sinnum að drekka úr flösku, sem ég var með, en bauð Friðrik aldrei, enda taldi ég hann orðinn svo ölvaðan, að hann hefði ekki gott af að drekka meira.

Frekar tel ég mig ekki geta gert grein fyrir þessu ferðalagi eða því, sem á eftir gerðist, og vísa að öðru leyti til fyrri framburðar míns".

22. febrúar s. á. var ákærði, þáverandi gæslufangi, sbr. um ákærulið 6, yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Ákærði sagði,

að í byrjun næstliðins desembermánaðar hefði hann farið með Hildu á dansleik í Þórscafé. Að dansleik loknum reyndu þau árangurslaust að ná í leigubifreið fyrir utan veitingahúsið. Hilda hitti þarna einhvern mann, og varð úr, að hann ók þeim að ísbúðinni. Hilda settist fram í á milli ökumanns og mannsins, enda hélt ákærði það vera skilyrði fyrir akstrinum. Ákærði settist aftur í. Ákærði kvaðst hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, en þó ekki meira en svo, að hann taldi sig muna öll atvik. Við ísbúðina fór ákærði fyrstur út úr bifreiðinni og að framdyrunum. Ákærði kvaðst hafa opnað þær, tekið með vinstri hendi í öxlina eða handlegginn á manninum og kippt honum út úr bifreiðinni. Síðan kvaðst ákærði hafa slegið manninn hnefahögg í andlitið með hægri hendi, og féll maðurinn við það. Ákærði sagði manninn hafa dottið til hliðar utan í bifreiðina og síðan á jörðina. Ekki tók ákærði eftir, hvort blæddi úr manninum. Ákærði sagði, að þar með hefði viðskiptum þeirra lokið. Hilda kom strax út úr bifreiðinni, og fóru þau inn í ísbúðina. Ákærði sagði ástæðuna fyrir árásinni á manninn hafa verið þá, að á leiðinni hefði maðurinn verið að káfa á Hildu, og mislíkaði ákærða það og reiddist mjög. Ákærði kvaðst þó ekki hafa gert athugasemd við framkomu mannsins, fyrr en hann sló hann.

Guðjón Kristinn Guðjónsson iðnnemi, Laugarnesvegi 112, fæddur 13. febrúar 1956 í Reykjavík, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu um málavexti 27. febrúar s. á. Vitnið skýrði svo frá, að hann og kunningi hans, Jóhann Magnússon, hefðu verið á leið um Laugalæk umrætt sinn. Er þeir komu á móts við Hrísateig, veittu þeir athygli fólksbifreið, sem stóð á bifreiðastæðinu framan við ísbúðina. Önnur framhurðin var opin, og rétt framan við hana, eða 1—2 m frá bifreiðinni, sá vitnið aftan á mann, sem þar stóð. Framan við hann var annar maður, sem virtist liggja á hnjánum. Sá á hnjánum hnikktist allt í einu til og valt um leið út af til hliðar frá bifreiðinni. Í því kom einhver hreyfing á þann uppistandandi, og virtist vitninu á öllu, að sá hefði slegið hinn, þótt vitnið beinlínis sæi það ekki. Er vitnið og Jóhann gengu að, sáu þeir þann, sem uppi stóð, slá hinn og sparka í hann nokkrum sinnum, a. m. k. 2—3. Ekki gat vitnið sagt um með vissu, hvar höggin og spörkin lentu. Er þeir félagar komu að bifreiðinni, var kona að reyna að fá manninn til að hætta að berja og sparka í hinn liggjandi mann. Þeir félagar reyndu það líka. Rétt á eftir hurfu maðurinn og konan inn í ísbúðina, en hinn maðurinn lá eftir á jörðinni. Ökumaður leigubifreiðarinnar

mun hafa kallað til lögreglunnar, sem kom fljótt á vettvang. Var maðurinn, sem fyrir árásinni varð, þá sestur upp og hallaðist upp að bifreiðinni. Lögreglumennirnir töluðu eitthvað við manninn og reyndu síðan án árangurs að ná sambandi við ísbúðarfólkið. Ekki taldi vitnið, að maðurinn hefði misst meðvitund við barsmíðarnar. Vitnið taldi, að hann og félagi hans hefðu verið í um 20—30 m fjarlægð, er þeir tóku eftir, hvað var að gerast við bifreiðina. Ekki vissi vitnið um tildrögin, en sagði ofangreinda atburði hafa gerst, á meðan þeir félagar gengu að bifreiðinni og fyrst eftir að þeir komu að henni. Við nánari athugun taldi vitnið, að maðurinn hefði fallið út af í átt að, en ekki frá, bifreiðinni. Vitnið taldi aftur á móti öruggt, að maðurinn hefði ekki lent utan í bifreiðinni við fallið.

Jóhann Magnússon nemandi, Laugalæk 32, fæddur 1. febrúar 1956 í Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá 27. febrúar s. á., að þeir Guðjón Kristinn hefðu verið á leið yfir mót Hrísateigs og Laugalækjar, er hann tók eftir einhverjum látum við leigubifreið, sem stóð við ísbúðina. Þarna var fólk og einhver köll og hróp í því. Vitnið sá aftan á karlmann, sem virtist hrekja annan á undan sér í átt frá bifreiðinni, og um 2—3 m frá bifreiðinni sá vitnið þann, sem sneri baki í vitnið, slá hinn í andlitið. Ekki gat vitnið gert sér grein fyrir, með hvorri hendinni hann sló. Maðurinn féll við þetta aftur á bak á jörðina. Var þetta svo langt frá bifreiðinni, að útilokað var, að maðurinn hefði fallið utan í hana. Árásarmaðurinn var eitthvað að sýsla yfir hinum, og virtist vitninu, að hann væri með tilburði til að slá hinn. Vitnið sá hann þó ekki slá nema einu sinni og ekki sparka í manninn. Vitnið sá ekki frekari átök, en vitninu virtist á hinum liggjandi manni, að einhver átök hefðu átt sér stað, áður en það veitti þeim athygli, því maðurinn var bersýnilega með hárkollu, sem hafði losnað frá. Einhver stúlka var þarna að snúast, og fór hún með árásarmanninum inn í ísbúð. Ökumaður leigubifreiðarinnar kallaði til lögreglunnar, sem reyndi árangurslaust að ná sambandi við fólkið í íssölunni. Vitnið og félagi þess gáfu lögreglunni upp nöfn sín og heimilisföng og fóru af staðnum. Vitnið sagði að lokum, að hann vissi ekki um tildrög átakanna eða upphaf, því þau hefðu verið byrjuð, áður en hann fór að veita þeim athygli.

16. nóvember sl. kom Árni Vernharður Gíslason fyrir dóm. Vitnið kvaðst vera orðið jafngott af meiðslum sínum, að undanteknu öri við vinstra munnvik. Vitnið kvaðst ekki hafa gengist

undir neina skurðaðgerð til þess að reyna að fjarlægja lýti. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir læknishendi út af þessum áverka, eftir að hann útskrifaðist af slysadeildinni 10. desember 1973.

Vitnið kvaðst hafa verið rúmliggjandi tvo fyrstu dagana eftir atvikið og frá vinnu fram í miðja vikuna. Vitnið kvaðst þá hafa starfað við eigið fyrirtæki. Vitnið kvaðst ekki muna, hve margir störfuðu hjá fyrirtækinu þá, en þeir hafi sjaldnast verið færri en 13 og hafi einn starfsmannanna gengið í starf vitnisins á meðan. Vitnið kvaðst þá eins og nú hafa eingöngu unnið við stjórnun fyrirtækisins. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið neinar tryggingarbætur vegna meiðslanna.

Vitnið kvaðst hafa verið statt í leigubifreið í Nóatúni, er stúlka og maður báðu um far, en mikil mannþröng hafði verið fyrir utan veitingahúsið Þórscafé, svo bifreiðinni hafði gengið illa að komast leiðar sinnar. Féllst vitnið á ósk þeirra og lét aka þeim að ísbúðinni við Laugalæk. Á leiðinni þangað sat maðurinn í aftursæti bifreiðarinnar, en stúlkan í framsætinu á milli vitnisins og ökumannsins. Er bifreiðin var stöðvuð við ísbúðina, fór maðurinn út úr bifreiðinni, opnaði framhurðina, þar sem vitnið sat, kippti honum út úr bifreiðinni og sló a. m. k. eitt hnefahögg í andlitið. Ekki gat vitnið borið um, hvort höggin voru fleiri. Ekki sagði vitnið, að maðurinn hefði lagt til sín á annan hátt. Eftir þetta stökk maðurinn inn í ísbúðina.

Vitnið kvaðst hvorki hafa þekkt manninn né konuna fyrir.

Vitnið neitaði því eindregið að hafa verið að káfa á lærunum á stúlkunni eða hafa tekið utan um hana, en vel gæti verið, að hann hefði lagt vinstri handlegginn upp á sætisbakið, en framsætið var í heilu lagi. Vitnið sagðist hafa rætt við stúlkuna á leiðinni og hefði maðurinn tekið þátt í samræðunum. Vitnið kannaðist ekki heldur við að hafa gert það skilyrði fyrir farinu, að stúlkan sæti fram í hjá sér.

Vitnið kvaðst hafa verið lítillega undir áfengisáhrifum og kvaðst ekki hafa getað séð, að samferðafólk sitt hefði verið mjög áberandi ölvað.

Framburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn í heyranda hljóði. Að því loknu staðfesti vitnið skýrsluna sem rétta og undirskrift sína undir henni.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess, í hverju glettni þess og stúlkunnar hefði verið fólgin, en engin illindi hefðu átt sér stað á leiðinni. Vitnið kvaðst ekki heldur muna, hvort stúlkan bauð manninum upp á snaps um leið og sér.

Þá mætti í dóminum Jóhann Magnússon. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið á ferð með Guðjóni Kristni. Minnti vitnið, að þeir hefðu verið að koma úr veitingahúsinu Klúbbnum, og gengu þeir austur Laugalæk í áttina frá Laugarnesvegi. Er þeir voru komnir fram hjá húsinu, sem nú er Verðlistinn, og komnir yfir Hrísateiginn, voru þeir komnir að planinu, þar sem atburðurinn átti sér stað. Vitnið sagði, að á planinu hefði staðið stór bifreið, sem í fyrstu skyggði á, og er þeir voru komnir fram hjá stóru bifreiðinni, sáu þeir einnig leigubifreið. Við hana voru tveir menn, og kannaðist vitnið við annan sem ákærða í málinu. Inni í leigubifreiðinni voru ökumaðurinn og stúlkan, sem síðar komu út. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða slá manninn eitt högg, og voru þeir þá báðir uppistandandi. Féll maðurinn við, en vitnið mundi ekki, hvort hann féll á bakið eða hliðina. Er ofangreint skeði, var vitnið ekki alveg komið að, en er vitnið kom að, virtist því ákærði gera sig líklegan til að sparka í manninn, en án þess að til þess kæmi, fór maðurinn frá, reifst eitthvað við stúlkuna, og síðan fóru þau inn í ísbúðina og læstu þar að sér.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða slá manninn nema áðurgreint eitt högg. Vitnið sagði, að þeir hefðu eitthvað verið búnir að tuskast áður, og benti í því sambandi á, að eftir að maðurinn var fallinn, hefði vitnið séð, að einhvers konar hárkolla á manninum hafði losnað frá höfuðleðrinu, og var blóð á enni mannsins. Vitnið sagði, að er það sá manninn fyrst, hefði hann verið hálfboginn og greinilega ekki eðlilegur, og datt vitninu helst í hug, að hann væri ölvaður. Stúlkan var mjög ölvuð, en vitninu virtist ákærði vera mjög rólegur.

Framburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn í heyranda hljóði. Að því loknu staðfesti vitnið framburðinn og undirskrift sína undir honum.

Síðan kom í dóminn Þórdór Pálsson. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið að aka Árna Gíslasyni bifreiðasmið. Vitnið mundi ekki, hvar það tók hann upp í bifreiðina. Við Þórscafé tók vitnið upp í bifreiðina stúlku og mann. Maðurinn settist í aftursætið, en stúlkan á milli vitnisins og Árna. Var ekið að ísbúðinni við Laugalæk. Á leiðinni ræddu Árni og stúlkan um daginn og veginn, og lagði maðurinn lítið til málanna. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að Árni væri með neina ástleitni við stúlkuna, og ekki kom það fram hjá manninum, að hann væri óánægður með það, að stúlkan sæti hjá Árna. Vitnið minntist þess ekki, að áfengi hefði gengið á milli manna í bifreiðinni eða að stúlkan

hefði boðið Árna upp á snaps, en sér hefði virst þau öll vera lítillega undir áfengisáhrifum.

Þegar bifreiðin var stöðvuð við ísbúðina, fór maðurinn í aftursætinu út úr bifreiðinni, svipti upp hægri framhurðinni og dró Árna út úr bifreiðinni með því að þrífa um brjóstmálið, og síðan sá vitnið manninn slá Árna a. m. k. þrjú hnefahögg í andlitið. Maðurinn féll ekki við fyrsta höggið, en við annað og stóð þá upp og féll þá aftur við þriðja höggið. Í því bar að þarna tvo menn, og síðan kom lögreglan mjög fljótt á vettvang, en vitnið hafði kallað hana til með talstöðinni í gegnum stöðina.

Vitnið sagði, að Árni hefði ekki veitt neina mótspyrnu.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa séð ákærða sparka í Árna.

Vitnið taldi, að 4—5 mínútur hefðu liðið frá því að það gerði viðvart og þar til lögreglan kom á staðinn. Þá var ákærði og stúlkan komin inn í ísbúðina og opnuðu ekki fyrir lögreglunni.

Frmaburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn í heyranda hljóði. Að því loknu staðfesti vitnið skýrsluna og undirskrift sína undir henni.

23. nóvember sl. kom í dóminn Guðjón Kristinn Guðjónsson. Hann kvaðst umrætt sinn hafa verið að koma eftir Laugalæk frá Laugarnesvegi ásamt vitninu Jóhanni Magnússyni. Að öðru leyti kvaðst vitnið muna lítið eftir atvikum, en þarna hafi þó verið leigubifreið og tveir menn. Kannaðist vitnið við annan þeirra sem ákærða, en hinn þekkti vitnið ekki, og lá hann á götunni. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða bæði slá manninn og ýta við honum, þar sem hann lá. Ekki mundi vitnið, hvort Friðrik sló manninn niður oftar en einu sinni. Þeir hefðu báðir virst slappir, og taldi vitnið, að þeir hefðu báðir verið ölvaðir. Vitnið sagði, að hinn ókunni maður hefði tekið lítið á móti og Friðrik hafi virst eiga alls kostar við hann. Vitnið gat ekki borið um upptök átakanna, þar sem þau voru hafin, er vitnið veitti þeim athygli fyrst. Vitnið sagði, að þarna hefði einnig verið stúlka, og virtist hún vera með Friðrik. Stúlkan reyndi að stilla til friðar. Þarna var einnig leigubílstjóri, og mundi vitnið ekki, hvort hann var utan bifreiðarinnar eða inni í henni, er vitnið kom á vettvang. Vitnið sagði, að Friðrik og stúlkan hefðu farið inn í ísbúðina. Vitnið og félagi þess reyndu að hjálpa manninum á fætur, og kom lögreglan fljótlega á vettvang. Vitnið taldi, að þeir félagarnir hefðu verið búnir að vera í u. þ. b. 5 eða 10 mínútur á staðnum, er lögreglan kom.

Vitnið sagði aðspurt, að skýrsla sú, sem það gaf hjá rannsóknarlögreglunni á sínum tíma, væri gefin eftir bestu vitund og samvisku. Framburður vitnisins var lesinn í heyranda hljóði. Að því loknu staðfestir vitnið skýrsluna og undirskrift sína undir henni.

Í dóminum hefur ákærði sagt, að hann hafi slegið Árna vegna þess, að hann var að káfa á vinkonu sinni. Að öðru leyti vísaði ákærði til framburðar síns hjá rannsóknarlögreglunni.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dagsett 14. desember 1973, um áverka vitnisins Árna Gíslasonar. Er það svohljóðandi:

„Sj.: Árni Gíslason, f. 2. 6. 1928, Kvistalandi 3, Reykjavík.

Neðanritað er í samræmi við bókanir í sjúkraskrá Árna á Slysadeild Bsp. í Fossvogi.

Þann 2/12 1973, kl. 03.05, flutti lögreglan mann, sem kvaðst vera fyrrgreindur Árni, á Slysadeildina.

Hann skýrði svo frá, að skömmu áður hefði hann verið sleginn í andlitið.

Skoðun leiddi í ljós, að sár var vinstra megin við munninn og náði þar í gegnum kinnina, þannig að smá gat myndaðist inn í munninn. Ekki er annarra áverka getið.

Fyrrgreint sár var saumað í lögum og fékk sj. síðan fúkalyf.

Að meðferð lokinni fór sj. af spítalanum.

Hann kom til eftirlits, skv. fyrirmælum, daginn eftir. Sárið var þá á eðlilegri leið með að gróa og þroti í kringum það óverulegur. Saumar voru þá fjarlægðir og Árni útskrifaður frá Slysadeildinni".

Um 6. ákærulið.

Árla morguns laugardaginn 16. febrúar 1974 kom ákærði til Keflavíkurflugvallar frá New York með flugvél frá Loftleiðum h/f. Gunnar G. Schram, varafastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, hafði fyrir flugferðina haft samband við Sigurð V. Benjamínsson lögreglumann, er þá starfaði í New York, og beðið hann samkvæmt ósk flugfélagsins að gæta ákærða á leiðinni. Samkvæmt skýrslu lögreglumannsins gekk ferðin tíðindalaust. Beiðni félagsins var vegna fyrri framkomu ákærða gagnvart áhöfn flugvélar á sömu leið nokkru áður. Umbeðin gæsla var til öryggis áhöfn og farþegum. Ákærði greiddi sjálfur kostnaðinn og var frjáls ferða sinna á Keflavíkurflugvelli.

Í skýrslu Sigurðar Bjarnasonar lögreglumanns segir, að framangreindan dag, kl. 1504, hafi lögreglunni borist vitneskja um

árás á leigubifreiðarstjóra í húsinu nr. 1 við Kóngsbakka. Er vitneskjan barst, var skýrslugjafi staddur í lögreglubifreið ásamt Róbert Róbertssyni á Suðurlandsbraut. Á sama tíma var Bertram Henry Möller lögreglumaður á ferð á bifhjóli við Elliðaár. Þar eð Bertram var nær, var ákveðið í samráði við fjarskiptastöð lögreglunnar, að hann færi einnig á vettvang.

Er Sigurður og Róbert komu að Kóngsbakka 1, var þeim tjáð, að aðstoðar væri þörf þarna innan dyra. Útihurð hússins var ólæst, en gangahurð var læst. Fyrir innan heyrðist nokkur hávaði, og lá Bertram á gólfinu rétt innan við dyrnar og virtist meðvitundarlítill. Yfir Bertram stóð maður og sparkaði af miklu afli í andlit hans hvað eftir annað. Ekki tókst hinum lögreglumönnunum að brjóta upp hurðina, og var ekki vogandi að brjóta rúðuna, þar sem Bertram lá rétt við hana. Er árásarmaðurinn varð var við lögreglumennina tvo, hljóp hann upp stiga og hvarf. Um leið kom þarna gestkomandi maður, Sævar Erlendsson, og opnaði. Lögreglumennirnir hlupu upp stigann á eftir árásarmanninum, sem var afkróaður á efsta stigapalli. Maðurinn bjóst til að ráðast á lögreglumennina, en hætti við það, er hann hafði fengið kylfuhögg á handlegg. Maðurinn stökk yfir handrið og niður á næsta stigapall og tók á rás niður stigann. Manninum tókst að opna fyrri gangahurðina, en þá voru lögreglumennirnir komnir fast að honum, og greip maðurinn því til þess ráðs að stökkva í gegnum 10 mm þykkt gler í útihurðinni. Þar fyrir utan var maðurinn handjárnaður. Reyndist þarna vera um ákærða að ræða. Leigubifreiðarstjórinn, sem ráðist var á, reyndist heita Jón Guðmundsson, og fór hann sjálfur á slysadeildina, en lögreglumenn fluttu Bertram þangað.

Í íbúð á 1. hæð hússins höfðu lögreglumenn tal af Hildu Hafsteinsdóttur, þar til heimilis, fæddri 17. júlí 1949, sem kvaðst vera sambýliskona ákærða. Hún var nokkuð ölvuð og flutt á lögreglustöðina og þar í fangageymslu. Kl. 1603 var hún komin til yfirheyrslu hjá Rúdólf Axelssyni aðstoðarvarðstjóra. Gaf hún svohljóðandi skýrslu um málavexti:

„Ég bý með umræddum Friðrik að Kóngsbakka 1. Við erum ekki gift, en ætlum að fara að gifta okkur. Áður en ég segi frá nefndum atburði, vil ég taka fram, að ég álít, að Friðrik sé sjúklingur, með heilaskemmd, og veit ekki, hvað hann gerir, eftir að hann er kominn á visst ölvunarstig.

Varðandi nefndan atburð hef ég þetta að segja, að í morgun kom hann heim frá útlöndum og var þá óölvaður. Um kl. 10.00

í morgun fengum við okkur í glas. Hann drakk Vodka, en ég Sherry. Friðrik var búinn að drekka ca 1/2 pela af Vodka og svolítið af Sherry og var orðinn talsvert ölvaður, er við ákváðum að panta leigubifreið með það fyrir augum að fara í annað hús. Ég pantaði leigubifreið frá Bæjarleiðum, og ég bauð bifreiðarstjóranum inn, þar sem við vorum ekki tilbúin. Hann settist í sófa, en ég þurfti að fara inn í annað herbergi. Ég var á leið inn í stofu aftur, og ég var komin í dyrnar, er ég sá, að Friðrik stóð skyndilega upp, hljóp að bifreiðarstjóranum og sló hann. Hann náði ekki að slá hann nema eitt högg, að ég held, því ég stoppaði hann af. Ég held, að bifreiðarstjórinn hafi ekki sýnt neina ókurteisi í framkomu og Friðrik hafi ekki vitað, hvað hann var að gera. Ég hjálpaði leigubifreiðarstjóranum á fætur og leiddi hann út. Síðan hringdi ég á lögregluna.

Á staðinn kom einn lögreglumaður, Berti Möller, ég kannaðist við hann frá fyrri tíð. Ég bauð Berta inn. Berti bað Friðrik að koma með sér, og Friðrik ætlaði sýnilega að gera það, en þá sagði ég við Friðrik: „Hann ætlar sýnilega að setja þig inn, en hvað ætlar þú að gera?“ Þá sagði Berti, að það væri ekki satt, en ég mótmælti. Þá, allt í einu, sló Friðrik Berta og það mikið högg, að hann datt í gólfið. Ég sagði þeim að koma sér út. Þeir fóru út. Á meðan hringdi ég á lögreglu og sjúkralið. Ég heyrði á meðan stimpingar og hávaða frammi í ganginum. Sjúkralið og lögregla komu eftir ca fimm mínútur. Stuttu eftir það heyrði ég hávaða og enn þá meiri stimpingar. Ég opnaði þá hurðina fram í ganginn og sá þá, að Friðrik var hent á rúðuna, sem er í ytri forstofudyrum. Strax á eftir leit ég út um stofugluggann og sá Friðrik liggja ca 10 metra frá forstofudyrum, og í sama mund hlupu nokkrir lögreglumenn að honum. Þrír þeirra notuðu kylfu og drógu hann síðan að útgöngusvæðinu, sem afmarkar umrædda byggingu. Síðan var hann látinn bíða þar ca 3—4 mínútur, þar til sjúkrabifreið kom á staðinn“.

Rannsóknarlögreglunni var tilkynnt um atburðinn kl. 1535, og fóru rannsóknarlögreglumennirnir Eggert N. Bjarnason og Haraldur Árnason á vettvang. Samkvæmt skýrslu Eggerts könnuðu þeir vettvang, en ekki voru mikil ummerki að sjá. Rúðan var brotin í ytri útihurð og blóðbletti var að sjá í snjónum, bæði fyrir utan og eins á leiðinni þaðan. Haraldur tók ljósmyndir í íbúð Hildar. Ekki voru þar heldur mikil merki, sem telja mætti eftir átök. Þó var greinilegt, að ýmislegt smádót hafði hrunið á

gólfið á ganginum innan við dyrnar úr íbúðinni fram í stigaganginn.

Samdægurs gaf áðurgreindur Jón Guðmundsson, leigubifreiðarstjóri hjá Bæjarleiðum, fæddur 26. júní 1931 á Ólafsvík, til heimilis að Kjarrhólum 24, Kópavogi, skýrslu um málavexti hjá rannsóknarlögreglunni. Hann skýrði svo frá, að er hann kom samkvæmt símapöntun að Kóngsbakka 1, hefði kona boðið sér inn og sæti í stofu, því hún sagði þau hjónin ekki vera alveg tilbúin.. Hafði konan á orði, að maðurinn væri nýkominn frá Bandaríkjunum, og skildist vitninu, að þau ætluðu að veitingastað við Norðurfell. Þarna í íbúðinni var einnig berfættur maður, og var konan að taka til handa honum sokka. Maðurinn settist svo á stól, skáhallt til hliðar við vitnið, þar sem það sat í sófanum, og veitti vitnið manninum ekki frekari athygli. Fyrirvaralaust fékk vitnið allt í einu mikið högg á andlitið, sem kom á kinnbeinið hægra megin. Vitninu sortnaði fyrir augum, en missti þó ekki alveg meðvitund. Er vitnið fór aftur að sjá skýrar, stóð maðurinn yfir honum og reiddi hönd til höggs, bersýnilega í þeim tilgangi að slá vitnið. Vitnið beygði sig undan högginu, og kom það aftan á höfuðið. Konan gekk nú á milli og sagði vitninu að koma sér út. Er vitnið kom að sinni bifreið, bar þar að aðra leigubifreið, og var sú frá BSR. Vitnið gerði síðan lögreglunni aðvart. Skömmu síðar kom Bertram á bifhjóli. Vitnið skýrði Bertram frá málavöxtum. Þeir fóru báðir inn, og hleypti áðurgreind kona þeim inn í íbúðina. Konan sagði manninn farinn, en Bertram fann hann í öðru herbergi. Er þeir komu saman út úr herberginu, hélt lögreglumaðurinn um handlegg hins, en ekki var að merkja, að Bertram beitti neinu valdi, og ekki varð vitnið vart við nein átök þá. Konan sagði við vitnið, að þau hjónin ætluðu að tala við Bertram, og bað vitnið að fara út. Fyrir utan hitti vitnið tvo lögregluþjóna, og vísaði vitnið þeim á íbúðina. Vitnið sá á eftir lögregluþjónunum inn í húsið, en sá ekki, hvað þar gerðist. Eftir „örstutta" stund kom Bertram einn út úr húsinu, blóðugur í andliti og riðaði mjög, eins og hann ætti erfitt með að halda jafnvægi. Bertram bað vitnið að kalla til sjúkrabifreið. Þá var áðurgreind bifreið frá BSR komin á vettvang, og bað vitnið ökumanninn að sinna beiðni Bertrams. Þegar vitnið var að styðja Bertram, kom allt í einu árásarmaðurinn „fljúgandi" út um stóra rúðu á útihurð. Fyrir utan var svell, og missti maðurinn fótanna. Þar var maðurinn yfirbugaður þrátt fyrir mikla mótspyrnu og handjárnaður.

Næsta dag var Hilda Hafsteinsdóttir yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni. Framburður hennar var á þessa leið:

„Ég bý í íbúð á 1. hæð til vinstri að Kóngsbakka 1 hér í Breiðholtshverfi. Þar hef ég undanfarna mánuði búið með manni að nafni Friðrik Alexandersson. Hann hefur verið erlendis nú um mánaðartíma, en kom frá Bandaríkjunum í gærmorgun. Heim kom hann um kl. 08.00. Þá var hann allsgáður og ekki einu sinni af honum áfengislykt. Um kl. 10.00 fórum við bæði að neyta áfengis, og var Friðrik orðinn töluvert ölvaður upp úr hádeginu. Ég aftur á móti drakk aðeins létt vín og fann lítið til áfengisáhrifa. Ekki er ég viss um, hvað klukkan var, en sennilega hefur það verið um kl. 14.30 sem ég hringdi eftir leigubifreið, og ætlaði ég að fara með hann á vinnustað minn, en Friðrik er eigandi þess fyrirtækis. Þegar ég bað um leigubifreiðina, þá bað ég um, að bifreiðarstjórinn myndi gera vart við sig með því að hringja dyrabjöllunni, og var ætlunin að biðja hann að koma inn. Friðrik var þá orðinn svo ölvaður, að ég ætlaði að biðja leigubifreiðarstjórann að styðja hann út í bifreiðina, því mikil hálka var. Leigubifreiðarstjórinn kom svo, og ég bauð honum sæti inni í stofu, þar sem við vorum ekki alveg tilbúin að fara. Friðrik átti eftir að fara í annan sokkinn, og fór ég að finna hann fyrir hann. Þegar ég kom aftur inn í stofuna, þá lá bifreiðarstjórinn hálfvegis út af í sófanum, en Friðrik stóð fyrir framan hann með aðra höndina á lofti, augljóslega eins og hann ætlaði að fara að slá hann. Mér virtist á öllu, að Friðrik væri þegar búinn að slá bifreiðarstjórann í það minnsta eitt högg, en ekki sá ég það gerast. Ég hljóp nú á milli þeirra til þess að koma í veg fyrir, að Friðrik slægi bifreiðarstjórann frekar, og tókst mér að koma í veg fyrir það. Jafnframt sagði ég bifreiðarstjóranum að fara út, og gerði hann það. Ég fór nú í símann og hringdi í lögregluna og bað um, að lögreglumenn kæmu á staðinn. Rétt á eftir kom svo Bertram Möller lögregluþjónn og bifreiðarstjórinn með honum. Í millitíðinni spurði ég Friðrik, hvað þetta ætti að þýða og hvers vegna hann hefði slegið bifreiðarstjórann, en Friðrik virtist ekki átta sig á því, að nokkuð slíkt hefði gerst, enda var hann hinn rólegasti. Áður en Bertram kom, mun mér hafa snúist hugur um að láta lögregluna fjarlægja Friðrik, því ég spurði hann, hvort hann ætlaði að láta lögregluna taka sig, og þegar hann svaraði því engu, þá sagði ég honum að fara inn í þvottahús inn af eldhúsinu, og þar var hann, þegar Bertram og leigubifreiðarstjórinn komu inn í íbúðina. Ég sagði Bertram

fyrst, að Friðrik væri farinn, honum hefur vafalaust skilist á mér, að það væri ekki rétt, og bauð ég Bertram þá að leita í íbúðinni, hvað hann gerði. Bertram fann svo Friðrik í þvottahúsinu, og komu þeir saman fram í ganginn, þar sem ég og bifreiðarstjórinn vorum. Ekki var hægt að merkja þá neitt missætti milli þeirra. Ég bað nú leigubifreiðarstjórann að fara út, meðan ég talaði við Bertram, og gerði hann það. Ég vildi fá Bertram til þess að taka skýrslu af Friðrik þarna á staðnum, en ekki fara með hann, en það vildi Bertram ekki fallast á. Ég hafði þá á orði við Friðrik, hvort hann ætlaði að láta lögregluna fara með hann, því þeir myndu setja hann inn. Ekki virtist Friðrik vera neitt í æstu skapi og lagði ekkert til málanna, fyrr en allt í einu, að hann sló Bertram hnefahögg í andlitið, svo hann féll í gólfið. Ég opnaði þá dyrnar fram í stigaganginn og skipaði þeim Friðrik og Bertram að fara út. Ekki held ég Bertram hafi misst meðvitund við höggið, í það minnsta reis hann strax á fætur, og þeir fóru fram í stigaganginn, og ég lokaði dyrunum á eftir þeim. Ég heyrði miklar stimpingar og gauragang frammi í stigaganginum, en ekki sá ég, hvað þar fór fram. Hvað svo fram fór næstu mínúturnar, get ég ekki gert mér mjög ljósa grein fyrir, en eitthvað leit ég fram á ganginn og sá lögregluþjóna í átökum við Friðrik. Næst man ég það greinilega, að ég horfði út um stofugluggann, sem er til hliðar við innganginn í húsið, og sá ég Friðrik þá koma þar fljúgandi út, bersýnilega í gegnum rúðuna, því ég heyrði brothljóð og sá glerbrot koma fljúgandi. Friðrik féll á jörðina, er hann kom niður, og þar stukku lögregluþjónarnir á hann, börðu hann með kylfum og drógu hann að grindverki, sem þarna er. Síðan drösluðu þeir honum burtu og í lögreglubifreið, sem komin var. Eftir að ég sá Friðrik koma fljúgandi út úr húsinu, þá hringdi ég aftur á lögregluna og bað nú um, að einnig yrði send sjúkrabifreið, því ég gerði ráð fyrir, að Friðrik hefði skaðast við að fara í gegnum rúðuna. Lögregluþjónar komu svo og töluðu við mig, en úr því varð æsingur, sem endaði með því, að ég fór með lögregluþjónunum í lögreglustöðina af fúsum og frjálsum vilja. Þeir sögðu að vísu, að það yrði aðeins um stundarsakir, mér yrði svo leyft að fara, en reyndin varð sú, að ég var sett í fangageymslu lögreglunnar, hvaðan ég kem nú.

Varðandi hegðan Friðriks þá vil ég taka það fram, að þegar hann er kominn á visst stig áfengisáhrifa, þá virðist hann ekki vita, hvað hann gerir, og man ekki eftir atvikum eftir á. Síðan við tókum upp sambúð, veit ég ekki til þess, að hann hafi ráðist

á fólk, en mér er kunnugt um, að hér áður fyrr hlaut hann dóm fyrir líkamsárás, eða svo hefur mér verið sagt".

Ákærði var sama dag yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði komið til landsins árla morguns daginn áður með flugvél frá Loftleiðum h/f. Í fylgd með ákærða var lögregluþjónn, því félagið neitaði að flytja hann nema í lögreglufylgd. Ástæðan til þess var sú, að ákærði hafði farið til Bandaríkjanna mánuði áður og lenti þá ásamt félögum sínum í „veseni" í flugvélinni vegna ölvunar. Ákærði kvaðst hafa komið heim um kl. 0800 og hafði þá ekki bragðað áfengi, en byrjaði á því fljótlega eftir heimkomuna. Ákærði sagði áfengi hafa þannig áhrif á sig, að þegar hann væri kominn á visst stig áfengisáhrifa, þá væri eins og klippt á þráð og minni hans brysti. Slíkt hefði skeð daginn áður og kvaðst ákærði ekkert muna eftir atvikum frá því um hádegisbilið og þar til hann vaknaði í fangageymslunni um kl. 2100 kvöldið áður. Ákærði taldi sig þó muna ógreinilega eftir átökum við lögregluþjóna fyrir utan húsið heima. Ákærði kvaðst ekki geta sagt frekar um, hvað gerðist eða hvað hann aðhafðist frá því um hádegisbilið og til kl. 2100 daginn áður. Ákærði taldi sig ekki hafa neina ástæðu til að rengja það, að hann hefði ráðist á bifreiðarstjóra og lögregluþjón. Að lokum sagði ákærði, að eins og áður væri fram komið, glataði hann minni á vissu stigi áfengisáhrifa. Er þetta gerðist, þá væri oft eins og á hann rynni einhvers konar „berserksgangur" og hefði þá komið fyrir, að hann réðist á fólk án minnsta tilefnis. Aðra skýringu kvaðst ákærði ekki geta gefið á þeirri hegðun, sem hann kynni að hafa sýnt daginn áður.

Kl. 1315 sama dag var ákærði kominn fyrir dóm. Hann skýrði svo frá: „Ég man ekkert af því, sem skeði í gær. Ég hafði drukkið a. m. k. hálfa flösku af áfengi frá kl. 8 í gærmorgun til kl. 3 um eftirmiðdaginn. Þegar ég hef drukkið visst magn af áfengi, virðist eins og klippt sé á, ég glata öllu minni". Samdægurs var ákærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 7 dögum.

Vitnið Bertram Henry Möller lögreglumaður, Tunguvegi 24, fæddur 11. janúar 1943 í Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 19. febrúar. Vitnið skýrði svo frá, að hann hefði verið á ferð á bifhjóli á Elliðavogi við Elliðaár kl. 1500, er hann heyrði í talstöð, að aðstoðar væri þörf að Kóngsbakka 1 vegna árásar á leigubifreiðarstjóra. Þar eð enginn lögreglumaður var nær, var afráðið að vitnið færi á vettvang. Þar tjáði leigubifreið-

arstjóri vitninu, að hann hefði orðið fyrir árás inni í húsinu, enda var hann bólginn í andliti. Vitnið fór með bifreiðarstjóranum inn í húsið, og hleypti Hilda þeim inn. Hún hafði á orði, að sér þætti leitt, hvað hefði komið fyrir. Hilda sagði árásarmanninn vera farinn og vildi ekki gefa upp nafn hans, þar sem hann væri maðurinn hennar. Vitninu fannst þetta grunsamlegt og leitaði því mannsins í íbúðinni og fann hann í þvottahúsi inn af eldhúsinu. Reyndist þetta vera ákærði. Vitninu virtist maðurinn eitthvað undir áfengisáhrifum, en hinn rólegasti. Fór maðurinn möglunarlaust með vitninu fram á gang í íbúðinni. Þar bað Hilda bifreiðarstjórann að fara úr íbúðinni. Vitnið vildi fá ákærða með sér út. Þá sagði Hilda tvívegis við ákærða eitthvað á þá leið: „Þú veist, hvað þeir ætla að gera við þig Friðrik, þeir ætla að læsa þig inni". Ákærði svaraði engu. Eftir fyrra skiptið sagði vitnið við Hildu, að þetta væri ekki rétt, heldur mundi verða farið með ákærða á lögreglustöðina og rætt við hann þar. Næst skeði það, að ákærði sló vitnið hnefahögg í andlitið algerlega að óvörum, því engin orðaskipti höfðu farið fram. Síðan sagði vitnið, að komið hefði kafli, þar sem hann mundi ekki, hvað gerðist, þó fannst honum, að hann væri alltaf að fá högg í andlitið. Næst mundi vitnið greinilega eftir, að hann lá frammi á stigaganginum innan við innri útidyrnar, og lögregluþjónar hlupu fram hjá honum inn í húsið. Vitnið var mjög miður sín, en gat risið á fætur og staulast út úr húsinu. Vitnið hélt þá, að hann hefði séð leigubifreiðarstjóra þarna rétt hjá og hefði kallað til þeirra og beðið um sjúkrabifreið. Vitnið stóð síðan þarna utan við útidyrnar, þegar ákærði birtist í fremri gangi innan við dyrnar og setti undir sig hausinn og stökk í gegnum rúðuna í ytri hurðinni. Ekki mundi vitnið fyrir víst, hvort ákærði féll, þegar hann kom niður, en hann kom æðandi til vitnisins. Er ákærði var kominn alveg að vitninu, kastaði vitnið sér niður, og féll ákærði þá um vitnið og kom niður á magann. Vitnið stóð þá upp og kastaði sér yfir hann og gat haldið ákærða, þar til lögregluþjónarnir komu út úr húsinu til aðstoðar.

Vitnið Sævar Erlendsson leigubifreiðarstjóri, Kúrlandi 29, fæddur 1. apríl 1946 í Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 20. febrúar. Vitnið skýrði svo frá, að hann hefði verið að koma í heimsókn að Kóngsbakka 1 ásamt konu sinni. Var hún komin inn í húsið aðeins á undan. Er vitnið kom inn í stigaganginn á 1. hæð, heyrði það hávaða og brothljóð úr íbúðinni á 1. hæð til vinstri. Vitnið staldraði þá við á pallinum milli

1. og 2. hæðar, en þaðan gat vitnið séð dyrnar að íbúðinni og ganginn fyrir framan. Hávaðinn, sem vitnið heyrði, var svipaður því, að einhverju væri slegið í hurðina innan frá. Rétt á eftir opnaðist hurðin, og Bertram kom slangrandi út, eins og hann væri dauðadrukkinn. Vitnið sagði, að hann hefði reyndar aldrei komist út úr íbúðinni, heldur aðeins í dyrnar, því þá sá vitnið mann þrífa í Bertram og kippa honum inn fyrir, og hurðin lokaðist. Síðan heyrði vitnið meiri hávaða innan úr íbúðinni, en síðan opnaðist hurðin aftur, og lögregluþjónninn kom riðandi alla leið fram á ganginn, og hurðinni var lokað á eftir honum. Vitnið fór til móts við Bertram, sem var augljóslega mjög miður sín, og bað hann vitnið aðstoðar. Er þeir voru komnir að innri útidyrunum og vitnið var að opna hurðina, kom áðurgreindur maður æðandi og réðst á Bertram. Vitninu tókst ekki að koma lögreglumanninum út og forðaði sér innar á ganginn, því vitnið þorði ekki í manninn, sem það kannaðist við í sjón og vissi, að var mikill ofstopamaður. Vitnið sá síðan manninn slá Bertram a. m. k. 2 högg í andlitið, og féll lögregluþjónninn í gólfið. Þá sá vitnið, að maðurinn sparkaði a. m. k. einu sinni í Bertram, og hélt vitnið, að sparkið hefði komið í andlitið. Nú komu þarna 2 lögreglumenn að innri hurð, sem var læst. Reyndu þeir árangurslaust að opna hana. Er maðurinn varð þeirra var, hljóp hann upp stigann, en vitnið opnaði fyrir lögregluþjónunum, sem eltu manninn upp. Vitnið sá svo upp eftir stigaganginum, að maðurinn og lögregluþjónarnir áttust við uppi á efsta stigapalli (3. hæð). Allt í einu stökk maðurinn yfir stigahandriðið og niður á pallinn á milli 2. og 3. hæðar og æddi síðan niður stigann og lögreglumennirnir á eftir. Maðurinn var nokkuð á undan að innri hurðinni, opnaði hana og fór fram á fremri gang, en í því voru lögregluþjónarnir að opna innri hurðina. Maðurinn tók undir sig stökk og í gegnum rúðuna í hurðinni og út. Þar var hann yfirbugaður. Að lokum gat vitnið þess, að leigubifreiðarstjóri hefði verið að koma út úr húsinu, er vitnið kom að því. Var bílstjórinn bersýnilega miður sín, og hélt vitnið fyrst, að hann væri ölvaður, en svo mun ekki hafa verið.

Vitnið Róbert Gunnar Róbertsson, lögregluvarðstjóri í Suður-Múlasýslu, til heimilis Kaupvangi 2, Egilsstöðum, fæddur 21. desember 1942 í Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 21. febrúar, en þá var hann búsettur og starfandi í Reykjavík. Vitnið skýrði svo frá, að þegar hann og Sigurður Bjarnason komu að Kóngsbakka 1, hafi þeir séð bifhjól Bertrams, svo og

hittu þeir bifreiðarstjórann, sem varð fyrir árásinni, og var hann bólginn í andliti.

Vitnið kvaðst hafa verið aðeins á undan Sigurði úr lögreglubifreiðinni. Gekk bifreiðarstjórinn með vitninu að húsinu og sýndi, um hvaða dyr var að ræða, en Kóngsbakki 1 er fjölbýlishús. Vitnið fór inn um ytri útidyr og inn í anddyrið fyrir framan stigaganginn. Þar var læst hurð. Í gegnum rúðu á hurðinni sá vitnið Bertram uppistandandi rétt innan við dyrnar og einhvern mann slá hann í það minnsta eitt hnefahögg í andlitið, svo hann féll í gólfið, og þá sparkaði maðurinn í andlitið á Bertram. Á meðan á þessu gekk, kom Sigurður til vitnisins, og reyndu þeir að sprengja upp hurðina, en þorðu ekki að brjóta rúðuna vegna Bertrams, sem lá rétt innan við hana. Árásarmaðurinn hvarf nú frá, en annan mann bar að, sem opnaði. Lögreglumennirnir hlupu upp stigann og komu að árásarmanninum á efsta stigapalli (3. hæð). Lögreglumennirnir „réðust" þar að manninum, sem reyndi tvívegis að slá vitnið án þess að hæfa. Vitnið beitti kylfunni. Stökk maðurinn þá yfir stigahandriðið niður á næsta pall og síðan niður stigann. Lögreglumennirnir fóru á eftir niður stigann og voru næstum búnir að ná manninum, er hann var kominn í fremri forstofuna að útidyrunum. Þar sá vitnið manninn taka höndum um höfuð, setja það undir sig og stökkva út um rúðuna í hurðinni. Ekki vissi vitnið, hvernig hann kom niður, en vitnið sá Bertram kasta sér niður fyrir framan hann utanhúss. Er vitnið og Sigurður komu út, lágu Bertram og bifreiðarstjórinn ofan á manninum. Lögreglumennirnir handjárnuðu manninn og fluttu hann á lögreglustöðina, þar sem hann var settur í fangageymslu.

Laugardaginn 23. febrúar 1974 var ákærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum. Í úrskurðinum segir, að eftir að sá fyrri „gekk, hafi komið í ljós 5 kærur á Friðrik fyrir líkamsárásir. Málum þessum varð ekki lokið sökum þess, að kærði hvarf af landi brott. Dómarinn hefur aflað sér sakavottorðs kærða. Af því verður séð, að kærði hefur hlotið 2 fangelsisdóma fyrir líkamsárásir, 2 sáttir fyrir líkamsárásir og 2 niðurfellingar vegna þess sama." Ákærði losnaði úr gæsluvarðhaldinu mánudaginn 8. apríl s. á. Ekki verður séð, að ákærði eða neinn annar hafi verið yfirheyrðir af rannsóknarlögreglu eða í dómi á þessu tímabili út af þeirri sök, sem fjallað er um í þessum kafla. Sama gildir um þær 5 sakir, sem „komu í ljós", með þeirri undantekningu, að vitnin Guðjón Kristinn og Jóhann Magnússon voru

yfirheyrð 27. febrúar svo og Hilda aftur 20. apríl, sbr. um 5. ákærulið. Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, sem fylgdi ákæru málsins, bárust þau gögn, sem lágu til grundvallar ákærunni, honum með bréfum, dagsettum 26. ágúst 1970 og 29. ágúst 1974.

Vitnið Bertram Henry Möller kom fyrir dóm 1. júlí 1976. Vitnið skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði hann verið í eftirlitsferð á bifhjóli við Elliðaárnar, er hann heyrði í talstöð bifhjólsins, að beðið var um lögregluaðstoð að Kóngsbakka 1 vegna árásar á leigubifreiðarstjóra. Einnig heyrði vitnið í talstöðinni, að engin lögreglubifreið mundi vera nærstödd, en á þessum tíma var aðalverksvið vitnisins að starfa að umferðareftirliti. Vitnið kvaðst því hafa boðist til að fara á vettvang, og var það samþykkt af fjarskiptamiðstöðinni, en jafnframt voru gerðar ráðstafanir til að bifreið færi einnig. Er vitnið kom að Kóngsbakka 1, hitti það fyrir leigubifreiðarstjóra, sem tjáði vitninu, að hann hefði orðið fyrir líkamsárás í íbúð á fyrstu hæð til vinstri á Kóngsbakka 1. Bifreiðarstjórinn bar merki þess að hafa orðið fyrir árás. Fóru þeir saman og knúðu dyra á viðkomandi íbúð, enn forstofuhurð hafði verið ólæst. Þá kom til dyra stúlka, sem vitnið kannaðist við, og hleypti hún þeim viðstöðulaust inn. Fór hún að tala um, hvað sér þætti þetta leiðinlegt, sem komið hefði fyrir. Vitnið spurði stúlkuna um árásarmanninn, en hún sagði hann farinn. Vitnið spurði hana þá um nafn mannsins, en hún kvaðst ekki vilja gefa það upp, þar sem hann væri maðurinn sinn. Ekki kvaðst vitnið hafa séð merki um áfengisáhrif á stúlkunni. Þar eð vitnið grunaði, að maðurinn væri ekki farinn, kvaðst hann hafa spurt stúlkuna, hvort hann mætti leita í íbúðinni, og leyfði hún það fúslega. Í þvottaklefa íbúðarinnar fann vitnið manninn, sem reyndist vera ákærði í málinu. Sérstaklega aðspurður kvaðst vitnið ekki áður hafa þurft í starfi sínu að hafa afskipti af ákærða, sem Bertram þekkti hvorki með nafni né í sjón. Ekki hafði vitnið heyrt hans neitt getið, fyrr en eftir að atburðirnir áttu sér stað.

Vitnið sagði, að rétt hefði mátt greina áfengisáhrif á manninum, sem hefði komið orða- og mótþróalaust fram til bílstjórans og konunnar. Vitnið kvaðst ekki hafa þurft að leggja nein tök á manninn, hann hefði komið umyrðalaust. Er þeir voru komnir fram í gang íbúðarinnar, útskýrði vitnið fyrir konunni, hvert væri næsta stig málsins, þ. e. að ákærði þyrfti að koma til viðtals á lögreglustöð. Þá sagði konan og beindi máli sínu til ákærða: „Friðrik, þú veist, hvað þeir ætla að gera við þig. Þeir ætla að

læsa þig inni". Vitnið kvaðst þá hafa sagt, að þetta væri ekki rétt, heldur þyrfti Friðrik að koma til viðtals á lögreglustöð. Endurtók þá konan fyrri ummæli sín, en Friðrik hafði ekki lagt eitt einasta orð til málanna. Það næsta, sem vitnið mundi, var, að hann lá í stigaganginum, og tveir lögregluþjónar hlupu fram hjá og upp stigann. Vitnið kvaðst þá hafa farið út og hitt fyrir bílstjórann, sem hafði kært árásina, en hann hafði samkvæmt ósk konunnar farið út úr íbúðinni, er vitnið kom fram úr þvottaklefanum með ákærða. Vitnið kvaðst hafa beðið bifreiðarstjórann að kalla upp sjúkrabifreið, og í framhaldi af því sá vitnið ákærða koma nánast fljúgandi gegnum rúðuna á ytri forstofuhurð. Ákærði stefndi í áttina að vitninu og til þess að verða ekki fyrir sömu meðferð aftur, kvaðst vitnið hafa látið sig falla fyrir fætur ákærða, sem féll á þá. Í því komu lögregluþjónarnir tveir, og tókst þeim að yfirbuga ákærða.

Vitnið minntist þess ekki að hafa rætt við vitnið Sævar Erlendsson, á meðan hann varð fyrir árásinni.

Vitnið var spurt, hvernig það hefði verið búið, er það kom inn í íbúðina til ákærða. Vitnið kvaðst hafa verið í reiðstígvélum, reiðbuxum, skyrtu, leðurjakka, kuldaúlpu, gæruskinnsklæddri, og með hjálm á höfði, eins og umferðarlögreglumenn noti að jafnaði á mótorhjólum.

Vitnið sagði, að hann myndi ekki annað en hann hefði verið með hjálminn á höfðinu allan tímann, en sagði, að sig minnti, að af honum hefði fallið skyggni, sem smellt sé á og falli því auðveldlega af, svo og hafi hann misst annan hanskann, er hann hélt á i hendinni. Vitnið sagði, að hjálmurinn væri úr glasfíber og rispist því auðveldlega, en brotni fremur en dældist við högg Hjálmurinn er svampklæddur að innanverðu.

Vitnið kvaðst telja sig vera orðinn jafngóðan af áverkanum. Vitnið tók þó fram, að hann sæi nú verr með hægra auga en hann gerði á umræddum tíma, en gat ekki sagt um, hvort það stafaði af völdum árásarinnar eða annars.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa verið til læknismeðferðar, eftir að áverkavottorðið frá 5. mars var gefið út, sbr. síðar, en vitnið tók þó fram, að hann myndi ekki, hvort hann fór í augnskoðunina hjá Guðmundi Björnssyni fyrir eða eftir útgáfu vottorðsins. Dómarinn bað vitnið að leggja fram vottorð frá Guðmundi Björnssyni um þá skoðun.

Vitnið kvaðst ekki hafa vitað annað en að áðurgreind kona hefði verið eiginkona ákærða, enda sagði hún það sjálf.

Að lokum staðfesti vitnið framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu.

Sama dag kom í dóminn Jón Guðmundsson. Vitnið var beðið að skýra frá málavöxtum. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið statt með bifreið sína við staur í Breiðholti, er beðið var um bíl að Kónngsbakka 1, og jafnframt var þess getið, að bifreiðarstjórinn væri beðinn að koma inn. Vitnið kvaðst hafa farið á umbeðinn stað. Kona opnaði fyrir vitninu og bauð því til stofu, þar sem maður hennar væri ekki tilbúinn. Vitnið kvaðst hafa sest í sófa í stofunni, en maðurinn sat í hægindastól út við gluggann, vinstra megin við sófann frá vitninu séð. Vitnið kvaðst ekkert hafa rætt við manninn. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað fyrr en hann fékk högg á hægri kjálkann, og kvaðst vitnið hafa misst meðvitund. Það næsta, sem vitnið mundi, var, að maðurinn stóð yfir honum, er hann leit upp, og gerði sig líklegan til að slá vitnið aftur, er það rankaði við. Vitnið kvaðst hafa stokkið úr sófanum í átt að dyrunum, svo ekki varð úr högginu. Í þessu heyrði vitnið í konunni, sem sagði vitninu að koma sér út. Vitnið kvaðst hafa gert það, og er hann kom út í bifreið sína, bað hann stöðina að kalla á lögregluna. Fljótlega kom á vettvang lögregluþjónn á mótorhjóli, sem vitnið vissi, að kallaður var Berti. Fóru þeir inn í íbúðina samkvæmt tilsögn vitnisins, sem konan hleypti þeim inn í. Konan sagði aðspurð af lögreglumanninum, að maðurinn væri farinn. Lögreglumaðurinn lagði ekki trúnað á það, og fannst maðurinn í íbúðinni. Þá báðu maðurinn og konan vitnið að fara út, á meðan þau ræddu við lögregluþjóninn. Vitnið kvaðst hafa farið út og hitti þá tvo lögreglumenn. Vísaði vitnið lögreglumönnunum á íbúðina, sem Bertram hafði farið í. Vitnið kvaðst hafa séð á eftir lögreglumönnunum inn í húsið, en beið sjálfur úti. Í því að lögreglumennirnir tveir hurfu inn í húsið, kom Bertram skjögrandi út. Var hann blóðugur og hálfvankaður. Vitnið mundi ekki fyrir víst, hvort þeir ræddu saman, en minnir, að Bertram hafi sagt, að maðurinn hafi slegið sig strax niður og vitnið var komið út. Í því sá vitnið, að lögregluþjónarnir tveir hlupu upp stigann, og skipti engum togum í framhaldi af því, að maðurinn kom fljúgandi gegnum glerið á útihurðinni. Maðurinn rann þarna á svelli fyrir utan húsið, og þar hentu Bertram og vitnið sér á hann, og í því komu lögregluþjónarnir tveir, og var þá maðurinn yfirbugaður.

Vitnið kvaðst telja sig vera orðið jafngott af áverkanum og

hafði vegna hans ekki verið undir læknishendi, frá því að áverkavottorðið frá 25. mars 1974 var gefið út, sbr. síðar.

Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt konuna og manninn, en sagðist halda, að hann hefði einhvern tíma keyrt konuna, en aldrei manninn.

Framburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglu var lesinn í heyranda hljóði. Að því loknu kvaðst vitnið hafa gefið skýrsluna eftir bestu vitund á sínum tíma og skrifað undir hana því til staðfestingar.

Er vitnið kom inn í íbúðina, voru þar vínflöskur á borðum, en maðurinn var greinilega undir áhrifum áfengis.

Sævar Erlendsson kom fyrir dóminn 9. júlí 1976. Vitnið skýrði frá málsatvikum sjálfstætt. Vitnið sagðist eiga systur, sem bjó, og býr reyndar enn, á efstu hæð á Kóngsbakka 1. Umræddan dag kvaðst vitnið hafa farið þangað í heimsókn ásamt konu sinni. Ekki mundi vitnið, hvenær dags þetta var. Vitnið sagði, að kona sín hefði verið á undan inn í húsið og því ekki séð atburðina, sem málið snýst um. Er vitnið var komið upp á fyrstu stigahæð í húsinu, heyrði það hávaða úr íbúð á fyrstu hæð, og heyrðist vitninu eins og barið væri í hurðina. Í framhaldi af því var hurðin opnuð, og lögreglumaður kom skjögrandi fram. Ekki sá vitnið neitt blóð framan í lögreglumanninum. Þá kom í dyragættina ákærði, sem vitnið kannaðist við í sjón. Ákærði tók í lögreglumanninn og kippti honum inn fyrir og lokaði hurðinni. Hurðin opnaðist svo að segja strax aftur, og kom þá lögreglumaðurinn skjögrandi fram. Lögreglumaðurinn var með hjálm á höfði, eins og títt er um lögreglumenn á mótorhjóli, og var skyggnið farið af. Lögreglumaðurinn fór í áttina að útidyrunum, en þá kom ákærði á eftir lögreglumanninum, og sá vitnið hann slá lögreglumanninn eitt hnefahögg á milli augnanna. Lögreglumaðurinn var uppistandandi allan tímann, en skjögraði meðfram þilinu. Ekki veitti lögreglumaðurinn neina mótspyrnu, enda vart fær um það, og virtist hann vera að reyna að forða sér. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa séð ákærða sparka í lögregluþjóninn. Um þetta leyti komu að útidyrunum tveir lögreglumenn, og kvaðst vitnið hafa opnað fyrir þeim. Ákærði stökk þá upp stigann og þessir tveir lögregluþjónar á eftir honum. Er ákærði var kominn á efsta stigapallinn, stökk hann niður á þann næsta og komst þannig fram hjá lögreglumönnunum niður stigann. Þar kastaði ákærði sér í gegnum rúðu á útihurð, en vitnið mundi ekki, hvort það var ytri eða innri útihurð. Fyrir utan

húsið var ákærði yfirbugaður af lögreglumönnum. Ekki mundi vitnið, af hvaða lögreglumönnum. Vitnið kvaðst hafa verið inni í húsinu allan tímann, en minnti, að lögreglumaðurinn, sem barinn var, hefði verið kominn út, er ákærði var yfirbugaður, og heldur vitnið, að sá lögreglumaður hafi tekið þátt í því. Ekki mundi vitnið, hvort það hjálpaði lögreglumanninum út, en í öllu falli opnaði það hurðina fyrir hinum tveimur lögreglumönnunum og lögreglumanninum, sem hafði verið barinn.

Vitnið sagði ákærða ekki hafa lagt til sín, og vitnið kvaðst ekki muna, hvort það ræddi við lögreglumanninn í ganginum. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hvort ákærði hefði verið ölvaður. Vitnið kvaðst sjálft ekki hafa neytt áfengis.

Framburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn í heyranda hljóði. Að því loknu staðfesti vitnið undirskrift sína undir honum og kvaðst á sínum tíma hafa gefið hann eftir bestu vitund.

Vitnið Sigurður Bjarnason lögregluflokksstjóri, Þórufelli 8, fæddur 28. nóvember 1943 á Akureyri, kom í dóminn 2. maí sl. Vitnið skýrði sjálfstætt frá málavöxtum og sagði, að þegar hann og starfsfélagi hans, Róbert Róbertsson, komu að Kóngsbakka 1, hafi þeir hitt þar fyrir leigubifreiðarstjóra svo og hafi lögreglubifhjól verið þar fyrir utan, enda hefði Bertram Möller tilkynnt um talstöð, að hann væri nær vettvangi og mundi halda þangað. Í húsinu var ytri forstofuhurðin ólæst, en sú innri læst. Þar fyrir innan sá vitnið Bertram Möller lögreglumann liggja á gólfinu, og ákærði stóð yfir honum og var að sparka í hann. Bertram var þá hjálmlaus, og taldi vitnið sig hafa séð ákærða sparka tvisvar í hann, og mundi vitnið, að hann sparkaði í höfuð hans. Er ákærði varð var við lögreglumennina, hljóp hann upp stigann. Þá kom þarna að Sævar Erlendsson leigubifreiðarstjóri, og opnaði hann fyrir lögreglumönnunum. Lögreglumennirnir stukku þá upp stigann á eftir ákærða og komu að honum, þar sem hann stóð á efsta stigapallinum. Stóð ákærði þar í árásarstellingum og virtist til alls líklegur. Lögreglumennirnir nálguðust hann hægt og varlega. Ákærði stökk þá yfir handriðið og niður á næsta stigapall og síðan niður stigann. Lögreglumennirnir hlupu á eftir honum niður stigann, og var vitnið á undan. Ákærða tókst að opna innri forstofuhurðina, en þar sem vitnið var komið svo nálægt honum, hafði hann ekki ráðrúm til þess að opna þá ytri og stökk því í gegnum glerið á henni og á Bertram Möller, sem

nú var kominn út. Vitnið fylgdi fast á eftir, og tókst lögreglumönnunum að yfirbuga ákærða.

Vitnið las skýrslu sína, sem það gerði um atburðinn samdægurs. Að því loknu kvaðst vitnið staðfesta, að það hefði gert þessa skýrslu eftir bestu vitund á sínum tíma.

Vitnið kvaðst ekki muna betur en að ákærði hefði sparkað hjálminum af Bertram frammi á ganginum, en hins vegar var skyggnið af hjálminum inni í íbúðinni.

Loks kom í dóminn út af þessum ákærulið vitnið Róbert Gunnar Róbertsson. Vitnið kvaðst hafa verið á ferð í lögreglubifreið ásamt Sigurði Bjarnasyni lögreglumanni á Suðurlandsbraut, er þeim barst tilkynning um árás á leigubifreiðarstjóra, og voru þeir sendir á vettvang. Skömmu síðar tilkynnti Bertram Möller lögreglumaður, sem staddur var á bifhjóli við Elliðaárnar, að hann mundi einnig fara á staðinn. Er komið var að áðurgreindu húsi, sáu lögreglumennirnir bifhjól Bertrams Möller fyrir framan húsið. Bifreiðarstjórinn, sem varð fyrir árásinni, var þarna fyrir utan og sýndi lögreglumönnunum inn um hvaða dyr þeir ættu að fara í fjölbýlishúsinu. Vitnið fór inn um ytri útidyr og inn í anddyri fyrir framan stigaganginn, en hurðin að honum var læst. Þar fyrir innan sá vitnið Bertram standa uppréttan og mann slá hann hnefahögg í andlitið. Bertram féll við, og sparkaði þá maðurinn í andlitið á honum. Bertram var með hjálm, er þetta hvort tveggja skeði. Vitnið kvaðst hafa komið að dyrunum á undan Sigurði og hann hefði komið í þessu. Lögreglumennirnir bjuggu sig undir að brjóta rúðu í hurðinni til að komast inn, en í því kom maður og opnaði. Árásarmaðurinn hafði stokkið upp á efsta stigapall, og fóru lögreglumennirnir þangað á eftir honum. Maðurinn komst ekki þarna lengra og snerist gegn lögreglumönnunum. Maðurinn sló m. a. tvívegis með hnefanum til vitnisins, og straukst hnefinn við hægri vanga vitnisins, án þess að það sakaði að öðru leyti en því, að smárispur komu á andlitið. Vitnið kvaðst hafa beitt kylfunni gegn manninum, en þó ekki slegið hann í höfuðið. Maðurinn stökk þá af stigapallinum og niður á þann næsta og síðar niður stigann. Lögreglumennirnir fylgdu honum eftir niður stigann. Er maðurinn kom að fremri útidyrahurðinni, hafði hann ekki pláss til að opna hurðina. Setti hann því hendurnar fyrir andlitið og stökk gegnum glerið í hurðinni. Þar fyrir utan var maðurinn yfirbugaður og handjárnaður.

Vitninu var gefinn kostur á að lesa framburð sinn hjá rann-

sóknarlögreglunni. Að því loknu staðfesti vitnið skýrsluna og undirskrift sína undir henni að öðru leyti en því, að það hefði verið búið að búa sig undir það að brjóta rúðuna, er maðurinn opnaði fyrir þeim.

Öll framangreind vitni staðfestu framburði sína með eiði.

Er ákæra hafði verið birt, vísaði ákærði í dóminum til skýrslu sinnar við rannsókn málsins svo og er honum var síðar gefinn kostur á að tjá sig um þennan ákærulið.

Lögð hafa verið fram í máliu varðandi þennan ákærulið 3 læknisvottorð, 2 frá Hauki Árnasyni, lækni á slysadeild Borgarspítalans, dagsett 5. og 25. mars 1974, og 1 vottorð frá Guðmundi Björnssyni, yfirlækni augndeildar Landakotsspítala, dagsett 18. október 1976.

Síðargreinda vottorð Hauks Árnasonar er svohljóðandi:

„ÁVERKAVOTTORÐ

Sj.: Jón Guðmundsson, f. 26.6. 1931, Kársnesbraut 28, Kópavogi.

Hinn 16/2 1974, kl. 15.45, kom í Slysadeild Bsp. maður, er kvaðst heita ofanskráðu nafni.

Hann greinir svo frá, að þá nokkru áður hafi hann fengið högg á hægri kinn, er ölvaður maður sló til hans hendi.

Við skoðun kom í ljós: Allmikill margúll er á hægri kinn. Hann hefur ekki önnur óþægindi en eymsli yfir margúlnum og smá svima.

Að þessari rannsókn lokinni fékk sj. að fara úr Slysadeild Bsp., en fékk Codimagnyl töflur vegna verkja í kinninni.

Skv. símaviðtali við Jón Guðmundsson í dag, er það glóðarauga, sem hann fékk eftir áðurnefndan áverka á hægri kinn, nýlega horfið, en enn situr eftir nokkur þroti í kinninni eftir marið.

Vottast skv. sjúkraskrá Jóns Guðmundssonar í Slysadeild Bsp. og að beiðni rannsóknarlögreglu Eggerts Bjarnasonar".

Hitt vottorð Hauks Árnasonar hljóðar svo:

„ÁVERKAVOTTORÐ

Sj.: Bertram Möller, f. 11.01.43, Tunguvegi 24, Reykjavík.

Hinn 16/2 1973, kl. 15.45, kom í sjúkrahúsið í sjúkrabifreið maður, er kvaðst heita ofanskráðu nafni.

Skv. upplýsingum hans varð hann fyrir árás óðs manns þá skömmu áður. Þetta gerðist, þegar Bertram var að lögregluMannsstörfum við Kóngsbakka í Reykjavík, en þangað hafði

hann verið kallaður vegna óspekta, sem ofanskráður maður hafði valdið á þeim stað.

Bertram telur sig hafa fengið högg og spörk í andlitið, en hann reyndi að hemja áðurgreindan árásarmann. Hann telur sig hafa vankast nokkuð við fyrstu atlögu mannsins og mun síðan hafa farið út úr íbúð þeirri, sem þessi árásarmaður dvaldist í, en tveir aðrir lögregluþjónar reyndu að stilla árásarmanninn, sem þó komst út úr íbúðinni, en þá tókst Bertram að hefta för hans lengra.

Við skoðun kom í ljós: Mjög bólginn hægra megin í andliti yfir hægra kinnbeini. Innan á munnholi hægra megin er 1 cm langur skurður. Blætt hefur úr nösum, en ekki er merki um brot á nefbeinum. Hefur marbletti neðan við hægra hné, en ekki er grunur um brot þar.

Teknar voru rtg.myndir af andlitsbeinum og kinnbeini, og greindust ekki brot á þeim. Myndir af ennis- og kjálkaholum sýndu, að þau holrúm voru eðlilega loftfyllt.

Myndir af hægra hné sýna merki um gamlan áverka á hægra hné.

Sj. fékk hér Valiumsprautu, en hann var síðan skoðaður af heilachir. Bjarna Hannessyni, sem taldi taugaskoðun eðlilega og ekki merki um brot á höfuðkúpubeinum.

Haft var símasamband við sj. 18/2, og taldi hann þá líðan sína góða, en var ráðlagt að liggja áfram.

Kom til eftirlits 26/2. Taldi líðan sína þá sæmilega, en segist ekki sjá eins vel með hægra auga og því vinstra. Segist fá svima, ef hann situr eða stendur lengi. Fær af sömu orsökum einnig skjálfta og svitnar. Blóðþr. var 130/90, púls 80/mín. Við skoðun þá var mar að miklu leyti horfið, nema í hvítu hægra auga utanvert. Vegna augneinkenna var Bertram útvegaður tími hjá augnlækni (Guðmundi Björnssyni).

Vottast skv. sjúkraskrá Bertrams Möllers og að beiðni rannsóknarlögr. Eggerts Bjarnasonar".

„Vottorð

Það vottast hér með, að Bertram Henry Möller, f. 11.01.43, Tunguvegi 24, R., leitaði á göngudeild augndeildar Landakotsspítala 26.02.74. Var hann þá með glóðarauga á hægra auga og blæðingu undir slímhúð (conjunctiva) á sama auga. Sjón með glerjum var 6/6 á báðum augum.

Í dag leitaði ofanskráður til undirritaðs vegna vottorðs. Sjón-

skerpa í dag er 6/6 á báðum augum með glerjum. Gerð var almenn augnskoðun, og fannst ekkert sjúklegt, sérstaklega ekkert sem benti á afleiðingar fyrra slyss".

II. Persónulegir hagir ákærða.

1. Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 16. f. m., hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

1954 22/5 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt, 345 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spellvirki.

1954 9/6 Reykjavík: Dómur: 1.200 kr. sekt, 1.050 kr. skaðabætur fyrir árás og óspektir.

1957 29/1 Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald, skilorðsbundið í 3 ár, 6.000 kr. skaðabætur, fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga.

1960 8/7 Reykjavík: Kærður fyrir árás. Fellt niður skv. bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6/9 1960. Galt skaðabætur.

1960 28/8 Reykjavík: Kærður fyrir árás. Galt skaðabætur. Fellt niður skv. 42. gr. laga nr. 27/1951.

1964 15/4 Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1965 27/1 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1966 15/4 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 90.000.

1966 25/8 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. umferðarlaga.

1968 13/2 Árnessýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.

1976 24/3 Reykjavík: Sátt, 9.000 kr. sekt fyrir brot á 48. og 50. gr. umferðarlaga.

2. Skýrsla um geðheilbrigði ákærða.

6. mars 1974 var óskað eftir skýrslu um geðheilbrigði ákærða. Skýrsla Jóhannesar Bergsveinssonar, sérfræðings í geðlækningum, um þá rannsókn er svohljóðandi:

„Sakadómarinn í Reykjavík hefur með bréfi, dags. 6. mars 1974, beðið um, að fram færi rannsókn á geðheilbrigði Friðriks Tómasar Alexanderssonar, til heimilis að Kóngsbakka 1, Reykjavík, í sambandi við rannsókn vegna kæru á hendur honum um líkamsárás.

Geðrannsókn hefur nú farið fram, og fylgir hér á eftir skýrsla

um hana og niðurstöður hennar ásamt málsskjölum, sem endursendast.

Upplýsingar þær, sem þessi rannsókn byggist á, eru frá Friðriki Tómasi Alexanderssyni sjálfum, bróður hans Markúsi Alexanderssyni, systur hans Ásdísi Alexandersdóttur og málsskjölum, sem ég hefi fengið til hliðsjónar við rannsóknina.

Friðrik Tómas Alexandersson er fæddur að Grund í Kolbeinsstaðahreppi þann 24. 8. 1933. 3ja—4ra ára gamall flyst hann með foreldrum sínum til Reykjavíkur, en þar elst hann upp í Laugarneshverfi. Hann er sonur hjónanna Alexanders Guðmundssonar, sem var rjómaísgerðarmaður í Reykjavík, og eiginkonu hans, Margrétar Aðalheiðar Friðriksdóttur. Foreldrar Friðriks eru bæði látin, faðir dó árið 1971 úr hjartaslagi, en móðir er nýlátin úr heilablæðingu. Alexander, faðir Friðriks, var bóndasonur frá Grund í Kolbeinsstaðahreppi. Eftir að hann fluttist til Reykjavíkur, vann hann um tíma við mjólkureftirlit hjá borgarlækni, en frá 1936 eða 37 setti hann á stofn rjómaísgerð, sem hann rak til dauðadags, en Friðrik og systkini hans hafa rekið síðan. Hann var alla tíð nokkuð drykkfelldur, og jókst drykkja hans með árunum. Hann tók þá drykkjutúra, sem staðið gátu allt upp í viku til 1/2 mánuð, en þess á milli var hann edrú. Síðustu árin hneigðist hann einnig til misnotkunar lyfja. Honum er lýst sem skapmanni, ströngum, sérstæðum í skoðunum og ágætlega máli farinn. Hann hélt að sögn allgóðum aga á heimilinu. Áfengismisnotkun Alexanders hafði neikvæð áhrif á heimilislífið á bernskuheimili Friðriks, móður hans var hún mjög á móti skapi. Alexander átti til að verða uppstökkur, þegar leið á drykkjutúrana, og kom þá fyrir, að hann beitti eiginkonu sína líkamlegu ofbeldi. Þetta þoldi Friðrik illa, því hann var mjög hændur að móður sinni. Áfengismisnotkun Alexanders truflaði ekki fjárhagsafkomu heimilisins að heitið gæti, og komust þau sæmilega af.

Margréti, móður Friðriks, er hins vegar lýst sem heldur skaplítilli og gæfri konu. Þegar hún komst á menopausualdurinn og börnin fóru að fara að heiman, veiktist hún af þunglyndi, sem þjáði hana æ síðan. Sambúð þeirra foreldra Friðriks, Alexanders og Margrétar, virðist, burtséð frá drykkju Alexanders, hafa verið stórátakalaus á yfirborðinu, en upp úr henni slitnaði, eftir að Margrét veiktist, og slitu þau samvistum að lokum. Sem unglingur segist Friðrik hafa borið hefndarhug til föður síns

vegna framkomu hans við móðurina, þegar hann var drukkinn, og 18 ára gamall hafði hann beitt föður sinn líkamlegu ofbeldi til þess að hindra hann fyrir fullt og allt í því að meðhöndla hana svona.

Talsverð drykkjuhneigð er í föðurætt Friðriks. Föðurafi hans, faðir og flestir föðurbræður voru drykkfelldir, drukku í túrum. Að minnsta kosti 3 föðurbræður hafa verið innlagðir á geðdeild eða hæli af þessum sökum. Faðirinn og a. m. k. einn föðurbróðir munu einnig hafa misnotað eitthvað önnur efni en áfengi. Einn af þessum föðurbræðrum sjúklings hefur áberandi skapgerðargalla. Margrét, móðir Friðriks, föðuramma hennar og föðursystir þjáðust af þunglyndisköstum, og var sjúkdómur Margrétar talinn vera psykosis maniodepressiva, sem byrjaði upp úr menopausunni.

Friðrik er hjónabandsbarn, nr. 2 af 4 systkinum, 2 bræðrum og 2 systrum. Yngsta systirin, Guðrún, dó 1947, 10 ára gömul, úr mænusótt. Hinum 2 systkinunum, sem á lífi eru, hefur heilsast og vegnað vel. Þau virðast við eðlilega geðheilsu.

Ekki er annað vitað en fæðing hafi gengið eðlilega og Friðrik þroskast eðlilega. Þó var hann að sögn skírður skemmri skírn af ótta við, að hann myndi deyja vegna áverka, er hann hlaut á höfuð, er eldra systkini, óviti, steig ofan á höfuð hans, þar sem hann lá kornabarn í vöggu sinni. Ekki virðist þessi höfuðáverki þó hafa haft áhrif á þroska hans, svo merkt yrði. Hann var heilsuhraustur sem barn, en fékk þó barnasjúkdóm án sérstaks fylgikvilla, en fengi hann verulega hitahækkun, fékk hann alltaf óráð.

Fram eftir aldri var hann nokkuð smár vexti, en mesti fjörkálfur, óragur og oftast foringi í leikjum jafnaldra sinna og leikfélaga. Sjálfur segist Friðrik hafa haft nokkra minnimáttarkennd vegna þess, hve smár hann var vexti, þar til hann tók út vöxt um það leyti að hann var á 15. ári. Hann var nokkur sumur í sveit hjá móðurfólki sínu á Vestfjörðum og síðar á síldarplani að sumrinu.

Friðrik gekk í barnaskóla Laugarness og síðar í gagnfræðaskóla Austurbæjar. Honum gekk námið heldur illa, bæði í barnaskóla og gagnfræðaskóla. Hann var áhugalaus um námið, en meira upptekinn af leikjum og íþróttum. Að eigin sögn var hann ódæll og uppivöðslusamur í skóla, stríddi kennurum og vakti á sér athygli með prakkarastrikum. Var oftlega látinn víkja úr

skóla um tíma og var færður til m. a. einu sinni eftir að hafa ráðist af heift á kennara sinn. Hann segir sjálfur að hugur sinn hafi alltaf staðið til sjómennsku, þegar hann var barn. Að gagnfræðaskólanámi loknu fór hann svo til sjós, fyrst á togara og var á þeim í 1—2 ár. Síðan var hann í siglingum á norskum farskipum til þess að ná sér í siglingatíma á farskipum með það fyrir augum að fara í Sjómannaskólann og ljúka farmannsprófi. Hóf nám í Sjómannaskólanum 1953, lauk því 1956. Eftir að hann kom í Sjómannaskólann, glæddist námsáhugi hans, og sóttist honum þá námið vel.

Að loknu stýrimannsprófi fór hann aftur í siglingar á norskum farskipum sem annar og fyrsti stýrimaður. Sigldi hann þá mest til Mið-Ameríku og Bandaríkjanna. Á árunum 1957—62 sigldi hann sem stýrimaður á skipum frá United Fruit Company í bananaflutningum milli Mið-Ameríku og Bandaríkjanna. Á þessum árum var hann á 4—5 skipum sem stýrimaður. Þegar þessir bananaflutningar drógust saman og skipafélagið fækkaði starfsmönnum, flutti hann sig á tankskip frá Liberiu og sigldi á því í 1 ár frá 1962—63, en fluttist þá heim til Íslands og hóf að reka rjómaísgerð og ísbúð, sem hann rak á árunum 1964—66. Hætti þá rekstrinum, kvæntist og fór aftur til sjós. Fyrstu 5 mánuði ársins 1967 dvaldi hann austur á Litla-Hrauni og afplánaði fangelsisdóm. Eftir það slitnaði upp úr hjónabandinu, og hann fór aftur til sjós, en vann síðan sem mælingamaður um tíma. Á árunum 1968—1972 var hann aftur í siglingum hjá ýmsum erlendum skipafélögum sem stýrimaður og stundum skipstjóri. Virðist hann oft hafa skipt um skip og nokkrum sinnum um skipafélög, en að nokkru leyti virðast þessi tíðu skipti hafa ráðist af rótleysi, tilraunum til að komast í betri pláss og að nokkru leyti af explosivri hegðun og erfiðleikum með að beygja sig undir aga útgerðarfyrirtækjanna. Sjálfur segir hann, að alltaf hafi verið í sér eirðarleysi og hann geti ekki verið kyrr á sama stað lengi. Hann hefur alltaf viljað vera sinn eigin húsbóndi, skapmikill og yfirleitt látið illa að stjórn.

Alexander, faðir Friðriks, lést í maí 1971. Elsta systir Friðriks tók þá við rekstri fyrirtækis hans, rjómaísgerðinni, og rak það til bráðabirgða sem dánarbú, þar til Friðrik kom heim og tók við rekstri fyrirtækisins 1. sept. 1972 og hefur rekið það síðan. Samkvæmt umsögn bróður hans hefur rekstur fyrirtækisins í höndum Friðriks verið í bestu reglu. Hann rekur fyrirtækið af dugnaði og hagsýni og stendur vel í skilum með allar greiðslur.

Telur hann, að þannig hafi yfirleitt Friðrik leyst störf sín af hendi, hvar sem hann hafi verið.

Árið 1966 kvæntist Friðrik Kristbjörgu Ágústsdóttur. Þau höfðu þekkst í 1 ár fyrir þann tíma. Sambúð þeirra stóð í 1 ár, og eignuðust þau 1 telpu, sem nú er á 7. árinu. Þau munu hafa verið ólík að skapferli. Friðrik þoldi illa að vera bundinn af hjónabandi. Eftir dvöl hans á Litla-Hrauni slitnaði upp úr sambúðinni, og þau skildu. Fyrir hjónabandið hafði hann eignast barn með annarri konu 1965. Núverandi sambýliskonu sinni, Hildi Hafsteinsdóttur, 24 ára gamalli, kynntist hann í febrúar 1973, og fóru þau að búa saman í ágúst sama ár. Í september fór hún að vinna í fyrirtæki hans, ísbúðinni við Laugalæk.

Um líkamlegt heilsufar Friðriks er það að segja, að hann hefur alltaf verið heilsuhraustur. Aldrei orðið fyrir alvarlegum slysum eða áverkum, ef undan er skilið það, sem henti hann sem kornabarn og getið er hér að framan. Hann hefur aldrei legið lengri legur heima eða á sjúkrahúsum. Hann hefur aldrei fengið krampa eða flogaveikiskröst. Í sambandi við iðkun hnefaleika eða í slagsmálum hefur hann aldrei verið sleginn rothöggi. Hann hefur nokkrum sinnum fengið lekanda og verið meðhöndlaður vegna þess, en aldrei fengið sárasótt.

Af systkinum sínum er Friðrik lýst sem glaðlyndum, tápmiklum krakka og unglingi, sem var sérlega óragur og alltaf hafði forystu í leik. Hann var yfirleitt hrókur alls fagnaðar, sérlega orðheppinn og skrifaði góðan stíl. Yfirleitt kurteis í umgengni við annað fólk og hafði góða framkomu, en skapmikill og lá þá ekki á reiði sinni. Ekki áreitinn að fyrra bragði ódrukkinn, en undir áhrifum áfengis, einkum seinni árin, farið að bera á því, að honum sé laus höndin. Að sögn Markúsar bróður hans ræðst hann þó yfirleitt ekki á fólk algjörlega að tilefnislausu. Markús telur sig hafa orðið þess varan, að orðheppni hans frá fyrri árum sé horfin og hann eigi stundum erfitt með að svara fyrir sig, einkum sé hann undir verulegum áfengisáhrifum og hætti honum þá til að svara fyrir sig með höndum í stað orða. Friðrik lagði mikla stund á íþróttir hér áður fyrr, einkum knattspyrnu, og á Sjómannaskólaárunum 1953—56 lagði hann stund á hnefaleika í léttþungavigt hjá íþróttafélaginu Ármann. Þjálfaði sig talsvert, en tók aldrei þátt í keppnum. Árið 1963 lærði hann hnefaleika úti í Bandaríkjunum í 5 vikur með það fyrir augum að reyna sig sem atvinnumaður, en ekkert varð úr keppni, þar sem léleg sjón á v. auga kom í veg fyrir það. Sjálfur telur Frið-

rik, að hann hafi fengið útrás fyrir innibyrgða reiði með hnefaleikaiðkunum sínum.

Neytti fyrst áfengis 18 ára gamall, allt var það í hófi til að byrja með. Meðan hann var í siglingum, neytti hann oft áfengis, en drakk þá yfirleitt bjór og varð sjaldan verulega drukkinn. Allra síðustu árin hefur hann yfirleitt neytt áfengis um flestar helgar. Neytir þá sterks áfengis og verður oft verulega drukkinn, þannig að hann man ekki allt sem gerist. Oftast drekkur hann þó ekki fleiri daga í röð, en mest hefur hann verið við áfengið í 5 daga í einu, eftir að hann kom hingað heim. Hann á ekki í neinum sérstökum erfiðleikum með að láta vera að neyta áfengis, og hann réttir sig ekki af reglulega daginn eftir. Hins vegar á hann erfitt með að tempra magnið, sem hann neytir hverju sinni, einkum ef að um sterkt áfengi er að ræða. Hann hefur aldrei fengið veruleg fráhvarfseinkenni eftir áfengisneyslu og aldrei DT. Eins og að framan er getið, kemur það fyrir, að meiriháttar áfengisneysla truflar verulega hugsun hans og breytir framkomu hans og hegðun.

Aldrei hefur borið á neinum óeðlilegum, langvarandi geðslagssveiflum hjá Friðrik. Hann hefur aldrei verið haldinn ofskynjunum eða ranghugmyndum, svo vitað sé, og aldrei hefur borið á afbrigðilegri hegðun hjá honum, nema þegar hann hefur verið undir áfengisáhrifum.

Samkvæmt sakavottorði hefur Friðrik árið 1954 verið dæmdur fyrir árás og óspektir og auk þess 4 sinnum síðar kærður fyrir sams konar athæfi fram til ársins 1966. Í ljósriti af málsskjölum kemur fram, að hann hefur ennfremur á árunum 1970—74 ráðist á 10 einstaklinga þannig, að minnsta kosti 7 þeirra hlutu áverka. Í öllum þeim tilvikum mun hann hafa verið meira eða minna undir áhrifum áfengis. Frásögnum hans af málsatvikum ber yfirleitt saman við það, sem fram kemur í lögregluskýrslum, að svo miklu leyti sem hann man eftir atvikum, en oft segist hann hafa verið talsvert drukkinn og minni sitt gloppótt. Þannig man hann lítið frá atburðum hinn 16. febrúar 1974, er hann réðst á Jón Guðmundsson, leigubifreiðarstjóra, og Berta Möller, lögregluþjón, að Kóngsbakka 1 hér í Reykjavík. Var þá að eigin sögn búinn að neyta 1/2 flösku af sterku áfengi á 4½ klukkutíma. Síðari árin hefur hann orðið þess var, að þegar hann hefur drukkið visst magn af áfengi, virðist eins og klippt sé á þráð, og hann glatar öllu minni. Aftur á móti virðist hann muna allvel að segja frá atburðum, er hann, aðfaranótt 3. des. 1973, réðst á

Árna Gíslason fyrir utan ísbúðina við Laugalæk. Að sögn hans var aðdragandinn sá, að hann fór ásamt sambýliskonu sinni og kunningjahjónum á dansleik í Þórscafé. Þau höfðu meðferðis 2 flöskur af sterku áfengi. Þau voru á dansleiknum í u. þ. b. 3 klukkustundir, og drakk hann stíft þann tíma og var, að því er hann segir, talsvert ölvaður. Eftir dansleikinn ber frásögn hans af atburðarásinni saman við lögregluskýrslur í öllum aðalatriðum. Ástæðan fyrir árás hans á Árna var sú, að því er hann segir, að Árni var áleitinn við Hildi sambýliskonu hans, og taldi hann sig sjá hann þukla á henni, meðan á bílferðinni stóð. „Við sjómenn höfum vanist því, að enginn kássist upp á kvenfólk annara, jafnvel þó það séu mellur, meðan maður er með þeim". Hann segist hafa reiðst ofsalega.

Þann tíma, er hann hefur dvalist erlendis, segist hann aðeins einu sinni hafa lent í höndum lögreglunnar vegna slagsmála, og var það í New York árið 1962 að því er hann minnir. Var hann þá drukkinn og lenti í slagsmálum við næturvörð á hóteli. Var hann hafður í haldi yfir nótt, en sleppt síðan. Ástæðan fyrir því, að hann hefur svona miklu sjaldnar lent í útistöðum erlendis en hér heima, telur hann vera þá, að þar hefur hann fyrst og fremst neytt áfengs öls, en af neyslu þess hefur hann yfirleitt ekki orðið eins ölvaður og af neyslu hins sterka áfengis hér heima.

Líkamleg rannsókn með nevrologiskri skoðun og venjulegri blóðrannsókn leiddi ekkert óvenjulegt í ljós, nema merki um gömul beinbrot á V. metacarpal-beini hægri handar. Líkamsvöxtur hans er íþróttamannslegur, vöðvamikill og vel byggður. Heilaafrit (EEG) sýndi: Ekkert með vissu abnormalt, en vöðvatruflanir áberandi.

Í samtölum virðist Friðrik rólegur, en augsýnilega nokkuð spenntur. Hann neitar þó, að hann finni til innri spennu. Hann er þvalur í lófum. Samvinna er góð. Hann svarar spurningum skilmerkilega og segir frá ótilkvaddur. Nokkrum sinnum gleymir hann sér í hita frásögunnar og hlær óþvingað. Hann er mjög opinn í viðræðum og framkomu, ófeiminn og hressilegur. Hann virðist eiga auðvelt með að mynda skjót yfirborðsleg geðtengsl, en virðist hins vegar skorta hæfni til þess að mynda dýpri geðtengsl. Ekki kemur fram hjá honum kvíði, iðran eða eftirsjá vegna þess sársauka og óþæginda, er hann hefur valdið einstaklingum þeim, er hann réðst á og olli áverkum. Hann virðist heldur ekki hafa neina sérstaka þörf fyrir að réttlæta gerðir sínar, en finnst það hins vegar fullnægjandi skýring á því, að hann réðst

t. d. á Árna Gíslason, að „enginn kássast upp á kvenfólk annarra, jafnvel þótt það séu mellur, meðan maður er með þeim". Aftur á móti kemur heldur ekki fram hjá honum nein sérstök reiði í garð þeirra, er staðið hafa að því að fangelsa hann og refsa honum fyrir gjörðir hans. Lítur á það sem rökrétta afleiðingu af þeim. Honum finnst hálf-broslegt, að lögreglan virðist vera hálfhrædd við hann, „því þetta gerist aðeins, þegar ég hef drukkið. Nú er ég ekki hættulegri en þú." Geðslag virðist nánast hlutlaust. Það eru engin merki um ofskynjanir. Hann kemur ekki fram með neinar ranghugmyndir. Hugsun og hugsanatengsl eru eðlileg. Meðvitund er skýr. Hann á auðvelt með að einbeita sér að frásögn. Minni er ekki áberandi truflað, ef frá er talið minni frá atvikum, er áttu sér stað, þegar hann var undir áfengisáhrifum. Greind virðist í góðu meðallagi.

Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur, framkvæmdi sálfræðilega rannsókn hjá honum í sambandi við geðrannsóknina. Niðurstöður Gylfa Ásmundssonar voru: „Rannsókn þessi leiðir í ljós, að Friðrik Alexandersson er ekki haldinn alvarlegri geðveiki (psykosis) eða taugaveiklun (nevrosis). Hins vegar hefur hann til að bera meiri háttar skapgerðargalla, sem mætti flokka undir geðveilu (psykopatiu). Hún lýsir sér einkum hjá honum í dómgreindarlausri hegðun, skorti á hæfni til að mynda geðtengsli eða lifa sig inn í tilfinningar annarra, fjandsamlegri afstöðu og jafnvel árásargirni á köflum til þeirra, sem standa í vegi fyrir tafarlausri fullnægingu hvata hans. Hann hefur mjög laka geðstjórn, ef svo ber undir, einkum undir áhrifum áfengis gæti hann gersamlega misst stjórn á skapi sínu og framið óhæfuverk.

Friðrik er heldur eðlisgreindur, og mælist greind hans yfir meðallag. Hins vegar nýtist honum greindin ekki til fulls vegna fljótfærni, kæruleysis og of sjálfmiðaðrar afstöðu til kringumstæðnanna.

Hann er vel sjálfbjarga og hefur allgott sjálfstraust, laus við taugaveiklunareinkenni að mestu. Skapbrestir hans koma fyrst og fremst niður á öðrum".

Álit mitt er því:

Friðrik Tómas Alexandersson er hvorki geðveikur né verulega taugaveiklaður. Hann er eðlisgreindur einstaklingur með greind yfir meðallag. Hann er hins vegar haldinn meiri háttar skapgerðargalla, sem flokka má undir geðvillu (psykopatiu). Skapgerðargallinn kemur fram hjá honum fyrst og fremst sem skort-

ur á hæfni til þess að mynda dýpri geðtengsl, eða lifa sig inn í tilfinningar annarra, fjandsamlegri afstöðu og jafnvel árásargirni til þeirra, sem standa í vegi fyrir tafarlausri fullnægingu hvata hans. Þótt hegðun hans undir venjulegum kringumstæðum sé yfirleitt innan eðlilegra marka, þá hættir honum til dómgreindarlausrar hegðunar, og geðstjórn hans er mjög lök. Þessir annmarkar á skapgerð hans verða miklu meira áberandi og hættulegri, ef við bætast aðstæður, sem yfirleitt raska dómgreind og hömlum á tilfinningalífi og hegðun, svo sem til dæmis tilfinningalegt uppnám, áfengisáhrif eða áhrif annarra slævandi eða örvandi efna. Friðrik hefur hneigst til ofneyslu áfengis. Hann er byrjaður að tapa stjórn á áfengisneyslu sinni þannig, að hann getur ekki alltaf hætt neyslu þess, áður en hann er orðinn ofurölvi. Hann er einnig byrjaður að fá minnisgloppur („black-out") þegar hann neytir áfengis, án þess þó að hann verði út úr drukkinn. Hann er hins vegar ekki haldinn óviðráðanlegri löngun í áfengi og þarf ekki að jafnaði að rétta sig af daginn eftir meiri háttar áfengisneyslu, þótt hann geri það stundum. Áfengisneysla hans verður því að teljast ofneysla á mörkum þess að þróast yfir í drykkjusýki.

Við rannsóknina hefur ekkert komið fram, sem sérstaklega bendir til heilaskemmda eða til þess, að hann sé haldinn flogaveiki. Hann hefur enga sögu, er bendir til flogaveikiskasta, og heilaafrit (EEG) sýndi engar slíkar breytingar. Það er ekki ástæða til þess að ætla, að hann hafi verið í óeðlilegri áfengisvímu (abnormal rus), er hann framkvæmdi árásirnar. Þótt minni hans frá atburðum sé oftlega gloppótt, er hann vel ferðafær, er þessir atburðir hafa átt sér stað, man hann t. d. allglöggt eftir rás viðburða í sambandi við eina árásina og hafði þó drukkið verulegt magn sterks áfengis, þegar þetta gerðist. Minnisglompur („black-outs") eru algengt einkenni hjá ofneytendum áfengis, sem eru á mörkum ofneyslu og drykkjusýki, svo og hjá drykkjusjúklingum. Það er því engin sérstök ástæða til þess að rengja minnisleysi hans um rás viðburða í sambandi við árásir þær, sem hann er ákærður fyrir, þar eð hann var þá alltaf undir áfengisáhrifum.

Friðrik Tómas Alexandersson hlýtur að teljast sakhæfur. Hann hefur góða greind og eðlilegan skilning á rökréttu samhengi orsaka og afleiðinga. Fyrri reynsla hefði átt að gera honum ljóst, hvers hann má vænta, ef hann skerðir dómgreind og hömlur með neyslu sterks áfengis".

III. Niðurstöður.

A. Refsihlið.

1. Með framburðum vitna er nægilega sannað, að ákærði hefur veist að tilefnislausu að Lárusi Lárussyni og veitt honum þann áverka, sem getið er um í ákæru og vottorði Bergþórs Smára læknis. Háttsemi þessi varðar við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Með játningu ákærða og vitnaframburðum, er einnig sannað, að ákærði sló Gunnar Marel Friðþjófsson með þeim afleiðingum, sem í ákæru og læknisvottorði greinir, og varðar sú háttsemi við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ekkert er fram komið um, að ákærði hafi slegið Guðjón Inga Sigurðsson, svo að hann hlyti af því áverka á eyra eða tannbrot. Hitt telst hins vegar nægjanlega sannað með framburði Guðjóns Inga, að ákærði hafi slegið hann eitt högg, sennilega í maga, enda hefur ákærði ekki mótmælt því. Ekki hlutust nein meiðsli af þessu. Háttsemin varðar við 217. gr. laga nr. 19/1940.

4. Að nokkru með játningum ákærða og með vitnaframburðum er nægilega sannað, að ákærði hefur ráðist að Viðari Loftssyni og Jónatan Hall á þann hátt og með þeim afleiðingum, er í ákæru greinir. Umrætt sinn var Jónatan að sinna löggæslustörfum. Þegar það er virt, að Jónatan hefur borið, að hann hafi kynnt sig sem lögreglumann, ákærði hefur borið, að þarna hafi verið um að ræða einhvern eftirlitsmann og hann gaf honum upp nafn sitt, verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gert sér grein fyrir, að þarna var lögregluþjónn á ferð. Háttsemi þessi varðar því við 1. mgr. 106. gr. auk 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga.

5. Með játningu ákærða og vitnaframburðum, er sannað, að ákærði réðst að Árna Gíslasyni, eins og í ákæru segir, með þeim afleiðingum, að Árni hlaut þá áverka, sem í ákæru og vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis greinir. Varðar þessi árás við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

6. Loks er sannað með framburðum vitna og að nokkru með játningu ákærða, að hann hefur ráðist á Jón Guðmundsson og Bertram Henry Möller, eins og í ákæru greinir, með þeim afleiðingum, sem tilgreindar eru í framlögðum læknisvottorðum. Þessi háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 106. gr. (að því er árásina á Bertram Henry varðar) og 217. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu verjanda ákærða hefur því verið haldið fram, að sakir þær, sem greindar eru í 1. til 4. tölulið ákærunnar, séu fyrndar samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga. Rétt er, að

engin réttarrannsókn fór fram út af þessum sökum fyrir birtingu ákæru í dómi 20. febrúar 1975, en þá stöðvaðist fyrningarfrestur. Einnig ber að líta á, að ítrekunaráhrif dóms yfir ákærða frá 15. apríl 1966 voru ekki fallin niður, er brot þessi voru framin. Þegar sá dómur er virtur og fyrri brotaferill ákærða, hefði refsing sú, er hann vann til fyrir hverja sök fyrir sig, sem greind er í ákæruliðum 1, 2 og 4, ekki orðið vægari en fangelsi, sbr. 2. tölulið 81. gr. almennra hegningarlaga. Krafa um sýknu vegna fyrningar þessarra saka verður því eigi tekin til greina, en hins vegar verður fallist á, að sökin, sem ákært er fyrir í 3. lið, teljist fyrnd.

Samkvæmt 1. mgr. 106. gr., 1. mgr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga telst refsing ákærða hæfilega metin með vísan til 71. gr., 77. gr. og 78. gr. hæfilega ákveðin (sic) fangelsi í 16 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða frá 17. febrúar til 8. apríl 1974 dregst frá með fullri dagatölu samkvæmt 76. gr. sömu laga.

B. Bótahlið.

Með bréfi, dagsettu 10. ágúst (sic), til rannsóknarlögreglunnar, gerði Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Lárusar Lárussonar þá kröfu, að ákærði greiddi honum í bætur fyrir sársauka og óþægindi kr. 30.000 með 7% ársvöxtum frá 21. febrúar 1970 til greiðsludags og málskostnað skv. taxta lögmanna að fjárhæð kr. 5.500 auk kostnaðar við læknisvottorð. 1. desember ritaði Lárus Lárusson dóminum svohljóðandi: „Ég undirritaður, Lárus Lárusson, Brekkuseli 16, Reykjavík, f. 17. 01. 1942, geri þá kröfu, að skaðabætur og annar kostnaður, sem ég fór fram á árið 1970 vegna kæru á Friðrik Alexandersson, kr. 30.000, verði nú kr. 150.000, eitt hundrað og fimmtíu þúsund". Af hálfu ákærða hefur verið fallist á fyrri kröfuna, en þeirri seinni mótmælt sem of hárri.

Í opinberu máli verður ekki dæmt um innheimtuþóknun lögmannsins. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um kostnaðinn við læknisvottorðið, og því er ekki hægt að taka þann kröfulið til greina. Hins vegar þykir árásarþolinn, Lárus Lárusson, eiga rétt á miskabótum, sem teljast hæfilega metnar á kr. 100.000 ásamt 7% vöxtum frá 21. febrúar 1970, eins og krafist var.

Einnig liggur fyrir í málinu skaðabótakrafa frá Gunnari Marel Friðþjófssyni að fjárhæð kr. 8.000 vegna vinnutaps og útlagðs kostnaðar. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, sem verður því tekin til greina að fullu.

Árni Vernharður Gíslason hefur gert skaðabótakröfu á hendur ákærða, samtals að fjárhæð kr. 116.260, sem sundurliðast þannig:

1)	Læknisvottorð	kr. 1.000
2)	Myndataka	— 760
3)	Hreinsun á fatnaði	— 500
4)	Vinnutap í 7 daga	— 20.000
5)	Bætur fyrir þjáningar, lýti, óþægindi	— 80.000
6)	Útl. lögfræðikostnaður vegna gerðar bótakröfu	— 14.000
	Samtals kr.	116.260

Um 1.—3. Reikningur liggur fyrir um 1. lið, sem tekinn verður til greina. Gögn vantar að vísu fyrir hinum, en þar sem þeir eru hóflegir, verða þeir teknir til greina.

Um 4. Ljóst er, að kærandi, sem rekur sjálfstæðan atvinnurekstur, á óhægt um vik að leggja fram gögn vegna þessa liðs. Þar sem kröfuliðurinn er hóflegur, verður hann tekinn til greina að fullu.

Um 5. Þessi liður telst ekki of hár miðað við meiðsli, og er tekinn til greina.

Um 6. Þar sem bótakrafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli, verður ekki dæmt um lögfræðikostnað.

Ekki var gerð vaxtakrafa.

Samkvæmt þessu greiði ákærði Árna Vernharði kr. 1.000 + 760 + 500 + 20.000 + 80.000, eða samtals kr. 102.260.

Af hálfu Jóns Guðmundssonar hefur verið gerð eftirfarandi bótakrafa:

1.	Vinnutap í 7 daga	kr. 18.000
2.	Læknisskoðun	— 400
3.	Miskabætur	— 50.000
4.	Lögfræðileg aðstoð skv. gjaldskrá LMFÍ	— 10.740
	Samtals kr.	79.140

Ekki hafa verið lögð fram nein gögn til styrktar 1. kröfulið. Þegar þess er gætt, að Jón var leigubifreiðarstjóri og því óhægt um vik að afla gagna um beint vinnutap, og kröfulið þessum er stillt í hóf, þykir rétt að taka hann til greina. Einnig er kröfuliðum 2 og 3 stillt í hóf, og verða þeir einnig teknir til greina. Þar sem bótakrafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli, verður ekki dæmt um lögfræðikostnað. Ekki var gerð vaxtakrafa.

Þannig ber ákærða að greiða Jóni Guðmundssyni kr. 18.000 + 400 + 50.000, samtals kr. 68.400.

Bertram Henry Möller hefur gert svohljóðandi bótakröfu:

Bætur, vinnutap ..... kr. 30.438.50
Miskabætur fyrir þjáningar og óþægindi ..... — 300.000.00

Samtals kr. 330.438.50

Bótakröfunni fylgdu 2 vottorð svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að Bertram Möller, lögregluþjóni nr. 55, höfðu verið falin sérstök löggæslustörf dagana 18., 19. og 20. febrúar s.l., en Bertram var þessa daga frá störfum vegna meiðsla.

Fyrir þessi störf hefði Bertram fengið greitt í aukavinnu sem hér segir:

18/2 20 klst. og 42 mín. skv. 18. lfl. á 508.06 pr. klst. 10.516.90
19/2 10 klst. og 36 mín. skv. 18. lfl. á 508.06 pr. klst. 5.385.50
20/2 1 klst. og 00 mín. skv. 18. lfl. á 508.06 pr. klst. 508.06

Alls kr. 16.410.50

Virðingarfyllst,
Sigurður Sigurgeirsson varðstjóri".

„Það vottast hér með, að Bertram Möller, Tunguvegi 24, Reykjavík, átti að leika með hljómsveitinni Þyrnum í Átthagasal Hótel Sögu, Reykjavík, þann 16., 22. og 23. febrúar s.l., en af því varð ekki vegna forfalla Bertrams.

Hefði Bertram leikið með hljómsveitinni umrædd kvöld, hefðu laun hans orðið sem hér segir:

16. febrúar kr. 4.676:00
22. febrúar — 4.676:00
23. febrúar — 4.676:00

Samtals kr. 14.028:00
Virðingarfyllst.
Arthur R. Moon, Bólstaðarhlíð 15 Rvk.".

Rétt þykir að taka bótaliðinn fyrir missi vinnulauna að fullu til greina, eða fjárhæð kr. 30.438.50. Kröfuna um miskabætur þykir ekki rétt að taka til greina að fullu gegn mótmælum. Hæfilegar bætur miðað við málavexti þykja vera að fjárhæð kr. 250.000. Ekki hefur verið gerð krafa um greiðslu vaxta. Ákærði greiði því Bertram Henry Möller kr. 280.438.50, sem breytast í

kr. 280.439 samkvæmt 8. gr. laga um gjaldmiðil Íslands, sbr. lög nr. 38/1974 og reglugerð nr. 339 frá sama ári.

C. Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins, m. a. á saksóknarlaunum í ríkissjóð að fjárhæð kr. 100.000 og réttargæslu- og málsvarnarlaunum skipaðs verjanda, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 150.000.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Tómas Alexandersson, sæti fangelsi í 16 mánuði.

Gæsluvarðhald ákærða á tímabilinu 17. febrúar til 8. apríl 1974 komi til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði greiði skaðabætur:

1. Lárusi Lárussyni að fjárhæð kr. 100.000 auk 7% vaxta frá 21. febrúar 1970.
2. Gunnari Marel Friðþjófssyni að fjárhæð kr. 8.000.
3. Árna Vernharði Gíslasyni að fjárhæð kr. 102.260.
4. Jóni Guðmundssyni að fjárhæð kr. 68.400.
5. Bertram Henry Möller að fjárhæð kr. 280.439.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 100.000, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 150.000.

Fimmtudaginn 3. maí 1979.

Nr. 76/1979. **Bragi h/f**
gegn
Benedikt Erni Benediktssyni
Hrefnu Benediktsson
Einari Benediktssyni
Kristínu Svölu Benediktsson
Oddi Benediktssyni
Ragnheiði Benediktsson og
Valgerði Þóru Benediktsson.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með heimild í c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 16. mars 1979, sem barst Hæstarétti 6. apríl s. á. Fyrirsvarsmönnum sóknaraðilja barst vitneskja um hinn kærða úrskurð 5. mars.

Sóknaraðili krefst þess hér fyrir dómi, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lögmanni varnaraðilja dæmt óheimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og fá tekna af honum skýrslu á dómþingi. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, hefur dr. med. Ólafur Bjarnason, prófessor og yfirlæknir við Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg, ekki komið fyrir dóm og lýst afstöðu sinni til þess ágreinings aðilja, sem úrskurðurinn fjallar um. Vottorð það frá lækninum, sem lögmaður varnaraðilja kveðst vilja leggja fram, er um heilsuhagi Einars Benediktssonar. Slíkt vottorð er þó ekki í vörslum lögmannsins eða umbjóðenda hans. Er óvíst, hvort það hefur verið samið.

Heimilt er að lögum, að dr. med. Ólafur Bjarnason komi fyrir dóm í máli aðilja. Um skyldu hans til að svara einstökum spurningum um heilsuhagi Einars Benediktssonar ber að taka afstöðu, þegar spurningarnar hafa komið fram.

Þar sem ekki er fram komið, að dr. Ólafur hafi samið vottorð, sem máli skiptir um ágreining sakaraðilja, er ekki á þessu stigi málsmeðferðarinnar unnt að taka afstöðu til, hvort leggja megi slíkt vottorð fram. Hafa þó allir vandamenn Einars Benediktssonar, sem taldir eru í 3. tl. 25. gr. laga nr. 19/1940, þ. e. varnaraðiljar, lýst sig samþykka því, að vottorð frá lækninum um heilsu Einars sé lagt fram í málinu.

Samkvæmt þessu verður heimilað, að dr. med. Ólafur Bjarnason komi fyrir dóm til skýrslugjafar, en ekki kveðið á um heimild til að leggja fram vottorð hans um það efni, sem fyrr er getið.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Heimilt er, að dr. med. Ólafur Bjarnason komi fyrir dóm til skýrslugjafar í máli nr. 238/1978 á bæjarþingi Reykjavíkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 1. mars 1979.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. febrúar sl., höfðuðu erfingjar Einars Benediktssonar skálds, þeir Hrefna Benediktsson, 2014 West 8th Street, Los Angeles, California 90057, Benedikt Örn Benediktsson, 203 N.W. 41st Street, Seattle, Washington 98107, Einar Benediktsson, 124 Boulevard Haussmann, 75008 Paris, Valgerður Þóra Benediktsson, Hafnarstræti 4, Ísafirði, Ragnheiður Benediktsson, Hagamel 17, Reykjavík, og Kristín Svala Benediktsson Daly, 1600 S. Eads St., Arlington, Va. 22202, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 31. janúar 1978, gegn Braga h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að Bragi h/f hafi ekki öðlast eignarrétt og höfundarétt að verkum Einars Benediktssonar skálds, en til vara, að

viðurkennt verði með dómi, að eignarréttur sá og höfundaréttur að verkum Einars Benediktssonar, sem félagið telji sig hafa öðlast með samningi við Einar Benediktsson 17. janúar 1938, sé niður fallinn. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, Braga h/f.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnenda in solidum.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Við fyrirtöku málsins 20. febrúar sl. lýsti lögmaður stefnenda því yfir, að við næstu fyrirtöku málsins hygðist hann leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða vottorðsgjafa til yfirheyrslu.

Lögmaður stefnda mótmælti því, að lögð yrðu fram gögn varðandi heilsufarsástand Einars Benediktssonar skálds, og jafnframt því, að dr. med. Ólafur Bjarnason yrði yfirheyrður um heilsufar skáldsins. Lögmaðurinn rökstuddi mótmæli sín með skírskotun til 10. gr. laga nr. 80/1969, sbr. rökstuðning í greinargerð á dskj. 15.

Lögmaður stefnenda tók fram, að hann hefði lagt fram umboð sér til handa frá öllum umbjóðendum sínum til þess að afla hvers konar læknisfræðilegra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benediktssonar, þar með talin krufningarskýrsla, og til þess að leggja slík gögn fram í dómi. Lögmaðurinn taldi öll skilyrði þess að leggja umrædd gögn fram vera fyrir hendi skv. 10. gr. laga nr. 80/1969. Máli sínu til stuðnings vísar lögmaðurinn til dóma Hæstaréttar 1945, bls. 315, 1946, bls. 599 og 1947, bls. 70.

Þetta ágreiningsatriði er hér til úrskurðar.

II.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að 13. janúar 1938 hafi verið stofnað í Reykjavík hlutafélagið Bragi. Í stofnsamningi og lögum félagsins segi, að tilgangur félagsins sé sá að kaupa af fyrrverandi sýslumanni Einari Benediktssyni í Herdísarvík eignarrétt að öllu því, sem hann hafi samið, með þeim takmörkunum, sem leiða af áðurgerðum ráðstöfunum hans, svo og birta ritin á hvern hátt, sem vera skal, eða ráðstafa þeim á annan hátt. Félag þetta telji sig hafa gert samning við Einar Benediktsson 17. janúar 1938, þar sem hann hafi selt og afsalað Braga h/f

eignarrétti á öllu því, sem hann hafði samið, og hafi andvirði hins selda verið kr. 7.000. Einar Benediktsson skáld hafi látist í Herdísarvík hinn 12. janúar 1940. Erfingjar Einars Benediktssonar hafi höfðað mál á hendur Braga h/f með stefnu, útgefinni 11. september 1944, til ógildingar á „samningi" frá 17. janúar 1938. Mál þetta hafi verið hafið með dómi bæjarþings Reykjavíkur að kröfu erfingjanna 5. mars 1947, en Bragi h/f hafi ekki haft uppi gagnkröfur um efnisdóm til viðurkenningar á meintum rétti sínum.

Af hálfu stefnenda hefur verið lagt fram sem dskj. 11 umboð, undirritað af stefnendunum Einari, Valgerði Þóru, Ragnheiði, Oddi og Kristínu Svölu Benediktsson, en þau munu vera börn Stefáns Más, sem lést 12. febrúar 1945, sonar Einars Benediktssonar skálds. Umboðið undirritar einnig Sigríður Oddsdóttir, móðir þessara stefnenda.

Í umboði þessu segir m. a.:

„Við undirritaðir erfingjar Einars Benediktssonar, skálds, sem lést í Herdísarvík hinn 12. janúar 1940, veitum hér með Ragnari Aðalsteinssyni, hrl., fullt og ótakmarkað umboð til að höfða fyrir okkar hönd ásamt öðrum erfingjum Einars Benediktssonar mál á hendur Braga h.f., Reykjavík, eða öðrum þeim, sem kunna að telja sig eiga að öllu eða hluta tilkall til höfundaréttar yfir verkum Einars Benediktssonar. Nær umboðið til öflunar viðurkenningar á rétti erfingjanna til höfundaréttarins svo og til annars, sem af því leiðir. Umboð þetta nær og til þess að afla hvers konar læknisfræðilegra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benediktssonar, þ. m. t. krufningaskýrsla, og til að leggja slík gögn fram í dómi."

Á dskj. 12 er umboð undirritað af Hrefnu Benediktsson, í því segir m. a. svo:

„ . . . Nær umboð þetta til hvers konar gagnaöflunar, þ. á m. til að afla gagna um líkamlegt og andlegt ástand Einars Benediktssonar og dánarorsök, svo og til að fá aðgang að hvers konar gögnum, sem við sjálf eigum rétt til. Ennfremur til að gera allt það, sem stuðlar að því, að hugsanlegur réttur okkar verði ekki fyrir borð borinn, þar með talið að höfða mál, ef nauðsynlegt reynist."

Á dskj. 19 er umboð undirritað Benedikt Örn Benediktsson, í því segir m. a.:

„Umboð þetta nær til þess að afla hvers konar læknisfræðilegra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benediktss-

sonar, þ. m. t. krufningarskýrsla, og til að leggja slík gögn fram í dómi."

III.

Stefnendur skýra aðild sína þannig, að stefnendurnir Hrefna Benediktsson og Benedikt Örn Benediktsson séu börn Einars Benediktssonar skálds, en stefnendurnir Einar, Valgerður Þóra, Ragnheiður, Oddur og Kristín Svala séu börn Stefáns Más Benediktssonar, sonar Einars Benediktssonar. Ekkja Stefáns Más, Sigríður Oddsdóttir, sé samþykk málshöfðun þessari. Eigi því allir núlifandi erfingjar Einars Benediktssonar skálds aðild að málshöfðun þessari, en eignarréttur og höfundaréttur að sömdu máli gangi í erfðir eftir almennum reglum.

Aðalkröfu sína byggja stefnendur á eftirfarandi málsástæðum:

Að samningur sá, sem stefndi virðist byggja rétt sinn á og sé af stefnda talinn vera undirritaður af Einari Benediktssyni, sé ekki undirritaður af honum.

Telji dómurinn, að stefnendur hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að Einar Benediktsson hafi ekki undirritað samning þennan, ef hann komi fram í máli þessu og dómurinn telji jafnframt, að stefnendum takist ekki sú sönnun, þá er á því byggt, að Einar Benediktsson hafi ekki verið svo heill heilsu andlega og líkamlega í janúar 1938, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum og samningurinn því ekki bindandi fyrir hann og erfingja hans.

Teljist samningurinn hafa verið gerður þá, er því haldið fram, að hann hafi verið ógildur frá upphafi, þar sem óheiðarlegt hafi verið og sé að bera fyrir sig slíkan samning skv. reglunum um misneytingu og ákvæðum 32. gr. samningalaga.

Aðal- og varakröfur eru enn fremur á því byggðar, að teljist margnefndur samningur hafa verið gerður, þá hafi hann frá upphafi verið ógildur í heild sinni, þar sem hann hafi verið bersýnilega ósanngjarn og hafi brotið og brjóti í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum, sbr. nú 29. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Ekki þykir ástæða til þess að rekja hér frekari rökstuðning stefnenda fyrir varakröfum, þar sem það skiptir ekki máli í sambandi við ágreiningsatriði það, sem hér er til úrlausnar.

Í greinargerð lögmanns stefnenda segir, að lögmaðurinn muni leiða Ólaf Bjarnason, dr. med., fyrir dóm og krefjast þess, að hann sem forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans leggi fram skýrslu um krufningu á líki Einars Benediktssonar, sem minnst

sé á í dskj. nr. 6, og jafnframt óska greinargerðar hans um þá krufningarskýrslu. Jafnframt er þess getið, að frekari rannsóknir á heilsufari Einars heitins Benediktssonar hafi verið gerðar og muni niðurstöður þeirra rannsókna verða lagðar fram í málinu á síðara stigi.

Af hálfu stefnda er aðalkröfu stefnenda mótmælt með skírskotun til dskj. nr. 16, en það er samningur sá, undirritaður af Einari Benediktssyni 17. janúar 1938, er stefndi hafi byggt rétt sinn og starfsemi á fyrr og síðar. Þetta skjal sé undirritað og dagsett af Einari Benediktssyni sjálfum og fullnægi því fullkomlega 154. gr. laga nr. 85/1936 sem einkaskjal, enda áritað af tveimur vottum. Það sé því stefnenda að sanna, að þessi samningur sé falsaður. Ekkert sé fram komið af hálfu stefnenda, sem dregið geti úr sönnunargildi þessa skjals. Með skírskotun til þessa sjáist, að aðalkrafa stefnenda sé tilhæfulaus með öllu.

Þeirri fullyrðingu stefnenda er mótmælt alfarið, að Einar heitinn Benediktsson hafi ekki verið svo heill heilsu andlega og líkamlega í janúar 1938, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum og samningurinn því ekki bindandi fyrir hann og erfingja hans. Ekkert sé fram komið fyrr né síðar og allra síst af hálfu stefnenda, erfingja Einars Benediktssonar, sem kastað geti rýrð á andlega og líkamlega heilsu skáldsins á þeim tíma, sem samningurinn var undirritaður. Kröfu stefnenda um framlagningu krufningarskýrslunnar, ef til sé, er mótmælt með þeim rökum, að það sé alger óhæfa að raska með slíkum hætti grafarfriði hins framliðna og með slíku væri skapað mjög varhugavert fordæmi, sem eindregið beri að leggjast gegn. Þá hafi stefnendur ekki leitt nein rök að mikilvægi skýrslunnar fyrir úrslit málsins, sbr. 10. gr. laga nr. 80/1969. Loks sé krufningarskýrsla, sem gerð sé eftir dauða skáldsins, enginn mælikvarði á líkamlegt og andlegt ástand þess tveimur árum áður, þegar samningurinn á dskj. nr. 16 var gerður.

Engir vottar séu á umboðunum á dskj. 11, 12 og 13, þannig að ekki verði hjá því komist að mótmæla þeim öllum af þeim sökum og krefjast þess, að allir þeir, sem undir þessi skjöl rita, komi fyrir dóm og staðfesti undirskrift sína.

Af hálfu stefnenda sé ekkert komið fram, sem geti rennt stoðum undir fullyrðingu stefnenda um, að samningurinn á dskj. 16 hafi verið ógildur frá upphafi vegna misneytingar og 32. gr. samningalaga.

Greiðsla sú, sem Einar Benediktsson hlaut fyrir að framselja höfundarétt sinn til stefnda, hafi verið veruleg fjárupphæð á sínum tíma. Einari hafi vafalítið verið þessa fjár þörf. Á efri árum sínum hafi hann engrar aðstoðar né umhyggju notið frá erfingjum sínum, enda þótt hann væri þá orðinn eigna- og félítill maður. En vafalítið hafi það jafnframt vakað fyrir Einari Benediktssyni að fela það frambærilegum tilsjónaraðilja, þar sem hæfustu og bestu unnendur skáldskapar hans ættu hlut að máli, að annast skáldskapararf hans. Í hópi þessa fólks hafi einmitt verið frumkvöðlar stefnda og nægi að nefna úr þeirra hópi Valtý Stefánsson ritstjóra og Hlín Johnson. Síðar hafi komið til menn eins og Alexander Jóhannesson prófessor, Pétur Sigurðsson háskólaritari og Magnús Víglundsson ræðismaður, sem nú er stjórnarformaður stefnda. Í 2. mgr. 31. gr. núgildandi höfundalaga sé einmitt að finna skýra lagaheimild fyrir slíkum tilsjónaraðilja og beri að líta svo á sem áskilnaði þeirrar lagagreinar sé fullnægt með samningnum á dskj. 16, enda þótt samningurinn sé ekki í erfðaskrárformi. Megi telja fullvíst, að Einar Benediktsson hefði gert erfðaskrá jafnhliða samningnum, ef sú formkrafa hefði verið í þágildandi höfundalögum.

Höfundaréttur að verkum Einars Benediktssonar renni út í árslok 1990. Það séu þannig aðeins tæp 13 ár þangað til, en stefndi hafa farið með þessi réttindi í 37 ár. Öll þessi ár hafi stefndi mátt líta á sig sem löglegan rétthafa að verkum Einars Benediktssonar og hið sama gildi um viðhorf annarra til stefnda. Enda þótt reglur um hefð á eignaréttindum séu almennt ekki taldar ná til höfundaréttinda, þá hljóti það sjónarmið samt að ná til slíkra réttinda, að ástand, sem allir hafi mátt treysta, að löglegt væri, löghelgist. Það sé vissulega vanræksla og hirðuleysi af hálfu stefnenda að hafa ekki haldið meintum rétti sínum til laga svo lengi sem raun ber vitni og verði þeir að bera hallann af því, ekki síst að því er snertir sönnun og sönnunargögn.

IV.

Álit dómsins.

Stefnendur eru tvö börn og fimm sonarbörn Einars Benediktssonar skálds. Því er ómótmælt, að stefnendur séu allir núlifandi erfingjar skáldsins.

Þegar litið er til orðalags umboðanna á dskj. 11, 12 og 19 svo og þeirrar málsástæðu stefnenda, að Einar Benediktsson skáld

hafi í janúar 1938 ekki verið svo heill heilsu, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum, þá þykir fullnægt skilyrðum til þess að leggja fram læknisfræðileg gögn um heilsu Einars Benediktssonar skálds, þ. m. t. krufningarskýrslu, og leiða sem vitni þá lækna, sem um þessi atriði kunna að bera, skv. 10. gr. laga nr. 80/1969.

Ekki þykja efni til þess að vefengja undirskriftir stefnenda að ofangreindum umboðum.

Því úrskurðast, að lögmanni stefnenda er heimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða hann til yfirheyrslu.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögmanni stefnenda er heimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða hann til yfirheyrslu.

Föstudaginn 4. maí 1979.

Nr. 133/1977. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðbergi Ólafssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóm kvað upp Viðar Á. Olsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Dómari birti ákærða ákæru hinn 30. nóvember 1976. Lýsti ákærði þá yfir því, að hann óskaði ekki eftir, að sér yrði skipaður verjandi. Hvorki ritaði dómari á ákæru ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar málsins, sbr. 4. málsgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sem þá gilti, né tilkynnti honum þinghald með öðrum hætti eftir því sem sakargögn bera með sér. Sama dag þingfesti dómarinn málið í sakadómi Keflavíkur með því að leggja fram ákæru og sakargögn, en ákærði kom eigi fyrir dóminn. Tók dómarinn að svo búnu málið til dóms og kvað upp í því samdægurs hinn áfrýjaða dóm. Þessir dómskapahættir ganga í berhögg við 1. málsgr. 121. gr. laga nr. 74/1974, og þykir ekki verða hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferðina frá og með þingfestingu málsins hinn 30. nóvember 1976.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þingfestingu málsins hinn 30. nóvember 1976 eiga að vera ómerk.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðbergs Ólafssonar, fyrir Hæstarétti, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 30. nóvember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, dagsettri 27. október 1976, á hendur Guðbergi Ólafssyni bifreiðarstjóra, Smáratúni 31, Keflavík, fæddum 7. ágúst 1927 á Vatnsleysuströnd, fyrir brot gegn 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr., a lið, 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 48. gr., sbr.

111. gr. lögreglusamþykktar fyrir Keflavík nr. 121/1953, sbr. 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga, með því að hafa þriðjudaginn 12. ágúst 1975 ekið bifreiðinni Ö 464 óvarlega og með allt að 53 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir Hringbraut í Keflavík.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1961 3/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 200 gr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og reglugerð um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

Málsatvik.

Atvik máls þessa eru þau, að þriðjudaginn 12. ágúst 1975 voru lögreglumenn í Keflavík við hraðamælingar með ratsjá á Hringbraut í Keflavík. Mældu þeir þá á vegarkafla hraða bifreiðarinnar Ö 464, sem ekið var í suðurátt, og sýndi ratsjáin, að bifreiðinni var ekið á 58 km hraða miðað við klst. Ökumaður bifreiðarinnar var Guðbergur Ólafsson, ákærði í máli þessu. Dagsbirta var, er akstur þessi fór fram, en vegur blautur. Leyfilegur hámarkshraði í Keflavík er 35 km miðað við klst.

Ákærða var gefinn kostur á að ljúka máli þessu án dómsmeðferðar, með greiðslu sektar, kr. 2.500, til ríkissjóðs. Þessu boði hafnaði ákærði, sem er leigubifreiðarstjóri í Keflavík, og óskaði eftir, að málið yrði tekið fyrir í sakadómi, og var það gert hinn 10. ágúst 1976.

Greindi ákærði þá svo frá, að hann hefði verið pantaður að Hringbraut 59 í Keflavík umræddan dag. Þar hefði kona komið í bifreið mætta (sic), Ö 464, og beðið um, að henni yrði ekið fljótt niður á sjúkrahús. Kvaðst ákærði hafa ekið suður Hringbraut og lögregla þá haft afskipti af honum. Ákærði kvaðst ekki hafa fylgst með hraða bifreiðarinnar í greint sinn. Þá greindi ákærði svo frá, að farþegi hans í greint sinn hefði hvorki borið einkenni þess, að hann væri slasaður né mikið sjúkur. Ákærði kvaðst ekki hafa ástæðu til að rengja hraðamælingu lögreglunnar.

Niðurstaða.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, og gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, Ö 464, með

58 km hraða miðað við klst. á Hringbraut í Keflavík hinn 12. ágúst 1975, en leyfður hámarkshraði þar er 35 km miðað við klst. Verður ekki talið, að ákærði hafi sýnt fram á, að þau atvik hafi verið fyrir hendi, sem gert hafi framangreindan akstur refsilausan. Telst hann því hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt lýst. Er háttsemin og færð þar til réttra refsiákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, kr. 7.500, til ríkissjóðs, en í stað sektarinnar komi 3ja daga varðhald, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Ólafsson, greiði sekt, kr. 7.500, til ríkissjóðs, en í stað sektarinnar komi varðhald í 3 daga, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. maí 1979.

Nr. 74/1979. **Guðmundur Ásgeirsson**
gegn
bæjarsjóði Neskaupstaðar.

Kærumál. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem bókuð var í bæjarþingsbók Neskaupstaðar 23. janúar 1979. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrund-

ið og lagt fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Kröfur varnaraðilja, aðalstefnanda í héraði, voru ekki lagðar til sátta fyrir sáttamenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, en málið var ekki undanþegið sáttatilraun þeirra. Aðiljar höfðu eigi heldur samið um að ganga fram hjá sáttanefnd, sbr. 11. tl. 3. mgr. nefndrar greinar og 2. gr. laga nr. 46/1950. Samkvæmt þessu og þar sem enn fremur má fallast á hinn kærða dóm að því er varðar gagnsök í héraði, ber að ómerkja meðferð málsins fyrir héraðsdómi og vísa því frá héraðsdóminum.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að í greinargerð sinni til héraðsdóms tjáði sóknaraðili sig ekki skýrlega um þær kröfur, sem varnaraðili hafði uppi á hendur honum í aðalsök í héraði, svo sem honum bar að gera samkvæmt 1. mgr. 106. gr. laga nr. 85/1936. Sést eigi, að hann hafi tekið skilmerkilega afstöðu til krafnanna fyrr en við munnlegan flutning máls. Þá athugast enn fremur, að dómþing var háð og vitni yfirheyrt hinn 18. október 1978, án þess að séð verði, að varnaraðilja eða umboðsmanni hans væri tilkynnt um þinghaldið. Þá virðist sóknaraðilja ekki hafa verið tilkynnt uppsaga hins kærða frávísunardóms fyrr en á dómþingi 23. janúar 1979 þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa fyrir héraðsdómi á að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 19. desember 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 20. október sl., hefur bæjarsjóður Neskaupstaðar höfðað fyrir „aukadómþingi Neskaupstaðar“ (sic) með stefnu, útgefinni hinn 25. maí 1977, á hendur Guðmundi Ásgeirssyni, Melagötu 2 hér í bæ, til greiðslu

á viðskiptareikningsskuld að fjárhæð kr. 288.446 með 2.5% vanskilavöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á kröfum aðalstefnanda, að frá 1. ágúst 1977 reiknist 3% vanskilavextir til greiðsludags.

Af hálfu aðalstefnda, sem gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, eru ekki gerðar dómkröfur í aðalsök, þar eð stefndi telur sig ekki geta svarað kröfum stefnanda fyrr en mat það, er hann hafi beðið um í málinu, liggi fyrir.

Við munnlegan flutning málsins krafðist aðalstefndi sýknu í aðalsök að undanteknu því, að hann viðurkennir, að sér beri að greiða kr. 72.744 af stefnufjárhæðinni.

Í gagnstefnu, sem út er gefin þann 17. febrúar 1978, gerir aðalstefndi þær kröfur, að bæjarsjóður Neskaupstaðar verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 812.000 með 2½% vöxtum frá 1. september 1976 til 1. ágúst 1977 og með 3% vöxtum frá 1. ágúst 1977 til greiðsludags fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins. Þess er krafist, að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök að svo miklu leyti sem til þarf og sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um afganginn, en til vara, að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur um allar dómkröfur í gagnsök. Þá er þess krafist, að gagnsakarmálið verði sameinað aðalmálinu.

Í gagnsök krefst aðalstefnandi sýknu af gagnstefnukröfum og greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

II

Í stefnu og greinargerð aðalsakar er málavöxtum lýst svo, að stefnukrafan sé vegna kostnaðar við vinnuframkvæmdir á lóðinni Melagötu 2, Neskaupstað, á árinu 1976, sem stefnandi hafi framkvæmt, en stefnda beri að greiða að öllu leyti. Hér sé um að ræða vinnu og efniskaup auk viðskiptareikningsskuldar um áramót 1975—1976, kr. 13.554. Vinnan sé einkum fólgin í uppgrefti, rörlagningum, vatnslögn, pípulögn, frágangi á læk og akstri. Efnisnótur séu einkum vegna kaupa á rörum og möl. Allir séu reikningarnir vegna Melagötu 2, Neskaupstað.

Í greinargerð stefnda í aðalsök er málavöxtum lýst svo, að með bréfi, dagsettu 17. nóvember 1975, sem sé útskrift úr fundargerðabók bæjarsjóðs Neskaupstaðar frá 20. október 1975, komi

fram erindi frá Guðmundi Ásgeirssyni, Melagötu 2, Neskaupstað, þar sem hann óski eftir makaskiptum á lóðum við Melagötu 2 og landræmu austan Melagötu 2 vegna væntanlegrar viðbyggingar við húseignina Melagötu 2. Erindi þetta hafi verið samþykkt með öllum atkvæðum bæjarfulltrúa þann 7. nóvember 1975, með þeim fyrirvara þó, að bæjarsjóður taki ekki þátt í kostnaði við framkvæmdir innan lóðarmarka, en um landræmuna austan Melagötu 2 hafi runnið opinn frárennslislækur.

Í gagnstefnu er málavöxtum aðalsakar lýst svo, að aðalstefnandi krefji aðalstefnda um greiðslu á reikningum fyrir malarflutninga og fleira að upphæð kr. 288.446 auk vaxta og málskostnaðar. Telji aðalstefnandi hér vera um að ræða malarflutninga og fleira í þágu aðalstefnda vegna nýbyggingar að Melagötu 2A.

III

Aðalstefnandi leggur fram ýmis málsskjöl auk stefnu og greinargerðar og skýrir gögn þessi í greinargerð. Í greinargerðinni segir síðan, að ljóst sé, að stefnandi eigi að bera sjálfur að óskiptu allan framkvæmdakostnað innan umræddrar lóðar nr. 2 við Melagötu og allar framkvæmdir, sem stefnandi hafi annast án beiðni stefnda, hafi verið bráðnauðsynlegar og enga bið þolað. Samkvæmt samkomulagi málsaðilja og eðli máls eigi stefndi ótvírætt að greiða allan umræddan kostnað.

Í greinargerð stefnda í aðalsök segir, að þar sem fjarlægð milli gatna, Melagötu og Hlíðargötu, á umræddu svæði sé 27 metrar, en lóð sú, sem úthlutað sé, sé samkvæmt grunnleigusamningi 21.2 metrar, þá sé augljóst, að eigandi Melagötu 2 eigi ekki að greiða kostnað við framkvæmdir við frárennsli fulla 27 metra, en það hafi hann orðið að gera. Þá sé annað atriði enn mikilvægara, að lækur sá, er eigandi Melagötu 2 hafi látið setja í stokk, komi inn í lóðarmörk hans miklu neðar og austar, en bæjarsjóður hafi ekki sinnt um að ganga frá sínum hluta utan lóðarmarka og hafi eigandi Melagötu 2 orðið að sjá um þann þátt verksins til þess að geta byggt. Kostnaður við þessar framkvæmdir muni nálgast kr. 2.000.000 og sé því krafa bæjarsjóðs vegna reikninga fyrir efni og vinnu, að upphæð kr. 288.446, afar undarleg, en vegna þessa hafi eigandi Melagötu 2 farið fram á mat dómkvaddra manna, sem skipaðir hafi verið 25. nóvember 1976.

Í gagnstefnu kveðst aðalstefndi hafa neitað því, að umrætt verk hafi verið unnið í hans þágu, heldur hafi bæjarsjóður Nes-

kaupstaðar verið að koma í veg fyrir vatnsskaða af læk, sem hann taldi sig ekki hafa haft efni á að setja í stokk að sinni. Þá hafi aðalstefndi lagt fram matsgerð frá tveim byggingameisturum, þeim Ívari Kristinssyni og Haraldi Bergvinssyni, dagsetta 15. febrúar 1978, en þeir hafi verið dómkvaddir til þess að meta kostnað við holræsalögn milli Melagötu og Hólsgötu og skiptingu kostnaðar milli bæjarsjóðs Neskaupstaðar og Guðmundar Ásgeirssonar í því verki. Matsmenn hafi talið hlut bæjarsjóðs Neskaupstaðar í því verki vera kr. 812.000. Sé gagnkrafan reist á þeim staðreyndum. Þar sem gagnstefndi hafi reynst ófáanlegur til þess að gangast við þessum staðreyndum, sem meðal annars hafi verið gerð grein fyrir í greinargerð í aðalsök, sé gagnstefnandi nauðbeygður að höfða gagnsakarmál þetta.

Í greinargerð gagnstefnda segir, að gagnstefnan sé byggð á matsgerð, dagsettri 15. febrúar 1978, sbr. matsbeiðni, dagsetta 4. október 1976, og dómkvaðningu matsmanna, dagsettri 25. nóvember 1976. Sýknukröfu sína kveður gagnstefndi á því byggða, að honum sé ekki skylt að greiða þær framkvæmdir, er gagnstefnandi krefji hann um (sic). Síðan segir í greinargerðinni: „Í gagnstefnu, dómsskjal nr. 34, segir: „dómkvaddir til að meta kostnað við holræsalögn milli Melagötu og Hólsgötu og skiptingu kostnaðar milli bæjarsjóðs Neskaupstaðar og Guðmundar Ásgeirssonar í því verki.“ Er þetta eina lýsing gagnstefnanda á gagnstefnukröfunni, og ekki er gagnstefnukrafan rökstudd frekar.“ Í greinargerðinni segir síðan, að gagnstefnandi hafi aldrei óskað eftir, að bæjarsjóður framkvæmdi holræsalögn milli Melagötu og Hólsgötu, en krefji samt í gagnstefnu um fjárupphæð samkvæmt áliti matsmanna. Jafnvel þótt gagnstefnda væri skylt að framkvæma umrædda holræsalögn eða hluta hennar, sem sé mótmælt, þá sé það á valdi gagnstefnda, hvenær og hvernig staðið yrði að þeirri holræsalögn. Holræsalögn gagnstefnanda sé því algerlega á hans ábyrgð og kostnað og gagnstefnda óviðkomandi. Gagnstefndi heldur því fram, að samkvæmt matsbeiðninni hafi gagnstefnandi þegar látið framkvæma það, sem hann biðji um að meta til kostnaðarverðs. Matsbeiðnin sé því út í bláinn, fjárhæð gagnstefnukröfu ætti að vera jöfn upphæð útlagðs kostnaðar vegna þeirra framkvæmda, sem gagnstefnandi telji, að gagnstefndi ætti að greiða. Gagnstefndi kveður matið enn fremur ekki í samræmi við matsbeiðni og sé því ljóst, að fjárhæð gagnstefnukröfu sé alls ekki hægt að reisa á matsgerðinni. Mótmælir gagnstefndi matsgerðinni að öðru leyti sem þýðingar-

lausri og óviðkomandi máli þessu og bendir á, að hún sé óstaðfest og meðfylgjandi teikning sé ófullkomin og ekki í samræmi við óskir matsbeiðanda. Gagnstefndi mótmælir enn fremur matsgerðinni sem vilhallri vegna þess, að gagnstefnandi annist bókhald og fjárreiður fyrir annan matsmanninn, en hinn sé nágranni gagnstefnanda. Meðal annars vegna þessa séu matsmenn vanhæfir. Þá mótmælir gagnstefndi matsgerðinni sem gallaðri, þar sem gagnstefnda hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðun til þess að gæta réttar síns. Auk þessa mótmælir gagnstefndi matsgerðinni sem rangri með vísan til ófullnægjandi og ónákvæms frágangs matsgerðarinnar sjálfrar.

Það athugast, að greinargerð hefur ekki verið lögð fram af hálfu aðalstefnda í gagnsök.

IV

Eins og mál þetta liggur fyrir, er rétt að víkja fyrst að gagnsökinni í málinu.

Megingrundvöllur kröfugerðar gagnstefnanda er framlögð matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dagsett 15. febrúar 1978. Af matsgerð þessari verður eigi séð, að fyrirsvarsmönnum gagnstefnda hafi verið gefið færi á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við matið, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936. Er gagnsökin þegar af þessari ástæðu svo vanreifuð, að eigi verður dómur á hana lagður. Ber því að vísa gagnsökinni ex officio frá dómi.

Málskostnaður dæmist eigi í þessum þætti málsins.

Dráttur sá, er orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af miklu annríki dómarans á þessum árstíma, þar eð hann er jafnframt innheimtumaður ríkissjóðs.

Dóm þennan kvað upp Þorsteinn Skúlason, bæjarfógeti í Neskaupstað.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er ex officio vísað frá dómi.
Málskostnaður dæmist eigi.

Mánudaginn 7. maí 1979.

Nr. 47/1977. **Sigurður M. Helgason, skiptaráðandi í Reykjavík, f. h. þrotabús Hlöðvers Arnar Vilhjálmssonar**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Einari Ingimundarsyni, uppboðshaldara í Kjósarsýslu, vegna Benedikts Blöndal Gjaldheimtunnar í Reykjavík Jórunnar Melax Tryggva Einarssonar og þrotabús Einars S. Jónssonar og gagnsök
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Vanhæfi dómara. Uppboðsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bú Hlöðvers Arnar Vilhjálmssonar var hinn 25. mars 1977 tekið til gjaldþrotaskipta, og hefur þrotabúið tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. mars 1977. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. apríl 1977. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að héraðsdómarinn hafi verið vanhæfur til að dæma mál þetta

í héraði, þar sem hann hafi sjálfur verið uppboðshaldari á söluþingum, er landspilda sú var boðin upp, sem Hlöðver Örn Vilhjálmsson varð hæstbjóðandi að.

Ekki verður á það fallist, að þetta eigi að valda því, að dómarinn hafi átt að víkja sæti í máli þessu. Þá verður ekki talið, að neinir þeir annmarkar séu á hinum áfrýjaða dómi eða meðferð aukadómþingsmálsins í héraði, að ómerkingu varði.

Hlöðver Örn Vilhjálmsson sótti sjálfur þing í héraði, er málið var þingfest. Er bókað í þingbók, að dómari hafi leiðbeint honum, einkum um það, hverju það varðaði, ef þingsókn félli niður af hans hálfu. Í næsta þinghaldi sótti lögmaður þing af hálfu Hlöðvers Arnar og fékk frest til greinargerðar. Eftir það var ekki sótt þing af hans hálfu, og var málið dómtekið, án þess að hann andmælti kröfum gagnáfrýjanda. Hefur engin skýring komið fram á því, hvers vegna varnir komu ekki fram af hans hálfu. Aðaláfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti. Ákvörðun héraðsdóms um vexti hefur ekki verið andmælt. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur samtals.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en málskostnað varðar.

Aðaláfrýjandi, Sigurður M. Helgason, skiptaráðandi í Reykjavík, f. h. þrotabús Hlöðvers Arnar Vilhjálmssonar greiði gagnáfrýjanda, Einari Ingimundarsyni, uppboðshaldara í Kjósarsýslu, vegna Benedikts Blöndal, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Jórunnar Melax, Tryggva Einarssonar og þrotabús Einars S. Jónssonar, samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 27. janúar 1977.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. janúar 1977, hefur Elías I. Elíasson, fyrrum sýslumaður í Kjósarsýslu, höfðað sem uppboðshaldari vegna Tryggva Einarssonar, Miðdal, Mosfellshreppi, Jórunnar Melax, Asparfelli 10, Reykjavík, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, Ásvallagötu 60, Reykjavík, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Más Péturssonar, skiptaráðanda í Garðakaupstað, f. h. þrotabús Einars S. Jónssonar með stefnu, birtri 19. nóvember 1976, á hendur Hlöðver Erni Vilhjálmssyni, Álfheimum 28, Reykjavík, til greiðslu á uppboðsandvirði landspildu úr Miðdal I, Mosfellshreppi og uppboðskostnaði, samtals að fjárhæð kr. 5.359.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði af kr. 1.659.000 frá 1. október 1976 til 17. nóvember s. á., af kr. 5.359.000 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Samkvæmt greinargerð stefnanda og framlögðum gögnum eru málavextir þeir, að stefndi varð hæstbjóðandi í landspildu úr landi Miðdals I í Mosfellssveit, þinglesna eign Einars S. Jónssonar og Vilhjálms Hjálmarssonar, á öðru og síðasta uppboði, sem fram fór 12. júlí 1976. Boð hans var kr. 5.200.000. Uppboðskostnaður er kr. 159.000. Boð stefnda var ítrekað og samþykkt í uppboðsdómi 21. september 1976. Stefndi hefur hvorki staðið skil á uppboðsandvirðinu né uppboðskostnaðinum.

Umboðsmaður stefnanda kveður málið höfðað af uppboðshaldara, með heimild í síðasta málslið 35. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, vegna þeirra aðilja, sem greiðslu hefðu fengið af uppboðsandvirði. Hann kveður Tryggva Einarsson vera eiganda veðskuldabréfs að fjárhæð kr. 2.900.000, útgefins til handhafa 26. maí 1975, með 1. veðrétti í hinni seldu eign, enn fremur tryggingarbréfs að fjárhæð kr. 100.000, útgefins sama dag með 3. veðrétti. Jórunni Melax kveður hann vera aðfararveðhafa samkvæmt fjárnámi, dags. 23. ágúst 1974, og Gjaldheimtuna í Reykjavík aðfararveðhafa samkvæmt lögtaki fyrir opinberum gjöldum að fjárhæð kr. 131.450. Loks kveður hann eftirstöðvar uppboðsandvirðisins, eftir að samningsveð og aðfararveð hefðu verið greidd, mundu ganga til Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns sem rétthafa samkvæmt afsalsbréfi Einars S. Jónssonar fyrir 1/2 ha af áðurnefndri spildu til Vilhjálms Hjálmarssonar, dags. 7. maí 1975, sbr. framsal dags. 20. sept. 1969, og/eða þrotabús Einars S. Jónssonar, sem telst eigandi spildunnar að öðru leyti.

Af hálfu stefnenda er tekið fram, að uppboðsbeiðendur séu ábyrgir gagnvart uppboðshaldara fyrir uppboðskostnaðinum.

Af stefnda hálfu var sótt þing við þingfestingu málsins, en síðan hefur þingsókn af hans hálfu fallið niður. Verður þá samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum að því leyti sem þau samrýmast dómkröfum málsins.

Sóknaraðili þykir eiga rétt á dráttarvöxtum, en þeir þykja hæfilega ákveðnir 14% ársvextir. Að öðru leyti ber að fallast á dómkröfur stefnanda.

Málskostnaður ákveðst kr. 395.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, héraðsdómari í Kjósarsýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hlöðver Örn Vilhjálmsson, greiði stefnanda, uppboðshaldaranum í Kjósarsýslu vegna Tryggva Einarssonar, Jórunnar Melax, Benedikts Blöndal, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og þrotabús Einars S. Jónssonar, kr. 5.359.000 með 14% ársvöxtum af kr. 1.659.000 frá 1. október 1976 til 17. nóvember s. á. og af kr. 5.359.000 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 395.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. maí 1979.

Nr. 79/1977. **Gróa M. Sigvaldadóttir**
Ólöf Sigvaldadóttir
Þorbjörg Sigvaldadóttir og
Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar
(Stefán Pálsson hdl.)
gegn
Ástu Þorbjarnardóttur
Sigurði Ó. K. Þorbjarnarsyni
Sigurjóni Þorbjarnarsyni
KFUM í Reykjavík og
Krabbameinsfélagi Reykjavíkur
(Skarphéðinn Þórisson hdl.).

Erfðamál. Skipti. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 20. maí 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og við skipti í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar verði erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. september 1954 lögð til grundvallar við skiptin. Hljóti áfrýjendurnir Gróa, Ólöf og Þorbjörg Sigvaldadætur hálfan eignarhlut samkvæmt erfðaskránni til jafnra skipta sín á milli, en áfrýjandinn Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar hinn helminginn. Er aðalkrafa áfrýjenda við það miðuð, að í erfðahlut þeirra komi samkvæmt framansögðu öll fasteignin nr. 2A við Mímisveg í Reykjavík eða andvirði hennar og allt innbú svo og helmingur allra annarra eigna í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Til vara krefjast áfrýjendur, að í þeirra hlut komi 1/3 hluti fasteignarinnar nr. 2A við Mímisveg og 1/3 hluti innbúsins svo og 1/6 hluti „allra annarra eigna“ í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Þá

er krafist í báðum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

Þá hafa þeir uppi varakröfur sem hér segir:

1. **varakrafa:** Að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur fra 30. september 1954 verði dæmd ógild, að því leyti sem hún fer í bága við 35. gr. laga nr. 8/1962, og sé við það miðað, að húseignin nr. 2A við Mímisveg í Reykjavík og innbú verði hvort tveggja talið hjúskapareign hennar.

2. **varakrafa:** Að erfðaskráin verði dæmd ógild, að því leyti sem hún fer í bága við 35. gr. erfðalaga, en húseignin Mímisvegur 2A í Reykjavík verði einungis talin séreign hennar að hluta, eða 30%, en 70% eignarinnar verði talin hjúskapareign.

3. **varakrafa:** Að erfðaskráin verði dæmd ógild, að því marki sem hún fer í bága við 35. gr. nefndra laga, en miðað sé við, að húseignin Mímisvegur 2A verði talin séreign Svanhildar.

Þess er krafist í öllum varakröfunum, „að búskiptin miðist við þær eignir, sem eftirlifandi maki, Þorbjörn Jónsson, fékk í arf eftir konu sína, en eignaaukning sú, sem varð á búinu frá láti Svanhildar, gangi ekki til erfingja hennar skv. erfðaskrá hennar frá 30. september 1954".

Stefndu lýsa því sérstaklega, að af þeirra hendi sé eigi höfð uppi málskostnaðarkrafa.

I.

Svanhildur Jóhannsdóttir lést 31. júlí 1970. Með erfðaskrá 30. september 1954, sem tekin er upp orði til orðs í úrskurði skiptaráðanda, gefur hún að sér látinni eiginmanni sínum, Þorbirni Jónssyni, allar eigur sínar. Þá eru fyrirmæli í erfðaskránni um það, að helmingur eigna þeirra, sem falla til Þorbjarnar, skuli að honum látnum renna til jafnra skipta milli þriggja nafngreindra systurdætra Svanhildar, sem eru meðal áfrýjenda málsins, og hinn helmingurinn til Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar, sem nú ber heitið

Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar samkvæmt skipulagsskrá nr. 88/1971. Einkaskiptum í dánarbúi Svanhildar Jóhannsdóttur lauk 24. febrúar 1971, en samkvæmt erfðafjárskýrslu þann dag tók Þorbjörn Jónsson við öllum eignum Svanhildar. Í skiptagerningi, sem Þorbjörn undirritaði sama dag, er vísað til erfðaskrár Svanhildar 30. september 1954 og frá því greint, að samkv. henni sé Þorbjörn erfingi að öllum eignum Svanhildar. Þorbjörn Jónsson gerði erfðaskrá 20. júlí 1971, sem einnig er tekin upp orðrétt í hinum áfrýjaða úrskurði. Skyldi þriðjungur eigna hans að honum látnum renna til KFUM í Reykjavík og til Krabbameinsfélags Reykjavíkur, þannig að hvor aðili fengi helming þess arfshluta, eða 1/6 hluta eignanna.

Hvorug þessara erfðaskráa er vefengd samkvæmt 45. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

II.

Áfrýjendur höfðu uppi kröfur sínar, þegar til skipta kom í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Frumþátturinn í aðalkröfu þeirra er á því byggður, að virða beri í hvívetna erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur, er Þorbjörn heitinn hafi skuldbundið sig til að hlíta með viðtöku eigna hennar að henni látinni, sbr. vísun til erfðaskrár hennar í skiptagerningi 24. febrúar 1971. Stefndu andmæla því hins vegar fyrst og fremst, að fyrirmælin í erfðaskrá Svanhildar um erfðaröð fái staðist að íslenskum rétti, og verði erfðaskráin þegar af þeirri ástæðu eigi lögð til grundvallar skiptum eftir andlát Þorbjarnar Jónssonar. Beri því að skipta búi hans óskoraðá grundvelli erfðaskrár hans. Til vara er því svo haldið fram af hálfu stefndu, að erfðaskrá Svanhildar heitinnar sé eigi gild, nema að því er varðar þriðjung af eignum hennar, sbr. 35. gr. erfðalaga.

III.

1. Svo sem áður greinir, andaðist Svanhildur Jóhannsdóttir 31. júlí 1970. Eiga ákvæði erfðalaga nr. 8/1962 við um arf eftir hana, þ. á m. um erfðaskrá hennar, sbr. 57., 58. og 60. gr., 1. málsgr.

2. Í íslenskum erfðalögum er arfleifendum heimilað að ráðstafa fé sínu að þeim látnum. Eru skorður eigi reistar nema að litlu leyti við því, hvers efnis fyrirmæli erfðaskráa geti verið, sbr. þó 36. gr., 1. málsgr., og 39. gr. erfðalaga. Í íslenskum erfðarétti hefur verið talið gilt, að arfleifandi mæli svo fyrir í erfðaskrá, að tiltekinn erfingi skuli taka arf eftir sig, en að frumerfingja látnum erfi annar nafngreindur maður eigurnar, sbr. dóm Hæstaréttar í dómasafni 1968, bls. 422, og að sínu leyti reglur um gagnkvæmar erfðaskrár, sbr. og þá vísbendingu, er ákvæði 52. gr. erfðalaga veitir. Verður því eigi fallist á þau rök stefndu, að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur sé að vettugi virðandi af efnisástæðum þeim, er greindar voru.

3. Hjúskapur þeirra Svanhildar Jóhannsdóttur og Þorbjarnar Jónssonar stóð allt til dánardægurs Svanhildar. Svanhildur var barnlaus, og voru foreldrar hennar látnir, er hún andaðist. Var Þorbjörn skylduerfingi hennar að tveimur þriðju hlutum eigna hennar, sbr. 35. gr. erfðalaga. Arfleifanda er óheimilt að setja skylduerfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi, sbr. 36. gr., 1. málsgrein, sömu laga, nema lög mæli annan veg, en eigi er sýnt fram á, að sá fyrirvari eigi hér við. Þorbjörn Jónsson stóð eigi að erfðaskrá Svanhildar, og eigi eru nein rök til að telja hann hafa afsalað sér skylduarfi sínum. Gegn andmælum stefndu fá fyrirmæli í erfðaskrá Svanhildar, er fela í sér ráðstöfun á meira en þriðjungi eigna hennar, samkvæmt þessu eigi staðist, og verður því að hrinda aðalkröfu áfrýjenda.

4. Frumþáttur í varakröfu áfrýjenda er á því reistur, að erfðaskrá Svanhildar beri a. m. k. að leggja til grundvallar í skiptum á dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar að því er varðar þriðjung eigna hennar. Telja verður, að Þorbjörn hafi tekið við þessum eignarhluta í skjóli erfðaskrár Svanhildar. Ber að meta fyrirmæli í erfðaskrá Svanhildar gild að því er varðar þennan eignarhluta, en vísun í skiptagerningi 24. febrúar 1971 til erfðaskrár hennar sýnir, að Þorbirni voru kunn þessi fyrirmæli. Ber því að fallast á framangreindan frumþátt í varakröfu áfrýjenda.

IV.

Eftir lát Svanhildar tók Þorbjörn Jónsson 2/3 hluta eigna hennar í skylduarf, og var honum frjálst að ráðstafa þeim eignum eftir því sem erfðalög kveða á um.

Eftirstöðvar eigna Svanhildar, 1/3 hluti þeirra, féllu til Þorbjarnar sem bréferfingja. Þorbjörn hafði eignarráð í lifanda lífi á þessum eignarhluta, en hlíta ber ákvæðum erfðaskrár Svanhildar um það, hvert eigur þessar skyldu renna eftir daga hans. Ber að líta á fyrirmæli þessi sem kvöð á arfshluta, sem Svanhildi var frjálst að setja, sbr. 52. gr. erfðalaga. Í skiptagerningnum frá 24. febrúar 1971 er, svo sem fyrr greinir, vísað til erfðaskrár Svanhildar frá 30. september 1954 sem erfðaheimildar, og sýnir það, að Þorbjörn hefur talið erfðaskrána gilda, en hann var einkalögerfingi hennar.

Samkvæmt framansögðu verður að túlka erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur, sbr. og skiptagerninginn frá 24. febrúar 1971, svo, að búi Þorbjarnar beri að standa áfrýjendum skil á þriðjungi eigna Svanhildar að honum látnum.

V.

Þegar meta skal samkvæmt málsgögnum, hver eignarhluti Svanhildar hafi verið, er áfrýjendur eiga erfðahlutdeild í, þykir eiga að leggja skiptagerðina frá 24. febrúar 1971 til grundvallar. Þorbjörn Jónsson fékk eignarráð ævilangt yfir öllum eignum Svanhildar. Þykir hann hafa átt að njóta arðs af þeim án skyldu til að standa áfrýjendum skil á honum, og er þess raunar að geta, að sá arður er eigi sérgreindur í gögnum málsins. Eigi þykja áfrýjendur eiga tilkall til hlutdeildar í þeim eignarauka, sem að öðru leyti hefur orðið í búi Þorbjarnar, frá því að skiptagerningur 24. febrúar 1971 var saminn, uns uppskriftargerð fór fram í búi hans 16. júlí 1975.

Samkvæmt þessum grundvallarsjónarmiðum eiga áfrýjendur að fá í erfðahluta 1/3 fasteignarinnar Mímisvegar 2A ásamt bílskúr, að frádregnum 1/3 hluta skuldar að upphæð 115.724 krónur, og 1/3 hluta af matsverði innbús, 10.000

krónur, sem talið var eignarhlutur Svanhildar í skiptagerningi 24. febrúar 1971, en hvorki verður hreyft við matsverði þessu né þeim eignarhluta, sem Svanhildi er þar talinn. Enn eiga áfrýjendur að fá í erfðahlut sinn 1/3 þess búshluta, sem Svanhildi var talinn í framangreindum skiptagerningi, þ. e. 1/6 í fasteigninni Mímisvegi 2, 1/6 af innstæðu, að fjárhæð 387.345 krónur, og 1/6 af innbúi, að matsverði 10.000 krónur, allt að frádregnum 1/6 af skuldum, að fjárhæð 244.251 króna.

Kröfur málsaðilja varða eigi erfðafjárskatt þann, 43.107 krónur, er goldinn var við skipti eftir Svanhildi, og kemur hann eigi hér til álita.

Samkvæmt ákvæðum erfðaskrár Svanhildar Jóhannsdóttur eiga verðmæti þau, er falla eiga til áfrýjenda samkvæmt framangreindu, að skiptast til helminga. Rennur annar helmingur til áfrýjendanna Gróu, Ólafar og Þorbjargar Sigvaldadætra til jafnra skipta milli þeirra, en hinn helmingurinn rennur óskipt til áfrýjandans Björgunar- og sjúkrasjóðs Breiðafjarðar. Ber að haga skiptum í dánarbúi Þorbjörns Jónssonar með þessum hætti, að svo miklu leyti sem þau eru til úrlausnar í máli þessu.

Dæma ber stefndu óskipt til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 700.000 krónur.

Dómsorð:

Skiptum í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar skal haga svo sem að framan greinir.

Stefndu, Ásta Þorbjarnardóttir, Sigurður Ó. K. Þorbjarnarson, Sigurjón Þorbjarnarson, KFUM í Reykjavík og Krabbameinsfélag Reykjavíkur, greiði óskipt áfrýjendum, Gróu M. Sigvaldadóttur, Ólöfu Sigvaldadóttur, Þorbjörgu Sigvaldadóttur og Björgunar- og sjúkrasjóði Breiðafjarðar, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 700.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. janúar 1977.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. f. m., er risið við skipti á dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar, Mímisvegi 2 hér í borg, sem andaðist 11. júlí 1975, vegna ágreinings um erfðaskrá eiginkonu hans, Svanhildar Jóhannsdóttur, sem andaðist 31. júlí 1970. Tildrög málsins eru þessi:

Þorbjörn Jónsson og Svanhildur Jóhannsdóttir gengu í hjúskap 5. maí 1934. Þorbjörn átti þá 3 börn, sækjendur máls þessa, en Svanhildur átti ekki afkomendur. Þau hjónin gerðu með sér kaupmála, dagsettan 22. maí 1934, þess efnis, að húseignin nr. 28 við Egilsgötu, sem áður var eign Svanhildar, skyldi verða séreign hennar svo og allir innanstokksmunir og búsáhöld „hverju nafni sem nefnist, sem við nú eigum og síðar kunnum að eignast. . .“.

Skrá um þá muni, sem til voru við gerð kaupmálans, var rituð á hann. Eru þeir taldir að verðmæti kr. 1.000. Kaupmálinn var skráður við embætti lögmannsins í Reykjavík sama dag, sem hann var undirritaður. Í kaupmálanum er ekki getið annarra eigna en þeirra, sem að framan greinir, og ekki er upplýst í málinu, hverjar voru aðrar eignir hjónanna, er hann var gerður.

Með afsali, dags. 18. febrúar 1941, festi Þorbjörn Jónsson kaup á húseigninni nr. 2 við Mímisveg hér í borg, sem stendur á lóð í eign Reykjavíkurborgar. Hinn 22. apríl 1942 framselur hann Svanhildi Jóhannsdóttur 617 fermetra af lóð hússins. Var sá hluti lóðarinnar viðurkenndur sem sjálfstæð byggingarlóð, nr. 2A við Mímisveg, og skráð og þinglesin á nafn Svanhildar. Á þessari lóð var byggt húsið nr. 2A við Mímisveg, sambyggt húsi Þorbjarnar nr. 2 við sömu götu.

Í fasteignamatsgerð, dags. 1. ágúst 1942, virðist húsið vera fullbyggt, og byggingarár þess er talið 1942. Það má því ætla, að bygging hússins hafi verið byrjuð, og jafnvel langt á veg komin, þegar Svanhildi voru framseld lóðarréttindin 22. apríl s. á.

Með afsali, dags. 19. ágúst 1941, hafði Svanhildur selt séreign sína, húseignina nr. 28 við Egilsgötu. Engin breyting er skráð við kaupmála hjónanna í sambandi við framangreindar eignabreytingar.

Hinn 30. september 1954 gerir Svanhildur Jóhannsdóttir erfðaskrá sína. Er efni hennar svolátandi:

„Ég undirrituð Svanhildur Jóhannsdóttir, Mímisvegi 2 í

Reykjavík, geri með erfðaskrá þessari kunnugt, að ég ráðstafa eignum mínum eftir minn dag á þann hátt, er hér segir:

Allar eignir mínar, fastar og lausar, hverju nafni sem nefnast og án nokkurra undantekninga, gef ég að mér látinni eiginmanni mínum Þorbirni Jónssyni.

Að eiginmanni mínum látnum skulu eignir þær, er til hans falla samkvæmt erfðaskrá þessari, ekki renna til erfingja hans eða samerfingja okkar, heldur skal um eignirnar fara svo sem hér segir:

1. Helming eignanna skal skipta að jöfnu milli Þorbjargar Sigvaldadóttur, Seljalandi í Dölum, Gróu M. Sigvaldadóttur, Hamraendum í Dölum, og Ólafar Sigvaldadóttur í Borgarnesi.

   Falli einhver af þessum þremur ofangreindum konum frá á undan manninum mínum, skal sá hluti ganga til hinna tveggja.

   Falli tvær frá af þessum ofangreindum konum á undan manninum mínum, skal sá hluti, sem til þeirra skyldi ganga, renna til þeirrar einu, sem eftir lifir.

   Falli allar þrjár frá á undan honum, skal heildarerfðahlutur þeirra ganga til Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar.
2. Hinn helmingur eigna minna skal renna í Björgunarskútusjóð Breiðafjarðar, og óska ég þá jafnframt, að björgunarskipið beri nafn eiginmanns míns, sem er Þorbjörn."

Erfðaskráin er vottfest og að formi til ekki vefengd.

Svanhildur Jóhannsdóttir andaðist 31. júlí 1970. Hún átti ekki afkomendur, og foreldri hennar voru, að því er upplýst var við munnlegan flutning málsins, dáin löngu á undan henni.

Systkini og systkinabörn átti hún á lífi. Dánarbúi Svanhildar var skipt einkaskiptum með skiptagerningi og erfðafjárskýrslu, dags. 24. febrúar 1971.

Í skiptagerningnum er getið framangreindrar erfðaskrár og jafnframt að samkvæmt henni sé makinn, Þorbjörn Jónsson, einkaerfingi hinnar látnu, enda tók hann allan arf eftir hana og lét þinglýsa fasteigninni nr. 2A við Mímisveg á sitt nafn. Í skiptagerðinni er gert ráð fyrir, að það hús hafi verið séreign hinnar látnu svo og helmingur af innbúi, sem þá var talið alls kr. 20.000 að verðmæti. Aðrar eignir eru taldar sameiginlega og ekki getið, hvernig þær skiptust í hjúskapareignir milli hjónanna.

Hinn 20. júlí 1971 gerir Þorbjörn Jónsson erfðaskrá sína. Er þar kveðið svo á:

„Ég undirritaður, Þorbjörn Jónsson, Mímisvegi 2 í Reykjavík, geri hér með svofelldar ráðstafanir um eignir mínar eftir minn dag.

Einn þriðji hluti allra eigna minna, hverju nafni sem nefnast, bæði fastra og lausra, skal að mér látnum falla til K.F.U.M. í Reykjavík og Krabbameinsfélags Reykjavíkur, þannig að hvor aðili fær helming þessa arfshluta, eða 1/6 hluta allra eigna minna.

Að öðru leyti skal fara um arf eftir mig að lögum.

Guðlaugi Þorlákssyni, Aðalstræti 6 í Reykjavík, er falið að sjá um framkvæmd erfðaskrár þessarar og skipti á dánarbúi mínu. Að Guðlaugi frágengnum er félögum hans á Málflutningsskrifstofu Einars B. Guðmundssonar, Guðlaugs Þorlákssonar, Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar, Aðalstræti 6 í Reykjavík, falið að sjá um framkvæmd erfðaskrár þessarar og skipti á búi mínu.

Erfðaskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarius publicii í Reykjavík".

Lögerfingjar Þorbjarnar áskildu sér í upphafi skiptameðferðar á dánarbúinu rétt til að vefengja erfðaskrá þessa, en að öðru leyti hefur henni ekki verið andmælt, og tveir þeirra erfingja, sem hún tilnefnir, hafa gerst aðiljar að máli þessu við hlið lögerfingjanna án mótmæla af þeirra hálfu. Ákvæði erfðaskrárinnar um skiptaforstjóra kemur ekki til framkvæmda, þar eð þeir, sem til skiptaforstjórnar voru nefndir, frábáðu að taka þann starfa að sér.

Þorbjörn Jónsson andaðist 11. júlí 1975. Bú hans var tekið til opinberrar skiptameðferðar 16. s. m. Við uppskriftargerð þann dag voru taldar fram eftirgreindar eignir:

Húseignin nr. 2 við Mímisveg, að fasteignamati	kr. 2.394.000
Húseignin nr. 2A við Mímisveg, að fasteignamati ..	— 3.823.000
Bifreiðaskýli við þessar eignir	— 188.000
Sparifjáreign og aðrar innstæður	— 7.428.356
Innanstokksmunir, að matsverði	— 389.500

Skuldir búsins voru taldar kr. 95.136.

Eignir búsins eru enn óbreyttar að öðru leyti en því, að peningaeign hefur aukist nokkuð vegna leigutekna og vaxta af innstæðum.

Á skiptafundi 25. september 1975 komu fram mótmæli af hálfu lögerfingja Þorbjarnar Jónssonar gegn því, að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur kæmi til álita við búskiptin, og var stofnað til dómsmáls þessa varðandi þann ágreining. Eru sækjendur málsins þrjú börn arfláta: Ásta Þorbjarnardóttir, Sigurður Ó. K. Þorbjarnarson og Sigurjón Þorbjarnarson, og auk þeirra KFUM í Reykjavík og Krabbameinsfélag Reykjavíkur, sem eru bréferfingjar samkvæmt erfðaskrá arfláta frá 20. júlí 1971.

Verjendur eru erfingjar samkvæmt erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. september 1954, Gróa M. Sigvaldadóttir, Ólöf Sigvaldadóttir, Þorbjörg Sigvaldadóttir og Björgunarskútusjóður Breiðafjarðar.

Kröfur sækjenda, svo sem þær voru lagðar fyrir við munnlegan flutning málsins, eru þessar:

Í fyrsta lagi, að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. sept. 1954 verði dæmd ógild og eignum dánarbús Þorbjarnar Jónssonar verði ráðstafað í samræmi við erfðaskrá hans, dags. 20. júlí 1971, sbr. dskj. nr. 6 í skiptamáli þessu.

Í öðru lagi eða til vara, að erfðaskrá Svanhildar verði dæmd ógild að því leyti sem hún fer í bága við 35. gr. laga nr. 8/1962, enda sé við það miðað, að húseignin nr. 2A við Mímisveg í Reykjavík og innbú verði hvort tveggja talið hjúskapareign arfleifanda.

Í þriðja lagi og til þrautavara, að erfðaskráin sé ógild að því leyti sem hún fer í bága við 35. gr. erfðalaga, en húseignin Mímisvegur 2A í Reykjavík verði einungis talin séreign Svanhildar að hluta, eða 30%, en 70% eignarinnar í hjúskapareign arfleiðanda.

Til ýtrustu vara, eða í fjórða lagi, að erfðaskráin sé ógild að því marki, sem hún fer í bága við 35. gr. nefndra laga, enda sé miðað við, að húseignin Mímisvegur 2A verði talin séreign arfleiðanda.

Þá er þess krafist í þremur síðastgreindum kröfuliðum, að miðað sé eingöngu við þær eignir, sem Þorbjörn fékk í arf eftir konu sína, en ekki sé miðað við þá eignaaukningu, sem átti sér stað frá láti Svanhildar.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati dómsins.

Kröfur verjenda eru þær, að við skipti á dánarbúi arfláta, Þorbjarnar Jónssonar, verði metin gild og að fullu tekin til greina erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. sept. 1954 þannig, að verjendurnir Gróa M. Sigvaldadóttir, Ólöf Sigvaldadóttir og

Þorbjörg Sigvaldadóttir fái hálfan eignarhluta samkvæmt erfðaskránni til jafnra skipta, en Björgunarskútusjóður Breiðafjarðar hljóti hinn helminginn. Er það aðalkrafa verjenda, að í erfðahlut þeirra komi öll eignin nr. 2A við Mímisveg, eða andvirði hennar, og allt innbú svo og helmingur allra annarra eigna í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Til vara krefjast þeir minni hluta samkvæmt mati dómsins.

Röksemdir sækjenda fyrir aðalkröfu þeirra eru á þessa leið:

Þegar Svanhildur Jóhannsdóttir andaðist, höfðu núgildandi erfðalög nr. 8 frá 1962 tekið gildi. Svanhildur lét ekki eftir sig afkvæmi, og samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 3. gr. nefndra laga var því eftirlifandi maki eini lögerfingi hennar. Þennan rétt telja sækjendur, að Svanhildi hafi verið óheimilt að takmarka á nokkurn hátt, sbr. 36. gr. laganna, þ. á m. að binda það skilyrði, hvert erfðafé skyldi renna að lögerfingjum hennar látnum. Sækjendur benda á, að þegar erfðaskrá Svanhildar var gerð, hafi verið í gildi erfðalög nr. 42 frá 1949. Samkvæmt þeim lögum hafi það hjóna, sem lengur lifði, ekki verið einkalögerfingi hins, heldur tekið hálfan arf á móti öðrum lögerfingjum, þegar hið látna átti ekki afkvæmi. Erfðaskrá Svanhildar sýni þann vilja hennar ótvírætt, að eiginmaðurinn skyldi taka allan arf eftir hana, en aðrir lögerfingjar ekki. Þessi arfleiðsla hafi verið kvaðalaus með öllu að því er varðar heimild arfþegans til hvers konar ráðstöfunar á erfðafénu í lifanda lífi og hann hefði jafnvel getað ráðstafað því að sér látnum með erfðaskrá. Það sé ekki samrýmanlegt þessu og eigi ekki stoð í lögum, að Svanhildi heimilaðist að ákveða, hvert erfðaféð skyldi renna að maka hennar látnum.

Fyrsta varakrafa sækjenda byggist á því, að arfleiðsla Svanhildar Jóhannsdóttur til verjenda geti samkvæmt 35. gr. erfðalaga aldrei orðið bindandi um meira en 1/3 hluta eftirlátinna eigna hennar, en þegar eigur hennar séu metnar, beri að telja húseignina nr. 2A við Mímisveg svo og allt innbú til hjúskapareignar. Byggist sú afstaða á því að því er húseignina varðar, að engar sönnur hafi verið færðar á, að hún hafi verið séreign Svanhildar. Eign þessi hafi ekki verið til, þegar kaupmáli hjónanna var gerður, og síðar hafi henni ekki verið bætt á hann. Því hafi hún ekki getað orðið séreign Svanhildar, nema því aðeins að hún hafi komið í stað annarrar séreignar hennar. Þá geti ekki verið að ræða um aðra eign en húsið nr. 28 við Egilsgötu. Sú eign hafi að vísu verið seld, áður en Mímisvegur 2A var skráður eign Svanhildar, en óvíst sé með öllu, hvernig andvirði henn-

ar var varið, og engin gögn sýni, að því hafi verið varið til kaupa eða byggingar á Mímisvegi 2A. Auk þess sýni matsgerðir, að verðmæti hússins við Egilsgötu nemi einungis hluta af verði Mímisvegar 2A. Að því er til lausafjármunanna tekur mótmæla sækjendur því, að nokkuð, sem máli skiptir, sé nú til af þeim innanstokksmunum, sem kaupmálinn greinir.

Önnur varakrafa sækjenda byggist á sömu rökum um arfleiðsluheimild Svanhildar Jóhannsdóttur sem fyrsta varakrafan, en verði litið svo á, að kaupmáli hjónanna nái til húseignarinnar nr. 2A við Mímisveg, þá verði séreign Svanhildar einungis talin ná til 30 hundraðshluta eignarinnar. Miðast það við, að verðmæti Egilsgötu 28 hafi numið einungis 30% af verði Mímisvegar 2A á þeim tíma, sem hann var skráður eign Svanhildar.

Þriðja varakrafa sækjenda er byggð á sömu rökum sem fyrsta og önnur varakrafan, en gengið út frá, að Mímisvegur 2A verði að öllu leyti talinn séreign Svanhildar.

Verjendur byggja kröfur sínar á því, að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur sé að öllu leyti gild ráðstöfun og beri að taka hana til greina að fullu við erfðaskiptin á dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Svanhildur hafi með erfðaskránni ráðstafað öllum eignum sínum til maka síns, þetta hafi verið gert umfram lagaskyldu og með því skilyrði, að eignirnar rynnu að maka hennar látnum til þeirra aðilja, sem erfðaskráin greinir. Slíkt skilyrði hafi verið heimilt, hvort sem það sé skoðað sem ákvörðun um erfðaröð (substitution) eða að Þorbirni hafi með erfðaskránni aðeins verið veittur réttur til umráða og arðneyslu af erfðafénu í lifanda lífi með kvöð um, að það gengi til annarra bréferfingja að honum látnum. Telja verjendur slíkar ráðstafanir eiga fulla stoð í íslenskum rétti, enda séu þær algengar í erfðaskrám og m. a. byggist flestar gagnkvæmar erfðaskrár á gildi þeirra.

Aðalkrafa verjenda miðast við það, að húseignin Mímisvegur 2A og innbú allt hafi verið séreign Svanhildar, en vegna óvissu um, hverjar eignir hennar að öðru leyti voru við andlát hennar, beri að beita þeirri reglu, sem viðurkennd sé af fræðimönnum um slík tilfelli, að skipta vafaeignunum að jöfnu. Til vara leggja verjendur það á vald dómara að meta, hverjar eignir skuli teljast til dánarbús Svanhildar.

Við andlát Svanhildar Jóhannsdóttur 31. júlí 1970 varð eftirlifandi maki, Þorbjörn Jónsson, eini lögerfingi hennar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. erfðalaga nr. 8 frá 1962. Í erfðaskrá Svanhildar frá 30. september 1954 er Þorbjörn einnig tilnefndur sem eini erf-

ingi. Kom hann því einn til greina sem erfingi við andlát hennar. Samkvæmt því tók Þorbjörn við öllum eftirlátnum eignum Svanhildar til fullrar og óskertrar eignar. Það var ekki á valdi Svanhildar að ákveða það einhliða, hvert eignir þessar skyldu renna að erfðum við andlát Þorbjarnar. Það er að vísu ljóst, að Þorbirni var kunnugt um erfðaskrá eiginkonu sinnar í síðasta lagi, þegar hann veitti arfinum eftir hana viðtöku samkvæmt skiptagerðinni frá 24. febrúar 1971, enda vitnar hann til erfðaskrárinnar í þeirri gerð. Ekki er það þó né annað það, sem fram er komið í málinu, sönnun þess, að hann hafi kennst við skrána sem sinn eigin erfðagerning né gengist undir þær kvaðir að ráðstafa eftirlátnum eignum sínum í samræmi við efni hennar. Arfleiðsluskrá hans frá 20. júlí 1971 væri heldur ekki samrýmanleg því, að hann hefði gengist undir slíka kvöð.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna kröfu verjenda um, að réttur þeirra til arftöku úr dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar verði viðurkenndur.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Kröfu verjenda, Gróu Sigvaldadóttur, Ólafar Sigvaldadóttur, Þorbjargar Sigvaldadóttur og Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar, um arf úr dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar, Mímisvegi 2, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. maí 1979.

Nr. 86/1977. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Stefáni Bjarnasyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. júní 1977. Krefst hann þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda „launamismun 27. og 24. launaflokks" fyrir tímabilið frá 1. apríl 1971 til 1. apríl 1972, en málskostnaður falli niður. Þá krefst áfrýjandi þess enn til vara, að kröfur stefnda í máli þessu verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu hefur stefndi, sem var stefnandi máls í héraði, ekki tiltekið þá fjárhæð, sem hann krefst úr hendi áfrýjanda vegna launa og iðgjalda til lífeyrissjóðs, sem hann telur gjaldfallin, en vangoldin. Kröfur hans eru að þessu leyti ódómhæfar, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936, en ekki var efni til samkvæmt 69. gr. sömu laga að veita sérstaklega dómsviðurkenningu um réttmæti þeirra.

Samkvæmt þessu og þegar gætt er tengsla skaðabótakröfu stefnda, að fjárhæð 300.000 krónur, við framangreindar launa- og iðgjaldakröfur hans, þykir bera að ómerkja hinn

áfrýjaða dóm og vísa málinu þegar af þessari ástæðu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Stefán Bjarnason, greiði áfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dömur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. f. m., hefur Stefán Bjarnason verkfræðingur, Kleppsvegi 132 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. maí 1973, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Samkvæmt endanlegri kröfugerð í málinu krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða sér launamismun milli 24. launaflokks og 27. launaflokks samkvæmt samningi ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem gerður var 19. desember 1970, frá 1. janúar 1971 til 31. desember 1973 og enn fremur frá 1. janúar 1974 til 1. febrúar 1975, eins og hann er á hverjum tíma, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1971 til 1. júní 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist launamismunar á sama hátt frá 1. janúar 1971 til 31. mars 1972 ásamt vöxtum eins og í aðalkröfu. Til þrautavara er krafist ofangreinds launamismunar fyrir tímabilið 1. janúar 1971 til 31. mars 1971 auk vaxta eins og í aðalkröfu. Þá er þess jafnframt krafist, að stefndi greiði stefnanda til lífeyrissjóðs hans í samræmi við framangreindar kröfur. Þá er og krafist miskabóta og skaðabóta úr hendi stefnda, eigi lægri en kr. 300.000 með sömu vöxtum og áður er krafist í kröfugerðinni. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krafðist þess í upphafi, að málinu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði, uppkveðnum 28. febrúar 1975, var frávísunarkröfunni hrundið.

Af hálfu stefnda eru þær efniskröfur gerðar í málinu aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda launamismun 27. launaflokks og 24. launaflokks fyrir tímabilið frá 1. apríl 1971 til 1. apríl 1972, en til þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar að mati dómarans. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hóf starf hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands í septembermánuði 1965. Hafði stefnandi áður starfað hjá ýmsum ríkisstofnunum og veitt nokkrum þeirra forstöðu. Þann 19. desember 1970 gerði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs með sér samning um kaup og kjör starfsmanna ríkisins, er gilda skyldi fyrir tímabilið 1. júlí 1970 til 31. desember 1973. Er þetta gerðist, bar stefnandi starfsheitið deildarverkfræðingur og tók laun samkvæmt því eftir 24. launaflokki í launakerfi starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 1. gr. greinds samnings voru launaflokkar ákveðnir 29. Hverjum flokki hinna 24 fyrstu launaflokka fylgdi ákveðinn stigafjöldi, og samkvæmt 18. gr. samningsins skyldu störf þau, sem starfsmenn gegndu, metin starfsmati til launaflokka eftir stigafjölda þessa kerfis, en í fylgiskjali nr. 11 með kjarasamningnum var störfunum síðan raðað í launaflokka þessa. Var starfi verkfræðinga þar skipað í 24. launaflokk, en deildarverkfræðings í 27. launaflokk. Til undirbúnings skipunar starfa í launaflokka sömdu starfsmenn starfslýsingar, þar sem gerð var grein fyrir starfinu í heild, einstökum þáttum þess og innbyrðis þeirra vægi áætlað. Er þar um að ræða m. a. menntun, reynslu, starfsþjálfun, sjálfstæði og frumkvæði, þekkingu á vélum, tengsl og ábyrgð. Stefnandi fékk nú greidd laun fyrir mánuðina janúar-mars 1971 samkvæmt 27. launaflokki, en frá og með 1. apríl voru honum greidd laun samkvæmt 24. launaflokki. Stefnandi mun áður hafa verið búinn að fá vitneskju um þessa ákvörðun, því að hinn 2. mars ritaði hann Kjarasamninganefnd ríkisins bréf, þar sem hann gerði grein fyrir starfsferli sínum hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum og síðast sem deildarverkfræðings hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands. Taldi hann ákvörðun þessa hljóta að vera byggða á misskilningi og óskaði leiðréttingar. Í

bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 26. apríl 1971, þar sem afstaða er tekin til þessa erindis stefnanda, segir svo:

„Sú meginbreyting var gerð við nýafstaðna kjarasamninga, að hætt var við að raða „starfsheitum" í launaflokka, en þess í stað raðað „störfum" í samræmi við starfsmat ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sbr. ákvæði 18. gr. samningsins.

Samkvæmt samningnum átti að skipa störfum í launaflokka eftir eðli þeirra og umfangi, en ekki eftir þeim starfsheitum, sem einstaklingar höfðu borið. Þannig missti megin þorri starfsmanna á skrifstofum „starfsheiti", er þeir höfðu borið, t. d. „ritari", „gjaldkeri", „bókari" og „fulltrúi", en eru nú skv. samningum taldir gegna störfum „skrifstofufólks I", „skrifstofufólks II", „skrifstofufólks III" o. s. frv.

Við mat á störfum Stefáns Bjarnasonar hlaut að koma til álita, hvort telja skyldi starf hans sambærilegt störfum verkfræðinga hjá Vegagerð ríkisins eða sérfræðinga á rannsóknarstofnunum. Til álita kom og, hvort telja skyldi hann hliðstæðan umdæmisverkfræðingum Vegagerðar. Hins vegar var talið, að deildarverkfræðingur þyrfti að hafa forsjá á störfum verkfræðinga eða annarra tæknifróðra manna. Þar sem upplýst var, að Stefán gegndi eigi slíku starfi, var ekki talið fært að launa störf hans skv. 27. lfl.

Ráðuneytið hefur skv. tillögu samninganefndar talið störf Stefáns Bjarnasonar hæfilega launuð skv. 24. lfl., og má minna á í því sambandi, að gert er ráð fyrir, að störf deildarstjóra í stjórnarráði flokkast í 24., 25. og 27. lfl."

Stefnandi mun hafa gert frekari tilraunir til að ná fram breytingu á þessu atriði, en án árangurs. Bandalag starfsmanna ríkis- og bæja vísaði þá málinu til Kjaranefndar og gerði þá kröfu, að starf stefnanda yrði skilgreint sem starf deildarverkfræðings, og skyldi hann taka laun samkvæmt 27. launaflokki launakerfis ríkisstarfsmanna. Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs var þess krafist við meðferð málsins fyrir Kjaranefnd, að kröfu yrði hrundið. Voru mótmælin byggð á því, að starfi stefnanda hefði verið skipað í launaflokk, en ekki starfsheiti hans. Þá hefði stefnandi ekki gert grein fyrir deild þeirri, er hann stjórnaði innan stofnunarinnar. Við meðferð málsins fyrir Kjaranefndinni kom fram lýsing á starfi stefnanda, sögð samin af honum og endurrituð 9. maí 1972. Er hún árituð af forstöðumanni stofnunarinnnar, Sveini Björnssyni. Taldi stefnandi eðlilegt, að starfið væri metið þannig: menntun 203 stig, starfsþjálf-

un 120-140 stig, sjálfstæði og frumkvæði 130 stig, tengsl 40 stig og ábyrgð 60 stig, eða alls 653-673 stig. Með úrskurði, uppkveðnum 18. desember 1972, hafnaði meiri hluti Kjaranefndar kröfu stefnanda á þeim grundvelli, að starfslýsing gæfi ekki nægilegan stigafjölda, til að unnt væri að verða við kröfunni. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að áður en hann hóf starf hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands, þá hafi hann unnið hjá ýmsum öðrum ríkisstofnunum. Hann hafi í upphafi starfað hjá Landssíma Íslands í um eitt ár. Á árinu 1947 hafi hann svo tekið við embætti rafmagnseftirlitsstjóra ríkisins og gegnt því til ársins 1953. Hann hafi síðan um þriggja ára skeið unnið sem verkfræðingur hjá einkafyrirtæki, en á árinu 1956 hafi hann verið ráðinn yfirverkfræðingur hjá Ríkisútvarpinu samkvæmt samningi stofnunarinnar og Verkfræðingafélags Íslands. Það starf hafi svo verið lagt niður að loknu verkfalli á árinu 1961. Hann kveðst svo hafa tekið til starfa sem deildarverkfræðingur hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands í septembermánuði 1965 og þá ráðinn af ráðherra þeim, sem fór með málefni þeirrar stofnunar. Á þessum tíma hafi verið svokölluð upplýsinga- og tæknideild innan stofnunarinnar og hafi hann verið ráðinn til að veita þessari deild forstöðu og þegið laun sem deildarverkfræðingur. Þá kveðst stefnandi frá upphafi starfsins hjá stofnuninni hafa verið í ritstjórn ritsins Iðnaðarmál. Með nýjum lögum hafi svo nafni stofnunarinnar verið breytt í Iðnþróunarstofnun Íslands og hafi starfssvið hennar jafnframt verið aukið, en ekki hafi orðið á breyting á starfi sínu við það. Um þetta leyti hafi verið ráðinn nýr verkfræðingur til að vinna að stöðlun og hafi þá verið mynduð sérstök stöðlunardeild, klofin út úr upplýsinga- og tæknideild. En hann hafi eftir sem áður veitt þeirri deild forstöðu. Ekki kveður stefnandi starf sitt hafa rýrnað svo neinu nemi við stofnun stöðlunardeildarinnar. Hann kveður starf sitt stöðugt hafa hafa vaxið bæði að því er tók til eiginlegra starfa deildarinnar svo og í sambandi við sérverkefni, sem sér hafi verið fengin. Hann kveður það síður en svo, að starf sitt hafi minnkað eða dregist saman við þá lækkun, sem varð á launum hans frá ársbyrjun 1971. Stefnandi kveðst hafa samið að beiðni forstöðumanns stofnunarinnar skrá um skipulag og starfsfólk stofnunarinnar og m. a. starfsskiptingu og komi þar fram, hvernig starfsemi deildar sinnar sé háttað.

Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Iðnþróunarstofnunar Ís-

lands, kveður Iðnaðarmálastofnun ríkisins hafa verið lagða niður í aprílmánuði 1971 og hafi þá hin nýja stofnun tekið við, en einnig hafi verið gerðar fleiri breytingar. Kveðst hann hafa verið framkvæmdastjóri stofnunarinnar, þegar stefnandi réðst til hennar. Kveðst Sveinn telja, að stefnandi hafi verið ráðinn sem almennur verkfræðingur með munnlegu samkomulagi. Af minnisblaði frá 15. september 1965 telji hann koma fram, að stefnandi hafi verið ráðinn frá þeim tíma, og hafi þá verið talið, að ráðningartími yrði eitt ár og að athugað yrði um áramótin 1965/1966, hvort stefnandi fengi starfskjör deildarverkfræðings. Þarna sé starfsvið einnig nánar tilgreint og sé minnst á upplýsingaþjónustu og tækniaðstoð, yfirumsjón með bókasafni og meðstjórn Iðnaðarmála, sem sé tímarit stofnunarinnar, svo og annað eftir samkomulagi. Sé þetta minnisblað undirritað af sér og stefnanda. Kveðst Sveinn telja, að ráðningarbréf hafi ekki verið gert. Samkvæmt þessu hafi stefnandi verið ráðinn almennur verkfræðingur, en hann hafi síðan látið í ljós áhuga á að fá stöðu deildarverkfræðings. Hljóti flokkun stefnanda í launakerfi að segja til um, hvernig því atriði hefur reitt af. Sveinn kveður ekki fyrir hendi neinar reglur um það innan stofnunarinnar, hvaða störfum verkfræðingur þurfi að gegna til að teljast deildarverkfræðingur. Kveður hann sér ókunnugt um, að fyrir hendi séu reglur um, hvað búa skuli bak við slíkt stöðuheiti, sem ríkisstofnunum beri að fara eftir. Hann kveður starfslið stofnunarinnar ekki mannmargt, en verkefnin mörg og viss verkaskipting fyrir hendi. Samt sem áður hafi stofnuninni ekki verið sett reglugerð og því engin formleg deildarskipting ákveðin. Hafi stefnanda verið ætlað starfssvið, sem nefnt sé upplýsingaþjónusta og tækniaðstoð, en auk þess hafi hann eins og aðrir starfsmenn sinnt öðrum störfum og m. a. átt þátt í að ritstýra tímariti, sem stofnunin gefur út. Sveinn kveðst ekki minnast þess, að stefnandi hafi haft annað starfsfólk stofnunarinnar undir sinni stjórn. Sveinn hafi litið svo á, að áritun sín á starfslýsingu stefnanda þýddi, að hann hefði séð hana frekar en hann hefði samþykkt hana. Í bréfi, sem hann ritaði iðnaðarráðuneytinu 20. september 1966, hafi hann farið fram á breytingar á þremur starfsheitum. Komi þar fram tillaga um breytingu á starfsheiti stefnanda í deildarverkfræðing, sem taki laun samkvæmt 24. launaflokki.

Svo sem áður er rakið, kom fram krafa um frávísun málsins af hálfu stefnanda (sic). Var hún byggð á því, að ágreiningsefnið um skipun stefnanda í launaflokk hafi farið fyrir Kjaranefnd

til úrskurðar, svo sem mælt hafi verið fyrir um í 24. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nú lög nr. 45/1973. Úrskurður nefndarinnar sé endanlegur fullnaðarúrskurður um það efni. Kjaranefnd sé dómstóll, lögskipaður gerðardómur, sem úrskurða skuli um nákvæmlega tiltekin ágreiningsefni, er upp kunni að koma við skýringu á kjarasamningum opinberra starfsmanna, þar á meðal skipun einstakra manna í launaflokka. Úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir og bindandi úrlausnir eins og dómar annarra dómstóla. Tilgangurinn með þessari skipan sé sá, að nauðsynlegt samræmi í úrlausnum þess konar deilumála verði aðeins tryggt með því, að einn dómstóll fjalli um þau öll. Jafnframt hafi þótt sýnt, að verulegrar sérþekkingar væri þörf við úrlausn þessara mála. Því hafi þótt nauðsynlegt að leggja mál þessi fyrir sérstakan dómstól, en skipan Kjaranefndar og málsmeðferð fyrir henni tryggi málsaðiljum sambærilegt réttaröryggi og almenn meðferð fyrir dómstólum. Í máli því, sem hér er til úrlausnar, séu gerðar sömu kröfur og gerðar voru fyrir Kjaranefnd. Um þær hafi Kjaranefnd þegar dæmt að efni til og því verði þær ekki hafðar uppi hér að nýju skv. 195. gr. og 196. gr. laga nr. 85/1936. Þá var því haldið fram, að þótt stefnandi hafi nú uppi þá nýju málsástæðu, að staða hans hafi verið lögð niður, þá hafi atvik þau, sem þar koma til, verið ljós frá upphafi og hafi honum borið að höfða þegar í stað mál fyrir almennum dómstólum, en það heimili stefnanda ekki að leggja málið nú fyrir almenna dómstóla.

Meginröksemdir stefnanda gegn frávísunarkröfunni voru þær, að Kjaranefnd sé ekki dómstóll, heldur yfirvald, en sú sé meginregla íslensks réttar, að réttmæti yfirvaldsúrskurða mega bera undir almenna dómstóla og sé sú regla varin af 60. gr. stjórnarskrárinnar. Lagaákvæði, sem gangi í aðra átt, beri að skýra þröngt. Ákvæði 24. gr. laga nr. 55/1962, nú 25. gr. laga nr. 46/1973, mæli þó ekki fyrir um, að óheimilt sé að bera réttmæti úrskurða Kjaranefndar undir dómstóla. Í máli þessu sé einnig höfð uppi sú málsástæða, að staða deildarverkfræðings, sem stefnandi hafi gegnt, hafi verið lögð niður, og hljóti stefnanda að vera heimilt að bera málið undir almenna dómstóla á þeim grundvelli.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi verið fastráðinn deildarverkfræðingur við Iðnaðarmálastofnun Íslands við gerð kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs 19. desember 1970. Þótt

ekki hafi komið fram gögn um ráðningu hans, sé það ekki hans sök, en samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, 7. tl. 4. gr., sbr. 14. gr., hafi hann átt rétt til fastráðningar. Er bent á í því sambandi, að hann hafi tekið laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, en ekki samkvæmt gjaldskrá verkfræðinga, svo sem tíðkast hafi á þessum tíma um lausráðna verkfræðinga. Er því haldið fram, að stefnandi hafi mátt treysta því, að ráðning hans skipaði honum rétt samkvæmt því kerfi, sem ríkisstarfsmenn störfuðu við. Aðalkrafa stefnanda er byggð á því, að hann hafi gegnt áfram starfi sem fastráðinn deildarverkfræðingur við stofnunina, og því eigi hann rétt á launum í samræmi við það, en það hafi verið laun samkvæmt 27. launaflokki greinds kjarasamnings. Því hafi verið ólöglegt að greiða stefnanda laun samkvæmt 24. launaflokki eftir 1. apríl 1971. Er því einnig haldið fram, að efnisrök hafi heldur ekki legið til að ákveða honum laun í 24. launaflokki. Einnig kom fram það sjónarmið af hálfu stefnanda, að samkvæmt launalögum þeim, sem í gildi voru fyrir gildistöku laga nr. 55/1962, hafi starfsmaður átt að halda óbreyttum launum, þótt hann væri færður milli starfa, og eigi stefnandi, sem starfað hafði hjá ríkisstofnunum um tuttugu ára skeið, átt að njóta þessa hagræðis. Verði ekki á þessi rök fallist, er því haldið fram, að líta megi svo á, að staða sú, sem stefnandi gegndi, hafi verið lögð niður 1. apríl 1971 og eigi hann samkvæmt ákvæði 4. tl. 4. gr. laga nr. 27/1965 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna rétt á föstum launum með þeim kjörum, sem fylgdu stöðu hans, eigi skemur en 12 mánuði frá því hún var lögð niður. Við munnlegan flutning málsins var þrautavarakrafa stefnanda byggð á því, að breyting sú, sem gerð var á launum hans, sé háð þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Að því er varðar bótakröfu stefnanda er því haldið fram, að löglíkur verði að teljast fyrir því, að hann hafi orðið fyrir beinu fjárhagstjóni og miska. Var fjárhæð þessa kröfuliðar sundurliðuð þannig við munnlegan flutning málsins, að fjárhagstjón nemi kr. 200.000 og miski kr. 100.000.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að ákvæði 4. gr., sbr. 14. gr., laga nr. 38/1954 taki ekki til ágreiningsefnis þess, sem hér er til úrlausnar, enda hafi staða stefnanda ekki verið lögð niður og gegni hann henni enn. Virðist stefnandi sjálfur einnig hafa litið svo á, er hann vísaði máli sínu til Kjaranefndar. Með því hafi hann viðurkennt, að ágreiningsefnið varði niðurröðun í

launaflokka, en ekki að staða hans hafi verið lögð niður, enda hafi Kjaranefnd ekki úrskurðarvald um það atriði. Með kjarasamningnum frá 19. desember 1970 hafi engar stöður verið lagðar niður. Á hinn bóginn hafi sú breyting verið gerð á launakerfinu, að hætt hafi verið að raða starfsheitum í launaflokka, en mönnum í þess stað skipað í launaflokka eftir kerfisbundnu mati á eðli starfa þeirra án tillits til starfsheita. Staða stefnanda hafi þannig alls ekki verið lögð niður, þó stefnanda væri skipað í 24. launaflokk, enda hafi störf hans og verkefni að öllu leyti verið hin sömu eftir sem áður. Einungis hafi verið um að ræða niðurröðun í launaflokk í samræmi við gerðan kjarasamning, enda hafi fjölmargir aðrir ríkisstarfsmenn mátt sætta sig við lækkun í launaflokki eftir þessa samningsgerð. Varakrafa stefnda er byggð á því, að jafnvel þótt svo verði litið á, að staða stefnanda hafi verið lögð niður, eigi hann ekki rétt á launum samkvæmt 27. launaflokki lengur en eitt ár, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, en frá þeim launum beri síðan að draga þau laun, sem stefnandi þáði skv. 24. launaflokki á þeim tíma, sbr. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Í 14. gr. laga þessara sé um að ræða lögákveðnar bætur vegna niðurlagningar stöðu og geti aldrei orðið um frekari bætur að ræða af þeim sökum. Því er mótmælt af hálfu stefnda, að staða stefnanda hafi verið lögð niður, en ef svo verður litið á, er því mótmælt, að staðan hafi verið stofnuð að nýju.

Af hálfu stefnda er kröfu stefnanda um skaðabætur og miskabætur vegna vanvirðu og valdníðslu mótmælt á þeim grundvelli, að hér sé um að ræða bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, sem ekki verði tekin til greina nema fyrir hendi sé lagaheimild. Ekki veiti 264. gr. almennra hegningarlaga grundvöll fyrir slíkri bótakröfu, enda skipun stefnanda í launaflokk ekki „meingerð drýgð af illfýsi". Einnig sé með öllu ósannað, að stefnandi hafi borið nokkra vanvirðu af skipun í 24. launaflokk. Til vara er þess krafist, að þessi þáttur í kröfugerð stefnanda verði stórlega lækkaður.

Ekki er fyllilega ljóst, hvernig háttað var ráðningu stefnanda til starfa við Iðnaðarmálastofnun Íslands, en telja verður nægilega fram komið, að við gerð kjarasamningsins 19. desember 1970 hafi stefnandi starfað við stofnunina sem fastráðinn deildarverkfræðingur og samkvæmt því tekið laun samkvæmt 24. launaflokki. Við röðun í launaflokka á grundvelli kjarasamningsins frá 19. desember 1970 var starfi stefnanda svo skipað í 24. launa-

flokk í launakerfi því, sem þá var búið til, en starfi deildarverkfræðinga skipað í 27. launaflokk. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að efnisrök hafi ekki legið til breytingar þeirrar, sem gerð var við þetta á launum hans. Verður að líta svo á, að með þessu sé haldið fram, að ekki hafi verið fyrir hendi lögmætur grundvöllur fyrir þessari ákvörðun. Þykir mega leggja dóm á málið á þeim grundvelli. Ekki er komið fram, að einstakir þættir í starfi stefnanda hafi verið metnir til stigafjölda, er því var skipað í 24. launaflokk á grundvelli kjarasamningsins frá 19. desember 1970. Við meðferð málsins fyrir Kjaranefnd kom fram frá stefnanda starfslýsing og mat á einstökum þáttum starfsins, sem skipaði honum í 27. launaflokk, ef rétt var. Þykir ekki í ljós leitt, að í upphafi málsmeðferðar hafi verið skilyrði til að skipa starfi því, sem stefnandi gegndi, í launaflokk með starfi verkfræðinga í stað þess að skipa því með starfi deildarverkfræðinga. Verður að líta svo á, að mál stefnanda hafi ekki legið fyrir Kjaranefnd með fullnægjandi hætti. Því sé stefnandi ekki bundinn af ákvörðun þeirri, sem skipaði starfi hans í 24. launaflokk, eða niðurstöðu Kjaranefndar. Verður að telja það innan valdsviðs dómsins að dæma um niðurstöðu Kjaranefndar á þessum grundvelli. Ekki þykja heldur hafa komið fram hér fyrir dómi rök, er réttlæti skipun stefnanda í launaflokk, svo sem gert var. Hefur komið fram hjá stefnanda, að eftir 1. apríl 1971 hafi honum verið gert að endurgreiða mismun launa 24. og 27. launaflokks, sem hann hafði fengið greidd frá 1. janúar til 1. apríl 1971. Þykir mega leggja dóm á málið á grundvelli kröfugerðar stefnanda, en kjarasamningurinn frá 19. desember 1970 gilti til 31. desember 1973, og því hefur verið lýst yfir af hálfu stefnda, að eftir það hafi verið tekið upp launakerfi, sem byggt hafi verið á öðrum grundvelli en launakerfið samkvæmt umræddum samningi, megi líta svo á, að ósannað sé, að skipun starfs stefnanda í 24. launaflokk hafi verið réttlætt, og megi ákveða honum laun samkvæmt 27. launaflokki til 31. desember 1973, þar sem starfi deildarverkfræðinga var skipað.

Ekki hefur stefnandi fært sönnur að beinu fjárhagstjóni, og ekki þykir lagagrundvöllur til að taka kröfu um miskabætur til greina. Verður stefndi því sýknaður af þeim þáttum kröfugerðar stefnanda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að viðurkenndur er réttur stefnanda til mismunar á launum 24. og 27. launaflokks samkvæmt kjarasamningi fjár-

málaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem gerður var 19. desember 1970, frá 1. janúar 1971 til 31. desember 1973, og ber stefnda að greiða fjárhæð þá, sem þannig kemur fram, með 7% ársvöxtum frá 18. desember 1972 til 1. júní 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að viðurkenna rétt stefnanda til framlags úr hendi stefnda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisstofnana af greindum launamismun. Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Stefáns Bjarnasonar, til mismunar á launum 24. og 27. launaflokks samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem gerður var 19. desember 1970, fyrir tímabilið 1. janúar 1971 til 31. desember 1973 úr hendi stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, ásamt 7% ársvöxtum frá 18. desember 1972 til 1. júní 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að viðurkenna rétt stefnanda til framlags úr hendi stefnda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisstofnana af greindum launamismun. Stefndi greiði stefnanda kr. 60.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1979.

Nr. 101/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Sverrissyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði er samkvæmt sakargögnum sannur að sök um þau brot, sem hann er sakfelldur fyrir í hinum áfrýjaða dómi. Eru þau réttilega færð til refsiákvæða, en ákvæðum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Það athugast, að eigi hafa verið teknar skýrslur af starfsfólki veitingaskálans á Hellu, er í málinu greinir, og gestum þar í því skyni að afla vitneskju um dvöl og hegðun ákærða í skála þessum 1. september 1976. Þá hefur eigi verið tekin skýrsla fyrir dómi af lögreglumanni þeim, sem handtók ákærða á Hellu þann dag. Enn fremur var eigi tekin dómsskýrsla af einni stúlkunni, sem var í bifreið ákærða 31. ágúst og 1. september 1976, meðan þessa var kostur, en hún er nú látin.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Sverrisson, sæti varðhaldi 15 daga.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar

með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. nóvember 1977.

Ár 1977, mánudaginn 21. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 528/1977: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Sverrissyni, sem tekið var til dóms 20. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. apríl 1977, gegn ákærða, Magnúsi Sverrissyni verkamanni, Marargötu 3, Reykjavík, fæddum þar í borg 5. febrúar 1948, „fyrir að aka að kvöldi þriðjudagsins 31. ágúst og aðfararnótt miðvikudagsins 1. september 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 50087 og neyta áfengis við akstur hennar frá Reykjavík að Sigöldu og þaðan að Hellu á Rangárvöllum, þar sem akstri lauk. Jafnframt er ákærða gefið að sök að hafa falið þeim Sigurbjörgu Ingvadóttur, fæddri 19. febrúar 1960, og Sigurveigu Herdísi Ingibergsdóttur, fæddri 29. september 1961, stjórn bifreiðarinnar nokkurn hluta af nefndri leið, enda þótt ákærði hefði áður veitt þeim áfengi í bifreiðinni og þær hefðu eigi ökuréttindi.

Þykir þetta varða við 1. mgr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 6. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 35. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og við 3. mgr. 16. gr., sbr. 2. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 1. september 1976, kl. 1030, þegar Valgeir Guðmundsson lögregluþjónn var staddur á Þrúðvangi á Hellu í eftirlitsferð, gaf sig fram við hann ákærði í máli þessu, sem var greinilega undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann vera í vandræðum með bílaleigubifreið, sem hann væri með, en hún væri hemlalaus. Var ákærði færður í lögreglubifreið og látinn bíða þar, meðan lögregluþjónninn hafði tal af farþegum í bifreiðinni,

en þeir voru þrjár stúlkur, þær Erla Björk Ingibergsdóttir, Ásgarði 16, Reykjavík, systir hennar Sigurveig, sama stað, og Sigurbjörg Ingvadóttir, Unufelli 46, Reykjavík. Voru þær Sigurbjörg og Sigurveig undir áhrifum áfengis.

Ákærði var nú færður til héraðslæknis á Hellu, sem tók blóðsýni úr honum, og við rannsókn á því reyndist alkóhólmagn í blóðinu nema 1.71‰.

Ákærði neitaði þegar hjá lögreglu að hafa ekið umræddri bifreið, R 50087, undir áhrifum áfengis, heldur kvaðst hann hafa drukkið eftir að hann hætti að aka og hefði hann drukkið áfengi í Grillskálanum á Hellu. Lögreglan ræddi við veitingamanninn þar og eiginkonu hans svo og mann, sem þar var staddur, og kváðust þau ekki hafa orðið vör við, að ákærði hefði bragðað áfengi þar inni. Sama báru stúlkur þær, sem voru í bifreiðinni hjá ákærða. Sögðu þær, að hann hefði drukkið talsvert, meðan á akstri stóð. Þá kom einnig fram hjá stúlkunum, að ákærði hefði leyft þeim að aka bifreiðinni til skiptis og hafi þær Sigurveig og Sigurbjörg þá verið undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur neitað fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis svo og að hafa falið umræddum stúlkum stjórn bifreiðarinnar. Fyrir dómi hinn 18. janúar sl. skýrði ákærði svo frá, að um kvöldið þann 30. ágúst 1976 hefði hann ekið bílaleigubíl frá Reykjavík að Sigöldu. Þrjár stúlkur hafi verið farþegar í bifreiðinni og muni hann, að tvær þeirra heiti Erla og Sigurveig Ingibergsdætur. Um nóttina hafi hann ekið aftur áleiðis til Reykjavíkur. Skammt frá Búrfelli kom í ljós bilun í hemlakerfi bifreiðarinnar. Þaðan ók hann bifreiðinni með bilað hemlakerfi að Hellu, þar sem hann hugðist fá aðstoð.

Ákærði kvaðst hafa haft verulegt magn áfengis í bifreiðinni. Hafi tvær stúlknanna drukkið af þessu áfengi án sinnar vitundar. Hann hafi ekkert áfengi drukkið, á meðan á akstri stóð. Hins vegar hafi hann farið inn á salerni í Grillskálanum á Hellu og drukkið þar vænan skammt af áfengi. Einnig hafi hann drukkið áfengi úr glasi í veitingaskálanum. Hann segir, að þegar hann hafi verið handtekinn, hafi hann verið með tösku úr bílaleigubílnum, en í töskunni var m. a. áfengi. Kvaðst hann hafa neytt áfengis úr þeirri töskú, þegar hann var skilinn eftir um stund einn í lögreglubifreiðinni, meðan lögreglan talaði við stúlkurnar. Hann kveðst hafa byrjað drykkju vegna þess, að hann var orðinn þreyttur.

Ákærði segir, að á leiðinni að Sigöldu hafi hann smástund setið undir Sigurveigu og leyft henni að stýra bifreiðinni svo og annarri stúlku, þó þannig, að hann hafði einnig hönd á stýri og stjórnaði öðrum stjórntækjum.

Sigurbjörg Ingvadóttir, Unufelli 46, Reykjavík, fædd 19. febrúar 1960, gaf skýrslu hjá lögreglunni í Rangárvallasýslu hinn 1. september 1976. Skýrði hún svo frá, að kl. 2030 kvöldið áður hefði ákærði komið að Ásgarði 16 í Reykjavík, þar sem hún hafi verið stödd hjá vinkonum sínum, systrunum Sigurveigu og Erlu Ingibergsdætrum. Hafi Magnús boðið þeim með sér og hafi ferðinni verið heitið að Sigöldu. Var lagt af stað frá Reykjavík skömmu síðar, en þegar komið var austur fyrir Selfoss, hafi ákærði gefið þeim áfengi, er hann var með, og drukku þær Sigurveig af því, en Erla Björk ekki. Drakk ákærði með þeim áfengi. Skömmu síðar kvaðst Sigurbjörg hafa fengið að aka bifreiðinni og síðar hafi þær Sigurveig og Erla Björk einnig ekið, en hún kveðst þó hafa ekið mest ásamt ákærða og hafi þau öll verið undir áhrifum áfengis nema Erla. Kvaðst hún hafa séð áfengisáhrif á ákærða, á meðan á akstri stóð. Var ekið sem leið lá að Sigöldu og áður en þangað kom, hafi ákærði m. a. tuggið tyggigúmmí til að hliðvörðurinn fyndi ekki áfengislykt af honum. Var ekið um Sigöldusvæðið um stund og síðan þaðan og hafi verið ætlunin að fara að Landmannalaugum. Þau villtust og sneru því til baka og héldu Landveg til byggða, og héldu þau ákærði, Sigurveig og Sigurbjörg áfram drykkju, og var ákærði þá orðinn áberandi ölvaður. Sigurbjörg kvaðst hafa ekið bifreiðinni á tunnu fyrir neðan Sigöldu og hafi hemlar bifreiðarinnar bilað skömmu síðar. Tók ákærði síðan við akstri bifreiðarinnar og ók talsverðan spöl, en síðan kvaðst hún hafa tekið aftur við og síðan Sigurveig, en hún var orðin talsvert ölvuð og sömuleiðis hún sjálf. Kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni að Hellu og lagt henni í stæði, þar sem hún var, er lögreglan kom að tala við þær. Hafi þau farið í Grillskálann á Hellu og fengið sér að borða, en ekkert þeirra hafi drukkið áfengi þar inni né heldur eftir að þau komu að Hellu.

Ekki tókst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að ná til framangreinds vitnis til að fá það fyrir dóm.

Systurnar Sigurveig Herdís Ingibergsdóttir, fædd 29. september 1961, og Erla Björk Ingibergsdóttir, fædd 20. desember 1962, báðar til heimilis að Ásgarði 16 hér í borg, gáfu skýrslu hjá

rannsóknarlögreglunni í Reykjavík fyrrnefndan dag, 1. september 1976, og síðar fyrir dómi hinn 23. ágúst sl.

Vitnið Sigurveig Herdís Ingibergsdóttir skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið með ákærða í bifreið hans að kvöldi 31. ágúst og aðfararnótt 1. september 1976 ásamt Erlu systur sinni og Sigurbjörgu Ingvadóttur. Komu þær í bifreiðina að Ásgarði 16. Vitnið segir, að stöðvað hafi verið við Heiðarbæ og þar hafi ákærði byrjað að neyta áfengis, en hann hafði það meðferðis. Sagði hann stúlkunum, að þær mættu einnig drekka af þessu áfengi, og drukku vitnið og Sigurbjörg eitthvað, en Erla ekki. Kvað vitnið ákærða hafa drukkið mikið og orðið töluvert ölvaðan við aksturinn. Þetta hafi lýst sér í því, að ákærði hafði ekki fullt vald á bifreiðinni og m. a. misst hana út af veginum. Varð þetta til þess, að vitnið og Sigurbjörg fóru að aka bifreiðinni. Óku þær það, sem eftir var að Hellu. Vitnið taldi, að aldrei hefði verið farið alla leið að Sigöldu. Kvaðst það mjög lítið hafa ekið, en það hafi drukkið allnokkuð. Aðallega hafi Sigurbjörg ekið, enda hafði hún drukkið minna og drakk ekkert, eftir að hún hóf að aka. Sagði vitnið, að ákærði hefði vitað, að þær hefðu drukkið áfengi, er þær óku. Ákærði hafi setið við hlið þeirra, er þær óku, en aldrei setið undir þeim. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði drukkið áfengi, eftir að stöðvað var á Hellu.

Vitnið Erla Björk Ingibergsdóttir hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi ásamt systur sinni, Sigurveigu Herdísi, og Sigurbjörgu Katrínu Ingvadóttur verið farþegi í bifreið ákærða að kvöldi 31. ágúst og aðfararnótt 1. september 1976. Komu þær í bifreiðina til ákærða að Ásgarði 16. Var ekið austur fyrir Fjall, og mundi vitnið, að stöðvað var á veginum rétt hjá Skálmholti og Heiðarbæ nálægt Þjórsá. Sagði vitnið, að ákærði hefði virst ódrukkinn, er aksturinn hófst, en hann hafi verið með mikið vín í bifreiðinni. Þegar stöðvað var á fyrrgreindum stað, tók ákærði upp flösku og fór að drekka. Einnig bauð hann Sigurveigu og Sigurbjörgu áfengi, og þáðu þær það, en vitnið drakk ekki. Síðar var ekið upp að Sigöldu. Fannst vitninu ákærði haga sér eins og hann væri undir áhrifum áfengis. Ók hann stundum glannalega og fór einu sinni út af veginum. Var vitnið alveg visst um, að það sá ákærða neyta áfengis í bifreiðinni, en það mundi ekki nú, hvort það sá hann oft fá sér sopa. Hjá rannsóknarlögreglu hinn 1. september 1976 hafði vitnið skýrt svo frá, að það hefði séð ákærða neyta áfengis í bifreiðinni nokkrum sinnum og hafi

það verið hrætt í bifreiðinni, þar sem ákærði hafi ekið mjög glannalega.

Vitnið mundi, að Sigurbjörg hefði ekið bifreiðinni eitthvað, og var vitninu mikill léttir að því vegna þess, hve ákærði hafði ekið glannalega. Sigurbjörg hafði neytt einhvers áfengis. Vitnið mundi ekki, hvort Sigurveig hefði ekið eitthvað einnig.

Vitnið kvað þau síðar hafa komið í Grillskálann að Hellu, en ekki mundi það, hvort ákærði neytti áfengis þar. Það sagði, að ákærði hefði beðið þær að skýra ekki frá því, að hann hefði drukkið við aksturinn, þegar þau voru komin til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík.

Í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni skýrði Erla Björk svo frá, að er þau hafi verið komin að Hellu og í veitingaskálann þar, hafi hún séð ákærða fá sér maltöl og hella saman við það rauðu víni, sem hann hafi verið með, og drukkið þetta þar.

Þegar virtir eru framburðir Sigurveigar Herdísar og Erlu Bjarkar Ingibergsdætra fyrir dómi svo og skýrsla Sigurbjargar Ingvadóttur hjá lögreglu, þykir verða að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar R 50087. Með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framangreindum framburðum verður einnig að telja, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar greint sinn. Þegar litið er til framburðar ákærða um drykkju, eftir að akstri lauk, þykir hins vegar ekki fyllilega sannað, að alkóhólmagn í blóði hans hafi verið svo mikið sem í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga greinir. Verður framangreint atferli ákærða því heimfært undir 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Þá verður með hliðsjón af sömu framburðum og þrátt fyrir neitun ákærða að telja fyllilega sannað, að ákærði hafi falið þeim Sigurbjörgu Ingvadóttur og Sigurveigu Herdísi Ingibergsdóttur, sem hvorug hafði réttindi til að stjórna bifreið, stjórn framangreindrar bifreiðar um tíma. Jafnframt að hann hafi veitt þeim áfengi og þær hafi verið undir áhrifum þess, er hann fól þeim stjórn bifreiðarinnar. Varðar þetta atferli við 6. mgr., 25. gr. og 1. mgr. 35. gr. umferðarlaga og við 3. mgr. 16. gr. áfengislaga.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1964 26/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1965 20/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 15/6 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 19/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 15/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 1/11 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir ölvun.
1966 2/3 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 26., 37. og 49. gr. umferðarlaga og 219. gr. hegningarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.
1967 16/5 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1967 21/6 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir ölvun.
1967 4/8 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
1967 13/10 í Reykjavík: Dómur: 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 2.000.
1968 23/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
1968 29/2 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1968 27/3 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaga og 6. gr. áfengislaga.
1968 11/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1969 12/12 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1970 8/7 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1971 30/4 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1972 8/2 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga.
1972 7/6 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1972 30/10 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1973 24/8 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1975 17/3 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/6 1974.

Refsidómur frá 17. mars 1975 hefur ítrekunaráhrif á framangreint brot ákærða samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 2. mgr. 41. gr. og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 110.000, og

komi varðhald í 18 daga í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og skv. 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 35.000.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Sverrisson, greiði kr. 110.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 18 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.

Mánudaginn 14. maí 1979.

Nr. 165/1977. **Þórisós h/f**
(Jón Þorsteinsson hrl.)
gegn
Hveragerðishreppi
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Aðstöðugjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. september 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst sýknu

af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 12. júní 1970 var tilkynnt til firmaskrár Rangárvallasýslu stofnun sameignarfélagsins Þórisóss s/f. Heimilisfang félagsins var talið að Skarði í Landsveit. Markmið þess var að hafa á hendi gerð miðlunarmannvirkja við Þórisvatn. Stofnendur skyldu bera sameiginlega og hver í sínu lagi ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélagsins, og það skyldi vera sjálfstæður skattaðili. Tilkynning þessi var birt í Lögbirtingablaði 2. september 1970. Þórisós s/f hóf mannvirkjagerð við Þórisvatn sem verktaki og síðar víðar á landinu, meðal annars við Suðurlandsveg. Starfaði félagið að því verki á árunum 1970, 1971 og 1972.

Hinn 3. febrúar 1973 var tilkynnt til hlutafélagaskrár Rangárvallasýslu stofnun hlutafélagsins Þórisóss, sem hefði heimilisfang að Skarði í Landmannahreppi. Í tilkynningu segir, að hlutafélagið taki við öllum rekstri Þórisóss s/f frá og með 1. janúar 1973. Sama dag tilkynnti Þórisós s/f, að það félag væri hætt störfum og þess óskað, að það væri afmáð úr firmaskrá. Skráðir eigendur sameignarfélagsins og Þórisóss h/f ábyrgðust óskipt allar skuldbindingar sameignarfélagsins. Tilkynningar þessar voru birtar í Lögbirtingablaði 30. maí 1973.

Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, skiptist verktakastarfsemi Þórisóss s/f í þrjá meginþætti, þ. e. gerð miðlunarmannvirkja við Þórisvatn, lagningu Suðurlandsvegar og lagningu Vesturlandsvegar. Er mál þetta sprottið af álagningu aðstöðugjalds í Hveragerðishreppi á Þórisós s/f vegna verkframkvæmdanna við Suðurlandsveg árin 1970, 1971 og 1972 auk nokkurra framkvæmda fyrir Hveragerðishrepp við lagningu olíumalar á götur. Hefur áfrýjandi viðurkennt, að málssókninni sé réttilega beint að sér sem réttartaka Þórisóss s/f.

Framkvæmdir við þann hluta Suðurlandsvegar, sem Þórisós s/f tók að sér með verksamningi að leggja, hófust 1. októ-

ber 1970, og þeim lauk ekki fyrr en 15. október 1972. Hafði þá Þórisós h/f tekið við verkframkvæmdunum sem réttartaki Þórisóss s/f. Framkvæmdirnar við lagningu Suðurlandsvegar voru mjög veigamikill hluti atvinnurekstrar Þórisóss s/f, a. m. k. árin 1970 og 1971. Frá því í október 1970 og að því er virðist til maíloka 1971 hafði félagið á leigu húsnæði að Breiðumörk 23 í Hveragerði og hafði þar skrifstofuaðstöðu fyrir mælingamenn og e. t. v. fleiri. Þar rak félagið og mötuneyti fyrir starfsmenn sína og sá hluta þeirra fyrir svefnrými, en einhver hluti starfsliðsins gisti í húsnæði, sem Þórisós s/f hafði á leigu í Gufudal í Ölfushreppi, og snæddi þar sumar máltíðir. Fyrir milligöngu verktakans, Vegagerðar ríkisins, lét stefndi Þórisósi s/f í té lóð fyrir athafnasvæði, meðan á verkinu stóð. Eftir að leiguafnotum Þórisóss s/f af húsnæðinu að Breiðumörk 23 og í Gufudal lauk, hafði félagið færanlegar starfsmannabúðir á lóð þessari til áramóta 1971—1972. Á árinu 1972 virðist félagið hins vegar hafa haft slíkar búðir undir Ingólfsfjalli, en gögn máls um það, hvort og þá að hverju leyti héldust stöðvar þess í Hveragerði, eru óglögg. Sýnt er þó, að einnig á því ári hafi félagið haft afnot fyrrgreindrar lóðar eftir þörfum.

Verkframkvæmdir Þórisóss s/f við Suðurlandsveg voru alllangvarandi og umfangsmiklar, svo sem áður var greint. Sá hluti vegarins, sem félagið lagði samkvæmt verksamningi við Vegagerð ríkisins, lá að vísu um fleiri sveitarfélög en Hveragerðishrepp, en telja verður, að þar í hreppi hafi félagið haft þær aðalstöðvar, sem það taldi nauðsynlegt að koma upp á framkvæmdastað. Þykir í því sambandi ekki skipta máli sú gistiaðstaða, sem félagið hafði fyrir starfsmenn sína í Gufudal fram til 1. júní 1971, eða hinar færanlegu vinnubúðir, sem upp var komið undir Ingólfsfjalli sumarið 1972, en skýrslur forráðamanna félagsins um þær eru óglöggar. Við lagningu Suðurlandsvegar og gatnagerð í Hveragerði hafði Þórisós s/f nokkur afnot fasteigna í Hveragerði, svo sem greint var. Verður að telja samkvæmt því, sem rakið hefur verið, að Þórisós s/f hafi haft með höndum atvinnurekstur í Hveragerðishreppi þess eðlis, að þar hafi

verið um að ræða heimilisfasta atvinnustofnun í skilningi ákvæða a liðs 1. mgr. 12. gr. laga nr. 51/1964 og a liðs 1. mgr. 40. gr. laga nr. 8/1972, sbr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962. Var því heimil álagning aðstöðugjalds á Þórisós s/f í Hveragerðishreppi árin 1971, 1972 og 1973 svo og viðlagagjalds árið 1973, sbr. 3. tl. 8. gr. laga nr. 4/1973.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður.

Þá er og rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði á að falla niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Af gögnum máls verður séð, að Þórisós s/f hafði á leigu húsnæði að Breiðumörk 23 (Hverabökkum) í Hveragerði frá því í október 1970 og þar til í apríl eða maí 1971. Þar var svefnstaður og mötuneyti fyrir hluta þeirra starfsmanna félagsins, sem unnu við Suðurlandsveg, og einhver skrifstofuaðstaða fyrir mælingamenn og verkfræðinga svo og einhver aðstaða til frístundastarfa. Síðan hafði félagið not af lóð í hreppnum við kvenfélagshúsið fram undir áramótin 1971—1972. Þar hafði félagið svefnstað og mötuneyti fyrir starfsfólk í færanlegum vögnum (strætisvögnum). Félagið hafði einnig svefnstað og mötuneyti fyrir starfsfólk í Gufudal í Ölfusi frá hausti 1970 til 1. júní 1971, og þar var jafnframt einhver skrifstofuaðstaða. Óljóst er, hverja aðstöðu félagið hafði í Hveragerði árið 1972, en gögn benda til, að aðalaðsetur félagsins vegna lagningar Suðurlandsvegar hafi það ár verið undir Ingólfsfjalli í Ölfusi. Fram er kom-

ið, að aðalstarfsemi félagsins var á þrem stöðum á árunum 1970—1972, við Suðurlandsveg, við Vesturlandsveg og við Þórisvatn. Framkvæmdirnar við Suðurlandsveg voru umfangsminnstar af þessum þrem verkþáttum.

Um aðstöðugjald það, sem um er fjallað í máli þessu, gildir III. kafli laga nr. 51/1964 að því er varðar gjaldárið 1971, en V. kafli laga nr. 8/1972 að því er varðar gjaldárin 1972 og 1973, svo og reglugerð nr. 81/1962, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 69/1962, er þá giltu um tekjustofna sveitarfélaga.

Þegar virt er starfsemi sú, sem Þórisós s/f hafði með höndum við lagningu Suðurlandsvegar árin 1970, 1971 og 1972, svo og rekstraraðstaða félagsins í Hveragerðishreppi vegna starfsemi þessarar, sem áður er lýst, verður ekki talið, að félagið hafi haft heimilisfasta atvinnustofnun þar samkvæmt ákvæðum a liðs 1. mgr. 12. gr. laga nr. 51/1964 og a liðs 1. mgr. 40. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962. Er áfrýjanda því að okkar áliti ekki skylt að greiða aðstöðugjald til Hveragerðishrepps vegna áðurgreindrar starfsemi þessi ár. Teljum við því, að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu og láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. janúar 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. janúar sl., höfðaði sveitarsjóður Hveragerðishrepps með stefnu, birtri 20. október 1975, gegn Þórisósi h/f, Skarði, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu, vegna Þórisóss s/f til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.252.447 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 126.600 frá 1. janúar 1972 til 1. janúar 1973, en af kr. 766.000 frá þeim degi til 16. maí 1973, en 1½% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1974, en af kr. 1.252.447 frá þeim degi til 16. júlí 1974, en 2% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt.

Málsaðiljar hafa samið um varnarþing hér fyrir dómi.
Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

II.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera vegna ógreiddra gjalda til sveitarsjóðs Hveragerðishrepps fyrir árin 1971, 1972 og 1973, sem sundurliðast svo:

Aðstöðugjald ársins 1971	kr.	126.600
Aðstöðugjald ársins 1972	—	639.400
Aðstöðugjald ársins 1973	—	317.812
Viðlagasjóðsgjald af aðstöðugjaldsstofni ársins 1973	—	168.635
Samtals	kr.	1.252.447

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að verktakafyrirtækið Þórisós s/f hafi árið 1970 hafið framkvæmdir við Suðurlandsveg og hafi vegna þessara framkvæmda haft margs konar starfrækslu í Hveragerðishreppi. Í Hveragerði hafi þá verið skrifstofa með 2 til 3 manna starfsliði og starfsmannaíbúðir fyrir um 40 manns og mötuneyti. Þessi starfræksla hafi átt sér stað árin 1970 til 1973 og hafi því verið lögð aðstöðugjöld á Þórisós s/f vegna þessarar starfsemi.

Við álagningu gjalda árið 1973 hafi skattstjóri Suðurlandsumdæmis lagt aðstöðugjald á Þórisós s/f vegna starfrækslunnar í Hveragerði, og skyldi Þórisós s/f greiða til sveitarsjóðs Hveragerðis kr. 317.812 í aðstöðugjald, jafnframt hafi verið lagt á Þórisós s/f að greiða viðlagagjald af aðstöðugjaldsstofni, kr. 168.635. Þessa álagningu hafi Þórisós s/f kært til skattstjóra svo og álagningu aðstöðugjalda fyrir árið 1972, en hann hafi staðfest álagninguna. Ekki hafi félagið viljað una því og hafi kært nefnda álagningu aðstöðugjalda til ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 25. maí 1974, og hafi krafist þess, að gjaldið yrði fellt niður. Ríkisskattanefnd hafi staðfest úrskurð skattstjóra með úrskurði, uppkveðnum 23. maí 1975.

Aðstöðugjald álagt 1971 hafi hins vegar ekki verið kært til ofangreindra aðilja.

Þrátt fyrir það að fyrir liggi úrskurður ríkisskattanefndar um gjaldskyldu Þórisóss s/f (nú Þórisóss h/f), neiti félagið enn að greiða þessi gjöld til sveitarsjóðs Hveragerðishrepps.

Sigurður Pálsson, sveitarstjóri Hveragerðishrepps, var yfir-

heyrður hér fyrir dómi vegna þessa máls. Fram kom hjá sveitarstjóranum, að Þórisós hafi verið með aðstöðu fyrir mötuneyti í húsi að Breiðumörk 23 og hafi fengið lánaða lóð hjá Hveragerðishreppi fyrir vagna og hjólhýsi, sem hafi verið svefnpláss og önnur aðstaða fyrir mannskapinn. Þessi aðstaða hafi verið við götur og á byggðu svæði í Hveragerðishreppi. Ekki gat sveitarstjórinn fullyrt um það, hvort stefndi hafi notað þessa aðstöðu í Hveragerðishreppi við verkframkvæmdir sínar utan hreppsins. Sveitarstjórinn sagði, að stefndi hefði verið með mötuneyti og svefnpláss fyrir sína menn og einhvers konar aðstöðu fyrir verkstjóra og fyrir stjórnina á þessu verki. Ekki hafi stefndi verið með sérstaka skrifstofu, en muni hafa haft sína stjórnunaraðstöðu í vögnunum, sem hann hafi verið með á lóð hreppsins. Sveitarstjórinn sagði, að stefndi hefði byrjað með aðstöðu sína innan Hveragerðishrepps á árinu 1970, en kvaðst ekki muna, hvenær hann hætti. Sveitarstjórinn kvaðst aldrei hafa heyrt á það minnst, að stefndi hafi haft aðstöðu í Gufudal eða undir Ingólfsfjalli á þessum tíma.

Hinn 13. janúar sl. var Þorkell Guðbjartsson yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Þorkell viðurkenndi undirskrift sína á dskj. nr. 17 og kvað efni vottorðsins rétt. Vottorðið er svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að verktakafyrirtækið Þórisós s.f. leigði húsnæði hjá mér að Breiðumörk 23, Hveragerði, á tímabilinu okt. 1970 — maí 1971 fyrir mötuneyti og svefnpláss fyrir starfsmenn sína vegna framkvæmda við Suðurlandsveg."

Þorkell sagði, að stefndi hefði flutt inn með starfsmenn sína í húsnæði að Breiðumörk 23 undir mánaðamót október og nóvember 1970. Á sama tíma hafi mötuneyti stefnda tekið til starfa að Breiðumörk 23. Allir starfsmenn stefnda hafi borðað í mötuneyti þessu. Á sama tíma og stefndi hafði húsnæði Þorkels á leigu hafi stefndi verið með aðstöðu í Gufudal og hafi eitthvað af starfsmönnum stefnda sofið þar. Eftir að stefndi flutti með starfsemi sína úr húsi Þorkels, hafi stefndi verið með mötuneyti og svefnpláss fyrir starfsmenn sína í vögnum við kvenfélagsheimilið Bergþóru í Hveragerði. Þessi starfsemi hafi að minnsta kosti verið fram á haust 1971. Þorkell hélt, að stefndi hefði farið með starfsmenn sína úr Gufudal um sama leyti og stefndi hætti að nota húsnæði Þorkels.

Þorkeli var sýnt dskj. nr. 25, og sagði hann það vera húsaleigureikning frá sér og muni það vera yfir alla húsaleigu, sem

hann fékk frá stefnda. Skrifstofuhúsnæðið, sem greint er á dskj. nr. 25, hafi verið til afnota fyrir mælingamenn.

Páll Hannesson, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa 20. maí sl. og 13. janúar sl. Hinn 20. maí sl. leiðrétti Páll málavaxtalýsingu í greinargerð lögmanns stefnda að því leyti, að framkvæmdatími á árinu 1971 muni hafa verið frá 1. janúar og fram undir áramót, en ekki til 31. október, eins og stendur í greinargerðinni.

Fram kom hjá framkvæmdastjóranum, að þegar verkið var hafið um mánaðamótin september/október 1970, hafi stefndi verið búinn að gera leigusamninga um að leigja Gufudal yfir vetrarmánuðina. Þetta sé gamall bóndabær og hafi stefndi átt að rýma húsnæðið 1. júní 1971. Um áramótin hafi stefndi gert leigusamning við þáverandi eiganda að Hverabökkum í Hveragerði. Húsið hafi þurft mikilla lagfæringa og breytinga við og hafi eigandi hússins ætlað að leigja stefnda það yfir sumarið frá þeim tíma, þegar leigusamningurinn rynni út í Gufudal, og fram að áramótum hafi verið talað um. Í apríl 1971 hafi stefndi fengið að flytja inn í húsnæðið hálfinnréttað með einhverja menn, en öll aðalaðstaðan hafi verið uppi í Gufudal. Mötuneytið hafi verið flutt úr Gufudal niður í Hveragerði um miðjan maí á árinu 1971. Skrifstofustörf hafi verið unnin í Reykjavík, en erfitt sé að segja með svona verk, hvað eigi að flokka sem skrifstofustörf, en í kringum verkstjórn sé heilmikil skriffinnska, sem þurfi að ganga frá. Launaútreikningar fyrir þetta verk hafi verið unnir í Reykjavík. Önnur skrifstofustörf eða stjórnunarstörf hafi verið unnin af framkvæmdastjóranum og Leifi Hannessyni og megi segja, að það hafi verið uppi við Þórisvatn stundum og stundum í Reykjavík.

Fram kom hjá framkvæmdastjóranum, að þessa aðstöðu að Hverabökkum hafi stefndi haft fram undir áramót 1971/1972, síðan hafi stefndi greitt húsaleigu þar fyrir janúar 1972. Á árinu 1972 hafi stefndi haft aðstöðu vegna Suðurlandsvegar á þremur mismunandi stöðum og hafi það allt saman verið flytjanlegar vinnubúðir, mestmegnis hafi það byggst á strætisvögnum, sem hafi verið staðsettir á tveimur stöðum við Ingólfsfjall, og síðan hafi þeir verið í Hveragerði. Sumarið 1972 hafi stefndi verið um tíma innan Hveragerðishrepps. Þegar stefndi hafði aðstöðu innan Hveragerðishrepps, hafi að megninu til verið unnið að vegalagningu utan hreppsins vegna þess, að mestur hluti vegalagningarinnar hafi farið fram utan hreppsins.

Fram kom hjá framkvæmdastjóranum, að Breiðamörk 23 í Hveragerði sé sama húsnæðið og hann talaði um sem Hverabakka. Vegna vottorðs Þorkels Guðbjartssonar tók framkvæmdastjórinn fram, að vottorðið væri rangt að því leyti, að Þorkell segi, að stefndi hafi leigt húsnæði hjá honum á tímabilinu október 1970 til maí 1971. Hið rétta sé, að stefndi hafi flutt inn í húsnæði Þorkels í maí 1971, en stefndi hafi greitt honum fyrir fram til þess að standa straum af innréttingum. Þorkeli hafi svo verið greidd húsaleiga fram til janúar 1972.

Ekki kvað framkvæmdastjórinn stefnda geta upplýst, hvaða hluti aðstöðugjaldsstofnsins stafi af framkvæmdum innan marka Hveragerðishrepps og hvaða hluti aðstöðugjaldsstofnsins stafi af framkvæmdum þar, sem notast var við aðstöðu í Hveragerðishreppi. Gerður hafi verið einn verksamningur við Vegagerð ríkisins, sem náð hafi yfir það að undirbyggja og leggja slitlag og ganga frá að öllu leyti veginum frá miðjum Kömbum og niður að Ölfusi, en ekki hafi verið aðgreint í verksamningnum, hvað var unnið í hverju sveitarfélagi. Vegagerðin ætti að geta farið eitthvað nærri um það, svona með 20%—30% nákvæmni, hvað mikið af þessum verksamningi væri innan Hveragerðis.

Fram kom hjá framkvæmdastjóranum, að samkvæmt verksamningnum hafi Vegagerð ríkisins borið að láta verktakanum í té athafnasvæði. Þessi svæði hafi verið tvö, annað í Hveragerði, en hitt hjá Ingólfsfjalli. Nýting stefnda á þessu athafnasvæði í Hveragerði hafi verið í því fólgin að staðsetja þar strætisvagna, sem notaðir voru sem vinnubúðir, einnig muni vinnuvélum einstaka sinnum hafa verið lagt þar og þar verið geymt efni, frá því að það kom frá Reykjavík og þangað til það var notað í veginn. Vinnubúðirnar undir Ingólfsfjalli hafi verið hliðstæðar búðunum í Hveragerði. Ekki hafi eins margir strætisvagnar verið fluttir niður að Ingólfsfjalli, þar hafi stefndi verið með færri menn.

Framkvæmdastjórinn taldi, að hægt væri að finna út með hálfs mánaðar nákvæmni, hve lengi stefndi hafi verið á hverjum tíma á hverjum stað. Ein dagsetning sé örugg og það sé, að stefndi hafi rýmt Gufudal að fullu 1. júní 1971. Framkvæmdastjórinn hélt, að menn stefnda hefðu farið frá Hveragerði í lok september 1972, en strætisvagnarnir muni hafa verið þar lengur.

Hinn 13. janúar sl. kom Páll Hannesson, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, á ný fyrir dóm til yfirheyrslu. Hann sagði framburð sinn 20. maí sl. um leigu á húsnæði Þorkels Guð-

bjartssonar á misskilningi byggðan. Stefndi muni hafa tekið húsnæði Þorkels á leigu haustið 1970 og flutt inn síðustu dagana í nóvember. Húsnæðið hafi verið mjög ófullkomið, þegar flutt var inn, en þá hafi allt verið orðið fullt í Gufudal. Eftir að húsnæði Þorkels var tekið í notkun, hafi verið starfrækt þar mötuneyti, en áfram hafi verið framreitt morgunkaffi og kvöldkaffi í Gufudal fyrir þá, sem þar sváfu. Allir starfsmenn stefnda hafi borðað hádegismat í mötuneytinu að Breiðumörk 23, eftir að það tók til starfa, en það hafi ekki verið fyrr en seinni hluta ann í nóvember 1970. Páll Hannesson tók fram, að í Hveragerðishreppi hefðu ekki verið unnin skrifstofustörf, þau skrifstofustörf, sem unnin hafi verið fyrir austan, þ. e. úrvinnsla á mælingum, hafi verið unnin í Gufudal. Það húsnæði, sem á reikningnum á dskj. nr. 25 sé kallað skrifstofuhúsnæði, hafi verið notað fyrir borðtennis.

Eftir að stefndi hætti að hafa afnot af húsnæði Þorkels Guðbjartssonar og húsnæðinu í Gufudal, þá hafi stefndi verið með aðstöðu sína, mötuneyti, svefnpláss og parkeringspláss, á lóð í Hveragerði og hafi mötuneyti og svefnpláss verið í vögnum. Á meðan stefndi hafði aðstöðu í Gufudal og á Hverabökkum, hafi stefndi ekki haft afnot af lóð frá Hveragerðishreppi. Ekki gat Páll Hannesson upplýst, hve lengi stefndi hafi verið með aðstöðu í vögnum í Hveragerðishreppi. Vagna þessa hafi stefndi haft á leigu, á reikningum sé leigutími ekki tilgreindur (sic), en Páll kvaðst halda, að vagnarnir hefðu ekki verið notaðir lengur en fram í september eða október 1971 í Hveragerði. Á árinu 1972 hafi aðstaðan aðallega verið undir Ingólfsfjalli.

Gunnar Magnússon, fyrrverandi bókhaldari, skrifstofustjóri og gjaldkeri hjá stefnda, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Gunnar Magnússon kvaðst hafa hafið störf hjá Þórisósi s/f í ágúst eða september 1971 og hafa unnið við bókhald hjá því fyrirtæki, meðan það hélt áfram störfum. Síðan hafi Þórisós h/f yfirtekið starfsemina 1973 og hjá því fyrirtæki kvaðst Gunnar hafa unnið þar til sumarið 1976.

Gunnar sagði reikningana á dskj. nr. 25 og 26 vera yfir leigu stefnda á húsnæði í Gufudal í Ölfusi. Útgjöldum stefnda hafi á framtölum 1971, 1972 og 1973 verið skipt eftir verkefnum. Útgjöldum hafi verið haldið aðgreindum fyrir hvert verkefni fyrir sig, en ekki sérgreindum eftir því, í hvaða sveitarfélögum þau urðu til. Við lagningu Suðurlandsvegar hafi verið haldinn reikningur yfir verkið í heild. Þetta hafi verið á einum samn-

ingi við Vegagerð ríkisins og kostnaðarhliðin hafi verið bundin við verkið, en ekki við sveitarfélag. Ekki hafi verið sundurliðað eftir því, hvort notast hafi verið við vinnubúðir í Hveragerði eða undir Ingólfsfjalli.

Eftir að fyrst kom fram krafa frá Hveragerðishreppi um aðstöðugjald, hafi ekki verið breytt um aðferð við bókhaldið, þannig að farið væri að sundurliða það eftir aðstöðu. Skipting á milli sveitarfélaga, sem fram komi frá skattstjóra Suðurlandsumdæmis á dskj. nr. 21, sé eingöngu verk skattstjórans. Í framtali fyrirtækisins sé kostnaðarhliðinni skipt upp eftir verksamningum, en ekkert minnst á ákveðin sveitarfélög í því sambandi. Reikningur á dskj. nr. 28 sé reikningur yfir vegaframkvæmdir, sem stefndi hafi unnið fyrir Hveragerðishrepp. Útgjöld stefnda vegna þessara framkvæmda hafi verið færð á kostnað Suðurlandsvegar í framtali. Tæknilega hafi verið mjög örðugt að greina á milli útgjalda af vegalagningu í Hveragerðishreppi, sem gerð hafi verið fyrir hreppinn, og vegalagningu við Suðurlandsveg, sem sé fyrir Vegagerð ríkisins. Þetta hafi verið unnið með sömu tækjum og sama mannskap á sama tíma.

III.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með vísan til úrskurðar ríkisskattanefndar frá 23. maí 1975 varðandi greiðsluskyldu stefnda á aðstöðugjöldum til stefnanda, en þar segir m. a. svo:

„Skattstjóri Suðurlandsumdæmis ákvað kæranda 1973 heildarstofn til aðstöðugjalds kr. 290.302.119.00 og skipti honum til álagningar milli þriggja sveitarfélaga. Í hlut Hveragerðishrepps komu 11.17%, Ásahrepps 23.56% og Mosfellshrepps 65.27%.

Með bréfi, dags. 25. mars 1974, gerði skattstjóri kæranda að greiða til Hveragerðishrepps aðstöðugjald að fjárhæð kr. 317.812.00 auk viðlagagjalds, kr. 168.635.00. Aðstöðugjaldið nam 0.98% af gjaldstofni og viðlagagjaldið 0.52%. Kærandi taldi þessa gjaldtöku ekki heimila og kærði hana til skattstjóra, sem staðfesti álagninguna með úrskurði, dags. 6. maí 1974. Úrskurði þessum skaut kærandi til ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 25. maí, með þeirri kröfugerð, að gjaldið yrði fellt niður.

Úrskurður skattstjóra er staðfestur með vísun til forsendna hans sem og þess, er greinir í úrskurði ríkisskattanefndar, uppkveðnum í dag, um gjaldskyldu kæranda í Ásahreppi eins og við á.“

Jafnframt er af hálfu stefnanda um rökstuðning fyrir kröfum vísað til 12. gr. laga nr. 51 frá 1964, sem hafi leyst af hólmi lög nr. 69 frá 1962, en þar séu ákvæði, sem veiti heimild til álagningar aðstöðugjalds utan heimilissveitar, ef aðili reki heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, annars staðar en í heimilissveit. Sams konar ákvæði sé nú í 40. gr. laga nr. 8 frá 1972.

Þórisós s/f sé skráð að Skarði, Landmannahreppi í Rangárvallasýslu, en hafi haft heimilisfasta atvinnustofnun í Hveragerði á árunum 1970—1973. Sú starfræksla, sem þar hafi farið fram, hafi verið þess eðlis, að 12. gr. laga nr. 51 frá 1964 taki til hennar, sbr. og lög nr. 8 frá 1972, 40. gr. Í þessu sambandi er bent á það, sem segir í dskj. nr. 10 á bls. 3—5 um forsendur skattstjóra, en þar segir m. a. svo:

„Forsendur skattstjóra:

Eins og fram hefir komið í gögnum þessa máls, fór engin atvinnustarfsemi fram í Landmannahreppi á árinu 1971 á vegum félagsins, og verður því að álíta, að enda þótt félagið hafi þar skráð lögheimili, skapi það ekki aðstöðugjaldsskyldu til sveitarfélagsins.

Í greinargerð yðar til ríkisskattanefndar og einnig í rekstrarreikningi félagsins fyrir umrætt ár kemur fram, að aðalframkvæmdir þess voru á þrem stöðum á þessu ári með skrifstofu og mötuneyti á hverjum stað, og umfangsmestar voru þessar framkvæmdir við Þórisvatn. Varðandi þau rök yðar, að starfsemin hafi ekki farið fram innan marka Ásahrepps, þá verður að telja, að svæði þessu verði ekki frekar skipað innan marka annars sveitarfélags og að með lögum nr. 52/1972 sé verið að taka af vafaatriði, hvað þetta varðar.

Með úrskurði skattstjóra, dags. 31. okt. 1972, var álagt aðstöðugjald í Ásahreppi fellt niður með vísan til úrskurðar ríkisskattanefndar í máli, er talið var hliðstætt og gæfi tilefni til að ætla, að félaginu bæri að greiða aðstöðugjald til Reykjavíkurborgar. Nú hefir hinsvegar verið úr því skorið af ríkisskattanefnd, að félagið var ekki gjaldskylt í Reykjavík. Einnig hafa ýmsar nýjar upplýsingar komið fram varðandi starfsemina við úrskurð málsins hjá ríkisskattanefnd. Verður því ekki fallist á, að skattstjóra bresti heimild til að taka málið upp að nýju, eins og gert hefir verið.

Af framangreindu er ljóst, að meginhluti af tekjum kæranda á þeim tíma, er hann stundaði verktöku, er runninn frá þremur aðalverkum, þ. e. framkvæmdunum við Þórisvatn kr. 351.0 millj.,

við Suðurlandsveg kr. 77.5 millj. og við Vesturlandsveg kr. 212.1 millj. Er hér um að ræða sem næst 9/10 hluta af heildartekjum hans á þessum tíma. Ekkert af framkvæmdunum fór fram í heimilissveit hans, Landmannahreppi. Í málinu er heldur ekki komið fram, að kærandi hafi haft önnur tengsl við það sveitarfélag en telja þar heimilisfang sitt í tilkynningu til firmaskrár.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga er aðalreglan, að gjaldskyldan er bundin við lögheimilissveit eða sveitarfélag, þar sem aðalatvinnurekstur fer fram. Grein þessi er komin óbreytt úr 12. gr. laga nr. 69/1962. Í athugasemd við þá grein frumvarps að þeim lögum segir m. a.: „Það leiðir af því, að aðstöðugjald er greiðsla fyrir þjónustu eða verðmæti, að lögheimili gjaldanda skiptir ekki máli. Þar sem starfsemin fer fram, skal greiða gjaldið, þó að gjaldandi eigi annars staðar lögheimili.“ Eins og tengslum kæranda við Landmannahrepp var varið og þar sem með framangreindu ákvæði var að því stefnt, að atvinnusveit nyti réttar til álagningar, a. m. k. eigi síður en lögheimilissveit, ber í þessu tilviki að telja kæranda gjaldskyldan eftir atvinnustöðvum sínum fremur en lögheimili.

Skattstjóri ákvað kæranda 1972 stofn til aðstöðugjalds kr. 331.2 millj. og skipti honum til álagningar milli þriggja hreppa. Í hlut Ásahrepps komu 59.1%. Fjárhæð gjaldstofnsins hefir út af fyrir sig ekki sætt andmælum af hálfu kæranda og eigi heldur skipting hans, ef á annað borð yrði talið um gjaldskyldu að ræða í viðkomandi sveitarfélögum. Af hálfu hreppanna er krafist staðfestingar á þessari skiptingu. Það þykir í bestu samræmi við tilgang 40. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga að binda álagningarréttinn í þessu tilviki ekki við eitt sveitarfélag, enda stafa tekjur kæranda ekki að meiri hluta til frá verkframkvæmdum í einu sveitarfélagi, þegar miðað er við allt tímabilið, sem verktakan var stunduð. Með þessu er heldur ekki á kæranda hallað, þar sem einungis er um að ræða skiptingu á heildargjaldstofni milli fleiri aðila.“

Gjaldskylda Þórisóss s/f virðist því skýr og ótvíræð.

Í greinargerð stefnanda kemur fram, að Þórisós h/f sé stefnt vegna Þórisóss s/f og sé það gert vegna þess, að sameignarfélagið hafi verið lagt niður, en hlutafélag með sama nafni hafi tekið við sköttum og skyldum þess svo og öllum eignum, sbr. tilkynningu í Lögbirtingablaði, 40. tbl. 1973.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að vegna framkvæmda stefnda við lagningu Suðurlands-

vegar hafi sveitarfélögin Ölfushreppur og Selfosshreppur ekki krafið stefnda um greiðslu aðstöðugjalda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að tilkynningar um álagningu aðstöðugjalda árin 1971 og 1972 hafi borist svo seint til stefnda, að kærufrestir til skattayfirvalda hafi verið út runnir. Því hafi einungis verið kærð álagningin 1973, en ríkisskattanefnd hafi í ógáti tekið fram í úrskurði sínum á dskj. nr. 10, að aðstöðugjald álagt í Hveragerðishreppi 1972 standi óbreytt.

Á árunum 1970 til 1972 hafi Þórisós s/f haft með höndum verkframkvæmdir við gerð Suðurlandsvegar á kaflanum frá neðstu beygju í Kömbum og austur að Ölfusárbrú, alls 14.1 km að lengd. Af þessum vegi hafi 10.2 km verið innan Ölfushrepps, 2.3 km innan Hveragerðishrepps og 1.6 km innan Selfosshrepps. Auk þess hafi Þórisós s/f lagt olíumöl á nokkrar götur í Hveragerði í ágústmánuði 1972, en það hafi verið verkframkvæmd fyrir um það bil hálfa milljón króna. Af þessum verkframkvæmdum í heild hafi því einungis lítill hluti verið innan marka Hveragerðishrepps. Framkvæmdatíminn á hverju ári hafi verið sem hér segir:

Árið 1970, 1. okt. til 31. des.
Árið 1971, 1. jan. til 31. okt.
Árið 1972, 15. maí til 15. okt.

Við framkvæmdir þessar hafi Þórisós s/f haft vinnubúðaaðstöðu á nokkrum stöðum, þ. e. í Gufudal í Ölfushreppi, í Hveragerði og undir Ingólfsfjalli, en þó aldrei nema á einum stað í einu. Verði nánar upplýst um þennan þátt málsins síðar. Almenn skrifstofustörf vegna framkvæmdanna hafi verið unnin í Reykjavík og langmestur hluti starfsliðsins við framkvæmdirnar hafi átt heima í Reykjavík og allra næsta nágrenni höfuðborgarinnar.

Af framangreindu megi ljóst vera, að Þórisós s/f hafi ekki rekið heimilisfasta atvinnustarfsemi í Hveragerðishreppi. Þar hafi hvorki verið lögheimili félagsins né aðalatvinnustarfsemi. Þess vegna skorti lagagrundvöll til álagningar aðstöðugjalda og viðlagagjalds. Um þetta efni er jafnframt vísað til dskj. nr. 14, 15 og 16.

Aðstöðugjaldsstofninn sé greinilega of hár út af fyrir sig, þar sem hann sé miðaður við allar framantaldar verkframkvæmdir, þ. e. einnig þær, sem fram hafi farið innan Ölfushrepps og Selfosshrepps.

Í dskj. nr. 14, sem er afrit af bréfi lögmanns stefnda til skattstjóra Suðurlandsumdæmis, dags. 9. mars 1974, segir m. a. svo:

„Um meinta aðstöðugjaldsálagningu til Hveragerðishrepps fyrir starfsárið 1972 nægir að benda á í fyrsta lagi, að einungis sáralítill hluti (ca. 4%) af heildarframkvæmdum fyrirtækisins fór fram í Hveragerðishreppi og nágrenni á árinu 1972. Í öðru lagi hafði Þórisós s.f. einvörðungu bráðabirgðaaðstöðu í Hveragerði á þessu ári, en hvorki heimilisfasta atvinnustofnun né útibú. Álagning aðstöðugjalds þar á því ekki stoð í lögum."

Í dskj. nr. 15, sem er afrit af bréfi lögmanns stefnda til skattstjóra Suðurlandsumdæmis, dags. 29. mars 1974, segir svo:

„Með bréfi yðar, dags. 25. mars 1974, tilkynnið þér álagningu aðstöðugjalds á Þórisós s.f. til Hveragerðishrepps að fjárhæð kr. 317.812.00 vegna starfsemi félagsins við Suðurlandsveg á árinu 1972. Jafnframt er í bréfinu tilkynnt álagning viðlagagjalds á félagið að fjárhæð kr. 168.635.00.

Fyrir hönd gjaldanda leyfi ég mér að kæra þessa álagningu og krefjast niðurfellingar beggja gjaldanna. Vísa ég í því efni til bréfs míns til yðar, dags. 9. mars 1974, og þeirra gagna, er því fylgdu. Ljóst er, að Þórisós s.f. átti ekki lögheimili í Hveragerðishreppi á árinu 1972 og hafði þar hvorki aðalatvinnurekstur sinn né heimilisfasta atvinnustofnun á því ári. Álagningin er því óheimil með vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 8/1972. Þess ber að geta, að af framkvæmdum við Suðurlandsveg á árinu 1972 fór um það bil helmingur fram utan Hveragerðishrepps.

Ég mótmæli sérstaklega fjárhæð aðstöðugjaldsstofnsins, sem er kr. 32.429.821.00. Ef álagningarheimild væri fyrir hendi, ætti gjaldstofninn að vera sem næst helmingurinn af kr. 12.338.689.00."

Í dskj. nr. 16, sem er kæra til ríkisskattanefndar, dags. 25. maí 1974, er kært til nefndarinnar álagt aðstöðugjald á stefnda í Hveragerðishreppi, að fjárhæð kr. 317.812, vegna starfsemi félagsins við Suðurlandsveg á árinu 1972. Jafnframt er kært viðlagagjald af sama aðstöðugjaldsstofni að fjárhæð kr. 168.635.

Í kæru þessari segir m. a. svo:

„Framkvæmdirnar við Suðurlandsveg á árinu 1972 stóðu yfir á tímabilinu frá maí—október. Um það bil helmingur framkvæmdanna fór fram utan Hveragerðishrepps. Vinnubúðaaðstaða var í Hveragerði. Þessar framkvæmdir námu sem næst 4% af heildarframkvæmdum félagsins á árinu 1972. Þórisós s.f. átti ekki lögheimili í Hveragerðishreppi og hafði þar hvorki aðalatvinnurekstur sinn né heimilisfasta atvinnustofnun á árinu 1972. Álagning aðstöðugjalds er því óheimil með vísan til 40.

gr. laga nr. 8/1972, sbr. og úrskurð ríkisskattanefndar frá 8. sept. 1972 í máli verktakafyrirtækisins Ístaks. Sætir viðlagagjaldið sömu örlögum."

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnda, að fjárhæð aðstöðugjaldsstofnsins væri ekki andmælt, en því sé andmælt, að hægt sé að skipta framkvæmdum stefnda við Suðurlandsveg á milli þriggja sveitarfélaga. En væri það svo, að eitt sveitarfélag ætti rétt til aðstöðugjalds vegna framkvæmda stefnda við lagningu Suðurlandsvegar, þá væri fjárhæð aðstöðugjaldsstofnsins ekki vefengd.

Lagning Suðurlandsvegar hafi verið lítið brot af atvinnurekstri stefnda og innan Hveragerðishrepps hafi ekki verið nema 1/6 af lagningu Suðurlandsvegar. Ekki sé hægt að halda því fram, að aðalatvinnurekstur sé í mörgum sveitarfélögum á sama tíma. Það sé skattayfirvalda að sanna aðstöðu, sem skapi skattlagningarheimild.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt. Síðasta aðstöðugjald hafi verið lagt á 24. mars 1974, ekki sé hægt að krefja um vexti fyrr en eftir álagningu. Vextir eigi að vera 1½%, en ekki 2%, skv. 43. gr. laga nr. 8 frá 1972.

IV.

Álit dómsins.

Aðstöðugjald það, sem um er deilt í máli þessu, var lagt á Þórisós s/f. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár Rangárvallasýslu, dags. 3. febrúar 1973 og birtri í Lögbirtingablaði 30. maí 1973, tók Þórisós h/f við öllum rekstri Þórisóss s/f frá og með 1. jan. 1973. Heimilisfang beggja félaganna var að Skarði, Landmannahreppi. Í máli þessu er Þórisós h/f stefnt vegna Þórisóss s/f. Aðild stefnda er ekki vefengd.

Fram er komið, að Ölfushreppur og Selfosshreppur hafa ekki krafið stefnda um aðstöðugjald vegna framkvæmda Þórisóss s/f við lagningu Suðurlandsvegar.

Núgildandi lög um aðstöðugjald eru lög nr. 8 frá 1972. Þau lög leystu af hólmi lög nr. 51 frá 1964, sem aftur leystu af hólmi lög nr. 62 frá 1962. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 69 frá 1962 er grundvöllur lagaheimildar um aðstöðugjald sá, að sveitarfélögin hafi varið fé til vegagerða, brunavarna og ýmissa félagslegra framkvæmda, sem íbúarnir eru ekki krafðir sérstaks endurgjalds fyrir og atvinnurekstur njóti góðs

af. 40. gr. núgildandi laga er samhljóða 12. gr. laga nr. 51 frá 1964 og 12. gr. laga nr. 69 frá 1962. Grein þessi heimilar innheimtu aðstöðugjalds hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verði þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar. Í athugasemdum við 12. gr. laga nr. 69 frá 1962 segir m. a.: „Það leiðir af því, að aðstöðugjaldið er greiðsla fyrir þjónustu eða verðmæti, að lögheimili gjaldanda skiptir ekki máli. Þar sem starfsemin fer fram, skal greiða gjaldið, þó að gjaldandi eigi annars staðar lögheimili."

Eftir því, sem fram er komið undir rekstri máls þessa, hefur stefndi ekki haft með höndum framkvæmdir í lögheimilissveit sinni. Á tíma þeim, sem hér um ræðir, þ. e. árin 1970, 1971 og 1972, mun meginhluti af tekjum stefnda vera runninn frá þremur aðalverkum, þ. e. framkvæmdum við Þórisvatn, við Vesturlandsveg og við Suðurlandsveg.

Framantalin lagaákvæði, þ. e. 40. gr. laga nr. 8 frá 1972 og 12. gr. laga nr. 51 frá 1964 þykja heimila stefnanda að krefja stefnda um aðstöðugjald vegna lagningar Suðurlandsvegar, svo framarlega sem stefndi hafi við framkvæmd þessa notað aðstöðu í Hveragerðishreppi á árunum 1970, 1971 og 1972. Þessi skilningur styðst og við 4. gr. reglugerðar nr. 81 frá 1962.

Þegar litið er til þess, sem fram er komið undir rekstri málsins, þá þykir ljóst, að Þórisós s/f hafi haft aðstöðu í Hveragerðishreppi vegna lagningar Suðurlandsvegar, a. m. k. frá mánaðamótum okt. og nóv. 1970.

Fram er komið, að á sama tíma og stefndi hafði aðstöðu að Breiðumörk 23 í Hveragerði var stefndi líka með aðstöðu í Gufudal.

Á dskj. nr. 23, sem er kæra Þórisóss s/f til ríkisskattanefndar, dags. 21. febrúar 1973, segir svo um heildaraðstöðu félagsins á árinu 1971:

„1. Við Þórisvatn aðalskrifstofa með framkvæmdastjórn og starfsmönnum frá 6—8 manns, starfslið í heild allt að 250 manns, mötuneyti og starfsmannaíbúðir. Símanúmer 99-1694, auk þess talstöð og fullkomin verkstæðisaðstaða.

2. Í Hveragerði og bráðabirgðabúðir við Ingólfsfjall. Á skrifstofu 2—3, mötuneytisaðstaða, starfsmannaíbúðir að hluta hreyfanlegar. Starfslið allt að 45 manns. Símanúmer 99-1794.

3. Við Hlégarð, Mosfellssveit, skrifstofa, starfslið 2—3, þar á meðal staðarverkfræðingur, mötuneytisaðstaða. Sími 91-66196.
4. Skrifstofuaðstaða í Síðumúla 21. Afnot af skrifstofu Hlaðbæjar h/f. Starfslið 1—2. Sími 91-32270. Telex 2123. Notað sem póstmóttökustaður."

Þegar til þess er litið, sem hér er greint, svo og framburðar fyrrverandi framkvæmdastjóra stefnda hér fyrir dómi, þá þykir fram komið, að Þórisós s/f hafi haft aðstöðu í Hveragerði á árunum 1971 og 1972. Hér er og á dskj. nr. 18, 19 og 20 að líta. Eins og að framan er rakið, er því haldið fram af hálfu stefnda, að Þórisós s/f hafi við lagningu Suðurlandsvegar líka haft aðstöðu undir Ingólfsfjalli. Ekki hefur stefndi upplýst, hvað af aðstöðugjaldsstofni stafi af framkvæmd, þar sem notast var við vinnubúðir við Ingólfsfjall. Fram kom hjá fyrrverandi bókara og gjaldkera félagsins, að útgjöldum hafi ekki verið skipt eftir verkefnum. Útgjöldum hafi verið haldið aðgreindum fyrir hvert verkefni fyrir sig, en ekki sérgreindum eftir því, í hvaða sveitarfélagi þau urðu til. Þessu hafi ekki verið breytt eftir að fyrst kom fram krafa frá Hveragerðishreppi um aðstöðugjald.

Dskj. 23 og 24 þykir verða að skilja svo, að almenn skrifstofustörf vegna lagningar Suðurlandsvegar hafi verið unnin í Hveragerði, a. m. k. hafi þau ekki verið unnin í Reykjavík.

Af því, sem fram er komið undir rekstri málsins, verður ekki annað séð en aðalaðstaða Þórisóss s/f við lagningu Suðurlandsvegar á árunum 1970, 1971 og 1972 hafi verið í Hveragerði. Þórisós s/f lét ekki fylgja framtali sínu greinargerð um, hvað af rekstrarútgjöldum félagsins stafaði af rekstri í Hveragerði og hvað af rekstri þar, sem notast var við aðstöðu annars staðar, svo sem vinnubúðir við Ingólfsfjall, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 81 frá 1962, og stefndi hefur ekki undir rekstri málsins sundurliðað þessi rekstrarútgjöld eftir sveitarfélögum. Þegar af þeirri ástæðu þykir stefndi ekki geta borið fyrir sig, að hluti af aðstöðugjaldsstofni vegna lagningar Suðurlandsvegar sé tilkominn vegna framkvæmda, þar sem notast var við aðstöðu utan Hveragerðishrepps.

Niðurstaða málsins verður því sú, að krafa stefnanda verður tekin til greina, enda er aðstöðugjaldsstofninn ekki vefengdur, þó þannig, að vextir ákveðast 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 126.600 frá 1. janúar 1972 til 1. janúar 1973, en af kr.

766.000 frá 1. jan. 1973 til 16. maí 1973, en 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 24. mars 1974 og af kr. 1.125.847 (sic) frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 215.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Þórisós h/f vegna Þórisóss s/f, greiði stefnanda, sveitarsjóði Hveragerðishrepps, kr. 1.252.447 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 126.600 frá 1. janúar 1972 til 1. janúar 1973 og af kr. 766.000 frá þeim degi til 16. maí 1973, en með 1½% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 24. mars 1974 og af kr. 1.252.447 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 215.000 í málskostnað. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1979.

Nr. 123/1977. **Tónlistarfélag Garðahrepps**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Norðdahl
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Vinnusamningur. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júlí s. á. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit fundargerða skólanefndar Tónlistarskóla Garðahrepps 9., 26. og 27. ágúst 1975.

Fjárkröfur stefnda á hendur áfrýjanda, sem héraðsdómari tók til greina og stefndi miðar við kröfugerð sína fyrir Hæstarétti, sundurliðar hann þannig:

1. Laun í 3 mánuði frá 1. september 1975 vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi ..... 269.856 krónur
   Frá dregst greiðsla upp í septemberlaun 40.000 krónur

   Eftirstöðvar 229.856 krónur
2. Vangoldin yfirvinna, 9 stundir á viku tímabilið 15. október 1974 til 15. maí 1975 286.056 krónur
3. Launafrádráttur, sem stefndi varð að sæta vegna kennaralauna, sem greidd voru Birnu Bragadóttur ..... 61.000 krónur

   Samtals 576.912 krónur

Fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnda reikningslega eða um vaxtakröfuna, og málsaðild áfrýjanda sætir ekki andmælum.

Um 1. kröfulið.

Stefndi var starfsmaður áfrýjanda samkvæmt ótímabundnum starfssamningi við hann. Ákvæði 2. gr. laga nr. 22/1975 verður ekki skýrt svo, að það hafi fellt úr gildi ráðningarsamning málsaðilja. Hvorugur málsaðilja gat slitið hinum ótímabundna ráðningarsamningi með einhliða uppsögn hans fyrr en að liðnum hæfilegum uppsagnarfresti. Fyrir Hæstarétti miðar stefndi kröfugerð sína við það, að sá uppsagnarfrestur, sem hann átti rétt á, hafi verið þrír mánuðir miðað við mánaðamót, svo sem héraðsdómari taldi, og þykir mega á það fallast. Þegar af þeirri ástæðu, að ósannað er, hvenær sumars 1975 skólastjórastaða Tónlistarskóla Garðahrepps var auglýst laus til umsóknar og hvenær stefndi sótti um stöðuna samkvæmt þeirri auglýsingu, verður uppsagnarfresturinn frá hvorugu þessara tímamarka talinn. Þar

sem ekki hafa verið leidd rök að því, að telja beri uppsagnarfrestinn frá fyrri tíma en stefndi miðar við í kröfugerð sinni og héraðsdómari lagði til grundvallar dómi sínum, verður héraðsdómurinn staðfestur að því er varðar þennan kröfulið

Um 2. kröfulið.

Ekki er ótvírætt leitt í ljós, hver hafi verið kennsluskylda stefnda samkvæmt ráðningarsamningi hans við áfrýjanda. Samkvæmt þessu og þar sem stefndi enn fremur virðist engum kröfum hafa hreyft um laun fyrir yfirvinnu, fyrr en hann hafði látið af skólastjórastarfi og annar skólastjóri verið ráðinn í hans stað, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3. kröfulið.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um þennan kröfulið.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 290.856 krónur með vöxtum, svo sem krafist er. Þá ber og samkvæmt þessum úrslitum að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega metinn samtals 200.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Tónlistarfélag Garðahrepps, greiði stefnda, Guðmundi Norðdahl, 290.856 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. september 1975 og samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Garðakaupstaðar 18. febrúar 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. þ. m., hefur Guðmundur Norðdahl tónlistarmaður, Álfheimum 56, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 18. nóvember 1975, á hendur Tónlistarfélagi Garðahrepps.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 848.868 með 13% ársvöxtum frá 1.

september 1975 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Yfirvinna á tímabilinu 15. okt. til 1. nóv. 1974, 9 st. á viku á kr. 694.34	kr. 12.498.12
2.	Yfirvinna frá 1. nóv. 1974 til 15. maí 1975, 270 st. á kr. 1.013.18	— 273.558.60
3.	Uppsagnarfrestur í 6 mánuði:	
	a) sept. 1975 kr. 88.552.00 ÷ kr. 40.000.00, er greiðst hafa	— 48.552.00
	b) okt. 1975 — febr. 1975	— 453.260.00
4.	Laun aukakennara, Birnu Bragadóttur, kr. 61.000.00, sem dregin voru af launum stefnanda	— 61.000.00
		Samtals kr. 848.868.72

II.

Stefnandi, Guðmundur Norðdahl, hafði á sínum tíma forgöngu um stofnun tónlistarfélags í Garðahreppi. Gekkst tónlistarfélagið síðan fyrir stofnun tónlistarskóla. Gerðist stefnandi skólastjóri hans og sinnti því starfi um 11 ára skeið, hin síðari árin ásamt fullu kennarastarfi við tónlistarkennslu í barna- og gagnfræðaskóla Garðahrepps. Tók stefnandi full laun hjá báðum aðiljum.

Tónlistarskólinn í Garðahreppi var að formi til í eigu og rekinn af Tónlistarfélagi Garðahrepps, stefnda í máli þessu, en þó þannig, að sveitarsjóður Garðahrepps virðist hafa staðið algerlega undir rekstrinum og séð um allt reikningshald og greiðslur fyrir skólann.

Stjórn tónlistarskólans réð skólanum skólastjóra og starfslið. Stjórnin gerði á hverju hausti fjárhagsáætlun fyrir skólann, að því er virðist á grundvelli fenginnar fjárveitingar frá hreppnum.

III.

Hinn 23. maí 1975 gengu í gildi lög nr. 22/1975 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í 1. gr. laganna er skýrgreint, hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja, til þess að um sé að ræða tónlistarskóla í merkingu laganna. Síðan segir í 2. gr. laganna:

„Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til skólastjóra og kennara skólanna *Sveitarstjórn ræður skólastjóra og kennara að fengnum tillögum*

skólanefndar og teljast þeir starfsmenn sveitarfélagsins. (Auðkennt hér). Sveitarfélagið annast launagreiðslur, en ríkisstyrkur, er nemi 50% launakostnaðar, skal mánaðarlega greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila skólans, fer með fjárreiður skólans, en viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag stendur að rekstri tónlistarskóla, gera þau með sér samning um fyrirkomulag greiðslna og kostnaðarskiptingu."

Í hinu tilvitnaða ákvæði svo og öðrum ákvæðum laganna kemur fram, að lögin gera ráð fyrir því, að eignarhald og rekstur tónlistarskóla sé í höndum einkaaðilja, en sveitarfélög leggi þeim til kennara, er séu starfsmenn sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Garðahrepps auglýsti nú eftir skólastjóra. Ekki er fram komið, hvenær sú auglýsing birtist. Stefnandi, Guðmundur Norðdahl, var meðal umsækjenda. Með bréfi, dagsettu 16. september 1975, skýrði sveitarstjóri stefnanda frá því, að umsókn hans hefði verið hafnað og annar skólastjóri ráðinn. Stefnanda voru greidd laun til 15. september. Stefnandi fékk aldrei sérstaka tilkynningu frá Tónlistarfélagi Garðahrepps um, að honum væri sagt upp starfi. Stefnandi miðar þó kröfu sína um laun á uppsagnarfresti við 1. september, þ. e. virðist telja, að sér hafi í raun verið sagt upp eða vikið frá þann dag. Hann telur sig hafa sjálfkrafa orðið opinberan starfsmann við gildistöku laganna og eiga því sama bótarétt og æviráðnir ríkisstarfsmenn, sem vikið er frá. Til vara telur stefnandi sig eiga rétt til 6 mánaða launa samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 38/1954, ef litið yrði svo á, að staða stefnanda hefði verið lögð niður. Til þrautavara telur stefnandi, ef litið yrði svo á, að hann hefði verið, er honum var vikið frá, starfsmaður einkaaðilja og án sérstaks samnings um uppsagnartíma, þá beri að dæma 6 mánaða uppsagnarfrest með hliðsjón af eðli og ábyrgð skólastjórastarfsins og dómvenju í sambærilegum tilvikum.

Stefndi á hinn bóginn telur aðallega, að þar sem ekkert ákvæði um uppsagnarfrest er í ráðningarsamningi stefnanda, þá eigi hann ekki rétt til launa á uppsagnarfresti, en til vara, að þar sem stefnanda hafi verið kunnugt um fyrirhugaða lagasetningu alllöngu áður en lögin nr. 22/1975 gengu í gildi, þá hafi hann ekki átt rétt til neinna launa á uppsagnarfresti, en til þrautavara

telur stefndi, að uppsagnarfrestur eigi að miðast við birtingardag laganna 22. maí og sé stefnandi því búinn að fá öll laun á uppsagnarfresti greidd, þar sem honum hafi verið greidd laun til miðs septembers. Loks telur stefndi til ýtrustu vara, verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, að uppsögn eigi að miðast við birtingu auglýsingar eða í síðasta lagi við dagsetningu umsóknarbréfs stefnanda um stöðuna.

IV.

Það er óumdeilt, að stefnandi var í fullu starfi hjá stefnda fastráðinn starfsmaður á mánaðarlaunum. Ekki verður á það fallist með stefnanda, að hann hafi sjálfkrafa orðið starfsmaður sveitarfélagsins, er lögin nr. 22 frá 1975 tóku gildi. Því síður verður á það fallist, að ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi við um umrætt tilvik, beint eða með lögjöfnun. Stefnandi var einfaldlega mánaðarkaupsmaður hjá einkaaðilja.

Ekki er fram komið, að gerður hafi verið skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda. Á hinn bóginn var honum sett erindisbréf, sem fram hefur verið lagt í málinu. Ekki er þar að finna ákvæði um uppsagnarfrest, en á hinn bóginn segir í niðurlagi 19. gr. erindisbréfsins, að skólanefnd beri að tilkynna settum (sic) skólastjóra, ef hún ætlar að láta auglýsa stöðu hans. Einnig hefur verið lagður fram í málinu kjarasamningur sá, er í gildi var á þessum tíma milli kennaradeildar Félags íslenskra hljómlistarmanna og fimm tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu, þ. á m. tónlistarskóla Garðahrepps. Í þeim kjarasamningi er ekkert ákvæði um lengd uppsagnarfrests starfsmanns, einvörðungu ákvæði um uppsögn kjarasamningsins sjálfs.

Samkvæmt þessu verður að athuga með hliðsjón af eðli máls og þeim venjum, sem mótast hafa, þ. á m. dómvenju, hvort stefnandi eigi rétt til uppsagnarfrests og ef svo yrði talið, þá hversu langur sá uppsagnarfrestur eigi að vera.

Með hliðsjón af samningskjörum stefnanda að öðru leyti, en þar er tekið mjög mið af kjörum kennara almennt, þ. á m. um fjárhæð launa og greiðslufyrirkomulag þeirra, svo og með hliðsjón af eðli starfs stefnanda og þeirri ábyrgð, er því fylgdi, þá þykir stefnandi eiga rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests. Er þá m. a. haft í huga, að þeir starfsmenn sveitarfélaga, sem ekki þiggja laun eftir kjarasamningum verkalýðsfélaga, hafa yfirleitt 3ja mánaða uppsagnarfrest svo og mikill meirihluti þeirra ríkisstarfsmanna, sem ráðnir eru með uppsagnarfresti, aðrir en for-

stjórar atvinnufyrirtækja, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1954, og enn fremur er 3ja mánaða uppsagnarfrestur gegnumgangandi í samningum verslunarmanna, bankamanna og fleiri sambærilegra stétta, þar sem starfssamband launþega og vinnuveitanda er varanlegt, laun greidd mánaðarlega og um nokkra starfsábyrgð að ræða.

Upphaf uppsagnarfrests til handa stefnanda ber að miða, í samræmi við kröfugerð hans, við 1. september, þegar af þeirri ástæðu, að stefndi hefur ekkert upplýst um það, hvenær sveitarstjórn auglýsti skólastjórastöðuna lausa til umsóknar og eigi heldur hvenær stefnandi ritaði umsóknarbréf sitt.

V.

Svo sem áður greinir, er annar höfuðþáttur stefnukröfu vangoldin yfirvinna fyrir tímabilið 15. október 1974 til 15. maí 1975, þ. e. 9 st. á viku fyrir allt skólaárið 1974—1975. Telur stefnandi sig hafa haft 10 klst. kennsluskyldu á viku, en unnið 19 st. Stefnandi viðurkennir að hafa ekki framvísað reikningum fyrir þessa yfirvinnu fyrr en eftir að hann hafði látið af störfum, þ. e. hinn 29. ágúst 1975. Stefndi hefur mótmælt því, að þessir tímar hafi verið unnir, og auk þess mótmælt því, að stefnandi hafi haft nokkra yfirvinnuheimild. Jafnvel þótt svo hefði verið, þá sé krafan niður fallin fyrir tómlæti.

Vitnin Guðfinna Dóra Ólafsdóttir, Einar Geir Þorsteinsson, Jóhannes Pétursson og Elísabet Þóra Þórólfsdóttir, sem öll töldu sig hafa átt sæti í stjórn hins stefnda félags veturinn 1974—1975, vefengdu ekki, er þau komu fyrir dóminn, að stefnandi hefði haft heimild til að vinna yfirvinnu gegn greiðslu. Framburður þeirra um vinnutíma stefnanda var nokkuð á reiki. Í vottorði, er þau undirrituðu og lagt var fram, segir þó, að stefnandi hafi kennt frá kl. 1630 til 1930 frá mánudegi til föstudags og á laugardögum frá kl. 1030 til 1430, eða alls 19 stundir á viku.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi ekki hafa hnekkt kröfu stefnanda um greiðslu yfirvinnu, 9 klst. á viku. Ekki þykir, eins og á stendur í málinu, alveg nægileg ástæða til að sýkna af þessum kröfulið vegna tómlætis.

Það athugast, að stefndi hefur ekki mótmælt því sérstaklega, að stefnandi virðist, miðað við lengd skólaársins, reikna vikufjöldann rúmt, m. a. hvorki draga frá jóla- né páskaleyfi.

VI.

Þriðji aðalþáttur stefnukröfu er krafa stefnanda um greiðslu á kr. 61.000, sem dregnar höfðu verið frá launum hans vegna þess, að hann réð aukakennara, Birnu Bragadóttur, að því er virðist til afleysinga, og fékk hún þessa fjárhæð greidda fyrir störf sín.

Með því að ekki er vefengt af þeim fjórum stjórnarmönnum í hinu stefnda félagi, sem fyrir dóminn hafa komið, að stefnandi hafi sem skólastjóri haft heimild til að ráða nefndan aukakennara og með því að umræddum aukakennara voru fyrirstöðulaust greidd laun, nefndar kr. 61.000, af sjóðshaldara félagsins, þá þykir stefnandi ekki þurfa að sæta frádrætti á nefndri fjárhæð við uppgjör sér til handa.

VII.

Samkvæmt framansögðu verða því kröfur stefnanda teknar til greina með þeim fjárhæðum, er hér greinir. Ekki er ágreiningur um taxta:

1. Laun á uppsagnarfresti:
   1 mán. á kr. 88.552 ..... kr. 88.552
   2 mán. á kr. 90.652 ..... — 181.304
   kr. 269.856
   frá dragast kr. 40.000, er stefnandi hefur fengið greiddar upp í septemberlaun ..... kr. 40.000
   Kr. 229.856
2. Yfirvinna:
   18 st. á kr. 694.34 ..... kr. 12.498
   270 st. á kr. 1.013.18 ..... — 273.558
   Kr. 286.056
3. Endurgreiðsla á launafrádrætti ..... — 61.000

Samtals kr. 576.912

Málskostnaður ákveðst kr. 115.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tónlistarfélag Garðahrepps, greiði stefnanda, Guðmundi Norðdahl, kr. 576.912 með 13% ársvöxtum frá 1. september 1975 til greiðsludags og kr. 115.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. maí 1979.

Nr. 77/1977. **Aðalheiður Tómasdóttir**
Guðbjörg Tómasdóttir
Guðrún G. Tómasdóttir
Herdís Tómasdóttir
Jóhanna Tómasdóttir og
Sigríður Jónsdóttir
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Indriða G. Þorsteinssyni og
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
Ríkisútvarpinu
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Flutningur útvarpsefnis. Lögbannsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1977. Krefjast þeir þess, að lögbannsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1975, sú er í málinu greinir, verði staðfest. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndi Indriði G. Þorsteinsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Stefndi Ríkisútvarpið krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsaðiljarnir í héraði, þeir Friðrik Kjarrval Tómasson og Páll Tómasson, sem í öndverðu áfrýjuðu héraðsdóminum ásamt öðrum sóknaraðiljum í héraði, féllu frá áfrýjun af sinni hendi við meðferð málsins fyrir Hæstarétti, og var málið fellt niður að því er þá varðar.

Af hendi áfrýjenda hefur því verið lýst yfir, að dómkröfur sínar reisi þeir hvorki á réttarreglum um æruvernd né um friðhelgi einkalífs, sbr. XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heldur eingöngu á ólögfestum meginreglum íslensks réttar um lögvernd persónuleika manna, lifandi eða látinna. Nánar rökstyðja þeir kröfur sínar svo, að Tómas Jónsson í Elivogum í Seyluhreppi, sambúðarmaður áfrýjandans Sigríðar, en faðir annarra áfrýjenda, sé fyrirmynd aðalpersónunnar í bók stefnda Indriða, Þjófur í Paradís. Hafi þeim því verið rétt að fá lagt lögbann við upplestri sögunnar í útvarp til að vernda hagsmuni, sem eru tengdir við persónu og minningu þessa vandamanns síns, sem nú er látinn.

Aðild áfrýjenda að máli þessu er ekki vefengd, þó að málssóknin af hendi þeirra allra sé alfarið reist á því, að með upplestri bókarinnar í útvarp, ef af yrði, væri brotið gegn þeirri persónuvernd, sem Tómas Jónsson njóti látinn, svo sem áður var sagt.

Sýnt er, að í skáldsögunni Þjófur í Paradís hefur höfundur um söguefni að ýmsu leyti stuðst við vissa atburði úr ævi Tómasar Jónssonar, einkum þá, sem frá er greint í refsimáli, sem dæmt var í Hæstarétti 6. desember 1939. Ber skáldsögunni á köflum svo mjög saman við atvikalýsingu í refsidóminum, einnig í smáatriðum, að ekki getur verið um tilviljun að ræða. Er það og viðurkennt af stefnda Indriða, að hann hafi haft lýsingar af atburðum þessum til hliðsjónar við samningu skáldsögunnar. Var þetta, svo og viss atriði önnur, einkum ýmsar líkingar í nafngiftum manna og staða, til þess fallið að beina athygli lesanda, sem til þekkir, að Tómasi

Jónssyni. Á hitt er þó einnig að líta, að Tómas Jónsson andaðist 1954. Þær frásagnir í bókinni, sem einkum benda til hans, virðast mjög sóttar í prentaðar heimildir. Bókin kom út á forlagi bókafélags árið 1967. Er hún því í margra höndum og almennt kunn, og ekki er annað komið fram en hún sé tiltæk í almenningsbókasöfnum. Lögbannskrafa áfrýjenda varðar lestur bókarinnar, eins og hún liggur fyrir prentuð. Lýsing á aðalpersónunni í bókinni er að ýmsu leyti til þess fallin að vekja samúð lesanda.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, verður ekki talið, að lestur bókarinnar Þjófur í Paradís í útvarp fari í bága við þær meginreglur laga um persónuvernd, sem áfrýjendur skírskota til í málflutningi sínum, þannig að kröfur þeirra um staðfestingu lögbannsgerðarinnar geti náð fram að ganga. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. mars 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., hafa Sigríður Jónsdóttir, Stöpum við Reykjanesbraut í Gullbringusýslu, Guðbjörg Tómasdóttir, Miðvangi 104, Hafnarfirði, Guðrún G. Tómasdóttir, Háagerði 51, Herdís Tómasdóttir, Bergstaðastræti 10 C, Páll Tómasson, Snorrabraut 40, Aðalheiður Tómasdóttir, Kleppsvegi 26, Friðrik Kjarrval, Tómasarhaga 21, öll í Reykjavík, og Jóhanna Tómasdóttir, Brekkugötu 43, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni af yfirborgardómaranum í Reykjavík 23. apríl 1975, á hendur Indriða G. Þorsteinssyni rithöfundi, Heiðargerði 1 A, og Ríkisútvarpinu, Skúlagötu 4, báðum hér í borg.

Gera stefnendur þær dómkröfur, að staðfest verði lögbann, sem hinn 17. apríl 1975 var lagt á í fógetadómi Reykjavíkur við lestri skáldsögunnar Þjófur í Paradís í Ríkisútvarpinu, sem hófst að kvöldi mánudagsins 14. apríl 1975. Einnig er þess krafist, að

stefndu greiði stefnendum óskipt málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Indriða eru þær dómkröfur gerðar, að lögbann það, sem krafist er staðfestingar á, verði fellt niður og hann sýknaður af öllum kröfum stefnenda, en þeir dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Ríkisútvarpsins er krafist sýknu af kröfum stefnenda og jafnframt verði lögbann það, sem lagt var á 17. apríl 1975 við lestri skáldsögunnar Þjófur í paradís, fellt niður.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1928—1938 bjó Tómas Jónsson ásamt sambýliskonu sinni, Sigríði Jónsdóttur, og sjö börnum þeirra að Elivogum í Seyluhreppi í Skagafirði. Eru Sigríður og börn þeirra Tómasar stefnendur máls þessa. Tómas lést 9. nóvember 1954. Á árunum 1928, 1935 og 1939 hlaut Tómas þrjá refsidóma í aukarétti Skagafjarðarsýslu. Var í málum þessum fjallað um þær ávirðingar, að Tómas hefði slegið eign sinni á sauðfé og hross annarra, svo sem rakið er í dómum þessum. Mál þessi gengu til Hæstaréttar. Með dómi, uppkveðnum 6. desember 1929, var Tómas dæmdur í sex mánaða fangelsi, sbr. Hæstaréttardóma, 2. bindi, bls. 1292. Með dómi, uppkveðnum 3. apríl 1936, var Tómas dæmdur til tíu mánaða betrunarhúsvinnu, sbr. Hæstaréttardóma, 7. bindi, bls. 164. Með dómi, uppkveðnum 6. desember 1939, var Tómas dæmdur í betrunarhúsvinnu í tvö ár, sbr. Hæstaréttardóma, 10. bindi, bls. 559. Tvístraðist síðan fjölskyldan, og var börnunum komið fyrir á bæjum í sveitinni.

Í desembermánuði 1967 kom út á vegum Almenna bókafélagsins skáldsagan Þjófur í Paradís. Er stefndi Indriði höfundur bókarinnar. Fjallar söguþráðurinn að meginefni til um einyrkja, sem býr við kröpp kjör á kotbýli utan alfaraleiðar með konu og sex börnum. Eru þar rakin samskipti bóndans við sveitunga sína, áburður um hrossaþjófnað, rannsókn þess máls, dómur yfir honum og að lokum aðskilnaður hans og fjölskyldunnar. Hóf Indriði lestur sögunnar í útvarpi mánudaginn 14. apríl 1975. Stefnendur töldu atriði úr ævi Tómasar Jónssonar höfð að fyrirmynd og yrkisefni í bókinni og kröfðust þess í fógetarétti Reykjavíkur, að lagt yrði lögbann við frekari lestri sögunnar í útvarpi. Með úrskurði, uppkveðnum 17. apríl 1975, var síðan gegn andmælum stefndu lagt lögbann við áframhaldi á lestri sögunnar gegn tryggingu, sem ákveðin var kr. 100.000. Hafa stefnendur svo höfðað mál þetta til staðfestingar lögbanninu.

Krafa stefnenda er byggð á því, að í bókinni Þjófur í Paradís noti höfundur Tómas Jónsson sem fyrirmynd að höfuðpersónu

sögunnar, Hervaldi í Svalvogum. Sé það gert með þeim hætti, að samlíkingin við fyrirmyndina liggi nokkurn veginn í augum uppi. Þannig bendi lýsing fjölskyldu Hervalds, heimilisaðstæður, mannanöfn, nöfn bæja, örnefni og lýsing staðhátta svo og atburðarás sögunnar, svo sem áburður og dómur um sama refsiverðan verknað og Tómas Jónsson hlaut dóm fyrir, eindregið til þátta í lífi Tómasar Jónssonar, svo sem fram komi í dómsmálabókum. Sé ýmsum atriðum jafnvel fylgt svo nákvæmlega, að tekin séu upp í söguna orðrétt svör skráð við yfirheyrslur í málum Tómasar. Þarna sé verið að draga fram í dagsljósið siðferðilega og ámælisverða hrösun, sem samkvæmt mannlegri reynslu ætti að vera fallin í gleymsku og dá. Með þessu hafi stefndi Indriði farið langt út fyrir mörk þess, sem heimilt sé. Sé lestur sögunnar í útvarpi meiðandi, móðgandi og með öllu ótilhlýðilegur gagnvart stefnendum og minningu Tómasar Jónssonar. Sé markmið málshöfðunar þessarar að vernda minningu Tómasar, bæði með tilliti til hans sjálfs og stefnenda. Stefnendur beri þó ekki fyrir sig ákvæði í 25. kafla almennra hegningarlaga, heldur telji þau fyrir hendi samkvæmt íslenskri réttarskipan óskráða grunnreglu samkvæmt grundvallarreglum laga eða eðli máls um réttarvernd persónuleika látins manns og sé sú regla víðtækari en ákvæði almennra hegningarlaga. Við beitingu reglu þessarar, sem hljóti að byggjast á hagsmunamati, hljóti niðurstaðan að verða sú, að ekki hafi verið óhjákvæmilegt til að fullnægja listrænum kröfum að taka í söguna þau auðkenni á æviskeiði Tómasar, sem í vitund núlifandi manna séu tengdust þeim atburðum, sem gerðust. Með framhaldi á lestri sögunnar séu þessir atburðir, sem séu stefnendum andlegar þjáningar, enn rifjaðir upp fyrir alþjóð og þannig margoft farið út fyrir mörk hins tilhlýðilega. Stefnendur, sem telji sig réttmæta aðilja til eftirmáls skv. 3. mgr. 25. gr. almennra hegningarlaga, hafi því höfðað mál þetta til að koma í veg fyrir réttarbrot þetta.

Sýknukrafa stefnda Indriða er byggð á því, að bókin Þjófur í Paradís sé skáldsaga og hafi ákveðnir menn ekki verið hafðir að fyrirmyndum sögupersóna. Rithöfundar lýsi oft lífinu í þjóðfélaginu, þótt þeir fylgi ekki æviferli og verkum ákveðinna manna, nema er þeir riti ævisögur þeirra. Við lestur bókarinnar Þjófur í Paradís komist lesandinn strax að raun um, að hér sé ekki um að ræða ævisögu Tómasar Jónssonar frá Elivogum. Hér sé um að ræða sjálfstætt skáldverk. Fyrr á tímum hafi sauðaþjófnaður og hrossaþjófnaður verið algeng lögbrot og þegar ritað

sé um liðinn tíma, sé ekki óeðlilegt, að þessi atvik fléttist í söguþráðinn. Ekkert sé heldur óeðlilegt við það, að höfundur lýsi landslagi, sem hann sé kunnugur, en með lýsingu landslags og staðhátta í sögunni sé ekki verið að lýsa ákveðnum stað og nöfn bæja í sögunni séu þekkt bæjarnöfn víðs vegar af landinu. Þótt höfundur hafi leitað heimilda í dómum yfir Tómasi Jónssyni, sem séu opinberar heimildir, öllum tiltækar, við lýsingu aðfanga við húsleit, sé það ekki nægilegt til að telja Tómas fyrirmynd Hervalds í Svalvogum. En því er haldið fram, að jafnvel þótt talið yrði, að einhverja samlíkingu megi finna milli Hervalds í Svalvogum og þátt í lífi Tómasar Jónssonar, þá sé um það fjallað í sögunni með þeim hætti, að lesandinn fái samúð með Hervaldi og sé ekki á neinn hátt varpað rýrð á minningu Tómasar Jónssonar. Sé frjálsri listsköpun settar þröngar skorður, ef stöðva eigi útkomu íslenskra skáldsagna og koma í veg fyrir lestur þeirra á opinberum vettvangi fyrir það eitt, að menn telji sig sjá sjálfa sig í sögunum, nákomna ættingja eða þætti úr lífi þeirra. En auk þess væri það brot á ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, ef lestur sögunnar væri stöðvaður. Hljóti hin almennu rök, sem stefnendur byggi kröfu sína á, að víkja fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar. Þá er því haldið fram, að frá því bókin Þjófur í Paradís kom út á árinu 1967 og þar til lestur hennar hófst í útvarpi, hafi stefnendur enga tilraun gert til að hefta útbreiðslu hennar. Bókin sé því til á heimilum og bókasöfnum út um allt land. Aðgerðarleysi stefnenda valdi því, að þeir hafi glatað þeim rétti, sem þeir kunni að hafa átt til að hafa áhrif á dreifingu á efni bókarinnar, sbr. ákvæði 29. gr. almennra hegningarlaga. Þá er því og haldið fram, að aðiljasamlag stefnenda sé ólögmætt, því stefnandinn Sigríður Jónsdóttir og Tómas Jónsson hafi ekki verið gift og því sé hún ekki réttur aðili málsins, sbr. 25. gr. almennra hegningarlaga.

Sýknukrafa stefnda Ríkisútvarpsins er byggð á því, að þótt svo kunni að verða litið á, að í hugum þeirra, sem til þekkja, megi finna nokkur tengsl milli atriða í bókinni Þjófur í Paradís og þátta úr lífi Tómasar Jónssonar, þá sé þar ekki um að ræða neitt saknæmt eða óviðurkvæmilegt. Fyrir ókunnuga sé það ekki bersýnilegt, að sagan sé tengd raunverulegum atburðum. Ekki séu heldur fyrir hendi settar réttarreglur eða grunnreglur laga, sem heimili stöðvun á upplestri úr bók, sem um árabil hafi verið til sölu á almennum markaði, svo sem hér sé farið fram á. Þvert á móti girði ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar fyrir, að

hægt sé að láta stöðva lestur sögu í útvarpi, svo sem hér sé krafist. Auk þess er á það bent, að bókin Þjófur í Paradís sé skáldverk, sem komið hafi út á árinu 1967 og verið til sölu á almennum markaði. Tómas Jónsson hafi síðast hlotið dóm 1939, 36 árum áður en lestur sögunnar hófst í útvarpi. Dómarnir hafi verið prentaðir og gefnir út í dómasafni Hæstaréttar og séu því opinber gögn. Tómas hafi svo andast 1954. Þá er því haldið fram, að Tómas Jónsson og stefnandinn Sigríður Jónsdóttir hafi ekki verið gift og því geti hún ekki átt aðild að málssókn þessari samkvæmt 25. gr. almennra hegningarlaga.

Einn stefnenda, Guðbjörg Sumarrós Kjarrval Tómasdóttir, hefur hér fyrir dómi lýst því, er foreldrar hennar voru færðir í gæsluvarðhald í októbermánuði 1938, aðstöðu barnanna og hvernig þeim var komið fyrir á bæjum í sveitinni. Kom þar fram, að frá því hafi fjölskyldan ekki átt sameiginlegt heimili.

Hér fyrir dómi hefur stefndi mótmælt því, að hann hafi stuðst við ævi Tómasar Jónssonar við ritun sögunnar Þjófur í Paradís. Sagan sé rituð á allt öðrum forsendum og skrifuð út frá öðrum sjónarmiðum. Hún sé rituð sem dæmi um tiltekna tegund af sambýli, þar sem meira máli skiptir hið kyrrláta líf, sem lifað sé í tilteknu samfélagi, en aðvífandi og óvænt vandamál, sem ekki hafi verið vitað, að fyrr hafi tilheyrt slíku sambýli. Það, sem segja megi, að hafi komið nálægt Tómasi Jónssyni í Elivogum, sé sú lýsing í dómabókum, sem að vissu leyti taki til úttektar á góssi hans. Að vísu séu til lýsingar á svona hlutum í dómabókum víða um land frá fyrri öldum, en þegar um það sé að ræða að komast sem næst samtímanum, þá sé eðlilegt, að ekki sé leitað heimilda aftur í aldir. Þá hefur stefndi Indriði mótmælt því, að ákveðinn maður hafi verið hafður að fyrirmynd að einni af mörgum persónum sögunnar. Í því sambandi sé á það að líta, að þjófurinn í skáldsögunni sé maður, sem lesandi sögunnar fái samúð með að loknum lestri. Hann fái slíkar málsbætur í sögulok, að hann sé raunverulega sýknaður af ábyrgð á gerðum sínum. Ekkert liggi fyrir um, að slík viðhorf hafi verið ríkjandi í garð Tómasar Jónssonar frá Elivogum, nema hjá þeim, sem voru nánir aðstandendur eða þekktu hann best. Þannig hafi almennar sögusagnir um Tómas ekki getað haft áhrif á persónugerð þjófsins í skáldsögunni og ekki heldur þurr upptalning búsmuna og aðfanga í dómabókum. Þá hefur stefndi mótmælt því, að með lýsingu staðhátta í sögunni sé verið að lýsa heimabyggð Tómasar Jónssonar í Skagafirði. Þá sé það fráleitt, að með

nöfnum sögupersóna og lýsingu þeirra séu ákveðnir einstaklingar hafðir í huga.

Af hálfu stefnenda hefur verið bent á fjölda atriða í bókinni Þjófur í Paradís, þar sem þau telja ljóst, að höfð séu að fyrirmynd atriði úr lífi Tómasar Jónssonar.

Telja verður, að stefnendum hafi verið rétt að höfða mál þetta sameiginlega.

Í ákvæðum 25. kafla almennra hegningarlaga er fjallað um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, m. a. ærumeiðingar gegn látnum manni. Er því lýst yfir af hálfu stefnenda, að ekki sé byggt á ákvæðum þessum í málinu.

Stefndi Indriði hefur lýst því, að hann hafi leitað fyrirmyndar í refsidómum Tómasar Jónssonar, sem birtir hafa verið í opinberu dómasafni, varðandi nokkur atriði, þar sem lýst er húsleit. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir að líkingu megi sjá með atriðum í bókinni og þáttum úr lífi Tómasar Jónssonar, þá verður að líta svo á, að með ritun bókarinnar hafi stefndi Indriði skapað sjálfstætt verk, þar sem fjallað er um menn og atburði þannig, að þeir öðlist sjálfstæða tilveru. Þykir það ekki varpa rýrð á minningu Tómasar Jónssonar, þótt stefnendur telji sig sjá í bókinni mynd Tómasar eða þætti úr lífi hans. Ekki verður heldur talið, að efni bókarinnar valdi stefnendum ólögmætri röskun. Telja verður, að í 72. gr. stjórnarskrárinnar felist grunnregla íslensks réttar um tjáningarfrelsi. Bann við lestri í útvarpi úr bókinni Þjófur í Paradís við þær aðstæður, sem hér hafa verið raktar, bryti í bága við þá grunnreglu. Af hálfu stefnenda hefur ekki verið leitt í ljós, að til sé í íslenskum rétti grunnregla, sem virða beri framar ofangreindum sjónarmiðum.

Samkvæmt þessu verða stefndu sýknaðir af kröfum stefnenda.

Verður lögbann það, sem hinn 16. apríl 1975 var lagt á lestur bókarinnar Þjófur í Paradís í Ríkisútvarpinu, fellt niður.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Arnalds lögfræðingi og Vésteini Ólasyni lektor.

Dómsorð:

Stefndu, Indriði G. Þorsteinsson og Ríkisútvarpið, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Sigríðar Jónsdóttur, Guðbjargar Tómasdóttur, Guðrúnar G. Tómasdóttur, Herdísar Tómasdóttur, Páls Tómassonar, Aðalheiðar Tómasdóttur,

Friðriks Kjarrvals og Jóhönnu Tómasdóttur. Lögbann það, sem hinn 17. apríl 1975 var í fógetarétti Reykjavíkur lagt við lestri skáldsögunnar Þjófur í Paradís, er fellt úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. maí 1979.

Nr. 210/1977. **Runólfur Sölvason vegna Saltvers**
gegn
Magngeiri V. Jónssyni.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. nóvember 1977. Við munnlegan flutning máls þessa hér fyrir dómi óskaði áfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður. Stefndi samþykkti það, en krafðist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málið er fellt niður, en rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 70.000 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Runólfur Sölvason vegna Saltvers, greiði stefnda, Magngeiri V. Jónssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. maí 1979.

Nr. 181/1978. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Ellert Stefánssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Fjárdráttur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á refsiákvörðun héraðsdóms og að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta ásamt vöxtum, svo sem síðar verður greint. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar fyrir báðum dómum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram allmörg ný gögn, þ. á m. endurrit af framhaldsprófum í máli þessu, er háð voru 14. og 16. þ. m. Í fyrra þinghaldi komu fyrir dóm Ólafur Karlsson, aðalendurskoðandi Póst- og símamálastofnunar, og Engilbert Sigurðsson, skrifstofustjóri sömu stofnunar. Staðfestu þeir skýrslur endurskoðunardeildar, sem þeir unnu að og raktar eru í héraðsdómi.

Við framhaldspróf málsins hinn 16. þ. m. kom ákærði fyrir dóm. Voru þá bornir undir hann mánaðarreikningar póst- og símstöðvarinnar á Hvolsvelli yfir tímabilið frá júní 1973 til og með október 1975. Gerði hann engar athugasemdir við reikninga þessa. Tók hann fram, að hann hefði ávallt talið í sjóði við hverja skilagrein (mánaðarreikning) og það væri einungis varðandi óinnheimta símareikninga, sem hann hefði fært upp tölur án talningar. Gat hann þess jafnframt, að hann teldi, að fé það, sem sjóðsvöntuninni næmi, hefði

hvorki komið í sjóð póst- og símstöðvarinnar né í sína vörslu. Eru framburðir ákærða að öðru leyti svo og aðrir málavextir raktir í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram afrit af ráðningarbréfi ákærða sem stöðvarstjóra á Hvolsvelli. Samkvæmt því er hann ráðinn til þessa starfa hinn 1. ágúst 1966, svo sem getur í héraðsdómi.

Ákærði vefengir ekki, að sjóðsvöntunin nemi 2.108.344 krónum, svo sem í ákæru getur, og þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um fjárdrátt. Varðar brot hans við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærði var opinber starfsmaður, er hann framdi brot sitt. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Við framhaldspróf málsins hinn 14. þ. m. var þess krafist af hálfu Póst- og símamálastofnunar, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1.765.762 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 24. september 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Er eftirfarandi grein gerð fyrir fjárhæð höfuðstóls kröfunnar:

„Sjóðshalli, sem fram kom við uppgjör 24.09 1975, á póst- og símstöðinni Hvolsvelli	kr.	2.108.344,-
Til frádráttar komi inneign á sparisjóðsbók, sem geymd er hjá sýslumannsembættinu á Hvolsvelli	—	59.424,-
Einnig komi til frádráttar óuppgert orlof Jóns Stefánssonar (95 dagar á verðlagi okt. 1975)	—	283.158,-
Upphæð alls	kr.	1.765.762,-“.

Í þinghaldi hinn 16. þ. m. samþykkti ákærði kröfu þessa, eins og hún er sett fram. Verður hún því að öllu leyti tekin til greina. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin sak-

sóknarlaun til ríkissjóðs, samtals 180.000 krónur fyrir báðum dómum, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Jóns Ellerts Stefánssonar, á að vera óraskað.

Ákærði greiði Póst- og símamálastofnuninni 1.765.762 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 24. september 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, hvort tveggja fyrir báðum dómum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 16. desember 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 11. nóvember 1977, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 9. ágúst 1977, fyrir sakadómi Rangárvallasýslu á hendur Jóni Ellert Stefánssyni, Hlíðarvegi 19 á Hvolsvelli, fæddum 30. nóvember 1934 í Reykjavík, fyrir fjárdrátt í starfi stöðvarstjóra Pósts og síma á Hvolsvelli með því að draga sér úr sjóði stöðvarinnar samtals kr. 2.108.344, einkum á tímabilinu frá 19. júní 1973, er sjóðsvöntun var talin kr. 23.039, og 24. september 1975, er sjóðsvöntun reyndist samkvæmt uppgjöri nema framangreindri upphæð kr. 2.108.344.

Ákærði hélt eigi sjóðdagbók í bókhaldi stöðvarinnar, og fjárdrætti sínum, eins og hann var um hver mánaðamót á framangreindu tímabili, leyndi ákærði jafnan í mánaðaruppgjörum sínum til Pósts og síma með þeim hætti að tilgreina heildarfjárhæð ógreiddra símareikninga hærri en vera átti og ávallt þannig, að jöfnuður næðist.

Atferli ákærða telst varða við 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar. Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1954 2/11 í Reykjavík, sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1955 29/7 í Reykjavík, sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1955 17/11 í Reykjavík: Dómur: 1.600 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.
1960 7/7 í Reykjavík, sátt, 300 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til aðalskoðunar.
1961 8/12 í Reykjavík, sátt, 300 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.
1976 12/4 í Rangárvallasýslu: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 12. apríl 1976.

Málsatvik.

Hinn 10. október 1975 barst sýslumanni Rangárvallasýslu svohljóðandi bréf frá póst- og símamálastjóra:

„Við uppgjör á póst- og símstöðinni Hvolsvelli kom fram samkvæmt bókhaldsgögnum stöðvarinnar sjóðshalli að upphæð kr. 2.131.985.00, og hefur í því sambandi stöðvarstjóranum Jóni Stefánssyni verið veitt lausn frá störfum um stundarsakir frá og með 24. sept. 1975. Fylgir hér með skýrsla endurskoðunar Pósts og síma, og er óskað rannsóknar á máli þessu.

Síðan fjármál stöðvarinnar voru tekin af stöðvarstjóra, hefur komið í ljós, að hann hefur lagt tvær ávísanir inn á hlaupareikning sinn nr. 90 við Búnaðarbankann á Hellu, en ávísanir þessar eru gefnar út á Símstöðina Hvolsvelli 25/9 og 26/9 og lagðar inn á fyrrnefndan hlaupareikning 30/9, framseldar af Jóni Stefánssyni með stimpli stöðvarinnar, svo að Jón hefur gert þessa hluti eftir að honum átti að vera að fullu ljóst, að hann gæti ekki komið fram í umboði stöðvarinnar. Er það ósk póst- og símamálastjórnarinnar, að þessi þáttur málsins verði rannsakaður nú þegar.

Fylgir hér með ljósrit af ofannefndum ávísunum. Hlaupareikningur nr. 90 var stofnaður á nafni stöðvarinnar af stöðvarstjóra, er síðan lét breyta honum á sitt nafn. Póst- og símamála-

stjórnin hefur því óskað eftir því við Búnaðarbankann á Hellu, að reikningnum verði þegar lokað, og er óskað eftir rannsókn á viðskiptum, sem farið hafa um þennan reikning.

Þá leggur póst- og símamálastjórnin áherslu á, að allir þættir þessa máls séu kannaðir og sérstaklega hvort gögn geti verið í höndum Jóns Stefánssonar, sem skýrt geti sjóðshallann."

Í skýrslu endurskoðunar Pósts og síma, sem dagsett er 7. október 1975 og undirrituð af Engilbert Sigurðssyni og varðar reikningsuppgjör póst- og símstöðvarinnar á Hvolsvelli per 24. september 1975, segir svo:

„Dagana 15.—17. september s.l. kannaði ég undirritaður fjárreiður og reikningshald póst- og símstöðvarinnar á Hvolsvelli, og kom þá fram halli, sem nam um 490 þús. kr., og var það miðað við, að ófærðar athugasemdir væru um 250 þús. kr., en reikningar stöðvarinnar fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst voru þá óendurskoðaðir.

Strax að þessari niðurstöðu fenginni var endurskoðun reikninganna hraðað, og jafnframt var viðskiptareikningur stöðvarinnar hjá bókhaldi Pósts og síma gerður upp og borinn saman við mánaðarreikningana. Við þessa endurskoðun hækkuðu skuldir vegna ófærðra athugasemda úr kr. 246.903,- í kr. 1.452.686,-.

Þann 24. september var aftur gert upp á stöðinni, og fór þá fram gagngerð úttekt á fjárreiðum hennar í hendur Jakobs Tryggvasonar, sem falin hefur verið stjórn stöðvarinnar til bráðabirgða. Við þetta uppgjör voru öll gögn, sem fundust á skrifstofu stöðvarinnar, athuguð með tilliti til þess að reyna að ná fram öllu því, er áhrif gæti haft á uppgjörið. Við þessa leit komu fram fleiri liðir, sem ekki höfðu verið taldir til tekna, og má þar t. d. nefna áfyllingu á frímerkjavel útibús Landsbanka Íslands í júní, ágúst og september 1975, að upphæð kr. 50.000,- hver, eða samtals 150.000,-.

Jafnframt bættust við skuldir vegna ótekjufærðra stofn- og afnotagjalda af símum, sem höfðu verið tengdir, en ekki tilkynntir viðkomandi deildum. Reikningsyfirlit yfir uppgjörið fer hér á eftir:

TEKJUR:	kr.	kr.
Afnotagjöld af sveitasíma	231.725,-	
Afnotagjöld nýrra síma, aukaskrá	38.686,-	270.411,-

Afnotagjöld af aukabúnaði:		
Aukabúnaður sveitasíma	7.185,-	
Aukabúnaður nýrra síma, aukaskrá	907,-	8.092,-
Stofngjöld		148.680,-
Flutningsgjöld		18.400,-
Símtöl innanlands		354.377,-
Símskeyti innanlands		34.094,-
Símskeyti til útlanda		3.100,-
Útvarpsauglýsingar		127.445,-
Samúðarskeyti		2.400,-
Söluskattur		163.544,-
		1.130.553,-
Innborgaðar póstávísanir:		
Tímabilið 1.—10. september	714.414,-	
Tímabilið 11.—20. september	1.328.431,-	
Tímabilið 21.—25. september	842.732,-	2.885.577,-
Innborgað gíró		412.186,-
Seld frímerki		24.045,-
Seld sparimerki		270.962,-
Meðteknir radíótækjareikn. skv. bréfi 29/7		27.128,-
Innborguð húsaleiga		3.100,-
Lífeyrissjóður		3.204,-
F.Í.S. gjald		754,-
Boxatekjur 21.—25. september		8.219,-
Ófærðar athugasemdir endurskoðunar		1.452.686,-
Vaxtatekjur samkv. útskrift Landsbankans per 31. des. 1974	14.661,-	
÷ debit vextir 30/6 '75	÷ 8.474,-	
÷ debit vextir 29/8 '75	÷ 2.582,-	3.605,-
Áfyllingar á frímerkjavélar		150.000,-
Sjóður samkvæmt ágústreikningi		- 1.773.493,-
		8.145.512,-

GJÖLD:	kr.	kr.
Útborgaðar póstávísanir:		
Tímabilið 1.—10. september	422.243,-	
Tímabilið 11.—20. september	178.310,-	
Tímabilið 21.—25. september	- 47.300,-	647.853,-
Útborgaðar útlendar póstávísanir		3.400,-
Útborgað gíró		210.957,-
Endurgreidd sparimerki		80.512,-
Boðsendingar í júlí og ágúst	1.610,-	
Boðsendingar í ágúst og september	2.410,-	4.020,-
Oftalin seld eyðublöð		2.043,-
Jón Stefánsson, septemberlaun		75.397,-
Innleyst svarmerki		20,-
Sendir peningar 13/9		700.000,-
Greiddir reikningar:		
Fyrir úðun á trjágarði	650,-	
Fyrir flugnaeitur	1.281,-	
Fyrir sjúkrakassa	506,-	
Fyrir veggfóður	555,-	
Fyrir tékkhefti	600,-	
Fyrir steypu í mastursundirstöður	697.800,-	
Fyrir fæði símamanna á Hótel Hvoli	22.775,-	
Hótel Hvoli	29.200,-	753.367,-
		2.477.569,-
Óinnheimtir símareikningar	1.937.459,-	
÷ innborgun frá Jóni Einarssyni, sími nr. 5178, með tékkum, sem taldir eru í sjóði	÷ 105.000,-	1.832.459,-
Óinnheimtir radíótækjareikn.		20.059,-
Bankainnistæða		1.151.957,-
Sjóður		531.483,-
		6.013.527,-
Mismunur — sjóðshalli		2.131.985,-
		8.145.512,-

Auk þeirrar vöntunar, sem hér kemur fram, skuldar stöðvarstjórinn símareikninga fyrir samtals kr. 65.264,-, en þeir eru taldir meðal óinnheimtra reikninga á meðfylgjandi skrá.

Sjóðsyfirlit per 24. september 1975:

Tékkar:		
Útgefinn 9/11 1974 af Jóni Einarssyni bónda, Hvolsvegi 26		55.000,-
Útgefinn 8/2 1975 af sama		50.000,-
Útgefinn 28/6 1975 af Sigurlaugi Brynleifssyni, kennara, Laugalandi, Holtum		115.000,-
Aðrir tékkar, útgefnir 23. og 24. sept. 1975		71.295,-
		291.295,-
Seðlar		135.700,-
Franskir frankar 500 á 37/-		18.500,-
Mynt í afgreiðslukassa		2.467,-
Mynt í pokum		3.350,-
Frímerki í afgreiðslukassa		7.109,-
Peningar í boxakassa		5.573,-
Frímerki		630,-
Skuld bréfhirðingarinnar í Skarðshlíð		10.350,-
Kvittanir fyrir greiðslum upp í laun:		
Alda Vigfúsdóttir	20.000,-	
Kristjana Jónsdóttir	7.000,-	27.000,-
		501.974,-
Skuldir launþega vegna athugasemda endurskoðunar við fyrri launagreiðslur		29.509,-
		531.483,-

Skuldir launþega vegna athugasemda og fyrirframgreiddra launa voru dregnar frá launagreiðslum í lok september.

Sigurlaugur Brynleifsson innleysti framangreinda ávísun að upphæð 115.000,- kr. þann 28. september 1975. Bréfhirðingin í Skarðshlíð greiddi sína skuld fyrir septemberlok.

Ávísanir útgefnar af Jóni Einarssyni eru ennþá óinnleystar, en af samtölum við hann má ráða, að það verði gert fljótlega. Að

sögn Jóns Stefánssonar stöðvarstjóra voru þessar ávísanir teknar sem innborganir inn á skuld vegna ógreiddra símareikninga, og engir reikningar voru látnir koma þar á móti. Þessvegna er andvirði þeirra kr. 105.000,- dregið frá heildarupphæð óinnheimtra símareikninga í uppgjörinu.

Það skal tekið fram, að niðurstaða þessa uppgjörs getur engan veginn talist endanleg, þar sem enn kunna að koma fram athugasemdir við viðskipti stöðvarinnar, sem geta breytt henni, og má í því sambandi nefna, að endurskoðun septemberreikninga er ekki lokið."

Í skýrslu endurskoðunar Pósts og síma, sem dagsett er 5. júlí 1976 og undirrituð af þeim Ólafi Karlssyni og Engilbert Sigurðssyni, er gerð grein fyrir þeim athugasemdum, sem fram hafa komið eftir reikningsuppgjörið 24. september 1975 og hafa bein áhrif á niðurstöðu uppgjörsins.

Er skýrsla þessi svohljóðandi:

„1. Athugasemd frá Póstgíróstofunni, dags. 18. 12. 1975. Skrá yfir útborgað gíró í júní 1975 hefur ekki verið færð á lista yfir útborgað gíró og ekki talin til gjalda í mánaðarreikningum:
Inneign ..... kr. 213.878,00

2. Athugasemd endurskoðunar, dags. 28. 11. 1975, vegna uppgjörs Ástvaldar Bjarnasonar á viðskiptareikningi stöðvarinnar:
Inneign ..... kr. 962,00

3. Athugasemd endurskoðunar, dags. 1. júlí 1976, vegna leiðréttingar við athugasemd, dags. 28. nóvember 1975, sem skráð er undir lið 2 hér að framan:
Inneign ..... kr. 2.910,00

4. Athugasemd endurskoðunar, dags. 20. 06. 73, vegna vanfærðra afnotagjalda. Þessi athugasemd var ekki tekin inn í uppgjörið þann 24. september vegna þess, að Jón Stefánsson sagðist halda, að hann hefði leiðrétt þetta annars staðar, og benti á gögn, sem vert væri að athuga í þessu sambandi. Athugun, sem síðan hefur verið gerð á þessum gögnum, gef-

ur ekki tilefni til að athugasemdinni sé breytt.
Skuld ..... kr. 32.972,00

5. Athugasemd endurskoðunar, dags. 11. 11. 75, vegna vanfærðs símtals við útlönd í júlí 1975. Þetta símtal hefur ekki verið fært til tekna í mánaðarreikningnum. Það var staðgreitt.
Skuld ..... kr. 3.610,00

6. Athugasemd endurskoðunar, dags. 06. 01. 76, vegna vantalinna seldra eyðublaða í september 1975. Birgðir voru skakkt fluttar á milli mánaða.
Skuld ..... kr. 1.900,00

7. Athugasemd endurskoðunar, dags. 06. 10. 75, vegna uppgjörs á birgðareikningi stöðvarinnar frá 1. janúar 1974 til 30. september 1975. Mismunur, sem þar kemur fram, liggur í því, að meðteknar birgðir hafa í nokkrum tilfellum verið vantaldar, og í öðrum tilfellum hafa birgðir ekki verið rétt færðar á milli mánaða.
Skuld ..... kr. 58.850,00

8. Athugasemd frá Póstgíróstofunni, dags. 5. júlí 1976. Gíróseðlaskrá nr. 4, dags. 26. mars 1974, yfir innborgað gíró, hefur ekki verið færð á lista yfir innborgað gíró og ekki talin til tekna í mánaðarreikningum. Þetta kom fram við endurskoðun Ragnars Á. Magnússonar, löggilts endurskoðanda, á reikningum stöðvarinnar og viðskiptum hennar við Póstgíróstofuna þann 2. júlí s.l.
Skuld ..... kr. 65.777,00

9. Í byrjun októbermánaðar s.l. sendi Jón Stefánsson Umferðarmálaskrifstofunni ávísun að upphæð kr. 31.000,00 til greiðslu á kröfum, sem honum hafði verið falið að innheimta. Með bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 22. 10. 75, var þess krafist, að framseljandi innleysti ávísunina. Aðalgjaldkeri Pósts og síma greiddi Seðlabankanum upphæðina, og var

hún skuldfærð á viðskiptareikning Jóns Stefánssonar.
Skuld ..... kr. 31.000,00

Niðurstaða framangreindra atriða verður þá þessi:

1.	Inneign		kr. 213.878,00
2.	Inneign		— 962,00
3.	Inneign		— 2.910,00
			kr. 217.750,00
4.	Skuld	kr. 32.972,00	
5.	Skuld	— 3.610,00	
6.	Skuld	— 1.900,00	
7.	Skuld	— 58.850,00	
8.	Skuld	— 65.777,00	
9.	Skuld	— 31.000,00	
	Mismunur inneign		kr. 23.641,00
	Mismunur samkvæmt uppgjöri per 24. september 1975		kr. 2.131.985,00
	Frá dregst inneign vegna framangreindra athugasemda		kr. 23.641,00
			kr. 2.108.344,00
	Auk þess skuldar Jón Stefánsson símareikninga á stöðinni á Hvolsvelli, samtals að upphæð		kr. 65.264,00
			Samtals kr. 2.173.608,00.“

Ef frá er talin persónuleg skuld Jóns Stefánssonar fyrir síma, reynist sjóðsvöntunin vera kr. 2.108.344, og er miðað við þá fjárhæð í ákæru.

Rannsókn máls þessa fyrir sakadómi Rangárvallasýslu hófst þegar hinn 10. október 1975.

Í upphafi beindist rannsóknin að notkun og meðferð ákærða á greiðslu, sem var í formi tveggja ávísana, samtals að fjárhæð kr. 57.416, sem gefnar voru út á símstöðina Hvolsvelli 25. september og 26. september 1975, framseldar af ákærða með stimpli stöðvarinnar og lagðar inn á hlaupareikning nr. 90 við Búnaðar-

bankann, Hellu, hinn 30. september 1975, en ákærða hafði verið veitt lausn frá störfum um stundarsakir frá og með 24. september 1975.

Jafnframt laut rannsóknin að því á þessu frumstigi málsins að kanna fjárreiður, viðskipti og notkun ákærða á fyrrnefndum hlaupareikningi.

Hinn 10. október 1975 kom fyrir dóminn sem vitni Pálmi Eyjólfsson aðalbókari, starfsmaður á sýsluskrifstofunni, Hvolsvelli. Aðspurður skýrði hann svo frá, að um morguninn föstudaginn 26. sept. 1975 hafi ákærði komið til sín á sýsluskrifstofuna og óskað eftir því að fá greidda símareikningana. Til staðar voru hjá embættinu tveir ógreiddir símareikningar. Annar var að fjárhæð kr. 30.720 vegna lögreglustöðvarinnar á Hvolsvelli, en hinn að fjárhæð kr. 26.696 vegna embættisins. Mætti kvaðst þá þegar án frekari orðaskipta við ákærða hafa tekið fram tékkheftið og greitt þessa símareikninga snarlega, enda fannst mætta sem ákærði væri að flýta sér. Mætti kvaðst hafa gefið út tvær ávísanir vegna þess, að lögreglan hafi hjá embættinu sérstakan kostnaðarreikning. Mætti sagði, að ávísanirnar væru gefnar út um leið þann 26. sept. sl., enda þótt önnur sé dagsett degi fyrr, en þetta voru fyrstu ávísanirnar, sem mætti gaf út þann dag.

Mætta var kunnugt um, að ákærði hefði komið á sýsluskrifstofuna deginum áður þann 25. september 1975 til þess að fá þessa símareikninga greidda, en þá var mætti í manntalsþingaferðum í Holta- og Ásahreppum.

Hinn 13. október 1975 kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Líndal Hjartarson, útibússtjóri Búnaðarbanka Íslands, Hellu.

Hann skýrði svo frá, að hlaupareikningur nr. 90 hefði verið stofnaður 9. júní 1967 af ákærða f. h. Pósts og síma, Hvolsvelli, og hafi reikningur þessi alla tíð verið skráður á nafn Pósts og síma, eða allt þar til 15. september 1975, að ákærði hafi óskað eftir því, að reikningurinn yrði settur á sitt nafn. Ákærði óskaði eftir þessu símleiðis við bankann, og var orðið við þessari beiðni. Mætti sagði, að ákærði hefði rætt við gjaldkera bankans, Guðna Jónsson, um þetta og gefið upp sem ástæðu fyrir þessari breytingu, að Póst- og símamálastjórnin vildi aðeins hafa einn reikning. Mætti tók það fram, að fyrir alllöngu hefði verið hringt til bankans af endurskoðanda Pósts og síma í Reykjavík og beðið um afrit af hlaupareikningi nr. 90. Jafnframt hafi þessi aðili látið að því liggja, að þessi reikningur væri óþarfur fyrir stofnunina og réttast að loka honum. Mætti sagði, að af bank-

ans hálfu hefði verið bent á, að koma þyrfti formleg tilkynning um þetta. Aðspurður sagði mætti, að samtal þetta hefði átt sér stað einhvern tíma á árinu 1974. Mætti sagði, að lokun reikningsins hefði ekki síðan komið til tals fyrr en ákærði hafi hringt þann 15. september 1975. Mætti upplýsti, að þegar reikningurinn var færður yfir á nafn ákærða, hafi innstæða á honum verið kr. 1.655.40, og var sú fjárhæð látin standa óhreyfð á reikningnum. Mætti sagði aðspurður, að svo sem ljósrit reikningsins bæri með sér, hefðu þrjár innborganir átt sér stað inn á reikninginn síðan, þann 29. sept. 1975 kr. 55.018, hinn 30. sept. s. á. kr. 57.416 og 2. október s. á. kr. 10.000. Mætti sagði, að sér væri kunnugt um það, að innborgunin þann 29. sept. þ. á., kr. 55.018, væri frá Kaupfélaginu Þór, Hellu. Innborgun 30. sept. þ. á., kr. 57.416, væri ávísanir merktar nr. 2 og 3 í máli þessu og innborgun 2. október þ. á. væri frá Rangárvallahreppi. Mætti skýrði frá því, að 10. október 1975 hefði sér borist boðsent bréf pósts- og símamálastjórnarinnar, þar sem óskað var eftir því, að hlaupareikningi nr. 90 yrði lokað, þar sem í ljós hefði komið, að ákærði hefði misnotað reikninginn, eftir að fjárráð voru af honum tekin. Mætti sagði, að með þessu bréfi hefði bankanum þá fyrst formlega borist vitneskja um það, að ákærði hefði verið settur af sem stöðvarstjóri. Mætti sagði, að reikningnum hefði verið lokað þennan dag, er fyrir lá staðfesting sýslumannsembættisins, að opinber rannsókn væri hafin vegna máls þessa. Mætti sagði, að ákærða hefði verið tilkynnt um lokunina með ábyrgðarbréfi samdægurs. Við lokun reikningsins, sagði mætti, að innstæða hefði verið 58.179.40, en ávísanir hafi borist síðan.

Sama dag kom fyrir dóm ákærði, Jón Ellert Stefánsson.

Ákærði var fyrst spurður um notkun sína á hlaupareikningi nr. 90 við útibú Búnaðarbanka Íslands, Hellu. Hann skýrði frá því, að aðalbankareikningur símstöðvarinnar á Hvolsvelli væri og hefði verið í útibúi Landsbanka Íslands, Hvolsvelli. Ákærði kvaðst hafa opnað hlaupareikning nr. 90 í bankanum á Hellu í júní 1967. Kvaðst ákærði ekki hafa haft samráð við forráðamenn Pósts og síma í Reykjavík um opnun þessa reiknings, og reyndar ekki heldur þá er hann opnaði reikninginn í Landsbankanum, Hvolsvelli, á sínum tíma. Ákærði tók það fram, að endurskoðun Pósts og síma hefði verið fullkunnugt um hlaupareikning nr. 90. Ákærði sagði aðspurður, að á árinu 1974 hefði borist ósk bréflega frá Pósti og síma um það, að símstöðin hefði aðeins einn reikning. Ákærði kvaðst þó ekki

hafa komið því í verk að loka reikningnum, enda hafi hann verið sér og viðskiptavinum til hagræðis við innheimtu símgjalda. Reikningurinn hafi verið stofnaður til þess að gera viðskiptavinum, búsettum á Hellu og nærsveitum, auðveldara með að greiða afnotagjöldin með því að greiða beint inn á hlaupareikning nr. 90. Árið 1972 kom ný símstöð á Hellu og síðan hefur verið sérstakur stöðvarstjóri þar, og sagði ákærði, að eftir þann tíma hefði hlaupareikningur þessi verið miklu minna notaður og upp á síðkastið hafi Kaupfélagið Þór, Hellu, verið nánast eini viðskiptavinurinn í reynd, sem hafi greitt símagjöld nokkurra viðskiptavina sinna. Aðspurður um notkun sína á reikningnum fyrir Póst og síma sagði ákærði, að hann hefði ekki getið um hann á mánaðarlegum aðalreikningi stöðvarinnar, enda hafi hann þá yfirleitt verið með engri eða mjög lítilli innstæðu, en ákærði kvaðst yfirleitt hafa fyrir hver mánaðamót fært innstæðuna úr hlaupareikningi nr. 90 og inn á aðalreikning símstöðvarinnar í Landsbankanum, Hvolsvelli. Ákærði kvaðst stundum hafa greitt beint úr hlaupareikningi nr. 90 útgjöld vegna símstöðvarinnar, svo sem laun o. fl., en yfirleitt fært innstæðurnar beint yfir á aðalbankareikninginn. Aðspurður um, hvers vegna hann hafi látið setja hlaupareikning nr. 90 á sitt nafn þann 15. september 1975, sagði ákærði, að þá hefði verið byrjað að endurskoða bókhald símstöðvarinnar og hafi hann viljað koma í veg fyrir, að tilvist reikningsins kæmi fram, þar sem áður var búið að biðja um lokun hans. Ákærði sagði, að endurskoðun hefði leitt til þess, að hann hafi verið settur af fyrst um sinn frá 24. september 1975 og að fullu og öllu vikið úr starfi frá og með 10. október s. á. Aðspurður um ávísanirnar á dskj. nr. 2 og 3 skýrði ákærði frá því, að hann hefði líklegast þann 17. september þ. á. lagt inn á sýsluskrifstofuna reikninga samtals að fjárhæð kr. 57.416. Ákærði sagði, að reikningar þessir hefðu verið kvittaðir og búið að færa þá stöðinni til tekna og kæmu því fram sem greiddir við talningu þá, sem fram fór 24. og 25. sept. sl. Aðspurður hvers vegna hann hafi móttekið greiðslu þessara reikninga, eftir að búið var að víkja honum úr starfi, skýrði hann svo frá, að hann hefði nauðsynlega þurft að greiða umferðarmáladeild Pósts og síma andvirði hópferðaleyfa, sem hann hafði innheimt, samtals kr. 31.000. Ákærði sagði, að þeir hjá umferðarmáladeildinni hefðu mikið rekið á eftir sér með greiðslu þessa, og þar sem ákærði kvaðst hafa verið búinn að nota þá peninga í eigin þágu, hafi hann gripið til þess ráðs að

fá greitt andvirði fyrrnefndra símareikninga til þess að standa skil á skuld þessari. Ákærði kvaðst ekki hafa lagt upphæðina inn á hlaupareikning nr. 90 fyrr en þann 30. sept. 1975 vegna anna, en hann hafi þurft að aðstoða endurskoðendur. Ákærði kvaðst hafa sent umferðarmáladeild Pósts og síma ávísun að fjárhæð kr. 31.000 úr hlaupareikningi nr. 90 þann 8. október s. á., en fram til þess tíma hafði ákærði árangurslaust reynt að innheimta gjald fyrir hópferðaleyfi, kr. 17.000, af Baldvin Sigurðssyni, Eyvindarhólum, Austur-Eyjafjallahreppi, og síðan endursent þann reikning til umferðarmáladeildarinnar ásamt greiðslunni þann 8. október þ. á. Vanskil á skuld þessari hefðu komið sér illa gagnvart leyfishöfum, og kvaðst ákærði því hafa gripið til þessa úrræðis. Aðspurður um innlegg að fjárhæð kr. 55.018 þann 29. september 1975 sagði ákærði, að það væri greiðsla símagjalda, sem Kaupfélagið Þór hefði greitt. Innborgun 2. október s. á. sagði ákærði, að væri frá Rangárvallahreppi og greiðsla til sín persónulega fyrir neyðarsímaþjónustu að næturlagi. Aðspurður um þrjár úttektir, sem færðar eru út af reikningi nr. 90 þann 9. október þ. á., kvaðst ákærði aðeins muna eftir kr. 11.000, en hann hafi með þeirri ávísun greitt víxil í banka í Hafnarfirði. Víxill þessi var samþykktur af ákærða vegna teppakaupa á stofu í íbúð stöðvarstjóra. Um aðrar úttektir úr reikningnum kvaðst ákærði ekki muna fyllilega, en þó muni hann hafa keypt áfengi fyrir kr. 7.000 auk minni útgjalda í leigubíla. Með úttekt kr. 51.510 kvaðst ákærði hafa greitt reikning frá Kaupfélagi Rangæinga vegna Pósts og síma. Þennan reikning kvaðst ákærði hafa greitt, áður en hann var settur af til bráðabirgða.

Aðspurður sérstaklega um sjóðshalla þann, sem fram kemur í endurskoðunarskýrslu Pósts og síma, kvaðst ákærði ekki geta skýrt þessa sjóðsvöntun að svo stöddu, vegna þess að hann ætti eftir að fara í gegnum margvísleg gögn, sem honum hafi borist úr endurskoðun.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa dregið sér fé að yfirlögðu ráði.

Hinn 14. október 1975 kom fyrir dóminn sem vitni Ágúst Ingi Ólafsson, aðalgjaldkeri Kaupfélags Rangæinga, Hvolsvelli.

Aðspurður sagði mætti, að ákærði hefði fest kaup á hábakstól hjá Húsgagnaiðju kaupfélagsins á Hvolsvelli þann 10. september 1975. Reikning vegna stólsins hafi mætti svo fengið til innheimtu, og sagði mætti, að ákærði hefði komið til sín og greitt andvirði

stólsins, kr. 51.510, þann 19. sept. s. á. með ávísun frá Búnaðarbanka Íslands. Mætti kvaðst ekki vita annað en ákærði hefði keypt stól þennan til einkanota.

Sama dag kom ákærði, Jón Ellert Stefánsson, á ný fyrir dóminn. Aðspurður ítrekað um notkun tékka úr hlaupareikningi nr. 90, að fjárhæð kr. 51.510, viðurkenndi ákærði þá að hafa keypt stól fyrir andvirði hans af Kaupfélagi Rangæinga til eigin nota. Ákærði kvaðst ekki hafa munað eftir þessu, um svipað leyti hafi hann reyndar greitt Kaupfélagi Rangæinga reikning vegna mastursbyggingar fyrir Póst og síma og hafi sig ranglega minnt, að fyrrnefndur tékki hefði verið greiddur vegna þess. Ákærði kvaðst aðspurður ekki lengur hafa undir höndum nein gögn, hvorki stimpla né annað, er tilheyri símstöðinni. Ákærði kvaðst engan aðgang hafa haft að neinu varðandi stofnunina eftir þann 4. október 1975, er endurskoðun var lokið.

Hinn 30. október 1975 kom ákærði aftur fyrir dóminn. Hann var ítrekað spurður út í ætlaða sjóðþurrð, en hélt fast við fyrri framburð sinn, að hann gæti ekki með neinu móti skýrt þennan sjóðshalla. Nánar aðspurður kvaðst hann þó hafa gert sér ljóst, að um halla var að ræða þegar í júlí 1975, og sagði ákærði, að hann teldi þann halla hafa numið á að giska ca kr. 600—700 þús. Ekki kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir, af hverju þessi halli stafaði, og kvaðst ákærði ekki hafa verið búinn að kanna, í hverju þetta var fólgið, þá er endurskoðun fór fram í september þ. á., en þá hafi komið í ljós, að hallinn var mun meiri.

Aðspurður sagði ákærði, að öll fjármál og fjárreiður varðandi símstöðina hafi farið í gegnum sínar hendur, engir aðrir hafi komið þar við sögu. Hann upplýsti, að við daglega starfsemi væru tveir peningakassar í gangi, annar sé svonefndur símakassi fyrir staðgreiðslu og svo daglegur afgreiðslukassi fyrir póst- og símagjöld. Ákærði sagði, að símakassinn væri gerður upp daglega, sbr. fylginótur, en hinn kassinn væri gerður upp vikulega, þ. e. talið, ef unnt reyndist. Báðir þessir kassar falla undir sameiginlegan sjóð stöðvarinnar, sem kemur fram á mánaðarlegum reikningi. Ákærði kvaðst að jafnaði hafa lagt innkomna peninga inn á reikning Pósts og síma í Landsbankanum svona fjórum sinnum í viku. Hann sagði, að geymt hefði verið í peningaskáp stöðvarinnar ca 2—300 þús. yfirleitt, stundum meira, til að mæta daglegum þörfum. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa tekið sér fé til eigin nota út úr rekstrinum eða lánað

öðrum. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar kvaðst ákærði ekki geta gefið viðhlítandi skýringar á sjóðshallanum, en hann taldi, að mistalning gæti að einhverju leyti verið skýringin.

Í þessu þinghaldi lýsti ákærði því yfir, að hann óskaði eftir því, að sér yrði skipaður réttargæslumaður í málinu.

Hinn 4. nóvember 1975 kom ákærði, Jón Ellert Stefánsson, aftur fyrir dóminn ásamt réttargæslumanni sínum, Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni.

Aðspurður enn á ný um kæruefnið kvaðst hann enn sem fyrr ekki geta gert grein fyrir sjóðsvöntuninni. Hann kvaðst hafa orðið var við halla, þegar hann vann við uppgjör í júnímánuði 1975, ca 6—700 þús. Hann kvaðst ekki hafa fundið út, af hverju þessi halli stafaði, og aðspurður kvaðst hann ekkert hafa haft samband við endurskoðun eða yfirstjórn Pósts og síma út af því. Nánar aðspurður sagði ákærði, að möguleiki gæti verið á því, að gleymst gæti að færa sparimerki, sem hafa verið greidd út. Hann kvaðst greiða andvirði sparimerkja, sem framvísað væri, og senda þau síðan suður. Þetta færist svo á mánaðarskilareikning til Pósts og síma og væri þá gerð athugasemd, ef eitthvað vantaði á. Ákærði sagði, að hann færði sérreikning fyrir póstávísanir og póstkröfur og sá reikningur væri sendur til endurskoðunar á 10 daga fresti, en heildarupphæð færðist á mánaðarreikninginn. Að gefnu tilefni frá réttargæslumanni sínum taldi ákærði, að einn hættulegasti skekkjuvaldurinn væri í sambandi við innheimtu afnotagjalda og fyrir umframsímtöl. Reikningar komi frá aðalskrifstofu Pósts og síma í Reykjavík ásamt gataspjöldum, sem gerð væru hjá skýrsluvélum, og hafi iðulega komið fram skekkjur, bæði ef stöðinni væru sendir reikningar, sem fara eigi í önnur umdæmi, eða upphæðir væru rangar. Alla slíka reikninga kvaðst ákærði þurfa að endursenda, en þeir væru færðir honum til skuldar. Ákærði sagði, að hugsanlegt væri, að einhverjar misfellur gætu legið í gíróviðskiptum á pósthúsinu hjá sér, iðulega fari þar í gegn háar fjárhæðir. Orlof hafi allt verið greitt gegn framvísun gíróseðla, sem viðkomandi aðiljar hafi fengið senda frá Póstgíróstofunni í Reykjavík. Ákærði taldi, að ekki væri búið að endurskoða gíróviðskipti sín af hálfu Pósts og síma. Aðspurður sagði ákærði, að honum væri ekki gert að skila sérstökum ársreikningi til uppgjörs eftir árið, einungis sé um mánaðarreikninga að ræða.

Réttargæslumaður ákærða lýsti því yfir í samráði við skjólstæðing sinn, að þess væri óskað, að hlutast yrði til um það, að

fram færi nákvæm endurskoðun sérfróðra manna í samvinnu við endurskoðun Pósts og síma á bókhaldi póst- og símstöðvarinnar á Hvolsvelli allt að tveim árum aftur í tímann, ef þurfa þætti.

Hinn 18. nóvember 1975 var Ragnar Á. Magnússon, löggiltur endurskoðandi, skipaður af sakadómi Rangárvallasýslu til þess að endurskoða og rannsaka bókhald símstöðvarinnar á Hvolsvelli ásamt starfsmanni frá endurskoðunardeild Pósts og síma.

Í skýrslu endurskoðanda, sem dagsett er 10. júlí 1976, segir svo: „Ég hefi lokið við að endurskoða og kanna bókhald og gögn Símstöðvarinnar á Hvolsvelli vegna ætlaðs fjárdráttarbrots Jóns Stefánssonar, fyrrum símstöðvarstjóra á Hvolsvelli, og leyfi mér í því sambandi að taka fram: Sjóðskönnun og könnun á öðrum verðmætum, sem Jón Stefánsson hafði undir höndum, var framkvæmd af starfsmönnum endurskoðunardeildar Pósts og síma í Reykjavík þann 24. september 1975. Kom þá fram verulegur sjóðsmismunur Jóni Stefánssyni í óhag. Næsta könnun þar á undan var framkvæmd af starfsmönnum endurskoðunardeildar Pósts og síma í Reykjavík þann 19. júní 1973. Kom þá fram sjóðsmismunur, eftir að tekið hafði verið tillit til athugasemda, að fjárhæð kr. 23.059,-, sem ekki var talinn verulegur.

Ég hefi yfirfarið mánaðaruppgjör Jóns Stefánssonar frá þessum tíma, þ. e. 19. júní 1973, borið þau saman við fyrirliggjandi gögn og gert afstemmingar við aðalbókhald Pósts og síma í Reykjavík. Alveg sérstaklega hefi ég yfirfarið allar leiðréttingar og millifærslur, sem haft hafa í för með sér breytingar til hækkunar eða lækkunar á mánaðarreikningum Jóns Stefánssonar. Þá hefi ég yfirfarið út- og innborganir, sem farið hafa í gegnum gíróreikning og borið þær saman við mánaðarreikninga Jóns Stefánssonar og aðalbókhald Pósts og síma í Reykjavík. Fæ ég ekki annað séð en að öll uppgjör í þessu sambandi séu samviskulega og vel unnin af endurskoðunardeild Pósts og síma og tel, að niðurstaða sú, sem þar kemur fram, sé rétt.

Samkvæmt umræddu uppgjöri er skuld Jóns Stefánssonar við Póst og síma kr. 2.108.344,-. Eru þá ekki meðtaldir símareikningar að fjárhæð kr. 65.264,-, sem Jón skuldar og taldir eru með í útistandandi símareikningum.

Eftir að hafa kannað uppgjör og gögn símstöðvarinnar á Hvolsvelli fyrir umrætt tímabil, er það álit mitt, að allar fjárreiður stöðvarinnar svo og mánaðarreikningar hafi verið í mjög lausum böndum og sýnilegt, að stöðvarstjórinn hefur ekki haft

nægilegt vald á þessum hlutum. Stöðvarstjórinn færði ekki sjóðdagbók, sem mér skilst, að honum hafi borið að gera. Bersýnilegt er í mörgum tilfellum, að stöðvarstjórinn hefur ekki gert ýmsar skekkjur í mánaðarreikningum vísvitandi. Sést það best á því, að margar skekkjur, sem hann gerir í þeim, eru honum í óhag. Ljóst virðist, að stöðvarstjórinn hefur ekki gert sér nægilega grein fyrir þeim verðmætum, sem hann hafði undir höndum og bar að skila af sér til Pósts og síma í Reykjavík. Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á nokkur atriði til stuðnings máli mínu.

Í nóvember 1973 sendir hann Pósti og síma í Reykjavík kr. 200.000,-. Upphæðin kemur ekki fram í mánaðarreikningi.

Í desembermánuði 1973 sendir hann Pósti og síma í Reykjavík kr. 300.000,-, sem hann færir ekki í mánaðarreikning.

Í ágústmánuði 1974 tvífærir hann peningasendingar frá sér til Pósts og síma í Reykjavík, að fjárhæð kr. 1.000.000,-. Upphæðina hafði hann áður fært sér til tekna í mánaðarreikningi fyrir júlímánuð 1974.

2. júlí 1975 fær hann sendar kr. 500.000.- frá Pósti og síma í Reykjavík til orlofsgreiðslna. Upphæðina færir hann ekki í mánaðarreikning.

Samkvæmt gíróseðlaskrá nr. 4, dags. 26. mars 1974, tekur hann á móti kr. 65.771,-, sem hann færir ekki í mánaðarreikning.

Samkvæmt skrá yfir útborgað gíró í júnímánuði 1975 greiðir hann kr. 213.878,-. Upphæðin kemur ekki fram í mánaðarreikningi.

Sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessi atriði frekar, en vísa til meðfylgjandi uppgjörs og gagna þar að lútandi."

Hinn 9. september 1976 kom fyrir dóminn Ragnar Á. Magnússon endurskoðandi.

Aðspurður um endurskoðun sína á bókhaldi símstöðvarinnar á Hvolsvelli var framburður hans fyrir dóminum í samræmi við framangreinda skýrslu. Aðspurður sagði mætti, að útilokað væri að segja um það, hvenær og með hvaða hætti sjóðshallinn hafi myndast vegna þess, að ákærði hafi ekki fært sjóðbók. Einungis hafi verið um mánaðarskýrslur hans að ræða ásamt þeirra fylgiskjölum, sem ekki bera með sér neinn sjóðshalla.

Til skýringar tók mætti fram, sbr. skýrslu sína, að á mánaðarreikningi fyrir ágúst 1974 tvífærir ákærði kr. 1.000.000, sem áður var fært honum til tekna í júlímánuði s. á. Samt sem áður stemmir mánaðarreikningurinn. Mætti sagði, að af hálfu Pósts og

síma hefði ekki komið fram athugasemd varðandi þetta atriði fyrr en við könnunina í september 1975. Mætti sagði, að það væri augljóst, að ákærði hafi ávallt látið sjóðinn stemma mánaðarlega, hvort sem það var honum í óhag eða ekki. Mætti taldi þá skýringu sennilegasta, að ákærði hefði raunverulega ekki gert sér grein fyrir því, hvaða verðmæti hann hafði undir höndum, og alls ekki valdið starfi sínu. Sem dæmi mætti nefna, að ákærði gerði mjög lítið af því að færa þær athugasemdir, sem bárust, inn á viðkomandi mánaðarreikninga. Mætti taldi, að eftirlit af hálfu Pósts og síma hefði verið mjög seinvirkt, eins og sjá megi af því, að endurskoðun þeirra fari ekki fram fyrr en tæpum tveimur árum eftir að fram koma verulegar misfærslur hjá ákærða, þegar hann sendi Pósti og síma í Reykjavík kr. 200.000 í nóvember 1973 og kr. 300.000 í desember 1973, en færði ekki í mánaðarreikninga. Mætti sagði það sem sína persónulegu skoðun, að þá þegar hefði átt að hefjast handa við könnun á rekstri stöðvarinnar. Að gefnu tilefni frá réttargæslumanni ákærða sagði mætti, að hann hefði ekki tekið saman, hver væri heildarvelta símagjalda, slíkt væri fljótlegt að kanna eftir mánaðarreikningum. Aðspurður um það, hver væri stærsti þátturinn í peningalegu tilliti í rekstri stöðvarinnar, sagðist mætti ekki geta svarað því nú, en óskaði eftir fresti til athugunar á því sérstaklega, og mundi hann senda dóminum skriflegt svar við því.

Sama dag kom ákærði enn á ný fyrir dóminn. Í upphafi var honum gerð grein fyrir niðurstöðu endurskoðunar Ragnars Á. Magnússonar. Aðspurður kvaðst ákærði ekki enn gera sér grein fyrir því, hvernig sjóðsvöntunin hafi til komið. Ákærði var spurður um það, hvernig það mætti vera, að sjóðurinn hefði ávallt stemmt, þrátt fyrir að peningasendingar, sem áttu sér stað, t. d. í nóvember og desember 1973, væru ekki færðar í mánaðarreikninga, sömuleiðis hafi tvífærsla á peningasendingu til Pósts og síma, kr. 1.000.000, í ágúst 1974 ekki haft áhrif á sjóðsstöðuna. Ákærði svaraði því til, að við uppgjör á mánaðarreikningi hverju sinni hefði hann talið í sjóði, en hins vegar hafi hann ekki talið ógreidda símareikninga um hver mánaðamót, það hafi verið óhemju vinna að leggja saman óborgaða símareikninga kringum mánaðamót, þegar mest var að gera á stöðinni. Ákærði kvaðst því hafa fært upp án talningar upphæð í ógreidda símareikninga á mánaðarreikningi, sem nægði til, að jöfnuður fengist, og þess vegna hafi reikningarnir stemmt.

Ákærði kvaðst hafa talið hjá sér um áramót 1974—1975 og þá kannað útistandandi símareikninga og hafi þá komið fram um 5—600 þús. króna halli. Ákærði kvaðst ekki hafa kannað, í hverju þessi halli væri fólginn, eða látið vita um þetta hjá Pósti og síma. Ákærði kvaðst eftir sem áður hafa gert mánaðarreikningana þannig, að þeir stemmdu, með því að hækka útistandandi símareikninga, svo jöfnuður fengist. Ákærði sagði, að svipaður sjóðshalli hefði komið fram hjá sér við talningu í júní 1975, svo sem ákærði greindi frá í réttarhaldi þann 4. nóvember 1975. Ákærði sagði, að þegar hann hefði byrjað sem stöðvarstjóri á Hvolsvelli, hafi geymslu verðmæta, er tilheyrðu rekstri stöðvarinnar, verið mjög ábótavant. Peningar voru að vísu geymdir í læstum peningaskáp, en símareikningar voru geymdir í opnum tréhirslum eða hólfum og hafi svo verið reyndar allan tímann. Hins vegar hafi póstafgreiðslu ekki verið lokað af frá símstöðinni fyrr en á árinu 1974, en fram til þess tíma hafi allir, sem áttu erindi á símstöðina fram til kl. 2100 á kvöldin, getað gengið um pósthúsið að vild. Ákærði sagði, að í nokkrum tilvikum hefði hann sent aðiljum kvittaða ógreidda reikninga, en fengið greiðslu senda um hæl. Ákærði kvaðst ekki telja, að vanskil hefðu orðið af þessum sökum.

Ákærði sagði, að í einu tilfelli hefði hann sent símareikninga sem kröfulýsingu, í gjaldþrotabú Hagkjörs á Hvolsvelli á sínum tíma. Þessa reikninga, sem voru að fjárhæð ca kr. 40.000, kvaðst ákærði ekki hafa fengið afhenta aftur frá skiptaráðanda. Ákærði sagði, að í þeim tilvikum, sem til sín hefðu verið sendir símareikningar, sem áttu að fara í aðra staði, hafi hann endursent Pósti og síma í Reykjavík sérstaklega í bréfi, en ekki látið þá fylgja mánaðarreikningunum. Ákærði kvaðst þó hafa dregið þessar fjárhæðir frá innkomnum tekjum.

Í viðbótarskýrslu Ragnars Á. Magnússonar, dagsettri 14. september 1976, segir svo: „Í framhaldi af endurskoðunarskýrslu minni frá 10. júlí 1976 svo og réttarhaldi í sakadómi Rangárvallasýslu þann 9. þ. m. vegna ætlaðs fjárdráttarbrots Jóns Stefánssonar, fyrrum stöðvarstjóra á Hvolsvelli, leyfi ég mér að upplýsa eftirfarandi:

1. Skrá yfir tekju- og gjaldaliði Pósts og síma á Hvolsvelli fyrir tímabilið 1. júní 1973 til 30. september 1975 fylgir hér með. Skráin er gerð af endurskoðunardeild Pósts og síma í Reykjavík skv. minni beiðni.

2. Í mánaðarreikningi fyrir júnímánuð 1974 eru endursendir

símareikningar frá stöðvarstjóranum á Hvolsvelli færðir til gjalda, sbr. skrá yfir endursenda reikninga og reikninga til innheimtu nr. 11 með kr. 44.664,-. Upphæðin sundurliðast þannig:

Vegna Hagkjörs s/f, Hvolsvelli	kr. 36.010,-
Vegna Magnúsar Sigurjónssonar, Bakkavelli, Hvolhreppi	— 8.654,-
Alls	kr. 44.664,-

3. Með vísun til réttarhalds í sakadómi Rangárvallasýslu, sem fram fór 4. nóvember 1975, þar sem Jón Stefánsson telur, að „einn hættulegasti skekkjuvaldurinn sé í sambandi við innheimtu afnotagjalda og fyrir umframsímtöl", leyfi ég mér að taka fram:

Eftir að hafa kynnt mér þetta atriði sérstaklega, tel ég útilokað, að hér geti verið um skekkjuvald að ræða, svo nokkru nemi. Innheimtuskrárnar eru í tvíriti, og hefur endurskoðun Pósts og síma í Reykjavík annað eintakið. Eftir að stöðvarstjórinn á Hvolsvelli hefur yfirfarið skrárnar og gert sínar athugasemdir við þær, fer endurskoðun Pósts og síma í Reykjavík yfir þær og ber saman við hinar leiðréttu skrár stöðvarstjórans. Stöðvarstjórinn tekjufærir ekki hjá sér skrárnar fyrr en eftir að hafa gert sínar athugasemdir við þær.

Skár þessar eru allar til staðar hjá endurskoðun Pósts og síma í Reykjavík. Komi hins vegar fram, að reikningar innheimtist ekki eða eigi að innhemtast annars staðar, endursendir stöðvarstjórinn á Hvolsvelli þá til Pósts og síma í Reykjavík. Eru þeir þá til baka færðir skv. sérstökum bréfum, sbr. það, sem frá er greint hér að framan, liður 2."

Ákærða var kynnt viðbótarskýrsla endurskoðandans fyrir dómi hinn 8. október 1976.

Hann hafði þá ekki fram að færa neinar athugasemdir. Aðspurður kvaðst ákærði engu hafa við fyrri framburð sinn að bæta fyrir dóminum varðandi sakargiftir og málavexti.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 20. október 1976, var krafist nánari rannsóknar og frekari gagnaöflunar í málinu.

Af því tilefni var m. a. aflað upplýsinga hjá póst- og símamálastjórn um starfsferil ákærða hjá Pósti og síma, ráðningar

og/eða skipanir, svo og varðandi frávikningu úr starfi 24. september og að fullu 10. október 1975.

Í bréfi póst- og símamálastjórnarinnar, dagsettu 7. desember 1976, kemur eftirfarandi fram um starfsferil ákærða m. a.:

1. Viðgerðarstörf á ritsímaverkstæði Pósts og síma 1. október 1954 — 11. október 1959.

2. Verkleg þjálfun og viðhaldsstörf hjá fjarskiptamiðstöðinni Gufunesi 12. október 1959 — 31 júlí 1966.

3. Stöðvarstjóri Pósts og síma, Hvolsvelli, 1. ágúst 1966 — 10. október 1975.

Í bréfi þessu og fylgiskjölum þess kemur og fram, að þann 6. desember 1973 hafi ákærði fengið áminningarbréf vegna vanrækslu við tilkynningar um og innheimtu gjalda af símabúnaði. Enn fremur að honum hafi verið veitt lausn frá störfum um stundarsakir hinn 24. september 1975, þar sem í ljós hafi komið veruleg sjóðsvöntun við bókhaldsgögn stöðvarinnar við uppgjör á stöðinni á Hvolsvelli dagana 15.—17. sept. 1975. Þá kemur einnig fram, að ákærða var vikið úr stöðu að fullu frá og með 10. október 1975 vegna þess, að hann tók við tveimur ávísunum, dags. 25. sept. og 26. sept. 1975, eftir að honum hafði verið veitt lausn frá störfum um stundarsakir, en ávísanir þessar voru út gefnar á símstöðina Hvolsvelli til greiðslu á símareikningum, framseldi þær síðan með stimpli stöðvarinnar og lagði inn á eigin reikning hinn 30. september 1975.

Áframhaldandi rannsókn málsins, þ. m. t. athugun á skattframtölum ákærða á því tímabili, er mál þetta tekur til, leiddi ekkert nýtt í ljós.

Ákærði, Jón Ellert Stefánsson, kom enn fyrir dóminn hinn 17. maí 1977.

Aðspurður um sakaratriði málsins kvaðst ákærði ekkert frekar geta upplýst þar um en hann hefði áður skýrt frá fyrir dóminum við rannsókn málsins.

Í réttarhaldi þessu var ákærða rækilega kynnt fyrri skýrslan frá endurskoðun Pósts og síma, dags. 7. október 1975, ásamt fylgiskjölum og undir hann bornir sérstaklega einstakir liðir uppgjörsins, og hafði hann engar athugasemdir fram að færa. Ákærði gat þess reyndar, að hann hefði á sínum tíma yfirfarið skýrsluna ásamt endurskoðanda Pósts og síma og ekki getað fundið neitt athugavert.

Á sama hátt var viðbótarskýrsla endurskoðunardeildar Pósts

og síma kynnt ákærða og borin undir hann, og hreyfði hann ekki efnislegum athugasemdum.

Aðspurður út í æviferil sinn sagði ákærði, að hann væri fæddur í Reykjavík 30. nóvember 1934. Ákærði kvaðst hafa búið á heimili foreldra sinna í Reykjavík, allt þar til hann kvæntist Elísabetu Ólafsdóttur árið 1956. Ákærði kvaðst hafa lokið gagnfræðastigi landsprófs á Laugarvatni árið 1951. Ákærði kvaðst hafa byrjað störf sem lausráðinn starfsmaður hjá Pósti og síma 1952 og kvaðst hafa verið fastráðinn frá og með 1. október 1954.

Aðspurður upplýsti ákærði, að síðan hann lét af starfi stöðvarstjóra Pósts og síma, Hvolsvelli, hafi hann unnið á nokkrum stöðum, fyrst á togurum, síðan í Sigöldu, og sl. vetur var ákærði 2. vélstjóri á báti frá Þorlákshöfn.

Við þingfestingu málsins fyrir sakadómi Rangárvallasýslu hinn 10. september 1977 lýsti ákærði því yfir, að hann væri reiðubúinn að standa full skil á bótakröfu Pósts og síma í máli þessu, kr. 2.108.344, ásamt vöxtum.

Hinn 11. nóvember 1977 kom fyrir dóm sem vitni Elísabet Ólafsdóttir, eiginkona ákærða.

Hún gaf skýrslu fyrir dóminum að gættum ákvæðum 89. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Vitnið skýrði frá því, að það væri starfsmaður Pósts og síma, Hvolsvelli, og hafi verið allt frá árinu 1972 eða 1973 og til þessa dags. Vitnið kvaðst fljótlega hafa farið að vinna á stöðinni og hjálpa þar til, eftir að eiginmaður þess tók við starfi stöðvarstjóra á sínum tíma.

Vitnið kvaðst hafa verið ráðið þar í hálft starf árið 1972 eða 1973, en fullt starf um það bil mánuði eftir að eiginmaður vitnisins lét af starfi.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa unnið við almenna afgreiðslu á póstinum allt starfstímabili sitt, en ekkert unnið á símanum. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa skipt sér neitt af uppgjöri vegna stöðvarinnar á þeim tíma, sem ákærði var stöðvarstjóri.

Aðspurt um það, hvort vitnið gæti á einhvern hátt skýrt þá sjóðsvöntun, sem fram hefði komið á stöðinni, svaraði vitnið því til, að það vissi ekkert þar um.

Um gang máls þessa.

Kæra póst- og símamálastjórnarinnar vegna málsins er dagsett 10. október 1975, og þann dag hófst frumrannsókn málsins

fyrir sakadómi Rangárvallasýslu. Rannsókn var síðan háð dagana 13., 14. og 30. október og 4. nóvember þ. á.

Hinn 18. nóvember þ. á. var Ragnar Á. Magnússon, löggiltur endurskoðandi, skipaður til þess að endurskoða og rannsaka bókhald símstöðvarinnar á Hvolsvelli, og var endurskoðun hans lokið hinn 10. júlí 1976. Rannsókn var háð í málinu hinn 9. september og 8. október 1976. Var málið síðan sent ríkissaksóknara til umsagnar með bréfi, dagsettu 8. október 1976, en ríkissaksóknari endursendi málið með bréfi, dagsettu 20. sama mánaðar, með kröfu um, að málið sætti nánari rannsókn og frekari gagnaöflun.

Réttarrannsókn var háð í málinu hinn 17. maí 1977, og var málið endursent ríkissaksóknara með bréfi, dags. 9. júní, og gaf hann út í því ákæru 9. ágúst 1977.

Málið var þingfest 10. september sl., og var eftir það enn háð rannsókn í því hinn 11. nóvember sl., en þann dag fór og fram munnlegur flutningur málsins og dómtaka þess.

Niðurstaða.

Ekki liggur fyrir ótvíræð játning ákærða um fjárdrátt úr sjóði símstöðvarinnar á Hvolsvelli. Hins vegar hefur hann viðurkennt, að sér hafi verið ljóst, að um sjóðsvöntun var að ræða þegar um áramótin 1974—1975.

Þá hefur ákærði játað að hafa rangfært mánaðarlegar skilagreinar sínar til Pósts og síma mánuðum saman og þannig í raun leynt sjóðsvöntuninni, eins og hún var á hverjum tíma.

Þá hefur ákærði orðið uppvís að því með notkun sinni á hlaupareikningi nr. 90 við Búnaðarbanka Íslands, Hellu, að hafa blandað saman persónulegum fjárreiðum sínum og fé Pósts og síma, enda þótt honum hafi borið að halda peningum stöðvarinnar aðgreindum frá eigin fé.

Ákærði hefur ekki vefengt þær niðurstöður, sem ítarleg bókhaldsendurskoðun hefur leitt í ljós, og ekki hefur hann gefið neina haldbæra skýringu á tilurð sjóðsvöntunarinnar.

Þá hefur komið í ljós, að bókhaldsmeðferð ákærða var óreiðukennd, og m. a. færði hann ekki sjóðdagbók.

Ákærði var opinber starfsmaður.

Þegar sakargögn öll eru virt og metin, verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerst brotlegur gegn 247. gr., sbr.

138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á brot það, sem hér um ræðir, en við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði hefur ekki að neinu leyti greitt tjón af broti sínu. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Af hálfu Pósts og síma hefur komið fram bótakrafa þess efnis, að ákærða verði gert að greiða sjóðshalla póst- og símstöðvarinnar á Hvolsvelli, sem fram kom við uppgjör 24. september 1975, með síðari athugasemdum, að fjárhæð kr. 2.108.344 auk vaxta.

Ákærði hefur viðurkennt kröfuna, og verður hún tekin til greina, en rétt þykir, að til frádráttar komi innstæða í sparisjóðsbók nr. 1595 við Landsbanka Íslands, Hvolsvelli, að höfuðstól kr. 59.424.

Ber því að dæma ákærða til að greiða Pósti og síma skaðabætur að fjárhæð kr. 2.048.920 með 13% ársvöxtum frá 24. september 1975 til greiðsludags. Póstur og sími hefur einnig gert kröfu um greiðslu ógreiddra símareikninga úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 65.264.

Sú krafa er máli þessu óviðkomandi, og ber því að vísa henni frá dómi. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.

Uppsaga dóms þessa hefur nokkuð dregist vegna mikilla embættisanna dómarans um þessar mundir.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ellert Stefánsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði Pósti og síma í skaðabætur kr. 2.048.920 með 13% ársvöxtum frá 24. september 1975 til greiðsludags.

Kröfu Pósts og síma að fjárhæð kr. 65.264 er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknaralaun í ríkissjóð, kr. 60.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. maí 1979.

Nr. 158/1978. **Stefán Sigurðsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Ásmundi S. Jóhannssyni og
(Hákon Árnason hrl.)
Herði Jónssyni
(enginn).

Fjárnámsgerð og uppboð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Armann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1978. Krefst hann þess, að felld verði úr gildi hin áfrýjaða fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 16. ágúst 1978, svo og hið áfrýjaða nauðungaruppboð, sem fram fór í uppboðsrétti Reykjavíkur 9. september 1978 á grundvelli greindrar fjárnámsgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti sér til handa.

Stefndi Ásmundur krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð og nauðungaruppboð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hörður hefur ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af hans hendi.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 1. nóvember 1976 í máli, sem Útvegsbanki Íslands höfðaði til heimtu skuldar samkvæmt víxli að fjárhæð 300.000 krónur, voru útgefandi víxilsins, Jón Steinn Elíasson, Hrísalundi 4 D á Akureyri, og víxilsamþykkjandinn, áfrýjandi máls þessa, dæmdir til þess óskipt að greiða sækjanda bæjarþingsmálsins víxilskuldina auk dráttarvaxta, afsagnarkostnaðar og málskostnaðar. Á endurrit af dóminum, sem frammi liggur í málinu í ljósriti, hefur hinn 15. júní 1978 verið rituð svofelld yfirlýsing Útvegsbankans:

„Dómkrafan er í dag að fullu greidd af Jóni Steini Elíassyni þannig:

Höfuðstóll	kr. 300.000,00
Dráttarvextir	— 132.000,00
Afsögn	— 1.900,00
Málskostnaður	— 43.900,00
Fjárnámskostnaður	— 28.100,00
	kr. 505.900,00

sem hér með kvittast fyrir og framselst hér með hr. Ásmundi Jóhannssyni hdl., Akureyri, án ábyrgðar af hálfu bankans.“

Samkvæmt áritun á hið framlagða dómsendurrit birtu stefnuvottar áfrýjanda dóminn hinn 22. júní 1978. Að svo búnu beiddist stefndi Ásmundur hinn 26. júlí 1978 fjárnáms hjá áfrýjanda samkvæmt dóminum sem framsalshafi dómkröfunnar. Fjárnám samkvæmt þeirri beiðni fór fram á heimili áfrýjanda að Brautarholti 22 hinn 16. ágúst. Var þá fjárnámi tekin bifreiðin R 8737, af gerðinni Datsun, árgerð 1974. Beiddist stefndi Ásmundur því næst hinn 24. ágúst uppboðs á hinni fjárnumdu bifreið. Var bifreiðin að kröfu hans seld á nauðungaruppboði 9. september 1978. Varð stefndi Hörður uppboðskaupandi bifreiðarinnar og kaupverð 1.200.000 krónur. Ekki var áfrýjandi viðstaddur, er nauðungaruppboð fór fram, en hann var þá erlendis.

Áfrýjandi færir fram þau rök fyrir dómkröfum sínum fyrir Hæstarétti, að aðfarargrundvöllur hafi verið fallinn niður, þegar fjárnámið fór fram, þar sem samskuldari hans hafi þá verið búinn að greiða dómskuldina, svo sem sýnt sé af kvittun þeirri, sem Útvegsbanki Íslands hafi ritað á dómsendurritið. Þá verði ekki séð af dómsgerðum, að reynt hafi verið að tilkynna sér um fjárnámsgerðina, og hafi hann enga slíka tilkynningu fengið. Loks bendir áfrýjandi á, að samkvæmt niðurlagsákvæði 6. gr. laga nr. 57/1949 hafi uppboðshaldara borið að tilkynna sér um uppboðsbeiðni, en ekki verði séð, að uppboðshaldari hafi rækt þá skyldu.

Jafnframt framansögðu hefur áfrýjandi skírskotað til

þess, að hann hafi verið erlendis 20. ágúst til 10. september 1978. Sér hafi því verið ókunnugt um framgang hins áfrýjaða fjárnáms og nauðungaruppboðs og eigi getað gætt réttar síns nema með áfrýjun.

Stefndi Ásmundur rökstyður kröfu sína um staðfestingu hinna áfrýjuðu réttargerða á þann veg, að dómþolinn Jón Steinn Elíasson hafi gegnt erindi sínu, stefnda Ásmundar, er hann greiddi umrædda dómskuld til Útvegsbanka Íslands, en bankinn hafi framselt sér dómkröfuna að svo búnu. Sér hafi því verið heimilt sem framsalshafa að leita fullnustu á dóminum hjá áfrýjanda með fjárnámi og eftirfarandi nauðungaruppboði.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afrit af bréfi borgarfógetaembættisins í Reykjavík, dags. 17. ágúst 1978, en með því er áfrýjanda tilkynnt um fjárnám í bifreið hans, R 8737. Enn fremur yfirlýsing Jónasar Gústavssonar, aðalfulltrúa yfirborgarfógeta, dags. 18. maí 1979, þess efnis, að áfrýjanda hafi verið tilkynnt á tíðkanlegan hátt í almennu bréfi um nauðungaruppboð á bifreiðinni, áður en það fór fram.

Samkvæmt niðurlagi áðurgreindrar yfirlýsingar Útvegsbanka Íslands framseldi hann stefnda Ásmundi kröfur þær, sem hann átti samkvæmt dómi óskipt á hendur þeim Jóni Steini Elíassyni og áfrýjanda máls þessa. Hinn fyrrnefndi hafði þó þá þegar greitt bankanum dómskuldina að fullu ásamt vöxtum og kostnaði að því er segir í sömu yfirlýsingu bankans. Það leiddi þá til þess, ef rétt var, að krafa bankans á hendur báðum dómþolum var þar með niður fallin. Stefndi Ásmundur hefur að vísu staðhæft, að framangreint fé hafi Jón Steinn goldið Útvegsbankanum í sínu nafni sem framsalshafa dómkröfunnar, en ekki í eigin nafni sem dómþoli. Þessa staðhæfingu hefur stefndi Ásmundur þó hvorki stutt með vætti Jóns Steins Elíassonar, vætti starfsmanna bankans, sem hlut áttu að máli, né öðrum gögnum. Samkvæmt því og þegar litið er til orðalagsins í upphafi yfirlýsingarinnar sjálfrar, verður framangreind staðhæfing ekki talin nægilega sönnuð. Verður samkvæmt þessu ekki talið, að framangreindur dómur hafi verið lögmætur grundvöllur

fyrir fjárnámi því, sem gert var í bifreið áfrýjanda. Ber því að fella fjárnámsgerðina úr gildi.

Þar sem hið áfrýjaða nauðungaruppboð fór fram samkvæmt ógildri uppboðsheimild, svo sem sagt var, ber einnig að fella uppboðið úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn verður 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð og nauðungaruppboð eru úr gildi felld.

Stefndu, Ásmundur S. Jóhannsson og Hörður Jónsson, greiði áfrýjanda, Stefáni Sigurðssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 16. ágúst 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 16. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Brautarholti 22, 2. hæð, nr. 3, og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A — 1550/1978: Ásmundur S. Jóhannsson héraðsdómslögmaður gegn Stefáni Sigurðssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 2176/1978 ásamt framsali.

Gerðarbeiðandi mætir og krefst fjárnáms fyrir kr. 300.000, kr. 132.000 vöxtum og 2% mánaðarvöxtum frá 15. júní 1978 af kr. 300.000 til greiðsludags, kr. 28.100 í fyrri fjárnámskostnað, kr. 1.900 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 1.900 í afsagnarkostnað, kr. 43.900 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 5.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Magngeir Jónsson, sem býr/starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 8737, Datsun, árgerð 1974.

Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið með ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 9. september 1978.

Ár 1978, laugardaginn 9. september, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur að Stórhöfða 3 (Vökuportinu) og haldinn af aðalfulltrúa Jónasi Gústavssyni ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að selja á nauðungaruppboði bifreiðar og vinnuvélar eftir kröfu tollstjórans í Reykjavík, Gjaldheimtunnar, bæjarfógetans í Kópavogi, lögmanna, banka og stofnana.

Fram er lagt í réttinum beiðnir um uppboð, þingmerktar nr. 1—82 incl.

Nr. 1—3.

Fylgja með í ljósriti.

Uppboðið var auglýst í dagblaðinu Vísi svo og í Morgunblaðinu. Mættir eru . . ., fyrir Ásmund Jóhannsson héraðsdómslögmann er mættur Jónsteinn Elíasson . . .

Lesnir uppboðsskilmálar.

Uppboðið fór þannig.

Nr. 1, R 8737, talin eign Stefáns Sigurðssonar, Brautarholti 22, seldur eftir kröfu Ásmundar Jóhannssonar héraðsdómslögmanns.

Seldur fyrir kr. 1.200.000. Greitt.

Kaupandi: Hörður Jónsson, Birkigrund 54, Kópavogi, nafnnr. 4473-9844.

Þá var fleira ekki selt.

Uppboðinu lokið.

Rétti slitið.

Miðvikudaginn 30. maí 1979.

Nr. 213/1978. **Jón Ragnarsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Landsmóti hestamanna 1978
og gagnsök
(Haukur Jónsson hrl.).

Áskorunarmál. Víxilmál. Geymslugreiðsla. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. desember 1978. Krefst hann sýknu að svo stöddu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og niðurfellingar á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð frá 30. nóvember 1978. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1978. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur ekki hreyft neinum athugasemdum við aðild gagnáfrýjanda. Ekki er heldur á því byggt af hans hálfu, að neinir þeir gallar séu á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, að ómerkingu eigi að valda.

Á víxil þann, sem í málinu greinir, er ritað orðið tryggingarvíxill. Víxillinn verður þó ekki af þeirri ástæðu metinn ógildur vegna ákvæða 1. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Aðaláfrýjandi lagði fjárhæð, sem svarar til höfuðstóls framangreinds víxils inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands 3. ágúst 1978. Var bankanum heimilað að afhenda handhafa víxilsins geymsluféð, ef hann sannaði með „órækum gögnum, hver meðalfjöldi gesta var á landsmóti hestamanna á Þingvöllum dagana 12., 13., 14., 15. og 16. júlí 1978,

enda gerist þá tryggingarvíxillinn upp í samræmi við samning forsvarsm. landsm. hestamanna 1978 og Jóns Ó. Ragnarss., dags. 19. júní 1978, og að fengnu samþykki Jóns Ó. Ragnarssonar". Skilyrði þessi eru slík, að innborgunin á geymslureikninginn verður ekki talin fullnægjandi greiðsla á framangreindum víxli.

Af hálfu aðaláfrýjanda var sú málsástæða höfð uppi fyrir Hæstarétti, að aðaláfrýjandi bæri eingöngu ábyrgð á fyrrnefndum víxli sem útgefandi hans og ábekingur. Afsögn víxilsins væri hins vegar slíkum annmörkum háð, að hún væri ógild. Væri víxilréttur gagnvart honum því niður fallinn. Samþykkjandi víxilsins er „Hótel Valhöll. Jón Ragnarsson". Við málflutning kom fram, að Hótel Valhöll er ekki skrásett firma. Með nafnritun sinni undir orðið „Samþykkur" á framhlið víxilsins varð aðaláfrýjandi persónulega samþykkjandi hans og skuldbatt sig til að greiða hann í eindaga. Skiptir þá ekki máli, þótt einhverjir annmarkar kunni að vera á afsögn víxilsins.

Að svo vöxnu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til að öðru leyti en um málskostnað, en aðaláfrýjandi hefur ekki andmælt afsagnar- og bankakostnaði sérstaklega.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 krónur samtals.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en málskostnað varðar.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Jón Ragnarsson, greiði gagnáfrýjanda, Landsmóti hestamanna 1978, samtals 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1978.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. október 1978, hefur Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Landsmóts hestamanna 1978 höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fimmtudaginn 17. ágúst 1978, á hendur Jóni Ragnarssyni veitingamanni, Hlyngerði 12, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.000.000 — tvær milljónir — auk 3% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 20. júlí 1978 til greiðsludags, kr. 4.800 í stimpilkostnað og kr. 3.630 í afsagnar- og bankakostnað og til greiðslu málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkv. víxli að fjárhæð kr. 2.000.000, útgefnum hinn 20. júní 1978 af stefnda, Jóni Ragnarssyni, en samþykktum til greiðslu hinn 20. júlí 1978 þannig: „Hótel Valhöll/Jón Ragnarsson". Greiðslustaður víxilsins hafi verið í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Mosfellssveit. Útgefandi hafi framselt víxilinn eyðuframsali til Landsmóts hestamanna 1978, sem eigi víxilinn. Víxillinn hafi verið afsagður vegna greiðslufalls og hafi hann ekki fengist greiddur. Hótel Valhöll sé ekki skráð firma og beri stefndi Jón því sjálfur ábyrgð á þeirri nafnritun.

III.

Stefndi, Jón Ragnarsson, hefur krafist sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar með sérstöku tilliti til þess, að hér sé um óþarfa málaþrætu að ræða.

IV.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína þannig, að með samningi, dags. 19. júní 1978, hafi stefndi, Jón Ragnarsson, f. h. Hótels Valhallar tekið að sér að sjá um veitingar á Landsmóti hestamanna 1978, sem haldið hafi verið á Skógarhólum í Þingvallasveit sumarið 1978. Fyrir þessa aðstöðu skyldi Jón greiða ákveðna upphæð, mismunandi eftir því, hver aðsókn yrði. Til tryggingar þessari greiðslu hafi Hótel Valhöll samþykkt víxil að fjárhæð kr. 2.000.000, sem Jón Ragnarsson hafi gerst útgefandi að persónulega, en Jón sé framkvæmdastjóri veitingasalans. Hafi víxill þessi verið áritaður sem tryggingarvíxill til tryggingar viðskipt-

um þessum, en fjárhæð víxilsins hafi verið sú hæsta, sem hefði getað komið til greiðslu af hálfu Jóns vegna fyrrnefndrar veitingaaðstöðu. Af þessu sé ljóst, að stefndi eigi skýlausan rétt til þess að fá það uppgefið hjá stefnanda, svo að ekki verði vefengt, hver raunverulegur fjöldi mótsgesta hafi verið á Landsmóti hestamanna 1978, þá daga, sem mótið stóð, þar sem með öðrum hætti sé ekki unnt að staðreyna, hve háa upphæð af tryggingarvíxlinum stefnda beri að greiða. Allar tilraunir stefnda til þess að fá upplýsingar um þessi atriði hafi reynst árangurslausar og hafi stefndi fyrir þá sök deponerað í Landsbanka Íslands víxilupphæðinni, en það hafi verið sú hámarksupphæð, sem samningur stefnanda og stefnda hafi gert ráð fyrir, að stefnda bæri að greiða stefnanda fyrir umrædda veitingaaðstöðu. Með deponeringu þessari hafi stefndi þannig bæði sýnt greiðslugetu og greiðsluvilja, en hann fullyrði, að því fari víðs fjarri, að meðaltal mótsgesta miðað við dagafjölda hafi náð tólf þúsund gestum, sem hafi verið skilyrði þess, að honum bæri að greiða alla víxilfjárhæðina. Loks taldi stefndi, að áritunin „Tryggingarvíxill" á víxilinn leiði til þess, að unnt sé að koma vörnum að í máli þessu að því er varði lögskipti aðilja, sbr. 19. gr. laga 93/1933, víxillaga.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

V.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 14. september 1978.

Hinn 2. október sl. reit lögmaður stefnda rannsóknarlögreglu ríkisins bréf, þar sem hann óskaði þess, að fram færi opinber rannsókn á lögskiptum stefnanda og stefnda, þeim er að baki margumræddum víxli lægju. Í þinghaldi hinn 24. október 1978 óskaði lögmaður stefnda, að flutningi máls þessa yrði frestað, þar til fyrir lægju niðurstöður rannsóknar þessarar. Með úrskurði bæjarþingsins, uppkveðnum þann sama dag, var frestbeiðni lögmanns stefnda synjað, þar sem fram hefði komið ósk um rannsókn á atriðum, er varðaði lögskiptin að baki víxlinum, en þar væri um að ræða atriði, sem ekki kæmust að sem vörn í víxilmáli. Var málið síðan boðað til flutnings hinn 30. október sl., flutt þann dag og dómtekið að flutningi loknum.

VI.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 til greiðslu eins víxils, sem stefnandi hefur lagt fram

í málinu með formlega löglegri heimild sér til handa. Fullnægir víxill þessi í hvívetna formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933.

Stefndi byggir sýknuástæður sínar á því, að víxill sá, sem málshöfðun þessi sé sprottin af, hafi Jón Ragnarsson samþykkt til tryggingar skilvísum greiðslum af sinni hálfu vegna aðstöðu, sem hann hafi fengið til veitingasölu hjá stefnanda á Skógarhólum í Þingvallasveit, er Landsmót hestamanna var þar haldið sl. sumar. Telur hann, að víxilfjárhæðin, kr. 2.000.000, hafi verið sú hæsta, sem stefndi hefði getað orðið að borga fyrir aðstöðu þessa, en víxill þessi hafi átt að gerast upp að tiltölu við fjölda mótsgesta, en því fari víðs fjarri, að fjöldi mótsgesta hafi verið 12 þúsund, en það hafi verið skilyrði þess, að stefndi þyrfti að greiða alla víxilfjárhæðina. Segir hann allar tilraunir af sinni hálfu til þess að fá uppgefið, hver mótsgestafjöldinn hafi raunverulega verið, hafi mistekist. Fyrr en óyggjandi tölur um mótsgestafjöldann liggi fyrir, beri sér ekki að greiða víxilfjárhæðina, hvorki hana alla né hluta hennar. Þá telur stefndi og, að áritunin „Tryggingarvíxill" leiði til þess, að unnt sé að koma að vörnum í máli þessu að því er varði lögskipti aðilja, sbr. 19. gr. laga 93/1933.

Víxlar eru formskjöl. Sérreglur er að finna í 17. kafla laga 85/1936 um víxilmál. Aðalafbrigðin frá venjulegum réttarfarsreglum, sem um víxilmál gilda, eru m. a. fólgin í því, að réttur varnaraðilja til þess að bera fram varnir um efni máls eru verulega takmarkaðar. Í 208. gr. laga nr. 85/1936 eru upp taldar þær varnarástæður, sem unnt er að bera fram í víxilmáli. Réttarfarshagræði þau, sem víxilhafa eru veitt með þessu, miða að því að gera víxilmálin sem einföldust og óbrotnust og gera með því málssóknina greiðari fyrir sækjandann. Með reglum þessum er girt fyrir það, að viðskipti þau, sem á bak við víxilinn liggja, verði dregin inn í víxilmálið, og er með því tryggt gildi víxilskuldar sem formskuldar. Sú varnarástæða stefnda í máli þessu, að honum beri ekki að greiða víxil þann, sem málssókn þessi er sprottin af, fyrr en viðskipti stefnanda og stefnda liggi ljós fyrir, getur því samkvæmt framansögðu ekki komið til álita við úrlausn máls þessa, þar sem um er að ræða málsástæðu, sem ekki kemst að sem vörn í víxilmáli.

Loks telur stefndi, að áritunin „Tryggingarvíxill" leiði til þess, að unnt sé að koma vörnum að í máli þessu, er varði lögskipti aðilja málsins, sbr. 19. gr. laga nr. 93/1933. Eigi verður á það fallist með stefnda í máli þessu, að unnt sé að koma að

efnisvörnum í máli þessu með vísan til fyrrnefndrar 19. gr., enda hefur stefndi engar sönnur að því leitt, að stefnandi hafi, þá er hann eignaðist víxilinn, viljað af ásettu ráði baka stefnda tjón.

Að framansögðu athuguðu ber að taka allar kröfur stefnanda á hendur stefnda í máli þessu til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 328.000.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ragnarsson, greiði stefnanda, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Landsmóts hestamanna 1978, kr. 2.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 20. júlí 1978 til greiðsludags, kr. 4.800 í stimpilkostnað, kr. 3.630 í afsagnar- og bankakostnað og kr. 328.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 30. nóvember 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 30. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Hlyngerði 12 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2403/1978: Landsmót hestamanna 1978 gegn Jóni Ragnarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Rvíkur nr. 1875/1978, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 2.000.000 með 3% mánaðarvöxtum frá 20. júlí 1978 til greiðsludags, kr. 2.600 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 8.430 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 328.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 7.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Hrafnhildur Valdimarsdóttir, sem býr/starfar hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi/löghaldi í eign/arhluta gerðarþola í húseigninni nr. 12 við Hlyngerði.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 1. júní 1979.

Nr. 87/1978. **Jörgen Hansen**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jörgen Hansen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 30.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. júní 1979.

Nr. 216/1978. **Hildigunnur Gunnarsdóttir**
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. borgarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hildigunnur Gunnarsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. júní 1979.

Nr. 100/1979. **Shell Chemicals U.K. Ltd.**
gegn
Nesplasti h/f.

Áskorunarmál. Stefna. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 14. gr. laga nr. 97/1978, skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 15. maí 1979, sem barst Hæstarétti 23. s. m. Krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins frá héraðsdómi verði úr gildi felld og lagt verði fyrir hann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta var höfðað af sóknaraðilja sem áskorunarmál með utanréttarstefnu, útgefinni 21. mars 1979, birtri 9. apríl s. á., til heimtu skuldar að fjárhæð 6.845.58 bandarískir dollarar ásamt 13% ársvöxtum af 4.297.00 dollurum frá 11. júlí 1977 til 4. janúar 1978, af 8.494.90 dollurum frá þeim degi til 2. febrúar 1979, en af 6.845.58 dollurum frá þeim degi til greiðsludags, 5.800 króna í afsagnar- og stimpilkostnað svo og málskostnaðar.

Í stefnu gerði sóknaraðili svofellda grein fyrir málavöxtum og réttarsambandi aðilja:

„Skuld þessi er skv. 2 eigin víxlum (sole bill of exchange) að fjárhæð U. S. dollars 4.297.00 og 4.197.00, báðum útgefnum af stefnda Guðmundi f. h. Nesplasts h.f. til stefnanda með gjalddögum 11. júlí 1977 og 4. janúar 1978. Víxlarnir eru með greiðslustað í Reykjavík. Báðir víxlarnir hafa verið afsagðir á heimilisfangi stefnda.

Þann 02.02 var stefndi kreditfærður af stefnanda fyrir U. S. dollars 4.539.72, en þar af gengu U. S. dollars 2.890.40 til greiðslu á víxli, sem ekki er krafinn í máli þessu. Eftir-

stöðvar kreditfærslunnar U. S. dollars 1.649.32 eru viðurkenndir sem greiðsla inn á kröfu þessa, og eru stefnukröfur í samræmi við það".

Er málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 17. apríl sl., var ekki sótt þing af hendi stefnda.

Hinn 3. maí sl. var málinu vísað frá bæjarþinginu með svofelldri áritun Þórhildar Líndal, fulltrúa yfirborgardómara, á stefnuna:

„Á framlögðum víxlum, dskj. nr. 2 og 3, er greiðslustaður þeirra einungis tilgreindur sem Reykjavík. Heimilisfang stefnda er á Neskaupstað, en samkvæmt framansögðu ber að líta svo á, að þar sé einnig greiðslustaður nefndra víxla, sbr. og 2. gr., 3. mgr., laga nr. 93 frá 1933. Heimild brestur því til að höfða mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 73. gr. laga nr. 85 frá 1936 og 82. gr., 3. mgr., sömu laga. Verður því að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður".

Við athugun á víxlum þeim, sem sóknaraðili skírskotar til í stefnu og lagðir hafa verið fram í málinu, kemur eftirfarandi í ljós:

Í báðum víxlunum segir, að greiða beri þá í Reykjavík. Er sá staður þar með út af fyrir sig nægilega tilgreindur greiðslustaður samkvæmt 5. tl. 1. gr. laga nr. 93/1933. Hins vegar er lýsing skjala þessara, sem eru grundvöllur málssóknar sóknaraðilja, að ýmsu leyti röng og ónákvæm í áskorunarstefnunni. Þannig er það ekki rétt hermt, sem þar segir, að báðir víxlarnir séu gefnir út af Guðmundi Magnússyni f. h. Nesplasts h/f, því að ekki er ritað nafn neins útgefanda á annað skjalið. Er því lýsing skjalsins að þessu leyti röng auk þess sem vöntun á nafni útgefanda veldur því, að skjalið er ekki í lögmætu víxilformi, sbr. 8. tl. 1. greinar og 1. mgr. 2. greinar laga nr. 93/1933. Varð krafa sóknaraðilja að því er skjal þetta varðar því eigi heimt sem víxilkrafa samkvæmt 1. gr. laga nr. 97/1978. Þá er það einnig rangt, sem segir í stefnunni, að um sé að ræða skuld samkvæmt eigin víxlum, þar sem bæði skjölin eru rituð sem víxlar á hendur öðrum manni, sbr. 1. gr. víxillaga, en ekki sem eigin víxlar

samkvæmt 75. gr. laganna. Loks er í stefnunni hvorki getið útgáfustaðar né útgáfudags skjalanna, nafns greiðanda né afsagnardags, svo sem rétt var, einkum þar sem um var að ræða áskorunarmál, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 97/1978.

Þar sem slíkir gallar voru á málatilbúnaði sóknaraðilja, sem að framan greinir, en varnaraðili sótti ekki þing, var héraðsdómara rétt að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1978 og 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Verður hin kærða dómsathöfn því staðfest að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn á að vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. júní 1979.

Nr. 159/1978. **Friðrik Guðmundsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Sérhúsgögnum Inga og Péturs
(Ingi Garðar Einarsson).

Áskorunarmál. Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 25. september 1978. Krefst hann þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði stefnuvotta um birtingu héraðsdómsstefnu var hún birt á heimili áfrýjanda fyrir honum sjálf-

um fimmtudag 22. júní 1978, kl. 1726, og honum afhent endurrit stefnunnar. Áfrýjandi, sem ekki sótti þing í héraði, reisir kröfur sínar á því, að hann hafi farið af landi burt kl. 1400 þann dag. Hafi sér eigi borist endurrit stefnunnar, fyrr en hann kom heim eftir þriggja vikna ferðalag, en þá kveðst hann hafa fundið endurritið í póstkassa sínum. Hafi hann því eigi mátt sækja þing í málinu, en það var dómtekið 29. júní 1978 og dómur upp kveðinn 1. ágúst s. á.

Fyrir Hæstarétt voru af hálfu áfrýjanda lögð fram tvö vottorð frá starfsmönnum Ferðaskrifstofunnar Útsýnar í Reykjavík. Samkvæmt fyrra vottorðinu, dags. 22. sept. 1978, fór áfrýjandi á vegum ferðaskrifstofunnar í ferð til Ítalíu 22. júní 1978, og hóf flugvélin sig til flugs kl. 1400. Í síðara vottorðinu, dags. 27. sept. s. á., segir, að áfrýjandi hafi dvalist á vegum framangreindrar ferðaskrifstofu á Ítalíu í 3 vikur og hafi hann komið þangað „síðla dags hinn 22. júní 1978".

Stefndi Ingi Garðar Einarsson flutti málið fyrir hið stefnda fyrirtæki. Hann er ólöglærður, og var honum leiðbeint af hálfu dómsins. Kvaðst hann í málflutningi sínum hafa gengið úr skugga um, að vottorð þessi væru rétt að efni til. Að svo vöxnu þykir áfrýjandi hafa sýnt fram á, að birtingarvottorð stefnuvotta sé eigi rétt að efni til, sbr. 2. málsgr. 92. gr. laga nr. 85/1936. Barst áfrýjanda endurrit stefnunnar eigi í tæka tíð, svo að hann ætti þess kost að sækja þing í málinu. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málsúrslitum verður eigi hjá því komist að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Sérhúsgögn Inga og Péturs, greiði áfrýjanda, Friðrik Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. ágúst 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní 1978, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fimmtudaginn 22. júní 1978, af Inga Garðari Einarssyni, Flúðaseli 61, Reykjavík, fyrir hönd Sérhúsgagna Inga og Péturs, Brautarholti 26, Reykjavík, gegn Friðrik Guðmundssyni, Vesturbergi 37, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 240.515 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1978 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að stefnandi hafi unnið fyrir stefnda að nokkru leyti að smíði og að öllu leyti að uppsetningu á stigahandriði í húsi stefnda að Vesturbergi 37.

Stefnukrafan sundurliðast þannig:

Vinna 48 stundir á verkstæði	kr. 110.880
Efni (oregon pine)	kr. 12.801
Söluskattur	kr. 24.736
Vinna við uppsetningu	kr. 180.180
Efni (ýmislegt)	kr. 7.118
Akstur 4 ferðir	kr. 4.800
	Alls kr. 340.515

Upp í skuld þessa hafi stefndi greitt kr. 100.000 og sé krafa stefnanda þá kr. 240.515, sem sé jafnt stefnufjárhæðinni.

Ítrekað hafi verið skorað á stefnda að greiða skuld þessa, en hann hafi eigi sinnt því og hafi því málshöfðun þessi verið nauðsynleg.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 45.800.

Dóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Friðrik Guðmundsson, greiði stefnanda, Sérhúsgögnum Inga og Péturs, kr. 240.515 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1978 til greiðsludags og kr. 45.800 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. júní 1979.

Nr. 107/1979. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunardómur staðfestur. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Með kæru 21. maí 1979, sem barst Hæstarétti 5. júní s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 15. maí 1979, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 60.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja,

greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f h. ríkissjóðs, 60.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur Félagsdóms 15. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. f. m., er höfðað með stefnu, útgefinni 4. desember 1978.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að eftirtaldir ríkisstarfsmenn, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, skuli um kaup og önnur starfskjör fara eftir aðalkjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og öðrum þeim kjarasamningum, sem aðildarfélög bandalagsins standa að:
   a. Sumarafleysingafólk.
   b. Starfsmenn, sem ráðnir eru hluta úr ári vegna tímabundinna verkefna.
   c. Starfsmenn, sem ráðnir eru til starfa án heimilda samkvæmt lögum nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.
2. Að varnaraðili greiði sóknaraðilja málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Til vara krefst stefndi, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þrautavarakrafa stefnda er sú, að hann verði sýknaður af kröfum þeim, sem sóknaraðili gerir undir a og c lið, 1. tl. og 2. tl., kröfugerðar sinnar. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málflutningur fór fram um frávísunarkröfu stefnda 30. f. m.

Var þess þá krafist af hálfu stefnanda, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að í 1. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja séu ákvæði þess efnis, að lögin taki til allra starfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum

tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Sams konar ákvæði séu í lögum nr. 46/1973, sbr. lög nr. 35/1976, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þrátt fyrir þetta ákvæði um, að starfsmenn ríkisins, sem eru innan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, skuli um laun og önnur starfskjör fara eftir kjarasamningum stefnanda og öðrum þeim kjarasamningum, sem aðildarfélög stefnanda standa að, hafi stefndi ekki fengist til að virða þetta lagaákvæði að því er varðar þá ríkisstarfsmenn, en þeir séu allmargir hjá ríkinu. Í stað þess að láta kaup og önnur kjör þeirra fara eftir kjarasamningum ákveði stefndi þeim laun einhliða. Þannig hafi það tíðkast allt frá árinu 1972 þrátt fyrir ítrekuð mótmæli stefnanda, að stefndi hafi gefið út í launatöflum sínum launataxta unglinga og námsfólks, en þar sé átt við sumarafleysingafólk fyrst og fremst. Margir þeir, sem ráðnir hafi verið til ríkisins til sumarafleysinga, hafi leitað til stefnanda til að bera fram kvartanir. Þeir hafi verið ráðnir af yfirmanni viðkomandi stofnunar og gerðir við þá ráðningarsamningar, þar sem launaflokkurinn hafi verið ákveðinn. Síðan hafi ráðningarsamningurinn farið til launadeildar fjármálaráðuneytisins og þá hafi viðkomandi ef til vill verið lækkaður um 3—5 launaflokka og þannig komið aftan að mönnum. Breytingin komi því ekki til vitundar viðkomandi fyrr en komið sé fram á sumar. Forsendurnar fyrir ráðningunni hafi ef til vill aðallega verið launin, sem allt í einu séu stórlega lækkuð og viðkomandi búinn að glata af tækifærum til að ná sér í betur launaða sumarvinnu. Um aðra þá starfsmenn, sem dómkrafan nær til, gildi það, að þeir séu ekki látnir fara eftir kjarasamningum um kaup sitt og önnur starfskjör. Þeir njóti ekki sambærilegra kjara og aðrir ríkisstarfsmenn, sem verndaðir eru með kjarasamningum. Flest þetta fólk, sem hér um ræðir, sé innan vébanda stefnanda eða aðildarfélaga hans. Það uppfylli því þau skilyrði, sem sett eru í 1. gr. laga nr. 29/1976 um félagsaðildina, og enn fremur um störf í þjónustu ríkisins. Meðan fólk þetta sé að störfum, vinni það fullan vinnudag og starfið sé því aðalstarf, meðan það er í þjónustu ríkisins. Það fullnægi þannig einnig skilyrðinu um aðalstarf samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1976. Löggjafinn hafi með lögum nr. 29/1976 tryggt ríkisstarfsmönnum, sem ákvæði 1. gr. laganna taka til, samningsrétt um laun þeirra og önnur starfskjör. Það sé því andstætt ákvæðum laganna, þegar stefndi ákveði einhliða laun og kjör þess fólks.

Frávísunarkrafa stefnda er byggð á því, að ágreiningsefni það, sem lagt hefur verið fyrir Félagsdóm með málshöfðun þessari, beri undir almenna dómstóla, en ekki Félagsdóm. Svo sem fram komi af hálfu stefnanda, snúist málið fyrst og fremst um skilning á lögum nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í 1. gr. þeirra laga sé kveðið á um, til hvaða starfsmanna ríkisins lögin taki. Meðal þeirra skilyrða, sem þar séu sett fyrir því, að samningsréttur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sé fyrir hendi, sé, að starf viðkomandi starfsmanns verði talið aðalstarf. Af hálfu stefnanda komi réttilega fram, að meginágreiningur aðilja í máli þessu sé um það, hvort þeir hópar starfsmanna, sem greindir eru í kröfugerð stefnanda, uppfylli þetta skilyrði. Kjarni málsins snúist því raunverulega um túlkun lagaákvæða. Niðurstaða þeirrar lagatúlkunar hafi að sjálfsögðu áhrif á það, hversu víðtækur kjarasamningur aðilja teljist, þ. e. hverjir falli undir hann. Það, sem hér skipti meginmáli, sé, að deilan snúist ekki um skilning á kjarasamningi, sbr. 34. gr. laga nr. 29/1976. Ekki sé spurning um það, hvernig túlka eigi kjarasamninginn sem slíkan eða einstakar greinar hans. Kjarasamningurinn byggi að því leyti algerlega á skilgreiningu laganna um það, til hverra hann nái. Ágreiningur málsins fjalli um hugtaksatriði í lögunum og úrlausn þess heyri undir almenna dómstóla. Í þessu sambandi beri að líta til ákvæða 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en í 1. mgr. sé rakið, til hverra lögin nái. Meðal þeirra skilyrða, sem þar séu talin upp, sé, að starf starfsmanns verði talið aðalstarf. Í 2. mgr. sé kveðið á um það, að verði ágreiningur um, hvort starfsmaður sæti ákvæðum laganna, skeri fjármálaráðherra úr. Ef starfsmaður vilji ekki hlíta þeim úrskurði, geti hann borið málið undir dómstóla. Sé ljóst, að þar sé átt við hina almennu dómstóla, en ekki Félagsdóm. Í síðari löggjöf, en þar komi einkum til álita lög nr. 55/1962, lög nr. 46/1973 og lög nr. 29/1976, sé ekkert að finna, sem bendi til, að dómsvald í slíkum ágreiningsmálum skuli tekið frá almennum dómstólum og fengið Félagsdómi. Í sambandi við frávísunarkröfuna sé einnig rétt að líta til þess, að í kröfugerð sinni fari stefnandi fram á viðurkenningu til handa þremur hópum starfsmanna, og þurfi raunverulega að taka afstöðu til þess, hvort hver hópur uppfylli skilyrði laganna. Sé mjög vafasamt, að það standist að sækja um viðurkenningu til handa öllum þessum hópum í einu og sama máli.

Krafa stefnanda um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, er byggð á því, að ágreiningsefni máls þessa varði skilning á gildi aðalkjarasamnings aðiljanna um, hvort það starfsfólk ríkisins, sem nefnt er í stefnukröfunni, falli undir ákvæði aðalkjarasamningsins. Fólk þetta sé fullgildir félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða aðildarfélaga þess. Falli það allt undir ákvæði aðalkjarasamnings aðilja og sérkjarasamninga, sem aðildarfélög stefnanda hafa gert við stefnda. Sé um það að ræða, hvort ríkisvaldið geti á eigin spýtur ákveðið laun og önnur kjör þessa starfsfólks eða hvort það njóti sama réttar og aðrir félagsmenn stefnanda. Sé eðlilegt, að Félagsdómur dæmi um slíkt ágreiningsefni, og sé það í samræmi við ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976, þar sem Félagsdómi sé falið að dæma um skilning á kjarasamningi. Hafi Félagsdómur talið sér heimilt að dæma sams konar ágreiningsefni, er staða stefnanda gagnvart stefnda var ákveðin með lögum nr. 46/1973. Sé það einnig eðlilegur skilningur á ákvæði núgildandi laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að Félagsdómur hafi einnig nú dómsvald um slíkt ágreiningsefni, enda sé ekkert komið fram um það, að það hafi verið vilji löggjafans að þrengja dómsvald Félagsdóms. Beri Félagsdómi því að dæma um það, hvort aðalkjarasamningur sá, sem aðiljar hafa gert með sér samkvæmt lögum nr. 29/1976, nái til þessa fólks.

Álit dómsins.

Um samningsrétt félagsmanna aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru nú í gildi ákvæði laga nr. 29/1976. Eru í 4. og 5. gr. laganna ákvæði um fyrirsvar bandalagsins og einstakra félaga innan vébanda þess við gerð kjarasamninga, og í 5. gr. laganna er kveðið á um, hvaða ríkisstarfsmenn eigi rétt til að vera félagar bandalagsins eða aðildarfélaga þess. Í 34. gr. laganna er mælt fyrir um, að Félagsdómur skuli dæma um nokkur ágreiningsefni milli samningsaðilja. Er lagagreinin svohljóðandi:

„Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954."

Líta verður svo á, að um það sé deilt í máli þessu, hvort stefnandi og einstök stéttarfélög innan vébanda hans hafi samkvæmt lögum nr. 29/1976 rétt til að gera kjarasamninga fyrir hönd starfsmanna þeirra, sem greindir eru í kröfugerð stefnanda. Fé-

lagsdómur er sérdómstóll, og er ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976 um dómsvald hans fortakslaust. Verður ekki ráðið af orðum ákvæðisins eða forsögu þess, að því hafi verið ætlað að taka til annarra ágreiningsmála en þeirra, sem í því greinir. Þess vegna verður að telja úrlausn um dómkröfur stefnanda liggja utan dómsvalds Félagsdóms. Verður máli þessu því vísað frá dómi.

Eftir öllum atvikum þykir málskostnaður í máli þessu eiga að falla niður.

Dóm þennan kváðu upp:

Guðmundur Jónsson, Arnljótur Björnsson, Þorsteinn Thorarensen og Guðmundur Vignir Jósefsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Örlygs Geirssonar.

Um það er deilt í máli þessu, hvort tilteknir hópar ríkisstarfsmanna skuli taka laun samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðherra og BSRB.

Hér er því á ferðinni ágreiningur um skilning á kjarasamningi, sem skýrt er kveðið á um í 34. grein laga nr. 29/1976, að Félagsdómur skuli fjalla um.

Tel ég því, að Félagsdómur eigi að fjalla um mál þetta.

Ég tel rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Úrskurðarorð mitt verður því:

Frávísunarkröfu stefnda er hrundið.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. júní 1979.

Nr. 178/1978. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Ómari Friðleifssyni

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Armann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áður en dómur Hæstaréttar gengur í máli þessu, þykir nauðsyn bera til að afla gagna varðandi eftirfarandi atriði:

1. Var gerð fleiri en ein könnun á blóðsýni x5/1976, og ef svo er, hver var þá niðurstaða einstakra kannana?

2. Óskað er lýsingar á aðferð þeirri, sem notuð er nú við ákvörðun á vínandamagni í blóðsýni á Rannsóknastofu í lyfjafræði og samanburðar á henni og aðferð þeirri, sem notuð var á Rannsóknastofu Jóns Steffensen, svo og hvernig mælingarskekkjur horfa við samkvæmt hvorri aðferðinni um sig og sé þá einnig tekið tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, sbr. dómasafn Hæstaréttar 1965, bls. 933, og 1966, bls. 2.

3. Hve mörg 0/00 vínandamagns í blóði manns þarf að draga frá því vínandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós, til þess að örugglega sé fundið það vínandamagn, sem stafar af áfengisneyslu, og sé þá m. a. tekið tillit til venjulegrar mælingarskekkju?

4. Ef viss 0/00 þarf að draga frá vínandamagni samkvæmt 3. spurningu, á þá að draga frá meðaltali rannsóknarúrlausna eða lægstu 0/00, sem fundist hefur við rannsóknina, til þess að örugg úrlausn fáist?

5. Vínandamagn í blóðsýni x5/1976 er talið 0.63 0/00. Hve mörg 0/00 vínandamagns voru örugglega í blóði ákærða, þegar tekið er tillit til allra atriða, sem til greina koma ákærða í hag?

6. Gerð sé sérfræðileg könnun á gögnum um blóðsýni það, er tekið var úr ákærða, og úrvinnslu og mati í því sambandi.

7. Óskað er sérfræðilegrar greinargerðar um það, hve miklu vínandamagni ætla megi, að ákærði hafi brennt þær 100 mínútur, sem liðu frá því að hann var handtekinn kl. 0135 19. september 1976, uns honum var tekið blóð kl. 0315 sama dag.

8. Annað það, er könnun á þeim efnum, sem að framan greinir, gefur tilefni til.

Ályktarorð:

Rétt er að afla gagna um framangreind atriði.

Mánudaginn 18. júní 1979.

Nr. 186/1977. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Sigurði A. Magnússyni
og gagnsök
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sektarrefsing. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðs-

son hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1977 og gert þær dómkröfur:

1. Að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur í refsingu fyrir ummælin.

3. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða hverjum aðaláfrýjenda 50.000 krónur í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí s. á., en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

4. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega 30.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

5. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að sjá um, að forsendur og dómsorð væntanlegs dóms verði birt í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins.

6. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað héraðsdóminum með stefnu 10. nóvember 1977 og gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að gagnáfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjenda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem stefnt var út af í frumsök í héraði, birtust í dagblaðinu Þjóðviljanum, 106. tölublaði, er út kom 25. júní 1974. Stefna var birt 27. desember sama ár, er 6 mánuðir og 2 dagar voru liðnir frá birtingu ummælanna. Eigi er þó sannað, að aðaláfrýjendur hafi svo fljótt fengið vitneskju um ummælin, að heimild til málshöfðunar hafi þá verið niður fallin skv. 29. gr. alm. hegningarlaga.

Ummæli þau, sem út af er stefnt í framhaldssök í héraði, eru í greinargerð gagnáfrýjanda, sem birt var í 48. tölublaði Þjóðviljans, er út kom 27. febrúar 1975. Birting greinargerðarinnar fór fram með samþykki gagnáfrýjanda, og í blaðinu er hann skýrt nafngreindur sem höfundur. Ber hann þannig ábyrgð á efni hennar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 57/1956. Þess er þó að gæta, að í blaðinu er tekið fram, að fyrirsögn og millifyrirsagnir séu blaðsins, og ber gagnáfrýjandi þannig ekki ábyrgð á millifyrirsögninni „Atferli 12 óhappamanna", sbr. lið B. 1. í framhaldsstefnu. Einnig er það komið fram, að skotið var inn í greinargerðina á viðeigandi stöðum öllum ummælum þeim, sem stefnt var út af í frumstefnu, og kveður gagnáfrýjandi það hafa verið gert án samráðs við sig. Þannig ber gagnáfrýjandi heldur ekki ábyrgð á þessari birtingu ummælanna.

Hin átöldu ummæli eru rakin í héraðsdómi, og verða þau nú athuguð.

I. Ummæli, sem stefnt var út af í frumsök:

1. Ekkert er við það að athuga, þótt menn leiti æru sinni verndar með málssókn fyrir dómi, og er fjarri sanni að kalla það réttarofsóknir. Þykja ummæli þessi því óviðurkvæmileg og verð ómerkingar skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Hins vegar verða þau ekki talin refsiverð móðgun né aðdróttun.

2.—5. Ummæli þessi geyma öll stórfelld móðgunaryrði í garð aðaláfrýjenda, og ber að refsa gagnáfrýjanda fyrir þau samkvæmt 234. gr. alm. hegningarlaga og ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

II. Ummæli, sem stefnt var út af í framhaldssök:

A. 1.—5. og B. 1. Samkvæmt því, sem áður var lýst, ber gagnáfrýjandi ekki ábyrgð á birtingu ummæla þessara í Þjóðviljanum hinn 27. febrúar 1975.

B. 2. Ummælin eru móðgandi fyrir aðaláfrýjendur og varða við 234. gr. alm. hegningarlaga og sæta ómerkingu skv. 1. mgr. 241. gr.

B. 3. Ummæli þessi eru óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja

þau skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, en eigi þykja þau refsiverð ærumeiðing.

B. 4. Ummæli þessi geyma aðdróttun um þjónkun við erlent ríki gegn fjárhagslegri umbun. Er aðdróttun þessi brýnt brot gegn 235. gr. alm. hegningarlaga. Ummælin eru auk þess öll í heild mjög móðgandi, og ber einnig að refsa fyrir þau skv. 234. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr.

B. 5. og B. 6. Ummæli þessi eru móðgandi í garð aðaláfrýjenda og varða gagnáfrýjanda refsingu skv. 234. gr. alm. hegningarlaga. Ummælin verða ómerkt samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Refsing gagnáfrýjanda verður ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, en 4 daga varðhald til vara, ef sekt verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt að taka til greina kröfu aðaláfrýjenda um miskabætur úr hendi gagnáfrýjanda, þó svo, að fjárhæð bóta er ákveðin 20.000 kr. til hvers aðaláfrýjenda og skal greiðast ásamt vöxtum, svo sem krafist er.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjenda um, að gagnáfrýjandi greiði þeim sameiginlega 30.000 krónur til þess að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir rétt að ákveða samkvæmt 22. gr. laga 57/1956, að dómur þessi, forsendur og dómsorð, skuli birtur í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum sameiginlega 300.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu ómerk.

Gagnáfrýjandi, Sigurður A. Magnússon, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald fyrir

sektina, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, hverjum um sig, 20.000 krónur ásamt 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí s. á., en 13% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum sameiginlega 30.000 krónur til þess að kosta birtingu á forsendum og dómsorði dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal forsendur og dómsorð dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum sameiginlega 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júlí 1977.

1.0

Mál þetta, sem er meiðyrðamál, var höfðað með stefnu, birtri 27. desember 1974.

Stefnendur eru Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, BA, Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, Ragnar Ingimarsson prófessor,

Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi.

Stefndi er Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Felli, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Tilefni málshöfðunarinnar eru ummæli, sem birtust í grein á bls. 5 í 106. tbl. dagblaðsins Þjóðviljans, er út kom 25. júní 1974.

Tilefni greinarinnar var, að stefnendur höfðu höfðað nokkur meiðyrðamál vegna ummæla um þá í sambandi við undirskriftasöfnun, sem þeir höfðu staðið fyrir. Þjóðviljinn hafði leitað álits stefnda á málshöfðununum sem formanns Rithöfundasambands Íslands. Greinin var rituð til að verða við þeim tilmælum.

Þann 27. febrúar 1975 birtist greinargerð stefnda í málinu í 40. tbl. Þjóðviljans undir fyrirsögninni „Verði skömm þeirra ekki uppi er ærleg hugsun horfin af Íslandi" aukin millifyrirsögnum. Enn fremur hafði ummælum, sem stefnt var út af í frumsök, verið skotið inn í greinargerðina innan sviga og gæsalappa.

Stefndi er nafngreindur höfundur beggja greinanna. Stefnendur telja ummæli í báðum greinunum meiðandi fyrir sig. Stefndi telur nafngreiningu í síðari greininni ófullnægjandi.

Stefnendur höfðuðu framhaldssök út af birtingu greinargerðarinnar með stefnu, birtri 25. júlí 1975, og var aðalsökin sameinuð frumsökinni 3. desember 1976. Í framhaldssök er annars vegar stefnt vegna endurbirtingar þeirra ummæla, sem stefnt hafði verið fyrir í frumsök, og hins vegar vegna nýrra ummæla, sem stefnendur telja meiðandi fyrir sig.

Upphaflega var sótt þing bæði í frumsök og aðalsök af hálfu stefnda og greinargerðum skilað.

Eftir það féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og var málið dómtekið 14. janúar 1977, eftir að skilað hafði verið skriflegri sókn af hálfu stefnenda.

Málið var endurupptekið til gagnaöflunar með stoð í 120. gr. laga nr. 85/1936 með úrskurði 7. febrúar 1977. Tekin var aðiljaskýrsla af stefnda 24. maí 1977, og var málið síðan dómtekið að nýju 25. júní 1977 að loknum munnlegum málflutningi.

Þar sem ekki tókst að ljúka dómi á málið innan hæfilegs tíma frá munnlegum málflutningi, var málið endurflutt þann 28. júlí sl. og dómtekið að nýju.

2.0

Um miðjan janúarmánuð 1974 efndu nokkrir menn til sam-

vinnu undir kjörorðinu „Varið land". Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa auk hæstaréttarlögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn „varnarsamnings milli Lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins" frá 5. maí 1951 og brottvísun herliðs Bandaríkjanna af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náð hefðu tvítugs aldri 1. mars 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins".

Stefnendur unnu síðan að því að fá menn til að undirrita þessa yfirlýsingu, og voru undirskriftalistarnir afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni í síðari hluta marsmánaðar 1974.

Eftir að undirskriftasöfnunin hófst, urðu mikil blaðaskrif um hana, einkum í Þjóðviljanum. Sættu stefnendur hörðu ámæli í ýmsum þessara greina. Töldu þeir ýmis ummæli í greinum þessum meiðandi fyrir sig og höfðuðu af því tilefni nokkur meiðyrðamál, sem voru þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 25. og 27. júní 1974.

3.0

3.1.

Grein sú, sem stefnt er út af í frumsök, birtist undir yfirskriftinni „Tilræði við tjáningarfrelsi" og hljóðar svo:

„Hér er um að ræða alvarlegustu atlögu við tjáningarfrelsi sem mér er kunnugt um hérlendis, og fer því þó fjarri að Íslendingar hafi hreinan skjöld í þeim efnum. Bókstafur íslenskrar meiðyrðalöggjafar er í mörgum greinum fáránlegur, og hefði honum verið fylgt út í æsar, eins og hér mun ætlunin að reyna, hefðu þeir Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness setið í tugthúsum hálfa ævina, að ekki sé minnst á ýmsa minni spámenn.

Þeir þýlyndu og þjóðvilltu tólfmenningar, sem þykjast vera að verja æru, sem þeir hafa að dómi þjóðhollra Íslendinga týnt, eru hér að fara inn á braut, sem gæti ekki einungis reynst hættuleg tjáningarfrelsi landsmanna, heldur sjálfu lýðræðinu í landinu. Á sama tíma og þjóðkjörnir fulltrúar landsmanna bera hver

annan vömmum og skömmum og opinber málgögn þeirra feta dyggilega í fótspor þeirra, eru þessir hrokafullu þjóðvillingar að heimta, að um þá sé fjallað í pempíulegum hómilíustíl, þegar ekkert ætti betur við en mergjaðasta málfar Jóns Vídalíns. Þessir kumpánar þykjast hafa að baki sér hinn svokallaða þögla meirihluta, en mættu gjarna minnast þess, að Adolf Hitler og hans nótar fóru sínu fram í sömu blindu trú, og allir vita hvað af þeirri trú leiddi. Einn þáttur þessa máls er þó kannski öðrum fremur ógeðfelldur, en það eru ofsóknir prófessora við Háskóla Íslands á hendur stúdentum, en slíkar aðfarir eiga sér, að ég hygg, engar hliðstæður í vestrænum lýðræðisríkjum, þótt að vísu séu til sláandi hliðstæður í ýmsum Natóríkjum.

Við höfum ekki séð fyrir endann á þessu máli og mig uggir að úrslitin kunni að verða tvísýn, þar sem meirihluti Hæstaréttar er skipaður þrem kerfisþrælum, sem setja þjónkun sína við valdhafa ofar mannréttinda- og lýðfrelsissjónarmiðum.

Mig brestur satt að segja orð til að lýsa fyrirlitningu minni á heigulshætti og valdbeitingartrú þeirra tólf nýstéttarmanna, sem standa að þessu tilræði við tjáningarfrelsi Íslendinga, og mun skömm þeirra uppi meðan nokkur ærleg hugsun bærist með þjóðinni."

Stefnendur telja, að eftirgreind orð og ummæli í greininni séu ærumeiðandi fyrir sig:

1. „Hér er um að ræða alvarlegustu atlögu við tjáningarfrelsi sem mér er kunnugt um hérlendis . . ."
2. „Þeir þýlyndu og þjóðvilltu tólfmenningar, sem þykjast vera að verja æru, sem þeir hafa að dómi þjóðhollra Íslendinga týnt, eru hér að fara inn á braut, sem gæti ekki einungis reynst hættuleg tjáningarfrelsi landsmanna, heldur sjálfu lýðræðinu í landinu . . ."
3. „ . . . hrokafullu þjóðvillingar . . ."
4. „ . . . Þessir kumpánar þykjast hafa að baki sér hinn svokallaða þögla meirihluta, en mættu gjarna minnast þess, að Adolf Hitler og hans nótar fóru sínu fram í sömu blindu trú, og allir vita hvað af þeirri trú leiddi . . ."
5. „ . . . heigulshætti og valdbeitingartrú þeirra nýstéttarmanna, sem standa að þessu tilræði við tjáningarfrelsi Íslendinga, og mun skömm þeirra uppi meðan nokkur ærleg hugsun bærist með þjóðinni."

Í framhaldssök er stefnt út af eftirfarandi ummælum:

A. Öllum sömu ummælum og í frumsök.

B. Eftirfarandi ummælum:

1. Kaflafyrirsögn á bls. 7: „Atferli tólf óhappamanna".
2. „ . . . tólf óhappamanna . . ."
3. „kærurnar eru tilræði við tjáningarfrelsið . . ."
4. „ . . . afstaða þeirra til hins erlenda „varnarliðs" . . . ber vitni undirlægjuhætti og þrælsótta við húsbændurna í vestri. Það er að mínu mati þýlyndi af verstu tegund að vilja stofna þjóð sinni í bráða tortímingarhættu til að þóknast vesturheimskum ráðamönnum, jafnvel þótt fjárhagsleg umbun komi fyrir — eða öllu heldur: Þýlyndið verður að því skapi fyrirlitlegra sem það á dýpri rætur í ábatavoninni . . ."
5. „ . . . tólfmenningarnir hafa týnt æru sinni með málshöfðunum sínum og öllu umstangi í sambandi við hina illræmdu undirskriftasöfnun og tölvuvinnslu . . ."
6. „ . . . heigulshætti og valdbeitingartrú nýstéttarmannanna tólf. Ég tel það vera í senn gikkshátt og heigulshátt . . . valdbeitingartrú . . ."

Stefnendur gera þær dómkröfur í frumsök og framhaldssök eftir sameiningu þeirra:

Að öll framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur til refsingar að mati dómara fyrir brot á 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940 vegna framangreindra ærumeiðandi ummæla.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnanda fyrir sig kr. 50.000 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 með 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí sama ár, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 30.000 í kostnað skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

Að stefndi verði dæmdur skv. 22. gr. laga nr. 57/1956 til að sjá um, að birt verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í 1. eða 2. tbl. dagblaðsins „Þjóðviljinn", er út kemur eftir birtingu dómsins.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan kostnað (málskostnað) í frumsök og framhaldssök að mati dómara.

Stefndi krafðist upphaflega frávísunar framhaldssakar, en

féll síðan frá þeirri kröfu. Eftir sameiningu framhaldssakar við frumsök krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati dómarans.

4.0

Álit dómsins.

4.1. Almennt.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hann hafi ekki farið út fyrir mörk þess málfrelsis, sem njóti við í umræðum og skrifum um opinber málefni.

Af stefnda (sic) hálfu hefur komið fram það viðhorf, að starfsemi þeirra að undirskriftasöfnuninni hafi það ekki í för með sér, að þeir njóti fyrir það minni æruverndar en ella.

4.1.1.

Að íslenskum lögum er meginregla, að menn eigi rétt á að tjá hug sinn fyrir öðrum, jafnt í einkalífi sem opinberlega og með hvaða tjáningarhætti sem vera skal.

Í opinberum umræðum um stjórnarmálefni er þessi meginregla sérlega mikilvæg vegna þeirra lýðræðislegu stjórnarhátta, sem stjórnskipunarreglur miðast við.

Þetta sjónarmið kemur meðal annars fram í ákvæði 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem svo er mælt fyrir, að enginn alþingismaður verði krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi, sbr. 1. mgr.

Um ritfrelsi er sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er kveðið á, að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en verði þó að ábyrgjast þær fyrir dómi.

Meiðyrðalöggjöfin felur í sér takmarkanir á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi. Þessar takmarkanir byggjast almennt á því viðhorfi, að hagsmunir tengdir æru manna geti verið svo ríkir, að þeir almannahagsmunir, sem við tjáningarfrelsið eru bundnir, hljóti að víkja.

Á hinn bóginn er almennt viðurkennt, að árásir á æruna, sem væru ólögmætar eftir almennum reglum, gætu verið lögmætar, ef ríkir hagsmunir liggja til grundvallar þeim árásum.

Meðal þeirra hagsmuna, sem þannig kunna að verða metnir meir en hagsmunir æruverndar, eru hagsmunir samfélagsins af því, að umræður um opinber málefni geti farið fram í þeim mæli sem hinar lýðræðislegu og þingræðislegu grundvallarreglur

krefjast. Meðal annars er nauðsynlegt, að menn geti gagnrýnt pólitíska andstæðinga, athafnir þeirra og skoðanir að vissu marki. Ekki eru menn sammála um, hversu langt eigi að ganga í þessu efni almennt, en hér verða dómstólar að skera úr eftir málavöxtum hverju sinni. Við þetta mat verður m. a. að gæta þess, að opinberum umræðum verði ekki settar of þröngar skorður eða hlutverki fjölmiðla að því er varðar upplýsingastarfsemi og gagnrýni. Þá verður að hafa í huga eðli umræðunnar og tjáningarvenjur og gæta þess, að ef ummæli eiga að teljast ósaknæm, verða menn almennt að virða almennar velsæmiskröfur og tjá sig málefnalega. Hafa ber í huga, að stjórnmálabarátta í lýðræðisþjóðfélagi verður ekki rekin með málefnalegum rökum einum, og verða dómstólar að gæta þess að ganga ekki of langt í að þrengja athafnafrelsi þeirra aðilja, sem þessa baráttu heyja.

4.1.2.

Frumrætur þeirra deilna og átaka, sem orðið hafa um dvöl erlendra herja í landinu, má rekja til hernámsins 1940 og komu bandarísks herliðs til landsins 1941. Upphaflega byggðist hersetan á valdbeitingu Breta, en síðan á samningum Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, fyrst hervarnarsamningnum 1941 og síðan Keflavíkursamningnum 1946 og loks Norður-Atlantshafssamningnum 1949 og varnarsamningnum 1951.

Erlent herlið hefur nú dvalið í landinu síðan 1940 að undanskildum árunum 1947—1951, þegar bandarískt einkafyrirtæki annaðist þá starfsemi á Keflavíkurflugvelli, sem Bandaríkjamenn töldu sér nauðsynlega af hernaðarástæðum.

Segja má, að þjóðareining hafi ríkt í afstöðunni til hernáms Breta, til þeirra skilyrða fyrir hersetu Bandaríkjanna 1941, að þeir yrðu á brott með her sinn að stríði loknu, og til umleitunar Bandaríkjamanna um herstöðvar til 99 ára 1945. Hins vegar leiddi samþykkt Keflavíkursamningsins 1946 til harðra deilna og stjórnarslita. Sjálfstæðisflokkurinn stóð óskiptur að samþykktinni, en Sósialistaflokkurinn stóð óskiptur á móti og rauf stjórnarsamstarfið við Alþýðuflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn klofnuðu í afstöðu til málsins.

Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949 leiddi til einhverra alvarlegustu átaka, sem orðið hafa í landinu, og afstaða stjórnmálaflokkanna varð með líkum hætti og 1946. Hins vegar stóðu þingflokkar Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins

óklofnir að varnarsamningnum 1951, en fljótlega kom í ljós, að andstöðu við samninginn gætti víðar en í Sósíalistaflokknum. Má segja, að þessi samningur hafi verið eitt aðalátakamálið í íslenskum stjórnmálum síðan.

Árið 1956 var samþykkt tillaga Alþýðuflokksmanna á Alþingi um, að varnarsamningurinn frá 1951 yrði endurskoðaður með það fyrir augum, að herlið Bandaríkjamanna færi af landinu, en Íslendingar tækju að sér gæslu og viðhald hernaðarmannvirkja. Að samþykkt þessari stóðu allir þingmenn aðrir en þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Hún varð svo eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, sem mynduð var 1956. Svo fór þó, að fallið var frá því að koma þessu stefnumáli í framkvæmd.

Árið 1971 var það síðan eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að herliðið færi úr landi í áföngum. Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn voru andvígir þessari stefnu.

Bandaríkjamenn telja sér aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli mjög mikilvæga, einkum vegna umsvifa sovéska flotans á Norður-Atlantshafi. Önnur ríki Atlantshafsbandalagsins munu og telja aðstöðuna mikilvæga öryggishagsmunum sínum.

Afstaða til hersetunnar hefur haft veruleg áhrif á flokkaskipun, en einnig leitt til deilna og klofnings innan stjórnmálaflokka. Hugmyndir manna um þjóðerni, ættjörð, sjálfstæði og fullveldi hafa blandast í þetta mál. Efnalegir hagsmunir hafa haft sitt að segja um afstöðu. Afstaða til andstæðra stórvelda og mismunandi grundvallarviðhorf í stjórnarfars- og hagskipunarmálum hafa mótað afstöðu margra. Sterkar tilfinningar andúðar eða samkenndar hafa mótað umræður um þessi mál.

4.1.3.

Af því, sem að framan er rakið, má vera ljóst, að undirskriftasöfnun stefnenda var þáttur í stjórnmálastarfsemi, sem varðaði mikilvæg mál á sviði utanríkismála og alþjóðastjórnmála, sem djúpstæður pólitískur ágreiningur ríkir um hér innanlands. Þau viðhorf, sem hafa verið rakin hér að framan um málfrelsi á sviði stjórnmála, eiga því við andóf gegn undirskriftasöfnun stefnenda og gagnrýni á hana.

Umræður um herstöðvamálin hafa oft verið óvægnar og stóryrtar og einkennst af tilfinningahita.

Ummæli stefnda bera þessi einkenni, þótt þau fjalli að meginstefnu til aðeins óbeint um herstöðvamálin.

Hafa ber í huga, að þótt mönnum hafi haldist uppi órefsað að viðhafa fjölmæli á þessu sviði vegna þess, að andstæðingarnir hafa látið undir höfuð leggjast að leita réttar síns, er ekki þar með sagt, að myndast hafi venja um talshætti, sem breyti mati á mörkum málfrelsis og æruverndar.

Á hinn bóginn virðist mega taka nokkurt tillit til þess, að stefnendur máttu búast við gagnárásum af hálfu andstæðinga sinna, enda setti undirskriftasöfnunin þá í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

4.1.4.

Þótt málshöfðanir stefnenda á hendur andmælendum sínum vegna skrifa um undirskriftasöfnun þeirra verði ekki taldar til stjórnmálastarfsemi á sama hátt og sjálf undirskriftasöfnunin, hlýtur gagnrýni á málshöfðanirnar, byggð á því viðhorfi, að þær feli í sér árás á tjáningarfrelsi og lýðræði, að teljast til umræðna um opinber málefni og mörk leyfilegrar gagnrýni að metast eftir því.

4.2. Aðalsök.

Stefndi kveður öll ummælin, sem honum er stefnt út af í aðalsök, vera viðhöfð í góðri trú og styðjast við bjargfasta skoðun sína. Meginmálsástæða stefnda í aðalsök er sú, að þegar mál gegn honum hafði verið höfðað, hafi allar kröfur á hendur honum, aðrar en ómerkingarkrafa, verið niður fallnar vegna fyrningar skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1940, almennum hegningarlögum.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ekki sé að lögum rétt að binda upphaf fyrningarfrests við útkomudag dagblaðs, er birtir ærumeiðandi ummæli, þar sem eigi sé unnt að gera ráð fyrir, að þeir, sem telja sig ærumeidda, viti þá þegar um birtingu ummælanna.

Lögmaður stefnenda heldur því fram, að dómstólar hafi lagt sönnunarbyrðina á höfund ummæla varðandi þetta atriði og að stefnda hafi ekki tekist sönnunarbyrðin.

Ummælin, sem stefnukröfur eru byggðar á, birtust í Þjóðviljanum 25. júní 1974, en samkvæmt stefnubirtingarvottorði var stefnan birt 27. desember 1974, kl. 2005.

Lögmaður stefnenda lýsti því yfir við munnlegan málflutn-

ing, að því væri haldið fram, að stefnendur hefðu ekki vitað um stefnda í skilningi nefnds lagaákvæðis fyrr en eftir útgáfudag blaðsins, sem ummælin birtust í, en þeir hafi þó fljótlega eftir það fengið vitneskju um ummælin og höfund þeirra.

Stefnendur hafa ekki komið fyrir dóminn til að gefa skýrslu um þetta atriði, og lögmaður þeirra hefur heldur ekki gefið afdráttarlausa yfirlýsingu um það, hvenær stefnendum varð kunnugt um ummælin og stefnda. Stefnendur búa allir í Reykjavík eða nágrenni. Þjóðviljinn er eitt af helstu dagblöðum höfuðborgarinnar, og er hvert tölublað borið út og selt í lausasölu á höfuðborgarsvæðinu á útgáfudegi. Það eru því líkur á að stefnendum hafi orðið kunnugt um ummælin og höfund þeirra fyrir kl. 2005 þann 27. júní 1974. Þar sem ótvíræð yfirlýsing hefur ekki komið fram af hálfu stefnenda um hið gagnstæða, þykir verða að byggja á því, að málshöfðunarréttur hafi verið fyrndur í skilningi 1. mgr. 29. gr. alm. hegningarlaga, þegar stefna í frumsök var birt stefnda. Leiðir þetta til sýknu af refsikröfu í frumsök.

4.2.2.

Fyrningarákvæði 29. gr. alm. hegningarlaga tekur hvorki samkvæmt efni sínu né lögjöfnun til kröfu um ómerkingu skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Verður nú tekin afstaða til þess, hvort ómerkja beri ummæli stefnda í frumsök, og verða þau talin í sömu töluröð og hér að framan.

Um 1.

Með ummælum þessum telja stefnendur, að verið sé að rangtúlka mjög gróflega eðlileg viðbrögð þeirra til að koma fram lagaábyrgð vegna mjög rætinna ærumeiðandi skrifa um þá og vekja með því þá trú lesenda blaðsins, að slík viðbrögð séu ekki aðeins óeðlileg, heldur jafnframt af hinum verstu hvötum sprottin og haträm árás á einn meginþátt andlegs frelsis.

Af ummælum stefnda kemur fram, að hann telur, að málshöfðanir stefnenda feli í sér atlögu við tjáningarfrelsið í landinu. Stefndi hefur lagt fram nokkur gögn, sem hann telur sýna, að hann sé ekki einn um þessa skoðun. Af þessum gögnum kemur fram meðal annars, að Einar Bragi rithöfundur, einn þeirra, sem stefnendur stefndu fyrir meiðyrði, hefur þann 24. júní 1974 farið þess á leit við Rithöfundasamband Íslands, að stjórn þess tilnefni 12 rithöfunda í nefnd, sem falið væri að leggja mat á,

„hvort kærumál og fjárheimtur af þessu tagi séu árás á tjáningarfrelsi manna eða ekki".

Orðið var við þessum tilmælum. Í álitsgerð rithöfundanna segir svo í niðurlagi:

„Kærumál og fjárheimtur af þessu tagi eru árás á tjáningarfrelsi manna og stefna að þess konar tálmunum fyrir prentfrelsi, sem stjórnarskráin kveður svo skýrt á um, að aldrei megi í lög leiða."

Stefndi var sjálfur einn þeirra tólf rithöfunda, sem samdi þessa yfirlýsingu.

Í yfirlýsingu 152 þekktra Íslendinga er lýst furðu yfir málssóknum stefnenda. Stefndi var sjálfur meðal þessara 152 manna.

Þá hafa ellefu þekktir menn undirritað yfirlýsingu, þar sem fordæmt er það hugarfar gagnvart skoðana- og málfrelsi, „sem birtist í fjöldastefnum forystumanna „Varins lands" á hendur gagnrýnendum sínum, þar sem krafist er fangelsisdóma og þungra fjársekta í stað skoðanaskipta og málefnalegrar rökræðu."

Þann 27. júní 1974 gerði stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands svofellda ályktun:

„Stjórn SHÍ fordæmir harðlega þær árásir á tjáningarfrelsi og frjálsa skoðanamyndun, sem tólf forystumenn undirskriftasöfnunarinnar „varins lands" hafa nú uppi á hendur nokkrum einstaklingum, sem hafa leyft sér að hafa gagnstæðar skoðanir við þá á hernámi Íslands . . ."

Af þessu er ljóst, að stefndi er engan veginn einn um þá skoðun, að málssóknir stefnenda feli í sér atlögu við tjáningarfrelsið.

Dómarinn er hins vegar á þeirri skoðun, að ekkert ámælisvert felist í málshöfðunum stefnenda og að tjáningarfrelsi sé engin hætta búin, þótt menn beri mál sín undir dómstóla, ef þeir telja, að brotið sé gegn ærurétti þeirra. Eigi að síður verður að telja, að stefnda hafi verið heimilt að láta í ljós skoðun sína á málshöfðunum stefnenda, eins og hann gerði í tilgreindum ummælum, sbr. það, sem segir hér að framan um leyfilega gagnrýni á umræðum um opinber málefni. Ummæli þessi þykja ekki óviðurkvæmileg og verða því ekki ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Um 2. og 3.

Þessi ummæli þykja óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Um 4.

Stefnendur telja orðið „kumpánar" móðgun við sig. Þeir telja, að í ummælunum felist að öðru leyti mjög ræðin og ógeðsleg aðdróttun, borin fram gegn betri vitund, þar sem forgöngu þeirra að undirskriftasöfnuninni sé líkt við vinnubrögð eins mesta óhappamanns, sem uppi hafi verið og sögur fari af, og fylgismanna hans.

Um þetta segir svo í greinargerð stefnda:

„Í stefnu er rækilega á það minnt, að undirskriftasöfnunin hafi borið glæsilegan árangur, tala undirskrifenda nákvæmlega tíunduð, enda hófu tólfmenningarnir ekki málshöfðanir sínar fyrr en niðurstöðurnar lágu fyrir. Þeir fara hvergi í felur með það, að þeir telja sig styðjast við hinn svonefnda „þögla meirihluta". Vegna þessarar klifunar, sem er að vísu einatt óbein og undir rós, hljóta hugsandi menn að rifja upp fyrir sér aðra aðilja sem einnig fóru sínu fram í krafti hins þögla meirihluta, og kem ur þá vitanlega Adolf Hitler fyrst í hugann. Slík upprifjun get ur varla verið refsiverð, enda hef ég hvergi líkt *vinnubrögðum* tólfmenninganna við vinnubrögð Hitlers og fylgismanna hans, heldur einungis bent á *blinda trú* þeirra og hvað af henni leiddi. „Vinnubrögð" og „blind trú" eru ekki samheiti í íslensku máli."

Hér er rætt um Adolf Hitler, fyrrum ríkiskanslara og ríkisforseta Þýskalands. Þessi þjóðarleiðtogi var á sínum tíma mjög dáður af mörgum, einkum meðal Þjóðverja, en að öðru leyti umdeildur. Hann er nú almennt fordæmdur, meðal annars fyrir ofsóknir á hendur Gyðingum og fleiri mannhópum og fyrir að bera höfuðábyrgð á síðari heimsstyrjöldinni auk annars. Ekki er annað vitað en stefnendur séu allir einlægir lýðræðissinnar, en stjórnkerfi það, sem Hitler innleiddi í Þýskalandi, hefur almennt verið talið til fasisma. Í ummælunum felst, að stefnendur hafi farið sínu fram í sömu blindu trú og Adolf Hitler og hans líkar. Þessi samlíking þykir óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þessi ummæli í heild, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Um 5.

Þessi ummæli þykja óviðurkvæmileg og ber að ómerkja þau.

4.3. Framhaldssök.

4.3.1.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að með endurbirtingu

ummælanna úr frumsök hafi stefndi gerst sekur um sjálfstætt brot.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hann hafi engan þann þátt átt í endurbirtingu ummælanna, sem varða eigi hann ábyrgð.

Það er eðli máls samkvæmt og venjuhelgaður skilningur, að málflytjendur hafi rúmt málfrelsi og ritfrelsi fyrir dómi. Á þetta meðal annars við um ummæli í greinargerðum aðilja.

Stefndi flutti upphaflega mál sitt sjálfur og ritaði greinargerð í frumsök. Í málflutningi naut hann sama tjáningarfrelsis og málflytjendur.

Stefndi skýrir svo frá, að af hálfu Þjóðviljans hafi verið spurst fyrir um, hvort hann hefði á móti því, að greinargerð hans væri birt. Hann segist hafa svarað, að hann hefði ekki á móti birtingu, enda kveðst hann hafa talið, að ekkert væri athugavert við að birta greinargerðina, þar sem hún væri opinbert skjal, sem hefði verið lagt fram í opinberu þinghaldi. Hann kveður greinargerðina síðan hafa verið sótta til sín. Hann kveðst síðan ekkert hafa komið nálægt birtingu hennar, engu ráðið um fyrirsagnir og ekki átt þátt í, að ummælum, sem stefnt er út af í frumsök, er bætt inn í greinargerðina í birtingu. Hann segir, að Þjóðviljinn muni hafa haft stefnu í frumsök og því getað tekið ummæli sín upp úr henni. Hann kveðst ekki vita, hvernig stefnan komst til Þjóðviljans.

Þess er getið í blaðinu, að millifyrirsagnir og aðalfyrirsögn sé Þjóðviljans.

Ljóst er, að greinargerðin var birt með samþykki stefnda, og nafns hans er ótvírætt getið sem höfundar. Hlýtur hann því að bera refsi- og fébótaábyrgð skv. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Hins vegar virðist verða að miða við, að stefndi eigi ekki sök á endurbirtingu ummæla úr frumsök og millifyrirsögnum, sem skotið hefur verið inn í greinargerðina án atbeina hans, en fallast verður á það með lögmanni stefnenda, að birtingu greinargerðarinnar verði að meta sjálfstætt. Þótt greinargerðin hafi verið lögð fram á opinberu dómþingi, þykir það skipta verulegu máli, að með birtingu hennar í dagblaði er henni komið sjálfstætt fyrir sjónir miklu meiri fjölda manna en annars hefði verið.

Í greinargerðinni eru þau ummæli, sem honum var stefnt fyrir í frumsök, að nokkru leyti endurtekin. Í báðum tilvikum eru ummælin endurtekin þannig, að málsgreinin, sem þau stóðu í, er birt í heild til skýringar. Um er að ræða ummæli í tölulið 3

og 5 í frumsök. Eðlilegar ástæður virðast hafa legið til, að ummæli þessi voru þannig endurtekin, og þykir ekki næg ástæða til að refsa fyrir þessa endurtekningu sérstaklega, þótt greinargerðin hafi síðan verið birt í dagblaði. Þessi ummæli hafa þegar verið ómerkt.

Skv. framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda í A lið kröfugerðar þeirra í framhaldssök.

4.3.2.
Um b.
Um 1.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum vegna þessara ummæla.

Um 2.

Lögmaður stefnenda telur, að orðið óhappamaður tákni skv. málvenju þann, sem framið hefur glæp eða annan verknað, svívirðilegan að almenningsáliti. Telja stefnendur ummæli þessi varða við 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að orð þetta merki mann, sem orðið hefur fyrir óláni, ólánsmann eða mann, sem vegna mistaka hefur orðið til að gera illt.

Ummæli þessi þykja meiðandi fyrir stefnendur, og virðist bera að meta þau sem skammaryrði, og teljast þau þannig varða við 234. gr. alm. hegningarlaga.

Um 3.

Þessi ummæli þykja ekki varða við hegningarlög, og vísast til röksemda um ummæli í lið A 1 hér að framan.

Um 4.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að hér sé verið að dylgja um annarlegar og auðvirðilegar hvatir stefnenda, þeir séu vændir um landráð og undirlægjuhátt við erlent vald og láti einskis svífast á kostnað þjóðfrelsis Íslendinga sjálfum sér til fjárhagslegs ávinnings. Telja stefnendur ummæli þessi varða í heild við 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

Ummæli þessi eru stórkostlega meiðandi fyrir stefnendur og fara langt út fyrir það, sem hæfilegt verður að telja í opinberum umræðum um þjóðmál. Í þeim felst harkaleg aðdróttun um, að afstaða stefnenda í varnarmálum ráðist af undirlægjuhætti og

þrælsótta við bandaríska ráðamenn auk þess sem þeir vænti fjárhagslegs ávinnings úr hendi þeirra fyrir framtak sitt. Þessar aðdróttanir virðast fjarri lagi og hafa engan veginn verið réttlættar. Að öðru leyti eru ummælin í þessum lið stórkostlega móðgandi fyrir stefnendur.

Þykja þessi ummæli varða við 234. og 235. gr. alm. hegningarlaga. Enn fremur ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Um 5—6.

Af hálfu stefnenda er litið svo á varðandi ummælin í lið 5, að hér sé því umbúðalaust haldið fram, að stefnendur hafi glatað ærunni, séu ærulausir menn, þetta sé að sjálfsögðu gróf móðgun, en ummælin feli einnig í sér aðdróttun um, að stefnendur hafi gerst sekir um einhverja þá háttsemi, er því ætti að valda, að höfðun meiðyrðamáls af þeirra hálfu væri gersamlega fráleit.

Stefnendur telja ummæli þessi fela í sér móðgun og aðdróttun og vera refsiverð skv. 234. gr. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Að því er varðar ummælin í lið 6 telja stefnendur orðin gikkshátt og heigulshátt fela í sér móðgun og varða við 234. gr. laga nr. 19/1940, í orðunum valdbeitingartrú nýstéttarmanna felist aðdróttun um það, að stefnendur aðhyllist valdbeitingu fyrir þá sök eina, að þeir leiti æruverndar fyrir dómstólunum lögum samkvæmt. Telja stefnendur þessi ummæli refsiverð skv. 235. gr., en til vara 234. gr. laga nr. 19/1940.

Ummælin í þessum liðum þykja mjög móðgandi fyrir stefnendur og fara langt út fyrir það, sem hæfilegt getur talist í opinberum umræðum um þjóðmál.

Í lið 5 virðist felast harkaleg aðdróttun um, að stefnendur hafi týnt æru sinni með starfi sínu að undirskriftasöfnuninni og með málshöfðunum sínum.

Þessi aðdróttun hefur engan veginn verið réttlætt og virðist fjarri sanni.

Að öðru leyti virðast felast í ummælum þessum stórkostlegar móðganir við stefnendur.

Ummælin í þessum liðum þykja varða við 234. og 235. gr. alm. hegningarlaga, og þykir bera að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan aðfararfrests.

4.4.

Eins og að framan er rakið, þykir stefndi hafa gerst sekur um harkalega árás á æru stefnenda. Þykir því ekki verða hjá því komist að neyta heimildar 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga til þess að dæma stefnda til að greiða stefnendum nokkurt fégjald fyrir hneisu. Er þá litið til þess, að ákvæði 1. mgr. 29. gr. sömu laga taka hvorki beinlínis né skv. lögjöfnun til miskabótakröfu.

Fégjald þetta þykir hæfilega ákveðið fimmtán þúsund krónur til hvers stefnanda auk 9% ársvaxta frá 25. júní 1974 til 15. júlí sama ár, en 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnendum sameiginlega 25.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1956 rétt að skylda stefnda til þess að sjá um, að dómur þessi verði birtur í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt að dæma stefnda til að greiða stefnendum sameiginlega 50.000 krónur í málskostnað.

4.5.

Hinn reglulegi héraðsdómari hefur vikið sæti í máli þessu. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari hefur verið skipaður til að fara með málið sem setudómari og kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli stefnda, Sigurðar A. Magnússonar, sem birtust í 106. tbl. Þjóðviljans 1974 og 40. tbl. Þjóðviljans 1975, skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnenda, Bjarna Helgasonar, Björns Stefánssonar, Hreggviðs Jónssonar, Jónatans Þórmundssonar, Ólafs Ingólfssonar, Stefáns Skarphéðinssonar, Unnars Stefánssonar, Þorsteins Sæmundssonar, Þorvalds Búasonar, Þórs Vilhjálmssonar, Ragnars Ingimarssonar og Valdimars J. Magnússonar, í frumsök.

Stefndi greiði 20.000 krónur í sekt til ríkissjóðs. Varðhald í fjóra daga komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests.

Stefndi greiði stefnendum hverjum um sig 15.000 króna fégjald ásamt 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega 25.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Stefndi skal sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega 50.000 krónur í málskostnað.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1979.

Nr. 43/1979. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni
Skúla J. Pálmasyni hæstaréttarlögmanni og
Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Sameining mála. Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Þegar mál þetta kom fyrir á dómþingi Hæstaréttar 1. júní 1979, óskaði áfrýjandi þess, að það yrði sameinað hæstaréttarmálinu nr. 199/1978, sem kom fyrir á dómþinginu sama dag, og frestað eins og því til 1. október 1979.

Stefndu Páll og Skúli mótmæltu því, að málin yrðu sameinuð og frestur veittur.

Stefndi Sveinbjörn mótmælti því, að málið yrði sameinað málinu nr. 199/1978, en samþykkti frestbeiðnina.

Hinn 27. október 1978 var á aukadómþingi Rangárvallasýslu kveðinn upp dómur í málinu: Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn hreppsnefnd Landmannahrepps vegna

hreppsins, hreppsnefnd Holtahrepps vegna hreppsins og eigendum og ábúendum jarða í þeim hreppi, eigendum jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, hreppsnefnd Rangárvallahrepps vegna hreppsins og hreppsnefnd Skaftártunguhrepps vegna hreppsins. Allir stefndu í máli þessu eru taldir hafa haft gjafvörn í héraði, og voru lögmönnum þeirra dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði.

Landmannahreppur áfrýjaði máli þessu með stefnu 20. nóvember 1978. Var það þingfest 1. desember s. á. sem hæstaréttarmálið nr. 199/1978.

Holtahreppur, eigendur og ábúendur jarða í þeim hreppi, Rangárvallahreppur og eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi áfrýjuðu málinu með stefnu 12. desember 1978. Var það mál þingfest 2. mars 1979 sem hæstaréttarmálið nr. 211/1978 og þá sameinað hæstaréttarmálinu nr. 199/1978.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. desember 1978. Í stefnu var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði „staðfestur að öðru leyti en því, að gjafsóknarlaun talsmanna aðaláfrýjenda verði lækkuð verulega". Þá krafðist þessi áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þetta mál var þingfest 8. janúar 1979 sem hæstaréttarmálið nr. 223/1978. Hinn 2. mars 1979 var það sameinað málinu nr. 199/1978.

Hinn 1. mars 1979 fékk fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs enn gefna út áfrýjunarstefnu í málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. febrúar s. á. Segir í stefnu, að rétt þyki að „beina fyrrgreindri lækkunarkröfu talsmannslauna einnig gegn talsmönnunum sjálfum persónulega hverjum og einum . . ." Hins vegar sé ekki krafist málskostnaðar úr þeirra hendi. Mál þetta var þingfest 2. mars 1979 sem hæstaréttarmálið nr. 43/1979 og frestað til 1. júní s. á.

Á þessu stigi eru ekki efni til að fjalla almennt um formhlið máls þessa. Hér er fjallað um ákvæði héraðsdóms um kostnað af máli, sem bera má undir Hæstarétt, þar sem efnisþáttum aðalmálsins hefur verið áfrýjað, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 19.

gr. laga nr. 75/1973 ber að sameina málið öðrum áfrýjunarmálum um sakarefni þetta. Verður krafa áfrýjanda um sameiningu því tekin til greina. Samkvæmt þessu þykir einnig rétt að fresta máli þessu til 1. október nk.

Ályktarorð:

Mál þetta er sameinað hæstaréttarmálinu nr. 199/1978 og frestað til 1. október 1979.

Mánudaginn 18. júní 1979.

Nr. 108/1979. **Gunnar Guðlaugsson**
Karl Sigurgeirsson
Kristinn Guðmundsson og
Svavar Þorbergsson
gegn
Boga Nilssyni sýslumanni vegna sýslunefndar Suður-Múlasýslu
Guðmundi Björnssyni hreppstjóra, formanni kjörstjórnar við kosningar til hreppsnefndar í Geithellnahreppi vegna kjörstjórnarinnar, og
Magnúsi H. Magnússyni félagsmálaráðherra vegna félagsmálaráðuneytisins.

Kærumál. Lögbann. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 7. júní 1979, er barst Hæstarétti 8. s. m., skotið úrskurði fógetaréttar Suður-Múlasýslu 6. s. m. til Hæstaréttar. Krefjast þeir þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að leggja á umbeðið lögbann. Eigi er málskostnaðarkrafa uppi höfð.

Frá gerðarþolum hafa eigi borist greinargerðir og því engar kröfur komið fram af þeirra hendi.

Samkvæmt a lið 3. töluliðs 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 75/

1973 sætir mál þetta eigi kæru. Ber því að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dómsorð:
Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 6. júní 1979.

Með bréfi, dagsettu 27. maí sl., kröfðust Kristinn Guðmundsson oddviti, Þvottá, Gunnar Guðlaugsson, Hnaukum, Svavar Þorbergsson, Hamarsseli, og Karl Sigurgeirsson, Melrakkanesi, allir í Geithellnahreppi, Suður Múlasýslu, lögbanns við því, að fram færu uppkosningar til hreppsnefndar, sem ákveðnar hafa verið 10. júní 1979.

Krafa þessi beinist að kjörstjórn þeirri, sem sýslunefnd hefur kosið og falið að annast kosningarnar.

Í kjörstjórninni eru:
Aðalmenn:
Guðmundur Björnsson hreppstjóri, Múla III,
Eysteinn Ingólfsson, Flugustöðum, og gerðarbeiðandinn
Gunnar Guðlaugsson, Hnaukum.
Varamenn:
Snorri Guðlaugsson, Starmýri,
Ástríður Baldursdóttir, Hofi, og
Óskar Guðlaugsson, Hærukollsnesi.

Oddviti sýslunefndar er Bogi Nilsson sýslumaður, Lambeyrarbraut 4, Eskifirði.

Í beiðninni er þess óskað, að félagsmálaráðuneytinu, sýslunefnd og kjörstjórn verði tilkynnt um hana.

Hinn reglulegi héraðsdómari, Bogi Nilsson sýslumaður, vék sæti þann 30. maí 1979.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari var skipaður setudómari 1. júní 1979, og kveður hann upp úrskurðinn.

Með samráði við kærendur, oddvita sýslunefndar og formann kjörstjórnar og samkvæmt ákvörðun dómarans var beiðnin tekin fyrir 2. þ. m. í fógetadóminum í barnaskólanum á Djúpavogi í Búlandshreppi, en þar eru manntalsþing háð fyrir Geithellnahrepp.

Þessi ákvörðun var tilkynnt ráðuneytisstjóranum í félagsmálaráðuneytinu með símskeyti 1. þ. m.

Mætt var af hálfu allra kærenda og sýslunefndarinnar.

Guðmundur Björnsson mætti og kvaðst koma fram sem formaður kjörstjórnar, en lét þess getið, að kjörstjórnin hefði ekki komið saman til að taka afstöðu til lögbannsbeiðninnar.

Svo virðist sem aðalmennirnir Eysteinn og gerðarbeiðandinn Gunnar hafi ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar, en varamennirnir Snorri Guðlaugsson og Ástríður Baldursdóttir hafi starfað með formanninum að nefndarstörfum.

Auk lögbannskröfunnar er af hálfu gerðarbeiðenda krafist málskostnaðar úr hendi félagsmálaráðuneytisins og sýslunefndar fyrir hönd sýslusjóðs.

Af hálfu sýslunefndar er þess krafist, að lögbannskröfunni verði hrundið.

Formaður kjörstjórnar krefst þess, að gerðarbeiðendur verði úrskurðaðir til að greiða ferðakostnað sinn og dagpeninga að mati dómsins.

Gerðarbeiðendur hafa lagt fram 25 þúsund króna tryggingu fyrir tjóni, sem af gerðinni kann að leiða.

Þann 25. júní 1978 fóru fram almennar sveitarstjórnarkosningar í Geithellnahreppi. Fram komu tveir listar, listi óháðra kjósenda og listi félagshyggjumanna, sem buðu fram bæði til hreppsnefndar og sýslunefndar, og voru kosningar því hlutfallskosningar.

Sami kjörseðill var notaður við kosningu hreppsnefndar og sýslunefndarmanna.

Kosningarnar voru kærðar og þess krafist, „að þeir seðlar, sem voru með viðurkenndum krossi til sýslunefndarkosningar, verði viðurkenndir sem rétt kjörnir og látnir ráða kjöri á sýslunefndarmanni."

Hreppsnefnd leitaði umsagnar kjörstjórnar, sem taldi, að kæran ætti ekki rétt á sér.

Hreppsnefnd felldi þann úrskurð 22. júlí 1978, að kæran skyldi ekki tekin til greina.

Þann 18. ágúst sl. úrskurðaði sýslunefnd, að kosning sýslunefndarmanns væri ógild og að kosning skyldi fara fram að nýju, eins fljótt og auðið væri.

Í úrskurði nefndarinnar kemur fram, að listabókstafur var einn fyrir frambjóðendur til hreppsnefndar og sýslunefndar og gert ráð fyrir, að kjósendur merktu við listabókstafinn, sem kosinn var, fyrir ofan við nöfn frambjóðenda. Fyrst voru talin nöfn frambjóðenda til hreppsnefndar, en síðan nöfn frambjóðenda til sýslunefndar undir yfirskriftinni „Til sýslunefndar".

Kjörstjórn taldi atkvæði greidd hvorum lista bæði greidd frambjóðendum hans til hreppsnefndar og sýslunefndar.

H listi hlaut 33 atkvæði, en I listi 30 atkvæði. Einn utankjörfundaratkvæðaseðill til sýslunefndar hafði borist, en var ekki opnaður og ekki talinn með.

14 kjósendur settu kross við listabókstaf og jafnframt við nafn frambjóðanda til sýslunefndar á sama lista. I listi hlaut 13 þessara atkvæða, en H listi 1.

Úrskurður sýslunefndar var studdur þeim rökum, að ekki mætti sjálfkrafa telja atkvæði, greidd frambjóðendum á lista til hreppsnefndar greidd frambjóðendum til sýslunefndar á sama lista, útbúa hefði átt sérstakan kjörseðil vegna kosningar sýslunefndarmanns; svo miklir annmarkar hefðu verið á kjörseðlum og talningu atkvæða, að ómerkja bæri kosningaúrslitin.

Þann 5. september 1978 úrskurðaði félagsmálaráðuneytið kosningar til hreppsnefndar ógildar og að kjörstjórn skyldi láta fara fram kosningar að nýju eins fljótt og við yrði komið.

Var úrskurður þessi rökstuddur með því, að pakki sá, sem kjörseðlar voru í, hefði verið rifinn upp, áður en kjörstjórnarmenn komu til kjörfundar, og þannig opnaður fyrr og við aðrar aðstæður en lög leyfa. Vitnað er til 2. mgr. 75. gr. laga 52/1959, sbr. 1. gr. laga 5/1962 og 1. mgr. 129. gr. laga 52/1959.

Þann 3. október 1978 lagði sýslumaður fyrir kjörstjórn að láta þegar, eða svo fljótt sem auðið væri, fara fram kosningu til hreppsnefndar og sýslunefndar.

Þann 23. október 1978 sagði kjörstjórn af sér störfum vegna vanhæfis.

Þann 1. nóvember sl. lagði félagsmálaráðuneytið fyrir sýslumann að fyrirskipa kjörstjórn að framfylgja úrskurði ráðuneytisins tafarlaust, að viðlögðum viðurlögum, og fela hreppsnefnd, sem var til 25. júní 1978, að sinna hreppsnefndarstörfum, þar til ný nefnd hefði verið löglega kjörin.

Þessi fyrirmæli flutti sýslumaður síðan viðkomandi aðiljum, og fer hreppsnefnd sú, sem kjörin var 1974, nú með stjórn hreppsmála.

Tveir aðalmenn og tveir varamenn tilkynntu sýslumanni 7. nóvember sl., að þeir héldu við fyrri afstöðu um lok starfa í kjörstjórn.

Sýslumaður auglýsti 13. nóvember sl., að nýjar kosningar til sýslunefndar og hreppsnefndar skyldu fara fram 17. desember 1978 og tilkynnti viðkomandi aðiljum. Kosningar fóru ekki fram

á þessum tíma. Af þeim sökum lagði sýslumaður fyrir hreppsnefnd 22. desember 1978 að kjósa nýja kjörstjórn til að annast um, að kosningar færu fram fyrir 10. janúar sl.

Þetta erindi var ekki tekið fyrir á hreppsnefndarfundi, en oddviti tilkynnti sýslumanni, að hreppsnefnd gæti ekki „samþykkt tilmæli sýslunefndar".

Á aðalfundi sýslunefndar, sem haldinn var 9. og 10. maí sl., var samkvæmt fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins kjörin kjörstjórn sú, sem lögbannskröfunni er beint að. Lagt var fyrir nefndina að láta fara fram kosningar innan mánaðar.

Kjörstjórn auglýsti síðan uppkosningu 10. júní 1979.

Lögbannskrafa gerðarbeiðenda er studd þeim meginrökum:

1. Að undirbúningur kosninganna, sem auglýstar hafa verið, sé andstæður 4. gr. laga 5/1962, að kjörskrá sé ekki í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga 58/1961, sbr. 1. gr. laga 81/1967, og að ekki hafi verið séð fyrir, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti farið fram í samræmi við XI. kafla laga 52/1959, sbr. 1. gr. laga 5/1962 og 1. gr. laga 5/1966.
2. Að kosningarnar, sem fram fóru 1978, hafi verið löglegar og úrskurður ráðuneytisins um ólögmæti þeirra sé rangur, að 75. gr. laga 52/1959 eigi ekki við og ekki hafi verið svo verulegir gallar á undirbúningi og framkvæmd kosninganna, að varða ætti ógildi þeirra, þar sem þessir ágallar hafi ekki haft áhrif á úrslit kosninganna, sbr. 136. gr. laga 52/1959, sbr. 1. gr. laga 5/1962 og 1. gr. laga 5/1966.

Því er haldið fram, að heimilt sé að kjósa hreppsnefnd og sýslunefndarmenn á sama kjörseðli og að ráðuneytið hafi gefið röngum aðilja fyrirmæli um að láta fara fram nýjar kosningar, sbr. 4. gr. laga 5/1962.

Af hálfu þeirra aðilja, sem tekið hafa til varna í málinu, er öllum rökum gerðarbeiðenda andmælt og því haldið fram, að úrskurður um ógildi kosninganna 25. júní 1978 sé réttur og að undirbúningur kosninga 10. júní 1979 sé samkvæmur lögum.

ÁLIT DÓMSINS.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga 18/1949 virðist það vera meginregla, að lögbanni verði ekki beitt við athöfnum framkvæmdavaldshafa, nema athöfn varði meðferð einstaklingsréttinda eða eigi að fara fram í þágu einstaks manns. Að öðru leyti þykir ákvæði þetta nokkuð vandskýrt. Svo virðist sem gert sé ráð fyrir, að bann verði lagt við athöfnum stjórnvalds í ríkara mæli

en ella, ef telja má stjórnvald hafa farið út fyrir valdsvið sitt, sbr. 1. ml. 60. gr. stjórnarskrár, enda lúti málsefnið lögsögu dómstóla; en jafnvel þótt stjórnvald verði talið hafa farið út fyrir valdsvið sitt, verður jafnan að gera þá kröfu, að gerðarbeiðandi geti sýnt fram á, að hann hafi lögvarða hagsmuni af að fá athöfn bannaða. Vafa veldur, hvort gera verður þá kröfu, að athöfn, sem banna á, beinist að einstaklingshagsmunum eða hvort hagsmunir á sviði opinbers réttar geta komið til greina. Í þessu máli virðist ljóst, að hagsmunir þeir, sem gerðarbeiðendur bera fyrir brjósti, lúta fyrst og fremst að því, hverjir skulu fara með sveitarstjórn í hreppsfélagi þeirra.

Gerðarbeiðendur voru efstu menn á öðrum framboðslistanum í hreppsnefndarkosningunum 1978 og voru kjörnir aðalmenn og varamenn í þessum kosningum, sem hafa verið úrskurðaðar ógildar, og einn þeirra hefur átt hlut að þeim meintu misfellum, sem ollu ógildingu kosninganna, en jafnframt virðast þeir og hafa sömu hagsmuni og aðrir atkvæðabærir menn í hreppnum af því að hafa áhrif á skipun hreppsnefndar með atkvæði sínu. Hagsmunir þessir eru á sviði opinberrar stjórnsýslu, og ekki verður talið, að kosningar þessar beinist að einstaklingshagsmunum gerðarbeiðenda á þann hátt, sem hér þykir skipta máli.

Samkvæmt 2. mgr. 60. gr. stjórnarskrár getur enginn komið sér undan að hlýðnast yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta máli til dómstóla. Samkvæmt almennri reglu stjórnsýsluréttar er almennt ekki hægt að fá lögmæti stjórnvaldsákvörðunar kannaða fyrir fram, það er áður en hún kemur með einhverjum hætti til framkvæmda. Um lögmæti fyrirhugaðra kosninga verður hægt að dæma af þar til bærum aðiljum og eftir þeim leiðum, sem lög gera ráð fyrir, þegar þær hafa farið fram. Samkvæmt þessum sjónarmiðum og meginreglu 26. gr. laga 18/1949 verður að telja, að hagsmunir stefnenda séu ekki þannig vaxnir, að þeir eigi rétt á að fá þá varða með lögbanni við kosningum.

Þykir því verða að synja lögbannskröfu gerðarbeiðenda.

Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu gerðarbeiðenda, Kristins Guðmundssonar, Karls Sigurgeirssonar, Gunnars Guðlaugssonar og Svavars Þorbergssonar, um lögbann við uppkosningum til hreppsnefndar í Geithellnahreppi 10. júní 1979.

Mánudaginn 18. júní 1979.

Nr. 109/1979. **Gunnar Guðlaugsson**
Karl Sigurgeirsson
Kristinn Guðmundsson og
Svavar Þorbergsson
gegn
Boga Nilssyni sýslumanni vegna sýslunefndar Suður-Múlasýslu
Guðmundi Björnssyni hreppstjóra, formanni kjörstjórnar við kosningar sýslunefndarmanns fyrir Geithellnahrepp vegna kjörstjórnarinnar, og
Magnúsi H. Magnússyni félagsmálaráðherra vegna félagsmálaráðuneytisins.

Kærumál. Lögbann. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 7. júní 1979, er barst Hæstarétti 8. s. m., skotið úrskurði fógetaréttar Suður-Múlasýslu 6. s. m. til Hæstaréttar. Krefjast þeir þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að leggja á umbeðið lögbann. Eigi er málskostnaðarkrafa uppi höfð.

Frá gerðarþolum hafa eigi borist greinargerðir og því engar kröfur komið fram af þeirra hendi.

Samkvæmt a lið 3. töluliðs 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 sætir mál þetta eigi kæru. Ber því að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 6. júní 1979.

Með bréfi, dagsettu 27. maí sl., kröfðust Kristinn Guðmundsson oddviti, Þvottá, Gunnar Guðlaugsson, Hnaukum, Svavar Þorbergsson, Hamarsseli, og Karl Sigurgeirsson, Melrakkanesi, allir í Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu, lögbanns við því, að

fram færu uppkosningar til sýslunefndar í Geithellnahreppi, sem ákveðnar hafa verið 10. júní 1979.

Krafa þessi beinist að kjörstjórn þeirri, sem sýslunefnd hefur kosið og falið að annast kosningarnar.

Í kjörstjórninni eru:

Aðalmenn:

Guðmundur Björnsson, hreppstjóri, Múla III,

Eysteinn Ingólfsson, Flugustöðum, og gerðarbeiðandinn

Gunnar Guðlaugsson, Hnaukum.

Varamenn:

Snorri Guðlaugsson, Starmýri,

Astríður Baldursdóttir, Hofi, og

Óskar Guðlaugsson, Hærukollsnesi.

Oddviti sýslunefndar er Bogi Nilsson sýslumaður, Lambeyrarbraut 4, Eskifirði.

Í beiðninni er þess óskað, að félagsmálaráðuneytinu, sýslunefnd og kjörstjórn verði tilkynnt um hana.

Hinn reglulegi héraðsdómari, Bogi Nilsson sýslumaður, vék sæti þann 30. maí 1979.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari var skipaður setudómari 1. júní 1979, og kveður hann upp úrskurðinn.

Með samráði við kærendur, oddvita sýslunefndar og formann kjörstjórnar og samkvæmt ákvörðun dómarans var beiðnin tekin fyrir 2. þ. m. í fógetadóminum í barnaskólanum á Djúpavogi í Búlandshreppi, en þar eru manntalsþing háð fyrir Geithellnahrepp.

Þessi ákvörðun var tilkynnt ráðuneytisstjóranum í félagsmálaráðuneytinu með símskeyti 1. þ. m.

Mætt var af hálfu allra kærenda og sýslunefndarinnar.

Guðmundur Björnsson mætti og kvaðst koma fram sem formaður kjörstjórnar, en lét þess getið, að kjörstjórnin hefði ekki komið saman til að taka afstöðu til lögbannsbeiðninnar.

Svo virðist sem aðalmennirnir Eysteinn og gerðarbeiðandinn Gunnar hafi ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar, en varamennirnir Snorri Guðlaugsson og Ástríður Baldursdóttir hafi starfað með formanninum að nefndarstörfum.

Auk lögbannskröfunnar er af hálfu gerðarbeiðenda krafist málskostnaðar úr hendi félagsmálaráðuneytisins og sýslunefndar fyrir hönd sýslusjóðs.

Af hálfu sýslunefndar er þess krafist, að lögbannskröfunni verði hrundið.

Formaður kjörstjórnar krefst þess, að gerðarbeiðendur verði úrskurðaðir til að greiða ferðakostnað sinn og dagpeninga að mati dómsins.

Gerðarbeiðendur hafa lagt fram 25 þúsund króna tryggingu fyrir tjóni, sem af gerðinni kann að leiða.

Þann 25. júní 1978 fóru fram almennar sveitarstjórnarkosningar í Geithellnahreppi. Fram komu tveir listar, listi óháðra kjósenda og listi félagshyggjumanna, sem buðu fram bæði til hreppsnefndar og sýslunefndar, og voru kosningar því hlutfallskosningar.

Sami kjörseðill var notaður við kosningu hreppsnefndar- og sýslunefndarmanna.

Kosningarnar voru kærðar og þess krafist, „að þeir seðlar, sem voru með viðurkenndum krossi til sýslunefndarkosningar, verði viðurkenndir sem rétt kjörnir og látnir ráða kjöri á sýslunefndarmanni."

Hreppsnefnd leitaði umsagnar kjörstjórnar, sem taldi, að kæran ætti ekki rétt á sér.

Hreppsnefnd felldi þann úrskurð 22. júlí 1978, að kæran skyldi ekki tekin til greina.

Þann 18. ágúst sl. úrskurðaði sýslunefnd, að kosning sýslunefndarmanns væri ógild og kosning skyldi fara fram að nýju, eins fljótt og auðið væri.

Í úrskurði nefndarinnar kemur fram, að listabókstafur var einn fyrir frambjóðendur til hreppsnefndar og sýslunefndar og gert ráð fyrir, að kjósendur merktu við listabókstafinn, sem kosinn var, fyrir ofan við nöfn frambjóðenda. Fyrst voru talin nöfn frambjóðenda til hreppsnefndar, en síðan nöfn frambjóðenda til sýslunefndar undir yfirskriftinni „Til sýslunefndar".

Kjörstjórn taldi atkvæði greidd hvorum lista bæði greidd frambjóðendum hans til hreppsnefndar og sýslunefndar.

H listi hlaut 33 atkvæði en I listi 30 atkvæði. Einn utankjörfundaratkvæðaseðill til sýslunefndar hafði borist, en var ekki opnaður og ekki talinn með.

14 kjósendur settu kross við listabókstaf og jafnframt við nafn frambjóðanda til sýslunefndar á sama lista. I listi hlaut 13 þessara atkvæða en H listi 1.

Úrskurður sýslunefndar var studdur þeim rökum, að ekki mætti sjálfkrafa telja atkvæði greidd frambjóðendum á lista til hreppsnefndar greidd frambjóðendum til sýslunefndar á sama lista, útbúa hefði átt sérstakan kjörseðil vegna kosningar sýslu-

nefndarmanns; svo miklir annmarkar hefðu verið á kjörseðlum og talningu atkvæða, að ómerkja bæri kosningaúrslitin.

Þann 5. september 1978 úrskurðaði félagsmálaráðuneytið kosningar til hreppsnefndar ógildar og að kjörstjórn skyldi láta fara fram kosningar að nýju eins fljótt og við yrði komið.

Var úrskurður þessi rökstuddur með því, að pakki sá, sem kjörseðlar voru í, hefði verið rifinn upp, áður en kjörstjórnarmenn komu til kjörfundar, og þannig opnaður fyrr og við aðrar aðstæður en lög leyfa. Vitnað er til 2. mgr. 75. gr. laga 52/1959, sbr. 1. gr. laga 5/1962 og 1. mgr. 129. gr. laga 52/1959.

Þann 3. október 1978 lagði sýslumaður fyrir kjörstjórn að láta þegar, eða svo fljótt sem auðið væri, fara fram kosningu til hreppsnefndar og sýslunefndar.

Þann 23. október 1978 sagði kjörstjórn af sér störfum vegna vanhæfis.

Þann 1. nóvember sl. lagði félagsmálaráðuneytið fyrir sýslumann að fyrirskipa kjörstjórn að framfylgja úrskurði ráðuneytisins tafarlaust að viðlögðum viðurlögum og fela hreppsnefnd, sem var til 25. júní 1978, að sinna hreppsnefndarstörfum, þar til ný nefnd hefði verið löglega kjörin.

Þessi fyrirmæli flutti sýslumaður síðan viðkomandi aðiljum, og fer hreppsnefnd sú, sem kjörin var 1974, nú með stjórn hreppsmála.

Tveir aðalmenn og tveir varamenn tilkynntu sýslumanni 7. nóvember sl., að þeir héldu við fyrri afstöðu um lok starfa í kjörstjórn.

Sýslumaður auglýsti 13. nóvember sl., að nýjar kosningar til sýslunefndar og hreppsnefndar skyldu fara fram 17. desember 1978 og tilkynnti viðkomandi aðiljum. Kosningar fóru ekki fram á þessum tíma. Af þeim sökum lagði sýslumaður fyrir hreppsnefnd 22. desember 1978 að kjósa nýja kjörstjórn til að annast um, að kosningar færu fram fyrir 10. janúar sl.

Þetta erindi var ekki tekið fyrir á hreppsnefndarfundi, en oddviti tilkynnti sýslumanni, að hreppsnefnd gæti ekki „samþykkt tilmæli sýslunefndar".

Á aðalfundi sýslunefndar, sem haldinn var 9. og 10. maí sl., var samkvæmt fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins kjörin kjörstjórn sú, sem lögbannskröfunni er beint að. Lagt var fyrir nefndina að láta fara fram kosningar innan mánaðar.

Kjörstjórn auglýsti síðan uppkosningu 10. júní 1979.

Lögbannskrafa gerðarbeiðenda er studd þeim meginrökum:

1. Að undirbúningur kosninganna, sem auglýstar hafa verið, sé andstæður 4. gr. laga 5/1962, að kjörskrá sé ekki í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga 58/1961, sbr. 1. gr. laga 81/1967, og að ekki hafi verið séð fyrir, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti farið fram í samræmi við XI. kafla laga 52/1959, sbr. 1. gr. laga 5/1962 og 1. gr. laga 5/1966.
2. Að kosningarnar, sem fram fóru 1978, hafi verið löglegar og úrskurður ráðuneytisins um ólögmæti þeirra sé rangur, að úrskurður sýslunefndar um ólögmæti sýslunefndarkosninga hafi verið felldur úr gildi með úrskurði ráðuneytisins 5. september sl. og ekki hafi verið svo verulegir gallar á undirbúningi og framkvæmd kosninganna, að varða ætti ógildi þeirra, þar sem þessir ágallar hafi ekki haft áhrif á úrslit kosninganna, sbr. 136. gr. laga 52/1959, sbr. 1. gr. laga 5/1962 og 1 .gr. laga 5/1966.

Því er haldið fram, að heimilt sé að kjósa hreppsnefnd og sýslunefndarmenn á sama kjörseðli, og að ráðuneytið hafi gefið röngum aðilja fyrirmæli um að láta fara fram nýjar kosningar, sbr. 4. gr. laga 5/1962.

Af hálfu þeirra aðilja, sem tekið hafa til varna í málinu, er öllum rökum gerðarbeiðenda andmælt og því haldið fram, að úrskurður um ógildi kosninganna 25. júní 1978 sé réttur og að undirbúningur kosninga 10. júlí 1979 sé samkvæmur lögum.

ÁLIT DÓMSINS.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga 18/1949 virðist það vera meginregla, að lögbanni verði ekki beitt við athöfnum framkvæmdavaldshafa, nema athöfn varði meðferð einstaklingsréttinda eða eigi að fara fram í þágu einstaks manns. Að öðru leyti þykir ákvæði þetta nokkuð vandskýrt. Svo virðist sem gert sé ráð fyrir, að bann verði lagt við athöfnum stjórnvalds í ríkara mæli en ella, ef telja má stjórnvald hafa farið út fyrir valdsvið sitt, sbr. 1. ml. 60. gr. stjórnarskrár, enda lúti málsefnið lögsögu dómstóla; en jafnvel þótt stjórnvald verði talið hafa farið út fyrir valdsvið sitt, verður jafnan að gera þá kröfu, að gerðarbeiðandi geti sýnt fram á, að hann hafi lögvarða hagsmuni af að fá athöfn bannaða. Vafa veldur, hvort gera verður þá kröfu, að athöfn, sem banna á, beinist að einstaklingshagsmunum eða hvort hagsmunir á sviði opinbers réttar geta komið til greina. Í þessu máli

virðist ljóst, að hagsmunir þeir, sem gerðarbeiðendur bera fyrir brjósti, lúta fyrst og fremst að því, hverjir skuli sitja í sýslunefnd úr Geithellnahreppi.

Gerðarbeiðendur voru efstu menn á öðrum framboðslistanum í hreppsnefndarkosningunum 1978 og voru kjörnir aðalmenn og varamenn í þessum kosningum, sem hafa verið úrskurðaðar ógildar, og einn þeirra hefur átt hlut að þeim meintu misfellum, sem ollu ógildingu kosninganna. Hagsmunir þessir eru á sviði opinberrar stjórnsýslu, og ekki verður talið, að kosningar þessar beinist að einstaklingshagsmunum gerðarbeiðenda á þann hátt, sem hér þykir skipta máli.

Samkvæmt 2. mgr. 60. gr. stjórnarskrár getur enginn komið sér undan að hlýðnast yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta máli til dómstóla. Samkvæmt almennri reglu stjórnsýsluréttar er almennt ekki hægt að fá lögmæti stjórnvaldsákvörðunar kannaða fyrir fram, það er áður en hún kemur með einhverjum hætti til framkvæmda. Um lögmæti fyrirhugaðra kosninga verður hægt að dæma af þar til bærum aðiljum og eftir þeim leiðum, sem lög gera ráð fyrir, þegar þær hafa farið fram. Samkvæmt þessum sjónarmiðum og meginreglu 26. gr. laga 18/1949 verður að telja, að hagsmunir stefnenda séu ekki þannig vaxnir, að þeir eigi rétt á að fá þá varða með lögbanni við kosningum.

Þykir því verða að synja lögbannskröfu gerðarbeiðenda.

Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu gerðarbeiðenda, Kristins Guðmundssonar, Karls Sigurgeirssonar, Gunnars Guðlaugssonar og Svavars Þorbergssonar, um lögbann við uppkosningu til sýslunefndar Suður-Múlasýslu í Geithellnahreppi 10. júní 1979.

Þriðjudaginn 19. júní 1979.

Nr. 79/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Einari Hirti Gústafssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Manndráp. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur álitsgerð Ásgeirs Karlssonar geðlæknis um geðheilsu og sakhæfi ákærða verið borin undir Læknaráð. Í ályktun réttarmáladeildar Læknaráðs 6. apríl 1979, sem staðfest var 5. júní s. á. sem álitsgerð og úrskurður Læknaráðs, segir svo:

„Læknaráð telur af gögnum málsins, að ákærði, sem er bæði tornæmur og með mikla persónuleika- og skapgerðargalla, hafi haft psychosis reactiva depressiva á þeim tíma, sem hann framdi afbrotið. Þessi psychosis var hins vegar ekki á því stigi, sem greinir í 15. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en myndi frekar falla undir það, sem um er rætt í 16. grein sömu laga. Telur læknaráð því, eins og Ásgeir Karlsson, sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, að Einar Hjörtur Gústafsson sé sakhæfur og refsing geti líklega borið árangur".

Verjandi ákærða hefur lagt fyrir Hæstarétt endurrit af sálfræðilegri prófun, er Pétur Jónasson sálfræðingur framkvæmdi, m. a. með viðtölum við ákærða 7.—14. júní 1978. Voru lögð fyrir ákærða greindar- og persónuleikapróf. Er niðurstaða sálfræðingsins sú, að ákærði sé „meðalgreindur maður, sem ekki sýnir nein meiri háttar einkenni sálrænna sjúkdóma. Hins vegar er hann tilfinningalega vanþroska,

sem oft kemur fram í barnalegum svörum og viðbrögðum og samskiptaerfiðleikum við annað fólk.“

II.

Ákæruefni er réttilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt gögnum máls ber að fallast á þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi svipt Halldóru Ástvaldsdóttur, sem hann hafði búið með um nokkurra ára skeið, lífi með byssuskotum síðdegis hinn 15. ágúst 1977 og það hafi verið ásetningsverk, er varði við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar geðlæknis og úrskurðar Læknaráðs ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi verið sakhæfur, er hann framdi brot sitt.

III.

Leggja verður til grundvallar, að ákærði hafi fyrir fram tekið ákvörðun um að fyrirfara sér, er hann hefði svipt Halldóru Ástvaldsdóttur lífi.

Gögn máls benda til, að erfiðleikar hafi komið upp í sambúð þeirra Halldóru og ákærða og hún hafi ákveðið að slíta samvistir við hann. Þegar hún kom ekki til ákærða til Svíþjóðar 7. ágúst 1977, eins og ætla verður, að ákveðið hafi verið þeirra í milli, hefur það sýnilega fengið mjög á hann.

Þegar virt er brot ákærða, aðdragandi að því og málsatvik öll, þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi 14 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans, sem staðið hefur óslitið síðan 16. ágúst 1977, á að koma með fullri dagatölu refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku skotvopns ákærða svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

Það athugast, að lögreglumenn hafa tekið skýrslur af nokkrum vandamönnum ákærða, án þess að séð verði, að

athygli þeirra væri vakin á heimild þeirra til að skorast undan vættisburði, sbr. 3. og 5. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974, sem einnig ber að beita um skýrslur fyrir lögreglu, sbr. 39. gr. sömu laga. Skoruðust vandamennirnir undan að láta uppi skýrslur fyrir dómi. Var eigi rétt að reifa skýrslur þessar í héraðsdómi.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Hjörtur Gústafsson, sæti fangelsi 14 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. ágúst 1977 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku á skotvopni ákærða svo og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. desember 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 15. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 541/1977: Ákæruvaldið gegn Einari Hirti Gústafssyni, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. f. m., gegn Einari Hirti Gústafssyni, Njálsgötu 4 A, fæddum 31. mars 1955 í Reykjavík,

„fyrir að hafa síðdegis mánudaginn 15. ágúst 1977 svipt unnustu sína, Halldóru Ástvaldsdóttur, fædda 7. janúar 1955, lífi með riffilskotum í bifreið ákærða á Rauðhólavegi í Reykjavík.

Framangreindur verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á riffli þeim, sem verknaðurinn var framinn með,

samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

Síðdegis mánudaginn 15. ágúst sl. ók Magnús Grímsson garðyrkjumaður, Háagerði 35 í Reykjavík, bifreið sinni neðan úr borginni áleiðis að Elliðavatni, og var kona hans, Ásdís Pétursdóttir, með honum í bifreiðinni. Magnús beygði af Suðurlandsvegi inn á Rauðhólaveg. Er komið var að hliði, sem er nokkurn spöl frá Suðurlandsvegi, stóð bifreið með erlendu númeri, EYZ 701, í hliðinu, og vissi framendinn til norðurs (að Suðurlandsvegi). Magnús gaf hljóðmerki, þar sem ekki var hægt að aka fram hjá bifreiðinni, og er það bar ekki árangur, fór hann að gæta að, hverju þetta sætti. Hann gekk að vinstri framdyrum EYZ 701 og opnaði þær og spurði ökumann, hvort eitthvað væri að, og svaraði hann þá, að sér væri að blæða út, og er Magnús spurði nánar, kvaðst ökumaður hafa ætlað að drepa sig. Magnús sá blóð á úlnlið vinstri handar mannsins og mikið blóð á gólfinu. Nú kom að annar maður í bifreið, Reynir Alfreð Sveinsson, Elliðavatni, og bjó hann með sáraumbúðum um úlnlið ökumannsins. Enn kom þarna að maður á bifreið, og tók hann að sér að gera lögreglu viðvart. Ekki er vitað, hver maður þessi var, en samkvæmt skýrslu lögreglunnar hefur hún fengið tilkynningu um atburð þennan kl. 1735. Fóru lögregluþjónar þegar á staðinn.

Ökumaður EYZ 701 reyndist vera ákærði, Einar Hjörtur Gústafsson. Í sætinu við hlið hans var Halldóra Ástvaldsdóttir, Holtsgötu 9, fædd 7. jan. 1955, unnusta ákærða. Var hún sveipuð inn í teppi, en undir teppinu hjá henni var riffill. Lögregluþjónarnir létu kalla í sjúkrabifreiðir og gera rannsóknarlögreglu ríkisins viðvart. Komu starfsmenn hennar á vettvang. Ákærði og Halldóra voru flutt í sjúkrabifreiðum í slysadeild Borgarspítalans, og reyndist Halldóra látin af mörgum skotsárum, en ákærði særður á vinstri úlnlið og á brjósti vinstra megin.

Samkvæmt skýrslu dr. Ólafs Bjarnasonar, sem krufði lík Halldóru, fundust á því þessir áverkar:

1) Innskotsop framan til í hársverði í miðlínu, 2.5 cm aftan við hársrætur. Þaðan skotgangur gegnum höfuðkúpuna, niður í gegnum heilann og í gegnum kúpubotninn aftast í fremstu heilagróf þétt upp við miðlínu hægra megin, síðan áfram niður í gegnum harða góminn aftarlega, og fannst kúlan útflött framan til í tungurótum og hafði farið gegnum tunguna.

2) Innskotsop á vinstri kinn, 1.5 cm framan við og 1.5 cm neðan við vinstra eyrnasnepil, og skotgangur inn í gegnum neðri kjálkann, gegnum kjálkann hægra megin og út um húðina á hægri kinn, 5 cm aftan við hægra munnvik og 3 cm ofan við neðri kjálkabrún.

3) Innskotsop aftan og neðanvert vinstra megin á hálsi, rétt við hársrætur, og skotgangur frá því fram á við og niður og inn á við, og hafði kúlan farið út um húðina nálægt miðlínu framan á hálsinum, rétt ofan við jugulu.

4) Innskotsop utanvert á vinstri upphandlegg, 16.5 cm neðan við öxlina, skotgangur frá því upp á við og inn á við aftan við upphandleggsbeinið og síðan ofan við holhönd inn í gegnum brjóstvegginn milli I. og II. rifs. Kúlan hafði snert yfirborð á utan- og framanverðum efsta lappa vinstra lunga, farið í gegnum mediastinum og inn í toppinn á hægra lunga og staðnæmst úti undir yfirborði þess, lateralt efst. Þessi kúla var heilleg.

Ályktun læknisins er á þessa leið: „Við krufninguna fundust fjögur innskotsop á líkama konunnar. Tvær kúlnanna hafa farið út úr líkamanum aftur, og fundust tilsvarandi útskotsop á húðinni. Tvær kúlur fundust í líkinu. Öruggt má telja, að kúla sú, sem fór inn í gegnum framanverða höfuðkúpu niður í gegnum heila og kúpubotn, hafi valdið bana."

Í vottorði Frosta Sigurjónssonar læknis um áverka ákærða, segir, að á vinstri úlnlið lófamegin hafi fundist ca 10 cm langur þverskurður, ekki djúpur, aðallega bundinn við húð og fitulag, en ein sin þó í sundur. Þá var sár framan á brjóstvegg vinstra megin, mitt á milli geirvörtu og miðlínu, áverki, sem svarað gæti til innskotssárs eftir riffilkúlu, og annað sár á aftari holhandarlínu sömu megin, en örlítið neðar en hitt sárið, greinilega útskotsop kúlunnar. Á milli þessara áverka var hægt að finna loft undir húð, sem benti til rifu í brjósthimnu og lunga. Gert var að sárum ákærða og hann lagður á gjörgæsludeild, þar sem hann var til 18. ágúst, er hann var fluttur á aðra deild, þar sem hann var til 24. ágúst, en þá þótti ekki ástæða til að hafa hann lengur í sjúkrahúsinu. Hann er aldrei talinn hafa verið í neinni lífshættu. Í vottorðinu segir, að skotið hafi gengið gegnum vinstra lunga ákærða.

Starfsmenn tæknideildar rannsóknarlögreglu skoðuðu bifreiðina EYZ 701. Í henni var mikið blóð, bæði í farþegasæti og víðar. Blóð var einnig á hurðum og blóðug fingraför á vinstri afturhurð. Tæmd patróna fannst á gólfi undir framsæti og sömuleiðis

tvær kúlur. Göt voru bæði á sæti og baki ökumannsstóls, og í klæðningu á stólnum fannst kúla. Í mælaborði fannst pakki fyrir 50 riffilskot, gildleiki 22, og voru 37 skot eftir í pakkanum. Þar var einnig leyfi handa ákærða til þess að eiga riffil, cal. 22, og var leyfið út gefið 7. maí 1975. Blóðugt rakvélarblað fannst í mælaborði.

Samkvæmt álitsgerð Sævars Þorbjörns Jóhannessonar rannsóknarlögreglumanns var annað fingurfarið, sem áður var getið um, örugglega far eftir þumalfingur hægri handar ákærða og sterkar líkur á, að hitt farið hafi verið eftir löngutöng hægri handar ákærða, en þó ekki næg sérkenni, til þess að það verði fullyrt.

Blóðsýni var tekið úr ákærða kl. 1830 umræddan dag. Í því fannst ekki alkóhól í mælanlegu magni, ekki heldur barbitúrsýrusambönd, díazepam né umbrotsefni þess, desmetyldíazepam. (Rannsóknastofa í lyfjafræði, Þorkell Jóhannesson).

Riffill ákærða er af tegundinni USSR, hlaupvídd 22, með sex skota magasíni. Í rifflinum var tæmt skothylki og í magasíninu tvö skot eftir, og kemur þetta heim við framburð ákærða, er síðar verður rakinn, þ. e. að hann hafi fyllt magasínið og sett skot í hlaupið, en skotið alls 5 skotum.

Ákærði játar það afdráttarlaust, að hann hafi skotið Halldóru Ástvaldsdóttur til bana og að því búnu reynt að fyrirfara sér.

Ákærði kynntist Halldóru sumarið 1972, er þau voru bæði 17 ára að aldri. Þau byrjuðu strax að vera saman og opinberuðu trúlofun sína 24. mars 1973. Þau bjuggu fyrst á heimili foreldra ákærða. Á árinu 1974 keyptu þau sér íbúð við Óðinsgötu, en fluttust í mars 1974 í aðra íbúð, er þau höfðu fest kaup á í húsi nr. 4 A við Njálsgötu, og áttu þau þar heimili næsta ár. Vorið 1976 leigðu þau þessa íbúð út og fluttust til Svíþjóðar og settust að í Nyköping.

Hinn 2. júlí sl. komu ákærði og Halldóra til Íslands í sumarleyfi. Þau gistu fyrstu nóttina bæði á heimili foreldra ákærða, en næsta dag flutti Halldóra sig heim til foreldra sinna á Holtsgötu 9. Hún fór síðan vestur á Tálknafjörð og var þar nokkra daga. Eftir að hún kom aftur, var hún áfram á Holtsgötunni, nema tvær eða þrjár síðustu næturnar, áður en ákærði fór aftur utan, en hann fór 25. júlí. Að öðru leyti segir ákærði, að Halldóra hafi lítið samband haft við hann, eftir að hún kom að vestan. Hún hafi áður en ákærði fór utan sagt honum, að hún mundi koma til Svíþjóðar 7. ágúst.

Ákærði segist hafa fengið nokkur bréf frá Halldóru, eftir að hann var kominn til Svíþjóðar. Eftir að 7. ágúst var liðinn, án þess að Halldóra kæmi, ákvað ákærði að fara heim til Íslands. Hann ók bifreið þeirra Halldóru frá Nyköping til Bergen, tók sér far með bílferjunni Smyrli og kom til Seyðisfjarðar laugardaginn 13. ágúst. Ók hann síðan til Hafnar í Hornafirði, gisti þar aðfaranótt sunnudagsins 14. ágúst, en kom til Reykjavíkur síðdegis þann dag og fór heim til foreldra sinna. Síðan ók hann að Nesti við Háaleitisbraut, en þar hafði Halldóra ráðið sig til afgreiðslustarfa. Ákærði hitti hana að máli, og segir hann, að hún hafi tekið honum dauflega og lítið viljað við hann tala. Hann kveðst hafa spurt hana, hvenær hún hætti að vinna, og hún sagt honum, að vinnu lyki kl. 2330, en bætt við: „Já, en þú sefur ekki hjá mér í nótt."

Ákærði kveðst svo hafa ekið að Nesti um kvöldið og komið þangað kl. 2320 og beðið í grenndinni í bílnum. Halldóra kom síðan frá Nesti og með henni vinkona hennar Elísabet Guðmundsdóttir. Ákærði kveður Halldóru hafa opnað hægri framhurð og sagt, að hún væri að flýta sér, og er hann hafi spurt, hvenær þau gætu rætt saman, hafi hún svarað: „Einhvern tíma á morgun." Síðan hafi þær Elísabet flýtt sér burt og farið inn í strætisvagn og hann misst af þeim.

Ákærði fór svo heim til foreldra sinna og var þar um nóttina. Næsta dag fyrir hádegi tók hann riffil, sem hann átti geymdan í skáp í íbúð foreldra sinna, og kom honum fyrir í bifreið sinni ásamt pakka með skotum. Riffilinn hafði ákærði eignast 1975, og hafði hann tilskilið leyfi lögreglustjóra. Ákærði ók svo að bifreiðastæði við Vitatorg og hlóð riffilinn þar sjö skotum, þ. e. sex skotum í magasínið og einu í hlaupið. Hann kom rifflinum svo fyrir í aftursæti bifreiðarinnar og setti teppi yfir.

Ákærði kveðst síðan hafa ekið að Nesti og hitt Halldóru að máli. Hún hafi sagt, að hún lyki vinnu kl. 1600 um daginn, og kveðst ákærði hafa sagt henni, að hann ætlaði þá að koma, svo að þau gætu rætt saman.

Ákærði kveðst ekki hafa snætt hádegisverð þennan dag. Hann hafi farið heim til systur sinnar Huldu, sem býr í Eyjabakka 7, og staðið þar við um stund og farið þaðan klukkan að ganga 1600. Í bifreiðinni hafði ákærði meðferðis talsvert af fatnaði, sem Halldóra átti, og með þetta fór ákærði upp á Vatnsendahæð og fleygði því þar í lækjarfarveg, og fundust munir þessir þar við rannsókn málsins eftir tilvísun ákærða. Ákærði ók svo eitthvað

um og kom að Nesti, og þar kom Halldóra til hans í bifreiðina, rétt um kl. 1600 að sögn ákærða. Ákærði ók svo sem leið liggur upp úr borginni, og við Rauðavatn beygði hann inn á veg, sem liggur að Elliðavatni (Elliðavatnsveg), og ók nokkurn spöl inn á veginn og nam þar staðar.

Ákærði kveðst svo hafa reynt að ræða við Halldóru um samband þeirra, en hún hafi lítið viljað um það tala. Þau hafi setið þarna í bifreiðinni um það bil 7 mínútur. Þá kveðst ákærði hafa farið út úr bifreiðinni, opnað afturdyrnar og tekið riffilinn undan teppinu. Hann telur, að Halldóra hafi þá horft fram og ekki tekið eftir, hvað hann var að gera. Ákærði kveðst hafa sett riffilinn ofarlega við hægri síðu sína og haldið honum þannig, er hann hleypti fyrsta skotinu á Halldóru. Við skotið hafi hún fallið aðeins til vinstri, en setið þó enn uppi, og þá hafi hann flýtt sér að spenna riffilinn aftur og síðan hafi hann hleypt nokkrum skotum á Halldóru. Hún hafi svo fallið til vinstri yfir ökumannssæti og blóð lagað úr vitum hennar. Ákærði kveðst svo hafa tekið teppið, sem verið hafði yfir rifflinum, og reist Halldóru upp í sætinu og vafið teppinu um hana, en sett byssuna í skaut hennar. Ákærði kveðst svo hafa tekið rakvélarblað, sem hann hafði meðferðis, og skorið á púls vinstri handar. Hann kveðst svo hafa ekið af stað áfram inn Elliðavatnsveg inn með vatninu. Hann kveðst hafa séð, að lítið blæddi úr sári því, sem hann hafði veitt sér, og reynt að skera betur ofan í sárið. Ákærði kveðst svo hafa snúið bifreiðinni við, ekið lítið eitt til baka og numið staðar, tekið svo riffilinn og beint honum að brjósti sér og hleypt af. Hann hafi fundið, þegar kúlan fór gegnum hann, og sér hafi fundist eitthvað bulla í brjósti sínu. Hann hafi ætlað að bíða þarna og láta sér blæða út, en hann hafi þá séð börn á reiðhjólum og ekki viljað láta þau sjá lík Halldóru og því ekið af stað. Hann hafi ekið út á Suðurlandsveg og austur hann, inn á Rauðhólaveg og nokkuð inn fyrir hliðið, snúið þar við og ekið til baka, en er hann hafi komið í hliðið, hafi hann gefist upp, enda hafi kvalirnar þá verið orðnar óbærilegar.

Frásögn ákærða um það, hvar hann hafi skotið Halldóru, er studd öðrum gögnum. Á Elliðavatnsvegi um 600 m frá mótum hans og Suðurlandsvegar fundust þrjú tóm skothylki. Þá hefur eitt vitni, Ólafur Sigurðsson, Ásvallagötu 4, borið, að hann hafi ekið af Suðurlandsvegi suður Elliðavatnsveg á tímabilinu kl. 1620 til 1630 umræddan dag og ekið þá fram á kyrrstæða ljósa bifreið, sem staðið hafi á hægri vegarhelmingi og snúið suður.

Bifreiðin hafi haft erlent skrásetningarmerki. Í framsæti bifreiðarinnar hafi verið tvær manneskjur. Hann hafi ekki sett neitt sérstaklega á sig í sambandi við bifreið þessa, en þetta hafi rifjast upp, er hann sá ljósmynd af bifreið ákærða í blaði. Ólafur telur það vel geta komið heim, að bifreiðin hafi staðið á þeim stað, þar sem skothylkin fundust.

Ákærði heldur því fram, að er hann lagði af stað með Halldóru í bifreiðinni, hafi hann verið staðráðinn í að svipta sjálfan sig lífi í viðurvist Halldóru, en hins vegar ekki að bana henni, en svo hafi það farið einhvern veginn á þá leið, að hann hafi skotið hana fyrst. Ásetningur til þess hafi orðið til allt í einu. Hann hafi verið niðurbrotinn út af því, hvernig farið hafði um sambúð þeirra Halldóru, en ljóst hafi verið orðið, að Halldóra hafi talið sambandi þeirra lokið, svo sem nánar verður rakið hér á eftir.

Ákærði kveðst ekki hafa haft neinar grunsemdir um, að Halldóra ætti vingott við aðra karlmenn, og ekkert hefur heldur annað komið fram í málinu í þá átt. Ákærði tekur fram, að Halldóra hafi ekki tilgreint neinar ástæður fyrir því, að hún vildi slíta sambúð þeirra ákærða.

Rétt þykir að greina frá framburði ákærða á rannsóknarstigi málsins, þar sem hann er að þessu leyti ekki í fullu samræmi við framburð hans við meðferð málsins.

Rannsóknarlögreglan tók skýrslu af ákærða daginn, sem atburðurinn varð, milli kl. 1955 og 2020. Í þeirri skýrslu segir ákærði, að hann hafi tekið riffilinn og hlaðið hann með þeim ásetningi að drepa Halldóru, af því að hún vildi skilja við hann. Hann hafi ákveðið þetta fyrir 2 dögum. Hann kveðst hafa fengið Halldóru í ökuferð til þess að ræða við hana málefni þeirra, en reyndar gert sér ljóst, að það væri ekki til neins, og því ætlað sér að drepa þau bæði.

Þegar skýrsla þessi var tekin, lá ákærði á gjörgæsludeild, og var nokkuð af honum dregið, en hann var þó með fullri meðvitund skv. bókun lögreglumanns þess, sem skýrsluna tók.

Næsta dag var dómþing háð í sjúkrastofunni og ákærða kynnt krafa, sem borin hafði verið fram um gæsluvarðhald. Í bókun segir: „Kærður kveðst játa að hafa ráðið Halldóru Ástvaldsdóttur bana og hafi verkið verið gert af ráðnum hug.“ Ekki var, eins og á stóð, tekin nánari skýrsla af ákærða á þessu dómþingi.

Rannsóknarlögreglumenn yfirheyrðu ákærða svo rækilega fimmtudaginn 18. ágúst. Í þeirri skýrslu segir ákærði, að Hall-

dóra hafi virst vera orðin eitthvað leið, áður en þau fóru frá Svíþjóð, en þó hafi ætlunin verið að fara utan aftur að loknu leyfi, og kveðst ákærði hafa keypt farmiða báðar leiðir fyrir þau bæði og utanför bókuð fyrir bæði 30. júlí og hafi þetta verið gert í samráði við Halldóru. Eftir að komið var til Íslands, kveður ákærði hafa tekið að bera á ósamkomulagi í ýmsum greinum milli þeirra Halldóru. Hún hafi verið afundin við hann fyrsta kvöldið í Reykjavík, eftir að hún hafði brugðið sér í heimsókn til foreldra sinna. Þá hafi hún farið til Tálknafjarðar án samráðs við hann og út af þeim fyrirætlunum þeirra hafi nær komið til handalögmáls milli þeirra þetta fyrsta kvöld. Ákærði kveðst hafa talað við móður Halldóru um, að hann vildi sættast við Halldóru, og Halldóra hafi eftir þetta hringt til hans af Tálknafirði og fundið að því, að hann væri að ónáða móður hennar, og í sama skipti hafi hún sagt, að allt væri búið á milli þeirra. Eftir að hún kom að vestan, hafi hún haldið til á Holtsgötu hjá foreldrum sínum, nema síðustu næturnar áður en ákærði fór utan. Hún hafi verið um stund óákveðin í því, hvort hún kæmi aftur til Svíþjóðar, en þó um það lauk ákveðið, að hún mundi koma 7. ágúst, eins og áður segir, og samþykkt, að ákærði sækti fyrir hana um sjúkraliðanám í Örebrot, en um það hafði áður verið rætt milli þeirra. Ákærði kveðst hafa fengið nokkur bréf frá Halldóru, eftir að hann kom til Svíþjóðar, þar á meðal eitt, sem hafi orðið til þess, að hann ákvað að fara heim. Eftir að ákærði ræddi við Halldóru að kvöldi 14. ágúst, kveðst hann hafa um nóttina brotið mjög heilann um það, hvað gera skyldi, og hefði hann þá verið að hugsa um að láta eitt yfir bæði ganga, en þó verið mjög á báðum áttum.

Við meðferð málsins kannaðist ákærði við þessar skýrslur sínar sem réttar í aðalatriðum, en vildi nú ekki viðurkenna, að ásetningur um að verða Halldóru að bana hefði mótast fyrr en í sama mund og hann vann verkið.

Áður var lýst orðaskiptum Magnúsar Grímssonar við ákærða, en hann sagði Magnúsi, að hann hefði ætlað að drepa sig. Vitnið Reynir Alfreð Sveinsson sagði í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu, að hann hefði spurt ákærða, hvað komið hefði fyrir, og hann svarað: „Ég skaut mig.“ Er Reynir kom fyrir dóm sem vitni hinn 7. þ. m. minnist hann ekki orðaskipta við ákærða.

Vitnið Benedikt Helgi Benediktsson var annar þeirra lögregluþjóna, sem komu fyrst á staðinn. Hann kveðst hafa spurt ákærða,

þar sem hann sat í bifreiðinni, hvað hent hefði, og hann svarað á þessa leið: „Ég skaut unnustu mína“, og er hann var nánar spurður, hafi hann haldið áfram: „Ég elskaði hana það mikið, að ég gat ekki hugsað mér, að hún lifði lengur, enda ætlaði ég að svipta mig lífi.“ Hann hafi sagt, að hann hefði skotið hana og sjálfan sig á eftir. Benedikt Helgi kveðst hafa spurt, hvort honum blæddi og hvort honum væri að blæða út, en hann svarað eitthvað á þá leið, að ekki hefði blætt nóg. Eiríkur Pétursson lögregluþjónn, sem kom á staðinn um leið og Benedikt Helgi, kveðst ekki hafa átt orðaskipti við ákærða.

Vitnið Elísabet Guðmundsdóttir, Ránargötu 8 A, 20 ára að aldri, segir, að þær Halldóra hafi verið góðar vinkonur árum saman. Hún segir, að þær hafi hist, nokkru eftir að Halldóra og ákærði komu til Íslands í sumar, og þá hafi Halldóra sagt henni, að trúlofun hennar og ákærða væri lokið og þau hefðu ákveðið að slíta sambúð sinni. Það hafi komið fram í máli Halldóru, að þetta hefði lengi staðið til og hún væri nú mjög hamingjusöm yfir að vera nú frjáls. Þær Halldóra hafi eftir þetta haft mikið samband. Snemma í ágúst hafi Halldóra frétt, að von væri á ákærða til landsins, og hafi hún verið mjög miður sín út af því. Elísabet kveðst hafa komið til Halldóru á vinnustað hennar í Nesti að kvöldi 14. ágúst og þá hafi Halldóra sagt, að ákærði hefði komið að máli við hana og sagst mundu hitta hana á ný, er vinnu lyki. Hefði hún verið dauðskelkuð út af þessu og þær ákveðið, að Halldóra færi með Elísabetu heim til hennar og gisti þar um nóttina. Elísabet kveðst svo hafa verið þarna, uns lokað var, og hafi þær Halldóra ætlað að reyna að komast burt, áður en ákærði kæmi, en hann hafi orðið fyrri til á staðinn. Hann hafi átt einhver orðaskipti við Halldóru og hún ekki viljað fara með honum. Elísabet kveðst þá hafa séð strætisvagn vera að koma og hnippt í Halldóru og þær síðan hlaupið að vagninum og inn í hann. Hafi ákærði elt strætisvagninn í bifreið sinni, en þeim tekist að stinga hann af með því að skipta um vagn á Laugavegi, án þess ákærði yrði þess var. Elísabet segir Halldóru hafa verið mjög hrædda og í vagninum hafi hún sagt: „Ég gæti vel trúað því, að Einar ætti eftir að drepa mig.“ Þær fóru svo heim til Elísabetar, og þar var Halldóra um nóttina. Um morguninn urðu þær samferða í strætisvagni til vinnu, og skildi síðan með þeim. Sama dag, kl. 1430, segir Elísabet, að Halldóra hafi hringt í hana og sagt, að ákærði hefði fundið hana að máli. Þau hefðu

orðið ásátt um að slíta sambúð sinni og ákveðið að hittast eftir vinnu og mundi hann þá afhenda henni dót, sem hún ætti hjá honum. Hafi Halldóra virst fegin þessum málalokum.

Hulda Gústafsdóttir, Eyjabakka 17, systir ákærða, skoraðist undan að bera vitni við meðferð máls þessa, en hún hafði skýrt rannsóknarlögreglunni frá því, að ákærði hefði komið á heimili hennar umræddan dag rétt eftir kl. 1300 og staðið við þar til nokkru eftir kl. 1500. Hann hafi ekki verið óeðlilegur í framkomu, en þó virst hafa hug á að ræða eitthvað við hana. Úr því hafi þó ekki orðið, enda hafi börn hennar verið heima og auk þess hafi kona komið í heimsókn.

Guðrún Jóhanna Einarsdóttir, Hverfisgötu 49, móðir ákærða, skoraðist einnig undan því að bera vitni, en hún hafði skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að sambúð ákærða og Halldóru hafi stundum verið stirð og er þau komu hingað í sumar, hafi litið út fyrir það, að sambúðin væri að rofna. Guðrún kveður ákærða hafa hringt til hennar frá Svíþjóð 6. ágúst og sagt, að sér leiddist mjög og hann væri að hugsa um að koma heim, og hann hafi beðið hana að sækja Halldóru og hann mundi svo tala við hana. Þetta kvaðst Guðrún hafa gert og ákærði hafi svo hringt aftur, en þá hafi sambandið verið svo slæmt, að ekki hafi orðið úr samtali milli þeirra Halldóru og ákærða. Guðrún segir, að Halldóra hafi í þetta skipti sagt við hana, að hún færi ekki utan aftur. Þá segir Guðrún, að ákærði hafi hringt til hennar úr Smyrli kl. 1800 fimmtudaginn 11. ágúst og látið vita um komu sína, og segir Guðrún, að hún muni þá hafa látið orð falla í þá átt, hvort ekki væri allt búið milli þeirra ákærða og Halldóru, en það hafi svo ekki verið rætt frekar.

Faðir ákærða, Gústaf Adolf Hjartarson, óskaði einnig eftir að vera undanþeginn vitnisburði í málinu, en hann hafði gefið rannsóknarlögreglunni skýrslu. Samkvæmt henni hitti ákærði hann að máli, þar sem hann var við vinnu sína sem næturvörður í Verzlunarbankanum á sunnudagskvöld, og þeir ræddust við um stund. Næsta dag fór ákærði óvænt út kl. 1200. Þá var Gústaf að elda hádegismat og sagði ákærða að koma aftur eftir 15—20 mínútur, þá yrði maturinn tilbúinn. Ákærði sagðist mundu koma, en kom ekki, og vissi Gústaf svo ekki meira um ferðir hans.

Foreldrar Halldóru, Ástvaldur Snæfeld Eiríksson og Guðbjörg María Helgadóttir, og systir Halldóru, Ásdís Hrönn Ástvaldsdóttir, hafa borið vitni í málinu. Ástvaldur kveðst hafa orðið

þess fljótlega var eftir heimkomu ákærða og Halldóru í sumar, að ekki var allt með felldu um sambúð þeirra. Hann segir, að þegar Halldóra frétti, að ákærða væri von heim með Smyrli, hafi sett að henni kvíða. Hún hafi reyndar ekki talað mikið við sig um samband sitt við ákærða og hafi móðir Halldóru vitað meira um það.

Guðbjörg María segir, að Halldóra hafi, skömmu eftir að hún og ákærði komu frá Svíþjóð, komið heim á Holtsgötu og beðið um að fá að búa þar, því hún væri búin að fá nóg af ákærða og hefði slitið samvistir við hann. Hefðu þau ákærði og Halldóra haft lítið samband eftir þetta, meðan ákærði var hér heima. Guðbjörg María segir, að Halldóra hafi orðið mjög kvíðafull, er hún frétti það 12. ágúst, að ákærði væri á heimleið, og hafi hún þá ákveðið að fá að gista hjá Elísabetu vinkonu sinni. Kveðst Guðbjörg María síðast hafa séð Halldóru laugardaginn 13. ágúst.

Ásdís Hrönn Ástvaldsdóttir, systir Halldóru, segir, að eftir að ákærði og Halldóra voru komin heim frá Svíþjóð, hafi fljótt komið í ljós, að Halldóra ætlaði að slíta sambúðinni við ákærða. Ásdís kveðst hafa farið til Tálknafjarðar með Halldóru og þá hafi Halldóra verið búin að taka ofan trúlofunarhringinn. Ásdís kveðst ekki hafa komið að vestan fyrr en eftir að ákærði var farinn utan. Hún segir, að það hafi fengið mjög á Halldóru, er von var á ákærða heim aftur. Ásdís kveðst hafa síðast hitt Halldóru um hádegi mánudaginn 14. ágúst á vinnustað Halldóru. Hafi hún þá greint frá fundi þeirra ákærða daginn áður og verið mjög skelkuð.

Skyldfólk Halldóru hefur rakið allmjög, hvernig sambúð ákærða og Halldóru hafi verið í gegnum tíðina, og telur það ákærða hafa verið mjög ráðríkan og þverlyndan og sérstaklega reynt að koma í veg fyrir, að Halldóra hefði samband við foreldra sína og systkini. Hafi ákærði haft á henni strangar gætur, svo hún hafi aldrei mátt fara neitt ein, og stundum hafi komið til ágreinings milli þeirra, svo legið hafi við samvistarslitum. Einnig hafi hann stundum sýnt Halldóru ofríki, jafnvel lagt á hana hendur. Kunna vitni þessi að greina frá ýmsum atvikum í þessa átt, en ekki þykir ástæða til þess að rekja þau hér. Faðir Halldóru kveður ákærða þó hafa verið kurteisan í návist sinni, en aðra sögu sé að segja um afstöðu hans til fjölskyldu Halldóru að öðru leyti, en ákærði hafi jafnan reynt að spilla sambandi hennar við fjölskyldu hennar og vini. Framburður vitnisins Elísabetar Guðmundsdóttur gengur í sömu átt. Halldóra hafi snemma á sam-

vistarárum þeirra ákærða sagt, að hann væri svo ofstækisfullur gagnvart sér, að hún mætti varla hreyfa sig, nema spyrja hann leyfis. Hann hafi verið afbrýðisamur út í Halldóru, gersamlega að tilefnislausu. Þá kveður Elísabet framkomu ákærða gagnvart henni hafa verið óviðfelldna og hafi hann oft verið að leita á hana og káfa á henni að Halldóru viðstaddri.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur bréf til Halldóru frá ákærða, rituð eftir að hann fór utan 25. júlí. Ekki er þörf að rekja hér efni bréfa þessara, en þau bera með sér, að ákærði hefur verið í miklu uppnámi út af því, hvernig sambandi þeirra Halldóru var komið.

Samkvæmt gögnum, er rannsóknarlögreglan aflaði hjá skrásetningardeild Loftleiða, hafði Halldóra upphaflega átt bókað far frá Keflavík til Arlanda 31. júlí. Bókun þessi var gerð hjá SAS í Kaupmannahöfn 11. febrúar og endurstaðfest í Reykjavík 15. júlí, en far ákærða þá afpantað. Hinn 20. júlí afpantaði Halldóra svo farið 31. júlí og fékk bókað far fyrst til Oslo 6. ágúst, en breytti því svo í far Keflavík-Arlanda 7. ágúst. Bókun þessa afpantaði Halldóra svo 2. ágúst.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði er fæddur og uppalinn hjá foreldrum sínum hér í Reykjavík. Hann er yngstur þriggja systkina. Hann gekk í skóla hér í borg, en reyndist jafnan áhugalítill og latur við nám, og skólagöngu hans lauk með því, að hann gekk úr Vörðuskóla á miðjum vetri 1972. Hann stundaði að því loknu ýmiss konar verkamannavinnu, en skipti oft um starf. Áður en hann fluttist til Svíþjóðar, vann hann síðast hjá verslunarfyrirtæki við útkeyrslu. Í Nyköping vann hann sem vörubílstjóri. Um síðustu áramót hóf hann undirbúning að útvarpsvirkjanámi.

Um skeið á unglingsárum neytti ákærði að eigin sögn áfengis í óhófi, en dró mjög úr því, er hann var 17 ára og hafði kynnst Halldóru. Hann hefur ekki sætt refsingu, nema hvað hann sættist 7. mars 1972 á greiðslu sektar og missi réttar til að öðlast ökuleyfi 3 mánuði fyrir ölvun við akstur. Meðal gagna málsins er skýrsla rannsóknarlögreglu, er sýnir, að ákærði hefur verið undir rannsókn fyrir að hafa kveikt í gripahúsum á Grjóteyri í Andakíl í maí 1972. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi hafst við í gripahúsunum eina nótt og kveikt þar eld, en neitar því, að hann hafi af ásetningi kveikt í húsunum. Þá hefur ákærði sumarið 1975 verið kærður af einum af húseigendum á Njálsgötu 4 A

fyrir að hafa í heimildarleysi numið brott tré af sameiginlegri lóð þeirra.

Að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins rannsakaði Ásgeir Karlsson geðlæknir geðheilbrigði ákærða, og er meðal gagna málsins rækileg skýrsla um rannsókn þessa. Verður hér tekinn upp síðasti hluti skýrslu þessarar, þar á meðal niðurstöðukafli:

„Geðskoðun:

Einar Hjörtur Gústafsson er tæplega meðalmaður á hæð, grannvaxinn, samsvarar sér vel, engir kækir eða óeðlilegar hreyfingar merkjanlegar. Andlit fremur smágert, er með yfirskegg. Svipbrigði ekki tiltakanlega ör eða lítil. Samvinna við Einar er góð, en dálítið yfirborðsleg, þar eð erfitt er að komast í náið tilfinningalegt samband við hann. Þannig á hann auðveldast með að gefa þær upplýsingar, sem ekki eru mjög tilfinningalega hlaðnar, hann á erfitt með að lýsa samskiptum sínum og tilfinningum gagnvart fólki, sem hann hefur mest haft samskipti við, verður þó oft eins og mjög á varðbergi og allt að því tortrygginn. Geðbrigði eru yfirleitt mjög lítil og grunn, án þess að Einar virðist gera sér far um að hafa á þeim sérstaklega mikla stjórn. Geðslag verður að teljast oftast því sem næst hlutlaust. En undir niðri má greina lítilsháttar kvíða og geðlægðareinkenni, sem virðist vera Einari að mestu ómeðvitað. Tal hans er eðlilegt, bregst yfirleitt eðlilega fljótt við spurningum, svarar yfirleitt fremur stuttlega og skorinort og frásögn því fremur blæbrigðalítil. Engar meiriháttar truflanir koma fram viðvíkjandi hugsun eða hugsanatengslum, hugsun þó áberandi sjálfmiðuð. Hugsanagangur hans í heild virðist vera fremur hlutbundinn og hæfileiki til þess að draga ályktanir eða setja sig í spor annarra fremur takmarkaður. Ekkert kemur fram, sem bendir til þess, að Einar hafi ofskynjanir af nokkru tagi, og engar haldvillur koma fram. Minni hjá Einari er all gloppótt, en er þó allnákvæmt hvað viðvíkur eigin lífsferli og atburðarás s.l. mánuði. Líkt og hann eigi auðveldast með að muna þá hluti, sem snúa hvað mest að honum sjálfum og hann álíti að vera þess virði að muna. Dómgreind hans er sömuleiðis allmikið áfátt, einkennist fyrst og fremst af mikilli sjálfmiðun og lakri greind. Engar truflanir koma fram á meðvitund (áttum).

Niðurstaða:

Ég tel, að Einar Hjörtur Gústafsson sé hvorki haldinn geðveiki (psychosis) né fávitahætti (inferioritas intellectualis),

heldur greind hans lítil eða á efra tornæmu stigi. Hann er hins vegar haldinn miklum persónuleika- og skapgerðargöllum (personality disorder), sem koma fram í óþroskuðu og grunnu tilfinningalífi. Stjórn tilfinninga er slæm, og aðalvarnarhættir hans eru bæling og afneitun. Varnarhættir þessir duga honum illa, ekki sízt er honum finnst öryggi sínu eða sjálfsvirðingu á einhvern hátt ógnað eða misboðið. Þá nægja þessir varnarhættir honum engan veginn til, og hvatir, svo sem reiði og árásargirni, brjótast fram. Greina má hjá Einari mikla þörf fyrir að vera öðrum háður. Rekja má þessa þörf hans e. t. v. til mikillar móðurbindingar í bernsku og vangetu síðar meir til þess að mynda eðlileg tilfinningasambönd við aðra, getur slíkt bæði verið orsök eða afleiðing af skapgerðargalla, sem lýsir sér mest í einþykkni og stífni og tilhneigingu til þess að ráða yfir þeim, sem hann binzt eða gerir sig háðan.

Einar Hjörtur Gústafsson telst sakhæfur, líkur á geðlæknismeðferð fyrir Einar teljast litlar."

Álit dómsins.

Ákærði skaut Halldóru Ástvaldsdóttur fjórum riffilskotum í bifreið þeirra á Elliðavatnsvegi síðdegis mánudaginn 15. ágúst sl. Hann hafði búið með Halldóru sl. 4—5 ár, en honum var orðið ljóst, að Halldóra hafði ákveðið að slíta sambandi þeirra að fullu. Við það gat hann ekki sætt sig, og hann ákvað að svipta Halldóru lífi og sig á eftir. Ljóst er, að hann varð Halldóru að bana af ásetningi. Vandi er að fullyrða um, hvenær sá ásetningur hafi mótast, en þegar litið er til skýrslna þeirra, sem ákærði hefur gefið í máli þessu, og til allra athafna hans, þykir verða að gera ráð fyrir því, að hann hafi verið búinn að hugleiða það með nokkrum fyrirvara, a. m. k. aðfaranótt mánudagsins, að ráða Halldóru bana, hvort sem sá ásetningur hefur mótast til fulls fyrr en síðar. Þessi viðbrögð ákærða við þeirri ákvörðun Halldóru að slíta sambandi þeirra skýrast að nokkru af þeirri lýsingu á geðhögum ákærða, sem fyrir liggja í málinu og áður er lýst.

Ákærði hefur þannig unnið til refsingar skv. 211. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar þykja refsilækkunarástæður 75. gr. hegningarlaga ekki koma til greina né heldur neinar af ástæðum þeim, sem um ræðir í 74. gr. hegningarlaga. Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 16 ár.

Samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar, en ákærði var

úrskurðaður í gæsluvarðhald 16. ágúst og hefur setið í því síðan, eða í 121 dag.

Taka ber til greina kröfu ákæruvalds um, að skotvopn ákærða verði gert upptækt til handa ríkissjóði skv. 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga.

Samkvæmt 141. gr. laga 74/1974 ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 kr., og enn fremur málssóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 kr., en sækjandi af hálfu ákæruvaldsins var Jónatan Sveinsson saksóknari.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Hjörtur Gústafsson, sæti fangelsi 16 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans, 121 dagur, komi refsingunni til frádráttar.

Skotvopn ákærða skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 kr., og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 kr.

Sératkvæði

Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara.

Ég er sammála forsendum atkvæðis meiri hluta dómenda svo og niðurstöðum þess að öðru leyti en því, að ég tel, að refsing ákærða væri hæfilega ákveðin 12 ára fangelsi.

Fimmtudaginn 21. júní 1979.

Nr. 104/1977. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ásgeiri Ingólfssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Manndráp. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

I.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu 20. apríl 1977 var dómi í máli þessu áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Hér fyrir dómi krafðist ríkissaksóknari þess, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 29. nóvember 1975 til 6. desember s. á. kæmi eigi refsingu hans til frádráttar. Þá lýsti ríkissaksóknari yfir því, að af hálfu ákæruvalds væri eigi talið sannað, að verðmæti þau, er ákærða er gefið að sök að hafa tekið ófrjálsri hendi í skrifstofu Vélsmiðjunnar Héðins h/f hinn 27. nóvember 1975, hafi samtals numið hærri fjárhæð en 3.175.950 krónum. Beri því að líta á II. tölulið ákæruskjals í ljósi þessa.

II.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Með bréfi 3. nóvember 1977 sendi ríkissaksóknari Læknaráði endurrit gagna málsins og beiddist svars þess við eftirfarandi spurningu: „Fellst Læknaráð á niðurstöðu álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Ásgeirs Ingólfssonar . . . ?“ Er álitsgerð Ásgeirs Karlssonar geðlæknis tekin upp í hinn áfrýjaða dóm.

Í ályktun réttarmáladeildar Læknaráðs 16. desember 1977,

sem staðfest var sem úrskurður Læknaráðs 24. janúar 1978, segir svo: „Læknaráð fellst á niðurstöðu Ásgeirs Karlssonar, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, dags. 18. desember 1976".

Meðal nýrra gagna, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, eru allmörg um útgáfu lyfseðla til ákærða og lyfjanotkun hans á um tveggja ára tímabili fyrir atburðinn að Miklubraut 26. Meðal gagna þessara er nánari greinargerð Karls Strand yfirlæknis um lyfseðla þá, er hann gaf út til ákærða á tímabilinu 13. september 1974 til 28. júlí 1976. Þá er einnig þeirra á meðal vottorð Hauks Jónassonar læknis um útgáfu lyfseðla til handa ákærða á tímabilinu 19. febrúar 1975 til 11. júní 1976. Leitaði ákærði til þess læknis vegna magakvilla. Gaf hann ákærða lyf við sjúkdómi þessum, auk þess sem læknirinn lét honum í té lyfseðla fyrir lyfjum við taugaóstyrk, þunglyndi og vandkvæðum með svefn.

Eftir tilmælum verjanda ákærða sendi ríkissaksóknari 28. september 1978 framangreindar skýrslur læknanna auk nokkurra annarra gagna til prófessors, dr. med. Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, og óskaði umsagnar hans „um sennileg eða möguleg áhrif lyfjatöku ákærða samkvæmt hinum nýju gögnum í málinu". Þá segir í bréfi ríkissaksóknara: „Í því sambandi er vakin athygli yðar á ákvæðum 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en ljósrit af lagagreininni fylgir hjálagt."

Í umsögn prófessors Þorkels Jóhannessonar, dags. 11. desember 1978, segir svo:

„Fullyrðing undirritaðs í bréfi til Sakadóms Reykjavíkur 18. 2. 1977 þess efnis, að ekki sé útilokað, að mikil og misjöfn taka lyfja á borð við nítrazepam og díazepam kunni að valda árásarhneigð og snöggum árásarviðbrögðum hjá mönnum, sem haldnir eru hömlum og bælingu, fær stuðning í ritgerð A. DiMascio og í ritstjórnargrein í Brit. Med. J. 18. janúar 1975, en báðar þessar greinar eru í gögnum málsins. Í seinni greininni er vikið að því, að geðklofa mönnum sé þarna sérlega hætt.

Í gögnum málsins er einnig vikið að hjáverkunum geðdeyfðarlyfja, sbr. Lancet 4. mars 1972, bls. 529—531. Er þar bent á, að geðveiki, rangskynjanir, rugl og æsingur komi fyrir hjá litlum hluta sjúklinga, er þessi lyf taka. Í gögnum málsins er enn fremur grein eftir R. Dugal et al., sem rennir stoðum undir þá skoðun, að díazepam gæti aukið á verkun og hjáverkanir geðdeyfðarlyfsins amítriptýlíns.

Sakborningur hefur samkvæmt athugasemdum I, sem eru í gögnum málsins, fengið amítriptýlín í allstórum skömmtum frá hausti 1974 og fram á sumar 1976. Á sama tíma fékk sakborningur einnig allstóra skammta af díazepami og venjulegan svefnskammt af nítrazepami á degi hverjum. Að auki fékk sakborningur á sama tímabili allstóra skammta af perfenazíni, sem er sefandi lyf og er m. a. notað við geðklofa. Að vísu virðist svo sem upplýsingar um töku lyfja á árinu 1976 séu ekki eins glöggar og árin á undan.

Í gögnum málsins er sömuleiðis ritgerð eftir L. F. Gram & K. F. Overø, sem birtist í Brit. Med. J. 19. febrúar 1972 og fjallar um það, hversu samtímis gjöf sefandi lyfja getur hamlað umbrotum geðdeyfðarlyfja hjá mönnum.

Skoðun undirritaðs er sú, að sakborningur hafi samanlagt fengið svo mikið af lyfjum, að hann kunni af þeim sökum að hafa verið ósjálfráður gerða sinna. Það er þannig fyllilega innan marka þess, er gæti gerst, að díazepam og perfenazín hafi aukið svo á hjáverkanir amítriptýlíns, að maðurinn hafi þess vegna verið bæði ruglaður og æstur langt umfram það, er svarað gæti til töku amítriptýlíns eins sér í greindum skömmtum. Þá er enn eftir hugsanleg áhrif díazepams á hegðunarmynstur mannsins. Telur undirritaður þannig, að ákvæði 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 geti vel átt við sakborning."

Með bréfi, dags. 17. janúar 1979, sendi ríkissaksóknari Læknaráði endurrit skjala, sem aflað hafði verið eftir 3. nóvember 1977. Óskaði ríkissaksóknari að nýju umsagnar Læknaráðs og beiddist svars við eftirfarandi spurningu: „Fellst Læknaráð á álit prófessors Þorkels Jóhannessonar í bréfi hans, dags. 11. desember 1978?"

Ályktun réttarmáladeildar Læknaráðs 20. apríl 1979, sem staðfest var sem úrskurður ráðsins 5. júní 1979, er svohljóðandi: „Læknaráð fellst á þá fræðilegu möguleika, sem fram koma í vottorði prófessors Þorkels Jóhannessonar. Hins vegar telur læknaráð, að ráða megi af öðrum gögnum málsins, sérstaklega álitsgerð Ásgeirs Karlssonar, að ákærði hafi hvorki verið ruglaður (confuse) né ósjálfráður gerða sinna, er hann framdi afbrotið".

III.

Sannað er, að ákærði hefur gerst sekur um að hafa framið brot þau, er í ákæru getur og nánar er lýst í héraðsdómi. Eru brot þar réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Samkvæmt álitsgerð Ásgeirs Karlssonar geðlæknis og úrskurðum Læknaráðs verður að telja ákærða sakhæfan. Með hliðsjón af úrskurði Læknaráðs 5. júní 1979 þykir eigi unnt að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 75. gr. almennra hegningarlaga, og ekki eiga hér við nein ákvæði 74. gr. þeirra laga. Að þessu athuguðu og málavöxtum öllum verður ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða staðfest.

Ákærði er í gæsluvarðhaldi og hefur óslitið sætt því síðan 28. ágúst 1976. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga er rétt, að gæsluvarðhald hans frá þessum degi komi refsivist hans til frádráttar. Ekki eru efni til, að gæsluvarðhald hans frá 29. nóvember 1975 til 6. desember s. á. komi refsingu hans til frádráttar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til Vélsmiðjunnar Héðins h/f, en hér fyrir dómi lýsti skipaður verjandi ákærða því yfir, að ekki væru gerðar neinar athugasemdir að því er bótakröfuna varðar.

Loks ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 500.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Ásgeirs Ingólfssonar, á að vera óraskað.

Gæsluvarðhaldsvist hans frá 28. ágúst 1976 skal koma refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 500.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. mars 1977.

Ár 1977, föstudaginn 4. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Haraldi Henryssyni, sem er dómsformaður, Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 132/1977: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Sakarefni.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 13. janúar 1977, á hendur ákærða, Ásgeiri Ingólfssyni, Reynimel 84, Reykjavík, fæddum þar í borg hinn 26. júlí 1934. Er ákæruatriðum og dómkröfum þannig lýst í ákæruskjali:

„I.

1. Manndráp, með því að hafa um hádegisbilið fimmtudaginn 26. ágúst 1976 að Miklubraut 26 í Reykjavík veitt Lovísu Kristjánsdóttur, Eiríksgötu 17, Reykjavík, höfuðáverka með járnstykki, er leiddu hana til dauða. Þykir þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa — skömmu áður en atburður sá, er um ræðir í 1. lið, varð — farið inn í húsið Miklubraut 26 í Reykjavík og stolið þaðan kr. 20.000 í peningum, 62 frímerkjaumslögum, er

ákærði taldi hafa að geyma frímerki, þremur kvengullúrum, sex armböndum, fimm hálsfestum, þremur hálsmenum, þremur eyrnalokkum og einni brjóstnælu.

II.

Þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 27. nóvember 1975 farið í fjárhirslur Vélsmiðjunnar Héðins h.f. að Seljavegi 2 í Reykjavík og stolið þaðan þremur peningakössum, sem í voru peningar, ávísanir, víxlar, skuldabréf og frímerki, samtals að fjárhæð allt að kr. 4.364.500.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

I.

1. Fimmtudaginn 26. ágúst 1976, um kl. 2120, komu á lögreglustöðina við Hverfisgötu hér í borg tveir menn, Jónatan Hallgrímsson, Eiríksgötu 17, og Rúnar Hannesson, Álftamýri 10, báðir hér í borg, og voru þeir komnir til að leita aðstoðar lögreglu til að komast inn í íbúð að Miklubraut 26, því þeir hefðu grun um, að eitthvað hefði komið fyrir konu Jónatans, Lovísu Kristjánsdóttur, þar inni. Jónatan sagði, að fólkið, er byggi að Miklubraut 26, hefði farið til London síðastliðinn þriðjudag, en Lovísa hefði tekið að sér gæslu íbúðarinnar, þ. e. vökva blóm og fleira. Hefði Lovísa farið fyrr um daginn til kunningjafólks uppi í Hlíðum, en síðan ætlað að Miklubraut 26. Kvaðst hann hafa farið að undrast um Lovísu, er hún kom ekki heim, og því hafi hann fengið fyrrnefndan Rúnar til að aka með sig að Miklubraut 26. Þar hefðu þeir komið að læstum dyrum og hringt dyrabjöllu án árangurs. Kváðust þeir hafa séð skó og veski Lovísu inn um glugga hússins og hefðu því grun um, að ekki væri allt með felldu. Lögreglumennirnir Þorfinnur Steinar Finnsson, Bjarni Hólm Bjarnason og Hrafn Marinósson fóru á staðinn, og gerði sá fyrstnefndi frumskýrslu um mál þetta. Lögreglumennirnir könnuðu fyrst dyr og glugga íbúðarinnar, en allt var lokað. Tóku þeir það ráð að spenna upp kjallaraglugga íbúðarinnar með kúbeini, og Hrafn Marinósson fór inn um glugga og opnaði síðan fyrir hinum útidyrahurðina.

Að því er séð varð, var allt í röð og reglu í íbúðinni, en við leit fundu lögreglumennirnir Lovísu, þar sem hún lá á grúfu

neðan við hringstiga, sem liggur niður í kjallara hússins. Var hún með svöðusár ofan á höfði, svo mikið, að heili lá úti. Var hún greinilega látin fyrir nokkru, því fætur voru farnir að stirðna. Á teppi, sem er á stofugólfi íbúðarinnar, og einnig á holi innan við útidyr voru blóðdropar, sumir allstórir. Samkvæmt lögregluskýrslunni var greinilegt, að eitthvað hafði verið dregið yfir blóðdropa þessa í átt að áðurnefndum hringstiga, er liggur niður í kjallarann, því dregið var úr þeim í þá átt. Einnig voru blóðslettur á stiganum og veggjunum í námunda við hann. Einn blóðdropi var á gólfi geymsluherbergis, sem er hið næsta herbergi við það, er Lovísa fannst í. Á því herbergi eru dyr út í garð bak við húsið, en hurðin var læst og hespuð að innanverðu.

Rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Sveinbjörn Bjarnason voru kallaðir á staðinn og tóku málið að sér. Einnig komu á staðinn Halldór Jónsson aðstoðarborgarlæknir og Jónas Hallgrímsson læknir.

Framangreindir þrír lögreglumenn hafa komið fyrir dóm og lýst aðkomu sinni á vettvang. Þorfinnur Steinar Finnsson lögregluþjónn, Hraunteigi 22, Reykjavík, hefur staðfest skýrslu sína í málinu, sem frásögn hér að framan er byggð á, og jafnframt skýrt svo frá, að þeir lögreglumennirnir hafi ekki hreyft við neinu á vettvangi, áður en rannsóknarlögreglumenn og læknar komu á staðinn.

Vitnið Hrafn Marinósson lögreglumaður, Miklubraut 68, skýrði svo frá, að þeir lögreglumennirnir hafi talið fulla ástæðu til þess að fara inn í húsið, en það hafi ekki reynst unnt öðruvísi en með því að spenna upp glugga á bakhlið hússins, sem er þar við stigaop niður í kjallara. Fór vitnið inn um gluggann og kom inn á 1. hæð, en rökkur var í húsinu. Vitnið sá ekkert sérstakt fyrst í stað og gekk fram í anddyrið og opnaði útidyr fyrir hinum lögreglumönnunum og þeim Jónatan Hallgrímssyni og Rúnari Hannessyni. Vitnið gekk síðan upp á 2. hæð, en sá þar ekkert sérstakt, en gekk síðan niður aftur og niður í kjallarann. Á gólfinu neðan við stigann í kjallaranum lá konan meðfram neðsta þrepinu, og sneri höfuð henar í vestur. Lá hún á grúfu, og sá vitnið, að blóð var í kringum höfuð hennar, en leit ekki nánar á það þá, enda var dimmt þarna niðri. Vitnið þreifaði á handlegg konunnar og fann, að hann var kaldur og stirður, en það hreyfði líkið ekkert. Það gekk síðan upp aftur og tilkynnti, að konan væri látin. Bað vitnið síðan Bjarna Bjarnason að fara út í lögreglubifreiðina og biðja um, að rannsóknarlögreglumenn og borg-

arlæknir yrðu kvaddir á staðinn. Vitnið fór síðan aftur niður í kjallara og athugaði líkið nánar, eftir að það hafði kveikt ljós þarna í herberginu, og sá það þá áverka á höfði konunnar. Fór vitnið síðan aftur upp og benti félögum sínum og hinum mönnunum tveimur á að hrófla við engu, og biðu þeir eftir rannsóknarlögreglumönnum og borgarlækni, er komu þar skömmu síðar.

Vitnið Bjarni Hólm Bjarnason lögreglumaður, Langholtsvegi 158, hefur skýrt frá á sama veg og hinir lögreglumennirnir um aðkomu að Miklubraut 26 umrætt sinn.

Vitnið Jónatan Hallgrímsson, Eiríksgötu 17, 75 ára að aldri, sambýlismaður Lovísu heitinnar Kristjánsdóttur, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þau Lovísa hafi búið saman í u. þ. b. 18 ár. Það segir, að hinn 26. ágúst sl. hafi Lovísa farið á fætur um kl. 0730 til 0800. Hafi hún hitað kaffi fyrir þau og farið að búa sig til brottfarar, en ákveðið var, að hún færi til konu í Mávahlíð 2, að nafni Valgerður, en Lovísa var ráðin af hálfu heimilishjálpar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar til að aðstoða hana, þar sem hún átti við geðrænan sjúkdóm að stríða. Lovísa hafi ekki vitað, hve lengi hún yrði með Valgerði, því jafnvel gæti verið, að hún þyrfti að fara með henni til læknis. Gat hún því ekkert sagt um, hvenær hún kæmi aftur. Hún hafi rætt um, að hún ætti eitthvað ógert að Miklubraut 26, þar sem hún átti að líta eftir húsinu í fjarveru húsráðenda. Hún vissi þó ekki, hvort hún kæmist þangað, þar sem hún vissi ekki, hve lengi hún yrði með Valgerði. Sagði vitnið, að Lovísa heitin hefði séð um ræstingu hjá Iðnþróunarstofnuninni í Skipholti og hafi vitnið oft farið með henni þangað til að aðstoða hana. Hafi þau venjulega farið þangað milli kl. 1630 til 1700. Vitnið kveðst hafa beðið hennar til kl. rúmlega 1700, en það hringdi í Iðnþróunarstofnunina til að spyrjast fyrir um hana. Fór vitnið síðan þangað og sá um ræstingu. Vitnið kom heim kl. 1900 og var þá orðið mjög órótt vegna Lovísu. Hringdi það meðal annars í fyrrnefnda Valgerði og frétti það, að þær Lovísa hefðu skilið fyrir hádegi. Vitnið gat nú aðeins látið sér detta í hug einn stað, þar sem Lovísa gæti verið, þ. e. Miklubraut 26. Það hringdi nú til systurdóttur Lovísu, Eyglóar Einarsdóttur, en eiginmaður hennar, Rúnar Hannesson, og hún komu síðan til vitnisins, og fóru þau síðan öll að Miklubraut 26 í bifreið þeirra. Hringdu þau fyrst upp á dyrabjöllu, en án árangurs, en síðan reyndu þau að hafa samband við fólk í næstu húsum, en enginn var heima. Vitnið sagði, að Rúnar hefði kíkt inn um bréfalúgu á húsinu og séð kvenskó

og kventösku í anddyrinu. Eygló kíkti þar inn á eftir og þekkti, að þarna voru skór og taska Lovísu. Reyndi nú Rúnar að komast inn um glugga, en tókst ekki. Ákváðu þau þá að fara til lögreglu og leita aðstoðar hennar. Gat lögreglan komist inn, og kom þá í ljós, hvers kyns var.

Vitnið Rúnar Hannesson nemi, Teigaseli 3, 21 árs að aldri, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi komið heim úr vinnu um klukkan 1830 umræddan dag. Það hafi þá heyrt, að Lovísa Kristjánsdóttir, sem er systir tengdamóður vitnisins, hefði ekki komið heim til sín á þeim tíma, er vænst var. Eiginkona vitnisins hringdi í Jónatan Hallgrímsson og ræddi við hann um klukkan 1900. Kom þá í ljós, að Lovísa var ekki enn komin heim, en Jónatan gat ekki látið sér detta í hug, hvar hún gæti verið. Um klukkan 2000 hafi þau enn haft samband við Jónatan og hafi hann þá talað um, að Lovísa hafi átt erindum að sinna að Miklubraut 26. Var ákveðið, að þau færu þangað til að athuga um Lovísu, og sóttu þau hjón Jónatan í bifreið þeirra og fóru síðan að Miklubraut 26. Hringdu þau fyrst dyrabjöllunni þar, en án árangurs. Vitnið sagði, að þau hefðu reynt að hringja upp á í næstu húsum, því Jónatan minnti, að Lovísa hefði talað um, að kona í öðru húsinu hefði lykil, en þar var ekki svarað. Vitnið gægðist nú í gegnum bréfalúgu á húsinu númer 26, og sá það þá skó og veski á gólfi í anddyrinu, sem það taldi, að væri í eigu Lovísu. Eiginkona þess sá þetta einnig og staðfesti, að þetta væru hlutir tilheyrandi Lovísu. Athugaði vitnið nú möguleika á að komast inn um glugga, en það reyndist ómögulegt. Ákváðu þau þá að hafa samband við lögregluna, og eftir nokkurn tíma kom hún á vettvang. Lögreglumaður hafi komist inn um kjallaraglugga og hafi hann opnað aðaldyrnar. Fór vitnið inn í stofu að brún stiga, er lá niður í kjallarann, og sá það, hvar Lovísa lá þar fyrir neðan stigann á grúfu. Sá vitnið, að hún var með mikla áverka á hnakka og að blóðpollur var á gólfinu kringum höfuð hennar. Vitnið fór ekki niður og fór fljótlega af vettvangi, en lögreglumennirnir sögðu, að Lovísa væri látin, og taldi vitnið sig einnig hafa séð, að svo var.

Vitnið Valgerður Ólafía Þórarinsdóttir, Mávahlíð 2, 48 ára að aldri, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hinn 26. ágúst sl. hafi Lovísa Kristjánsdóttir komið heim til sín í Mávahlíð 2 og þær hafi síðan farið niður í miðbæ og farið á skrifstofu Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, þar sem Lovísa sótti skiptimiða fyrir vitnið. Fóru þær síðan í strætisvagn og fóru úr vagninum

á Miklubraut á móts við Kjarvalsstaði. Gengu þær saman að bakaríi við Reykjahlíð, beint á móti Mávahlíð 2, en Lovísa ætlaði að kaupa rjóma. Sagði Lovísa vitninu, að hún ætlaði að fara að taka til í húsi við Miklubraut, þegar þær skildu. Vitnið spurði hana, hvað klukkan væri, og svaraði hún því til, að hún væri ekki orðin 1100. Kvöddust þær þarna með kossi, en vitnið flýtti sér í verslunina Jónsval í Blönduhlíð og sá Lovísu ekki frekar. Hafði Lovísa að orði, áður en þær kvöddust, að hún mundi koma fljótlega aftur til vitnisins, þó ekki þennan dag. Sagði hún vitninu, að hún ætti alltaf frí eftir hádegi á fimmtudögum.

Svo sem fyrr hefur fram komið, voru rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Sveinbjörn Bjarnason kallaðir á vettvang að Miklubraut 26 umrætt sinn. Hefur Gísli Guðmundsson gert skýrslu um komu þeirra á vettvang, og segir þar svo:

„Fimmtudaginn 26. 8. 1976, kl. 21.37, var hringt til undirritaðs frá fjarskiptastöð lögreglunnar í nýju lögreglustöðinni og tilkynnt, að allar líkur væru á því, að kona hefði verið myrt í kjallara hússins Miklubraut 26 hér í borg. Undirritaður fór á staðinn ásamt Sveinbirni Bjarnasyni lögreglum., sem tók ljósmyndir og aðrar athuganir þar á staðnum. Þá kom á staðinn Halldór Jónsson, aðst.borgarlæknir, sem skoðaði hina látnu. Hann mældi hitastig líkama hennar kl. 23.00, og var hann þá 31 stig. Þá var líkið byrjað að stirðna.

Við rannsókn kom í ljós, að hin látna var Lovísa Kristjánsdóttir, til heimilis að Eiríksgötu 17, fædd 24. 11. 1919, n.nr. 6173-6255. Hún var með mikinn áverka á höfði, stór skurður framan á enni og mölbrotin höfuðkúpan eftir mikið högg aftan á höfuðið. Líkið lá á grúfu neðan við hringstiga úr stofu og niður í kjallara, og virðist sem þar hafi verið gengið endanlega frá konunni, því adlit hennar virtist mjög illa farið, eins og aðalhöggið hafi verið veitt, þar sem konan lá með andlitið á steingólfinu í kjallaranum. Svo mikið hefur höggið verið, að heilinn lá tættur úti.

Hin látna var klædd í dökkar taubuxur og í brúnum loðfóðruðum kuldajakka, sem var aðhnepptur, skór hennar voru eðlilega staðsettir í innri forstofu og veski hennar við hlið skónna á gólfinu. Ekki virtist neitt hafa verið hreyft við veskinu, í því voru kr. 3.400 ásamt ýmsu dóti.

Hús það, sem atburður þessi skeði í, er tveggja hæða raðhús ásamt kjallara, og er komið fyrir hringstiga úr stofunni niður í kjallarann, er hann staðsettur í suðurhorni stofunnar. Á gólfinu í innri forstofu voru blóðblettir, annar minni og framar í

forstofunni, en hinn nokkru innar. Var eins og eitthvað hafi verið dregið yfir innri blóðblettinn. Blóðslettur voru á stigahandriðinu og upp á veggnum kringum stigann, en ekki hægt að sjá, að áverkar á höfði hinnar látnu hafi orsakast af falli í stiganum."

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri rannsóknarlögreglunnar, fór næsta dag að Miklubraut 26 og gerði athugun á vettvangi. Gerði hann skýrslu um þá athugun, og segir þar um vettvang:

„Gengið er frá gangstétt upp fjórar tröppur að útihurð hússins, sem læst er með smekklás. Hurðin er kviklæst og aðeins stirð, þannig að ef hún er lögð aftur, lítur út fyrir, að hún sé læst, þó svo sé ekki. Það þarf að skella henni, svo hún læsist.

Komið er inn í litla ytri forstofu með teppi á gólfi og fatahengi til vinstri, en í því eru 5 kvenkápur og þrír kvenjakkar ásamt peysu. Nokkur pör af kvenskóm eru á gólfinu.

Hurð að innri forstofu er beint fram og opnast inn og til hægri. Hægt er að læsa henni að innan með lykli, sem stendur í skránni. Dyrasími er á veggnum við hurðina. Opið er úr forstofunni beint inn í stofu, sem er vinkillaga, og þar er allt teppalagt.

Við austurvegg í forstofu er smástóll og stór útskorin kista úr tré og vasi fyrir innan hana. Við stofuvegg til hægri við dyr er kommóða á háum fótum með tveim skúffum og stór spegill fyrir ofan hana. Til hægri við hana á gólfi er plastpoki með dóti og lítið útvarpstæki, og þar næst í horni undir stiga er fataskápur og geymsla. Í henni einn ljós pels, einn grár pelsjakki, 5 kápur, tveir jakkar, ein peysa og einn skokkur á herðatrjám. Á gólfi er ryksuga og ýmiss konar dót innar á gólfinu. Næst til hægri við stigavegg er hægindastóll og reykborð og svo í norðurhorni stigi upp á loft, teppalagður. Allt virðist þetta vera í röð og reglu.

Komið inn í stofu.

Hægindastóll strax við hornið til vinstri, kommóða með lampa þar fyrir innan, hægindastóll og bókaskápur. Næst við hann við norðurvegg, sem er með glugga, er hægindastóll, 3 smáborð, undir og yfir, og hægindastóll í austurhorni. Þar næst við austurvegg skápur, að mestu gler að framan, fullur af silfurmunum, síðan hægindastóll, smáborð og sófi og í honum einn borðlampi, 4 glerfígúrur og smávasi, púði og tveir lampaskermar. Sunnar við sófaendann er smáborð með öskubakka. Í s. a. horni er hringstigi niður í kjallara og járngrindverk í kringum hann. Framan við sófann er langt sófaborð og á því silfurvindlakassi, silfur-

karfa og glerfígúra. Hægindastóll milli borðenda og stigahandriðs.

Í suðurvegg er stór gluggi við stiga og helluofn undir honum og dyr út í garð í vesturenda hans. Hurðin er læst með handfangið niður. Tvö smáborð, undir-yfir, við handrið og ofn og öskubakki á þeim. Innan við hurðina er hægindastóll og fyrir framan hann lítið skrifborð með enda að veggnum. Á því myndir, mappa, klukka, lampi og pennasett. Vestan við borðið er annar gluggi í veggnum. Sjónvarpstæki á borði milli glugga og skrifborðs og ruslakarfa undir borðinu. Hægindastóll undir glugga. Við vesturvegg næst glugga er smáborð og sími á því, þá sófi með einum borðlampa við hvorn enda og púðar yfir þeim og svo tveir lampaskermar, síðan smáborð. Við norðurvegg er bókaskápur og hægindastóll framan við hann við dyrnar inn í stofuna. Hringlaga borð er framan við sófann og á því opin símaskrá, sem læknir mun hafa notað. Tvö rifin blöð úr símaskránni eru á gólfinu milli borðsins og skrifborðsins.

Blóðspor.

Á gólfi í innri forstofu, 190 cm frá hurð, við merki 1, eru nokkrir blóðdropar á svæði 35x6 cm 120 cm þar inn af, rétt inni í stofu, eru blóðdropar, smáir og stórir. Stærsti eins og 10 kr. peningur á svæði 30x62 cm og aðeins strokið inn úr eystri hluta í átt að stiga. Merki 2. 108 cm beint inn af þessu eru nokkrir smáblóðdropar. Merki 3. Frá þessu að stiga eru 166 cm og ekkert blóð þar á milli.

Á suðurvegg undir lofti við stiga er biti, og á honum í s. a. horni er hátalari og svo ýmislegt smádót. Framan á bitanum hanga þrír smáplattar, en nagli fyrir þann fjórða er auður. Á austurvegg við hátalarann, sem er 40 cm á hæð, og rétt upp fyrir hann og á horni hans, merki 4, eru blóðslettur og taumar niður undir gólf, á 30 cm breiðum kafla, og blóð á handriði við hornið og niður eftir því á meters kafla. Merki 5. Á suðurveggnum eru blóðslettur, kám og taumar 74 cm upp fyrir bita og á gardínu á 50 cm breiðum kafla og kám á bitanum út á 70 cm frá a. vegg. Blóðtaumar á veggnum þar fyrir neðan, á ofni undir glugga eru blóðýrur. Merki 6 og blóð frá handriði og niður á gólf. Talsvert blóð er á neðstu tröppu, merki 7 og kám hægra megin á stigastoð. Stór blóðpollur með lifrum og heilaslettum er á gólfinu framundan vinstra tröppuhorni, 50x70 cm í hring, og mikið af blóðslettum út frá honum. Merki 8. Járnstoð er undir lofti til

vinstri við stigann. Blóðslettur eru uppeftir henni í 120 cm hæð frá gólfi og svo kám. Merki 11.

Stóll er við vegginn til vinstri við stigann, og á honum eru grammófónplötur og blóðslettur á þeim og blóðtaumar á gardínunni á bak við hann. Vinstra megin við stólinn er stereotæki og blóðslettur á því.

90 cm frá v. stigahorni, framundan stiganum, er borð, 84x137 cm á stærð, og á því dúkur og dregill. Blóðkám er á s. a. horni. Merki 17. Á miðju borði er smágrind og á hvolfi á henni smáplatti, blóðugur á botni. Merki 9 (er sennilega af auða naglanum á bitanum undir lofti). Þá er á borðinu á sinn hvorum staðnum silfurhringir með munnþurrkum í. Silfurkarfa og tveir silfurfuglar á sökkli.

Talsvert af blóðslettum er undir borðinu, í áttina frá stóra pollinum og yfir að n. eldhúsvegg. 60 cm frá n.a. borðhorni er stóll og undir fætinum, sem næst er borði, er lítið handklæði með blóði í. Merki 10.

Dyr að eldhúsi frá stofu þessari eru við stólinn, merki 10. Sjö smáblóðdropar eru á eldhúsgólfi. Merki 12. Einn smáblóðdropi er við fremri hægri brún á eldhúsvaski. Merki 14.

Dyr eru úr eldhúsi í vestur að smágangi, og hurðin opnast inn í eldhúsið að veggnum til vinstri. Á henni opinni eru sjáanlega 17 örsmáar blóðslettur, sem gætu hafa skvettst af þveginni blautri hendi. Farið um þessar dyr inn á ganginn, og þá eru aðrar dyr til vinstri inn í stofuna. Innar, dyr til vinstri að geymslu og gangi að bakdyrum, sem læstar eru með smekklás og tveimur rennilokum. Á geymslugólfi 112 cm frá gangdyrum er einn blóðdropi á stærð við 5 kr. pening. Merki 13.

Til hægri við ganginn eru dyr að þvottahúsi með vaskborði. Í vaskinum eru 5 blóm í pottum og þrjú blóm í pottum á borðinu. Moldin í einum pottinum í vaskinum er alveg þurr að ofan, og það er nokkuð þurrt efst í pottunum. Virðist því ekki hafa verið vökvað í gær.

Rétt er að geta þess, að vatnslásinn undir vaskinum var tekinn frá og vatnið tæmt úr honum til ath. á því, hvort um blóðvatn væri að ræða. Vatnið gaf ekki svörun við blóði.

Lýsing á kjallara.

Stiginn í s.a. horni, gluggi á s. vegg á bak við hann. Helluofn fyrir neðan og gardínur á öllum veggnum. Stóll, stereotæki og 3 stólar við vegginn í n.v. horni. Skenkskápur við vesturvegg.

Stóll norðan við hann og þar næst í norðurvegg dyr að gangi frá eldhúsi og til vesturs. Aðrar dyr eru austar í norðurveggnum inn í eldhúsið. Hornskápur í n.a. horni. Gler í efri hurð og fullt af silfurmunum þar fyrir innan. Undir stiga er bunki af grammófónplötum, blómapottur og plötustatíf. Stórt borð á miðju gólfi.

Eldhúsið.

Í eldhúsdyrunum er skothurð, sem gengur inn í vegginn til vinstri. Á austurvegg eru skápar, ísskápur og eldavél. Við norðurvegg undir glugga er eldhúsborð með uppþvottavél og einföldum stálvaski. Á vesturvegg er eldhúsborð með yfirskápum. Sími og dyra- og innanhússími. Miðstöðvarofn við dyr að gangi til vesturs.

Efri hæð hússins.

Þegar komið er upp stigann frá forstofu, er gangur eftir hæðinni til austurs. Dyr að salerni til vinstri. Þar inni er lok á klósetti og setan uppi og þvagvatn í skálinni. Af því er tekið sýni. Opið er inn í geymsluherbergi í n.a. horni.

Í s.a. horni er svefnherbergi. Rúmteppi er brotið saman og liggur til fóta í rúminu, en sængin er í kuðli og búið að taka verið af henni og tveimur koddum.

Í n.v. horni er annað svefnherbergi. Þar er rúmteppi og sængurfatnaður í kuðli í rúminu og náttkjóll undir kodda. Við vesturvegginn, þ. e. framan við rúmið, er skrifborð og á plötunni einhver plögg og blokk, sem skrifað er á. Það er eins og hafi verið rótað í þessu. (Gæti hafa verið skilið við það svona).

Undir glugga í suðurvegg, við rúmið, er smáskápur með skúffu í. Á gólfinu framan við skápinn liggur tafla. Ég athugaði hana og sýndist, að um Smartis gæti verið að ræða. Opnaði skúffuna og sá, að þar var Smartisstaukur og í honum ein sams konar tafla.

Í miðju lofti í risi er lúga með rennistiga. Stiginn er niðri, því leitað hafði verið þarna uppi í gærkvöldi.

Líklegt morðvopn fannst ekki í íbúðinni.

Íbúðin var teiknuð upp og leitað að fingraförum, en það verk framkvæmdi Ragnar Vignir og hans menn úr tæknideildinni."

Sveinbjörn Bjarnason rannsóknarlögreglumaður fór, sem fyrr segir, á vettvang að kvöldi 26. ágúst ásamt Gísla Guðmundssyni, og tók hann þá myndir á vettvangi, og einnig tók hann frekari

myndir af vettvangi ásamt Ragnari Vigni aðalvarðstjóra næstu daga, og hafa þær verið lagðar fram í málinu. Þá framkvæmdu Ragnar Vignir og Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður mælingar á vettvangi, og gerði hinn síðarnefndi uppdrætti af vettvangi í samræmi við þær, og hafa þeir verið lagðir fram í málinu.

Fingrafararannsókn var framkvæmd á vettvangi, aðallega af Sævari Jóhannessyni rannsóknarlögreglumanni, en samkvæmt framburði Ragnars Vignis aðalvarðstjóra fyrir dómi fundust einungis fingraför húsráðanda að Miklubraut 26 og dóttur hennar.

Allir framangreindir rannsóknarlögreglumenn hafa komið fyrir dóm og staðfest þar skýrslur sínar, myndir og uppdrætti.

Svo sem fyrr hefur komið fram, var aðstoðarborgarlæknir, Halldór Jónsson, stud. med., Sólheimum 23, 25 ára að aldri, kallaður á vettvang að Miklubraut 26 að kvöldi 26. ágúst sl. Fyrir dómi hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið kallaður til af lögreglu um það bil klukkan 2140 til 2145 og hafi verið kominn á staðinn um það bil 5—10 mínútum síðar. Var vitninu vísað niður í kjallara, en þar lá kona á grúfu fyrir neðan stiga, sem liggur niður í kjallarann. Var hún alklædd, en breitt var yfir höfuð hennar. Hafi konan verið greinilega látin, og þegar vitnið leit á höfuð hennar, blöstu þar við slíkir áverkar, sem hlytu að hafa leitt til dauða. Þreifaði vitnið á líkinu, og var það kalt viðkomu og stirt, en þó sums staðar velgja, þegar þreifað var innanklæða. Vitnið hafði samband við Jónas Hallgrímsson, lækni á Rannsóknastofu Háskólans, sem er sérfræðingur í líffærameinafræði. Kom hann fljótlega á staðinn. Skoðuðu þeir saman vettvang og sáu meðal annars blóðbletti í stofu og í stiga. Síðan sneru þeir líkinu við, og kom þá í ljós skurður á enni, og athugaði Jónas það sár nánar. Vitnið fór og sótti hitamæli upp í Heilsuverndarstöð og mældi síðan líkamshitann í líkinu í endaþarmi. Fór mælingin fram nálægt klukkan 2300, og reyndist hitinn 31° C. Vitnið mældi einnig stofuhita, og reyndist hann 23° C. Kvaðst vitnið ekki treysta sér til að ályktа um dauðastund, en þarna komi ýmis atriði til álita, eins og t. d. klæðnaður og að gluggi hafði verið opnaður, er mæling á stofuhita fór fram.

Vitnið taldi útilokað, að þeir áverkar, sem konan hafði á höfði, hefðu getað hlotist af byltu niður umræddan stiga. Vitnið sá ekki aðra áverka á líkinu en höfuðáverka, en tók fram, að líkið hefði ekki verið afklætt þarna á staðnum.

Vitnið Jónas Hallgrímsson yfirlæknir, Tjarnarflöt 2, Garðabæ, 45 ára að aldri, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi eftir beiðni Halldórs Jónssonar aðstoðarborgarlæknis farið að Miklubraut 26 umrætt kvöld, en vitnið gegndi um þessar mundir störfum Ólafs Bjarnasonar sem forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans. Var vitnið komið á staðinn um klukkan 2200, og voru þar fyrir Halldór Jónsson, Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður og fleiri lögreglumenn. Sá vitnið blóðbletti í stofu nálægt dyrum út í anddyrið og einnig innar í stofunni í átt að stiga niður í kjallarann. Voru fyrrnefndir blóðblettir dregnir út, eins og eitthvað hefði dregist yfir blóðið, áður en það storknaði. Einnig var blóð á stigahandriði, veggjum og gardínu á glugga við stigann, en ekki tók vitnið eftir blóði á þrepum stigans. Vitnið segir, að blóð á gardínunni við stigann hafi virst vera slagæðablóð að hluta. Engar heilaslettur sá vitnið í stiganum eða uppi í stofunni. Það segist hafa ályktað af ummerkjum í stofunni og stiganum, að líklegast væri, að konan hefði sjálf farið niður eftir að hafa fengið áverka á höfuðið.

Vitnið segir, að konan hafi legið á grúfu rétt fyrir neðan stigann, samsíða neðsta þrepi, og lá höfuðið á vinstri vanga. Var hún að mestu bein, nema lítils háttar beygja í hnjám. Hendur voru krepptar í olnboga undir líkið, og voru þær alblóðugar. Fannst vitninu ótrúlegt, að hún hefði lent í þessari stellingu, ef hún hefði dottið niður stigann í roti eða látin. Það sagði, að konan hefði verið látin og höfuðkúpa hennar verið moluð. Hluti af heilanum lá við sárin á hvirfli hennar. Segir vitnið, að þetta sé með meiri háttar áverkum, er það hafi séð á höfði, nema þá þegar um umferðarslys eða skotsár eftir haglabyssu sé að ræða. Telur vitnið útilokað, að slíkur áverki geti hafa komið við fall í umræddum stiga. Vitnið gerði sér í hugarlund, að konan hefði fengið högg tvisvar, fyrst uppi í stofunni, minni háttar högg, en síðan farið niður, annað hvort sjálf eða verið borin, en þar niðri hafi hún fengið meiri háttar högg, sem hefði gengið frá henni.

Vitnið segir, að eftir að þeir læknarnir höfðu kannað konuna í þeirri stöðu, sem hún lá í, hafi henni verið velt við. Kom þá í ljós sár á enni, og sýndist vitninu vera höfuðkúpubrot þar undir og gekk úr skugga um, að svo var. Telur vitnið líklegt, að konan mundi hafa rotast við það högg eitt. Fannst vitninu vera hvöss brún í brotinu, sem benti til, að það væri eftir strendan, aflangan hlut.

Vitnið sagði, að þeir læknarnir hafi losað föt á konunni og athugað líkbletti. Voru þeir daufir, enda hafði konunni blætt út. Vitnið ýtti á þá, og virtust þeir ekki storkna. Ályktaði vitnið í fyrstu, að líklega væru ekki nema um það bil 6 klukkustundir frá því konan lést. Það segir, að líkið hafi verið volgt á baki og kvið, en útlimir kaldir og stífir. Hiti var mældur í líkinu af Halldóri Jónssyni klukkan 2300, og var hann 31° C. Stofuhiti mældist 22° C. Vitnið segir, að talið sé, að hiti falli í líki í stofuhita um 1° C á klukkustund, miðað við að líkið sé ekki óvenjumikið klætt, fyrstu 12 tímana og síðan um 0.5° C næstu 12 tíma, hér sé á það að líta, að konan hafi verið kappklædd, þ. e. verið í útifötum, m. a. skinnkápu. Það segir, að merki um dánartíma séu afar óörugg og nær ógerningur að segja til um dánartíma með meiri nákvæmni en svo, að frávik geti verið nokkrir klukkutímar. Segir það, að alveg geti verið, að 12 tímar hafi verið liðnir frá andláti konunnar. Tók það fram, að fyrri ályktun þess varðandi dánarstund, er það byggði á líkblettum, sé sennilega röng og líkamshiti sé betri vísbending um dánarstund.

Að lokinni athugun á vettvangi að kvöldi hins 26. ágúst var lík Lovísu Kristjánsdóttur flutt í líkhús Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg. Fór þar fram krufning á líkinu, og hefur Jónas Hallgrímsson gert skýrslu um þá krufningu, dagsetta 27. ágúst 1976. Niðurstaða krufningarskýrslunnar hljóðar svo:

„Við krufninguna fundust miklir höfuðáverkar, sem leitt hafa konuna til dauða. Af áverkanum á enninu má ráða, að það högg að minnsta kosti hafi verið greitt með aflöngum hlut, sem hafði verið strendur, og hafi flöturinn, sem á höfðinu lenti, verið nálægt 8 mm á breidd. Af hinum áverkunum á höfðinu er ekkert hægt að ráða um lögun áhaldsins.

Varðandi tímasetningu um andlát verður fátt fullyrt. Telja verður líklegt, að konan hafi verið með 37 gráðu hita, þegar hún andaðist, og samkvæmt því hefur líkið kólnað um 6 gráður fram að því, að mæling var gerð um klukkan 23.00. Hefði líkið legið klæðlaust, mætti búast við um 6 klst. tíma frá dauða miðað við þá mælingu, en þar sem líkið var mikið klætt, má búast við miklu lengri tíma. Líkblettir voru afar daufir, og er því athugun á þeim næsta haldlítil til ákvörðunar á dauðastund.

Af áverkum á líkinu má ráða, að konunni hafi verið ráðinn bani. Útilokað verður að telja með öllu, að konan hafi hlotið áverka þessa við að falla niður stiga þann, sem hún lá neðan við."

Þegar að kvöldi 26. ágúst leituðu lögreglumenn í nágrenni

Miklubrautar 26 að hugsanlegu morðvopni, og þeirri leit var haldið áfram næstu daga, en hún bar ekki árangur.

Þar sem rannsóknarlögreglunni var kunnugt um tengsl ákærða í máli þessu við dóttur húsráðanda að Miklubraut 26, þótti rétt að yfirheyra hann um ferðir hans umræddan dag. Kom hann fyrir rannsóknarlögregluna föstudaginn 26. ágúst og gaf þá svohljóðandi skýrslu um ferðir sínar daginn áður:

„Ég fór á fætur um kl. 07.30 í gærmorgun. Rétt fyrir kl. 09.00 yfirgaf ég heimili mitt og ók bifreið minni R-2076 að aðalútibúi Landsbanka Íslands. Síðan fór ég í Útvegsbankann og náði þar í víxileyðublöð. Þá var leiðinni haldið á Hótel Borg, en þar hitti ég Ingólf Árnason, föður minn. Klukkan mun hafa verið um 10.00, þegar ég kom að Hótel Borg. Á Hótel Borg stoppaði ég til um kl. 10.30, en þaðan ók ég til Sveins Egilssonar h.f., Fordhúsinu. Þar þurfti ég að fá upplýsingar varðandi dælu í vökvastýri bifreiðar minnar. Þá ók ég að Grensásvegi að rafvélaverkstæði Sveins Jónssonar. Ekki man ég númer hvað húsið er á Grensásveginum, en það mun vera rétt við staðinn, þar sem Davíð Sigurðsson hefur aðsetur. Á verkstæðinu stoppaði ég í um það bil 15 mínútur. Þegar ég kom frá verkstæðinu, tók ég eftir því, að það var orðið loftlítið í hægra framdekki. Ég ók þá að Hreyfilshúsinu við Grensásveg og pumpaði lofti í dekkið. Ekki man ég nákvæmlega tímasetninguna á þessu, en klukkan mun sennilega hafa verið orðin yfir 11.00.

Frá Grensásveginum ók ég vestur á Reynimel að heimili mínu. Ég borðaði heima í hádeginu og dvaldist þar í um það bil eina klst. Um kl. 13.00 ók ég að Ránargötu 28, en þar býr móðir mín. Faðir minn var þar staddur, en hann snæðir yfirleitt alltaf þar í hádeginu. Ég stoppaði í smástund á Ránargötunni, en síðan fórum við pabbi báðir að Dallandi 9, en þar býr fyrrverandi eiginkona mín, Hafdís Árnadóttir. Við pabbi stoppuðum hjá Hafdísi í um það bil 20 mín. Síðan ókum við pabbi niður í miðbæ, og fór pabbi í Almennar Tryggingar, en ég ók vestur á Reynimel til að ná í kvittun, sem ég hafði gleymt heima. Síðan fór ég í Almennar Tryggingar aftur og hitti pabba við suðurdyrnar á Hótel Borg. Ég ók síðan að Hverfisgötu 8-10 og lagði bifreiðinni þar. Ég gekk síðan að Verzlunarbankanum og lagði þar kr. 4.000.00 inn á reikning Hafdísar. Síðan ók ég að Tollstöðvarhúsinu í Tryggvagötu og hitti pabba þar, en síðan ókum við pabbi að Dallandi 9 aftur og stoppuðum hjá Hafdísi í um það bil 20 mín. Síðan fórum við pabbi að skrifstofu Loftleiða á Reykja-

víkurflugvelli, en þangað komum við kl. 15.40. Ég fór upp á skrifstofuna og talaði við Sigfús Bjarnason, sem þar vinnur, en hann bað mig að aka sér heim til sín kl. 16.00. Ég beið úti í bílnum til kl. 16.00, en þá ókum við þaðbi honum heim að Æsufelli 4. Þar var þá fyrir móðir mín, og stoppuðum við þaðbi þar til kl. 17.30 eða um það bil.

Síðan ók ég mömmu og þaðba vestur á Ránargötu. Þar stoppaði ég í skamma stund, en ók síðan að Dallandi 9. Hafdís var að elda matinn, og beið ég þar, meðan verið var að borða. Um kl. 18.40 ók ég að Nýja Bíói ásamt tveimur sonum mínum. Við fórum í sjö bíó og vorum þar til kl. 21.00, en þá ók ég strákunum heim til þeirra. Ég stoppaði smástund hjá Hafdísi, en þaðan fór ég til móður minnar á Ránargötu. Þar stoppaði ég í mjög skamma stund, en þaðbi kom með mér, þegar ég fór, og fórum við beint heim að Reynimel. Þar sátum við þaðbi og spjölluðum saman til um kl. 22.30, en fórum síðan að hátta.

Ingólfur Árnason, faðir minn, hefur búið í tæpt ár hjá mér að Reynimel 84.

Ég hefi gefið ofangreindan framburð eftir besta minni, og eru þar með taldar tímasetningar."

Við athugun á íbúð ákærða að Reynimel 84, þegar hann var sóttur til yfirheyrslu umræddan dag, sáu lögreglumenn ógreinilega blóðbletti á eldhúsgólfi inni við eldhúskrók, og einnig fannst blóðdropi á salernisgólfi rétt við salernisskál. Lögreglumenn framkvæmdu leit í sorptunnum umræddS húss, og var greinilegt að nýbúið var að losa úr tunnum, því aðeins ein tunna, hálffull, stóð undir sorprennu. Í tunnu þessari fundu þeir m. a. mikið magn lyfja, sem nýverið hafði verið fleygt, og voru lyfin öll merkt ákærða, og var gerð sérstök skrá yfir þessi lyf, sem fylgdu skýrslum rannsóknarlögreglu. Var hér aðallega um að ræða lyfin Tryptizol, Mogadon og Trilafon.

Að morgni laugardagsins 28. ágúst kom fyrir rannsóknarlögregluna Þorsteinn Jónsson lögregluvarðstjóri, Hæðargarði 14 hér í borg. Skýrði hann svo frá, að um hádegisbil síðastliðinn fimmtudag hefði hann ekið bifreið sinni austur Miklubraut. Með honum í bifreiðinni hafi verið eiginkona hans, Áshildur Emilsdóttir. Á móts við hús nr. 16 á Miklubraut hafi hann tekið eftir manni, sem hann hafi þekkt sem Ásgeir Ingólfsson, fyrrverandi sjónvarpsþul. Hafi hann mjög greinilega séð, að þetta var ákærði, og bent eiginkonu sinni á manninn. Taldi hann, að ákærði hefði verið í gráþrúnleitum jakkafötum, sennilega yrjóttum eða tein-

óttum. Taldi hann ákærða mann mjög auðþekkjanlegan, frekar háan vexti, grannan með ljóslitað hár og höfuðlítinn. Kvað hann ákærða hafa gengið vestur Miklubraut og haldið á einhverjum hlut undir hægri hendi. Ekki gat hann gefið nákvæma lýsingu á þessum hlut, en sér hafi sýnst þetta vera frekar fyrirferðarmikill hlutur. Þetta gæti hafa verið á stærð við skjalamöppu, en þó nokkuð þykkara að því er virtist. Hann kvaðst hafa ekið austur Miklubraut á vinstri akrein og áætluð fjarlægð frá honum að ákærða hafi verið u. þ. b. 6—7 metrar. Skyggni hafi verið gott þennan dag.

Eiginkona Þorsteins, Áshildur Emilsdóttir, kom einnig fyrir rannsóknarlögregluna sama dag og skýrði þar svo frá, að rétt fyrir klukkan 1200 umræddan fimmtudag hefði hún og eiginmaður hennar verið á leið austur Miklubraut í bifreið þeirra. Á móts við Eskihlíð og Miklubraut hafi Þorsteinn sagt, að þarna væri „fréttamaðurinn okkar", og benti á mann, sem staddur var við hornhúsið á Miklubraut og Eskihlíð. Hún kvaðst hafa litið á manninn og séð hægri hlið hans og minnti, að þetta hafi verið hávaxinn maður í ljósteinóttum jakkafötum. Ekki sá hún andlit hans, en taldi, að hann hafi verið ljóshærður. Hann hélt á einhverju í hægri hendi, en nánari lýsingu gat hún ekki gefið á því, hvað það var. Hún sá ekki manninn svo greinilega, að hún teldi sig geta þekkt hann aftur.

Sama dag kom fyrir rannsóknarlögregluna Geir Hilmar Haarde, Miklubraut 18, blaðamaður að atvinnu. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að fara frá heimili sínu um kl. 1200 á hádegi sl. fimmtudag og hefði hann þá ekið frá Miklubraut 18 til austurs og beygt inn Engihlíð. Á móts við hús nr. 32-34 hafi hann séð ákærða á gangi vestur Miklubraut. Hann kvaðst ekki hafa tekið vel eftir klæðaburði ákærða, en taldi, að hann hefði verið í bláum, hálfsíðum frakka. Hann kvaðst vera alveg viss um að þekkja ákærða í sjón. Ekki mundi hann, hvort ákærði var með eitthvað í höndum, en minnti þó frekar, að svo hefði verið. Hann kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærði virtist vera þreytulegur og álútur. Hann kvaðst ekki þekkja ákærða persónulega, en kvaðst muna eftir honum sem fréttamanni í sjónvarpi og auk þess hafi hann áður séð hann á götu. Hann kvað ákærða hafa gengið á gangstéttinni sunnan megin Miklubrautar. Kvaðst hann aðeins hafa séð hann, á meðan hann ók eftir Miklubraut, áður en hann beygði inn í Engihlíð, en þá hafi hann misst sjónar á honum og hafi hann ekki séð til ferða hans eftir þetta.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni sama dag skýrði ákærði svo frá um kynni sín af húsráðendum að Miklubraut 26.

„Þann 5. júní 1975 skildi ég við konu mína Hafdísi, og þá flutti ég af heimili okkar, Dallandi 9. Ég var þá húsnæðislaus, og þá var það, að systir mín Ingunn kom mér í samband við vinkonu sína Ólöfu Magnúsdóttur, Miklubraut 26, en Ólöf átti íbúð á Reynimel 84. Það varð úr, að Ólöf leigði mér þessa íbúð sína um óákveðinn tíma, þó þannig, að ég hafði ekki alla íbúðina á leigu, því í hluta hennar, nánar tiltekið svefnherberginu, geymdi hún þá búshluta, sem ég ekki fékk afnot af samkvæmt samningi okkar. Ég fór því aldrei þangað inn, nema ég fékk að geyma þar hluti mér tilheyrandi, en ekki til íveru.

Upp úr þessu hófst svo kunningsskapur okkar Ólafar, sem varð síðar öllu nánari, og mun það hafa verið síðla hausts í fyrra, að móðir Ólafar, nafna hennar, fór erlendis, og þá fórum við Ólöf að vera hvort hjá öðru að nóttu til, ýmist heima hjá þeim mæðgum að Miklubraut 26 eða heima hjá mér í íbúð Ólafar á Reynimelnum. Mér er því að sjálfsögðu vel kunnugt um herbergjaskipan á heimili Ólafar Möller.

Það var svo eftir að ég lenti í yfirheyrslum hjá lögreglunni vegna svonefnds „Héðinsmáls“ á síðasta ári, að við slitum öllum nánum tengslum okkar á milli. Eftir þetta hafa þau verið mjög eðlileg þannig að hún sem leigusali og ég leigutaki, utan einu sinni, að ég hugðist endurvekja vinskap okkar og bauð Ólöfu Magnúsdóttur út að borða, en þá fannst mér viðmót hennar vera þannig, að um frekari endurvakningu á vinskap okkar nánar var ekki fyrir hendi.

Ég sagði í skýrslu í gær hjá Gísla Guðmundssyni, að ég hefði haft lykla undir höndum að íbúðinni á Miklubraut 26, en þá átti ég við, að ég ók stundum bifreið Ólafar, sem er Fiat, og minnir mig, að á lyklakippu bílsins hafi verið tveir frekar en þrír lyklar og þar af einn húslykill. Ég hafði ekki í annað skipti lykla að húsinu á Miklubraut 26, nema sem einn lykla á lyklakippunni, þegar ég var að aka bílnum.

Ég hef ekki komið inn fyrir dyr á Miklubrautinni nr. 26 síðan seint í vetur eða vor, því þótt ég hafi verið að koma með húsaleiguna heim til þeirra mæðgna, fór ég aldrei inn, nema þá kannske í fremri forstofuna, en innar ekki“.

Ákærði var nú tekinn til yfirheyrslu fyrir dómi og honum skýrt frá því, að hann væri grunaður um að vera viðriðinn lát Lovísu Kristjánsdóttur. Vísaði hann til fyrri framburðar síns hjá

rannsóknarlögreglu og mótmælti því, að hann ætti nokkurn hlut að þessu máli. Var honum kynntur framburður vitnanna Þorsteins Jónssonar, Áshildar Emilsdóttur og Geirs Hilmars Haarde um, að hann hafi verið staddur á Miklubraut um hádegisbil 26. ágúst. Mótmælti hann því, að hann hafi verið staddur á Miklubraut á umræddum tíma. Á þessum tíma hafi hann verið staddur einn á heimili sínu. Hafi hann komið þangað upp úr klukkan 1100 og verið þar til um klukkan 1300, en þá hafi hann farið að Ránargötu 28, þar sem hann sótti föður sinn. Vildi hann að öðru leyti ekki tjá sig frekar um málið á þessu stigi. Að yfirheyrslu þessari lokinni var hann úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Húsráðandi að Miklubraut 26 var Ólöf Stefanía Möller. Hinn 26. ágúst sl. var hún í London ásamt dóttur sinni, Ólöfu Kristínu Magnúsdóttur, en þær höfðu farið þangað þriðjudaginn 24. ágúst. Var ætlun þeirra að dveljast þar í um það bil 10 til 14 daga. Þær mæðgur komu heim að beiðni rannsóknarlögreglunnar hinn 29. ágúst vegna máls þessa. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag skýrði Ólöf Stefanía Möller svo frá, að hún hefði farið með lykla sína með sér og það hefði Ólöf dóttir sín einnig gert. Lykil að húsinu hafi haft Lovísa Kristjánsdóttir og einnig Elísabet Möller, Sporðagrunni 13. Hún kvað Lovísu Kristjánsdóttur hafa hjálpað sér til við húsverk síðastliðin 4—5 ár og hafi hún tekið að sér nú eins og áður að taka til í íbúðinni og líta eftir henni, á meðan þær væru í burtu. Þetta hafi hún gert, eftir að þær kynntust, og hafi hún reynst sér mjög vel, og vissi hún ekki til þess, að nokkrum væri illa við Lovísu.

Ekki vissi Ólöf til þess, að ákærði hefði verið með lykla að húsi sínu, en hún vissi, að húslykill var á billyklakippu dóttur hennar, og vissi hún til þess, að ákærði hefði fengið bíl hennar lánaðan í a. m. k. eitt skipti. Hann hafi þá komið heim til sín og talað við dóttur sína og sagt henni, að sprungið hafi hjá sér og beðið hana að lána sér bílinn til að láta gera við dekkið. Fékk hann bílinn og skilaði honum fljótt aftur.

Ólöf Kristín Magnúsdóttir, dóttir Ólafar Stefaníu Möller, hefur skýrt svo frá um kunningsskap sinn og ákærða, að hún hafi verið vinkona systur hans frá því þær voru telpur, en tilefni nánari kynna hafi verið það, að ákærði skildi við konu sína og vantaði húsnæði. Færði systir hans það þá í tal við Ólöfu Kristínu, hvort hún gæti leigt ákærða íbúð hennar, sem stóð auð, að Reynimel 84, og varð það úr, að hún féllst á að leigja ákærða.

Tókust upp úr þessu nánari kynni með þeim, og er móðir hennar fór til útlanda haustið 1975, urðu kynni þeirra enn nánari, og voru þau þá oft hvort heima hjá öðru. Ákærði hafi oft fengið bíl hennar lánaðan, þegar bíll hans var ekki í lagi, en lykill að Miklubraut 26 var á lyklakippu, er fylgdi bíllyklum.

Þegar hið svokallaða Héðinsmál kom upp, sagði Ólöf Kristín, að þau hefðu slitið öllum samskiptum. Þau hafi ekki orðið óvinir, en ræddust ekki við nema það nauðsynlegasta. Hún minntist þess, að fyrir nokkru hefði hún lánað ákærða bíl sinn, en þá var hún stödd heima hjá sér, er hann kom, og hafði þá sprungið á bíl hans, að hann sagði, og óskaði hann eftir að fá bíl hennar lánaðan til þess að fara og skipta um hjólbarða, og varð hún við þessari beiðni.

Hún sagði, að vikuna áður en hún fór til útlanda hafi ákærði hringt til sín og rætt við hana um það, að hann skuldaði tveggja mánaða húsaleigu, en þá frétti hann af því, að þær mæðgurnar væru að fara úr landi og eins hvenær þær ætluðu að koma aftur.

Næstu daga eftir að ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald gáfu sig fram við rannsóknarlögreglu ýmis vitni, sem kváðust hafa séð ákærða á Miklubraut eða í nágrenni fimmtudaginn 26. ágúst. Einnig gáfu sig fram þrjú vitni, starfsfólk á sorphaugunum í Gufunesi, sem töldu sig hafa séð ákærða þar umræddan dag. Öll hafa þessi vitni komið fyrir dóm og staðfest þar frásagnir sínar, svo og hafa komið fyrir dóminn þau vitni, er áður voru nefnd, þ. e. Þorsteinn Jónsson, Áshildur Emilsdóttir og Geir Hilmar Haarde, og staðfest framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu, er rakinn var hér að framan. Verður hér á eftir gerð grein fyrir framburðum þeirra vitna, sem komið hafa fyrir dóm og skýrt frá ferðum ákærða umræddan dag.

Vitnið Ásgeir Halldórsson framkvæmdastjóri, Arnarhrauni 15, Hafnarfirði, 30 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi komið til sín að Mávahlíð 41 að morgni fimmtudagsins 26. ágúst, en vitnið rekur þar verslun. Hafi þeir verið búnir að ræða um það áður, að ákærði kæmi, og var tilgangurinn með komu hans að ræða um verslun með veiðileyfi. Vitnið var statt í eldhúsi hjá móður sinni, er ákærði kom, og kom ákærði fyrst þangað, en síðan fóru þeir í kjallara, þar sem verslunin er. Vitnið sagði, að þegar það fór að rifja upp þetta atvik, er það heyrði, að ákærði var bendlaður við lát Lovísu Kristjánsdóttur, en það var næsta mánudagsmorgun, hafi það fyrst talið, að ákærði hafi komið til sín klukkan 1110. Er það hafi rætt við móður sína, hafi

hún ákveðið haldið því fram, að þetta hafi verið fyrr um morguninn, jafnvel fyrir kl. 1000. Minnti vitnið, að það hefði litið á klukku, þegar það sá ákærða koma á bifreið sinni að húsinu, og hafi klukkan þá verið komin 10 mínútur fram yfir þann tíma, er ákærði ætlaði að mæta hjá vitninu. Gæti þetta hafa verið kl. 1010, enda þótt vitnið hafi fyrst minnt, að það hafi verið klukkutíma seinna. Taldi vitnið, að ákærði hefði haft viðdvöl hjá sér í 15—20 mínútur. Ekki ræddi ákærði um það, hvert hann væri að fara, er hann fór frá vitninu, en það minnir, að hann hafi sagt, að hann þyrfti að hitta einhvern. Hafi hann farið í bifreið sinni og ekið austur götuna, enda sé einstefna á henni. Vitnið minntist þess sérstaklega, að ákærði hefði verið í útliti eins og hann væri sjúkur.

Vitnið Birgir Sigurjónsson tæknifulltrúi, Fögrukinn 15, Hafnarfirði, 38 ára að aldri, skýrði svo frá, að það hefði ekið austur Miklubraut um kl. 1210 umræddan fimmtudag, og kvaðst það vera nokkuð visst um þessa tímasetningu. Rétt áður en vitnið kom að gatnamótum Eskihlíðar og Miklubrautar, sá það ákærða rétt austan við þessi gatnamót á móts við göngubraut, sem liggur yfir Miklubraut. Gekk hann í vestur eftir gangstétt sunnan megin götunnar. Vitnið kvaðst alveg visst um, að þetta hafi verið ákærði. Það hafi oft séð hann áður og telur jafnvel, að það hafi þekkt hann þegar sem barn eða unglingur, er það ólst upp í Vesturbænum, en það þekkti hann þó ekki persónulega. Vitnið gat ekki lýst fötum ákærða greint sinn öðruvísi en svo, að þau hafi verið mislit, jakki hafi verið með öðrum lit en buxur. Vitninu fannst fas ákærða öðruvísi en það átti von á, þar sem hann hafi ekki verið eins snyrtilegur, eins og vitnið hefur venjulega talið hann vera, og nálgaðist að vera „sjúskaður". Vitnið var nokkuð visst um, að ákærði hafi ekki verið með neitt í höndum. Það sagði þó, að eitthvað í sambandi við handaburð hans hafi vakið athygli sína, þótt það gæti ekki gert sér fyllilega grein fyrir því, hvað það var. Annað hvort hafi það verið, að hann hafi verið með hendur djúpt í buxnavösum eða kæruleysislega lausar niður með síðum.

Vitnið Guðmundur Þorvar Jónasson verslunarmaður, Þinghólsbraut 48, Kópavogi, 30 ára að aldri, skýrði svo frá, að það hefði ekið austur Miklubraut um kl. 1030 fimmtudaginn 26. ágúst sl. Var það mjög visst um þennan tíma. Það kvaðst hafa séð ákærða á hægri hönd við sig, þ. e. sunnan götunnar, og var hann rétt austan við gatnamót Rauðarárstígs og Miklubrautar.

Gekk ákærði í austur, og hélt hann á tveim töskum. Í vinstri hendi hélt hann á skjalatösku, sem var nokkuð stór og dökkleit. Í hægri hendi hélt hann á innkaupatösku, sem einnig var nokkuð stór með tveim hönkum, og gat vitnið ímyndað sér, að hún hafi verið með rennilás. Vitnið tók ekki eftir lit hennar. Vitnið tók heldur ekki sérstaklega eftir fötum ákærða, en sagði hann ekki hafa verið með höfuðfat. Því fannst ákærði vera þreytulegur eða „slappur", eins og honum hefði hrakað.

Vitnið Guðbjörg Edda Eggertsdóttir lyfjafræðingur, Reykjavíkurvegi 10, Hafnarfirði, 25 ára að aldri, kvaðst hafa gengið eftir Eskihlíð frá Miklubraut á gangstétt vinstra megin að morgni 26. ágúst síðastliðinn. Rétt er vitnið kom að mótum Eskihlíðar og Mjóuhlíðar, mætti það ákærða, sem gekk í gagnstæða átt við vitnið, þ. e. í átt að Miklubraut. Vitnið kvaðst vera visst um, að þetta hafi verið ákærði, en það þekkti hann úr sjónvarpi. Það sagði, að ákærði hafi verið snyrtilegur til fara, en tók ekki sérstaklega eftir fötum hans eða lit þeirra. Hann hélt á einhverju, en vitnið var ekki visst um, hvað það var, en það gæti hafa verið frakki og taska. Vitnið kvaðst ekki hafa litið á klukku um þetta leyti, svo það muni, og geti því ekki tímasett þetta náið. Eftir að hafa hugsað um þetta töluvert, telur það líklegast, að þetta hafi verið einhvern tíma á bilinu frá kl. 1030 til 1100. Telur það sjálfsagt líklegra, að þetta hafi verið nær 1030, en samstarfsstúlka vitnisins telur, að það hafi komið á vinnustað, Mjóuhlíð 2, nær klukkan 1100.

Vitnið Kristján Albert Kristjánsson húsgagnasmiður, Snælandi 6, 33 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að einhvern dag umræddda viku hafi það ekið Miklubraut á leið inn í Fossvog, og er það ók fram hjá húsi númer 22 við Miklubraut, sá það ákærða, sem það þekkti vel í sjón, koma gangandi á móti sér eftir gangstéttinni við hús númer 22. Það mundi ekki, hvernig hann var klæddur, en hann hafi, að því er það minnti, verið með frakka eða eitthvað slíkt yfir handleggnum og haldið á skjalatösku í hendinni. Hafi taskan verið eins og tvöfalt v að neðan og svo smábelgur, er mjókkaði upp. Þetta hafi annað hvort verið kl. 1200 eða um kl. 1900, því að það fari þarna daglega um á þessum tímum, eða um kl. 1145—1200. Mundi vitnið ekki, hvort þetta var um hádegið eða kvöldið. Vitnið var ekki í neinum vafa um, að það hafi verið ákærði, er það sá. Það þekkti hann þó ekki persónulega, en hafði bæði séð hann í sjónvarpi svo og í sam-

bandi við starf ákærða hjá Stangaveiðifélaginu, en vitnið stundar töluvert stangaveiði.

Vitnið Gunnar Þorláksson húsasmiður, Kötlufelli 3, 21 árs að aldri, skýrði svo frá, að á tímabilinu frá kl. 1215—1230, þó líklega nær kl. 1230, hinn 26. ágúst sl. hafi það ekið vestur Miklubraut, en það hafði verið að koma ofan úr Breiðholti. Vitnið stöðvaði bifreið sína við umferðarljós á mótum Miklubrautar og Réttarholtsvegar, en vitnið var á vinstri akrein. Sá vitnið þá bifreið ákærða stöðva við hlið bifreiðar sinnar við ljósin, og var hún á hægri akrein. Var ákærði í bifreiðinni. Vitnið kveðst hafa þekkt ákærða strax og einnig hafi það oft séð hann á bifreið þessari, einkum við Æsufell 4, þar sem vitnið kom daglega til að sækja barn sitt úr gæslu, og sagði það, að ákærði hefði komið þarna mjög oft og jafnvel virst búa þarna að einhverju leyti. Kvað vitnið bifreið ákærða vera rauðan Mustang með svörtum röndum á vélarhlíf.

Vitnið kvað það hafa vakið athygli sína, að ákærði varð eftir á gatnamótunum, og sá vitnið í baksýnisspegli, að bifreiðin stóð kyrr, á meðan vitnið ók yfir gatnamótin, og virtist sem vélin hefði drepið á sér. Ekki sá vitnið neitt sérstakt, sem því fannst athugavert við útlit ákærða.

Vitnið Ragnar Geir Guðjónsson verkamaður, Kötlufelli 11, 25 ára, hefur skýrt svo frá, að það hafi fimmtudaginn 26. ágúst séð rauða Mustang bifreið koma á sorphaugana í Gufunesi, þar sem vitnið vinnur. Bifreiðin hafi fyrst komið beint úr hliðinu og í átt niður að skúr, þar sem vitnið var að gera við bíl. Bifreiðarstjórinn hafi komið út úr bifreiðinni með lykla í hendinni og ætlað að fara að ganga aftur fyrir bílinn, en þá benti vitnið honum á, að það mætti ekki tæma rusl þarna, og benti honum á að fara niður fyrir, þar sem flekarnir voru. Hafi bifreiðarstjórinn ekið þangað, en vitnið fylgdist ekki með honum og sá hann ekki henda neinu rusli. Vitnið leit ekki á númer bifreiðarinnar, en tók eftir, að hún var með gærur í framsætum. Bifreiðarstjórinn hafi verið frekar hár maður með gráspengt hár, og minnti vitnið, að hann hafi verið með sólgleraugu og í dökkum jakka og ljósum buxum. Vissi vitnið ekki, hver bifreiðarstjórinn var, en þegar það hafi farið að rifja þetta upp við starfsfélaga sína á eftir, þá var það visst um, að þetta hafi verið ákærði. Vitnið mundi eftir því, að vélarhlífin á umræddri bifreið var svört að ofan, og mundi ekki betur en loftinntak væri ofan á hlífinni. Vitnið

taldi, að þetta hefði verið einhvern tíma í kringum kl. 1500. Það taldi útilokað, að þetta hefði verið í hádeginu milli kl. 1200 og 1300.

Vitnið Erna Gunnarsdóttir nemandi, Barmahlíð 47, 20 ára að aldri, sem einnig starfaði á sorphaugunum í Gufunesi, hefur skýrt mjög svipað frá komu rauðrar bifreiðar á sorphaugana umræddan dag. Það kveðst þó ekki hafa þekkt ákærða. Það tók sérstaklega eftir bifreiðinni vegna gæru, sem var á framsæti hennar. Um tímasetningu kvaðst vitnið ekki muna annað um þetta en það hafi verið eftir mat. Matartími sé venjulega til kl. 1300, en ef mikið sé að gera, sé jafnvel byrjað aftur kl. 1230. Vitnið taldi líklegt, að það hafi byrjað að vinna fljótt eftir matinn, þ. e. í hádeginu umræddan dag, þar sem það var eitt að vinna við ýtu, en hinir tveir starfsmennirnir hafi unnið við viðgerðir. Það gæti hafa verið hvenær sem er á þessu tímabili, að umræddur bíll hafi komið þarna, þ. e. eftir að það hóf vinnu eftir matinn, en það geti ekki munað um það með neinni vissu, hvenær þetta var.

Vitnið Gísli Þórður Geir Magnússon verkstjóri, Iðufelli 2, 27 ára að aldri, var einnig að störfum á sorphaugunum í Gufunesi í umrætt sinn. Það kveðst hafa orðið vart við, að ákærði kom að sorphaugunum fimmtudaginn 26. ágúst síðastliðinn, en treystir sér ekki til að fullyrða neitt um tímasetningu, er hann kom, en fannst líklegur tími um kl. 1400. Kvaðst vitnið alveg visst um, að þarna væri um að ræða ákærða. Það tók ekki eftir því, hvernig hann var klæddur, en það vakti athygli þess, hvað hann hefði breyst frá því hann var í sjónvarpinu. Fannst því eins og hann hefði gengist fyrir og elst. Einmitt fyrir það, hvað sér hafi fundist ákærði hafa breyst, hafi það veitt honum sérstaka athygli. Það veitti bíl hans ekki sérstaka athygli, nema hvað því virtist sæti hans vera gæruskinnsklædd.

Vitnið Guðni Þorberg Theodórsson bensínafgreiðslumaður, Smiðjuvegi 13, Kópavogi, 50 ára að aldri, hefur skýrt frá því, að um hádegisbilið fimmtudaginn 26. ágúst hafi ákærði komið í bifreið, rauðri að lit, af Mustang gerð, að vitnið taldi, að bensínstöð Esso hjá Nesti h/f við Elliðaár, þar sem vitnið starfar. Nánar aðspurt um tíma sagði vitnið, að þetta kunni að hafa verið á milli 1200 og 1230, en telur þó, að þetta hafi verið nær kl. 1200. Vitnið var að byrja á uppgjöri fyrir daginn, en það átti að hætta vinnu kl. 1300. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða, þótt það hafi aldrei áður séð hann nema í sjónvarpi. Það kvaðst hafa

ætlað út til að afgreiða hann, en hann hafi snarast út úr bifreiðinni og komið inn í afgreiðsluna. Fannst vitninu hann vera flóttalegur og taugaóstyrkur og var að velta fyrir sér, hvort hann kynni að vera undir einhvers konar áhrifum. Ákærði hafi beðið um að fá að hringja, og fékk hann það. Vitnið kvaðst aðeins hafa lagt eyrun við því, sem hann sagði í símann, vegna gruns síns um, að hann væri undir áhrifum. Heyrði vitnið, að hann sagði, að hann hefði tafist niðri í bæ. Þyrfti hann að skreppa út fyrir bæinn, en yrði fljótur. Taldi vitnið, að hann ræddi við eiginkonu sína, en það gat ekki sagt neitt um það, hvort hann talaði við kvenmann eða karlmann. Ákærði fór síðan þegar á brott og ók austur yfir gömlu Elliðaárbrýrnar, en vitnið fylgdist ekkert frekar með ferðum hans. Það segir, að hann hafi farið úr afgreiðslunni án þess að bjóða borgun fyrir símtalið. Það taldi, að ákærði hafi komið að afgreiðslunni úr vesturátt. Það kvað mögulegt, að ákærði hafi verið þarna um kl. 1230.

Að morgni hins 1. september 1976 óskaði ákærði þess að fá að ræða einslega við Karl Schütz, þýskan sakamálasérfræðing, sem starfaði við sakadóm Reykjavíkur um þetta leyti og hafði meðal annars tekið þátt í rannsókn þessa máls. Var orðið við þessari beiðni ákærða, og að loknu samtali hans við Karl Schütz tók hinn síðarnefndi af honum skýrslu í viðurvist Péturs Eggerz sendiherra og Gísla Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns. Í skýrslu þessari er orðrétt haft eftir ákærða í þýðingu Baldurs Ingólfssonar, dómtúlks í þýsku:

„Í morgun bað ég um að mega tala einslega við Karl Schütz. Nú vildi ég segja eftirfarandi:

Ég er hinn seki. Ég svipti konuna lífi. Ég hafði lykil að húsinu. Ég lét smíða lykilinn. Ég veit ekki, hvað verkstæðiseigandinn heitir, en ég get bent á verkstæðið.

Ég fór inn í húsið Miklubraut 26 til að sækja frímerkjasafn. Það var skömmu eftir kl. 11.30 þann 26. 8. 1976. Ég notaði lykil þann, sem var í minni vörslu, og gat opnað dyrnar án erfiðleika. Um þetta leyti var enginn í húsinu. Ég fór niður í kjallara og leitaði að frímerkjasafninu í geymslu þar. Þar eð ég fann það ekki þar, fór ég upp í svefnherbergin. Þar fann ég safnið ekki heldur, en í stað þess ýmsa aðra hluti. Það voru skartgripir. Ég skal á eftir sýna, hvar þeir hlutir eru, því að þeir liggja í húsi við hliðina á íbúð föður míns. Þegar ég fór inn í húsið, hafði ég meðferðis bláa, langa tösku af þeirri tegund, sem er notuð undir íþróttadót. Í töskunni voru bílaverkfæri, þar á meðal sívalt, um

það bil 60 sm langt járn, sem ég notaði við að taka hjólin af bílnum mínum og setja þau á, nánar til tekið við að taka hjólkoppana af á veturna.

Því næst gekk ég niður í kjallara og aftur inn í geymsluna, en úr henni liggja dyr út í garð. Nú fann ég frímerkjasafnið. Þar eð ég hafði séð á efri hæðinni 20.000 krónur í reiðufé, fór ég aftur upp. Ég stakk peningunum í jakkavasa minn. Skartgripina og frímerkjasafnið lét ég fyrst í plastpoka, sem ég lét svo ofan í íþróttatöskuna, sem ég hafði meðferðis. Ég var enn uppi á efri hæðinni, þegar kona kom inn í húsið.

Nú segi ég sannleikann, ekkert nema sannleikann. Síðan hef ég verið í sjálfsmorðshugleiðingum. Ég kynnti mig fyrir konunni og sagði: „Nafn mitt er Ásgeir Ingólfsson. Þér vitið, hvað ég er að gera hér. Ég er kominn hingað til að finna (frímerkja)safn. Ég hef líka fundið ýmsa aðra hluti. Má ég láta þá, þar sem þeir voru?“ Ég sýndi henni lykilinn og sagði: „Hér er lykillinn.“ Konan sagðist heita Lovísa. „Ég er komin til að vökva blómin.“ Ég sagði við hana: „Viljið þér gefa mér tækifæri og gera lögreglunni ekki aðvart? Ég lofa, að ég læt allt á sama stað og það var á.“ Hún hugsaði sig um í eina mínútu eða tvær, svo sagði hún: „Nei, það mun ég ekki gera.“ Af þessu dró ég þá ályktun, að hún ætlaði ekki að gefa mér tækifæri, og spurði hana: „Af hverju gerið þér það ekki, ef ég læt allt aftur á sinn stað?“

Það kom til nokkurrar viðræðu við hana, og á meðan samtalið stóð yfir, sagði hún þrisvar *nei* við mig.

Ég svaraði: „Hvers vegna ekki, hvers vegna ekki, kæra frú Lovísa. Verið þér svo væn að gefa mér eitt tækifæri.“

Hún gekk þegjandi til dyra. Ég sá, að hún ætlaði að fara í skóna og varð ofsalega hræddur. Svo tók ég upp úr töskunni járnið, sem ég nefndi áðan, og lamdi hana hvað eftir annað aftan frá í höfuðið. Ég veit ekki, hvað kom yfir mig á þessu augnabliki. Það var skelfilegt æði. Konan hljóp aftur inn í stóra herbergið (= stofuna?). Svo datt hún sjálfkrafa niður tröppurnar. Ég fór á eftir henni og sló hana aftur. Ég held, að ég hafi ekki veitt henni högg framan á höfuðið. Það gæti verið, að hún hafi fengið högg framan á höfuðið, þegar hún datt niður. Svo lá hún á maganum við tröppurnar, og þá sló ég hana tvisvar eða þrisvar í hnakkann. Til þess notaði ég sama járnverkfærið. Hvort það voru tvö högg eða (þrjú), veit ég ekki nákvæmlega.

Ég man, að því næst fór ég inn í eldhúsið og þvoði járnið þar undir vatnshananum.

Svo gekk ég upp með járnið og settist við skrifborð í setustofunni. Ég veit (man) ekki, hve lengi ég sat þar.

Því næst lét ég járnið niður í íþróttatöskuna mína og fór út úr íbúðinni um aðaldyrnar.

Í fyrstu ætlaði ég mér að skemma bakdyrnar þannig, að svo liti út, sem brotizt hefði verið inn.

Ég gekk að bílnum mínum, sem stóð á bílastæðinu við Eskihlíð. Af því að ég ætlaði að losa mig við íþróttatöskuna mína, ók ég að öskuhaugunum fyrir utan borgina. Þegar ég kom að litla kofanum þar, kallaði maður til mín og spurði, hvort ég ætlaði að fleygja einhverju, og sagði: „Gangið þér þarna að jarðýtunum.“ Ég gerði það og stakk töskunni minni í gráan plastpoka, eftir að ég hafði tekið upp úr honum nokkra dagblaðapakka. Því næst lagði ég blaðapakkana ofan á.

Ég var enn sleginn miklu flemtri. Mikill sviti rann niður andlit mér. Ég ók til baka frá öskuhaugunum og leit á klukkuna. Nú mundi ég fyrst eftir því, að faðir minn og ég höfðum talað um það, hvort ég hefði möguleika á að sækja móður mína. Ég stanzaði við Esso-stöðina við brúna og spurði afgreiðslumanninn, hvort ég gæti fengið að hringja. Hann játaði því, og ég hringdi í föður minn og lofaði að hitta hann að hálftíma liðnum.

Því næst ók ég heim. Ég fór úr jakkanum og varð þess var, að blóð var á hægri ermi jakkans og einnig á hægri ermi svartrar skyrtu, sem ég var í. Ég nuddaði skyrtuna með sápu og því næst með handklæði, sem hangir í baðherberginu. Ég var enn mjög sveittur. Svo fór ég í bláa „blazer“-jakkann minn.

Þegar ég leit á armbandsúrið mitt, sá ég, að klukkan var 1300. Því næst fór ég með jakkann minn í fatahreinsunina við Nesveg. Ég veit ekki, hvað hreinsunin heitir, en ég get bent á hana.

Þetta er fyrsti glæpur, sem ég frem á æfi minni. Hitt þjófnaðarmálið (Héðinsmálið) er mér algerlega óviðkomandi. Það var bara vitleysa úr rannsóknarmönnunum.

Athugasemd:

Þegar hér var komið, er hinum ákærða boðinn hádegisverður. Hann segist hafa fyrir fasta reglu að borða aldrei hádegisverð og einungis vilja fá tebolla, sem hann fær.

Hinn ákærði heldur áfram framburði sínum: Ég er fús til að fara með lögregluþjónum út á öskuhauga og benda þar á stað-

inn, þar sem ég stakk íþróttatöskunni í pokann. Ég skal líka benda á staðinn, þar sem ég faldi frímerkjasafnið og skartgripina. Það er í húsi við hliðina á íbúð föður míns. Einnig skal ég benda á fatahreinsunina, þar sem ég afhenti jakkann.

Ég verð nú að reyna að komast í sátt við guð og menn og að lifa áfram. Mér þykir óskaplega fyrir þessu. Aldrei hefði mér dottið í hug, að ég myndi gera nokkuð þessu líkt.

Ég er trúaður.

Ég bið um að gefa mér færi á að tala við föður minn síðar í dag.

Ég legg áherzlu á það atriði, að ég kom af fúsum og frjálsum vilja til þess, sem yfirheyrir mig. Ég hef engin dagblöð lesið síðan á föstudag.

Síðan ég framdi verknaðinn, hef ég eiginlega aðeins hugsað um tvennt, annað hvort að svipta mig lífi, en á það hef ég litið sem flótta frá ábyrgðinni fyrir guði og mönnum.

Þá átti ég einskis annars úrkosti en að segja allan sannleikann og þá von, að ég muni einhvern tíma geta lifað eðlilegu lífi með guði og mönnum og hjálpa sonum mínum (óljóst í handriti). Ég er á þessari stundu auðvitað í mikilli geðshræringu, en ég veit nákvæmlega, hvað ég hef sagt. Það er sannleikurinn."

Að lokinni skýrslutöku hjá Karli Schütz fór ákærði með honum ásamt nokkrum rannsóknarlögreglumönnum til að vísa á hluti þá, sem rætt er um í skýrslu hans. Var fyrst farið að járnvöruverslun J. B. Péturssonar, Ægisgötu 4. Þar kvaðst ákærði hafa fengið lykilinn smíðaðan fyrir u. þ. b. einu ári. Þá var farið að Ránargötu 28, Stýrimannastígsmegin. Fór ákærði þar á bak við húsið, tók lykil undan járnplötubút, sem var á bak við húsið, og gekk lykillinn að hengilás, sem ruslaskúr var lokaður með, en skúrinn er byggður norðan við húsið. Þar inni tók ákærði poka, sem var hálfur af flöskum, og upp úr honum dró hann gulan plastpoka, sem í voru þeir hlutir, sem hann sagðist hafa stolið og haft á brott með sér frá Miklubraut 26.

Þessu næst var ekið að sorphaugum Reykjavíkurborgar í Gufunesi, þar sem ákærði kvaðst hafa hent gráum plastpoka, sem í var blá sporttaska, er hann hafði sett járnið í, sem hann grandaði konunni með. Einnig kvaðst hann hafa sett hanska í töskuna, sem hann hafði á höndum sér, þegar hann fór inn á Miklubraut 26, svo og lykil að húsinu. Þrátt fyrir leit þarna á staðnum fannst umrædd taska ekki.

Þá vísaði ákærði á fatahreinsunina Hraða, Ægissíðu 115, en

þar kvaðst hann hafa farið með jakka sinn í hreinsun. Var farið þangað og umræddur jakki sóttur, en hann hafði ekki verið hreinsaður heldur aðeins gufupressaður.

Ákærði kom til yfirheyrslu í sakadómi síðar sama dag. Staðfesti hann þar framangreinda skýrslu sína hjá Karli Schütz og skýrði sjálfstætt frá atburðum á sama hátt og þar er greint frá. Hann sagði þó, að hann hafi komið að Miklubraut 26 um það bil kl. 1030 umræddan dag. Hann kvaðst ímynda sér, að klukkan hafi verið rúmlega 11, þegar konan kom inn í húsið. Kvaðst hann hafa verið uppi á stigaskörinni, er hann heyrði, að útidyrnar voru opnaðar og einhver kom inn, og sá hann, að það var kona, sem hann þekkti ekki. Gekk hann niður stigann, heilsaði konunni með handabandi og kynnti sig með nafni. Konan kynnti sig einnig og kvaðst heita Lovísa, en hann heyrði ekki eftirnafnið. Hann sagði við hana, að hún hlyti að sjá, í hvaða tilgangi hann væri þarna. Sagðist hann vera með í höndum það, sem hann hefði tekið. Spurði hann hana, hvort hún vildi ekki gera við sig samkomulag, og bauðst hann til að afhenda henni lykilinn og setja á sinn stað hvern þann hlut, sem hann hefði tekið, ef hún lofaði að segja ekki til sín. Hugsaði hún sig um í eina til tvær mínútur, en svaraði þessu síðan neitandi. Kveðst hann síðan hafa beðið hana aftur mjög vel að verða við þessu. Hann kvað sér strax hafa orðið ljóst, er hann sá konuna, að dæmið væri gengið upp og hann hefði verið staðinn að verki. Mátti hann ekki til þess hugsa, að mál þetta yrði tilkynnt lögreglu og þannig gert opinbert. Í framhaldi af fyrrgreindum orðaskiptum spannst samtal milli hans og Lovísu, þar sem þau stóðu frammi við anddyrið. Kom þar fram í samtali þeirra, að hún kom inn í húsið til þess að vökva blóm. Hann ítrekaði beiðni sína um, að hún léti málið kyrrt liggja, en hún neitaði alls þrisvar sinnum. Spurði hann m. a., hvers vegna hún vildi ekki gefa sér þetta tækifæri, þar sem hann lofaði að afhenda henni lykilinn og skila öllu á sinn stað. Orðaði hann spurningu sína eitthvað á þessa leið: „Kæra frú Lovísa, hvers vegna viljið þér ekki gefa mér þetta tækifæri?“ Svaraði hún þessu ekki beint, en neitaði aðeins.

Ákærði var með töskuna með sér, sem að jafnaði var í bifreið hans. Var þetta blá íþróttataska úr plasti, en tauklædd. Í henni voru ýmiss konar áhöld tilheyrandi bifreiðinni, svo sem skrúfjárn og lítið kúbein, er hann notaði til að taka vetrarhjólkoppa af bílnum. Tók hann töskuna með sér í þeim tilgangi að setja í hana það, sem hann kynni að taka með sér úr húsinu, og einnig

hafði það hvarflað að honum, að hann þyrfti að nota verkfæri til að opna læstar hirslur.

Ákærði sá, að konan bjóst nú til brottfarar og var búin að gefa sitt endanlega svar við beiðni hans. Gekk hún nú fram í anddyrið og bjó sig til að fara í skó, sem hún virtist hafa farið úr, er hún kom inn. Hann var gripinn ósegjanlegri hræðslu um, að ofan af málinu yrði flett. Greip hann mikil örvænting, tók kúbeinið upp úr töskunni og sló konuna með því, þar sem hún hallaði sér fram. Sló hann hana nokkur högg, og komu þau á hnakkann. Kveðst hann ekki vita, hvað þarna hafi komið yfir sig, en hann hafi verið sem gripinn æði. Konan datt ekki niður, heldur gekk inn í stofu út í horn, þar sem stigi liggur niður í kjallara. Féll hún niður stigann og þar á grúfu fyrir neðan. Fór ákærði niður stigann á eftir, og í þessu örvæntingarástandi, er á hann rann, sló hann hana aftur aftan til á höfuðið. Hann man ekki til að hafa slegið framan á höfuð hennar, en vera kunni, að höfuð hennar hafi slegist í stigahandrið í fallinu. Hann kvaðst ekki hafa hrint henni eða ýtt henni niður stigann. Konan reyndi ekki, svo hann muni til, að bera hönd fyrir höfuð sér eða taka í hann, á meðan á þessu stóð. Hann segir, að þetta hafi allt gengið fyrir sig á örskammri stundu og tekið, að því er hann telur, í mesta lagi 1—1½ mínútu. Hann vissi ekki, hve mörg högg hann veitti konunni. Sagði hann, að hún hefði verið hreyfingarlaus, er hann beygði sig niður að henni, er hann hafði veitt henni höggin fyrir neðan stigann. Lamaðist hann af hryllingi yfir því, sem við honum blasti, og þeim verknaði, er hann hafði framið. Gekk hann fram í eldhús, lét vatn renna þar á hluta kúbeinsins án þess að vita, í hvaða tilgangi það væri. Var hann með hanska á höndum, en blóð hafði komið á skyrtu hans og jakka og líklega einnig á hanskana. Gekk hann nú upp á loft, settist þar í stól fyrir framan skrifborð í stofunni og sat þar lengi, að því er honum fannst. Kvaðst hann ekki geta gert sér grein fyrir því, hversu langur tími þetta var. Sat hann þarna og hugsaði um verknaðinn. Eftir að hafa setið þarna, tók hann tösku sína og gekk út um aðaldyrnar. Gekk hann síðan vestur Miklubraut fyrir horn þeirrar götu og Eskihlíðar og að bifreið sinni, R 2076, sem er af Mustang gerð, árgerð 1970, að mestu rauð að lit, en með svörtum rákum á hliðum og vélarhlíf að hluta svört, sæti með gæruskinni, en bifreiðin stóð á bílaplani við neðstu blokkina í Eskihlíð.

Við yfirheyrslu í sakadómi 9. nóvember sl., skýrði ákærði svo

frá, að svo hafi virst sem konan hafi ætlað að ganga niður stigann, en hún hafi misst jafnvægið í einhverju af efstu þrepunum og fallið niður stigann. Hafi hún hreyft sig eitthvað, fyrst eftir að hún var komin niður, og í þann mund hafi hann slegið hana aftur. Aðspurður kvaðst ákærði búast við því, að konan hafi verið látin, er hann yfirgaf hana þarna fyrir neðan stigann. Hann kvaðst ekki hafa litið þarna niður aftur, eftir að hann fór upp, en hann hafi ekkert heyrt, sem benti til þess, að konan hafi hreyft sig. Þegar hann yfirgaf hana, lá hún vinstra megin við stigaskörina, og lá hún á grúfu.

Lögð hefur verið fram í málinu mynd af járni, „kúbeini", er aflað var eftir lýsingu ákærða, og hefur hann fyrir dómi staðfest, að sú mynd væri af sams konar járni að lögun og hann var með greint sinn, en hann geti ekki fullyrt um, hvort það sé alveg af sömu stærð, þótt hann telji það líklegt. Kúbeinið er 49.5 cm langt og vegur 855 gr. Ákærði kvaðst hafa haldið í óbogna endann, er hann sló konuna, og hafi „hnakki" járnsins lent á konunni, þ. e. þar sem járnið beygir.

Faðir ákærða, Ingólfur Árnason, Ránargötu 28, 68 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að þeir ákærði hafi unnið mikið saman undanfarið, bæði við ritstörf og eins þýðingar, og til hagræðingar hafi vitnið oft sofið heima hjá ákærða að Reynimel 84. Að morgni 26. ágúst hafi þeir vaknað á eðlilegum tíma, þ. e. um kl. 0730, og hafi þá klætt sig. Fóru þeir síðan út, og ók ákærði vitninu heim á Ránargötu, en fór síðan niður í borgina að sinna sínum erindagerðum. Það hafi svo ekki verið fyrr en um kl. 1300, að ákærði kom heim á Ránargötu, eða rúmlega það. Vitnið minntist þess, að ákærði hefði hringt til sín í hádeginu og sagst hafa tafist, en hann mundi koma fljótt. Var þetta vegna þess, að hann hafði lofað að aka móður sinni upp í Æsufell, og var hann að afsaka, að hann gæti það ekki. Um ferðir ákærða eftir hádegi þennan dag bar framburði vitnisins saman í meginatriðum við framburð ákærða, og taldi vitnið öruggt, að ákærði hefði aldrei verið einn umræddan dag, frá því að hann kom heim kl. rúmlega 1300 og þar til hann skildi við vitnið um kl. 1730, er hann fór að kaupa aðgöngumiða að kvikmyndahúsi.

Systir ákærða, Ingunn Anna Ingólfsdóttir, Æsufelli 4, 33 ára að aldri, hefur og skýrt frá ferðum ákærða síðdegis þennan dag í samræmi við frásögn ákærða svo og eiginmaður hennar, Sigfús Bjarnason. Hvorugt þeirra kvaðst hafa merkt neitt óeðlilegt eða óvenjulegt í fari ákærða dagana fyrir 26. ágúst. Vitnið Sigfús

Bjarnason kvað hann og hafa verið fyllilega eins og hann átti að sér að vera, er vitnið hitti hann síðdegis 26. ágúst.

Fyrrverandi eiginkona ákærða, Hafdís Árnadóttir íþróttakennari, Dalalandi 9, 37 ára að aldri, hefur einnig skýrt frá komu ákærða heim til sín síðdegis umræddan dag í samræmi við framburð ákærða. Vitnið kvaðst hafa hringt vestur á Ránargötu 28, þar sem foreldrar hans búa, kl. 0900 umræddan morgun, en ákærði var þar þá staddur. Bað vitnið hann að sinna fyrir sig erindi í bænum, en hann taldi sig ekki hafa tíma, þar sem hann hefði ýmsu að sinna fyrir hádegi, m. a. þyrfti hann að annast sölu á veiðileyfum. Eitthvað fleira taldi hann upp, sem vitnið mundi ekki. Einhvern tíma eftir hádegi, líklega milli 2 og 3, hafi hann síðan komið heim til vitnisins ásamt föður sínum. Vitnið kvaðst ekki hafa merkt neitt óvenjulegt í fari ákærða þennan dag. Hann hafi að vísu verið fámáll, en það sé hann oft.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til kunningsskapar ákærða og Lovísu Kristjánsdóttur, né um, að þau hafi borið ákveðinn hug hvort til annars. Sambýlismaður Lovísu, Jónatan Hallgrímsson, hefur skýrt svo frá, að Lovísa hafi einu sinni sagt vitninu, að ákærði hefði komið að Miklubraut 26, er hún var stödd þar hjá Ólöfu Möller. Það vissi þó ekki til, að þau hefðu rætt saman, og telur, að þau hafi ekkert þekkst. Hafi aldrei komið neitt fram hjá Lovísu um slíkt eða um ákveðinn hug hennar til ákærða.

Vitnið Ólöf Stefanía Möller vissi ekki til, að þau Lovísa og ákærði þekktust persónulega, en það vissi, að Lovísa þekkti ákærða í sjón. Hafi hún eitt sinn verið að þvo glugga hjá vitninu á undanförnum vetri og þá sagt við vitnið, að ákærði væri að koma, og rétt í því hafi hann hringt dyrabjöllunni. Vitnið spurði Lovísu þá, hvort hún þekkti ákærða, og hafi hún svarað því til, að allir þekktu hann úr sjónvarpinu. Aldrei heyrði vitnið hana að öðru leyti nefna ákærða. Aldrei heyrði vitnið heldur ákærða tala um Lovísu. Það tók fram, að í umrætt sinn hefði ákærði aðeins komið í forstofuna og rætt við vitnið þar, en ekki séð Lovísu. Vissi vitnið ekki til, að þau hefðu nokkurn tíma hist í húsi sínu.

Vitnið Ólöf Kristín Magnúsdóttir vissi heldur ekki til, að Lovísa og ákærði þekktust persónulega. Það mundi eftir því, að eitt sinn, er ákærði kom að Miklubraut 26, hafi Lovísa verið að ganga niður í kjallarann og hafi ákærði fyrst haldið, að þetta væri móðir vitnisins, og hafi hann sagt: „Góðan daginn frú“, en

hún hafi þá litið til baka án þess að svara, en vitnið sagði ákærða, að þetta væri kona, sem hjálpaði við að taka til, og telur vitnið, að það hafi ekki nafngreint hana. Vitnið man aldrei til, að þau hafi talað saman í sinni viðurvist, og heyrði hvorugt þeirra nokkru sinni ræða um hitt.

Faðir ákærða, systir hans og mágur hafa öll borið, að þau hafi aldrei heyrt ákærða ræða um né nefna nafn Lovísu Kristjánsdóttur.

Svo sem áður hefur fram komið, kvaðst ákærði ekki hafa þekkt Lovísu, er hún kom inn í húsið að Miklubraut 26 umrætt sinn. Hann kvaðst hafa vitað, þegar hann umgekkst eigendur hússins, að þeir hefðu einhverja húshjálp, og vera megi, að hann hafi séð þá konu, en hann hafi ekki borið kennsl á hana né nokkurn tíma talað við hana, svo hann muni.

Fyrir milligöngu Rannsóknastofu Háskólans var sent blóðsýni úr ákærða og Lovísu Kristjánsdóttur til blóðgreiningardeildar Köbenhavns Universitets Retsmedicinsk Institut. Einnig var sendur klæðnaður, sem ákærði hafði verið í umrætt sinn, þ. e. skór, sokkar, buxur, jakki og skyrta. Einnig var sent handklæði, sem tekið var á heimili ákærða að Reynimel 84, svo og blóðsýni, sem tekin voru af baðherbergisgólfi og eldhúsgólfi að Reynimel 84. Þá var sendur skinnjakki sá, sem Lovísa Kristjánsdóttir hafði verið í. Var þess óskað, að rannsakað yrði, hvort í þessum munum og blóðsýnum væri blóð úr Lovísu Kristjánsdóttur eða ákærða.

Niðurstaða þessarar rannsóknar barst dóminum með bréfi ofangreindrar stofnunar, dagsettu 8. október 1976. Er bréfið undirritað af dr. med. K. Henningsen. Segir þar í niðurstöðu, að Lovísa Kristjánsdóttir hafi verið af blóðflokki O Gm (a-x-b+) SP AB. Ákærði væri af blóðflokknum O Gm (a-x-b+) PGM 2-1 SP AC AK 2-1.

Þá segir, að á skóm, sokkum og buxum ákærða finnist mannsblóð. Samkvæmt greiningu verði að telja, að blóðið á sokkum og buxum sé frá manneskju með blóðflokki O Gm (a-x-b+) PGM 1-1 SP AB AK 1-1. Þetta blóð geti þannig vel verið frá hinni látnu, en hins vegar ekki ákærða.

Varðandi handklæði frá heimili ákærða megi sömuleiðis sjá mannsblóð, sem telja verði, að sé frá manneskju af blóðflokki O, en hins vegar sé frekari greining blóðsins ekki möguleg. Þannig geti þetta blóð verið hvort sem er frá hinni látnu eða ákærða.

Þá segir um blóðsýni frá gólfi baðherbergis og eldhúss á heimili ákærða, að það sé mannsblóð, en samkvæmt blóðflokkagreiningu geti það ekki verið frá hinni látnu, en mjög vel frá ákærða.

2. Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi farið að Miklubraut 26 hinn 26. ágúst sl. í þeim tilgangi að taka þar frímerkjasafn, er hann þóttist vita, að þar væri og látinn eiginmaður Ólafar Möller hefði átt. Fann hann frímerkjasafnið, að hann taldi, eftir nokkra leit í skáp í kjallaraherbergi. Þá fann hann einnig ýmsa skartgripi í skúffum í svefnherbergjum uppi á lofti, en einnig var eitthvað í skríni, er hann þröngvaði upp. Þá kvaðst ákærði hafa tekið þarna á staðnum kr. 20.000 í 5 þús. kr. seðlum, sem voru í svartri öskju á kommóðu í herbergi Ólafar yngri. Svo sem fyrr er að vikið, fór ákærði með lögreglumönnum hinn 1. september sl. að skúr bak við húsið Ránargötu 28 og afhenti lögreglumönnunum gulan plastpoka, en í honum voru þeir hlutir, er hann kvaðst hafa haft á brott með sér frá Miklubraut 28. Í pokanum voru eftirtaldir hlutir: 3 kvengullúr með gullarmböndum, 6 armbönd, 5 hálsfestar, 3 hálsmen, 3 stakir eyrnalokkar, 1 brjóstnæla. Einnig 62 umslög með litlum sellofanpokum fyrir frímerki. Ekkert frímerki var í pokunum, en ákærði kvaðst hafa haldið, að umslögin hefðu frímerki að geyma.

Af hálfu húsráðanda að Miklubraut 26 hefur einskis verið saknað með vissu umfram það, sem ákærði viðurkennir að hafa tekið og fannst í fyrrnefndum skúr. Engin bótakrafa hefur verið höfð uppi í málinu af hálfu Ólafar Stefaníu Möller og Ólafar Kristínar Magnúsdóttur. Þess skal getið, að Ólöf Stefanía Möller lést í nóvember sl.

II.

Að morgni föstudagsins 28. nóvember 1975 var lögregla kölluð að Vélsmiðjunni Héðni h/f, Seljavegi 2 hér í borg, vegna þjófnaðar þar. Gunnar Magnússon, skrifstofustjóri fyrirtækisins, tjáði lögreglumönnum, er á vettvang komu, að þegar hann hefði komið til vinnu sinnar, hefði fjárhirsla fyrirtækisins verið opin og þaðan hefðu verið teknir þrír peningakassar með fjármunum og skjölum í. Svo virtist sem farið hefði verið um aðalútidyr, sem eru á framhlið Vélsmiðjunnar Héðins og liggja að stigagangi upp á skrifstofu fyrirtækisins, og um skrifstofudyrnar inn á skrifstofu og þannig verið komist að fjárhirslunni. Bæði útidyr og dyrnar að skrifstofunni virtust hafa verið opnaðar með lykli svo og dyrnar að fjárhirslunni, því að hvergi sá á neinu, en fram-

angreindur Gunnar kvaðst hafa lokað fjárhirslunni sjálfur vandlega kvöldið áður.

Rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Sveinbjörn Bjarnason fóru á vettvang til að rannsaka málið, og leitaði hinn síðarnefndi að fingraförum á staðnum, en árangurslaust. Gísli Guðmundsson gerði skýrslu um athugun á vettvangi, og segir þar m. a.: „Mjög öflug járnhurð er á fjárgeymsluherberginu, og læsist hún eins og peningaskápur. Ekki voru sjáanleg nein merki á hurðinni eða læsingunni, sem bentu til þess, að reynt hefði verið að brjóta hana upp. Hurðin var ekki læst, þegar að var komið í morgun, heldur aðeins lögð að stöfum, að sögn skrifstofustjórans. Eins og áður greinir, þá voru teknir þrír peningakassar, sem geymdir voru í fjárhirslunni. Einn kassinn fannst í morgun, sprengdur upp, vestur við Ánanaust skammt frá Járnsteypunni.

Þennan kassa hafði með að gera Ólafur Ásgeirsson, gjaldkeri. Eftir að hann hafði athugað innihald kassans, þá kvaðst hann ekki sakna annars en um 20 þús. kr. í peningum, sem í honum áttu að vera. Mikið var af ávísunum og víxlum svo og öðrum pappírum, sem skilið var eftir í kassanum.

Hinir kassarnir tveir voru ófundnir, þegar skýrsla þessi var skrifuð, en gerð var ítarleg leit að þeim í nágrenni hússins. Annan kassann hafði með að gera Friðjón B. Friðjónsson, fulltrúi. Hann taldi, að í kassanum hefðu verið 100 þús. kr. í peningum, um 20 þús. kr. í ávísunum, hlaupareikningshefti við Verzlunarbanka Íslands svo og víxlar og ýmsir pappírar.

Þriðji kassinn hafði verið í umsjá Elísabetar Bjarnadóttur, gjaldkera. Hún taldi, að innihald kassans hefði verið um 430 þús. kr., bæði í smámynt og seðlum, ein ávísun að upphæð kr. 364 eða 365 þúsund, stíluð á Gjaldheimtuna á blaði frá Iðnaðarbankanum.

Skrifstofustjórinn og það fólk, sem getið er um hér að framan, sagði, að eitthvað fleira gæti hafa verið í peningakössunum og kæmi í ljós, þegar betur væri skoðað. Ekki virðist hafa verið hreyft við neinu öðru en peningakössunum, hvorki inni í fjárhirslunni né á skrifstofunni.“

Þennan sama dag gaf sig fram við rannsóknarlögregluna Baldur Brjánsson, starfsmaður hjá Vélsmiðjunni Héðni, og skýrði frá því, að starfsfólk Héðins hefði haldið spilakvöld þar í húsinu kvöldið áður. Kvaðst hann hafa komið að húsinu kl. 2005, en húsið hafði verið opnað kl. 1930. Kvaðst hann hafa tekið eftir

því, að bifreið Ólafs Ásgeirssonar gjaldkera hefði staðið á bílastæði framan við húsið, en bifreiðin bar skrásetningarnúmerið R 11159, Volkswagen af eldri gerð, dökkblá að lit. Veitti Baldur því athygli, að púði, sem Ólafur hafði í framsætinu, lá fyrir utan bílinn.

Af þessu tilefni ræddi Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður við Ólaf Ásgeirsson og innti hann eftir því, hvort hann hefði verið að vinna eða komið á vinnustað sinn á þeim tíma, sem Baldur taldi sig hafa séð bifreið hans þar fyrir utan. Kom fram hjá Ólafi, að systursonur hans, ákærði í máli þessu, hefði fengið lánaða bifreið hans og verið á henni daginn áður og um kvöldið.

Af þessu tilefni fór Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður ásamt Ólafi Ásgeirssyni heim til ákærða að Reynimel 84. Var hann þar heima ásamt föður sínum, Ingólfi Árnasyni, og 9 ára syni ákærða. Var rætt lítillega við ákærða um ferðir hans á bíl Ólafs, en hann kvaðst ekki hafa komið að húsi Héðins á þeim tíma, er Baldur kveðst hafa séð bílinn þar. Er Gísli Guðmundsson ræddi við ákærða þarna á heimili hans, veitti hann athygli fuglsfjöðrum í sellofanpokum, en þeir rannsóknarlögreglumennirnir höfðu fundið nákvæmlega eins poka með fjöðrum í, er lá á gólfi rétt hjá fjárhirsludyrum í Héðni. Hafði verið leitað að fingraförum á þeim sellofanpoka, en án árangurs. Var ákærði nú fluttur á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar til yfirheyrslu um mál þetta.

Við yfirheyrsluna hjá rannsóknarlögreglu og síðar fyrir dómi næsta dag neitaði ákærði aðild sinni að málinu og því að hafa farið á bifreið Ólafs Ásgeirssonar að Vélsmiðjunni Héðni umrætt kvöld, og kvað hann sér ókunnugt um, að bifreiðinni hafi þá verið ekið þangað. Var ákærði í framhaldi þessa úrskurðaður í allt að 7 daga gæsluvarðhald, þ. e. þann 29. nóvember 1975, og var hann látinn laus úr því gæsluvarðhaldi hinn 6. desember 1975. Við yfirheyrslu í dómi þann dag skýrði ákærði svo frá, að umræddan dag hefði hann haft bifreið frænda síns, Ólafs Ásgeirssonar, að láni. Ólafur er eigandi hússins Ránargötu 28, þar sem foreldrar ákærða búa. Kvaðst ákærði hafa sinnt ýmsum erindum fram undir kl. 1700 umræddan dag í bifreið Ólafs, en einnig hafi hann fengið lánaða bifreið fyrrverandi eiginkonu sinnar, þar sem gangtruflanir urðu í bifreið Ólafs.

Hann taldi, að hann hefði komið að Ránargötu 28 rétt fyrir kl. 1700. Þá hafi þar enginn verið heima nema móðir hans, en Ólaf-

ur hafi komið heim um kl. 1730. Um það bil 15 mínútum síðar hafi faðir hans komið með son ákærða.

Ákærði sagði, að um kl. 1800 hafi hann byrjað að veita Ólafi og föður sínum vín. Hafi þeir báðir fengið ríflega tvöfaldan sjúss af vodka. Einnig skenkti hann í sherryglas handa móður sinni. Hann kvað þá Ólaf og föður sinn hafa drukkið mjög hægt úr glösum sínum og telur, að það hafi tekið þá klukkutíma eða rúmlega það að ljúka úr glösunum. Þá sýndi Ólafur nokkur ummerki ölvunar. Hellti ákærði aftur í glösin, en gætti þess að hafa blöndu Ólafs mun veikari en áður. Þegar Ólafur hafði lokið við u. þ. b. 1/7 úr glasinu, sofnaði hann. Þegar gengið var að kvöldverði var Ólafur enn sofandi, og var snætt án hans. Eftir matinn var reynt að vekja Ólaf, en það tókst ekki, þótt hann væri hristur. Þess vegna var hann hálfdreginn inn í sófa í næstu stofu.

Skömmu fyrir kl. 2030 kvaðst ákærði hafa ekið að fæðingardeild Landspítalans. Erindi hans hafi verið að hitta Ólöfu Magnúsdóttur, meðal annars til að fá lánaðan bíl hennar daginn eftir. Hann kvaðst ekki hafa mælt sér mót við hana, áður en hann fór. Taldi ákærði, að Ólöf væri á næturvakt á þessum tíma. Kvaðst hann hafa farið upp á 2. hæð í heimavistinni. Þar hafi hann hitt stúlku, sem hann getur ekki lýst nánar, en hún hafi verið skolhærð og í gallabuxum. Spurði hann stúlkuna, hvort Ólöf væri við, en stúlkan kvað hana vera á vakt. Hafi hann nú haldið á brott þaðan, en þegar hann var að fara frá húsi fæðingardeildarinnar, hafi hann fallið á tröppu út úr húsinu. Hafi hann dottið kylliflatur og ekki getað almennilega komið fyrir sig höndum. Haka hans hafi skollið á gangstéttina, um leið og hann reyndi að sveigja höfuðið aftur á bak, og kom sár á hana að neðanverðu. Kvað hann hafa blætt úr sárinu, sem hann fékk, en þó ekki verulega. Ók ákærði nú frá heimavistinni áleiðis að Ránargötu 28, en er hann ók niður Laugaveg, tók hann eftir, að kvöldvakt var í Laugavegsapóteki, og fór hann því þangað í þeim tilgangi að fá plástur. Konan, sem var við afgreiðslu í apótekinu, sagði, að sárið væri það djúpt, að hann yrði að fara á slysavarðstofuna. Taldi hann þetta orðum aukið og hélt áfram að Ránargötu 28. Þegar ákærði kom að Ránargötu 28, komu foreldrar hans á móti honum í anddyri hússins. Lýstu þau fyrir honum annarlegu ástandi Ólafs og báðu hann að koma ekki inn, en fara þess í stað sem fyrst með son sinn. Tók ákærði fram, að hann hafi ætlað sér að dveljast fram eftir kvöldi að Ránargötu 28. Hann brá sér nú yfir

á Ránargötu 26 ásamt syni sínum, en kona, er þar býr, hafi þvegið sár hans, sett á það plástur og gefið honum annan til vara. Þaðan hafi hann svo skroppið aftur til foreldra sinna og kvatt þau, án þess þó að fara inn í húsið. Síðan hafi hann farið ásamt syni sínum að Reynimel 84 og hafi þeir feðgar verið þar tveir einir í íbúðinni frá þeim tíma þar til næsta morguns.

Ákærði kannaðist við, að Ólafur hafi notað lausa sessu í sæti í bifreið sinni. Ákærði kvaðst aldrei nota þessa sessu, þegar hann æki bifreiðinni, heldur setti hann hana annað hvort í framsæti bifreiðarinnar eða aftur í hana. Kvaðst hann ekki neitt hafa saknað sessunnar, en hann hafi heyrt hjá móður sinni, að hún hafi fundist við Vélsmiðjuna Héðin. Hann kvaðst síðast hafa komið að Héðni upp úr hádegi umræddan fimmtudag, en þá hafi hann ekið Ólafi í vinnu. Taldi hann Ólaf hafa setið í farþegasæti.

Ákærði kvaðst hafa keypt 20 til 25 umslög með fuglsfjöðrum fyrir 10 til 11 árum, en hann hafi hugsað sér að gera fiskiflugur úr fjöðrunum, en aldrei hafi orðið úr því. Honum var sýndur sellofanpoki með fuglsfjöður, sem fannst við fjárgeymslu Héðins hinn 28. nóvember. Vefengdi hann ekki, að pokinn kynni að vera einn þeirra, sem hann átti.

Vitnið Ólafur Ásgeirsson aðalgjaldkeri, Ránargötu 28, 65 ára að aldri, skýrði svo frá, að hinn 27. nóvember hafi það lánað ákærða bifreið sína. Kvaðst vitnið hafa ekið að Héðni um morguninn, en þar hafi ákærði tekið bílinn. Um hádegi hafi báðir borðað að Ránargötu 28, en eftir matinn ók vitnið að Héðni, þar sem ákærði tók við bílnum. Kvaðst vitnið ekki hafa komið oftar í bílinn þennan dag. Vitnið fór heim skömmu eftir kl. 1700. Kvaðst það hafa verið örþreytt þá vegna fyrirhugaðrar útborgunar næsta dag. Það kvaðst hafa þegið 2 glös af vodkablöndu hjá ákærða, en eftir það hafi það sofnað. Síðar um kvöldið mundi vitnið eftir því að hafa vaknað í sófa inni í stofu. Rakaði það sig þá og fór eftir það að sofa og taldi, að klukkan hefði verið þá um 2100.

Vitnið Baldur Brjánsson verslunarmaður, Kötlufelli 11, 27 ára að aldri, skýrði svo frá, að það hefði komið að húsi Héðins rétt eftir kl. 2000 umrætt kvöld. Með vitninu var Hörður Jósepsson, er var farþegi í bifreið þess. Vitnið kvaðst hafa lagt bifreið sinni á bílastæði á móti húsi Héðins. Minnti vitnið, að það hefði lagt bifreiðinni á móts við aðaldyr. Rétt hjá bifreið vitnisins, þó e. t. v. nokkru fjær húsinu, var Volkswagen bifreið, sem vitnið

taldi örugglega vera bifreið Ólafs Ásgeirssonar. Vitnið kvaðst sjá bifreið Ólafs daglega og sagði hana auðþekkjanlega, þar sem bifreiðin hafi verið handmáluð með bláum lit. Vitnið kvaðst stundum hafa fengið bifreiðina að láni hjá Ólafi. Rétt hjá bifreiðinni sá vitnið setu, sem það taldi sig kannast við úr bifreið Ólafs. Segir vitnið, að þessa setu hafi Ólafur notað á bifreiðarstjórasætið vinstra megin. Minnti vitnið, að setan hafi legið farþegamegin við bifreiðina og nokkuð frá henni. Vitnið tók ekki eftir, að setan væri blaut. Vitnið taldi víst, að Ólafur væri á skrifstofu sinni, og hugðist vitnið fara með setuna til Ólafs og grínast við hann. Kvaðst það hafa bankað á dyrnar á 3. hæð, þar sem Ólafur vann. En enginn svaraði þar. Vitnið fór þá með setuna upp á 5. hæð og skildi hana þar eftir. Vitnið kvaðst hafa farið út úr húsinu um kl. 2400. Það tók ekki eftir því, hvort bifreið Ólafs var þá enn á stæðinu.

Þegar vitnið kom í vinnuna kl. 9 morguninn eftir, frétti það um þjófnaðinn. Þegar talað var um atburðinn meðal starfsfólksins, heyrði vitnið, að Ólafur Ásgeirsson sagði, að hann hefði ekki verið þar kvöldið áður. Vitnið tjáði honum þá, að það hefði séð bíl hans kvöldið áður þar. Sagði Ólafur það ekki geta verið. Vitnið sótti þá setuna úr bíl Ólafs, og kannaðist Ólafur við hana og taldi, að hún hlyti að hafa dottið úr daginn áður. Fannst vitninu, að Ólafur hafi ekki verið með sjálfum sér þennan morgun, hann hafi virst „sjokkeraður", fum hafi verið á honum og hann skjálfhentur.

Vitnið Hörður Jósepsson verslunarmaður, Írabakka 32, 28 ára, kvaðst hafa komið að húsi Héðins með fyrrgreindum Baldri milli kl. 2000 og 2050 umræddan dag. Hafi Baldur lagt bíl sínum á bílastæði nokkurn veginn beint á móti aðaldyrum Héðins. Mundi vitnið, að þegar komið var að húsi Héðins, þá hafi Baldur haft orð á því, að tiltekinn starfsmaður fyrirtækisins væri að vinna. Vitnið kvaðst vera öruggt um það, að Baldur hafi lagt bíl sínum rétt hjá gömlum Volkswagen. Mundi vitnið ekki frekar eftir þessum Volkswagen bíl, en taldi, að hann hafi verið ljósleitur. Rétt hjá Volkswagen bifreiðinni tók Baldur upp setu, sem þar lá, en vitnið gat ekki nákvæmlega tilgreint, hvar það var. Eftir að vitnið og Baldur komu á bílastæðið, kom þar að Toyota bíll, sem lagt var fyrir norðan Volkswagen bifreiðina. Urðu vitnið og Baldur samferða hjónum upp í lyftu hússins, er komu úr þeirri bifreið. Vitnið minnti, að Baldur hefði stöðvað lyftuna á 3. hæð og barið þar á dyr, án þess að nokkur svaraði. Eftir það var

farið upp í samkomusalinn, en vitnið man ekki eftir, að neitt hafi verið talað um setuna í lyftunni. Vitnið kvaðst hafa farið burt á milli kl. 2400 og 0030. Það taldi sig geta fullyrt, að þá hafi Volkswagen bifreiðin ekki verið á stæðinu.

Vitnið Sveinn Skagfjörð Pálmason, starfsmaður í tæknideild Héðins, Tómasarhaga 19, 42 ára að aldri, kvaðst hafa komið að kvöldi 26. nóvember 1975 um kl. 2330 að húsi Héðins vegna spilakeppni, sem þar var. Það tók eftir bifreið Ólafs Ásgeirssonar gjaldkera þar, sérstaklega vegna þess að vitnið vissi, að hann tók ekki þátt í neinni félagsstarfsemi. Vitnið kvaðst hafa litið upp í skrifstofuherbergi hans á 3. hæð, en sá þar ekki ljós, en hins vegar hafi það skynjað dauft ljós í herbergi fyrir framan herbergi Ólafs. Síðar frétti vitnið, að morguninn eftir hefði logað ljós í gangi fyrir framan þetta herbergi, en þar átti ekkert ljós að vera um nóttina. Segir vitnið, að oft sé opið á milli gangsins og herbergis þess, er það sá ljós í. Vitnið átti erindi upp á 5. hæð hússins. Það mundi, að það tók eftir púða við dyr á efstu hæð í skrifstofuálmu hússins.

Vitnið Hulda Hjálmarsdóttir ráðskona, Smyrlahrauni 48, Hafnarfirði, 37 ára að aldri, kvaðst hafa farið ásamt manni sínum á spilakvöld hjá Héðni 27. nóvember 1975. Þau stöðvuðu bílinn á bílastæði, og var billinn nokkurn veginn andspænis aðaldyrum Héðins.. Rétt eftir að þau bar þar að, kom Baldur Brjánsson þar, og minnist vitnið þess, að hann hafi tekið upp svampsæti, sem lá þar á bílastæðinu. Vitnið mundi, að Baldur hafði orð á því, að einhver maður, sem hann nafngreindi, hefði misst svampsætið úr bíl sínum. Fór Baldur úr lyftunni á 3. hæð til að skila svampsætinu, að því er hann sagði, en hin héldu áfram upp.

Vitnið Þórarinn Guðmundur Andrewsson kennari, Smyrlahrauni 48, Hafnarfirði, 38 ára að aldri, mundi einnig eftir því, að þegar Baldur Brjánsson kom inn í Héðinshúsið, hafi hann haldið á sessu. Minnti vitnið, að Baldur hafi farið út úr lyftunni einni hæð neðar en aðrir, sem voru í lyftunni. Hafi Baldur látið orð falla á þá leið, að hann vissi, hver ætti sessuna, og hann ætlaði að koma henni til skila.

Hinn 19. október sl. óskaði ákærði, sem sat í gæsluvarðhaldi vegna máls þess, sem um er fjallað í I hér að framan, eftir því að gefa viðbótarskýrslu um mál þetta. Játaði hann þá fyrir rannsóknarlögreglu að vera valdur að hvarfi umræddra fjármuna úr Vélsmiðjunni Héðni hinn 27. nóvember 1975. Kom ákærði fyrir sakadóm hinn 25. október 1976 og staðfesti þar játningu sína.

Vísaði ákærði í fyrri skýrslu sína, sem hann hafði áður gefið fyrir dómi, fram að þeim tíma, er hann og faðir hans lögðu frænda hans, Ólaf Ásgeirsson, á sófa í setustofu. Það hafi verið þá, sem hann fékk þá hugmynd að taka lykla úr vösum Ólafs að fjárhirslum Héðins og nota þá til þess að stela þaðan fé. Kvaðst hann hafa tekið lyklana og veski Ólafs, sem hvort tveggja var í sama vasa, um leið og Ólafur hafði verið lagður í sófann. Eftir það sat hann með foreldrum sínum og syni í stofunni, en ók síðan í bifreið Ólafs að Vélsmiðju Héðins. Hann telur, að vel geti staðist, að þangað hafi hann farið um kl. 2000. Lagði hann bifreiðinni norðarlega á stæðinu, sem er gegnt húsi Héðins, og hélt rakleiðis að aðaldyrum hússins. Þær voru opnar, og fór hann þar inn og gekk upp stigann að skrifstofudyrum á 3. hæð. Notaði hann lykla Ólafs til að komast þar inn og einnig til að opna fjárhirslur fyrirtækisins. Kvaðst hann hafa lokað á eftir sér, þegar hann kom á skrifstofuna, og hafi hann kveikt ljós inni í fjárhirslunni, en man ekki, hvort hann slökkti það. Úr fjárhirslunni tók hann þrjá peningakassa og setti í tösku, sem hann hafði haft með sér í því skyni. Þessa sömu tösku hafði hann m. a. notað fyrr um daginn undir flutning á fuglsfjöðrum. Kvaðst hann hafa reynt að loka fjárhirslunni, en ekki tekist. Fór hann síðan rakleiðis með töskuna niður stigann.

Ákærði taldi, að ferð hans inn í húsið hafi tekið mjög stutta stund, e. t. v. aðeins 5 mínútur. Kvaðst hann ekki hafa tekið eftir bifreiðum við gangstéttina framan við húsið né heldur því, að ljós loguðu á efri hæðum hússins. Veitti hann engum mannaferðum athygli, þegar hann var inni í húsinu, og veitti því ekki athygli, að bankað væri á dyr skrifstofunnar. Kvað hann mjög mikið óðagot hafa verið á sér, er hann framdi verknaðinn, og mikil spenna hafi fylgt því. Hann kvaðst ekki hafa neytt meiri lyfja þennan dag en hann var vanur að gera samkvæmt læknisráði. Ákærði kvaðst nú hafa ekið bifreiðinni örstuttan spöl og stöðvað hana í Ánanaustum, einhvers staðar milli Vesturgötu og Mýrargötu. Þar opnaði hann kassana með skrúfjárni, er var í bílnum. Kannaði hann innihald þeirra, eða taldi sig gera það, tók peninga úr þeim og setti í jakka sinn. Kvaðst hann ekki hafa kveikt ljós í bílnum. Kvaðst hann hafa notið birtu frá nálægum ljósastaurum. Að þessu loknu ók hann stuttan spöl í suður eftir Ánanaustum. Þar fór hann út úr bifreiðinni og skildi einn kassann, sem hann taldi kassa Ólafs, eftir í porti þar rétt hjá. Getur hann ekki gert sér grein fyrir því, hvers

vegna hann skildi ekki alla kassana þar eftir. Að þessu búnu ók hann að Skúlagötu og henti kössunum tveimur fram af bakka, þar sem unnið var við uppfyllingu.

Þegar ákærði hafði farið frá foreldrum sínum, tjáði hann þeim, að hann ætlaði upp á Landspítala. Ók hann þangað frá Skúlagötu í því skyni að afla sér fjarvistarsönnunar. Hann hrasaði á gangstéttarbrún fyrir framan fæðingardeildina, fékk sár undir hökuna og hætti við að fara þangað inn. Ók hann frá fæðingardeildinni að Laugavegsapóteki, þar sem hann hugðist fá plástur á sárið. Var honum sagt þar, að hann þyrfti að fara á slysavarðstofuna. Taldi hann sig ekki hafa tíma til þess, eins og sakir stóðu, og hélt rakleiðis heim til foreldra sinna. Fékk hann þar tækifæri til að leggja lyklakippu Ólafs ofan á veski hans, sem lá á borði í setustofunni. Sá enginn til hans, þegar hann gerði þetta.

Frá heimili foreldra sinna fór ákærði með son sinn að Reynimel 84. Eftir að sonur hans var sofnaður, taldi ákærði peningana, og taldist honum svo til, að upphæðin væri ríflega 293 þúsund krónur. Er honum var bent á, að þetta væri mun lægri tala en sú, sem fyrirtækið Héðinn hefur gefið upp, gat hann ekki gefið skýringu á þeim mismun, nema sér hafi sést yfir peninga í kössunum, áður en hann henti þeim.

Samkvæmt yfirliti frá Vélsmiðjunni Héðni h/f námu peningar í peningakassa Elísabetar Bjarnadóttur gjaldkera kr. 527.057, þegar kassinn hvarf. Peningar í kassa Friðjóns B. Friðjónssonar fulltrúa hafi numið kr. 164.438. Þegar hins vegar sé lagt saman peningar, ávísanir, happdrættisskuldabréf, frímerki og fjárhæðir á víxlum, sem í kössunum voru, verður útkoman samkvæmt yfirliti Héðins h/f kr. 1.344.441. Auk þess hurfu kr. 20.500 í peningum úr kassa Ólafs Ásgeirssonar, en í þeim kassa var auk þess skv. yfirlitinu ca 2 millj. kr. í ávísunum og ca 1 millj. kr. í víxlum, eða kr. 3.020.500. Sá kassi fannst hins vegar aftur með umræddum víxlum og ávísunum.

Vitnið Ólafur Ásgeirsson aðalgjaldkeri hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í peningakassa þeim, er það hafði með að gera og stolið var, hafi verið m. a. ávísanir að fjárhæð nálægt kr. 1.800.000. Voru þetta ávísanir, sem vitnið hafði innheimt hjá viðskiptamönnum fyrirtækisins. Hafði það afrit af kvittunum, er það hafði gefið út við móttöku þessara greiðslna. Þegar kassinn fannst, reyndust allar þær ávísanir vera í honum, er þar áttu að vera. Það kvaðst ekki muna, hver fjárhæð víxlanna í

kassanum var, en tölurnar á fyrrgreindu yfirliti væru ekki frá sér komnar, nema peningafjárhæðin, sem hvarf, sem það staðfestir, að væri rétt tilgreind á yfirlitinu.

Vitnið sagði, að hver kassi væri gerður upp vikulega, þ. e. á mánudögum, að minnsta kosti eigi það við um hans kassa. Engar daglegar færslur eigi sér stað né sé færð ákveðin kassabók. Skili hann kvittunum við hið vikulega uppgjör og geri þannig grein fyrir hreyfingum í kassa.

Vitnið Elísabet Bjarnadóttir, gjaldkeri starfsmannahalds, Egilsstöðum II, Seltjarnarnesi, 32 ára að aldri, skýrði svo frá fyrir dómi, að það sjái um launaútreikninga og útborgun launa til starfsfólks Héðins h/f svo og um útreikning og vörslu á fé, sem taka á af launum starfsfólks til greiðslu á gjöldum til opinberra aðilja og stéttarfélaga. Var þetta einnig í hennar verkahring í nóvember 1975, og reyndar allt frá því í maí 1971.

Vitnið sagði, að það hafi jafnan fengið frá Ólafi Ásgeirssyni fjárhæð, er samsvaraði útreiknuðum launum hverja viku, og síðan hafi það haldið eftir af launagreiðslum framangreindum gjöldum. Voru greiðslur til hvers viðtakanda um sig geymdar í sérstökum opnum umslögum. Skil voru yfirleitt gerð til viðkomandi aðilja mánaðarlega, en til Gjaldheimtunnar þó vikulega.

Vitnið sagði, að þegar umræddur þjófnaður átti sér stað, hafi verið óvenju mikið reiðufé í kassanum, þar sem þetta hafi verið í lok mánaðar og einnig nálægt lokum árs og hafi verið ólokið skilum á stéttarfélagsgjöldum til ýmissa smærri félaga. Engir peningar hafi verið í kassanum vegna launaútborgunar næsta dag. Þó hafi legið í kassanum kvittanir vegna fyrirfram greiddra launa. Einnig hafi legið fyrir í kassa peningar, sem áttu að fara til Gjaldheimtunnar af launaútborgun vikuna áður, en ekki hafði enn verið staðið skil á vegna fjárhagserfiðleika fyrirtækisins, en í kassanum lá einnig ávísun, er átti að ganga í þessa greiðslu, og talið var, að yrði innstæða fyrir henni næsta dag.

Vitnið sagði, að það hafi fært í sérstaka bók þau gjöld, er það dró af launum starfsfólks, og hafi verið fært í hana, jafnóðum og dregið var af launununum. Á sama hátt hafi verið fært á sérstaka félagsgjaldaskrá. Á þessum gögnum byggði vitnið skýrslu sína um það, sem verið hafði í kassa þess, er hann hvarf. Staðfesti vitnið, að yfirlit fyrirtækisins byggðist á skýrslu þess.

Vitnið sagði, að öll umslög í kassanum hafi verið klemmd saman með bréfaklemmum eftir viðtakendum og hafi þau yfir-

leitt verið 3 saman í hverri klemmu, þar sem 3 útborganir höfðu farið fram í mánuðinum. Allir peningar í kassanum hafi verið í þannig umslögum og annað hafi ekki verið í kassanum, utan afrit af nokkrum kvittunum fyrir fyrirfram greiðslum, er voru einnig undir klemmum.

Vitnið Friðjón Björn Friðjónsson, skrifstofustjóri í Héðni h/f, Geitlandi 11, 40 ára að aldri, sagði fyrir dómi, að það hafi nær eingöngu séð um fjármál vegna verslunar og í kassa þess hafi verið ýmsar innborganir tengdar henni. Einnig voru þarna víxlar. Þá voru í kassanum 15 happdrættisskuldabréf, sem vitnið hafði tekið til geymslu fyrir Garðar Karlsson, fyrrverandi starfsmann Héðins h/f, svo og frímerki, er vitnið átti sjálft.

Vitnið staðfesti, að yfirlit fyrirtækisins um innihald kassa vitnisins byggðist á skýrslu sinni.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði er, sem fyrr segir, fæddur í Reykjavík hinn 26. júlí 1934. Hann á eina systur, sem er 10 árum yngri en hann. Hann stundaði barnaskólanám við Miðbæjarskólann í Reykjavík og tók fullnaðarpróf þaðan með hárri einkunn. Síðan settist hann í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar og var þar einn vetur, en þar á eftir dvaldist hann hálfan vetur með foreldrum sínum í Sviss. Næsta vetur þar á eftir dvaldist hann hjá móðurforeldrum sínum að Ránargötu 28 og lauk landsprófi. Síðan settist hann í Menntaskólann í Reykjavík og lauk stúdentsprófi þaðan 1954 úr máladeild. Að stúdentsprófi loknu hóf ákærði nám í Englandi, en hvarf frá því vegna peningaleysis og tók sér hlé frá námi um tíma, vann á Keflavíkurflugvelli hjá Bandaríkjaher í 1½ ár, en hóf síðan aftur nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands 1956 og lauk þaðan prófi 1960.

Að viðskiptafræðiprófi loknu starfaði ákærði sem blaðamaður, fyrst nokkra mánuði hjá dagblaðinu Vísi, síðan hjá Morgunblaðinu í 7 ár fyrir utan það, að hann dvaldist í Kaupmannahöfn einn vetur, 1964 til 1965, og var þá við skrifstofustörf hjá lyfjafyrirtæki. Hann gerðist síðan fréttamaður hjá Sjónvarpinu 1968. Hætti hann þar 1972. Réðst síðan sem framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur, en hætti þar 1974 og gerðist fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu og vann þar fram í september 1975, en síðan hefur hann unnið að þýðingum og ritstörfum.

Ákærði bragðaði fyrst vín 15 ára gamall og fór að reykja ári síðar. Telur hann sig vera hófsaman á vín, enda hafi hann um

20 ára aldur farið í 6 ára bindindi jafnframt því sem hann hóf þá að æfa frjálsar íþróttir reglulega og gerði í 6 ár.

Ákærði kvæntist Hafdísi Árnadóttur leikfimikennara, fæddri 19. nóvember 1938, hinn 18. september 1964. Þau skildu að borði og sæng í júní 1975, en eru ekki skilin að lögum. Hafdís hefur sagt fyrir dómi, að ákærði hafi aldrei sýnt ofbeldishneigð gagnvart sér eða heimili þeirra og hafi hann aldrei lagt á sig hendur, þótt ýmislegt hafi gengið á, t. d. er þau slitu sambúð. Hún segir, að skilnaður þeirra hafi átt sér langan aðdraganda og hún hafi ekki merkt neina sérstaka breytingu á ákærða vegna hans. Fyrst eftir skilnaðinn hafi þau lítil samskipti haft, en síðar hafi þau aukist og upp á síðkastið hafi hann haft daglega samband við heimili hennar og umgengist syni þeirra mikið. Vitnið var mikið utanbæjar og utanlands síðastliðið sumar með börnin og sá því ákærða sjaldan, fyrr en það kom heim 22. ágúst síðastliðinn, en eftir það kom hann oft heim til vitnisins og fór með eldri drenginn út með sér, meðal annars í veiðiferð. Merkti vitnið ekkert sérstakt óvenjulegt í fari hans.

Við yfirheyrslu í dómi hinn 1. september sl. var ákærði spurður um heilsu sína. Kvaðst hann hafa fengið acrofobiu, þ. e. útivistarhræðslu, sem sé andstæða við innilokunarkennd, fyrir u. þ. b. 7 árum. Var þetta mjög slæmt um tíma, og átti ákærði mjög erfitt með að fara um bæinn. Leitaði hann til Karls Strand fyrir um tveimur árum og fór til hans mánaðarlega síðan. Gaf Karl honum ákveðin lyf við þessu. Kvað hann sér hafa batnað mikið og gæti þar komið tvennt til. Annars vegar meðhöndlun Karls, hins vegar meðferð enskrar andalækningakonu, Joan Reid, er hann leitaði til. Hafi hann reyndar skrifað bók um störf hennar. Er hann fór til hennar eitt sinn, tjáði hún honum, að leiðsögumenn eða stjórnendur sínir segðu henni, að það, sem ylli þessum sjúkdómi, væri áverki á hálsi, er hann hefði fengið, og þyrfti að kippa til hálsliðnum. Eitthvað hafði gengið til, sem hindraði eðlilega blóðrás upp í hægri framhluta heilans. Stórbatnaði honum á einum degi hjá henni, og endurtók hún þessa meðferð. Hann átti að fara til Karls Strand upp úr miðjum ágúst sl., en afpantaði tímann vegna veiðiferðar, en hann tók fram, að síðast er hann fór til Karls, hafi verið rætt um að draga úr lyfjagjöf og hafi það verið gert. Faðir hans hafi hvatt hann til að hætta lyfjatöku, þar sem hann væri orðinn góður, og hafi hann hætt að taka meðul í vikunni fyrir 26. ágúst sl. Hefði hann ekki tekið þau reglulega áður, enda ekki fundið þörf fyrir þau eða

haft trú á þeim í sama mæli og fyrr. Fyrir orð föður síns fleygði hann þessum lyfjum í öskutunnuna föstudaginn 27. ágúst, að því er hann taldi.

Aflað var vottorðs Karls Strand yfirlæknis um meðferð hans á ákærða. Sendi hann dóminum útdrátt úr sjúkraskýrslu, dagsettri 2. september 1976, svohljóðandi:

„Frá 13. 9. 1974 hefur ofannefndur Ásgeir Ingólfsson gengið til mín til lækninga. Hann hefur komið alls 18 sinnum til mín á stofu til einnar klukkustundar viðtals í hvert sinn, og auk þess hefir hann nokkrum sinnum leitað til mín símleiðis.

Í upphafi kvartaði hann um svefntruflanir, kvíða, mikla spennu, eirðarleysi, einkum á morgnana, svartsýni, depurð og einbeitingarskort. Hann var hræddur á opnum svæðum, á breiðum götum, lofthræddur, fékk innilokunarkennd, einkum í leikhúsum og kvikmyndahúsum. Hann treysti sér ekki einn í bíl út úr bænum. Oft meyr og jafnvel klökkur. Hann taldi, að sum þessara einkenna hefðu verið til staðar allt frá árinu 1972, t. d. lofthræðslan, en þá dvaldi hann í Bandaríkjunum. Telur sér hafa lakast mjög síðustu 3—4 mánuði.

Miklir örðugleikar voru í hjónabandi hans, sem staðið hafði 10 ár. Margvíslegir árekstrar hafa orðið milli hjónanna, einkum út af ástamálum og fjármálum, þau hætt að sænga saman og rætt hafði verið um skilnað.

Hann var á þessum tíma starfsmaður hjá Ríkisútvarpinu og vann m. a. á næturvöktum, sem áttu sinn þátt í svefntruflunum hans. Hann hætti hjá Útvarpinu seint á haustinu 1975 til að vinna sjálfstætt að ritstörfum.

Ég taldi hann hafa geðlægð (depressio mentis) með mikilli spennu og fælnifyrirbærum (phobias). Hann var alla tíð greinargóður í frásögn, raunhæfur og samvinnugóður. Ekki varð vart neinna einkenna, sem bentu til sturlunar (psychosis).

Læknishjálp var falin í lyfjagjöf og allrækilegum viðtölum (supportive psychotherapy). Hann var settur á þunglyndislyf (antidepressant) — Amytripty — lini 100 mg á dag, (Tryptizol) róandi lyf, Diazepam 15 mg á dag og svefnlyf, Mogadon 10 mg að kvöldi. Nokkrar breytingar voru gerðar síðar á lyfjagjöfinni í samræmi við breytingar á ástandi sjúklingsins. Síðasta lyfjaforskrift hans gefin 28. 7. 1976 var Tryptizol 25 mg, tbl. 4 á dag, Trilafon mg 4 þrisvar á dag og tbl. Mogadon mg 5, 1½—2 töflur fyrir svefn.

Þegar á fyrstu vikunum fór ástand hans batnandi hægt og hægt, og sá bati hélt áfram, að vísu með nokkrum sveiflum í sambandi við ytri aðstæður og atburði. Hjónin slitu samvistum í apríl 1975 og Á. I. flutti að heiman. Leið mun betur eftir það. Tók nýja geðsveiflu niður á við í des. 1975 eftir að hafa verið settur í gæzluvarðhald í 8 daga, grunaður um innbrot. Átti erfitt með að vera einn á eftir og flutti faðir hans þá til hans um tíma. Ýmiskonar fjárhagserfiðleikar, m. a. skuldir konu og kostnaðarliðir vegna barna, ollu honum áhyggjum. Eigi að síður tók honum að skána á ný upp úr síðustu áramótum, og í viðtali í apríl taldi hann líðan sína mun betri og var þá kappsamur við ritstörf, gat ekið bíl sínum einn út úr bænum og taldi einbeitingu sína og vinnufærni í góðu lagi. Þessi bati virtist í góðum gangi, er hann talaði síðast við geðlækni, en það var 28. 7. s.l. Var þá ákveðið að fara að minnka lyfjagjöf hans hægt og hægt.

Sjúkl. taldi sig ætíð taka lyf sín reglulega og var ekki grunaður um vanrækslu í þeim efnum, þótt geðsveiflur kæmu fyrir. Hann mætti ekki ætíð reglulega til viðtals, stundum vegna ferðalaga úr bænum, stundum að því er virtist af gleymsku eða trassaskap. Hringdi þá stundum og fékk lyfseðla símleiðis í lyfjabúð. Einu sinni eða tvisvar minnist geðlæknir þess, að hann bæði um viðbótarlyf fyrr en ætla mátti, að birgðir hans væru þrotnar, en þess varð annars eigi vart, að hann tæki stærri skammta en leyft var. Í heimsóknum hans til læknis sáust aldrei á honum merki um ofneyzlu lyfja né áhrif alkohols.

Sú vitneskja, er geðlæknir hefir fengið um ónotuð lyf heima hjá honum, getur skýrt, hve bati hans var rykkjóttur með köflum. Hitt verður ekki skýrt að svo stöddu, hversvegna hann vanrækti lyfjatöku sína, en óskaði jafnan eftir að halda áfram með lyfin og virtist setja traust sitt á þau.

Í síðustu heimsókn sinni til geðlæknis, þann 28. 7. s.l., virtist hann fullkomlega í jafnvægi, raunhæfur í tali eins og fyrr, ræddi um störf sín, framtíðaráætlanir, fjármál í sambandi við syni sína og fyrrverandi eiginkonu, laxveiðiferðir, er hann hafði farið nýlega. Nefndi þá, að hann treysti sér til að minnka lyf sín, og var byrjað á því, eins og áður er sagt. Taldi geðlæknir, að bati hans væri mjög sæmilegur, enda virtist honum líða vel."

Ásgeir Karlsson geðlæknir var fenginn til að framkvæma geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Hefur hann skilað skýrslu til dómsins um þá rannsókn, dagsetta 18. desember sl., og hljóðar niðurstaða skýrslunnar svo:

„Ég tel Ásgeir Ingólfsson hvorki vera geðveikan né greindarskertan, og hann hefur engin merki þess að vera með vefrænar skemmdir í miðtaugakerfi. Hann verður hins vegar að teljast mjög vel greindur. Hins vegar tel ég hann vera með persónuleika- og skapgerðartruflanir, sem eru einkennandi fyrir fólk, sem á erfitt með að meðhöndla og fá útrás fyrir reiði og aðrar sterkar tilfinningar (neurosis characterogenis, passive-agressive type). Framkoma Ásgeirs er dæmigerð fyrir fólk með slík skapgerðareinkenni, hann er mjög fágaður og kurteis í framkomu, næstum á yfirdrifinn hátt, og gerir sér far um að þóknast öðrum og forðast að lenda í andstöðu eða útistöðum við fólk og er mjög vandur að virðingu sinni. Hins vegar getur dómgreind hans brenglast og hann misst stjórn á sér, ef ytri aðstæður eru þannig, að honum finnist sér vera ógnað, t. d. að hann væri staðinn að verki með því að haga sér ekki rétt eða gera eitthvað óheiðarlegt. Getur hann þá, eins og komið hefur fram, misst stjórn á tilfinningum sínum og farið í gífurlegt uppnám, þótt ofbeldi þurfi ekki endilega að fylgja slíku ástandi.

Ásgeir hefur ennfremur haft taugaveiklunareinkenni, var með kvíða taugaveiklun frá 16 til 20 ára aldurs (neurosis anxiosa), síðan aftur frá árinu 1971, haft blandaðri taugaveiklunareinkenni, svo sem einkenni um kvíða, þunglyndi og fælni (agaro phobia). Þessi síðasttöldu taugaveiklunareinkenni hafa virst vera í talsverðum bata sl. 6 mánuði, enda hefur hann verið til meðferðar hjá geðlækni undanfarin 2 ár. Er það vísbending til þess, að Ásgeir geti notfært sér meðferð við slíkum taugaveiklunareinkennum, en hins vegar er vafamál, hversu vel hann gæti notað sér djúpa innsæismeðferð eða sálgreiningu til þess að fá bót á skapgerðar- og persnóuleikavandkvæðum sínum, þar eð slík meðferð er langvinn og yrði sennilega erfið.

Ásgeir Ingólfsson telst sakhæfur."

Svo sem áður hefur komið fram, meðal annars í vottorði Karls Strand yfirlæknis, hefur ákærði á undanförnum árum tekið allnokkuð af lyfjum. Aðspurður um lyfjatöku sína fyrir dómi hinn 9. nóvember sl. sagði ákærði, að hann hafi í um það bil 1 ár gert töluvert af því að taka valium eða diazepam og hafi hann stundum tekið slíkar töflur oft á dag. Sagði hann, að sumt af þessum töflum hafi hann fengið hjá Karli Strand, en annað hjá heimilislækni og fleiri læknum. Taldi hann erfitt fyrir sig að gera sér grein fyrir áhrifum af þessum lyfjum, en sér hafi fundist þau róandi. Kvaðst hann aldrei hafa fundið til syfju þeirra vegna.

Kvað hann systur sína stundum hafa haft á orði við sig, að henni fyndist hann vera eins og slappur í framan.

Ákærði sagði, að hann hefði farið til Karls Strand fyrst fyrir u. þ. b. 2 árum og hafi hann þá strax fengið framangreind meðul og auk þess Tryptizol, Mogadon og Trilafon eða perfenazíni. Hann kvaðst ekki hafa ofnotað þessi lyf neitt, nema þá eins og fyrr segir valium síðasta árið. Hin lyfin hafi hann ekki alltaf tekið reglulega síðustu 4 mánuðina. Hann kvaðst ekki vita, hvaða áhrif Tryptizol hafi, en hann hafi spurt Karl Strand að því. Hafi hann sagt, að það ætti að vinna gegn þunglyndi, en það virkaði ekki strax, heldur þyrfti að safnast upp í líkamanum í ákveðinn tíma.

Aðspurður sagðist ákærði ekki hafa neytt neins áfengis í u. þ. b. 2 ár, eða frá því í febrúar 1975. Kvaðst hann áður hafa neytt áfengis nokkuð í því skyni að vinna bug á útivistarhræðslu sinni, en eftirköstin hafi verið með þeim hætti, að hann fann, að í því var engin lækning fólgin, og ákvað því að hætta að neyta þess.

Við yfirheyrslu í sakadómi 6. desember 1975 í sambandi við ætlaðan þjófnað í Héðni hafði ákærði skýrt svo frá um lyfjatöku sína, að hann hefði tekið tvö lyf að staðaldri í meira en ár eftir ráðleggingum Karls Strand. Væru það lyfin Tryptizol og perfenazíni. Hefði skammturinn af fyrrnefnda lyfinu undanfarið verið 1 tafla á morgnana og 3—4 á kvöldin. Skammturinn af hinu síðarnefnda hefði verið 1 tafla á morgnana og 2 á kvöldin. Kvaðst hann hafa fengið þessi lyf gegn útivistarhræðslu, sem hann hefði verið mjög illa haldinn af. Kvaðst hann hafa tekið inn lyf eins og venjulega 27. nóvember 1975 og engin önnur lyf, og taldi hann sig ekki á neinn hátt vera í óeðlilegu ástandi, en hann hefði verið þreyttur vegna mikillar vinnu. Kvað hann þessi meðul ekki breyta skaphöfn manna.

Vitnið Hafdís Árnadóttir, fyrrverandi eiginkona ákærða, hefur sagt fyrir dómi, að á árinu 1973 hafi ákærði farið að finna til magasárs og hafi hann þess vegna farið til meðferðar hjá magasérfræðingi. Um svipað leyti hafi hann leitað til geðlæknis vegna óþæginda, sem lýstu sér meðal annars í vanlíðan úti á víðáttu, einnig í háum húsum, svo og lýsti þetta sér í innilokunarkennd, til dæmis í lyftum. Vissi vitnið, að hann fékk lyf bæði vegna magasársins og einnig vegna meðferðarinnar hjá geðlæknum. Vissi það m. a., að hann fékk Mogadon, sem er svefnlyf, og valium. Grunaði vitnið um tíma, er þau bjuggu enn saman,

að ákærði tæki þessi lyf eitthvað umfram það, sem læknar mæltu með, þar sem það merkti breytingu á honum, t. d. á mæli hans og að hann var sljórri en hann átti að sér. Vitnið innti hann eftir þessu, en hann neitaði því, að hann tæki meira en fyrir var lagt. Sagði vitnið, að þetta hefði verið rétt eftir að hann byrjaði að taka þessi lyf. Stóð þetta nokkurn tíma, en síðan virtist eins og úr þessu drægi, hvort sem ákærði minnkaði lyfjatökur eða var orðinn vanari þeim. Það kvað hegðan ákærða ekki hafa verið neinum sveiflum háð á þessum tíma. Svo sem fyrr er frá skýrt, kvað það ákærða aldrei hafa sýnt ofbeldishneigð gagnvart sér eða heimilinu og hafi hann aldrei lagt á sig hendur.

Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða, sendi dómsformanni bréf, dags. 25. janúar sl., svohljóðandi:

„Ég leyfi mér hér með að fara þess á leit við yður, herra sakadómari, með vísan til skýrslu skjólst. m. fyrir Sakadómi Reykjavíkur hinn 9. nóvember s.l., sbr. ennfremur dskj. nr. 6, og dskj. nr. 2, bls. 15, að þér aflið sérfræðilegrar umsagnar um áhrif langvarandi (allt að tveggja ára) notkunar lyfja þeirra, er í framangreindum skýrslum greinir, en skjólst. m. hefur tjáð mér, að lyfjaneyzla sín hafi verið sem hér segir: Eftir að Dr. Karl Strand hóf afskipti af skjólst. m., kveður hann lækninn hafa ávísað á fjögur lyf, mestallan tímann er hann gekk til hans.

Lyf þessi hafi verið tryptisol, trilafon (perpenazine), diazepam og mogadon. Skjólst. m. segir: „Lengst af tók ég daglega (1 töflu að morgni, 3 fyrir svefn) 4 töflur alls af tryptisoli, þ. e. 4 x 25 mg eða alls 100 mg á sólarhring. Daglegur skammtur af trilafoni var 3 x 4 mg, daglegur skammtur af diazepam 3 x 5 mg og kvöldskammtur af mogadoni 10 mg (á tímabili, þó aðeins skamman tíma, var diazepami sleppt og dregið úr mogadon inntöku í 7.5 mg, þó eftir mínu vali). Alls nam þetta, mestallan tímann, 137 mg af lyfjum á sólarhring."

Auk þess kveður skjólstæðingur minn, að hann hafi rúmt síðasta árið, sem hann gekk til Dr. Karls, en þó án hans vitundar, og þá fyrst og fremst eða eingöngu sakir þess, að útivistarofnæmi hafi verið á háu stigi, tekið að nota blöndu af diazepam og mogadoni, að degi til, en hana kveður hann hafa dregið mjög úr einkennum ofnæmisins, og losað hann við þau alveg á stundum. Mesta kveður hann þó notkunina hafa verið, er hann tók, stundum tvisvar á dag, 6 x 5 mg af mogadoni og allt að 10 x 5 mg af diazepami.

Óskað er umsagnar um sennileg áhrif lyfjatöku samkvæmt framanrituðu, en ég tel eftir atvikum og með vísan til d-liðar 2. töluliðar 75. gr. laga nr. 74/1976, sbr. og ákvæði 75. gr. hgl. 19/1940, rétt, að slík umsögn liggi fyrir í málinu, sé hennar kostur."

Ákærði hefur fyrir dómi staðfest, að lýsing í ofangreindu bréfi á lyfjatöku hans sé rétt.

Með bréfi dómsins til Þorkels Jóhannessonar prófessors, dagsettu 31. janúar sl., voru honum send gögn þau í málinu, sem hér hefur verið lýst um lyfjatöku ákærða. Var þess óskað, að hann léti dóminum í té umsögn um sennileg áhrif lyfjatöku samkvæmt því, er þar kemur fram. Með bréfi hans, dags. 18. febrúar sl., sendi hann dóminum svohljóðandi umsögn:

„Málsgögn bera með sér, að ákærða og Karli Strand, lækni, ber að verulegu leyti saman um töku lyfjanna Tryptizol (amítriptýlín) og Trilafon (perfenazín). Hins vegar ber allmjög á milli um töku lyfjanna Mogadon (nítrazepam) og díazepam. Framburður ákærða fyrir Sakadómi Reykjavíkur 9. 11. 1976 og bréf Sveins Snorrasonar, hæstaréttarlögmanns, sem dagsett er 25. 1. 1977, bera með sér, að ákærði hefur tekið mjög umtalsvert magn þessara tveggja lyfja og aðrir læknar en Karl Strand hefðu átt þar hlut að máli. Undirritaður telur ekki útilokað, að mikil og misjöfn taka lyfja á borð við nítrazepam og diazepam kunni að valda árásarhneigð og snöggum árásarviðbrögðum hjá mönnum, sem haldnir eru hömlum og bælingu. Telur undirritaður rétt, að Sakadómur Reykjavíkur afli lyfseðla, er gefnir hafa verið út á nafn ákærða á árinu 1976. Mætti þá sannreyna, hvert magn fyrrgreindra lyfja ákærði gæti hafa haft undir höndum með lögmætum hætti á greindu tímabili."

Að gefnu tilefni í umsögn þessari kannaði dómurinn möguleika á öflun lyfseðla til ákærða. Kom í ljós hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og heilbrigðisráðuneytinu, að ekki er til nein heildarskrá yfir útgefna lyfseðla til einstaklinga og þyrfti því að fara í gegn um alla lyfseðla, útgefna á umræddu tímabili, til að finna lyfseðla, útgefna til ákveðinna einstaklinga. Hjá landlækni kom hins vegar fram, að gerðar hafa verið ákveðnar tímabundnar kannanir á útgáfu lyfseðla á lyfin nitrazepam og diazepam til einstaklinga á undanförnum árum. Dómurinn taldi, að ekki væri ástæða til að láta leita uppi lyfseðla til ákærða, enda væru þeir ekki óyggjandi sönnun um neyslu hans. Hins vegar taldi hann rétt að leita eftir vottorði landlæknis um vitn-

eskju hans um útgáfu ofangreinda lyfja til ákærða árin 1974, 1975 og 1976, þar sem unnt væri að fá það með góðu móti.

Hinn 1. mars sl. barst dóminum bréf landlæknis, dagsett sama dag, svohljóðandi:

„Hér með vottast, að ekki hafa fundist lyfjaávísanir á nafn Ásgeirs Ingólfssonar, f. 26. júlí 1934, í þeim lyfjakönnunum, sem gerðar hafa verið í Reykjavík frá 1972—1975. Þessar lyfjakannanir ná yfir 2½ mánaðar tímabil samanlagt."

Niðurstöður.

Sannað er í málinu með eigin játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum, þ. e. krufningarskýrslu Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis, ljósmyndum af vettvangi, niðurstöðu blóðflokkunardeildar Köbenhavns Retsmedicinsk Institut svo og framburðum vitna, að ákærði réð Lovísu Kristjánsdóttur bana að Miklubraut 26 hinn 26. ágúst sl. með því að slá hvað eftir annað í höfuð hennar með kúbeini, fyrst í anddyri hússins og síðan, þar sem hún lá fyrir neðan stiga þann, er liggur niður í kjallara.

Ákærði er einn til frásagnar um aðdraganda þessa verknaðar, og þykir ekki ástæða til að vefengja frásögn hans. Telja verður ljóst, að hann hafi komið í húsið í þeim tilgangi að taka þaðan verðmæti og Lovísa Kristjánsdóttir hafi komið honum þar að óvörum. Ekki er annað að sjá en ásetningur um verknaðinn hafi myndast hjá ákærða, á meðan á samtali þeirra Lovísu stóð, eða í síðasta lagi, er hún neitaði endanlega að verða við beiðni hans og gekk til dyra. Hlaut ákærða að vera fyllilega ljóst, er hann réðst að henni með járninu, hverjar afleiðingarnar kynnu að verða. Á það er hér að líta, að ásetningur ákærða er svo ákveðinn, að hann lætur ekki af árás sinni, eftir að konan fellur niður stigann, heldur greiðir hann henni enn nokkur högg eftir það, þar sem hún liggur.

Ofangreindur verknaður ákærða varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er einnig sannað með játningu ákærða, studdri öðrum gögnum, að hann tók umrætt sinn verðmæti að Miklubraut 26, þ. e. kr. 20.000 í peningum og muni þá, sem áður eru taldir. Varðar þetta við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Að lokum er sannað með játningu ákærða, framburðum vitna og öðrum gögnum, að hann hafi að kvöldi 27. nóvember 1975 farið í fjárhirslur Vélsmiðjunnar Héðins h/f, er hann gat opnað með lykli, sem hann hafði tekið frá frænda sínum, Ólafi Ás-

geirssyni, og stolið þaðan þremur peningakössum. Um verðmæti þau, sem í kössunum voru, þykir verða að byggja á frásögnum gjaldkera Héðins h/f í meginatriðum, er yfirlit fyrirtækisins, sem lagt hefur verið fram í málinu, byggist á. Hefur ákærði enda ekki beinlínis vefengt yfirlitið, heldur sagt, að skýring á mismun að því er varðar peninga kunni að vera fólgin í því, að honum hafi sést yfir peninga í kössunum, áður en hann kastaði þeim.

Á það er þó að líta í þessu sambandi, að samkvæmt yfirliti fyrirtækisins eru ávísanir í kassa Ólafs Ásgeirssonar taldar hafa numið „ca 2.0 millj.“, en skv. framburði Ólafs Ásgeirssonar námu þær tæplega kr. 1.8 milljón. Að því er fjárhæð víxla í sama kassa varðar er á yfirlitinu sagt, að fjárhæð þeirra hafi numið „ca 1.0 millj.“, en Ólafur Ásgeirsson hefur sagt, að sú tala byggist ekki á sinni frásögn. Verður því ekki byggt á þeirri tölu yfirlitsins, og þykir því rétt að líta svo á, að í umræddum kassa hafi verið ávísanir að fjárhæð tæplega kr. 1.800.000 auk einhverra víxla, sem ekki er vitað um heildarfjárhæð á, og kr. 20.500 í peningum, sem hurfu, en framangreind verðbréf voru í kassanum, er hann fannst.

Að því er varðar hina kassana tvo þykir verða að leggja til grundvallar framangreint yfirlit, stutt framburðum gjaldkeranna Elísabetar Bjarnadóttur og Friðjóns Bjarna Friðjónssonar. Samkvæmt þessu hafa verið peningar og önnur verðmæti í kössunum, er námu samtals kr. 1.355.450, þ. e. kr. 993.357 í kassa Elísabetar, en kr. 362.093 í kassa Friðjóns. Þykir þannig sannað, að í kössunum öllum hafi verið verðmæti, er námu eigi lægri fjárhæð en tæplega kr. 3.175.950 auk framangreindra víxla.

Þessi verknaður ákærða varðar einnig við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 26. janúar sl., hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1964 8/1 í Reykjavík: Dómur: 2.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

1967 7/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1973 8/11 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ranga stöðu og stöðvun ökutækja.

1975 6/12 í Reykjavík: Sátt, 26.000 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Enda þótt fyrir liggi í málinu, að ákærði hafi á undanförnum árum neytt lyfja í einhverjum mæli eftir læknisráði og e. t. v. einnig umfram það, þykir ekkert það hafa komið fram í málinu, er gefi tilefni til að beita refsilækkunarákvæðum 74. og 75. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar hans fyrir ofangreind brot.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Þegar litið er á málið í heild, þykir rétt, að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar með fullri dagatölu, annars vegar gæsluvarðhald frá 29. nóvember til 6. desember 1975 og hins vegar gæsluvarðhald hans frá 28. ágúst 1976, eða samtals í 195 daga, enda þótt framkoma ákærða við rannsókn þjófnaðar í Héðni sé á mörkum þess að gefa tilefni til slíks.

Af hálfu Vélsmiðjunnar Héðins h/f hefur verið lögð fram bótakrafa í máli þessu á hendur ákærða, dagsett 25. febrúar sl., að fjárhæð kr. 817.495. Sundurliðast krafan svo:

„1. a) Greiðsla á peningum úr kassa Elísabetar Bjarnadóttur kr. 527.057
b) Tvö umslög m/pen. og umslag m/sparim. og pen. — 22.000 kr. 549.057

2. Pen.greiðsla í kassa Ólafs Ásgeirssonar til bæjarfógetans í Hafnarfirði kr. 20.500

3. Pen. og verðmæti úr kassa Friðjóns B. Friðjónssonar:
a) Pen. til Lífeyrissj. verzl.manna kr. 83.738
b) Innb. frá bæjarsj. Kóp. — 51.700
c) Staðgr.pen. frá lager — 25.000
d) 15 happdrættisskuldabréf ríkissjóðs á kr. 2.000.- — 30.000
e) 10 arkir frímerki (skákmerki '72, verðgildi 15/-) á kr. 750.- — 7.500 kr. 197.938

4. 3 stk. peningakassar, einn skemmdur, og tveir hurfu kr. 50.000

Samtals kr. 817.495“

Ákærði var í þinghaldi 25. febrúar sl. inntur eftir afstöðu sinni til bótakröfunnar. Vildi hann ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því, að hann vísaði til fyrri skýrslu sinnar fyrir dómi um málið án þess þó að mótmæla bótakröfunni í heild eða einstökum liðum hennar. Við munnlegan flutning málsins krafðist verjandi hans þess aðallega, að kröfunni yrði vísað frá dómi, en til vara, að hún yrði lækkuð.

Gunnar Magnússon, núverandi framkvæmdastjóri Héðins h/f, undirritar framangreinda bótakröfu fyrirtækisins og hefur staðfest hana fyrir dómi. Sagði hann, að yfirlit það, sem lagt hefur verið fram í málinu og bótakrafan byggist á, hefði verið samið þegar eftir helgina, eftir að þjófnaðurinn var framinn. Hann kvað talningu ekki hafa farið fram í kössunum daglega né gerð skrá um innihald þeirra. Tók hann fram, að fyrirtækið hefði orðið að greiða til viðkomandi aðilja þær fjárhæðir, sem koma fram í yfirlitinu um peninga í kassa Elísabetar Bjarnadóttur. Hafi hann borið þær greiðslur saman við skýrslu Elísabetar um það, sem verið hafi í kassa hennar, og hafi þetta komið heim og saman. Hann kvað fyrirtækið hafa gefið tjón sitt upp til skatts og hafi ekki verið gerð athugasemd við það enn sem komið er.

Verður nú vikið að einstökum liðum bótakröfunnar:

Um 1 a. Með hliðsjón af yfirliti því, sem lagt hefur verið fram í málinu, sem stutt er framburði Elísabetar Bjarnadóttur fyrir dómi svo og framburði Gunnars Magnússonar, þykir verða að taka þennan lið til greina að öllu leyti.

Um 1 b. Samkvæmt yfirliti fyrirtækisins voru í kassa Elísabetar Bjarnadóttur tvö umslög, merkt Björgvini Hilmarssyni, með u. þ. b. kr. 20.000 og 1 umslag, merkt Frey Waage, með u. þ. b. kr. 300 og sparimerkjum, en fjárhæð þeirra ekki tilgreind. Elísabet hefur staðfest, að þessar upplýsingar séu eftir sér hafðar, en umrædd umslög, merkt Björgvini Hilmarssyni, hafi verið ósótt laun. Þykir rétt að taka þennan lið til greina að öllu leyti.

Um 2. Ólafur Ásgeirsson hefur fyrir dómi staðfest, að hér sé um að ræða peninga, er voru í sérstöku umslagi í kassa hans, en vitnið hafði tekið við þeim hjá Elísabetu Bjarnadóttur gegn ávísun, er vitnið lét hana hafa. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að taka þennan lið til greina að fullu.

Um 3 a. Vitnið Friðjón Bjarni Friðjónsson hefur skýrt svo frá, að þessir peningar hafi komið til sín frá Elísabetu Bjarnadóttur með skilagrein til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, sem

einnig hvarf með kassa vitnisins, og því hafi orðið að endurvinna hana. Peningar þessir hafi verið í sérstöku umslagi. Rétt þykir með hliðsjón af ofanrituðu að taka þennan lið til greina að fullu.

Um 3 b. Vitnið Friðjón Bjarni Friðjónsson hefur staðfest, að hér hafi verið um að ræða innborgun frá bæjarsjóði Kópavogs til greiðslu á skuld hans við fyrirtækið, en peningarnir hafi komið frá Elísabetu Bjarnadóttur og hafi hún tekið þá af fé því, er hún dró af starfsmönnum og átti að renna til bæjarsjóðsins. Hefði kvittun verið send bæjarsjóði Kópavogs vegna greiðslunnar. Rétt þykir að taka þennan lið til greina.

Um 3 c. Friðjón Bjarni Friðjónsson hefur sagt, að umrædda upphæð hafi hann fundið út með því að bera sig saman við viðkomandi starfsmann á lager. Af umræddri fjárhæð voru kr. 11.000 í ávísun frá Stálvirkjanum, sem ekki hefur verið leyst út. Verður liður þessi tekinn til greina.

Um 3 d og e. Friðjón Bjarni Friðjónsson hefur skýrt svo frá, að hér sé um að ræða annars vegar happdrættisskuldabréf, er hann hafi geymt í kassa fyrir starfsmann Héðins h/f, Garðar Karlsson, og hins vegar frímerki, er hann átti sjálfur og geymdi í kassanum. Kvaðst hann líta svo á, að fyrirtækið gerði kröfu um bætur vegna þessara verðmæta fyrir sína hönd og Garðars. Enda þótt Héðinn h/f hafi ekki verið eigandi þessara verðmæta, verður að líta svo á, að fyrirtækið hafi rétt til að hafa uppi bótakröfu þeirra vegna, enda þykir rétt að líta svo á, að krafan sé gerð með samþykki viðkomandi starfsmanna. Verður því krafa samkvæmt þessum liðum tekin til greina að fullu.

Um 4. Ekki hafa verið lögð fram gögn til stuðnings þessum lið, en engu að síður verður að telja, að hann sé ekki ósanngjarn, og ber því að taka hann til greina að öllu leyti.

Samkvæmt ofanrituðu og með tilvísan til 145. gr. laga nr. 74/1974 dæmist ákærði til að greiða framangreindar skaðabætur til Vélsmiðjunnar Héðins h/f, samtals kr. 817.495. Ekki hefur verið gerð krafa um vexti.

Að lokum verður ákærði dæmdur samkvæmt 1. tl. 141. gr. laga nr. 74/1974 til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu. Til hans teljast málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000, réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000, og laun réttargæslumanns ákærða við rannsókn þjófnaðarmálsins í Héðni h/f, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Ingólfsson, sæti fangelsi 16 ár. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 195 daga.

Ákærði greiði Vélsmiðjunni Héðni h/f kr. 817.495 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000, réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000, og réttargæslulaun til Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Fimmtudaginn 21. júní 1979.

Nr. 7/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Matthíasi Hauki Guðmundssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari hefur samkvæmt umboðsskrá 3. febrúar 1977 leyst af hendi rannsókn máls þessa, og samkvæmt umboðsskrá 27. janúar 1978 hefur hann þingfest málið og farið með það og dæmt.

I.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa nokkur gögn verið lögð fram í málinu, þ. á m. bréf Seðlabanka Íslands, dags. 18. maí 1979 og 21. maí s. á. Í fyrra bréfinu eru greindir

innlausnarbankar hvers einstaks þeirra sex tékka, sem ákæra lýtur að. Í bréfinu segir síðan:

„Seðlabankinn tók við innstæðulausum tékkum til innheimtu frá reikningsbanka viðkomandi reikningshafa, og í umboði og f. h. innlausnarbanka (greiðslubanka) krafði hann tékkaskuldara um greiðslu viðkomandi tékka ásamt innheimtugjaldi samkv. ofangreindri auglýsingu“ (þ. e. auglýsingu nr. 182/1964, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1964).

Í bréfi Seðlabankans 18. maí 1979 segir enn fremur, að í kæru bankans frá 10. desember 1975 út af tékkum þeim, er málið fjallar um, hafi þess verið óskað, að tékkamál þetta yrði tekið „til opinberrar meðferðar“, og sé með þeim orðum „átt við opinbera rannsókn hjá sakadómi Reykjavíkur eða hliðstæðu yfirvaldi utan Reykjavíkur og eftirfarandi ákvörðun ríkissaksóknara um málshöfðun, í umboði og f. h. innlausnarbanka (greiðslubanka)“.

Samkvæmt bréfi Seðlabanka Íslands 21. maí 1979 hafa tveir þeirra tékka, er greinir í málinu, verið greiddir hinn 5. maí 1976 til bankans af ákærða, þ. e. tékkar að fjárhæð 60.000 krónur og 44.000 krónur, einn af eiginkonu ákærða hinn 24. febrúar 1976, þ. e. tékki að fjárhæð 35.000 krónur, en hinir þrír, að fjárhæð 10.000 krónur, 220.000 krónur og 21.000 krónur, af framseljendum tékkanna hinn 18. desember 1975.

Allir tékkarnir voru gefnir út á ávísanareikning ákærða hjá Útvegsbanka Íslands, Keflavík.

II.

Hver einstakur tékki, sem ákæran varðar, hefur verið borinn undir ákærða, og hefur hann gengist við að hafa gefið þá út. Ákærði hefur eigi haldið því fram, að fyrirvari hafi verið gerður við afhendingu tékka um, að innstæðu skorti á ávísanareikningi.

Um útgáfu hvers einstaks tékka og ráðstöfun á þeim hefur ákærði gefið skýrslur og um suma þeirra eiginkona hans, sem fékk þá í hendur til ráðstöfunar. Þá hafa framseljendur tékka og gefið skýrslur svo og starfsmenn banka og spari-

sjóðs. Þykir ástæða til að benda á eftirfarandi atriði úr rannsóknargögnum umfram það, sem greinir í héraðsdómi:

1. Tékki nr. 27131, að fjárhæð 44.000 krónur, útgefinn 25. október 1975 til Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu til greiðslu á víxli, sem þar var til innheimtu. Var tékki þessi sendur Seðlabankanum með áritun greiðslubanka um greiðslufall hinn 11. nóvember 1975.

2. Tékki nr. 27133, útgefinn til eiginkonu ákærða 21. október 1975, að fjárhæð 10.000 krónur, innleystur í Samvinnubanka Íslands h/f, áritaður af greiðslubanka um greiðslufall 27. október 1975. Ákærði kveður andvirði tékkans hafa verið notað til staðgreiðslu á bensíni hjá Torgi h/f, Keflavík, og er það staðfest af eiginkonu ákærða og framkvæmdastjóra Torgs h/f. Telur hann, að greitt hafi verið bensín með tékka þessum og e. t. v. fleiri vörur og vera megi, að um mismun hafi verið að ræða, sem hann hafi goldið í peningum. Þessi tékki var framseldur í Samvinnubanka Íslands h/f. Telur framkvæmdastjóri Torgs h/f, að ákærði hafi greitt sér fjárhæð tékkans.

3. Tékki nr. 27134, að fjárhæð 220.000 krónur, gefinn út til Torgs h/f hinn 2. nóvember 1975. Ákærði kveður þennan tékka hafa verið notaðan til greiðslu á skuld við Torg h/f eða við nafngreindan framkvæmdastjóra þess fyrirtækis. Framkvæmdastjóri Torgs h/f skýrir svo frá, að hann hafi keypt af ákærða víxil að fjárhæð 220.000 krónur, að líkindum á föstudegi, en hann hafi síðan greitt víxilinn næsta mánudag eða þriðjudag á eftir með þessum tékka. Viðtakandi framseldi tékkann Samvinnubanka Íslands h/f. Er ritað á tékkann um greiðslufall hinn 4. nóvember 1975. Ákærði greiddi Torgi h/f andvirði hans.

4. Tékki nr. 27135, að fjárhæð 35.000 krónur, útgefinn 4. nóvember 1975 til eiginkonu ákærða og framseldur af henni. Kveður ákærði andvirði tékkans hafa verið notað til greiðslu á víxli í Sparisjóði Keflavíkur. Ber tékkinn áritun greiðslubankans um greiðslufall hinn 10. nóvember 1975. Eiginkona ákærða kveðst eigi muna eftir tékka þessum. Gjaldkeri Sparisjóðs Keflavíkur, Daði Þröstur Þorgrímsson, kveð-

ur engum vafa undirorpið, að hann hafi tekið við tékka þessum, og gerir fremur ráð fyrir, að hann hafi veitt honum viðtöku frá framseljanda. Ekki gat hann sagt, hvort framseljandi tékkans hafi fengið andvirði tékkans greitt í reiðufé eða hvort hann hafi innt af hendi greiðslu, t. d. víxils, með tékkanum. Með því að innstæða var ekki fyrir hendi, hafi tékkinn verið sendur til Seðlabankans.

5. Tékki nr. 27136, útgefinn 3. nóvember 1975 til handhafa, að fjárhæð 21.000 krónur, áritaður af greiðslubanka um greiðslufall 6. nóvember s. á. Í skýrslu fyrir lögreglu kvað ákærði andvirði tékkans hafa verið notað til greiðslu á olíureikningi hjá Olíuverslun Íslands h/f, Njarðvíkum, og er það staðfest af stöðvarstjóra Olíuverslunarinnar, sem kveður engan fyrirvara hafa verið gerðan um, að innstæðu skorti fyrir tékkanum. Stöðvarstjórinn kveðst hafa framselt tékkann og lagt hann inn í Verzlunarbanka Íslands h/f, en tékkinn reyndist innstæðulaus. Nokkru síðar kveður hann eiginkonu ákærða hafa greitt sér andvirði tékkans, en hann hafi þá verið búinn að kvarta við ákærða og krefja hann um greiðslu.

6. Tékki nr. 27138, að fjárhæð 60.000 krónur, útgefinn 4. nóvember 1975 til eiginkonu ákærða, áritaður af greiðslubanka um greiðslufall hinn 10. nóvember s. á. Ákærði kveður tékkann hafa verið framseldan í banka og andvirði hans notað í ýmsar greiðslur. Jóhanna Margrét Helgadóttir, gjaldkeri í útibúi Samvinnubankans í Hafnarfirði, kveðst hafa greitt eiginkonu ákærða tékkann í peningum. Hafi framseljandi eigi getið þess, að innstæðu skorti fyrir tékkanum.

III.

Ákærði var ekki inntur eftir því við rannsókn málsins, hvort hann hefði gert sér grein fyrir því, er hann gaf út tékkana, að reikningsinnstæða hans hjá Útvegsbanka Íslands í Keflavík nægði ekki til innlausnar þeirra. Eigi að síður þykir þó nægilega komið fram í málinu með skýrslum hans sjálfs, að honum hafi verið fullljóst, að reikningsinnstæða hans hrykki því aðeins til innlausnar tékkanna, að

Sigurjón Skúlason hefði greitt það fé inn á reikninginn, sem ákærði telur hann hafa skuldað sér. Þegar virtar eru skýrslur ákærða sjálfs og Sigurjóns Skúlasonar, þykir hafa verið svo mikil óvissa um greiðslu þessa, að ákærði hafi alls eigi mátt treysta því, að hún hefði verið af hendi innt. Verður útgáfa tékkanna án innstæðu því metin ákærða til áfellis.

Atferli ákærða, það er greinir í II 2 og 6, varðaði við 248. gr. almennra hegningarlaga, þegar brot þessi voru framin, enda verður að leggja til grundvallar, að ákærði hafi fengið eiginkonu sinni tékkana í hendur gagngert til ráðstöfunar í því skyni, sem raun ber vitni um. Atferlið, sem lýst er í II 1, 3, 4 og 5, varðaði við 261. gr. sömu laga á þeim tíma, er brot þessi voru framin.

IV.

Eftir að brotin voru framin og áður en ákæra var gefin út 8. desember 1977, tóku gildi lög nr. 35 12. maí 1977 um viðauka við lög nr. 94/1933 um tékka. Bæta þau nýrri grein, 73. gr., við lögin um tékka. Geymir sú grein refsiákvæði vegna ýmissa nánar greindra tékkabrota. Refsiviðurlög samkvæmt þessu ákvæði eru eigi jafnþung sem viðurlögin í 248. gr. almennra hegningarlaga, og að mestu leyti eru refsiviðurlög samkvæmt 261. gr. sömu laga þyngri en refsiviðurlög laga nr. 35/1977. Í upphafi 1. gr. laga nr. 35/1977 segir, að refsa skuli samkvæmt henni fyrir atferli, sem þar er nánar lýst, „nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum".

Skírskotun hins greinda refsiákvæðis til refsiviðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum þykir bera að skýra á þann veg, að átt sé við refsiviðurlög samkvæmt 248. gr. laganna, en hún getur átt við samkvæmt verknaðarlýsingu sinni. Einnig kemur hér til álita ákvæði 261. gr. laganna. Þar sem efnisinntak og sjálfstæð þýðing laga nr. 35/1977 yrði næsta lítil, ef jafnhliða þeim ætti að beita síðastgreindu ákvæði almennra hegningarlaga, svo og þegar virtur er aðdragandi og undirstöðurök laga nr. 35/1977, þykir verða að telja, að síðastnefndu refsiákvæði sé ætlað að tæma sök í

þeim tilvikum, er hingað til hafa verið talin varða við 261. gr.

Með vísan til þess, er að framan greinir, þykir eiga að beita 248. gr. almennra hegningarlaga um atferli ákærða, sem lýst er í II 2 og 6, en um atferlið, sem greinir í II 1, 3, 4 og 5 á nú að dæma á grundvelli 1. gr. laga nr. 35/1977, sbr. 2. gr. síðargreindu laganna, þar á meðal á að beita saksóknarreglum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1977.

Atferli ákærða, er greinir í II 1, 2, 4 og 5, á samkvæmt verknaðarlýsingu undir 1. gr. laga nr. 35/1977. Kemur þá til athugunar, hvort saksóknarreglum 2. mgr. 1. gr. sé fullnægt. Seðlabanki Íslands kærði atferli ákærða 10. desember 1975. Samkvæmt þeim gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt um samstarf viðskiptabanka og Seðlabankans vegna innstæðulausra tékka, verður að telja, að Seðlabankinn hafi á þessum tíma haft auk innheimtuumboðs almennt umboð til að kæra misferli til sakadóms og krefjast málshöfðunar, ef tékki var sendur Seðlabankanum með áritun um greiðslufall. Að þessu athuguðu þykir kæra Seðlabankans marka fullnægjandi grundvöll að höfðun máls þessa. Ber því að refsa ákærða fyrir tékka þá, er greinir í II 1, 3, 4 og 5, samkvæmt 1. gr. laga nr. 35/1977, en atferlið, er um getur í II 2 og 6, varðar ákærða refsingu samkvæmt 248. gr.

Ákærði hafði greitt fjárhæð allra þeirra tékka, sem greinir í máli þessu, áður en mál var höfðað gegn honum. Honum var vikið til fullnaðar frá starfi rannsóknarlögreglumanns 29. desember 1977, m. a. vegna þeirra ákæruefna, sem um er fjallað í máli þessu.

Refsing ákærða samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga og 1. gr. laga nr. 35/1977, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuðir, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað nema um málsvarnarlaun. Dæma ber ákærða til að greiða allan

kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur. Þá ber honum að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Matthías Haukur Guðmundsson, sæti fangelsi 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað nema um málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur. Þá greiði hann málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 150.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 17. apríl 1978.

Ár 1978, mánudaginn 17. apríl, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 2446/1975: Ákæruvaldið gegn Matthíasi *Hauki* Guðmundssyni í sakadómi Njarðvíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið 10. þ. m., er höfðað á hendur Matthíasi *Hauki* Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Kirkjubraut 3, Innri-Njarðvík, fæddum 7. júní 1944 á Vatnsleysuströnd, með ákæru, útgefinni 8. desember 1977 af ríkissaksóknara og birtri 28. febrúar 1977, fyrir að hafa í október og nóvember 1975 gefið út eftirgreinda tékka á hlaupareikning sinn nr. 244 við Útvegsbanka Íslands í Keflavík, án þess að næg innstæða væri fyrir hendi á reikningnum og nota þá í viðskiptum með eftirgreindum hætti:

1. Nr. 27131, að fjárhæð kr. 44.000, útgefinn 25. október 1975 til Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu, notaður þar til greiðslu á víxilskuld.

2. Nr. 27133, að fjárhæð kr. 10.000, útgefinn 21. október 1975 til Vigdísar Sigurjónsdóttur, eiginkonu ákærða, sem notaði tékkann í viðskiptum við bensínsöluna Torg, Keflavík, m. a. til greiðslu á bensíni.
3. Nr. 27134, að fjárhæð kr. 220.000, útgefinn 2. nóvember 1975 til Torgs h/f, Keflavík, til greiðslu þar á skuld.
4. Nr. 27135, að fjárhæð kr. 35.000, útgefinn 4. nóvember 1975 til Vigdísar Sigurjónsdóttur, sem notaði tékkann til greiðslu á víxilskuld í Sparisjóði Keflavíkur.
5. Nr. 27136, að fjárhæð kr. 21.000, útgefinn til handhafa 3. nóvember 1975, notaður til greiðslu á húshitunarolíu til Olíuverslunar Íslands h/f.
6. Nr. 27138, að fjárhæð kr. 60.000, útgefinn 4. nóvember 1975 til Vigdísar Sigurjónsdóttur, sem seldi tékkann í Samvinnubanka Íslands, útibúinu í Hafnarfirði.

Af ákæruvaldsins hálfu er háttsemi sú, sem rakin er í liðum 2, 5 og 6 talin varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en liðir 1, 3 og 4 við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, en til vara, ef sakfellt verði, að ákærða verði ekki gerð sérstök refsing, til þrautavara, að frestað verði ákvörðun refsingar, eftir atvikum skilorðsbundið, en að lokum, að ákærða verði gerð mildasta refsing, sem lög framast leyfa. Þá er gerð krafa um hæfileg málsvarnarlaun til verjandans að mati dómsins, að sakarkostnaður sé allur lagður á ríkissjóð, ef sýknað verði, en allur eða að hluta á ákærða við önnur úrslit máls, eins og lög og venjur standi til.

Ákærði er sakhæfur. Hann gekkst undir greiðslu 5.000 króna sektar fyrir brot á 261. gr. almennra hegningarlaga í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. mars 1971. Hann hefur gengist við sakargiftum. Samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins þykir sakaratriðum vera rétt lýst í ákæru.

Framangreindri málavaxtalýsingu ákæru til viðbótar þykir rétt að taka fram eftirfarandi:

Ákærði virðist ekki hafa haft heimild til yfirdráttar á hlaupareikningi sínum. Eiginkona ákærða kveðst ekki hafa vitað um innstæðuleysi þeirra tékka, sem hún notaði. Í engu tilviki virðist hafa verið getið um innstæðuleysi eða óskað eftir, að tékki væri geymdur.

Þann 10. desember 1975 kærði Seðlabanki Íslands ákærða fyr-

ir notkun tékkanna, sem þá voru til innheimtu hjá bankanum. Þann 12. desember 1975 var hlaupareikningnum lokað að beiðni Seðlabankans.

Ákærði telur sig hafa greitt andvirði tékkanna fljótlega eftir þetta, og kemur það heim og saman við annað, sem fram hefur komið í málinu. Ákærði hefur borið það fyrir sig sér til afsökunar, að hann hafi lánað kunningja sínum 400.000 krónur, sem átt hafi að endurgreiða 20. október 1976 með því að leggja fjárhæðina inn á hlaupareikninginn, greiðsla þessi hafi brugðist, en ákærði gefið út tékkana í trausti þess, að greiðslan hefði komið á réttum tíma. Gögn málsins gefa ekki tilefni til að rengja, að hér sé rétt með farið.

Tékki nr. 27134 var til greiðslu á víxilskuld. Viðtakandi seldi tékkann í Samvinnubankanum í Keflavík, en varð að leysa hann til sín aftur. Ákærði greiddi þennan tékka innan viku þaðan í frá.

Ákærði telur, að andvirði tékka nr. 27138 hafi verið notað í ýmsar greiðslur, en treystir sér ekki til að greina nákvæmlega, í hvað andvirðið fór.

Samanlögð fjárhæð tékkanna er 390.000 krónur.

ÁLIT DÓMSINS.

Meðferð ákærða á tékkum þeim, sem greindir eru í 2., 5. og 6. tl. ákæru fellur undir brotalýsingu 248. gr. alm. hegningarlaga. Að öðru leyti þykir háttsemi ákærða samsvara brotalýsingu 261. gr. sömu laga.

Verjandi ákærða hefur hreyft því, að ákærða verði aðeins metin háttsemi sín til gáleysis.

Þegar þess er gætt, að ákærði hafði enga staðfestingu fengið á, að greind skuld hefði verið borguð með innleggi á hlaupareikning hans, og að honum hlaut að vera ljóst, að eiginkona hans mundi nota þá tékka, sem hann gaf út til hennar og fékk henni, til að afla fjármuna eða þjónustu eða nota þá til greiðslu skulda, þykir ótvírætt bera að telja skilyrði um ásetning hafi verið fyrir hendi, sbr. 18. gr. laga 19/1940, 248. gr. og 261. gr. sömu laga og 73. gr. laga 94/1933, sbr. 1. gr. laga 35/1977.

Síðastnefndu lögin, lög um viðauka við lög 94 19. júní 1933 um tékka, tóku gildi 27. maí 1977, meðan rannsókn málsins stóð yfir.

Samkvæmt þessum lögum skal refsa með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum, þeim:

a) sem gefur út tékka, án þess að innstæða sé fullnægjandi á reikningi hans hjá greiðslubankanum, sbr. 4. gr., eða
b) sem án sérstakrar ástæðu afturkallar tékka eða ráðstafar innstæðu og hindrar á þann hátt, að tékki, sem hann hefur þegar gefið út, greiðist við sýningu innan sýningarfrestsins, sbr. 29. gr.

Krafa um opinbera ákæru skal borin fram af handhafa tékka, sem ekki hefur fengið hann greiddan vegna ófullnægjandi innstæðu eða vegna þess, að tékkinn hefur verið afturkallaður, eða af ábyrgðarmanni, sem af greindum ástæðum hefur leyst til sín tékka eða á yfir höfði sér að leysa til sín tékka, eða af greiðslubanka, sem hefur innleyst tékka án fullnægjandi innstæðu.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga þykir bera að dæma um brot ákærða, eins og brot hans hefðu verið framin eftir gildistöku laga 35/1977, þrátt fyrir ákæruskilyrði 2. mgr. 1. gr., enda var kæra Seðlabankans í samræmi við reglur samvinnunefndar banka og sparisjóða um tékkaviðskipti frá október 1974, sem fylgt var á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og fól í sér beiðni um opinbera meðferð, sem almennt leiddi til ákæru.

Telja verður, að rétt lögskýring á 1. gr. nefndra laga, sem er sérrefsilagaákvæði, leiði til þess, að beita beri refsiákvæðum laganna bæði um brot, sem áður voru heimfærð undir 248. gr. og 261. gr. almennra hegningarlaga, enda liggi ekki við þyngri refsing en lögin heimila samkvæmt almennum hegningarlögum.

Þar sem ekki verður talið, að þyngri refsing liggi við brotum ákærða en hámarksrefsing samkvæmt 73. gr. tékklaganna, þykja brot ákærða réttilega heimfærð undir 73. gr. laga 94/1933, sbr. 1. gr. laga 35/1977, sbr. 118. gr. laga 74/1974.

Ákærði var rannsóknarlögreglumaður við embætti bæjarfógetans í Keflavík, þegar brotin voru framin og rannsókn hófst. Honum var vikið úr starfi um stundarsakir í desember 1976 vegna gruns um aðild að meintri ólöglegri handtöku. Þann 29. desember 1977 var ákærða vikið úr starfi að fullu.

Í lausnarbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins segir, að ráðuneytið telji það ekki samrýmast starfi rannsóknarlögreglumanns að gerast sekur um tékkamisferli, sem sætt hefði ákæru fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 261. gr. hegningarlaganna. Virðist þetta vera aðalröksemd ráðuneytisins fyrir vikningunni.

Ákærði virðist hafa bætt það tjón að fullu, sem leitt hefur af háttsemi hans.

Þykir mega hafa hliðsjón af þessum atriðum við ákvörðun refsingar.

Ákærði virðist hafa greitt tékka nr. 1, 4 og 6 í Seðlabanka Íslands auk 16.900 króna gjalds vegna innheimtu. Verjandi ákærða virðist telja, að taka beri tillit til þess gjalds við ákvörðun refsingar.

Hér virðist vera um að ræða innheimtuþóknun til bankans, og þykja ekki efni til að taka tillit til hennar við ákvörðun refsingar.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Ákærði hefur fengið breytt nafnritun sinni í þjóðskrá í Haukur Guðmundsson, en nafni hans hefur ekki verið breytt, svo kunnugt sé, sbr. 5. gr. laga 54/1925.

Hinn reglulegi héraðsdómari hefur vikið sæti í málinu.

Með bréfi, dags. 27. janúar 1978, var Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari skipaður til að fara með málið sem setudómari, og kveður hann upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Matthías *Haukur* Guðmundsson, greiði 200.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 25 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1979.

Nr. 151/1978. **Ragnar Þórðarson f. h. Metravörudeildarinnar**
(Örn Clausen hrl.)
gegn
Sigurgeir Sigurjónssyni
(sjálfur).

Áskorunarmál. Víxlar. Gengi. Verðtrygging. Vextir. Fjárnámsgerð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann gerir svofelldar dómkröfur:

„Að vextir verði lækkaðir frá því, sem dæmt var í héraði . . . og aðeins dæmdir hæstu gildandi vextir í Bretlandi á tímabili því, sem hér um ræðir.

Þá er þess einnig krafizt aðallega, að vextir verði aðeins dæmdir frá þingfestingardegi málsins í héraði, eða 16. júní 1977, en til vara af £ 683.00 frá 20. júlí 1976, og af £ 1.917.00 frá 10. september 1976.

Þá er þess og krafizt, að hið áfrýjaða fjárnám verði að minnsta kosti, að því er varðar lækkun á vöxtum, ef til kemur, með dómi Hæstaréttar fellt niður.

Krafizt er málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar".

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnáms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, m. a. um viðskipti þau, er sögð eru liggja að baki víxlum þeim, sem um er fjallað í málinu. Þá hefur verið lagt fram ljósrit úr erlendu fjármálablaði um innláns- og útlánsvexti banka í ýmsum löndum. Enn fremur hefur verið lagt fram ljósrit

af bréfi Seðlabanka Íslands 20. mars 1979, þar sem gerð er grein fyrir skoðunum stofnunarinnar á ýmsum vaxtamálum.

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 49/1968, en síðan vikið til almennrar meðferðar samkvæmt 9. gr. sömu laga.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsaðild, og áfrýjandi hefur viðurkennt skyldu sína til að greiða víxla þá, sem um er fjallað í málinu.

Stefndi krefur í máli þessu áfrýjanda um greiðslu tveggja víxla. Annar er að fjárhæð £ 683.00, útgefinn af stefnda í Reykjavík 18. maí 1976, en samþykktur af Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar h/f 20. s. m. til greiðslu 20. júlí s. á. Hinn er að fjárhæð £ 1.234.06, útgefinn af stefnda í Reykjavík 13. júlí 1976, en samþykktur af Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar 13. ágúst 1976 til greiðslu 10. september s. á.

Hér er um víxilmál að ræða milli íslenskra aðilja, en viðskipti þau, er liggja að baki víxilkröfunum, koma hér ekki til álita. Skuldbindingar áfrýjanda samkvæmt víxlum þessum eru við aðilja, búsettan hér á landi. Ákvæði laga nr. 71/1966 giltu á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og eiga ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. þeirra laga við um víxla þessa. Samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. mgr., sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna er ákvæðið um greiðslu víxlanna í sterlingspundum ógilt. Verður áfrýjanda því aðeins gert að greiða víxla þessa með íslenskum krónum miðað við sölugengi sterlingspunds á þeim dögum, er hann tók á sig greiðsluskuldbindingar samkvæmt þeim, eða 20. maí og 13. ágúst 1976. Áfrýjandi hefur ekki haft uppi í málinu vörn, byggða á þessari ástæðu, en með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 verður að taka atriði þetta sjálfkrafa til úrlausnar. Verður áfrýjanda því aðeins dæmt að greiða hinar umkröfðu víxilfjárhæðir í íslenskum krónum miðað við sölugengi á sterlingspundum í Reykjavík þann dag, sem víxlarnir voru samþykktir. Samkvæmt þessu ber að staðfesta ákvæði hér-

aðsdóms um upphafstíma vaxta og vaxtahæð svo og um greiðslu stimpilkostnaðar.

Rétt er að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Staðfesta ber hið áfrýjaða fjárnám til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ragnar Þórðarson f. h. Metravörudeildarinnar, greiði stefnda, Sigurgeir Sigurjónssyni, £ 683.00 í íslenskum krónum miðað við sölugengi í Reykjavík á sterlingspundi 20. maí 1976 og £ 1.234.00 í íslenskum krónum miðað við sölugengi í Reykjavík á sterlingspundum 13. ágúst 1976 ásamt 2% vöxtum á mánuði af £ 683.00 frá 20. júlí 1976 til 10. september 1976, af £ 1.917.00 frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2.5% vöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu stimpilkostnaðar og málskostnaðar er staðfest.

Fjárnám það, sem fram fór hjá áfrýjanda 24. apríl 1978, er staðfest til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Héraðsdómi er ekki áfrýjað til breytingar á dómsákvæðum hans um höfuðstól dómkröfu stefnda, sem áfrýjandi viðurkenndi réttan í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi. Er ekki efni til, að Hæstiréttur taki héraðsdóminn til endurskoðunar um þetta atriði. Ágreiningur er ekki um málsaðild.

Fyrir héraðsdómi hafði áfrýjandi engin andmæli uppi varðandi upphafstíma þeirra dráttarvaxta, sem stefndi

krefst. Verður ekki sinnt mótmælum hans við dómkröfum stefnda að því er það atriði varðar, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Í dómkröfum sínum hefur áfrýjandi ekki tilgreint með viðhlítandi hætti þann vaxtafót, sem miða beri við, þegar dæmt er um dráttarvaxtakröfu stefnda. Eru dómkröfur áfrýjanda að þessu leyti ekki nægilega skýrt markaðar. Rök hníga ekki til þess að ákveða vaxtafót dráttarvaxta í máli þessu eftir reglum, sem í Englandi gilda. Samkvæmt þessu er ekki efni til að sinna kröfu áfrýjanda um breytingu á vaxtaákvæði héraðsdóms.

Með skírskotun til framanritaðs tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, enda eru ekki á henni þeir gallar, sem leitt geti til þess, að hún verði úr gildi felld, svo sem áfrýjandi krefst.

Eftir atvikum tel ég rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. þ. m., höfðaði Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, Óðinsgötu 4, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. júní sl., gegn Ragnari Þórðarsyni, Garðastræti 45, Reykjavík, prókúruhafa og framkvæmdastjóra Metravörudeildarinnar, Aðalstræti 9, Reykjavík, f. h. fyrirtækisins til greiðslu tveggja víxla, samtals að upphæð £ 1.917.00 auk 2% mánaðarvaxta af £ 683.00 frá 20. júlí 1976 til 10. september 1976, en af £ 1.917.00 frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2½% mánaðarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.510 í stimpilkostnað og málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá varakröfu varðandi vexti, að vextir yrðu dæmdir að mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að vaxtakröfum stefnanda verði hafnað, en stefnda gert að greiða mun lægri vexti skv. mati dómsins. Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera samkvæmt tveim

víxlum, öðrum að fjárhæð £ 683.00, en hinum að fjárhæð £ 1.234.00, útgefnum af Sigurgeir Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, annar 18. maí 1976, en hinn 13. júlí 1976, á hendur Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar og samþykktum af honum til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, annar 20. júlí 1976, en hinn 10. september 1976.

III.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að hinir umstefndu víxlar væru eign erlends aðilja, sbr. dskj. nr. 6 og 7. Lögmaðurinn hafi fengið þá til innheimtu óútgefna og gefið þá sjálfur út. Mál þetta sé víxilmál, höfðað gegn innlendum aðilja, stefndi hafi viðurkennt skuldina, í málinu sé bara ágreiningur um vexti. Málið beri að dæma eftir íslenskum lögum.

Í greinargerð stefnda segir, að stefndi viðurkenni að skulda umrædda skuld, en hann mótmæli hins vegar algerlega, að vaxtaútreikningur skuli miðaður við 2% mánaðarvexti frá 20. júlí 1976 af ákveðinni upphæð í enskri mynt og 2½% mánaðarvexti af upphæð í enskri mynt frá 20. nóv. 1976. Þessi kröfugerð stefnanda virðist brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 71 frá 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þá megi einnig benda á, að vextir í Englandi séu mun lægri en hér og því eðlilegra að miða við þá vexti, sem tíðkaðir séu þar, þegar miðað sé við kröfugerð í enskri mynt. Það sé augljóst, að þeir háu vextir, sem séu við lýði hér á landi, séu vegna þess, að hér ríki óðaverðbólga og stöðugt minnkandi gildi íslenskrar myntar. Þessar staðreyndir valdi því, að óeðlilegt sé að dæma fulla dráttarvexti af þeirri kröfu, sem um ræðir í máli þessu. Farið er fram á það, að dráttarvaxtakröfu stefnanda verði hafnað, en stefnda gert að greiða mun lægri vexti skv. mati dómsins.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að miða verði við það, að stefnandi sé eigandi víxlanna, hann höfði málið sem útgefandi þeirra. Óeðlilegt sé, að íslenskur dómstóll dæmi hærri vexti á enska mynt en gildi þar, sem ensk mynt sé notuð. Algengir vextir í Bretlandi séu um eða innan við 10%.

IV.

Álit dómsins.

Mál þetta er höfðað og rekið sem víxilmál fyrir íslenskum dómstóli. Fram er komið, að eigandi víxlanna er erlendur.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71 frá 1966 eiga því ekki við um mál þetta, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Víxlarnir, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, liggja frammi í málinu. Þeir bera með sér, að stefnandi er útgefandi þeirra, og jafnframt, að ósamræmi er í ritun víxlanna að því er varðar greiðanda og áritun samþykkjanda. Á víxlinum að fjárhæð £ 683.00 er Metravörudeildin skráður greiðandi, en sá víxill er samþykktur af Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar h/f. Á víxlinum að fjárhæð £ 1.234.06 er Metravörudeildin h/f skráður greiðandi. Sá víxill er samþykktur af Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar. Þar sem stefndi hefur viðurkennt skuldina og ekki vefengt aðild, þykir þetta ósamræmi ekki skipta máli. Vaxtakrafa stefnanda er samkvæmt íslenskum reglum um dráttarvexti. Ekki hefur verið upplýst, hvað séu löglegir vanskilavextir í Englandi. Skuldarinn er íslenskur. Hvað sem formi víxilsins líður, þá er hér um viðurkennda vanskilaskuld að ræða, og þykir því bera að taka aðalkröfu stefnanda til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 160.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Þórðarson f. h. Metravörudeildarinnar, greiði stefnanda, Sigurgeir Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, £ 1.917.00 með 2% vöxtum á mánuði af £ 683.00 frá 20. júlí 1976 til 10. september 1976, en af £ 1.917.00 frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2½% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.510 í stimpilkostnað og kr. 160.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 24. apríl 1978.

Ár 1978, mánudaginn 24. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Garðastræti 45 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-796/1978: Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður gegn Ragnari Þórðarsyni vegna Metravörudeildarinnar.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit úr dómabók bæjarþings Reykjavíkur.

Nr. 1 — 2.

Fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Sigurgeirs Sigurjónssonar og krefst fjárnáms fyrir £ 1.917.00 með 2% mánaðarvöxtum af £ 683.00 frá 20. júlí 1976 til 10. sept. 1976, en af £ 1.917.00 frá þeim degi til 20. nóv. 1976 og með 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.800 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 1.510 í stimpilkostnað, kr. 160.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, merktum 3 A í norð-austurhorni kjallara í húseigninni nr. 9 við Aðalstræti. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 27. júní 1979.

Nr. 162/1975. **Lilja Jónsdóttir, Jón, Sveinn, Hlín og Helga Eldon og Sigurður Helgason vegna Einars Eldons og Ólafur St. Sigurðsson, skiptaráðandi í Kópavogi, vegna dánarbús Jóns Eldons**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Lýsi og Mjöli h/f og gagnsök
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Skipti. Sératkvæði í héraði og Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 18. nóvember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefjast þeir þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði ekki teknar til greina og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi, dánarbú Jóns Eldons, verði dæmdur til að greiða sér aðallega 1.213.973 (1.240.973 ÷ 27.000) krónur, til vara 1.152.773 krónur og til þrautavara 1.073.123 krónur, með 8% ársvöxtum frá 6. febrúar 1968. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Aðaláfrýjendurnir Lilja, Jón, Sveinn, Hlín, Helga og Sigurður Helgason vegna Einars Eldons hafa með stefnu 12. janúar 1976 stefnt skiptaráðandanum í Kópavogi til Hæstaréttar, og gagnáfrýjandi hefur með stefnu 23. janúar s. á. stefnt skiptaráðandanum til Hæstaréttar.

Mál út af sakarefni því, sem hér er til úrlausnar, var dæmt

í Hæstarétti 28. febrúar 1974 með þeim úrslitum, að kyrrsetning, er fram hafði farið, og héraðsdómur voru úr gildi felld og málinu vísað frá bæjarþingi Kópavogs. Búi þessu er skipt opinberum skiptum. Hinn 20. nóvember 1974 var ákveðið á skiptafundi í búinu að stofna til sérstaks skiptaréttarmáls um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar. Samþykkt hefur verið á skiptafundi, að málinu yrði áfrýjað af hálfu dánarbúsins.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur áfrýjandinn Sveinn Eldon gefið aðiljaskýrslu í málinu og staðfest hana fyrir skiptarétti Kópavogs. Þá hefur áfrýjandinn Jón Eldon yngri gefið aðiljaskýrslu í sama dómi. Enn hafa tvær konur, er störfuðu á skrifstofu gagnáfrýjanda frá því í júní 1967 til 1. febrúar 1968, komið fyrir dóm. Stefán Jónsson, stjórnarformaður í Lýsi og Mjöli h/f, hefur og komið að nýju fyrir skiptarétt og gefið þar skýrslu.

Af hálfu gagnáfrýjanda var á það fallist fyrir Hæstarétti, að Jón heitinn Eldon hafi átt inni ógoldin laun fyrir tímabilið 1. janúar 1968 til 6. febrúar s. á., að fjárhæð 27.000 krónur, svo sem dæmt er í hinum áfrýjaða úrskurði. Eru kröfur hans í málinu við það miðaðar.

Fallast ber á úrlausn meiri hluta dómara í skiptaréttinum um hverja einstaka kröfu gagnáfrýjanda, sem dánarbúi Jóns Eldons ber að svara til, svo og úrlausn um launakröfu á hendur gagnáfrýjanda. Úrlausn meiri hluta dómara um vexti og málskostnað á og að vera óröskuð.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

Það athugast, að í skjali, dags. 31. ágúst 1976, sem nefnt er „athugasemdir varðandi úrskurð skiptaréttar Kópavogs 21. júlí 1975", undirrituðu af áfrýjandanum Sveini Eldon, felst skriflegur málflutningur, og var skiptaráðanda eigi rétt að veita því viðtöku.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ólafur St. Sigurðsson, skiptaráðandi í Kópavogi, f. h. dánarbús Jóns Eldons og Lilja Jónsdóttir, Jón, Sveinn, Hlín og Helga Eldon og Sigurður Helgason vegna Einars Eldons, greiði gagnáfrýjanda, Lýsi og Mjöli h/f, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Með skírskotun til þeirra raka, sem greinir í sératkvæði meðdómandans Tómasar Gunnarssonar, tel ég, að taka beri til greina kröfur gagnáfrýjanda vegna greiðslu frá Fóðurblöndunni h/f, að fjárhæð 75.000 krónur, og frá Ingólfi Hannessyni, að fjárhæð 4.650 krónur. Verður þá krafa gagnáfrýjanda í dánarbúi Jóns Eldons, sem til greina ber að taka, samtals að fjárhæð 1.152.773 krónur.

Skiptaráðandi ákvað hinn 8. apríl 1975 að nefna tvo lögmenn, sem jafnframt eru löggiltir endurskoðendur, til að taka sæti í skiptaréttinum og úrskurða með sér þær kröfur, sem í málinu greinir. Sú dómnefna studdist ekki við næga lagaheimild.

Að öðru leyti en að framan greinir er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 21. júlí 1975.

Sóknaraðili máls þessa, hlutafélagið Lýsi og Mjöl í Hafnarfirði, hefur gert þær dómkröfur, að dánarbú Jóns Eldons, Þinghólsbraut 52, Kópavogi, verði með úrskurði réttarins gert að greiða félaginu kr. 1.240.973.13 með 8% ársvöxtum frá 6. febrúar 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að dánarbúinu verði gert að greiða sér kr. 768.223.13 með 8% ársvöxtum frá 6. febrúar 1968 til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu varnaraðilja eru gerðar þær dómkröfur, að hrundið verði öllum kröfum sóknaraðilja og að sóknaraðilja verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðiljar auk búsins eru erfingjar dánarbúsins, en þeir eru Lilja Jónsdóttir, ekkja Jóns Eldons, Kaplaskjólsvegi 55, Reykjavík, svo og börn hennar og Jóns Eldons, þau Sveinn Eldon, Kaplaskjólsvegi 55, Reykjavík, Jón Eldon, Lambastekk 3, Reykjavík, Helga Eldon, Kaplaskjólsvegi 55, Reykjavík, Hlín Eldon, sama stað, og Einar Logi Eldon, sama stað.

Mál þetta var lagt undir úrskurð að loknum munnlegum málflutningi, er fram fór 30. f. m.

Samkvæmt skjölum og gögnum málsins eru helstu málavextir þessir:

Á fundi í stjórn Lýsis og Mjöls h/f 13. júní 1966 var samþykkt að ráða Jón Eldon, Þinghólsbraut 52 í Kópavogi, framkvæmdastjóra félagsins, og skyldi hann taka við starfinu um mánaðamótin næstu á eftir. Jón Eldon hafði áður starfað hjá fyrirtækinu Bernhard Petersen í Reykjavík 14—15 ár samfleytt og hafði gegnt þar störfum bókhaldara og gjaldkera. Að sögn fyrirsvarsmanna sóknaraðilja var Jón ráðinn til að hafa yfirumsjón með öllum rekstri hlutafélagsins svo og fyrirtækisins Fisks h/f, sem sóknaraðili var aðaleigandi að, og hafði hann prókúruumboð fyrir bæði félögin, en þau höfðu sameiginlega skrifstofu. Einnig féll undir starf hans forstaða fyrir umboði sóknaraðilja fyrir Eimskipafélag Íslands h/f. Þá hafi hann einnig átt að sjá um bókhalds- og gjaldkerastörf og hafi hann haft til þess starfsfólk á skrifstofu, þau Elinborgu Matthildi Stefánsdóttur Kjærnested og Þórð H. Guðjónsson, sem aðallega fjallaði um málefni Fisks h/f. Eigi var gerður skriflegur ráðningarsamningur.

Laun Jóns Eldons fyrir ofangreind störf voru ákveðin kr. 22.500.00 á mánuði. Auk þess skyldi hann hafa þau fríðindi að fá ókeypis viðhald og bensín fyrir bifreið sína.

Við endurskoðun á bókhaldi Lýsis og Mjöls h/f fyrir árið 1966 urðu hinir löggiltu endurskoðendur ekki varir við neitt athugavert. Hinn 27. júní 1967 var framkvæmt sjóðs- og bankayfirlit. Kom þá í ljós, að í sjóð vantaði kr. 200.58, en bankar reyndust réttir samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, þegar tekið var tillit til óframkominna tékka. Skýrsla endurskoðenda um sjóðs- og bankayfirlitið liggur fyrir í málinu, en Jón Eldon hefur staðfest hana með undirskrift sinni.

Síðast í júní 1967 lá það fyrir samkvæmt viðskiptamannareikningi Jóns Eldons, að hann hafði tekið út í peningum kr. 339.394.22. M. a. með tilliti til þess kvaðst hinn löggilti endurskoðandi félagsins, Skúli Grétar Guðnason, ítrekað hafa beðið Jón Eldon um lista yfir saldo á viðskiptamannareikningum, en án árangurs.

Hinn 6. febrúar 1968 lést Jón Eldon á heimili sínu, Þinghólsbraut 52 í Kópavogi, en að honum var komið í bifreið hans í bifreiðaskýli við húsið. Var vél bifreiðarinnar í gangi, og hafði Jón bersýnilega látist af völdum kolsýringseitrunar, sem stafaði frá útblæstri vélarinnar.

Bókhald sóknaraðilja var nú tekið til uppgjörs og endurskoðunar af hinum löggiltu endurskoðendum félagsins, en slík endurskoðun hafði verið áformuð allt frá áramótunum.

Sóknaraðili kveður, að endurskoðun bókhaldsins hafi leitt í ljós, að Jón Eldon hafi myndað allverulega skuld við fyrirtækið á þeim tíma, sem hann gegndi framkvæmdastjórastarfinu. Við fyrstu athugun bókhaldsins töldu endurskoðendur, að þessi skuld næmi a. m. k. kr. 1.100.620.01. Af hálfu sóknaraðilja var krafist löghalds til tryggingar ofannefndri skuld, og var löghald lagt á fasteignina Þinghólsbraut 52 hinn 2. mars 1968. Höfðaði sóknaraðili síðan mál til innheimtu skuldarinnar og til staðfestingar löghaldsgerðinni og áskildi sér rétt til framhaldsmálshöfðunar, ef frekari bókhaldsendurskoðun mundi leiða í ljós hærri skuld af hendi Jóns Eldons. Var málssókn þessari beint gegn Lilju Jónsdóttur, ekkju Jóns Eldons, og bæjarfógetanum í Kópavogi f. h. dánarbús Jóns Eldons og rekin fyrir bæjarþingi Kópavogs.

Í ágústmánuði 1968 luku hinir löggiltu endurskoðendur við uppgjör og endurskoðun á bókhaldi og reikningum sóknaraðilja fyrir það tímabil, er Jón Eldon gegndi framkvæmdastjórastöðunni hjá félaginu. Með skýrslu, dags. 26. ágúst 1968, til stjórnar Lýsis og Mjöls h/f gera endurskoðendur félagsins sundurliðaða grein fyrir hinni ætluðu skuld Jóns Eldons við fyrirtækið, en skýrslan er á þessa leið:

„Við höfum lokið endurskoðun á bókum og skjölum félagsins fyrir árið 1967 og fram til 6. 2. 1968 eða til þess tíma, er Jón heitinn Eldon, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, lézt. Jón annaðist sjálfur gjaldkera- og bókhaldsstörf félagsins. Viljum við gera grein fyrir viðskiptaskuld hans við félagið þ. 6. 2. 1968

eftir því sem bækur og skjöl félagsins segja til um svo og ýmsar munnlegar upplýsingar, sem okkur hafa verið látnar í té og eru nú bókfærðar.

1.	Viðskiptareikningur Jóns við lát hans. Ýmsar úttektir 1/1—31/8 1967	kr.	403.798.22
	Engin úttekt er bókfærð eftir þann tíma af honum sjálfum. Leiðrétting, sem kom fram við afstemmingu á viðskiptamannareikningi	kr.	2.000.00
		Kr.	405.998.22
	÷ Inneign skv. viðskiptamannabók 1/1 1967 kr. 14.080.35.		
	÷ Laun 1967 270.000.00 .... kr. 284.080.35	kr.	121.917.87
2.	Úttektir Jóns úr sjóðum félagsins, þ. e. miðar liggjandi í kassa, óbókfærðar	kr.	25.136.31
3.	Óbókfærður tékki nr. 134817, útg. 14/11 1967 á bankareikning félagsins, Útvegsbanka Íslands, rl. 870, greiddur lögfræðiskrifstofu Einars B. Guðmundss. o. fl., vegna afborgana á skuld Jóns við Bernhard Petersen h/f	kr.	120.000.00
	Þetta er byggt á upplýsingum í síma þ. 15/2 1968 við Axel Einarsson, fulltrúa hjá lögfræðiskrifstofu Einars B. Guðmundssonar o. fl., og fylgir hér með ljósrit af tékkanum.		
4.	Tékki nr. 12504 á Útvegsbanka Íslands útg. þ. 1/9 1966 að upphæð	kr.	250.000.00
	sem gekk til greiðslu á viðskiptaláni Bernhards Petersen h/f, nr. 27 við Landsbanka Íslands vegna Jóns Eldons. Tékki þessi er færður í bókum Lýsis og Mjöls h/f á viðskiptareikn. Bernhards Petersen h/f í stað viðskiptareikn. Jóns Eldons. Á frumritinu stendur Jón Eldon v/Lýsi og Mjöl h/f, en á afriti Bernhards Petersen h/f stendur aðeins Jón Eldon, sbr. meðf. fylgiskjöl.		
5.	Þann 27. júní 1967 framkvæmdum við sjóðs- og bankaeftirlit hjá Jóni Eldon, og reyndist vanta í sjóðinn kr. *200.58*, en bankar reynd-		

ust réttir, þegar tekið var tillit til óframkominna tékka.
Síðan hefur komið í ljós, að eftirfarandi innborganir til fyrirtækisins hafa átt sér stað fyrir 27. júní 1976, en aldrei verið bókfærðar. Greiðslur þessar virðast því hafa gengið til Jóns Eldons. Sjóðsyfirlit staðfest af Jóni Eldon fylgir hér með.

5A. Innborgun þ. 17/2 1967 frá Bernh. Petersen h/f fyrir loðnulýsi, sbr. meðf. fylgiskjal frá þeim og viðskiptayfirlit þeirra ásamt ljósmynd af tékkanum ..... kr. 120.693.00

5B. Innborgun þ. 16/2 1967 frá Jóni Gíslasyni s/f, sbr. meðf. ljósmynd af innborgunarkvittun ..... kr. 50.000.00

5C. Innborgun þ. 1/6 1967 frá Þorv. Ásmundssyni, sbr. meðf. kvittun, sem hann afhenti ..... kr. 15.000.00

5D. Innborgun þ. 15/2 1967 frá Fóðurblandan h/f, sbr. meðf. ljósmyndir af innborgunarkvittun og tékka. Tékkinn er gefinn út á handhafa og framseldur af Gísla Magnússyni, sem einnig undirritar kvittunina fyrir móttöku hennar ..... kr. 75.000.00

5E. Innborgun þ. 7/4 1967 frá Ársæli Hannessyni, sbr. meðf. kvittun ..... kr. 31.600.00

5F. Innborgun þ. 16/3 1967 frá Verzl. Minni Borg, sbr. ljósmynd af meðf. innborgunarkvittun ..... kr. 45.400.00

5G. Óbókfærð kontantsala á mjöli fyrir 27/6 1967 til eftirtaldra aðila, þar sem Jón kvittar fyrir móttöku greiðslunnar á frumnótur að undanskildri nótu nr. 412, sem Friðjón Guðlaugsson kvittar fyrir:

6/4	1967	Hákon Ólafsson nóta 535	kr. 1.300.00
20/3	—	Sig. Jónsson nóta 529	— 6.200.00
3/4	—	Staðgr. ekkert nafn nóta 412	— 5.100.00

5/4	—	Sumarliði Andréss. nóta 534	kr.	600.00	
2/5	—	Sævaldur Runólfss. nóta 543	—	325.00	
10/5	—	Sumarliði Einarss. nóta 550	—	325.00	
16/5	—	Valdimar Guðmundss. nóta 5	—	325.00	
18/5	—	Markús Jónsson nóta 11	—	325.00	
25/5	—	Staðgr. ekkert nafn nóta 13	—	325.00	
29/5	—	Staðgr. ekkert nafn nóta 15	—	325.00	
—	—	Björn Bjarnason nóta 17	—	325.00	
—	—	Pálmi Rögnvaldsson nóta 18	—	325.00	
13/6	—	Staðgr. ekkert nafn nóta 25	—	325.00	
25/4	—	Sig. Þorgilss. nóta 540	—	1.300.00	kr. 17.425.00

5H. Óbókfærð innborgun frá Vífilsstaðabúið þ. 6/6 1967, sbr. meðf. ljósmynd af tékka, sem framseldur er af Jóni Eldon f. h. Lýsis og Mjöls h/f, og svo aftur framseldur af Verzluninni Mirra ..... kr. 3.300.00

6. Óbókfærð innborgun þ. 15/11 1967 frá Bernhard Petersen h/f, sbr. ljósmynd af meðf. innborgunarkvittun ..... kr. 120.000.00
7. Óbókfærð innborgun þ. 10/11 1967 frá Fóðurbirgðafélagi Biskupstungnahrepps, sbr. meðf. kvittaðar úttektarnótur ..... kr. 171.150.00
8. Óbókfærð innborgun frá Geir Gunnlaugssyni, sbr. meðf. kvittaðar úttektarnótur .... kr. 13.750.00
9. Ingólfur Hannesson, innborgað kr. 4.650.00
   Kjartan Hannesson, innborgað kr. 56.100.00 kr. 60.750.00

Skv. upplýsingum frá Stefáni Jónssyni.
Mismunur á ýmsum inn- og útborgunum .. kr. 164.201.05

Kr. 1.405.324.18“

Eins og að framan greinir, hófst sóknaraðili handa um innheimtu ofangreindrar kröfu með málssókn fyrir bæjarþingi Kópavogs að undangenginni kyrrsetningargerð.

Uppskriftargerð í búinu fór fram 25. júní 1968. Af hálfu skiptaréttarins fóru ekki fram neinar frekari aðgerðir í kjölfar uppskriftarinnar vegna greindra málaferla.

Dómur í héraði var upp kveðinn 8. desember 1969. Voru stefndu f. h. dánarbúsins dæmd til greiðslu kr. 768.223.13 auk málskostnaðar og vaxta. Þá var staðfest löghald í fasteign búsins, Þinghólsbraut 52, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum vildi Lilja Jónsdóttir ekki una. Fékk hún samþykki til áfrýjunar á fundi í búinu og skaut síðan málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi.

Í Hæstarétti var dómur upp kveðinn 28. febrúar 1974, og var niðurstaða hans á þá leið, að héraðsdómurinn svo og kyrrsetningargerðin voru úr gildi felld og málinu vísað frá héraðsdóminum. Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a. svo:

„ . . . Jón Eldon lést 6. febrúar 1968. Lilja Jónsdóttir hefur ekki fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir hann. Ekki hefur hún og samerfingjar hennar fengið leyfi til að skipta búinu sjálf, og erfingjar hafa ekki, svo að séð verði, tekið á sig ábyrgð á greiðslu skulda, sem á dánarbúinu hvíla, enda hefur ekki verið á því byggt. Þar sem þannig var háttað meðferð á dánarbúi Jóns Eldons, var óheimilt að kyrrsetja fasteign dánarbúsins, svo sem gagnáfrýjandi lét gera, sbr. 34. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Af sömu ástæðum bar gagnáfrýjanda að bera upp fyrir skiptaráðanda í Kópavogi þær kröfur, sem hann átti á Jón Eldon, er hann lést, sbr. 33. gr. nefndra laga, og var gagnáfrýjanda ekki heimilt að lögum að stefna skiptaráðanda vegna dánarbúsins fyrir almenna dómstóla".

Í samræmi við ofanritað var af hálfu skiptaréttar Kópavogs hafist handa um aðgerðir í þágu opinberra skipta dánarbús Jóns Eldons. Var innköllun gefin út 11. mars 1974. Að loknum innköllunarfresti var haldinn skiptafundur í búinu hinn 20. nóvember 1974. Var þar m. a. lögð fram skrá um lýstar kröfur í búið og grein gerð fyrir þeim. Krafa sóknaraðilja, en hún var upphaflega kr. 1.405.324.00, þ. e. nákvæmlega eftir skýrslu endurskoðendanna frá 26. ágúst 1968, var þar á meðal.

Af hálfu varnaraðilja, Lilju Jónsdóttur og allra barna hennar, var kröfu sóknaraðilja mótmælt sem rangri. Krafðist þá sóknar-

aðili úrskurðar um ágreiningsefnið. Var því ákveðið að stofna til sérstaks skiptaréttarmáls til meðferðar og úrlausnar þess.

Sættir hafa verið reyndar með aðiljum, en án árangurs.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði sóknaraðili kröfur sínar um kr. 164.351.05 í kr. 1.240.973.13, eins og í upphafi er getið, en þessi lækkun byggist á því, að hann fellur alveg frá kröfu samkvæmt síðasta lið endurskoðendaskýrslunnar frá 26. ágúst 1968, að upphæð kr. 164.201.05, og lækkar kröfur sínar skv. 1. lið skýrslunnar um kr. 150.00. Er því kröfugerð sóknaraðilja að öðru leyti alfarið byggð á nefndri skýrslu.

Áður en til er tekið við það að taka afstöðu til kröfugerðar sóknaraðilja í heild og til einstakra liða hennar og rekja sjónarmið og málsástæður aðilja, þykir rétt að gera nánari grein fyrir því, sem fram er komið í málinu um ráðningu Jóns Eldons hjá sóknaraðilja, starfssvið, laun og önnur starfskjör, starfsferil hans, framkomu og hegðun. Verður í því efni byggt nær eingöngu á yfirheyrslum þeim, er fram fóru í bæjarþingi Kópavogs 1969 á fyrirsvarsmönnum málsaðilja og vitnum. Undir rekstri þessa máls hafa komið fyrir dóminn og staðfest fyrri skýrslur sínar Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri og Stefán Jónsson framkvæmdastjóri, báðir fyrirsvarsmenn sóknaraðilja, og vitnið Elinborg Matthildur Stefánsdóttir Kjærnested húsfreyja, Gísli Gunnar Magnússon brunavörður og Skúli Guðnason, löggiltur endurskoðandi. Af hálfu varnaraðilja hefur framburði annarra vitna fyrir bæjarþinginu á sínum tíma verið mótmælt sem röngum og óstaðfestum fyrir skiptaréttinum. Verður það haft í huga við mat á gildi þessara skýrslna.

Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri var formaður stjórnar sóknaraðilja, er Jón Eldon var ráðinn framkvæmdastjóri félagsins, og hafði gegnt formennsku um alllanga hríð, en jafnframt verið framkvæmdastjóri frá 1959. Hann gaf skýrslu fyrir dómi 17. febrúar 1969. Guðmundur kveðst hafa séð um ráðningu Jóns Eldons til félagsins og gert honum grein fyrir, í hverju starfið væri fólgið, en það hafi verið framkvæmdastjórn hlutafélaganna Lýsis og Mjöls og Fisks, en í því hafi falist að hafa umsjón með öllum fjárreiðum og fjárhaldi fyrirtækjanna svo og daglegum rekstri. Þá hafi fylgt þessu starfi starfræksla á umboði fyrir Eimskipafélag Íslands h/f. Hafi hér verið um algerlega sama starf að ræða og hann gegndi sjálfur áður. Kveðst Guðmundur í sinni tíð sem framkvæmdastjóri hafa séð um allt bókhald og jafnframt annast gjaldkerastörf.

Guðmundur kveður, að Jóni Eldon hafi engar reglur eða fyrirmæli verið gefin um það, hvernig fyrirkomulagi greiðslna skyldi háttað, hvort greitt skyldi með ávísunum eða peningum.

Að því er hann minnir kveður Guðmundur, að umsamin laun Jóns hafi verið u. þ. b. 22.000 á mánuði, en auk þess hafi hann átt að fá bensín á bifreið sína greitt svo og viðhaldskostnað.

Stefán Jónsson framkvæmdastjóri, núverandi formaður stjórnar sóknaraðilja, kom fyrir dóminn ofangreindan dag. Hann tók við stjórnarformennsku 10. ágúst 1967.

Stefán kveður starf Jóns Eldons fyrst og fremst hafa verið það að hafa yfirumsjón með öllum rekstri félaganna tveggja og fjárreiðum þeirra. Þá hafi hann átt að sjá um bókhalds- og gjaldkerastörf og hafi hann haft til þess starfsfólk á skrifstofu, karlmann og stúlku. Hann telur, að Jón Eldon hafi yfirleitt tekið við greiðslum á skrifstofu og annast greiðslur fyrirtækisins og gagnvart stjórn þess hafi hann einn borið ábyrgð á fjárreiðum og skrifstofuhaldi. Hann kveður það vel geta verið, að annað starfsfólk á skrifstofu hafi tekið við greiðslum, ef Jón var ekki við. Hann kveður það aldrei hafa komið til tals, að framkvæmdastjórastarfið væri einum manni ofviða. Sé enn hafður sami háttur á um stjórn fyrirtækjanna, að þeim störfum gegni einn maður, sem jafnframt sinni bókhalds- og gjaldkerastörfum, ásamt því aðstoðarfólki, sem fyrr greinir.

Stefán kveður umsamin laun Jóns hafa verið kr. 22.500.00 á mánuði. Þá hafi hann átt að fá bílastyrk.

Þórður Heiðar Guðjónsson, starfsmaður á skrifstofu sóknaraðilja, kom fyrir dóm 18. febrúar 1969. Í skýrslu hans segir m. a., að hann hafi starfað hjá Fiski h/f í framkvæmdastjóratíð Jóns Eldons og hafi starf hans verið fólgið í bókhalds- og gjaldkerastörfum. Hafi hann í reynd verið fulltrúi sameiginlegs framkvæmdastjóra beggja fyrirtækjanna hjá Fiski h/f.

Þórður telur, að verksvið Jóns Eldons hafi verið hið sama og hjá fyrri framkvæmdastjóra. Hann kveðst hafa vitað til þess, að Jón færði ekki sjóðbók, sem fyrrverandi framkvæmdastjóri hins vegar hafi gert. Hann kveðst ekki hafa orðið þess var, að starfið væri Jóni ofviða eða sérstaklega erfitt.

Skúli Guðnason, löggiltur endurskoðandi hjá N. Manscher & Co, endurskoðendum sóknaraðilja, kom fyrir dóm 19. febrúar 1969. Skúli hefur verið endurskoðandi reikninga sóknaraðilja frá 1961. Í skýrslu hans segir m. a., að Jón Eldon hafi innt af höndum sams konar störf og fyrrverandi framkvæmdastjóri.

Kvaðst hann ekki hafa séð, að þetta starf væri einum manni ofviða. Kvað hann umsvif fyrirtækisins hafa verið allmiklu meiri í framkvæmdastjóratíð Guðmundar Guðmundssonar, einkum vegna uppbyggingar verksmiðju. Brúttósala fyrirtækisins 1966 hafi numið kr. 38.106.083.00 og 1967 27.718.237.00.

Skúli kveður, að talið sé óæskilegt, að sami maður gegni bæði bókhalds- og gjaldkerastörfum, en man ekki, hvort þetta hafi borið á góma milli sín og stjórnar sóknaraðilja.

Hann skýrði svo frá, að í bókhaldi fyrirtækisins hafi verið færður kostnaður við bifreið Jóns Eldons og jafnframt hafi komið fram bensínúttekt hans, en ekki verið bókfært, hve mikil hún hafi verið.

Lilja Jónsdóttir, ekkja Jóns Eldons, kom fyrir dóm 27. febr. 1969.

Lilja kvaðst ekki hafa fylgst með því, hvaða kjör eiginmaður hennar samdi um, er hann hóf störf hjá sóknaraðilja, og hafi hún ekki vitað um laun hans hjá fyrri atvinnurekanda. Hafi hún vitað til þess, að hann hafi átt að fá bensín á bifreið sína og einhvern bílastyrk, enda hafi hann mjög þurft að nota bifreið í starfi sínu þar. Hún kvað fjárráð Jóns hafa virst minnka stórlega, eftir að hann hóf störf hjá sóknaraðilja, og hafi hann hvatt sig og fjölskylduna mjög til sparnaðar. Hafi þetta verið sér mikið undrunarefni, þar sem sér hafi skilist, að laun Jóns mundu aukast frá því, sem var, er hann hóf störf hjá sóknaraðilja.

Samkvæmt skattframtali Jóns Eldons 1967 eru framtalin laun hans hjá sóknaraðilja kr. 132.000.00, eða kr. 22.000.00 á mánuði, en á viðskiptamannareikningi sínum fyrir árið 1967 hefur hann fært sér kr. 270.000.00 í árslaun, þ. e. kr. 22.500.00 á mánuði. Þessi sama tala er á skattframtali hans 1968.

Sem fyrr segir hóf Jón Eldon störf hjá sóknaraðilja í júlí 1966. Um viðtöku hans á fyrirtækinu hefur þetta komið fram:

Guðmundur Guðmundsson skýrði svo frá, að er Jón Eldon tók við, hafi þeir í sameiningu gert upp kassann, stemmt af sjóðbók og bankareikninga og jafnframt framleiðslu- og birgðabók og bókhald hafi verið fært fram til þess dags. Hins vegar hafi ekki farið fram sjóðsuppgjör og viðskiptamannaafstemming af hálfu endurskoðenda fyrirtækisins. Ekki hafi verið um neinar kvittanir að ræða til hvors annars vegna þessa uppgjörs, en sjóðs- og ávísanauppgjör hafi verið fært á sérstakt blað, sem þó var ekki undirritað.

Skúli Guðnason skýrði svo frá, að hann hefði ekki verið til kvaddur, er Jón Eldon tók við af Guðmundi. Hann minnir að hafa séð uppgjör á sjóði og banka, sem þeir Jón og Guðmundur hafi gert af þessu tilefni.

Um endurskoðun bókhalds sóknaraðilja fyrir árið 1966, sem framfór vorið 1967, segir Skúli, að bókhaldið hafi verið í lagi að öðru leyti en því, að það hafi verið fært töluvert eftir á og hafi það orðið tilefni athugasemda. Gerðar hafa verið „stikkprufur" um afstemmingu viðskiptamannareikninga. Viðskiptamannareikningur Bernhards Petersen h/f hafi ekki verið stemmdur af, enda hafi ekki verið unnt að taka alla viðskiptamenn til athugunar, vegna þess hve bókhaldið kom seint í hendur endurskoðenda.

Skúli kveður, að það hafi legið fyrir síðast í júlí 1967 samkvæmt viðskiptamannareikningi Jóns Eldons, að hann hefði tekið út í peningum kr. 339.394.22. Hinn 27. júlí hafi farið fram sjóðs- og bankaeftirlit. Hafi þá komið fram vöntun í sjóði kr. 200.58, en bankareikningar verið réttir. Eftir þetta sjóðseftirlit og með tilliti til peningaúttektar Jóns Eldons skv. viðskiptamannareikningi kveðst Skúli hafa beðið Jón um lista yfir saldo á viðskiptamönnum í lok júní 1967. Hafi Jón Eldon verið bersýnilega mjög veikur um þær mundir og hafi skömmu síðar farið á sjúkrahús. Kveðst Skúli hafa ítrekað greinda beiðni sína við Jón bæði áður og eftir að hann kom af sjúkrahúsinu, en umræddur listi hafi aldrei komið fram. Hafi hann kvartað yfir þessu um haustið við Stefán Jónsson, sem þá var orðinn stjórnarformaður, og lýst áhyggjum sínum út af þessu.

Stefán Jónsson kveður endurskoðanda fyrirtækisins hafa kvartað við sig nokkru fyrir andlát Jóns yfir því, að erfiðlega gengi að ná í viðskiptamannabók hjá Jóni, en taldi eigi ástæðu til aðgerða af sinni hálfu af því tilefni.

Guðmundur Guðmundsson skýrir svo frá, að er endurskoðaðir reikningar 1966 lágu fyrir í júní 1967, hafi hann talið, að eitthvað væri athugavert við skil til banka vegna veðsettra afurða. Hafi stjórnin verið kvödd saman og hafi framkvæmdastjóra verið falið að athuga þetta mál ásamt honum. Kom í ljós, að ekki hefðu verið gerð skil á töluverðri upphæð til Útvegsbanka Íslands, og var það talið liggja í því, að söluverði á framleiðslu til innlendra aðilja hefði ekki verið skilað til bankans og því hafi birgðir fyrirtækisins ekki verið í samræmi við veðsettar framleiðsluvörur. Var þetta þegar í stað leiðrétt við bank-

ann. Hafi jafnframt verið ákveðið að taka bókhaldið til endurskoðunar.

Skúli Guðnason kannaðist við þetta mál og kvað þá Guðmund og Jón Eldon hafa komið á skrifstofu sína til viðræðna um það. Taldi Skúli, að hér hefði verið um að ræða vankunnáttu eða gáleysi Jóns Eldons.

Að því er varðar dagleg störf í skrifstofu sóknaraðilja hefur þetta helst komið fram:

Guðmundur Guðmundsson kveður, að í framkvæmdastjóratíð sinni hafi starfsfólk skrifstofunnar tekið við greiðslum í fjarveru sinni, en hann síðan séð um eða stjórnað innfærslu á þeim. Guðmundur kveður, að vegna fyrrgreinds veðsetningarmáls hafi hann skoðað bókhaldið og hafi hann orðið mjög óánægður sökum þess, að ekki hefði verið fært daglega í dagbók. Hafi hann krafist þess af Jóni Eldon, að þessu yrði kippt í lag, og vissi hann til þess, að Jón lagði mikla vinnu í þetta. Guðmundur kvað Jón hafa lýst óánægju sinni og talið það lýsa vantrausti á sig, að bókhald fyrirtækisins skyldi tekið til endurskoðunar, en stjórnin hafi talið það heppilegast. Endurskoðun sú, sem hér er átt við, var þó aldrei framkvæmd.

Þórður H. Guðjónsson skýrði svo frá, að Jón Eldon hefði séð um greiðslur og móttöku greiðslna. Þó hafi það komið fyrir, að hann sjálfur eða stúlkan hafi tekið við greiðslum, ef Jón var ekki við, en yfirleitt hafi þau ekki innt af hendi greiðslur, ef hann var frá um skemmri tíma, nema hann bæði um það sérstaklega. Við staðgreiðslusölu á mjöli hafi vigtarmaðurinn, Kristján Sigurðsson, afgreitt mjölið og tekið við greiðslum. Hafi afgreiðslan verið færð í frumbók og kaupandi fengið frumritið kvittað, en vigtarmaðurinn hafi skilað öðru afriti inn á skrifstofuna ásamt greiðslunni gegn kvittun á afritið í frumbókinni. Algengast hafi verið, að Jón Eldon tæki við þessum greiðslum, en einnig getað skeð, að þau hin gerðu það, og þá kvittaði það þeirra í frumbókina, sem tók við peningunum.

Við greiðslur inn á viðskiptamannareikninga sagði Þórður, að gefnar hefðu verið út kvittanir til viðkomandi úr kvittanahefti sóknaraðilja og hafi orðið eftir afrit af þeim kvittunum.

Þórður kvað það hafa komið fyrir, að hann hafi hringt í skuldunauta sóknaraðilja að beiðni Jóns Eldons. Hafi hann þá aldrei orðið þess var, að menn, sem verið var að innheimta hjá, væru búnir að greiða. Hann taldi, að skuldir fyrirtækisins hefðu verið greiddar með ávísunum, en laun starfsfólksins í peningum.

Kveðst hann vita til þess, að gefin var út ávísun fyrir heildarupphæð launa og síðan hafi peningar verið taldir í umslög. Einnig kynni að vera, að innborgaðar ávísanir hafi verið leystar út til greiðslu á launum, en yfirleitt hafi slíkar ávísanir verið lagðar inn.

Elinborg Matthildur Stefánsdóttir Kjærnested kom fyrir dóm 19. febrúar 1969, en hún starfaði á skrifstofu sóknaraðilja frá því sumarið 1963 til maíloka 1968.

Hún kvað starf sitt hafa aðallega verið fólgið í vélritun og símavörslu svo og vinnu við umboð Eimskipafélags Íslands h/f, eftir að það kom til. Hún kvaðst ekki hafa fært annað bókhald en í sambandi við nefnt umboð. Kveður hún, að Guðmundur Guðmundsson í sinni tíð sem framkvæmdastjóri hafi fært bókhaldið framan af, en vegna sjóndepru Guðmundar hafi Þórður H. Guðjónsson tekið að sér að færa það fyrir hann og hafi Þórður fyrst í stað, eftir að Jón Eldon tók við, annast færslur í bókhaldi.

Elinborg Matthildur kveðst ekki hafa orðið vör við neinar breytingar á starfstilhögun á skrifstofu, eftir að Jón Eldon tók þar við. Hafi Jón séð um greiðslur og yfirleitt tekið við greiðslum á skrifstofu. Hún kvaðst ekki hafa vitað til þess, að hann hefði skilið eftir undirritaðar, en óútfylltar ávísanir, en þó minnti hana, að það hefði skeð vegna launa, ef launaútreikningi var ekki lokið, og hann þurfti að bregða sér frá.

Hún kveðst stundum hafa farið í banka með ávísanir, sem fyrirtækinu hafði verið greitt með, en stundum hafi Jón Eldon gert það og stundum Gísli Magnússon bílstjóri. Ef ávísun hafi verið stíluð á sóknaraðilja, hafi Jón Eldon framselt hana. Hún kvaðst ekki muna til þess að hafa framselt handhafaávísun, en vera megi, að það hafi komið fyrir.

Hún kveðst ekki hafa fylgst með færslu bókhaldsins, en stundum lagt saman í dagbók og fært viðskiptamannareikning.

Skúli Guðnason skýrði svo frá aðspurður um viðskipti sóknaraðilja og Fisks h/f, að ekki hefði orðið vart neins ruglings í bókhaldi fyrirtækjanna og auðvelt væri að staðreyna þessi viðskipti. Hafi verið regla á bókhaldi Fisks h/f. Oft hafi sóknaraðili innt af hendi greiðslur fyrir Fisk h/f gegn kvittun af hálfu Fisks h/f.

Hann kvað ekkert hafa komið fram við athugun á bókhaldi og fylgiskjölum, sem benti til þess, að greiddir reikningar hefðu glatast. Hafi greiðslur frá fyrirtækinu farið fram jöfnum höndum í ávísunum og peningum og oft hafi stórar greiðslur farið fram með peningum. Skúli kvað hverja einstaka ávísun hafa

verið færða í bókhaldið og hafi ekki vantað fylgiskjöl, nema þar sem ávísun var færð í sjóð. Kvað hann nokkra tilhneigingu hafa verið til þess að leggja ekki innborganir viðskiptamanna inn, m. a. vegna yfirdráttar á bankareikningi, og því hafi sjóðurinn verið mikið notaður. Hann sagði greiðslur með peningum hafa aukist töluvert eftir tilkomu Jóns Eldons sem framkvæmdastjóra.

Jón Eldon var tvívegis frá störfum á árinu 1967. Hann lá á sjúkrahúsi 6.—27. júlí vegna magauppskurðar. Um haustið fór hann með konu sinni í ferð til Spánar, sem stóð frá 6.—23. eða 24. september. Um starfstilhögun á skrifstofu í fjarveru Jóns hefur þetta komið fram:

Stefán Jónsson kvað ekki hafa verið ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri í fjarveru Jóns, heldur hafi starfsfólk skrifstofunnar séð um störf hans. Hafi ekki orðið neinir erfiðleikar í rekstri fyrirtækjanna, er Jón var frá, og engar kvartanir hafi borist um greiðslur, sem þá hafi ekki verið færðar.

Þórður H. Guðjónsson skýrði svo frá, að þegar Jón hafi verið frá vegna veikinda sinna og ferðar til útlanda, hafi hann mælt fyrir um það, hvað skyldi greitt, og hafi hann skrifað undir ávísanir, sem greiða átti með. Í báðum þeim tilvikum, er Jón hafi verið frá, hafi greiðslur verið stemmdar af, er hann kom aftur. Þórður kvað og, að er hann hafi séð um greiðslur í fjarveru Jóns, hafi hann ekki fært bókhald Lýsis og Mjöls h/f, en uppgjör milli þeirra Jóns hafi farið eftir ávísanahefti og fylgiskjölum. Hafi aldrei komið fram neitt misræmi við þetta uppgjör. Hann kveðst ekki hafa verið beðinn að innheimta útistandandi skuldir í fjarveru Jóns.

Elinborg Matthildur kvað Þórð H. Guðjónsson hafa annast greiðslur og annað því um líkt, meðan Jón var frá vegna veikinda og ferðar til útlanda.

Um samband stjórnar og framkvæmdastjóra sagði Stefán Jónsson, að stjórn félagsins hefði haldið fundi öðru hverju og hefði framkvæmdastjóri þar gefið skýrslu um rekstur fyrirtækisins í stórum dráttum. Utan þess hafi ekki verið mikið samband milli stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Hann kveður Jón Eldon ekki hafa haft samband við sig sem stjórnarformann að neinu ráði né hann sjálfur við hann. Hann kveðst ekki hafa orðið var við neinar kvartanir á fjárstjórn Jóns Eldons. Að vísu hafi hann heyrt kvartanir lánardrottna um greiðslutregðu hjá fyrirtækinu. Einnig hafi framkvæmdastjóri Eimskipafélags Ís-

lands h/f kvartað undan því rétt fyrir andlát Jóns, að erfiðlega hefði gengið að fá hjá honum skilagrein, en hún hefði þó komið rétt fyrir andlát hans og samkvæmt henni hafi skuld sóknaraðilja við Eimskipafélag Íslands h/f numið u. þ. b. kr. 750.000.00.

Guðmundur Guðmundsson kvað það mjög sjaldan hafa skeð, að Jón hefði samband við sig sem stjórnarformann að fyrra bragði, en hins vegar hefði hann sjálfur oft haft samband við Jón að fyrra bragði og hafi þá komið í ljós, að hann þurfti upplýsingar um eitt og annað.

Þórður H. Guðjónsson kvað Stefán Jónsson hafa komið nokkuð oft á skrifstofu sóknaraðilja. Hann minnist þess ekki, að Jón Eldon hafi kvartað undan því, að stjórnin hefði lítið samband við sig. Hins vegar hefði hann einu sinni tjáð sér, að ætlunin væri að halda stjórnarfund einu sinni í mánuði. Hann tók fram, að samstarf á skrifstofunni hefði verið mjög gott og hefði Jón verið mjög góður í umgengni.

Um fjárráð Jóns Eldons og starfsfólks fyrirtækjanna hefur þetta komið fram:

Stefán Jónsson kvað Jón aldrei hafa kvartað yfir bágri afkomu eða slæmum fjárhag, svo hann vissi til. Hann kvað sér ekki vera kunnugt um nein óeðlileg fjárráð eða fjárfestingar annars starfsfólks fyrirtækisins. Taldi hann, að Þórður H. Guðjónsson hefði haft u. þ. b. kr. 20.000.00 á mánuði í laun.

Guðmundur Guðmundsson kvaðst aldrei hafa orðið var við, að Jón ætti í erfiðleikum fjárhagslega. Aldrei hefði hann orðið var við, að einhver starfsmanna fyrirtækisins hefði óeðlileg fjárráð eða lagt í fjárfestingar. Hins vegar hafi einu sinni verið haft á orði við sig, að Jón Eldon virtist hafa mikið umhendis í einkalífi sínu, en þessu hafi hann engan gaum gefið.

Eins og áður er að vikið, kvað Lilja Jónsdóttir, að svo hafi virst sem fjárráð eiginmanns hennar hefðu stórlega minnkað, eftir að hann hóf störf hjá sóknaraðilja, og hafi hann hvatt fjölskylduna mjög til sparnaðar. Því hafi ekkert nýtt verið keypt til heimilisins og ekki lagt í neina fjárfestingu að ráði. Skömmu fyrir andlát Jóns hafi verið keypt Opel bifreið fyrir kr. 55.000.00, en synir þeirra hefðu átt hlut að þessum kaupum.

Um áramótin 1966—1967 hafi þau unnið bifreið í happdrætti og þá selt Bronco bifreið, sem þau höfðu átt, u. þ. b. eins eða tveggja ára gamla.

Lilja kvað eiginmann sinn hafa verið mjög tregan til að skýra sér frá fjármálum sínum, en sér hafi skilist, er hann hóf störf

hjá sóknaraðilja, að hann ætti von á einhverjum kaupuppbótum, en vissi ekki nánar í hvaða formi.

Hún kvað ferð þá, er þau fóru til Spánar haustið 1967, hafa verið kostaða af sér. Hafi það verið af peningum, sem hún átti í norskum banka í Bergen síðan 1954 eða 1955, en þá hafi hún keypt gjaldeyri fyrir peninga, sem hún hafi fengið, er hún seldi búfé, er hún átti í foreldrahúsum.

Lilja kvað Jón Eldon engin bankaviðskipti hafa haft né ávísanareikning. Hún kvaðst hafa átt þrjá hesta, en Jón einn, og hafi þau átt þá í nokkur ár. Hafi Jón gefið sér fola fyrir nokkrum árum, sem hann hafi keypt fyrir kr. 5.000.00, en hina tvo hafi foreldrar hennar gefið sér. Hafi þau sjálf heyjað fyrir hestana og þeir verið í húsi, sem bróðir Jóns átti.

Hún kvað Jón engar aukatekjur hafa haft og hún hafi ekki unnið neitt úti. Hún kvaðst og ekki hafa vitað um neinar skuldir hans við nokkurn mann utan skuldar við Veðdeild Landsbankans, sem hvíldi á húsinu.

Svo sem fyrr er getið, lést Jón Eldon hinn 6. febrúar 1968. Fannst hann látinn í bifreið sinni, þar sem hún stóð inni í bílskúr, og var vélin í gangi.

Stefán Jónsson kvaðst hafa fengið fréttina um lát Jóns strax fyrir hádegi hinn 6. febrúar og hafi þá verið haldinn stjórnarfundur samdægurs. Endurskoðandi fyrirtækisins, Skúli Guðnason, hafi verið kvaddur á fundinn og enn fremur Einar Magnússon, endurskoðandi Eimskipafélags Íslands h/f, sem kvaddur var til sérstaklega vegna upplýsinga, sem honum höfðu borist frá framkvæmdastjóra Eimskips um misferli, sem talið var vera í sambandi við umboð sóknaraðilja fyrir félagið.

Á þessum fundi hafi endurskoðanda verið falið að taka til endurskoðunar allt bókhald fyrirtækisins og þ. á m. nýafstaðið uppgjör framkvæmdastjórans til Eimskips.

Stefán Jónsson kveðst sem stjórnarformaður hafa séð um að taka við greiðslum og annast útborganir þann tíma, sem leið frá láti Jóns Eldons og þar til nýr framkvæmdastjóri var ráðinn. Í samráði við endurskoðandann hafi hann haft sérstaka sjóðbók fyrir þetta tímabil, og var henni síðan skilað í hendur endurskoðanda að því liðnu.

Hann kvað endurskoðandann strax hinn 6. febrúar hafa tekið við bókhaldinu eins og Jón Eldon skildi við það, en það hafi verið að verulegu leyti óuppfært. Enginn utanaðkomandi hafi

verið fenginn til að sjá um mál fyrirtækisins ásamt sér, en nýr framkvæmdastjóri var ráðinn í mars.

Stefán kvað sig með öllu hafa verið grunlausan um misferli, að öðru leyti en varðaði uppgjörið til Eimskips, og hafi hann því ekki séð ástæðu til frekari aðgerða. Hann kvað endurskoðandann hafa lagt bráðabirgðaskýrslu um fjárhag fyrirtækisins fyrir stjórnina hinn 19. febrúar 1968. Ekki hafi verið gripið til neinnar breyttrar tilhögunar um stjórn fyrirtækisins, eftir að nefnd bráðabirgðaskýrsla var lögð fram, en endurskoðanda hafi verið falið að ljúka skýrslugerðinni og lögfræðingi félagsins að gæta hagsmuna þess.

Skúli Guðnason skýrði svo frá, að Stefán Jónsson hefði hringt í sig 6. febrúar 1968 og sagt sér lát Jóns Eldons, og kvaðst hann síðan hafa farið suður í Hafnarfjörð til viðtals við Stefán.

Endurskoðun bókhaldsins hafi hafist á skrifstofu sóknaraðilja hinn 12. febrúar og hafi hún aðeins tafist vegna veikinda sinna. Hann kveður, að bókhaldið hafi verið ófært um alllangan tíma. Ekki hafi öll bókhaldsgögn legið fyrir á skrifstofunni við fráfall Jóns, heldur hafi eitthvað af þeim verið heima hjá Jóni, m. a. greiddir reikningar og innborgunarafrit, og hafi þetta verið afhent Stefáni Jónssyni, að Stefán sjálfur sagði honum.

Strax eftir fráfall Jóns hafi verið stofnuð sérstök sjóðbók. Skúli kvað þau fylgiskjöl, sem færð höfðu verið, hafa verið í reglu, en ófærð fylgiskjöl í megnustu óreiðu. Þá kvað hann hafa verið gerða sjóðskönnun, og leiddi hún í ljós, að í honum voru peningar að upphæð kr. 5.045.00, orlofs- og sparimerki að upphæð 575.00 og tékkar, útgefnir af Fiski h/f, kr. 1.241.47. Sjóðs- og bankaafstemming hafi ekki verið framkvæmanleg sökum þess, að bókhaldið hafði ekki verið fært um langa hríð.

Skúli kvaðst ekki hafa haft grunsemdir um sjóðþurrð, þegar hann hóf endurskoðunina, en hins vegar hafi hann haft áhyggjur af bókhaldinu, sem virtist í mikilli óreiðu.

Hér að framan hefur verið rakið hið helsta, sem fram hefur komið um ráðningu og starf Jóns Eldons hjá sóknaraðilja, starfssvið hans, launakjör og fjárráð, viðtöku, viðskilnað og önnur samskipti hans við fyrirtækið og stjórn þess. Í framhaldi þess þykir rétt að rekja það, sem fram hefur komið í málinu um viðskilnað Jóns við fyrri vinnuveitanda, firmað Bernhard Petersen.

Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri firmans Bernhards Petersen í Reykjavík, gaf skýrslu fyrir dómi 18. febrúar 1969. Hann

hefur verið framkvæmdastjóri greinds fyrirtækis frá 1962. Hann kveður Jón Eldon hafa komið sér fyrir sjónir sem góður starfsmaður. Hafi laun Jóns verið fremur lág og miðast við taxta VR. Þá hafi hann öðru hverju fengið launauppbætur, ef vel gekk hjá fyrirtækinu. Þegar hann hafi hætt þar, var skuld hans óverulega samkvæmt viðskiptamannabók, en stuttu seinna hafi komið í ljós við afstemmingu, að kr. 250.000.00 vantaði í kassa. Hafi Jón viðurkennt að hafa tekið þessa upphæð að láni og boðist til að greiða hana. Þetta hafi verið seint í júní 1966. Eftir þetta hafi verið gerð athugun á bókhaldi aftur í tímann og hafi þá komið í ljós frekara misræmi, sem nam allhárri upphæð. Hafi orðið um það samkomulag milli stjórnar fyrirtækisins og Jóns Eldons, að hann gæfi út skuldabréf að upphæð kr. 640.655.12, með veði í húsi sínu, og hafi hann sagst mundu geta staðið skil á þeirri fjárhæð eftir greiðsluskilmálum bréfsins miðað við laun sín hjá sóknaraðilja. Fyrrgreindar kr. 250.000.00 hafi ekki fallið undir fjárhæð veðbréfsins, þar sem Jón hafi boðist til að greiða fjárhæðina fljótlega, og hafi hann gert það þá um haustið. Aðspurður kveður Gunnar, að endurskoðandi fyrirtækisins hafi ekki framkvæmt athugun þá á bókhaldi, sem hér um ræðir, heldur hafi stjórnendur félagsins gert hana. Hafi endurskoðendunum aldrei verið skýrt frá þessu máli.

Þegar Jón Eldon sótti um starf hjá sóknaraðilja, kveður Gunnar, að Guðmundur Guðmundsson, þáverandi framkvæmdastjóri Lýsis og Mjöls h/f, hafi spurt sig um Jón og hafi hann tjáð Guðmundi, að hann væri góður starfsmaður og borið honum góða sögu, enda hafi þá ekkert verið fram komið um skuldir Jóns við Bernhard Petersen. Kveðst Gunnar hafa komist í mjög erfiða aðstöðu, eftir að upp komst um skuld Jóns, þar eð fyrirtæki sitt hafi verið hluthafi í Lýsi og Mjöli h/f. Hins vegar hafi Jón gefið sér drengskaparloforð um að reynast því fyrirtæki vel og því hafi hann ekki viljað skýra stjórn sóknaraðilja frá málinu sökum velvildar í garð Jóns og af tilliti til fjölskyldu hans.

Gunnar kveðst aðspurður ekki hafa spurt Jón neitt nánar um það, hvort honum mundi ekki veitast erfitt að standa í skilum með greiðslu á fyrrgreindum kr. 250.000.00 svo skömmu eftir að hann hætti störfum við fyrirtæki hans, enda hafi Jón boðist til að greiða fjárhæðina, og hefði hann jafnvel talið, að Jón hefði fengið lán út á hús sitt til greiðslunnar. Gunnar kvað Jón aldrei eftir útgáfu skuldabréfsins, sem ofan greinir, hafa rætt um það við sig, að erfitt mundi vera fyrir sig að standa í skil-

um. Skilmálar bréfsins hefðu verið gerðir í samráði við Jón og eftir greiðslugetu hans, að hann hafi gefið í skyn.

Aðspurður sagði Gunnar, að Jón hefði enga skýringu gefið á því, hvernig skuld hans hefði myndast, en samkvæmt bókhaldsathuguninni, sem náði 4—5 ár aftur í tímann, hafi ekki virst sem hún hafi myndast á einu ári umfram annað.

Sóknaraðili færir það fram sem höfuðrök fyrir kröfum sínum á hendur dánarbúinu, að Jón Eldon hafi samkvæmt stöðu sinni sem framkvæmdastjóri borið algera ábyrgð á sjóði Lýsis og Mjöls h/f gagnvart stjórn félagsins, enda hafi undir starfssvið hans fallið yfirumsjón bæði með bókhaldi og fjárvörslu fyrirtækisins.

Með skýrslu hinna löggiltu endurskoðenda frá 26. ágúst 1968 sé sannað, að vantað hafi kr. 1.405.324.18 í sjóð félagsins, er Jón féll frá. Ábyrgð á þessari sjóðsvöntun beri að leggja á Jón Eldon samkvæmt ofansögðu, enda sé óvefengjanlega sannað, að verulegur hluti þessarar fjárhæðar hafi runnið til hans.

Af hálfu varnaraðilja er því mótmælt, að leggja beri slíka algera eða altæka ábyrgð á Jón Eldon og sóknaraðili haldi fram, enda sé slíkt í mikilli mótsögn við hið tiltölulega lága kaup, sem honum var greitt, að því er sóknaraðili fullyrði.

Bent er á, að yfirstjórn og eftirliti með störfum Jóns Eldons hafi verið mjög ábótavant eftir því sem upplýst hafi. Þá sé fram komið, að mikill losarabragur hafi verið á sjóðshaldi sóknaraðilja umrætt tímabil, m. a. hafi óvenjumikið verið um það, að reiðufé væri notað til greiðslu skulda.

Varnaraðiljar mótmæla vaxtakröfu sérstaklega, bæði um hæð og upphafstíma, og telja, að þeir eigi að vera 7% á ári frá kröfulýsingardegi að telja.

Fyrir liggur, að skriflegur ráðningarsamningur milli Jóns Eldons og sóknaraðilja var ekki gerður. Um ráðningu hans og verksvið liggja fyrir skýrslur fyrirsvarsmanna aðilja, studdar framburði vitna í ýmsum atriðum, svo sem að framan er rakið. Verður að byggja á þessum skýrslum um þetta efni, enda er þeim ekki sérstaklega mótmælt af hálfu varnaraðilja.

Það er algerlega óumdeilt, að Jón Eldon var framkvæmdastjóri Lýsis og Mjöls h/f frá mánaðamótum júní/júlí 1966 til dánardægurs 6. febrúar 1968. Bar honum því samkvæmt þeirri stöðu sinni að gæta þess, að fjárvarsla og bókhald félagsins væri í lagi.

Þegar þetta er virt og horft er til þess, sem upplýst er í mál-

inu og að framan hefur verið rakið um starfstilhögun og fyrirkomulag á skrifstofu sóknaraðilja umrætt tímabil, telur dómurinn, að ekki sé unnt við úrlausn máls þessa að byggja á því, að leggja beri alhliða og algera ábyrgð á Jón Eldon á allri fjárvörslu og bókhaldi sóknaraðilja á starfstíma hans. Byggir dómurinn þetta m. a. á því, að fleiri en Jón Eldon tóku við greiðslum og inntu greiðslur af hendi. Sjóðseftirlit fór aðeins einu sinni fram á starfstíma hans. Þá liggur fyrir, eins og áður er skýrt frá, að Jón Eldon var tvívegis frá störfum um nokkurt skeið, og var sjóður hvorki stemmdur af við brottför hans né þegar hann tók við störfum á ný. Virðist stjórn sóknaraðilja hafa verið kunnugt um, hvernig sjóðsvörslu og bókhaldi félagsins var háttað, en gerði ekki nægilegar ráðstafanir í tíma til að sníða gallana af.

Þegar Jón Eldon tók við sjóðsvörslu sóknaraðilja um mánaðamótin júní/júlí 1966, segir Guðmundur Guðmundsson, fráfarandi framkvæmdastjóri, að þeir Jón hafi talið í sjóði og hafi hann reynst réttur. Sjóðstalningin liggur ekki fyrir. Hins vegar gerði Jón Eldon upp reikninga fyrirtækisins fyrir árið 1966. Af því verður að draga þá ályktun, að þar með liggi fyrir viðurkenning hans á því, að sjóður sé réttur um áramótin 1966/1967.

Í framhaldi af endurskoðun reikninga sóknaraðilja fyrir árið 1966 fór fram sjóðstalning hinn 27. júní 1967. Hefur Jón Eldon staðfest þá sjóðstalningu með undirskrift sinni.

Í samræmi við það, sem áður er sagt um ábyrgð Jóns Eldons á fjárvörslu og bókhaldi sóknaraðilja, verður skýrsla hinna löggiltu endurskoðenda, sem fyrir liggur í málinu um sjóðþurrð í framkvæmdastjóratíð Jóns, ekki lögð til grundvallar um ábyrgð hans í því efni og þar með dánarbúsins, án þess að þau atvik, sem eru að baki hverri fjárhæð og honum er fært til skuldar, verði rannsökuð og metin sérstaklega.

Við þá athugun og mat ber einkum að hafa í huga staðfestingu Jóns Eldons á sjóðstalningarskýrslunni frá 27. júní 1967, uppgjör hans á reikningum sóknaraðilja og almenna ábyrgð hans sem framkvæmdastjóra á fjárreiðum og fjárvörslu fyrirtækisins svo og málsatvik í heild sem og í einstökum atriðum, eins og þau hafa verið upplýst, en jafnframt haft ríkt í huga, hversu einhliða fyrirliggjandi upplýsingar eru.

Verður nú tekið til við að rekja skýrslu hinna löggiltu endurskoðenda frá 26. ágúst 1968 og taka afstöðu til hvers liðar fyrir sig.

1. Samkvæmt viðskiptareikning Jóns Eldons hjá sóknaraðilja var bókfærð úttekt hans tímabilið 1. jan. 1967 — 31. ágúst 1967 kr. 405.848.22 samkvæmt færslum hans sjálfs í sjóðdagbók, en nokkrar þessara færslna eru ekki færðar af honum sjálfum í viðskiptamannabók. Í endurskoðunarskýrslunni er upphæðin hins vegar tilgreind kr. 405.998.22. Stafar mismunurinn af því, að innifalið í þeirri upphæð er andvirði flaggstangar, kr. 150.00, sem fært er í dagbók undir 31. desember 1966. Hefur sóknaraðili lækkað kröfur sínar eftir þessum lið um þessar kr. 150.00, svo sem í upphafi greinir.

Samkvæmt reikningnum var inneign Jóns frá fyrra ári hinn 1. jan. 1967 kr. 14.080.35, og hefur sóknaraðili dregið þá fjárhæð frá skuld Jóns svo og laun fyrir árið 1967, kr. 270.000.00, og samkvæmt því talið skuld hans kr. 121.917.87, en frá þessari upphæð dregur hann síðan umræddar 150.00 kr.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið vefengt, að laun Jóns hafi ekki verið meiri en 22.500.00 á mánuði, þegar hafðar séu í huga upplýsingar af hálfu sóknaraðilja um störf hans og starfssvið og þá ábyrgð, sem hann er talinn eiga að bera, svo og með tilliti til launa skrifstofumannsins Þórðar H. Guðjónssonar. Að áliti dómsins hefur ekkert það komið fram í málinu, sem hnekkir fullyrðingum sóknaraðilja í þessu efni, enda studdar af eigin færslum Jóns Eldons á viðskiptareikningi hans svo og í skattframtölum. Þykir því verða að leggja til grundvallar, að laun hans hafi numið kr. 22.500.00 á mánuði. Varnaraðiljar hafa og haldið því fram í þessu sambandi, að Jón hafi átt rétt á launum fyrstu tvo mánuði ársins 1968, en hann lést sem fyrr segir hinn 6. febrúar 1968, og einnig eigi að greiða laun hans í 6 mánuði eftir lát hans. Dóminum þykir rétt og eðlilegt, að Jóni séu reiknuð laun þann tíma, er hann starfaði hjá fyrirtækinu, en með hliðsjón af því, hvernig viðskilnaður hans var við bókhald og sjóð þess, þykir ekki unnt að úrskurða honum nema til dánardægurs hinn 6. febrúar, eða kr. 27.000.00 frá 1. janúar 1968. Samkvæmt því, sem nú er sagt, þykir rétt að taka til greina kr. 94.767.87 samkvæmt þessum lið og úrskurða búið til greiðslu þeirrar fjárhæðar.

2. Úttektir Jóns samkvæmt óbókfærðum miðum, kvittuðum af honum, er lágu í peningakassa, námu kr. 25.136.31. Kröfugerð sóknaraðilja eftir þessum lið hefur ekki sætt neinum rökstuddum mótmælum, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

3. Hér er um að ræða óbókfærðan tékka að fjárhæð kr. 120.000.00, útgefinn hinn 14. nóv. 1967 af Jóni Eldon til handhafa á bankareikning sóknaraðilja í Útvegsbanka Íslands. Tékki þessi er framseldur af lögfræðiskrifstofu Einars Baldvins Guðmundssonar o. fl., en sú skrifstofa hafði til innheimtu skuldabréf í eign firmans Bernhards Petersen, er Jón Eldon hafði gefið út og áður er vikið að. Samkvæmt því, sem haldið var fram af hálfu sóknaraðilja í munnlegum málflutningi og ekki mótmælt með sérstökum rökum af hálfu varnaraðilja og staðfest með upplýsingum, sem dóminum hafa verið látnar í té, fór fram greiðsla inn á skuld þessa í nóvember 1967 að fjárhæð kr. 144.147.40, og var sú greiðsla færð í bækur lögfræðiskrifstofunnar 15. nóv. 1967. Jafnframt liggur fyrir yfirlýsing af hálfu lögfræðiskrifstofunnar um, að hún hafi engin viðskipti haft við sóknaraðilja. Telur dómurinn því, að sannað sé, enda ekki með haldbærum rökum vefengt af hálfu varnaraðilja, að umrædd upphæð hafi runnið til Jóns Eldons. Verður því þessi kröfuliður sóknaraðilja tekinn til greina.

4. Hér er Jóni Eldon færð til skuldar greiðsla inn á viðskiptalán Bernhards Petersen nr. 27 við Landsbanka Íslands hinn 1. sept. 1966, að fjárhæð kr. 250.000.00, en greiðslan var í formi tékka á reikning sóknaraðilja við Útvegsbanka Íslands. Þessa greiðslu færði Jón í bókhaldið sem greiðslu sóknaraðilja inn á viðskiptareikning Bernhards Petersen, en á innborgunarkvittun Landsbankans, sem færð er sem fylgiskjal, stendur, að „Jón Eldon v/Lýsi og Mjöl hf" hafi greitt. Eins og rakið er að framan, var Skúli Guðnason endurskoðandi spurður fyrir dómi, hvort viðskiptamannareikningur Bernhards Petersen hjá sóknaraðilja fyrir árið 1966 hefði ekki verið stemmdur af, og kvað hann það ekki hafa verið gert.

Umrædd greiðsla var ekki færð sóknaraðilja til tekna í bókhaldi firmans Bernhards Petersen samkvæmt því sem sóknaraðili heldur fram og ekki hefur verið sérstaklega mótmælt af hálfu varnaraðilja. Þetta er staðfest með afriti viðskiptamannareiknings Lýsis og Mjöls h/f hjá greindu firma fyrir árið 1966, sem dóminum hefur verið látið í té. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um það, að Jón hafi greitt Bernhard Petersen umrædda fjárhæð vegna fyrrgreindrar skuldar hans sjálfs við fyrirtækið haustið 1966. Þykir því verða að telja sannað, að greiðsla þessi hafi runnið í eigin þágu hans og skuldfærsla samkvæmt

þessum lið sé því rétt. Verður krafa sóknaraðilja tekin að fullu til greina að þessu leyti.

5. Hér eru færðar ýmsar innborganir til sóknaraðilja, sem átt höfðu sér stað fyrir 27. júní 1967, en aldrei verið bókfærðar og sóknaraðili hefur haldið fram, að gengið hafi til Jóns Eldons.

Af hálfu varnaraðilja hefur þessum kröfum verið mótmælt og bent á, að þegar sjóðstalning hinn 27. júní 1967 fór fram, hafi Jón Eldon verið orðinn mjög veikur af magasári, sem síðar leiddi til þess, að hann varð að leggjast undir erfiðan uppskurð, og því megi vera, að hann hafi ekki getað vegna veikinda gengið frá uppgjöri á viðhlítandi hátt. Bendi allt til þess, að þessar greiðslur hafi ekki gengið til Jóns og fjölskyldu hans. Séu möguleikar á því, að hann hafi greitt reikninga fyrir fyrirtækið, sem enn séu ekki fram komnir, og einnig sé ekki unnt að útiloka, að aðrir starfsmenn sóknaraðilja hafi átt þátt í þessum mistökum.

A. Hér er um að ræða innborgun frá firmanu Bernhard Petersen að fjárhæð kr. 120.693.95 hinn 17. febrúar 1967 fyrir loðnulýsi. Greiðsla þessi var innt af hendi með tékka á viðskiptalán nr. 27 við Landsbanka Íslands. Jón Eldon hefur framselt tékka þennan fyrir hönd sóknaraðilja. Á viðskiptareikningi sóknaraðilja hjá Bernhard Petersen var umrædd greiðsla færð hinn 28. febrúar 1967.

Með það í huga, að ótvírætt er, að Jón Eldon hefur móttekið umrædda greiðslu, en ekki fært hana, en hins vegar samþykkt sjóðsuppgjör hinn 27. júní 1967, og með tilvísun til hinnar almennu ábyrgðar hans sem framkvæmdastjóra verður að telja honum til ábyrgðar vöntun á umræddri innborgun og taka þennan kröfulið til greina.

B. Hér er um að ræða greiðslu frá Jóni Gíslasyni s/f hinn 16. febrúar 1967 að fjárhæð kr. 50.000.00, sem Jón Eldon hefur kvittað fyrir, en hefur ekki verið færð í bækur sóknaraðilja. Hins vegar er umrædd greiðsla færð á viðskiptareikning sóknaraðilja hjá Jóni Gíslasyni s/f. Stefán Jónsson, stjórnarformaður sóknaraðilja, var spurður að því, hvort ekki væri óeðlilegt, að Jón Gíslason s/f, sem væri stór innleggjandi hjá sóknaraðilja, greiddi til hans. Taldi hann ekkert óeðlilegt við það. Vitnið Þórður H. Guðjónsson sagði svo frá, að Jón Eldon hefði tjáð sér, að fyrirtækið Jón Gíslason s/f hefði fengið bráðabirgðalán, sem átti að standa skil á fljótlega, en það hefði brugðist, að því er Jón hefði sagt.

Með hliðsjón af kvittun Jóns Eldons fyrir þessari greiðslu og samþykki hans síðar á sjóðsuppgjöri og með hina almennu ábyrgð hans sem framkvæmdastjóra í huga telur dómurinn, að nægileg sönnun sé fram komin fyrir skuldfærslu þessari, og tekur hana því til greina.

C. Hinn 1. júní 1967 hefur Jón Eldon fyrir hönd sóknaraðilja kvittað fyrir móttöku á kr. 15.000.00 frá Þorvaldi Ásmundssyni sem greiðslu inn á reikning hans. Í málinu liggur einnig fyrir tékki sömu fjárhæðar, útgefinn ofannefndan dag af Þorvaldi, framseldur af Jóni Eldon.

Með tilvísan til rökstuðnings hér að framan undir A og B þykir verða að taka þennan lið í kröfugerð sóknaraðilja til greina.

D. Hinn 15. febrúar 1967 hefur Fóðurblandan h/f greitt kr. 75.000.00 til sóknaraðilja, en sú greiðsla eigi verið bókfærð. Kvittun fyrir greiðslunni er rituð á prentað kvittanaeyðublað frá Fóðurblöndunni h/f. Fyrir greiðslu þessari kvittar Gísli Magnússon, þáverandi starfsmaður sóknaraðilja, og var greiðslan í formi tékka, útgefins af Fóðurblöndunni h/f, sem framseldur var af hinum sama Gísla Magnússyni.

Sóknaraðili heldur því fram, að Gísli hafi afhent Jóni Eldon peningana og beri að færa honum þá til skuldar, þar eð hann hafi ekki fært þá og þeir ekki komið fram við sjóðstalningu hinn 27. júní 1976.

Af hálfu varnaraðilja hefur þessum lið sérstaklega verið mótmælt og bent á, að einhliða fullyrðingar starfsmanna sóknaraðilja eigi ekki að nægja til skuldfærslu á Jón.

Umræddur starfsmaður sóknaraðilja, Gísli Gunnar Magnússon brunavörður, hefur hér fyrir dóminum staðfest á ný skýrslu sína fyrir bæjarþinginu 19. febrúar 1969, en þar segir m. a., að hann hafi starfað hjá sóknaraðilja frá því í nóvember 1962 þar til í júní 1967 sem vörubifreiðarstjóri. Hann kvaðst oft hafa verið sendur í sparisjóðinn til að sækja peninga til launaútborgana og annað því um líkt. Aðspurður um greiðslu Fóðurblöndunnar h/f kvaðst hann muna eftir þessu tilviki eftir að hafa rifjað þetta upp og athugað dagbók, sem hann hefði haldið í 20 ár. Í dagbókinni 15. febrúar 1967 segi, að hann hafi farið tvær ferðir til Reykjavíkur. Önnur hafi verið til Eimskipafélags Íslands h/f og á skrifstofu Fóðurblöndunnar h/f og hafi hann sótt þar 75.000.00. Kvaðst Gísli muna eftir því, að umrædd ávísun hafi verið vélrituð þar á skrifstofunni. Hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir því að hafa farið í Sparisjóð Hafnarfjarðar með þessa ávísun, en það

hafi oft skeð, að hann hafi farið með ávísanir í banka, einkum í Sparisjóð Hafnarfjarðar. Hann kannaðist við framsal á umræddra ávísun, en mundi ekki, hvort hann hefði í fleiri tilvikum skrifað þannig á ávísun, en þegar hann hafi farið með ávísanir af skrifstofunni, hafi skrifstofufólkið yfirleitt ritað á þær. Taldi Gísli, að hann hefði afhent Jóni Eldon umræddra greiðslu á skrifstofunni.

Þegar það er virt, sem fram er komið í málinu varðandi þessa tilteknu greiðslu, verður ekki talið, að sannað sé, að Jón Eldon hafi tekið við fénu á skrifstofu fyrirtækisins þrátt fyrir trúverðugan framburð nefnds starfsmanns, Gísla Magnússonar.

Hér kemur og til athugunar, að engin gögn, svo sem afrit kvittunar, munu hafa fylgt greiðslu þessari, en upplýst er, eins og áður er sagt, að Gísli Magnússon gaf kvittun fyrir greiðslunni á kvittanaeyðublöð Fóðurblöndunnar h/f sjálfrar. Þar er því ekki fram komið, að nokkur gögn um greiðslu þessa hafi verið á skrifstofu sóknaraðilja, er sjóðstalning fór fram 27. júní 1967.

Það þykir því ekki unnt að taka kröfu sóknaraðilja samkvæmt þessum lið til greina, og verður búið því sýknað af honum.

E. Hinn 7. apríl 1967 hefur Jón Eldon kvittað fyrir móttöku á kr. 31.600.00 frá Ársæli Hannessyni sem greiðslu inn á reikning hans hjá Lýsi og Mjöli h/f. Sóknaraðili telur þessa greiðslu til skuldar Jóns Eldons, þar eð hún hafi ekki verið færð og peningarnir ekki komið fram við sjóðstalningu. Af hálfu varnaraðilja hefur þessari skuldfærslu verið andmælt með hinum almennu mótmælum undir lið 5.

Með tilvisun til rökstuðnings undir A, B og C hér á undan þykir mega telja nægilega sönnun fram komna til þess að byggja á ábyrgð Jóns Eldons vegna vöntunar þessa fjár. Verður því kröfuliður þessi tekinn til greina.

F. Hinn 16. mars 1967 hefur Jón Eldon kvittað fyrir greiðslu að fjárhæð kr. 45.400.00 frá Versluninni Minni Borg, en umrædd greiðsla kom ekki fram í bókum sóknaraðilja, og telur hann Jón Eldon ábyrgan, þar eð peningarnir komu ekki fram við sjóðstalningu.

Með tilvísan til rökstuðnings undir liðum 5 A, B, C og E þykir verða að taka skuldafærslu undir þessum lið til greina.

G. Hér er um að ræða staðgreiðslusölu á mjöli fyrir 27. júní 1967 til nokkurra aðilja, samtals að fjárhæð kr. 17.425.00. Hefur Jón Eldon kvittað fyrir móttöku greiðslna þessara að undanskilinni einni greiðslu, sem Friðjón Guðlaugsson verksmiðju-

stjóri mun hafa móttekið. Um slíka staðgreiðslusölu hefur þetta komið helst fram í málinu umfram það, sem áður var rakið, er starfstilhögunar var getið:

Kristján Sigurðsson, vigtarmaður hjá sóknaraðilja, kom fyrir dóm 19. febrúar 1969. Hann kvaðst hafa séð um vigtun á öllu mjöli, sem afgreitt var frá fyrirtækinu, bæði sem selt var til útflutnings og innanlands. Hafi hann einnig fært birgðabók um það, sem framleitt var af mjöli og einnig hafi hann fært í þá bók alla sölu á mjöli. Sagði Kristján, að ýmist hafi verið afgreitt mjöl gegn láni eða staðgreiðslu, en einkum á haustin hafi verið mikið um staðgreiðslusölu. Kvaðst hann hafa fært alla staðgreiðslusölu í nótnahefti, þar sem nótur hafi verið í þríriti. Hafi greiðandi fengið frumrit kvittunar, eitt afrit hafi farið til skrifstofu, um leið og greiðsla var afhent þar, og þriðja eintakið hafi síðan orðið eftir í heftinu og hafi viðkomandi á skrifstofunni kvittað á það við móttöku greiðslunnar. Hafi uppgjör fyrir slíka staðgreiðslu farið fram þegar í stað. Hafi framkvæmdastjórinn í flestum tilvikum tekið við þessum greiðslum, en vera megi, að í einstöku tilvikum hafi annar tekið við greiðslu. Sagði Kristján, að komið hefði fyrir, að annar hefði gripið inn í sitt starf, einkum ef unnið var um nætur eða í veikindaforföllum sínum.

Friðjón Guðlaugsson, verksmiðjustjóri í síldar- og fiskimjölsverksmiðju sóknaraðilja, kom fyrir dóminn ofangreindan dag. Hann kvaðst stundum í forföllum hafa gripið í starf vigtarmanns, en hann viti þó ekki til þess, að aðrir en þeir Kristján hafi tekið við staðgreiðslusöluandvirði. Friðjón kvaðst ekki hafa vitað um þá venju vigtarmanns að láta viðkomandi starfsmann á skrifstofu kvitta fyrir móttöku peninga í nótnahefti og því hafi hann ekki látið kvitta þannig í heftið, er hann afgreiddi mjöl gegn staðgreiðslu. Hafi hann fyrst frétt um þennan hátt á skilum staðgreiðslu, eftir að Jón Eldon féll frá. Friðjón mundi ekki sérstaklega eftir afgreiðslu á mjöli hinn 3. apríl 1967, er hann kvittaði fyrir móttöku á greiðslu að fjárhæð kr. 5.100.00. Kvaðst hann ætíð hafa skilað slíkum greiðslum til skrifstofunnar og hafi Jón Eldon tekið við þeim.

Dómurinn telur með hliðsjón af framansögðu, að réttmætt sé að færa Jóni Eldon til skuldar þær greiðslur, er hann hefur kvittað fyrir móttöku á í nótubækur, en þær hafa verið lagðar fram í málinu. Að því er varðar hins vegar greiðslu að fjárhæð kr. 5.100.00, sem Friðjón Guðlaugsson kvaðst hafa móttekið, þykir dóminum ekki unnt gegn mótmælum varnaraðilja að taka þá

fjárhæð til greina, enda engin nóta lögð fram um þá sölu, og ber því að sýkna búið að þessu leyti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður krafa sóknaraðilja, að upphæð kr. 12.325.00, undir þessum lið tekin til greina.

H. Hér er um að ræða greiðslu frá Ríkisspítölunum í formi tékka að fjárhæð kr. 3.300.00, útgefins 6. júní 1967, en tékki þessi var framseldur af Jóni Eldon f. h. sóknaraðilja og síðan aftur af Versluninni Mirru, Austurstræti 17, Reykjavík. Kveðst sóknaraðili engin viðskipti hafa átt við þá verslun, og greiðsla þessi var ekki færð í bækur hans og peningarnir ekki til staðar við sjóðstalninguna. Hefur því í engu verið hnekkt. Með tilvísun til rökstuðnings hér að framan um liði A, B, C, E, F og G verður að telja, að fram sé komin nægileg sönnun til að réttmætt sé að færa Jóni Eldon til skuldar þessa upphæð.

6. Hér er um að ræða greiðslu hinn 15. nóvember 1967 frá firmanu Bernhard Petersen að fjárhæð kr. 120.000.00. Jón Eldon hefur móttekið þessa greiðslu og kvittað fyrir henni, en hún er hins vegar ekki færð í bækur sóknaraðilja. Hjá Bernhard Petersen er umrædd greiðsla færð sóknaraðilja til skuldar á viðskiptareikningi hans. Tékki sá, er notaður var til greiðslu þessarar, hefur verið lagður fram í málinu, og er hann framseldur af Jóni Eldon f. h. sóknaraðilja.

Svo sem nú hefur verið greint, er upplýst og sannað um meginatriði atvika að greiðslu þessari.

Í þessu tilviki er um það að ræða, að telja verður sannað, að Jón Eldon hafi tekið á móti greiðslu og kvittað fyrir henni. Ekkert það er komið fram í málinu, sem veitir nokkrar líkur fyrir því, að fé það, sem vantar í sjóð sóknaraðilja, hafi að einhverju leyti verið notað til greiðslu skuldbindinga félagsins, án þess að bókfært hafi verið, og að gögn um slíkar hugsanlegar greiðslur farið forgörðum eða týnst á einhvern hátt. Ekki eru heldur neinar raunhæfar líkur að því leiddar, að annað starfsfólk sóknaraðilja hafi gerst sekt um misferli.

Eigi þykir rétt, eins og atvik málsins eru í heild og þegar sérstaklega er haft í huga það, sem upplýst er um viðskilnað Jóns Eldons við fyrri vinnuveitanda sinn, og að sannað verður að telja, sbr. hér að framan, að hann hefur notað fé sóknaraðilja í eigin þágu í heimildarleysi, að láta sóknaraðilja bera hallann af því, að ekki hefur tekist að upplýsa, hvert umrætt fé rann eða hvernig því var raunverulega varið.

Þegar það, sem nú hefur verið sagt, er virt í ljósi hinnar al-

mennu ábyrgðar, sem telja verður, að Jón Eldon hafi borið á bókhaldi og fjárvörslu sóknaraðilja samkvæmt stöðu sinni sem framkvæmdastjóri og þar með bókhaldari og gjaldkeri, þykir vera, eins og atvikum er hér háttað, að byggja á því, að réttilega sé lögð ábyrgð á hendur Jóni Eldon vegna vöntunar þessa fjár í sjóð sóknaraðilja. Verður því krafa sóknaraðilja eftir þessum lið tekin til greina.

7. Hinn 10. nóvember 1967 hefur Fóðurbirgðafélag Biskupstungna greitt til sóknaraðilja kr. 171.450.00, og hefur Jón Eldon kvittað tvo reikninga, sem nema samtals þessari fjárhæð, en hér var um að ræða greiðslu fyrir karfamjöl. Greiðsla þessi hefur ekki verið bókfærð, og telur sóknaraðili því, að Jón Eldon hafi myndað við sig skuld, sem nemi þessari fjárhæð. Upplýst er samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, að greiðsla þessi var í formi tékka, stílaðs á Lýsi og Mjöl h/f, og er tékkinn framseldur af Jóni Eldon f. h. félagsins.

Í skýrslu endurskoðendanna frá 26. ágúst 1968 er kröfuliður þessi ranglega tilgreindur að upphæð kr. 171.150.00, og er í kröfugerð sóknaraðilja miðað við þá tölu.

Þegar atvik þessarar greiðslu eru virt, verður með tilvísun til rökstuðnings hér að ofan varðandi 6. lið að taka kröfu sóknaraðilja samkvæmt þessum lið til greina, þó þannig, að úrskurðuð upphæð verður kr. 171.150.00, sbr. það, sem að ofan segir, og 1. málslið 113. gr. laga 85/1936.

8. Geir Gunnlaugsson hefur greitt til sóknaraðilja kr. 13.750.00 fyrir fiskimjöl samkvæmt tveimur reikningum, dags. 18. október 1967, kr. 11.000.00, og 22. desember 1967, kr. 2.750.00, sem báðir eru kvittaðir af Jóni Eldon. Greiðslur þessar voru ekki færðar í bækur sóknaraðilja, en sannað telst vera, að Jón Eldon hafi tekið við greindu fé. Með tilvísun til rökstuðnings undir lið 6 hér að ofan þykir verða að taka kröfur sóknaraðilja að þessu leyti til greina.

9. Þessi liður fjallar um tvær greiðslur, samtals kr. 60.750.00. Önnur er frá Ingólfi Hannessyni, kr. 4.650.00, hinn 14. febrúar 1967, og fyrir henni hefur kvittað Þórður A. Guðjónsson skrifstofumaður. Hin greiðslan tjáist vera frá Kjartani Hannessyni, að upphæð kr. 56.100.00, og er byggð á munnlegum upplýsingum nefnds Kjartans til Stefáns Jónssonar, stjórnarformanns sóknaraðilja, en kvittun er ekki fyrir hendi. Hvorug þessara greiðslna hefur verið færð í bækur sóknaraðilja.

Hér er um það að ræða, að Jón Eldon hefur í hvorugu tilviki

kvittað fyrir móttöku greiðslna og ekki hefur verið með öðrum hætti sannað, að hann hafi tekið við greindu fé. Í öðru tilvikinu liggur ekki fyrir skjalleg sönnun um, að greiðsla hafi farið fram, og varðandi fyrrnefndu greiðsluna liggur ekkert fyrir um það, að nokkur gögn að henni lútandi hafi verið á skrifstofu sóknaraðilja, er sjóðstalningin fór fram 27. júní 1967.

Að svo vöxnu máli þykja eigi vera nægileg efni til að taka kröfur sóknaraðilja undir þessum lið til greina. Verður því búið sýknað að þessu leyti.

Eftir því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaða málsins í heild á þá leið, að kröfur sóknaraðilja að upphæð kr. 1.073.123.13 (kr. 94.767.87 + 25.136.31 + 120.000.00 + 250.000.00 + 120.693.95 + 50.000.00 + 15.000.00 + 31.600.00 + 45.400.00 + 12.325.00 + 3.300.00 + 120.000.00 + 171.150.00 + 13.750.00) eru teknar til greina, og verður því varnaraðili, dánarbú Jóns Eldons, úrskurðaður til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1968 til 17. maí 1973, en með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða sóknaraðilja málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 180.000.00.

Úrskurður þessi er upp kveðinn af Ólafi St. Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómandanum Ragnari Ólafssyni, hæstaréttarlögmanni og löggiltum endurskoðanda, en uppkvaðning hans hefur dregist vegna fjarveru annars meðdómenda um nokkurt skeið eftir töku málsins til úrskurðar.

Ályktunarorð:

Krafa sóknaraðilja, Lýsis og Mjöls h/f, á hendur dánarbúi Jóns Eldons, að upphæð kr. 1.073.123.13, viðurkennist, og skal hún greiðast af eignum dánarbúsins ásamt 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1968 til 17. maí 1973, en með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði varnaraðili, dánarbú Jóns Eldons, málskostnað, kr. 180.000.00, til sóknaraðilja.

Sératkvæði
Tómasar Gunnarssonar.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um atvikalýsingu, meginatriði forsendna og niðurstöðu að því leyti sem fallist er á kröfur sóknaraðilja, en vil, að eftirfarandi komi fram:

Ljóst er, að Jón Eldon hefur framið alvarleg brot í störfum sínum fyrir fyrri vinnuveitanda sinn, og starfsmenn sóknaraðilja hafa verið blekktir gróflega um viðskilnað hans við fyrri vinnuveitanda. Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri firmans Bernhards Petersen, hefur skýrt frá því fyrir bæjarþingi Kópavogs, að Jón Eldon hafi skuldað firmanu Bernhard Petersen óverulega fjárhæð samkvæmt bókhaldi þess, þegar hann hætti þar. En eftir að hann hætti þar, um mitt ár 1966, kom fljótlega í ljós, að kr. 250.000.00 vantaði í sjóð firmans, sem Jón hafði annast vörslu á. Frekari athugun á bókhaldi Bernhards Petersen virðist hafa leitt enn frekara misferli í ljós, og varð samkomulag um með Jóni Eldon og stjórnendum Bernhards Petersen, að Jón gæfi út skuldabréf að fjárhæð kr. 640.655.12 til greiðslu á skuldbindingum sínum gagnvart Bernhard Petersen fyrir utan áðurgreindar kr. 250.000.00. Framburði Gunnars Petersen hefur ekki verið hnekkt eða mótmælt sérstaklega af lögmanni varnaraðilja, og í veðbókarvottorði fyrir húseign Jóns Eldons, Þinghólsbraut 52, Kópavogi, er greint frá skuld við handhafa, kr. 640.655.12, skv. veðbréfi, dags. 1. nóvember 1966.

Þótt ekki hafi verið gerður skriflegur samningur, sem tæki til ábyrgðar Jóns á sjóði sóknaraðilja, verður engu að síður að telja, að honum hafi borið að vinna að vandaðri meðferð sjóðsfjár og bókun þess. Jón kaus að annast sjálfur að nokkru leyti bæði sjóðsvörslu og bókhald, en fól samstarfsfólki tímabundið að vinna einstaka þætti þessara starfa án glöggrar starfsskiptingar eða uppgjöra að störfum loknum. Með þessari tilhögun verður að telja, að Jón hafi rækt slælega starfsskyldur sínar og átt beinan hlut að því að valda óvissu um ráðstöfun sjóðsfjár.

Fyrir liggur í málinu, sbr. atkvæði meiri hluta dómenda, að Jón hefur í heimildarleysi notað verulegar fjárhæðir sóknaraðilja í eigin þágu, og ekki hefur verið gerð grein fyrir öðrum, sem hann hefur kvittað fyrir móttöku á.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, annarra röksemda, sem raktar eru í atkvæði meiri hluta dómenda, þess, að ekki er kunnugt um, að samstarfsfólk Jóns Eldons hjá sóknaraðilja hafi gerst sekt um misferli í sambandi við meðferð fjármuna sóknaraðilja eða óskað hafi verið sérstakrar rannsóknar á mögulegu misferli þess, þykir rétt, að varnaraðili fyrir hönd Jóns Eldons beri bótaábyrgð gagnvart sóknaraðilja að því leyti sem fyrir liggur trúverðugar upplýsingar um móttöku starfs-

manna sóknaraðilja á sjóðsfé, sem ekki er unnt að upplýsa, hvernig hefur verið ráðstafað.

Vegna þessa þykir rétt að taka til greina kröfulið sóknaraðilja, sem fjallað er um í lið 5 D, andvirði kr. 75.000.00 ávísunar, sem Gísli Magnússon veitti viðtöku og innleysti, einnig kröfulið kr. 4.650.00, sem fjallað er um í 9. tl., sem Þórður Guðjónsson kvittaði fyrir. Hvað varðar kröfulið kr. 5.100.00, greiðslu, sem Friðjón Guðlaugsson er talinn hafa móttekið og fjallað er um í G lið, 5. tl., en svipuðu máli virðist gegna um hann og nefnda liði, þykir ekki unnt að taka hann til greina, þar sem ekki hefur verið lögð fram í málinu afgreiðslunóta, svo séð verði, fyrir sölu þeirri, sem fjárhæðin var til greiðslu á, né önnur skrifleg gögn. Ber að sýkna varnaraðilja að því er þennan kröfulið varðar, og einnig ber að sýkna vegna meintrar kr. 56.100 greiðslu frá Kjartani Hannessyni.

Taka ber því til greina kröfur sóknaraðilja, sem meiri hluti dómenda hefur fallist á, kr. 1.073.123.13, að viðbættum kr. 75.000.00 og kr. 4.650.00, alls kr. 1.152.773.13. Vextir af kr. 1.152.773.13 reiknast frá 6. febrúar 1968 til 17. maí 1973, 7% ársvextir, en síðan ber að reikna 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Miðað við þessa niðurstöðu þykir verða að úrskurða sóknaraðilja málskostnað úr hendi varnaraðilja, dánarbús Jóns Eldons, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.000.00.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, dánarbú Jóns Eldons, greiði sóknaraðilja, Lýsi og Mjöli h/f, Hafnarfirði, kr. 1.152.773.13 ásamt 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1968 til 17. maí 1973, en með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 27. júní 1979.

Nr. 119/1979. **Peter Misson og**
David McTaggart
gegn
Hvali h/f og
Þorsteini Thorarensen borgarfógeta.

Kærumál. Farbann. Máli vísað frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 20. júní 1979, sem barst Hæstarétti 21. s. m., skotið máli þessu til Hæstaréttar. Kæra þeir „þá ákvörðun eða þann úrskurð fógetaréttarins, fyrst í þinghaldi 18. þ. m. og seinna í þinghaldi í gær . . . þess efnis, að skipinu Rainbow Warrior skyldi óheimilt að fara úr Reykjavíkurhöfn, unz úrskurður um lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda hefði verið kveðinn upp." Krefjast sóknaraðiljar þess, að ákvörðun fógeta verði felld úr gildi, „ef farbannið skyldi standa ennþá, þegar dómur Hæstaréttar um það fellur, en til þess að því verði slegið föstu að öðrum kosti, að farbannið hafi ekki átt stoð í lögum . . .". Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili Hvalur h/f krefst staðfestingar hinnar kærðu ákvörðunar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðili Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti mótmælir kröfu sóknaraðilja á hendur sér um málskostnað.

Með bréfi 18. júní 1979 fór varnaraðili Hvalur h/f þess á leit við fógetarétt Reykjavíkur, að lagt yrði „lögbann við því, að Peter Misson skipstjóri, f. 12. ágúst 1947 í Jersey, breskur ríkisborgari, David McTaggart, f. 24. júní 1932 í Vancouver B.C., kanadískur ríkisborgari, eða aðrir skipverjar á m/s „Rainbow Warrior" GSZY trufli veiðar hvalveiðiskipa félagsins, Hvals 6 RE 376, Hvals 7 RE 377, Hvals 8 RE 388 og Hvals 9 RE 399, innan efnahagslögsögu Íslands,

eins og hún er ákveðin skv. lögum nr. 41, 1. júní 1979, með því að sigla gúmmíbátum eða öðrum farkostum í veg fyrir hvalveiðiskipin og trufla þannig siglingu þeirra og með því að halda bátum sínum milli hvalveiðiskipanna og hvala í skotfæri, og ennfremur með því að sigla að hvölum, sem koma upp til að blása, og fæla þá með hávaða eða á annan hátt af veiðisvæðinu eða með öðrum hætti að trufla veiðar hvalveiðiskipanna innan efnahagslögsögunnar."

Er lögbannsgerð þessi var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur sama dag, kom sóknaraðilinn Peter Misson fyrir dóm ásamt öðrum manni af áhöfn skipsins. Fengu þeir frest til að rita greinargerð í málinu til næsta dags kl. 1 e. h. „með því ófrávíkjanlega skilyrði, að m/s Rainbow Warrior láti ekki úr Reykjavíkurhöfn, meðan um mál þetta er fjallað í fógetarétti Reykjavíkur". Þeir lýstu yfir því, að þeir mundu hlíta þessu skilyrði og undirrituðu bókun í fógetabók þessa efnis.

Þegar mál þetta kom fyrir hinn 19. júní, óskaði lögmaður sóknaraðilja, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, eftir fresti til greinargerðar til 21. þ. m. Skoraði hann á fógeta að fella þegar í stað niður farbann það, er lagt hefði verið á skipið daginn áður.

Af hálfu varnaraðilja Hvals h/f var synjað um frestinn og krafist úrskurðar um framgang lögbannsins. Síðan er bókað í fógetabók: „Frestbeiðni Harðar Ólafssonar og áskorun hans um niðurfellingu farbanns er tekin til úrskurðar".

Var úrskurður upp kveðinn í sama þinghaldi, og segir svo í ályktarorðum hans:

„Umboðsmaður gerðarþola fær frest til að bera fram varnir þar til í dag kl. 4.30 e. hd. Verður þá tekin ákvörðun varðandi farbann það, er lagt var á „Rainbow Warrior" í bókun þann 18. þ. m."

Í þinghaldi sama dag, kl. 1630, lýsti Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður yfir því, að hann hefði aðeins umboð til að flytja mál þetta fyrir sóknaraðilja, en ekki heimild til að taka við yfirlýsingu fógeta um lögbann, stefnubirtingu eða þess háttar. Síðan er bókað í þingbók: „Þar eð þessi yfirlýs-

ing liggur fyrir, er ákvörðun fógeta um farbann óbreytt".

Lögmaður sóknaraðilja fékk síðan vikufrest til gagnaöflunar með samþykki lögmanns varnaraðilja Hvals h/f.

Úrskurður um lögbannskröfuna var kveðinn upp í fógetarétti Reykjavíkur 26. júní. Segir í ályktarorðum úrskurðarins, að lögbannið fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 1.000.000 króna tryggingu. Er framangreindu farbanni þar með lokið.

Lögbanni sóknaraðilja var rétt, er hann vildi ekki hlíta ákvörðun fógeta um farbannið, að krefjast þess skýrlega, að fógeti kvæði upp formlegan úrskurð um þá kröfu, að því yrði aflétt. Síðan mátti kæra þann úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga 75/1973. Þetta gerði hann ekki. Skortir heimild til kæru máls þessa. Að svo vöxnu máli ber að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Farbann það, sem lýst er í atkvæði meiri hluta dómenda, féll niður 26. júní. Í kærumáli þessu hafa sóknaraðiljar þess vegna ekki neinna þeirra réttarhagsmuna að gæta, sem úr verður skorið með dómi Hæstaréttar nú. Ber því að vísa kærumálinu frá Hæstarétti.

Með þessum forsendum er ég sammála dómsorði meiri hluta dómenda.

Mánudaginn 2. júlí 1979.

Nr. 206/1977. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Ragnari Arnalds
(sjálfur).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. nóvember 1977 og gert þær dómkröfur:

1. Að ummæli, sem stefnt var út af í héraði, verði dæmd dauð og ómerk.
2. Að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir ummælin.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum áfrýjenda 50.000 krónur í miskabætur auk 9% ársvaxta frá 22. mars 1974 til 15. júlí s. á., en 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega 30.000 krónur til þess að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum.
5. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, verða ekki talin refsiverðar móðganir né aðdróttanir, er varði við hegningarlög. Ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1977.

1.0.

Mál þetta, sem er meiðyrðamál, var höfðað með stefnu, birtri 19. og 20. september 1974, á hendur Ragnari Arnalds alþingismanni, Mánaþúfu í Skagafirði, en stefnendur eru Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðaborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, BA., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson, núverandi hæstaréttardómari, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi.

Tilefni málshöfðunarinnar eru ummæli stefnda í viðtali í útvarpsþættinum Þingsjá, sem fluttur var í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi, hinn 22. mars 1974.

2.0.

Um miðjan janúarmánuð 1974 efndu nokkrir menn til samvinnu undir kjörorðinu „Varið land“, áttu þarna hlut að allir

stefnendur máls þessa auk hæstaréttarlögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn „varnarsamnings milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins“ frá 5. maí 1971 og brottvísun herliðs Bandaríkjanna af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náð höfðu tvítugs aldri 1. mars 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins“.

Stefnendur unnu síðan að því að fá menn til að undirrita þessa yfirlýsingu með það fyrir augum að afhenda síðan undirskriftalistana forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni.

Fram hefur komið af hálfu stefnenda, að undirskriftasöfnunin hafi orðið umfangsmeiri en ætlað var í upphafi og þegar hún hafi verið langt á veg komin, hafi verið ákveðið að nota tölvutækni við að yfirfara undirskriftalistana í þeim tilgangi að kanna, hvort þeir, sem ritað höfðu nöfn sín á undirskriftalistana, hefðu náð tilskildum aldri, hvort einhverjir hefðu ritað nafn sitt á fleiri en einn lista og hvort tilbúin nöfn fyndust á listunum.

Eftir því sem fram hefur komið af hálfu stefnenda, voru upplýsingarnar á undirskriftalistunum færðar á tölvuspjöld með því að gata þau, og var tölva síðan notuð til að raða spjöldunum eftir númerum listanna, en listarnir höfðu allir verið númeraðir áður. Nöfnin og heimilisföngin voru prentuð út í þeirri röð og tölvan jafnframt látin telja nöfnin á hverjum lista. Tölvan var látin raða spjöldunum eftir heimilisföngum, og voru nöfnin síðan prentuð út í þeirri röð. Hinn prentaði nafnalisti var síðan borinn saman við íbúaskrár. Ef í ljós kom, að undirskrifandi hafði ekki náð tilskildum aldri, var athugasemd rituð við nafn hans á prentaða listanum. Ef nafn sama manns kom fyrir tvisvar, var athugasemd rituð við nafnið á prentaða listanum.

Þegar allar undirskriftir, sem tímanlega bárust, höfðu verið yfirfarnar, eins og unnt reyndist, voru viðeigandi athugasemdir um aldur og tvíritanir færðar inn á frumgögnin. Niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar voru síðan birtar almenningi með greinargerð og undirskriftalistarnir afhentir forsætisráðherra og

forseta Sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni, en tölvugögnin urðu eftir í vörslu stefnenda.

Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur gaf aðiljaskýrslu fyrir dóminum 7. september 1976. Sagði hann þá, að eitt eintak af skránum væri í vörslu forvígismanna „Varins lands" auk segulbandsspólna. Afrit kvað hann hafa verið eyðilögð svo og gataspjöld. Hann sagði, að engir aðrir en fyrirsvarsmenn „Varins lands" hefðu fengið aðgang að tölvugögnunum og að ekki hefði verið flett upp í þeim, síðan undirskriftasöfnuninni lauk. Hann sagði, að tölvuskrárnar væru ekki þannig úr garði gerðar, að unnt væri að tengja þær öðrum slíkum skrám, enda hefði það ekki verið tilgangurinn.

Þann 18. mars 1974 var lögð fram í Sameinuðu þingi tillaga til þingsályktunar um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi. Flutningsmenn voru stefndi Ragnar Arnalds, Benedikt Gröndal, Jónas Jónsson og Bjarni Guðnason.

Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni. Nefndin skal kynna sér lög þau, sem sett hafa verið eða verið er að undirbúa í nálægum löndum, bæði austan hafs og vestan, um bann við persónunjósnum með tölvutækni. Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en þing kemur saman næsta haust. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Af þessu tilefni var framangreint viðtal haft við stefnda í útvarpinu. Í fyrri hluta viðtalsins er aðallega rætt um sænsk lög, svonefnd Data lag nr. 289, sem samþykkt voru á sænska þinginu vorið 1973 og staðfest af konungi 11. maí 1973, svo og hliðstætt frumvarp, sem væri til meðferðar á Bandaríkjaþingi.

Síðari hluti viðtalsins er svohljóðandi:

„(Spyrjandi) Nú er það nú svo, að það er nú opinbert náttúrlega, að þessi þingályktunartillaga ykkar, hún kemur það stutt á eftir þeim listum, sem safnað var hér vegna „Varins lands", að maður tengir þetta nú saman, svona ósjálfrátt, enda segir í greinargerð, að jafnvel hin venjulegustu vinnubrögð gerbreyti um eðli, þegar allt í einu er farið að beita fullkomnustu tækni nútíma vísinda til að leysa verkefni af hendi með undraverðum hraða, sem áður hafi verið flókin og seinunnin handsvinna, og

er þarna væntanlega átt við vinnu í sambandi við þessa lista. Hvað sérðu athugavert við tölvunotkun í sambandi við þá vinnu og flokkun á þessum listum? (Ragnar): Jú það er alveg rétt, þessi tillaga hún kemur núna fram vegna þess, að í framhaldi af undirskriftasöfnun „Varins lands" hefur verið gerð fyrsta pólitíska tölvuskráin á Íslandi. Það hefur enginn neitt út á það að setja, eins og kom þarna fram hjá þér, að menn safni undirskriftum, það hefur svo oft áður verið gert og verður gert svo lengi sem menn búa við skoðanafrelsi og hafa manndóm í sér til að rífast um pólitík, en . . . og í kosningum þá . . . þá búa menn líka til allskonar vinnuskrár fyrir kosningasmala og . . . merkja svo á kjördegi í kosningaskrárnar. Þegar Jón Jónsson á Grettisgötunni er búinn að kjósa o. s. frv., en þá fyrst er háski á ferðum, þegar menn taka tölvutæknina í þjónustu sína, þá er kominn tími til að . . . stinga við fótum, þegar menn safna undirskriftum um land allt í stórpólitísku máli og fá fólk við alls konar kringumstæður til að ljá nafn sitt á lista, án þess að það hafi hugmynd um, að eftir á eru skoðanir þess skráðar á gataspjöld og segulspólur, sem geta síðar meir orðið til afnota fyrir ýmiss konar óhlutvanda menn. Þá er þetta ekki lengur venjuleg undirskriftasöfnun, heldur skipulagðar persónunjósnir með nýjustu tækni. Ég vil minna á, að . . . að það er ekki aðeins verið að merkja við þá, sem að skrifuðu undir, það er ekki síður verið að merkja við þá, sem ekki vildu skrifa undir. Tölvan sér um það. Ég er sannfærður um, að þeir eru fjölmargir, sem orðið hafa fyrir vonbrigðum með, að tölvugögn skyldu ekki í gær hafa verið lögð fram opinberlega með undirskriftalistunum til þess að tryggja, að enginn hefði eða reyndi að hafa not af þeim. Einmitt þetta, að tölvugögnunum skyldi haldið eftir, hlýtur að vekja sterkar grunsemdir um, að tilgangurinn með því að eyða 300—400.000 króna í tölvuvinnsluna, verk, sem hefði mátt vinna með sjálfboðaliðum á miklu einfaldari hátt og ódýrari hátt, að tilgangurinn sé einmitt sá, sem menn hafa óttast, að hér eigi að mynda fyrsta vísinn að pólitískri tölvuskrá yfir alla Íslendinga til afnota fyrir hægri öflin í landinu. Tölvuskrá, sem skiptist í tvennt, annars vegar skrá yfir rúmlega 40% þjóðarinnar, sem við ýmsar kringumstæður skrifaði undir beiðnina um varanlegt erlent herlið í landinu, hins vegar skrá yfir þá óþægu, þessi tæplega 60% þjóðarinnar, sem ekki skrifuðu undir. (Spyrjandi): Það var einmitt það, þakka þér kærlega fyrir komuna Ragnar."

3.0.

Stefnendur telja, að eftirgreind ummæli stefnda í ofangreindu viðtali séu ærumeiðandi fyrir sig:

„ . . . fá fólk við alls konar kringumstæður til að ljá nafn sitt á lista, án þess að það hafi hugmynd um, að eftir á eru skoðanir þess skráðar á gataspjöld og segulspólur, sem geta síðar meir orðið til afnota fyrir ýmiss konar óhlutvanda menn, þá er þetta ekki lengur venjuleg undirskriftasöfnun, heldur skipulegar persónunjósnir með nýjustu tækni."

„ . . . tilgangurinn sé einmitt sá, sem menn hafa óttast, að hér eigi að mynda fyrsta vísinn að pólitískri tölvuskrá yfir alla Íslendinga til afnota fyrir hægri öflin í landinu . . ."

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

Að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Að dæmd verði á hendur stefnda hæfileg refsing fyrir ummælin skv. 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum hverjum fyrir sig kr. 50.000 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 auk 9% ársvaxta frá 22. mars 1974 til 15. júlí s. á., en 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 30.000 skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlegan málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara.

Upphaflega var aðallega krafist frávísunar af hálfu stefnda, en fallið frá þeirri kröfu.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum eða pro rata.

4.0.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur telja, að í hinum umstefndu ummælum felist aðdróttanir um, að þeir, sem rituðu nöfn sín á undirskriftalistana, hafi verið fengnir til þess á röngum forsendum, að þeir hafi verið blekktir til að taka þátt í undirskriftasöfnuninni, að meðferð á undirskriftalistunum hafi verið óviðurkvæmileg og að þeir kunni að verða notaðir á allt annan veg en til var stofnað

og í annarlegum tilgangi. Að það hafi vakað fyrir stefnendum að njósna um skoðanir undirskrifenda og að um skipulegar persónunjósnir hafi verið að ræða af þeirra hálfu. Að þeir hafi ætlað að koma upplýsingum í hendur óhlutvandra manna, þ. e. hægri aflanna í landinu, í annarlegum tilgangi og að notkun þeirra á undirskriftalistunum hafi verið óviðurkvæmileg.

Stefnendur telja ummælin sérstaklega ámælisverð fyrir þá sök, að stefndi hafi látið þau uppi sem alþingismaður í sérstökum útvarpsþætti frá Alþingi, þar sem gilt hafi hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins. Telja stefnendur, að þessi birtingarháttur ummælanna auki á refsinæmi þeirra. Stefnendur telja ummælin fela í sér aðdróttun og móðgun, sem séu refsiverðar skv. 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það er viðurkennt af hálfu stefnenda, að ummæli stefnda séu ekki eins gífuryrt og illyrt eins og ýmis önnur ummæli, sem stefnendur hafa orðið að þola, en á hinn bóginn séu aðdróttanirnar á allalvarlegu stigi í þessu máli.

Í greinargerð sinni lagði stefndi megináherslu á það, að löggjöfin hefði ekki ætlast til þess, að ákvæði hegningarlaganna um ærumeiðingar kæmu í veg fyrir almennar pólitískar umræður í landinu. Hann kvað menn daglega láta uppi opinberlega margs konar viðvaranir í pólitísku samhengi, þannig að oft gætu margir tekið til sín ýmsar óbeinar ásakanir, sem í slíkum viðvörunum kynnu að felast, án þess að nokkrum dytti í hug málarekstur fyrir dómstólum. Hann kvað ummæli sín hafa verið viðhöfð til skýringar á tillögu til þingsályktunar, þau hefðu verið almenns eðlis, byggð á staðreyndum og rökum. Hann kvaðst telja, að ef stefnendur fengju þeim vilja sínum framgengt, að hann yrði dæmdur til refsingar og skaðabóta vegna þessara almennu ummæla, væri heldur en ekki þrengt að málfrelsi og ritfrelsi í landinu og að ekki væri að efa, að veruleg breyting yrði á störfum þeirra, sem mest fást við opinber skoðanaskipti, svo sem alþingismanna og ritstjóra dagblaða, ef þessi harðsnúna viðleitni til skerðingar á almennu málfrelsi og ritfrelsi fengi hljómgrunn dómstóla landsins.

„Ég tel mig hafa verið að gera þjóðinni grein fyrir mjög mikilvægu þingmáli. Í þessu máli sem öðrum verða alþingismenn að hafa eitthvert svigrúm til að gera grein fyrir nauðsyn þess máls, sem þeir eru að flytja. Þegar stjórnmál eru annars vegar, þá eru menn oft í þeirri aðstöðu, að ummæli þeirra geta jaðrað við meiðyrði, og ef menn væru of hræddir við meiðyrða-

löggjöfina, væri tekið fyrir eðlileg skoðanaskipti. Þess vegna hikaði ég ekki við í þessu útvarpsviðtali að segja hug minn allan um þetta mál af fyllstu hreinskilni."

Við munnlegan flutning málsins lagði stefndi ríka áherslu á, að ummæli sín hafi verið þáttur í umræðu um mjög umdeilt pólitískt mál, sem mörg rimma hefði verið háð um á undanförnum áratugum og margt illyrði flogið í garð andstæðinga, án þess að af því hlytust meiðyrðamál fyrr en nú. Hann sagði, að ekki væri um að ræða vanhugsuð, grófgerð illyrði, eins og algengt væri í meiðyrðamálum, heldur ummæli, sem beindust að pólitískum verknaði, sem væri gagnrýndur, og hugsanlegum tilgangi á bak við þann verknað. Ummælin beindust ekki að neinum tilgreindum persónum og enn síður að æru nokkurs manns. Þau væru ekki stóryrt eða tilfinningahlaðin, heldur fælu í sér rökstudda gagnrýni á meðferð upplýsinga, sem stefnendur hefðu í fórum sínum. Ef menn gætu ekki haft uppi rökstuddar viðvaranir vegna þess, sem þeir kæmu auga á, gagnrýnt óvenjulegar aðgerðir pólitískra andstæðinga, leyft sér að geta sér til um það, sem í vændum kynni að vera í framhaldi ákveðinna aðgerða, komið á framfæri rökstuddum grun sínum án ótta við að hljóta dóm fyrir, væri tjáningarfrelsið í landinu í mikilli hættu.

Stefndi benti sérstaklega á, að fyrirsvarsmenn „Varins lands" væru ekki nefndir á nafn, einungis hefði verið um það að ræða að gera grein fyrir almennu máli og útskýra viðhorf, en ekki að meiða nokkurn mann. Um einstaka þætti í hinum umstefndu ummælum hafa aðiljar þetta m. a. fram að færa:

Stefndi heldur því fram, að undirskriftasöfnuninni hafi verið nærri lokið, þegar það kom fram í blöðum, að notuð væri tölva við úrvinnslu undirskriftagagnanna. Hann telur því, að fæstir þeir, sem skrifuðu undir, hafi vitað, að um svo óvenjulega meðferð undirskriftalistanna yrði að ræða, og margir hefðu ekki viljað skrifa undir, ef þeir hefðu vitað, að nöfn þeirra kæmu inn í tölvugögnin.

Þorsteinn Sæmundsson segir, að mönnum hafi ekki verið gefin nein sérstök fyrirheit um meðferð á undirskriftalistunum. Hann kveður ljóst, að fólk, sem skrifaði undir, hafi með því verið að láta í ljós þá skoðun, sem það ætlaðist ekki til, að færi leynt, en hann kveður jafnljóst, að það hafi verið í þágu þessa fólks, að sem best væri gengið frá þessum gögnum. Hann kveðst sannfærður um, að allt, sem gert var, hafi verið gert í þágu þeirra,

sem skrifuðu undir, og það hafi á engan hátt brotið í bága við hagsmuni þeirra. Hann segir, að tölvuvinnslan hafi ekki komið til umræðu fyrr en eftir að undirskriftasöfnuninni var lokið, þegar ljóst var orðið, að geysilegur fjöldi mundi skrifa undir, því hafi verið ógerningur að tilkynna um hana fyrir fram.

Af hálfu stefnenda hefur verið bent á, að engin gagnrýni á þessi vinnubrögð hafi komið fram af hálfu þeirra, sem undirskrifuðu, nema hvað einn maður hafi lýst sig óánægðan með þau í dagblaðinu Tímanum. Forgöngumönnunum hafi engin skylda borið til að gera þeim, sem undirskrifuðu, grein fyrir, að þeir hygðust nota tölvu.

Stefndi vék að því í aðiljaskýrslu sinni, að í tölvuskránum fælust ekki aðeins upplýsingar um þá, sem skrifuðu undir, heldur jafnframt um hina, sem ekki skrifuðu undir, þess vegna gætu óhlutvandir menn misnotað þær með ýmsum hætti, en hann kveðst hvorki hafa kallað stefnendur óhlutvanda menn né fullyrt, að tölvuskráin hefði verið misnotuð. Hann benti á það í málflutningi, að ef gögnin kæmust í hendur óhlutvandra manna, gætu menn átt á hættu að vera útilokaðir frá vinnu eða hindraðir í að komast til tiltekinna landa. Hann lagði áherslu á, að óhlutvandir menn gætu komist yfir gögnin, án þess að stefnendur ættu sök á því.

Af hálfu stefnenda er hins vegar á því byggt, að gögn þessi gætu ekki komist í hendur óhlutvandra manna, án þess að þeir ættu sök á því.

Í skriflegri aðiljaskýrslu Þorsteins Sæmundssonar kemur fram, að forgöngumennirnir hafi sjálfir farið yfir listana og ekki notað til þess sjálfboðaliða. Þeir hafi fylgt ákveðnu kerfi við alla gagnameðhöndlun og falið tilteknum mönnum í hópnum að hafa þar heildaryfirsýn og ábyrgð.

Í greinargerð og við munnlegan málflutning lagði stefndi áherslu á, að hann hefði ekki sagt, að forgöngumenn „Varins lands“ hefðu viðhaft persónunjósnir, heldur að hann hafi átt við, að þegar gögnin væru komin í hendur óhlutvandra manna, væri um að ræða njósnir, sem þeir menn bæru ábyrgð á.

Í aðiljaskýrslu sinni fyrir dóminum komst stefndi svo að orði: „Ég hef ekki haldið því fram, að undirskriftasöfnun „Varins lands“ teljist til ólöglegra athafna, einungis að það hafi verið um að ræða persónunjósnir af því tagi, sem nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir með lagasetningu.“ Að því er varðaði hugtakið persónunjósnir kvaðst stefndi viðurkenna, að það kynni að þykja

nokkuð hart, en hann sagðist vilja vekja sérstaka athygli á því, að hugtakið njósnir hlyti að hafa nokkuð mismunandi blæbrigði eftir því, í hvaða samband það væri sett.

Nánar segir um þetta orðrétt svo í aðiljaskýrslu: „Vegna þess að refsiverðar njósnir, sem teknar eru til dóms í öðrum löndum, leiða af sér þyngstu dóma, er hætt við, að þetta hugtak hafi nokkuð neikvæða merkingu, en raunveruleg merking orðsins er sú, að verið sé að hnýsast um leynda hagi manna. Sú athöfn þarf alls ekki ávallt að vera refsiverð, heldur að sjálfsögðu mjög algeng í mannlegum samskiptum."

Þann 29. apríl sl. var samþykkt svohljóðandi ályktun í Sameinuðu þingi: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi í þingbyrjun næsta haust frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni."

Stefndi hefur í málinu rakið aðdraganda að samþykkt þessari og kveður ráðherra þegar hafa skipað nefnd, sem vinni að þessu máli. Í því sambandi hefur hann upplýst, að í mörgum ríkjum, sem búa við líka stjórnarhætti og Íslendingar, sé unnið að löggjöf á þessu sviði eða þegar hafi verið sett lög um þessi efni, þar á meðal í Svíþjóð.

Stefndi hefur varpað fram þeirri spurningu, hvort athafnir, sambærilegar við athafnir stefnenda, kynnu að geta verið refsiverðar í öðrum löndum.

Af hálfu stefnenda hefur þessu verið harðlega andmælt.

Stefndi kveðst telja tölvuvinnslu stefnenda illréttlætanlega frá mörgum sjónarhornum, enda mundi hún þykja fordæmanleg meðal annarra þjóða.

Af hálfu stefnenda hefur komið fram það álit, að njósnir væru alvarlegt brot, sem sætti þyngstu viðurlögum. Lögmaður stefnenda kveðst telja rétt, að persónunjósnir leiði af sér þyngstu dóma í öðrum löndum og séu taldar svívirðilegar. Hins vegar andmælti hann því harðlega, að hægt væri að kalla starfsemi stefnenda persónunjósnir, ekki hefði verið um að ræða skráningu leynilegra upplýsinga, heldur aðeins að tryggja, að upplýsingar, gefnar af frjálsum og fúsum vilja, væru sem réttastar.

Stefndi kveðst telja, að tölvuvinnslan hafi verið með öllu óþörf, auðveldara og ódýrara hefði verið að fara yfir listana án þess að nota tölvuna. Hann hefur bent á, að mátt hefði merkja inn á kjörskrá til að koma í veg fyrir, að ekki væru tvíritуð

nöfn, og til að sannreyna réttan aldur og heimilisföng manna, sem höfðu skrifað undir.

Þorsteinn Sæmundsson komst svo að orði um þetta efni, að óframkvæmanlegt hefði verið að fara þannig að, ekki fræðilega, heldur vegna þess, að það hefði kostað mjög mikla vinnu. Hann segir, að hagræðið við að nota tölvu sé, að hún geti raðað eftir heimilisföngum á sama hátt og íbúaskrá, þannig að hægt sé að bera saman við íbúaskrána. Ef þessi háttur hefði ekki verið hafður á, segir hann, að þurft hefði að taka upp hvert einasta nafn og fletta upp í íbúaskrá eða kjörskrá. Hann sagði, að ein ástæðan fyrir því, að þeir hefðu haldið fast um þessi gögn, væri sú, að eftir að undirskriftasöfnuninni lauk, hafi verið sá möguleiki fyrir hendi, að einhver reyndi að vefengja niðurstöðurnar, t. d. hefði getað verið, að einhver héldi því fram, að nafn sitt væri á listunum, þótt hann hefði ekki skrifað undir, eða nafn vantaði, þrátt fyrir að skrifað hefði verið undir. Hann kveður stefnendur hafa boðist til þess opinberlega að kanna slíkt, ef fram á það væri farið. Til þess kveður hann þó aldrei hafa komið, en ef öll gögn hefðu verið farin úr höndum þeirra, hefðu þeir ekki getað svarað spurningum af þessu tagi. Hann sagði, að skrárnar væru endanleg sönnunargögn, sem þeir hafi haft fulla ástæðu til að halda í og mundu vafalaust varðveita, meðan þau málaferli, sem nú standa yfir, væru ekki til lykta leidd.

Lögmaður stefnenda segir, að tilgangur stefnenda hafi verið, að vilji Íslendinga kæmi fram í því máli, sem um var rætt í þeirri yfirlýsingu, sem mönnum var gefinn kostur á að skrifa undir. Tilgangurinn með notkun tölvunnar hafi verið að forðast, að nöfn væru tvítalin, að menn undir lögaldri væru með taldir og að um fölsun nafna gæti verið að ræða.

5.0.

Álit dómsins.

5.1. Almennt.

5.1.1.

Að íslenskum lögum er meginregla, að menn eigi rétt á að tjá hug sinn fyrir öðrum, jafnt í einkalífi sem opinberlega og með hvaða tjáningarhætti sem vera skal. Í opinberum umræðum um stjórnarmálefni er þessi meginregla sérlega mikilvæg vegna þeirra lýðræðislegu stjórnarhátta, sem stjórnskipunarreglur miðast við.

Þetta sjónarmið kemur meðal annars fram í ákvæði 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem svo er mælt fyrir, að enginn alþingismaður verði krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi, sbr. og 1. mgr.

Um ritfrelsi er sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er kveðið á, að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en verði þó að ábyrgjast þær fyrir dómi. Í 3. mgr. 3. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 segir: „Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum."

Meiðyrðalöggjöfin felur í sér takmarkanir á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi. Þessar takmarkanir byggjast almennt á því viðhorfi, að hagsmunir, tengdir æru manna, geti verið svo ríkir, að þeir almannahagsmunir, sem við tjáningarfrelsið eru bundnir, hljóti að víkja. Á hinn bóginn er almennt viðurkennt, að árásir á æruna, sem væru ólögmætar eftir almennum reglum, geti verið lögmætar, ef ríkir hagsmunir liggja til grundvallar þeim árásum.

Meðal þeirra hagsmuna, sem þannig kunna að vera metnir meir en hagsmunir æruverndar, eru hagsmunir samfélagsins af því, að umræður um opinber málefni geti farið fram í þeim mæli sem hinar lýðræðislegu og þingræðislegu grundvallarreglur krefjast. M. a. er nauðsynlegt, að menn geti gagnrýnt pólitíska andstæðinga, athafnir þeirra og skoðanir að vissu marki.

Ekki eru men sammála um, hversu langt eigi að ganga í þessu efni almennt, en hér verða dómstólar að skera úr eftir málavöxtum hverju sinni. Við þetta mat verður m. a. að gæta þess, að opinberum umræðum verði ekki settar of þröngar skorður eða hlutverki fjölmiðla, að því er varðar upplýsingastarfsemi og gagnrýni. Þá verður að hafa í huga eðli umræðunnar og tjáningarvenjur og gæta þess, að ef ummæli eiga að teljast ósaknæm, verða menn almennt að virða almennar velsæmiskröfur og tjá sig málefnalega. Hafa ber í huga, að stjórnmálabaráttu í lýðræðisþjóðfélagi verður ekki rekin með málefnalegum rökum einum, og verða dómstólar að gæta þess að ganga ekki of langt í að þrengja að athafnafrelsi þeirra aðilja, sem þessa baráttu heyja.

4.1.2.

Á undanförnum áratugum hefur dvöl herliðs Bandaríkjanna á Íslandi og aðild Íslands að Norður-Atlantshafsbandalaginu verið meðal þeirra mála, sem hörðust stjórnmálaátök hafa staðið um. Alþýðubandalagið hefur frá stofnun þess verið mjög andvígt hvoru tveggja. Undirskriftasöfnun stefnenda miðaði að því að koma í veg fyrir, að sú stefna þáverandi ríkisstjórnar, að herlið Bandaríkjanna skyldi fara af landinu í áföngum, næði fram að ganga. Ekki virðist því leika vafi á, að undirskriftasöfnunin var þáttur í stjórnmálastarfsemi.

Þau viðhorf, sem hafa verið rakin hér að framan um málfrelsi á sviði stjórnmála, eiga því við gagnrýni á undirskriftasöfnuninni. Umræður um herstöðvamálin hafa oft verið óvægar og stóryrtar og einkennst af tilfinningahita.

Þegar hin umstefndu ummæli eru virt í þessu ljósi, má segja um þau almennt, að þau verða engan veginn talin með því stóryrtasta eða illyrtasta, sem fram hefur komið í þessum umræðum. Eigi að síður ber að hafa í huga, að þótt mönnum hafi haldist uppi órefsað að viðhafa fjölmæli á þessu sviði vegna þess, að andstæðingarnir hafa látið undir höfuð leggjast að leita réttar síns, er ekki þar með sagt, að myndast hafi venjur um talshætti, sem breyti mati á mörkum málfrelsis og æruverndar. Á hinn bóginn virðist mega taka nokkurt tillit til þess, að stefnendur, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmálastarfsemi og m. a. látið hersetumálin til sín taka, máttu búast við gagnárásum af hálfu andstæðinga sinna, enda setti undirskriftasöfnunin þá í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Hafa ber í huga, að stefndi var formaður Alþýðubandalagsins, sem á þessum tíma stóð að ríkisstjórn og var sá af stjórnarflokkunum, sem fastast sótti á um, að stefnu stjórnarinnar um brottför herliðsins yrði fylgt fram. Jafnframt ber að líta til þess, að stefndi var einn þeirra þingmanna, sem lagt höfðu fram þingsályktunartillöguna, sem fjallað var um í þættinum. Stefndi var þannig í þeirri aðstöðu, að hann gat illa komist hjá að láta í ljós álit sitt á undirskriftasöfnuninni, þegar að henni var vikið. Afstaða Alþýðubandalagsins gegn undirskriftasöfnuninni var mjög eindregin og andstæð stefnendum, og var ekki annars að vænta en það kæmi fram í máli formanns flokksins.

Dómarinn getur ekki fallist á þann skilning lögmanns stefn-

enda á áðurnefndu ákvæði útvarpslaganna um óhlutdrægni, að birtingarhátturinn auki á refsinæmi ummælanna.

Þegar formaður stjórnmálaflokks og þingmaður er spurður álits um pólitískt deilumál í útvarpi, er þess ekki að vænta, að í máli hans gæti „óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum."

Skyldan til óhlutdrægni hvílir fyrst og fremst á Ríkisútvarpinu sjálfu, og það gætir þeirrar skyldu að því er varðar umræður um pólitískt deilumál, m. a. með því að gefa öllum deiluaðiljum jafnt færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

5.2. Einstök ummæli.

Telja verður, að enginn vafi sé á, að stefndi hafi átt við undirskriftasöfnun stefnenda í ummælum sínum, þegar hann ræddi um, að „kominn sé tími til að spyrna við fótum", og virðist þá felast í ummælum hans:

1. Staðhæfing um, að stefnendur og félagar þeirra hafi fengið fólk við alls konar kringumstæður til að ljá nafn sitt á lista, án þess að það hefði hugmynd um, að eftir á yrðu skoðanir þess skráðar á gataspjöld og segulspólur.
2. Að þessi gataspjöld og segulspólur gætu síðar meir orðið til afnota fyrir ýmiss konar óhlutvanda menn.
3. Að „þá„ sé ekki lengur um að ræða venjulega undirskriftasöfnun, heldur skipulagðar persónunjósnir með nýjustu tækni.
4. Að sterkur grunur sé á, að tilgangur þeirra, sem stóðu fyrir undirskriftasöfnuninni, hafi verið að mynda fyrsta vísi að pólitískri tölvuskrá yfir alla Íslendinga til afnota fyrir hægri öflin í landinu.

Verður nú tekin afstaða til einstakra liða í ummælum stefnda.

Um 1.

Það virðist mega byggja á því, að fjöldamargir hafi skrifað nöfn sín á undirskriftalistana, án þess að þeir hefðu hugmynd um, að tölvutækni yrði notuð við að yfirfara þá. Óumdeilt er, að nöfn þeirra, sem skrifuðu undir, voru skráð á gataspjöld og segulspólur.

Þar sem afstaða til stefnu stjórnarinnar í herstöðvamálum og Norður-Atlantshafsbandalagsins felst í áskorun þeirri, sem mönnum var gefinn kostur á að undirrita, má færa til sanns vegar, að skoðanir manna hafi verið skráðar.

Hér er því ekki hallað réttu máli, og verður stefndi þá ekki sakfelldur á þeim grundvelli.

Ekki verður því neitað, að fólk hlýtur að hafa skrifað á listana við margs konar aðstæður. Þótt vera megi, að hér dyljist að baki skírskotun til einhverra frásagna um umdeilanlegar aðfarir þeirra, sem fóru um með undirskriftalistana, verður ekki talið, að í þeim ummælum, sem að þessu efni lúta, leynist óréttmæt ásökun í garð stefnenda.

Það dylst hins vegar ekki, þótt það sé ekki sagt beinum orðum, að stefndi telur ámælisvert, að stefnendur hafa ekki gert grein fyrir því áður en farið var af stað með undirskriftasöfnunina, að upplýsingarnar, sem fólust í undirskriftunum, yrðu skráðar á gataspjöld og segulspólur. Þetta virðist koma nægilega fram af samhenginu.

Það gat ekki hjá því farið, að menn mynduðu sér skoðanir á þessu efni, þegar fréttist af notkun tölvunnar. Svo sem vænta mátti, komu fram af hálfu pólitískra andstæðinga stefnenda skoðanir eins og sú, sem hér ræðir, sem fela í sér gagnrýni á gerðum þeirra. Dómarinn telur, að sú gagnrýni, sem stefndi hefur hér sett fram, sé augljóst dæmi um leyfilega gagnrýni, sem menn verða að þola á gerðum sínum, og er þá ekki sagt, að dómarinn sé sammála þeirri skoðun, sem í gagnrýninni felst.

Samkvæmt þessu verður stefndi ekki látinn sæta viðurlögum fyrir þennan þátt ummælanna.

Um 2.

Dómaranum virðist, að því verði ekki neitað, að möguleiki sé á, að þau gögn, sem stefnendur héldu eftir, þegar þeir afhentu undirskriftalistana, komist úr höndum forgöngumanna „Varins lands“ og þá í hendur „óhlutvandra manna“, þ. e. manna, sem væru vísir til að misnota þau gegn þeim, sem skrifuðu undir eða öðrum. Það má hugsa sér, að þetta gæti gerst með margvíslegum hætti. Það verður að fallast á það með stefnda, að þetta gæti gerst með þeim hætti, að ekki væri við stefnendur að sakast. Verður því ekki talið, að nokkur aðdróttun felist í þessum ummælum, sem sæta eigi viðurlögum.

Um 3.

Eins og fram kemur hér að framan, leikur nokkur vafi á, til hvers orðið „þá“ vísar í því, sem á undan er sagt. Hlustendur gátu lagt mismunandi skilning í þessi ummæli, þ. e. að um

persónunjósnir væri að ræða, þegar skráning á gataspjöld og segulspólur hefði átt sér stað eða þá fyrst, þegar þessi gögn væru komin í hendur óhlutvandra manna.

Ummæli stefnda í aðiljaskýrslu verða þó vart skilin á annan veg en þann, að hann hafi átt við, að um hefði verið að ræða persónunjósnir af hálfu stefnenda.

Í ummælunum á undan lýsti stefndi tölvunotkun stefnenda. Í þessum þætti ummælanna leggur hann dóm á hana og kallar persónunjósnir.

Persónunjósnir þurfa ekki að vera ólöglegar eða refsiverðar, þótt þær séu ekki þáttur í rannsókn sakamála eða annarrar rannsóknar opinberra aðilja. Þannig er það alkunna, að a. m. k. erlendis gera menn sér löglega atvinnu af því að njósna um persónulega hagi manna, án þess að það þyki siðferðilega ámælisvert, enda hafi sá, sem upplýsinganna er aflað fyrir, réttmæta hagsmuni af að fá upplýsingarnar.

Orð stefnda virðist ekki bera að skilja þannig, að hann telji atferli stefnenda ólöglegt, en í viðtalinu kemur fram, að hann telur, að rétt sé, að sett sé löggjöf til að stemma stigu við slíku.

Dómarinn hlýtur að fallast á það með stefnendum, að með því að engin leynd var höfð við öflun þeirra upplýsinga, sem færðar voru á gataspjöldin, og þar sem ekkert hefur komið fram í málinu því til styrktar, að þeir hafi notað þessi gögn til annars en þeir, sem skrifuðu undir, máttu búast við, sé ekki réttmætt að kalla athafnir þeirra persónunjósnir, og þar sem ekki verður á móti mælt, að orðið persónunjósnir hefur á sér óviðurkvæmilegan blæ, þykir skv. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 bera að ómerkja málsgreinina: „Þá er þetta ekki lengur venjuleg undirskriftasöfnun, heldur skipulagðar persónunjósnir með nýjustu tækni."

Þótt dómarinn geti, svo sem að framan greinir, ekki fallist á dóm stefnda um athafnir stefnenda, virðist ekki ætlandi annað en að um sé að ræða rökstudda skoðun hans, og þótt orðið persónunjósnir kunni, eins og stefndi viðurkennir, að þykja nokkuð hart, verður ekki talið, að ummælin gangi úr hófi fram um búning eða orðfæri, þegar mið er tekið af því, sem alvanalegt er í pólitískum umræðum.

Það virðist mega ráða af því, sem fram er komið, að undirskriftasöfnunin hafi víða, og einkum í fjölmennustu byggðarlögunum, farið þannig fram, að fáir hafi átt þess kost að komast hjá að taka afstöðu til þess, hvort þeir ættu að skrifa undir eða

neita beiðni þar um, og þar sem hugsanlegt er, að hægt væri að nota tölvugögnin á einhvern hátt gegn því fólki, sem ekki skrifaði undir, eða jafnvel hinum, sem skrifuðu undir, og þar sem m. a. af þessum sökum ekki er óeðlilegt, að fram komi skoðanir um, að þörf sé á lagareglum um notkun tölvutækni til skráningar á upplýsingum eins og þeim, sem er að finna beint og óbeint á nefndum undirskriftalistum, og þegar gætt er hinnar sérstöku aðstöðu stefnda, og einkum þess, sem segir hér að framan um mörk málfrelsis og æruverndar í pólitískum umræðum, þykir ekki verða fallist á kröfu stefnenda um refsingu.

Um 4.

Þessi ummæli eru viðhöfð sem liður í gagnrýni á því, að stefnendur afhentu ekki tölvugögnin með undirskriftalistunum. Stefndi virðist telja, að það hljóti að vekja sterkar grunsemdir um, að tilgangurinn með tölvuskráningunni hafi verið annar en sá, sem látinn var í veðri vaka. Hér er um að ræða pólitíska ádeilu á gerðir stefnenda, og þeir eru vændir um áform um að nota tölvugögnin í þágu hægri aflanna í landinu. Hugmynd stefnda virðist vera sú, að stefnendur hafi stefnt að því að koma upp skrá yfir alla Íslendinga með aðstoð tölvu, þar sem væri að finna upplýsingar, sem gæfu vísbendingu um pólitíska afstöðu manna.

Alkunna er, að í kosningabaráttu hefur mjög tíðkast að framboðsaðiljar notuðu kjörskrár, sem merktar eru inn á upplýsingar, sem ætlað er að gefa vísbendingar um, hvernig menn kynnu að greiða atkvæði. Á grundvelli þessara skráa hefur svo m. a. verið reynt að hafa áhrif á fólk um að neyta kosningaréttar, ef viðkomandi framboðsaðili hefur talið sér von í atkvæði þess.

Enginn ágreiningur er um, að notkun þess konar skráa sé réttlætanleg. Þótt slík skrá væri gerð með aðstoð tölvu, verður ekki séð, að það mat eigi að breytast. Hér er væntanlega átt við, að komið væri upp kjörskrá með venjulegum upplýsingum auk upplýsinga um, hvort viðkomandi hefði skrifað nafn sitt á undirskriftalista „Varins lands".

Því er hér haldið fram um stefnendur, að þeir hafi ætlað að gefa „hægri öflunum" færi á að hagnýta sér upplýsingarnar í tölvugögnunum.

Stefndi hefur hér valið óljóst hugtak, sem ekki hefur skilgreinda merkingu að lögum. Ljóst er, að hann telur ekki flokk

sinn til hægri aflanna og tæplega alla aðra stjórnmálaflokka í landinu.

Nægilega ljóst virðist, að stefndi á hér við stjórnmálaöfl, sem njóta mikils fylgis meðal kjósenda og jafnvel virðingar andstæðinga sinna. Að láta slíkum aðiljum í hendur gögn, sem geta auðveldað þeim að afla sér kjörfylgis, er ekki það sama og t. d. að fá þær í hendur mönnum, sem gætu mismunað mönnum, t. d. að því er varðar atvinnumöguleika, en hvað sem líður merkingu hugtaksins „hægri aflanna" í þessu sambandi, verður að telja, að ýmsir, sem skrifuðu undir, hefðu réttmæta ástæðu til að telja, að gögnin hefðu verið misnotuð andstætt tilætlunum þeirra og í þágu pólitískra andstæðinga sinna, ef „hægri öflunum" yrðu gefnar upplýsingar um afstöðu þeirra, til að þau gætu hagnýtt sér þær í stjórnmálabaráttunni.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem styrkir þann grun, sem stefndi telur hafa hlotið að vakna um tilgang stefnenda.

Af þessum sökum þykir bera að ómerkja þessi ummæli, þ. e. málsgreinarhlutann „ . . . tilgangurinn sé einmitt sá . . . hægri öflin í landinu", sbr. 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940.

Hins vegar verður ekki fullyrt, að ummæli þessi séu viðhöfð gegn betri vitund. Óneitanlega hljóta spurningar að hafa vaknað í hugum manna, ekki síst pólitískra andstæðinga stefnenda, um það, hvað þeim gengi til að halda eftir tölvugögnunum. Ummæli þessi ganga ekki úr hófi fram um búning og orðfæri.

Þá ber að gæta þess, að þeir, sem rituðu nöfn sín undir yfirlýsinguna, höfðu ekki ástæðu til að ætla, að leynt yrði með farið. Þannig verður ekki annað séð en stefnendum hefði verið heimilt að birta áskorunina ásamt undirskriftunum opinberlega.

Loks er á það að líta, að hér er um að ræða dæmigerð pólitísk ummæli, viðhöfð um pólitíska andstæðinga, í miklu pólitísku deilumáli, af formanni þess stjórnmálaflokks, sem var harðastur andstæðingur stefnenda í herstöðvamálinu.

Fólk hefur vanist því, að ekki sé rétt að taka slík ummæli allt of bókstaflega. Dómarinn lítur því svo á, að synja beri kröfu stefnenda um refsingu vegna þessara ummæla.

Þar sem ummæli stefnda hafa samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki verið talin refsiverð, ber samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að synja kröfu stefnenda um fégjald fyrir hneisu. Af sömu ástæðu ber að hafna kröfu um fjárgreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga 19/1940.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að neyta heimildar 178. gr. laga 85/1936 og láta málskostnað falla niður.

Hinn reglulegi héraðsdómari hefur vikið sæti í máli þessu.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari hefur verið skipaður setudómari í málinu, og kveður hann upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Kröfur stefnenda um refsingu, miskabætur og fégjald til að kosta birtingu dóms eru ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júlí 1979.

Nr. 92/1974. **Fróðá h/f, eigandi jarðarinnar Fróðár,**
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
Birni, Einari, Guðmundi, Sigurði og Úlfari Kristjónssonum, eigendum jarðarinnar Ytri-Bugs, og
(Sigurður Ólason hrl.)
Jóhanni, Óskari og Þorgils Þorgilssonum, Guðlaugu Þorgilsdóttur, Bjarna, Gils, Guðmundi, Hrafni og Kristjáni Friðrikssonum, Anný og Bjarneyju Friðriksdætrum, eigendum jarðarinnar Innri-Bugs, og
(Skúli J. Pálmason hrl.)
Birni, Einar, Guðmundur, Sigurður og Úlfar Kristjónssynir
gegn
Fróðá h/f.

Landamerkjamál. Gagnsök vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. maí 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. apríl s. á. Krefst hann þess aðallega, að landamerki milli Fróðár og Bugsjarða í Fróðárhreppi verði ákveðin þannig: „Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs (auðkennt á uppdrætti sem „Meint stæði hornmarksvörðu") í engjaodda, eins og hann er staðsettur á sama uppdrætti . . . Lína þessi er beint framhald af línu úr suðausturhorni í vestari brúarstöpli Fróðár í fyrrnefnt hornmerki. Frá engjaodda ræður svo bein lína innanvert við Fróðárrif í eystri enda skurðs, sem myndar upphaf núverandi afrennslis úr Bugsvaðli . . . Þaðan ræður skurðurinn merkjum og í framhaldi af honum afrennsli Bugsvaðals til sjávar, eins og það nú er . . ."

Til vara hefur aðaláfrýjandi krafist þess, að landamerki milli jarðanna verði ákveðin „bein lína dregin frá suðausturhorni í vestari brúarstöpli Fróðár gegnum hornmarksvörðu, sem er hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og beint áfram þaðan, þar til hún snertir innri jaðar Fróðárrifs. Frá þeim stað ræður innri jaðar Fróðárrifs merkjum, þar til kemur að eystri enda skurðs, sem myndar upphaf núverandi afrennslis Bugsvaðals til sjávar. Þaðan ræður skurðurinn merkjum milli jarðanna og í framhaldi af honum núverandi afrennsli til sjávar".

Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda og stefndu.

Stefndu Björn, Einar, Guðmundur, Sigurður og Úlfar Kristjónssynir, eigendur Ytri-Bugs, gagnáfrýjuðu málinu með stefnu 13. júní 1974. Hafa þeir krafist þess aðallega, að „landamerki milli Fróðár og Bugsjarða verði eftir . . . línu: Brúarstöpull — Engjaodda og þaðan óbreyttri stefnu í sjó út". Til vara krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefjast þeir aðallega málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara aðeins fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa ekki aflað sér áfrýjunarleyfis, og ekki áfrýjuðu þeir málinu á þeim fjögurra vikna fresti, sem

um ræðir í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Verður því að vísa gagnsökinni frá Hæstarétti, og koma því aðeins varakröfur þessara aðilja til álita hér fyrir dómi.

Eftir áfrýjun máls þessa andaðist Þorgils Þorgilsson, eigandi Innri-Bugs. Samkvæmt skiptagerð urðu erfingjar hans, þau Guðlaug Þorgilsdóttir, Jóhann, Óskar og Þorgils Þorgilssynir, Bjarni, Gils, Guðmundur, Hrafn og Kristján Friðrikssynir svo og Anný og Bjarney Friðriksdætur, eigendur jarðarinnar og hafa tekið við aðild málsins hér fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Þessir stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með úrskurði, uppkveðnum 14. október 1977, veitti Hæstiréttur aðiljum kost á að afla nokkurra nýrra gagna, meðal annars uppdráttar af hinu umdeilda landsvæði, er sýndi allt Fróðárrif, og væru mörkuð þar á kennileiti, lega Bugsóss samkvæmt „herforingjaráðskortinu frá 1910“ og núverandi „afrennsli Bugsvaðals ytri.“ Enn fremur sérfræðilegra kannana á því, hvort Fróðá hefði átt markaðan farveg gegnum Bugsvaðal ytri fyrir 1936 og hvort líkur væru á því, að breyting hefði orðið á innri jaðri Fróðárrifs, og loks heildarmerkjaskrár fyrir Fróðá með hjáleigum.

Ágúst Böðvarsson landmælingamaður hefur markað á uppdrátt af Fróðárrifi og Bugsvaðli, gerðum samkvæmt loftljósmyndum, teknum 21. júlí 1978, mörk lands og vatns samkvæmt mælingum danska herforingjaráðsins 1910, kröfur aðilja og úrlausn héraðsdóms. Í skýringum hans 20. september 1978 segir meðal annars:

„Ég gerði uppdrátt af svæðinu í mælikvarða 1:10.000 eftir nýjustu flugmyndinni, sem tekin var af Landmælingum Íslands 21. júlí 1978.

Samkvæmt beiðni færði ég inn á uppdráttinn Fróðárrifið eftir 10 sinnum stækkaðri kopíu af frumuppdrætti herforingjaráðsins danska, sem fengin var frá Danmörku í

þessum tilgangi, en svæði þetta var upphaflega mælt í kvarðanum 1:100.000. Eru strandlínur rifsins, flóð og fjara, litaðar rauðar á kortinu.

Til skýringa á nákvæmni herforingjaráðskortsins vil ég benda á, að í kvarðanum 1:100.000 er mesta teikninákvæmni 10 mtr (1/10 m/m) og þótt kortið sé stækkað vex nákvæmni þess ekki við það. Er því herforingjaráðskortið aðeins til viðmiðunar í grófum dráttum. Mælikvarðinn 1:50.000, sem kortið var gefið út í, er bein helmings stækkun á frummælingunni og hefur því aðeins nákvæmni korts í kvarðanum 1:100.000.

Við samanburð og athugun á flugmyndum og korti hef ég komist að þeim niðurstöðum, sem hér greinir:

1) Á flugmyndunum, frá 1945 og 1978, sem báðar eru teknar um fjöru, falla flóð- og fjörumál vel saman.
2) Á norður strönd Ytrivaðals er ekki sjáanleg breyting, nema nú hefur eystri hluti Bugsóssins verið grafinn í skurð, og liggur eystri endi skurðsins nokkru sunnar en gamli farvegurinn.
3) Austasti tangi Fróðárrifsins hefur mjókkað töluvert.
4) Við Eystri Vaðalinn hefur rifið breikkað nokkuð á móts við þar, sem Fróðá fellur í Vaðalinn.
5) Hæll A1 fellur á öllum samanburðargögnum nokkuð út á rifið norðan gamla árfarvegarins eða skurðar þess, sem síðar var grafinn meðfram rifinu.
6) Á loftmynd frá 1960 má glöggt sjá dökka ræmu í botni Ytrivaðals meðfram rifinu, sem bent gæti til þess, að straumur Fróðár hafi grafið um sig þar. Á mynd frá 1965 sést þetta líka, en daufar. Á myndunum frá 1945 og 1978 truflar bárumyndun skyggni vatnsins, svo þar sér ekki fyrir þessu."

Í landamerkjabréfi Fróðár frá 20. júní 1889 segir svo um merki þau, er hér skipta máli: „Að vestanverðu frá Folahnúk í Litla-Rjúkanda eins og hann ræður í Fróðá, svo ræður hún ofan fyrir Arnarhólstún og þaðan sjónhending í engjaodda, en þaðan ræður Bugsós til sjávar." Landamerkjabréf þetta er undirritað af umboðsmanni Fróðár-

eigna, ábúanda Fróðár, umboðsmanni Arnarhóls og eiganda Brimilsvalla. Hins vegar er bréfið ekki undirritað vegna Bugsjarða.

Sérfræðilegar kannanir á farvegi Fróðár gegnum Bugsvaðal og hugsanlegum breytingum á innri jaðri Bugsvaðals hafa ekki farið fram aðrar en greinir í skýrslu Ágústs Böðvarssonar.

Í máli þessu hafa verið lögð fram ýmis landamerkjabréf og önnur gögn varðandi jarðir þær, sem hlut eiga að málinu, og grannjarðir þeirra. Eru gögn þessi rakin í héraðsdómi svo og vætti manna.

II.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti verður við það að miða, að landskipti hafi farið fram milli jarðanna Ytri-Bugs og Innri-Bugs, en þó þannig, að Fróðárrif, ef og að því leyti sem það telst tilheyra jörðum þessum, sé óskipt sameign þeirra. Eigendur beggja jarðanna eiga samkvæmt því óskipta sakaraðild í máli þessu.

Aðalkrafa eiganda Fróðár fyrir Hæstarétti er um aðra landamerkjalínu en hann krafðist, að dæmd yrði rétt landamerki, er málið var flutt fyrir landamerkjadómi. Hann hefur skýrt þessa kröfu svo, að hún sé reist á sömu grundvallarsjónarmiðum og dómkröfur hans fyrir landamerkjadómi, er virðast vera þau, að gamall farvegur Fróðár í gegnum Bugsvaðal vestari meðfram innanverðu Fróðárrifi ráði merkjum, og eigi Fróðá land í miðjan þennan gamla farveg, sbr. hér meginregluna í 1. tl. 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Fyrir hagkvæmisakir sé landamerkjalínan hins vegar nú dregin sem bein lína í gegnum vaðalinn meðfram rifinu frá Engjaodda að austan í afrennslisskurð úr vaðlinum að vestan í stað þess að miða við línu, sem alfarið fylgi strandlengjunni í sömu fjarlægð og Engjaoddi er frá innri brún rifsins. Eigi að síður verður að telja, að hér sé um að ræða slíka breytingu frá þeim dómkröfum, sem eigandi Fróðár hafði uppi fyrir landamerkjadómi, að hún valdi því, að dómkröfur hans fyrir Hæstarétti gangi a. m. k. að sumu leyti lengra en þær gerðu.

Að því er varðar landamerkjalínu úr vestari brúarstöpli Fróðárbrúar um stæði vörðu, sem áður var hornmark milli Arnarhóls og Fróðár, en þaðan í svonefndan Engjaodda, er þess að geta, að aðilja greinir hér ekki á um annað en síðastnefnda kennileitið. Telja eigendur Fróðár það vera á graslendinu á eystri strönd Bugsvaðals vestari, örskammt innan við skurð, sem grafinn hefur verið milli Bugsvaðla innanvert við Fróðárrif, en hefur nú að talsverðu leyti fyllst af sjávarmöl og sigið saman. Eigendur Bugsjarða telja kennileiti þessi hins vegar vera sjávarmegin skurðarins úti á sjálfu rifinu, sem færst hafi inn yfir graslendið. Er það einnig niðurstaða landamerkjadómsins um þetta atriði. Er þá Engjaoddi á beinni línu, sem liggur úr brúarstöpli Fróðárbrúar um áðurnefnt vörðustæði, sem enginn ágreiningur er um, og svo til sjávar, en staður sá, sem eigendur Fróðár benda á sem Engjaodda, liggur örlítið vestan þeirrar línu. Skal þá fyrst hugað að staðhæfingum aðilja um það, hvar Engjaoddi sé.

Í héraðsdómi er lýst rennsli Fróðár til sjávar og um vestari Bugsvaðal og hversu það stíflaðist árið 1936. Þar er einnig greint frá rennu þeirri, sem var milli vaðlanna beggja og ætla verður, að verið hafi farvegur Fróðár, a. m. k. á því svæði, sem hér ræðir um. Heitið Engjaoddi bendir til þess, að það hafi átt við odda, sem myndast hefur, þar sem saman komu vaðallinn og áðurnefnd renna eða farvegur. Ekkert verður um það fullyrt, að skurður sá, sem sést með glöggum ummerkjum, falli saman við þennan fyrri Fróðárfarveg, og er því haldið fram af eigendum Bugsjarða, að skurðurinn hafi verið grafinn að nokkru eða öllu leyti á votlendinu landmegin farvegarins. En hvernig sem því er varið, er á það að líta, að skurður þessi var grafinn að tilhlutan eiganda Fróðár, sem með því hefur raskað ummerkjum á landamerkjunum. Er þá eðlilegast, að eigandi Fróðár beri halla af þeirri óvissu um kennileitið Engjaodda, sem orðin er, þannig að á það verður ekki lengur vísað með vissu. Staður sá, sem eigendur Bugsjarða benda á sem Engjaodda og landamerkjadómurinn hefur fallist á og

nefndur er punktur A1 í dóminum, er hins vegar svo langt úti á malarrifinu, að ekki þykir líklegt, að þar hafi Engjaoddinn áður verið. Mælir og greinargerð og samanburðaruppdráttur Ágústs Böðvarssonar landmælingamanns gegn niðurstöðu landamerkjadóms um þetta atriði, þó að þann samanburðaruppdrátt verði að vísu að virða með hliðsjón af þeim ummælum í greinargerðinni, að svonefnt herfor-ingjaráðskort frá 1910 verði aðeins haft til viðmiðunar í grófum drátttum. Með hliðsjón af aðstæðum öllum á vett-vangi svo og því, sem síðar verður greint um landamerkja-línu úr hornmarki þessu til vesturs, þykir eðlilegt að miða hér við það, að Engjaoddi sé á hinni beinu línu úr vestari brúarstöpli Fróðárbrúar um stæði hornmarksvörðu og til sjávar, þar sem lína þessi sker innri brún malarrifsins sjávarmegin skurðar þess, sem greindur var. Verður það því lagt til grundvallar dómi í máli þessu.

Kemur þessu næst til athugunar, hvernig liggi landa-merkjalínan úr framangreindum punkti til vesturs eftir Fróðárrifi.

Landamerkjabréfið frá 27. júlí 1941 var undirritað af Þorgils Þorgilssyni, eiganda Innri-Bugs, og var því bind-andi fyrir hann. Kristjón Jónsson, ábúandi þjóðjarðarinnar Ytri-Bugs, og Ólafur Bjarnason, umboðsmaður hennar, sem undirrituðu landamerkjabréfið vegna þeirrar jarðar, voru að vísu ekki bærir til þess, svo að bindandi væri fyrir jarðar-eiganda, að afsala frá jörðinni neinum hluta hennar með undirskrift sinni undir landamerkjabréfið. Ekki eru líkur að því leiddar, að með landamerkjabréfi þessu hafi í neinu verið raskað eldri merkjum. Hljóta undirskriftir bæði ábú-anda og umboðsmanns jarðarinnar að teljast hafa ríkt sönn-unargildi um merkin. Þykir því mega leggja landamerkja-bréf þetta til grundvallar dómi í máli þessu. Er til þess þeim mun ríkari ástæða sem landamerkjabréfið hefur stoð í landa-merkjabréfi fyrir Arnarhól frá 25. maí 1889 og í dómi landa-merkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 22. júní 1928 svo og í vætti þeirra Ólafs Bjarnasonar hreppstjóra og séra Magnúsar Guðmundssonar prófasts. Skal í þessu sambandi

tekið fram, að ekki hefur verið sýnt fram á, að undirskriftir undir landamerkjabréfið hafi verið haldnar neinum þeim annmörkum, sem haggað geti gildi þeirra.

Landamerkjabréfið frá 27. júlí 1941 virðist vera við það miðað, að í vestari Bugsvaðli hafi verið farvegur meðfram Fróðárrifi innanverðu, sem markaður hafi verið af Fróðá á þeim tíma, sem hún hafði afrennsli til sjávar við Rauðaberg í gegnum vaðalinn. Réð árfarvegur þessi merkjum samkvæmt landamerkjabréfinu. Dómkröfur eigenda Bugsjarða svo og niðurstaða landamerkjadóms um landamerki eftir endilöngu Fróðárrifi hvíla á þeim grundvelli, að rifið hafi færst svo mjög inn í farveginn, að merkin liggi nú úti á rifinu. Um þetta nýtur hins vegar ekki við traustra gagna. Samkvæmt samanburðaruppdrætti Ágústs Böðvarssonar er innri brún rifsins sums staðar nokkru innar en áður var. Eru þó eftir uppdrættinum þær breytingar ekki eins miklar og landamerkjadómurinn hefur talið. En hvernig sem þessu er varið, er ósannað, að rifið hafi nokkurs staðar færst innar en í miðjan þann árfarveg, sem greindur var. Verður því að taka til greina kröfu eiganda Fróðár um, að landamerki fylgi innri brún Fróðárrifs, uns komið er í norðvesturhorn vaðalsins, en þaðan þykir rétt að ákveða merkin sem beina línu þangað sem mætast afrennslisskurður, sem grafinn hefur verið úr vaðlinum, og gamli farvegur Bugsóss, en síðan ráði hann merkjum til sjávar.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað. Málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

Dómsorð:

Landamerki milli Fróðár annars vegar og Innri-Bugs og Ytri-Bugs hins vegar skulu vera bein lína úr suðausturhorni vestari brúarstöpuls Fróðárbrúar um stæði hornmarksvörðu, sem var hornmark milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, uns lína þessi sker innri brún Fróðárrifs sjávarmegin skurðar meðfram rifinu. Síðan fylgi landamerkjalínan innri brún Fróðárrifs, uns komið er í

norðvesturhorn Bugsvaðals vestari, en þaðan sé hún bein lína þangað sem koma saman afrennslisskurður úr vaðlinum og gamli farvegur Bugsóss, sem síðan ræður merkjum til sjávar.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. júlí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. júlí 1973, er höfðað fyrir landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með tveimur stefnum, útgefnum 2. og 3. ágúst 1972, af eigendum jarðanna Innri-Bugs og Ytri-Bugs í Fróðárhreppi, þeim Þorgils Þorgilssyni, eiganda Innri-Bugs, og Sigurði, Birni, Einari, Guðmundi og Úlfari Kristjónssonum, eigendum Ytri-Bugs, gegn Fróðá h/f, eiganda jarðarinnar Fróðár í sama hreppi.

Stefnendur hafa báðir sótt þing í málinu og flutt málið hvor fyrir sig, en jafnframt haft algera samstöðu um kröfugerð og málatilbúnað, enda virðast þeir telja hið umdeilda land óskipta sameign sína.

Kröfur stefnenda eru þessar:

Að landamerkin verði ákveðin þannig, *aðallega:*

Bein lína frá sjó í Engjaodda við Bugsvaðal ytri, eins og Engjaoddinn er sýndur á dskj. nr. 14, merktur A 1, og áfram beina stefnu í hornmarksvörðu, sem merkt er B á sama dómskjali. *Til vara:* Að lína verði dregin til vesturs eftir Fróðárrifi frá Engjaoddum við Bugsvaðal og liggi hún í punkt B 1 á dskj. nr. 14. Að vestan ráði lína, sem dregin er þvert á Fróðárrif í framhaldi af austurtakmörkum Bugstúna. *Þrautavarakrafa:* Að allt Fróðárrif tilheyri jörðinni Fróðá að gamla Bugsósi, svo sem hann er sýndur á herforingjaráðskorti frá 1910, og síðan ráði Bugsós til sjávar, þó svo, að veiðiréttur í Bugsvaðli ytri fylgi ekki rifinu.

Kröfur stefnda eru þessar:

Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs í merki á Engjaodda, og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðausturhorni í vestari brúarstöpli Fróðár í fyrrnefnt hornmerki. Frá merk-

inu á Engjaodda skulu merkin milli Fróðár og Bugsjarða vera út með Fróðárrifi innanverðu, í sömu fjarlægð og áðurnefnt merki, í gegnum Bugsvaðal, þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1910.

Allir aðiljar krefjast málskostnaðar.

Dómurinn gekk á vettvang ásamt lögmönnum aðilja.

Sátt var reynd árangurslaust.

Mál út af sama landamerkjaágreiningi var áður rekið fyrir landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og var dómur í því máli kveðinn upp þann 18. júní 1969. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 9. júní 1972, var því máli vísað frá dómi.

Lögmenn aðilja hafa lýst því yfir, að þeir taki sem fullgildar í þessu máli yfirlýsingar og vitnaleiðslur, sem fram komu í hinu fyrra máli og teknar eru upp í Hæstaréttarágrip í málinu nr. 28/1970, merkt dskj. nr. 4 í þessu máli.

II.

Staðhættir á deilusvæðinu eru í stórum dráttum þeir, að áin Fróðá rennur til sjávar gegnum vaðal eða vaðla, er liggja á milli svokallaðs Rauðabergs að vestan og Haukabrekkuhöfða að austan. Fyrir botni svokallaðrar Gamlavíkur, sem áin rennur í, hefur myndast sandrif, væntanlega vegna framburðar árinnar annars vegar og sjávargangs hins vegar, og liggur rif þetta, sem kallast Fróðárrif, í boga fyrir víkurbotni. Bak við rifið eru framangreindir vaðlar eða vötn, sem nefnast Bugsvötn, en milli þeirra eru grasigrónir vellir og mýrar. Áður fyrr var samgangur milli vatnanna um rennu, er lá innan við rifið, en fyrir ágang sjávar fylltist rennan og stíflaðist. Enginn samgangur er nú milli vatnanna. Fróðá rennur í innra vatnið, og hefur það ós til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða. Eftir að rennan milli vatnanna stíflaðist, var myndað afrennsli frá ytra vatninu til sjávar með því að grafa sundur rifið vestur við Rauðaberg, en meðan samgangur var milli vatnanna, höfðu þau sama ós til sjávar. Fyrr á þessari öld mun ósinn til sjávar hafa runnið úr ytra vatninu við rifsendann Rauðabergsmegin.

III.

Lagt hefur verið fram í málinu landamerkjabréf, dagsett að Fróðá 27. júlí 1941, um landamerki milli jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs, en þar segir svo:

„I. Milli Fróðár og Arnarhóls ræður mörkum bein lína úr Folahnúk í Rjúkanda í Kjósdalsá, þaðan ræður hún í Fróðá, og ræður svo Fróðáin niður í suðausturhorn í vestri brúarstöpul Fróðárbrúar, þaðan bein lína um vörðu, sem er hornmarksvarða milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og er sú varða sem hliðarmerki milli Fróðár í beinni línu frá fyrrnefndum brúarstöpli í vörðu á engjaodda.

II. Milli Ytri-Bugs og Fróðár eru merkin úr fyrrnefndri hornmarksvörðu í áðurnefndan engjaodda, þaðan eru merkin eftir gamla árfarveginum í gegnum Bugsvaðal þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkv. herforingjakorti frá 1910."

Einnig hefur verið lagt fram endurrit af landamerkjaskrá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um landamerki fyrir þjóðeigninni Arnarhóli í Neshreppi innan Ennis, dagsett að Arnarhóli 25. maí 1889, og segir þar m. a.:

„I. Á milli Fróðár og Arnarhóls ræður sjónhending úr Folahnúk í Llitla-Rjúkanda og svo eftir gili sem rennur þaðan ofan í Fróðá. Síðan ræður Fróðá ofan fyrir Arnarhól, á móts við klett, sem stendur norðan til í Arnarhólnum. Þaðan sjónhending í svokallaðan Engjatanga niður við Bugsvaðal, og síðan ræður Bugsós til sjóar."

Stefndi hefur lagt fram í málinu endurrit úr dómsmálabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu af dómi, uppkveðnum 22. júní 1928, í máli milli þáverandi eigenda Fróðár og Haukabrekku um réttindi yfir Fróðárrifi. Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað til Hæstaréttar. Rétt þykir að taka hér upp úr þeim dómi það, sem skipt getur máli um lausn þessa máls. Dómur þessi var einn af fjórum dómum, uppkveðnum sama dag, varðandi landamerki ýmissa nágrannajarða Fróðár. Í dóminum segir m. a.:

„Í landamerkjabók sýslunnar finnst aðeins heildarlandamerkjaskrá fyrir jörðina Fróðá með hjáleigum, en engar landamerkjaskrár, hvorki fyrir Fróðá sjálfri né hjáleigunum sérstaklega. Að Fróðárrif hafi heyrt undir heildareignina, er tvímælalaust. Fram að árinu 1905 var Fróðártorfan óskift heildareign, en með bréfi, dags. 29. apríl 1905, þingl. 1. júní 1912, afsalar síðasti heildareigandi Fróðár með hjáleigum, síra Helgi Árnason, til Ásgeirs Þórðarsonar jörðina Fróðá með Fróðárkoti án nokkurrar tilgreiningar á landamerkjum. Hinum hjáleigum jarðarinnar, þar á meðal Haukabrekku, afsalar svo síra Helgi Árna-

son með bréfi, dags. 12. sept. 1916, þingl. 19. júní 1917, til síra Guðmundar Einarssonar í Ólafsvík án nokkurrar tilgreiningar á landamerkjum jarðanna, og síra Guðmundur Einarsson selur svo jarðirnar hverja um sig fljótlega aftur, þar á meðal Haukabrekku, án nokkurra sérlandamerkja. Heimildarplögg eða landamerkjabók sýslunnar upplýsa því ekkert í þessu efni.

Það mun vera hin vanalega regla, að sérstök fríðindi höfuðbóla með hjáleigum falli oftast til höfuðbólanna eða heimajarðanna sjálfra við skiftingu eignanna fremur en til hjáleignanna. Samkvæmt þessu virðist rifið fremur tilheyra heimajörðinni Fróðá en einni af hjáleigunum, svo sem Haukabrekku. Rif þetta hefur svo lengi sem núlifandi menn muna til verið kallað Fróðárrif, sem einnig bendir til þess, að það hafi jafnan tilheyrt heimajörðinni Fróðá sjálfri. Hin framlögðu vottorð af hálfu eiganda Fróðár sýna einnig, að vottorðsgefendurnir telja rifið til heimajarðarinnar Fróðár sjálfrar. Almæli er og meðal manna hér um slóðir, að áin Fróðá hafi þar til fyrir tæpri öld síðan runnið til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða. Þótt síra Helgi Árnason hafi árið 1908 byggt Fróðárrif með Haukabrekku, er það út af fyrir sig ekki sönnun þess, að hann eftir söluna 1905 á Fróðá hafi haft heimild til þess, enda sýna framlögð vottorð, að eigandi Fróðár hefur mótmælt því.

Að öllu þessu athuguðu verður landamerkjadómurinn að tildæma jörðinni Fróðá allt Fróðárrif vestan frá Bugsós og austur að Haukabrekku-höfða."

Þá hefur verið lagt fram landamerkjabréf fyrir jörðinni Fróðá, dagsett 9. júlí 1930, en það er ekki undirritað af eigendum Bugsjarða.

Fleiri skjöl hafa verið lögð fram, en skipta minna máli, og hafa málsaðiljar ekki mótmælt þeim sem óstaðfestum, en hins vegar sem röngum að því leyti sem þau fara í bága við málflutning þeirra.

IV.

Aðiljar eru sammála um, að Fróðá muni fyrr á öldum hafa runnið til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða, en einhvern tíma á síðustu öld hafi hún tekið að renna út úr vestari vaðlinum í námunda við tún Bugsjarða, og þar rann hún, þegar herforingjaráðsuppdráttur var gerður árið 1910. Á árinu 1936 hafi sá farvegur stíflast af sjávargangi og áin þá brotið sér farveg út úr rifinu austanverðu, þar sem hún rennur nú til sjávar, eins og áður segir.

V.

Verða nú raktir framburðir aðilja, vitna og vottorðsgefenda.

Þorgils Þorgilsson, annar stefnenda málsins, hefur gefið aðiljaskýrslu. Þar segir m. a.:

„Þegar ég skrifaði undir landamerkjalýsingu milli Fróðár og Bugsjarða hinn 27. júlí 1941, var ekkert sérstaklega minnst á breytingu á landamerkjum niður við sjóinn, og áreiðanlega ekki minnst á herforingjaráðskort í því sambandi, enda var slíkur uppdráttur alls ekki til staðar við undirskriftirnar. Hafi þessi viðbót „samkv. herforingjakorti frá 1910" þá verið í skjalinu, hefi ég a. m. k. ekki veitt því eftirtekt.

Það skal loks tekið fram, að rifið framan við Syðri-Bugsvaðal hefur lengst mikið síðustu áratugi, auk þess sem það mun hafa verið allverulega rangt markað á kortinu miðað við þann tíma, sem það á að hafa verið gert."

Fram eru lagðar í málinu tvær umsagnir Elíníusar Jónssonar, fyrrum kaupfélagsstjóra í Ólafsvík, en hann keypti jörðina Fróðá árið 1927 fyrir Kaupfélag Ólafsvíkur, og nytjaði hann og aðrir kaupfélagsmenn jörðina næstu 12 ár á eftir. Hann telur mörkin milli Fróðár og Bugsjarða hafa verið „séð frá sjó, Melþúfa í vörðu á Engjaodda." Hann telur þá kaupfélagsmenn hafa hirt allan reka frá Melþúfunni að vestan að Haukabrekkuhöfða að austan. Hann vitnar enn fremur, að hann viti ekki annað en að merki um Melþúfuna á rifinu, sem nú er að vísu löngu horfin, hafi verið haldin í manna minnum, enda hafi aldrei komið til þess, að Fróðármenn nytjuðu land eða veiði vestan hennar. Sand hafi þeir Fróðármenn tekið miklu austar á rifinu. Hann telur sig hafa heyrt, að Bugsmenn hafi skrifað undir eitthvert plagg viðvíkjandi ytra rifinu, en vottar í því sambandi, að meðan hann hafi verið fyrir vestan, hafi engin breyting orðið á nytjum umræddslands þrátt fyrir þessar undirskriftir. Hann segir sér ekki kunnugt um, hvort Þorgils Þorgilsson hafi tekið sand úr ytra rifinu, en veiði í vaðlinum hafi Bugsmenn stundað, en engir aðrir, svo hann viti. Aldrei hafi neinn vafi verið á um merki eða landsnytjar þann tíma, sem Kaupfélag Ólafsvíkur hafði umráð og umsjá með Fróðá.

Þórður Þórðarson veggfóðrunarmeistari, Reykjavík, hefur gefið skriflegt vottorð. Hann kveðst hafa verið viðstaddur, er landamerki jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs voru ákveðin í júlímánuði árið 1941, og hafi hann þá ásamt öðrum gengið á merki jarðanna. Í vottorði hans segir m. a.: „ . . . aldrei var á

það minnst, er merkin voru sett, að afstaða skyldi tekin til eignarréttar yfir Fróðárrifi né heldur að gamli Bugsós skyldi ráða merkjum til sjávar milli jarðanna Fróðár og Ytri-Bugs, hvorki svo sem hann er sýndur á herforingjakorti frá 1910 né heldur eins og hann var á árinu 1941, þá er framangreind lögskipti áttu sér stað . . .“

Hervin Pétursson verkamaður hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst muna eftir Melþúfu á rifinu vestan við ytri Engjaoddann, en kveðst ekki hafa heyrt, að hún skipti merkjum. Hann kveðst ekki vita, hverjir hafi nytjað rifið og heldur ekki hverjir hafi nytjað veiði í Ytri-Bugsvaðli. Hann tekur fram, að í stórstraumi hafi gætt sjávarfalla í Innri-Bugsvaðli, meðan Bugsós rann til sjávar við Rauðaberg.

Jóhann Þorgilsson, sonur stefnanda Þorgils Þorgilssonar hefur borið, að Fróðárrif hafi verið nytjað frá Bugsjörðum og inn að ytri Engjaodda. Hann kveðst muna eftir Melþúfu á rifinu og kveðst hafa heyrt í seinni tíð, að hún skipti merkjum, en veit ekki milli hvaða jarða hún var talin skipta merkjum. Ólafur Bjarnason hreppstjóri, fæddur árið 1889, hefur komið fyrir dóm. Vitnið „kveðst vel minnugt þess, þegar skjal þetta“ (landamerkjabréfið frá 1941) var undirritað, og kannast við að hafa undirritað það. Vitnið telur, að tildrög þess, að landamerkjabréf þetta var gert, hafi verið þau, að eigandi Fróðár hafi óskað eftir, að merkin yrðu endurnýjuð eða eigendur glöggvuðu sig á þeim. Vitnið segist minnast þess, að í skjalið hafi verið sett ákvæði um herforingjaráðskortið frá 1910, og hafi það verið gert til þess að taka af allan vafa í framtíðinni um það, hvar merkin væru. Vitnið kveðst ekki muna, hvort herforingjaráðskort var við hendina, þegar landamerkjabréfið var samið, en segir, að það hafi verið alveg fullvíst, hvar merkin voru. Vitnið kveðst ekki muna, hvar undirskriftir fóru fram, en telur, að það hafi verið að Fróðá. Vitnið kveðst hafa haft vitneskju sína um merki Fróðár frá eldra fólki, m. a. Guðsteini Þorsteinssyni, sem var allan sinn aldur í Fróðárhreppi (Neshreppi innan Ennis), en hann var fæddur árið 1832 og andaðist árið 1915, og Þórkötlu Jóhannsdóttur, sem lengi bjó í Fróðárhreppi, og Guðmundi Þorlákssyni, sem lengi bjó í Geirakoti og var mjög fróður um öll landamerki í Fróðárhreppi . . . Vitnið tekur fram, að reki á Fróðárrifi hafi verið nýttur frá Fróðá og hafi Fróðá átt allan rekann. Það kveðst minnast þess, að ábúendur Ytri-Bugs hafi nytjað veiði í Bugsósi innan við Rauða-

berg, en því er ekki kunnugt um, að ábúendur Fróðár hafi stundað veiði þar. Vitninu er ekki kunnugt um nöfnin „Móabarð" eða „Melþúfa" á Fróðárrifi, en man eftir smámelgrasþúfum hér og hvar á rifinu."

Magnús Guðmundsson, fyrrv. prófastur, fæddur árið 1896, hefur fyrir dómi borið m. a.: „Vitnið tekur fram, að allan þann tíma, sem það var búsett í Ólafsvík, frá 1920—1963, hafi það alltaf heyrt, að Fróðá ætti allt Fróðárrif. Þetta segir vitnið, að hafi sagt sér gamlir menn, sem gjörla þekktu til, þ. á m. Þórkatla Jóhannsdóttir, sem lengi bjó í Klettakoti, margfróð kona, og Guðmundur Þorlákssson, bóndi í Geirakoti og Innri-Bug og síðast í Ólafsvík. Þá kveðst vitnið sérstaklega hafa kynnt sér þetta árið 1928, þegar það var meðdómsmaður í tveimur landamerkjamálum . . . Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt nöfnin „Móabarð" og „Melþúfa" á Fróðárrifi og kveðst þó hafa reynt að safna örnefnum eftir því sem það gat. Það kveðst heldur ekki kannast við þau nöfn sem kennileiti eða að þau hafi verið notuð í landamerkjalýsingum. Vitnið tekur fram, að það telji landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs, á Fróðárrifi, hafa verið við Bugsós, þar sem hann féll til sjávar árið 1936, áður en Fróðá breytti um farveg . . . Vitnið segir, að allur reki á Fróðárrifi hafi verið nytjaður af Fróðá, en kveðst ekki minnast þess, að aðrir nytjuðu veiði í Bugsvaðli og ósunum en ábúendur Bugsjarða. Fróðárbændur hafi aldrei nytjað veiði í ósnum, þótt þeir ættu land að öðrum megin. Vitnið tekur fram, að netaveiði í Bugsvaðli og ádráttarveiði í ósnum hafi alltaf verið mikið stunduð af ábúendum Bugsjarða."

Önnur vætti hafa minni þýðingu fyrir úrslit málsins og verða ekki rakin hér.

VI.

Stefnendur styðja aðalkröfu sína þeim rökum, að augljóst sé af staðháttum, að Bugsvaðlar báðir og landið á milli þeirra sé allt samfellt ósasvæði Fróðár, enda upplýst, að áin hafi runnið ýmist út við Rauðaberg að vestan eða norður við Haukabrekkuhöfða að austan og að segja megi alls staðar þar á milli á hinum ýmsu tímum. Samkvæmt því sé einsætt, að miðlínuregla Jónsbókar, Llb. 56, eigi hér við. Önnur meginmálsástæða stefnenda er sú, að eigendur og ábúendur Bugsjarða hafi í manna minnum nytjað rifið, eins og það væri þeirra eignarland, og öll tilheyrandi fríðindi og alla veiði í Bugsvaðli ytri og hafi

þeir því öðlast eignarrétt á vestari hluta rifsins fyrir hefð. Hafi Fróðármenn þar hvergi nærri komið og engin mótmæli uppi haft. Stefnendur hafa mótmælt því, að landamerkjadómurinn frá 1928 verði talinn bindandi fyrir Bugsjarðir, þar sem eigendur þeirra hafi ekki fengið tækifæri til þess að gæta réttar síns né heldur hafi dómurinn verið birtur fyrirsvarsmönnum þeirra jarða og honum hafi ekki verið þinglýst og hann ekki færður inn í landamerkjabækur sýslumannsembættisins í Stykkishólmi. Þá hafa þeir mótmælt landamerkjabréfinu frá 1941. Telja þeir, að það sé á ýmsan hátt varhugavert og hafi með því verið breytt gömlum merkjum, þ. e. eigendur Bugsjarða hafi afsalað sér hálfu Fróðárrifi, en til þess hafi þeir ekki verið bærir, þar sem samþykki eiginkonu Þorgils Þorgilssonar hefði þurft til að koma og umboðsmanni þjóðjarða hafi verið heimildarlaust að gera slíka afsalssamninga.

Vrakröfu sína byggja stefnendur á því, að á síðustu 150 árum hafi orðið miklar breytingar á Fróðárrifi, einkum þær, að rifið hafi færst að landinu og tekið að ganga upp á engjasvæðið, er skilur að vaðlana tvo. Af loftljósmyndum frá árunum 1946—1957 og 1960 (dskj. nr. 10, 11 og 12) sé hægt að greina verulega breytingu á rifinu, þannig að augljóst sé, að það færist ört inn á land. Af uppdrætti verkfræðings, sem gerður er eftir loftljósmyndinni frá 1946 (dskj. nr. 13), og uppdrætti, gerðum í júlí 1973 af sama verkfræðingi samkvæmt mælingu á vettvangi (dskj. nr. 14), megi sjá, að rifið hafi færst svo langt inn yfir land, að Engjaoddarnir svonefndu séu komnir alllangt undir rifið. Á rifinu megi sjá leifar af girðingu, sem var á syðri bakka (landmegin) rennunnar, sem tengdi vaðlana tvo. Það hljóti að vera ljóst, að um leið og rifið færist yfir land stefnenda, verði það þeirra eign. Af því leiði, að hafi rifið einhvern tíma tilheyrt jörðinni Fróðá, þá tilheyri það henni ekki lengur að því er varðar þann hluta rifsins, sem liggur vestan Engjaodda, eða a. m. k. ekki þann hluta þess vestan Engjaodda, sem færst hefur yfir land þeirra. Af þessum sökum sé nauðsynlegt að miða merki jarðanna við annað en Fróðárrif til þess að koma í veg fyrir málaferli síðar.

Þrautavarakröfu sína byggja stefnendur á því, að hin samfelldu, varanlegu og útilokandi afnot Bugsmanna af veiði í Bugsvaðli og nytjum af Fróðárrifi skapi þeim hefðbundinn rétt til slíkra afnota framvegis, jafnvel þótt grunneignarréttur þeirra verði ekki viðurkenndur.

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því, að landamerkjabréfið frá 1941 sé frumheimild, enda hafi rifið alla tíð fylgt jörðinni Fróðá og sé eignarhaldið ótvírætt úrskurðað Fróðá með dóminum frá 1928. Fróðá hafi árin 1835—1936 runnið til sjávar vestan við rifið, við Rauðaberg. Þetta hafi einnig stuðning í landamerkjabréfinu fyrir þjóðeigninni Arnarhóli frá 25. maí 1889, þar sem merkin milli Arnarhóls og Fróðár séu m. a. um Bugsós til sjávar, svo og landamerkjabréfi fyrir Fróðá frá 9. júlí 1930, þar sem Bugsós ræður merkjum, en upplýst sé, að á þessum tíma hafi Fróðá (Bugsós) runnið til sjávar að vestan og ósinn ekki færst austur fyrir fyrr en árið 1936. Tilvísun í „gamla Bugsós" og herforingjaráðskortið í merkjabréfinu frá 1941 styðji þetta einnig, enda hafi þessi ákvæði verið sett í bréfið til frekari skýringa og glöggvunar og til þess að taka af allan vafa.

VII.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, virðist ótvírætt, að landamerkjabréfið frá 27. júlí 1941 sé í fullu gildi, enda ástæður þær, sem færðar eru fyrir ógildi þess, ekki nægilega rökstuddar eða haldgóðar. Upplýst er í málinu, að eigendur og ábúendur Bugsjarða hafa einir nytjað veiði í Bugsvaðli ytri og haft nytjar af Fróðárrifi um langan aldur. Hins vegar verður ekki séð, að þeir hafi haft það eignarhald á vestari hluta Fróðárrifs, að það skapi þeim eignarrétt á þeim hluta rifsins fyrir hefð. Dómurinn verður því að hafna aðalkröfu stefnenda.

Dómurinn getur fallist á þær röksemdir, sem stefnendur færa fyrir því, að Fróðárrif hafi færst inn á land fyrir áhrif sjávar, og að við það hafi Engjaoddi, sem miðað er við í landamerkjabréfinu, horfið undir rifið. Einnig getur dómurinn fallist á þær röksemdir stefnenda, að Engjaoddinn sé staðsettur þar, sem merktur er punktur A 1 á uppdrættinum á dskj. nr. 14, og sést það við samanburð á uppdrættinum og loftljósmyndunum frá 1946 og 1960 (dskj. nr. 10 og 12). Hins vegar verður nú ekki lengur séð, hvar gamli árfarvegurinn í gegnum Bugsvaðal, sem miðað er við í landamerkjabréfinu frá 1941, hefur legið, og verður því dómurinn að marka línu, er komi í hans stað, sem landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs.

Landfræðilega virðist eðlilegast að ákvarða merkin eftir beinni línu frá Engjaoddanum (punkti A 1) og í miðjan grasigróinn stóran klett, sem stendur einn sér í túnjaðri Ytri-Bugs, ofan við rifið, vestur undir Rauðabergi, og eru dómendur sammála um

að ákveða merkin eftir þeirri línu, þar til hún sker núverandi afrennsli Bugsvaðals ytri, sem síðan ræður til sjávar.

Eftir þessum úrslitum þykir eðlilegt, að málsaðiljar beri hver sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnum Gísla Kjartanssyni dómarafulltrúa, Borgarnesi, og Þráni Bjarnasyni oddvita, Hlíðarholti í Staðarsveit.

Dómsorð:

Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmarksvörðu, sem er hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, í merki á Engjaodda (punktur A 1), og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðausturhorni í vestri brúarstöpli Fróðár í fyrrnefnda hornmarksvörðu. Frá merkinu á Engjaodda (punktur A 1) ræður bein lína með stefnu í miðjan grasigróinn stóran klett, sem stendur einn sér í túnjaðri Ytri-Bugs, ofan við rifið, vesturundir Rauðabergi, þar til hún sker núverandi afrennsli Bugsvaðals ytri, og ræður það síðan til sjávar þar, sem það rennur við Rauðaberg.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. júlí 1979.

Nr. 164/1976. **Sigfús H. Vigfússon, eigandi Geirlands,**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Jóni Pálssyni, eiganda Prestbakka, og
Þorbergi Jónssyni, eiganda Prestbakkakots
(Sigurður Ólason hrl.).

Landaemerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. ágúst 1976. Kröfur áfrýjanda eru, „að landamerki jarðanna Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar verði frá Þverá ákveðin samkvæmt línu, sem hugsast dregin frá svonefndum Stekkhamri (austast í hömrunum svörtu fyrir ofan Stekkinn) um toppinn á Akurhóli í austurmarkalínu Kirkjubæjarklausturs — hornpunkt Klausturmarks — með fráviki frá beinni línu vegna túns, sem stefndu hafa ræktað í nánd Akurhóls, eftir línum A, B, C, D og F á uppdrætti gerðum af Skúla Jóhannssyni verkfræðingi 31. jan. 1979.“ Auk þess er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu in solidum, eins og málið hefði ekki verið gjafvarnarmál í héraði.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er uppdráttur sá, sem getið er í kröfugerð áfrýjanda. Er á uppdráttinn mörkuð lína sú, sem áfrýjandi krefst fyrir Hæstarétti, að viðurkennd verði landamerki milli jarða málsaðilja. Þá er og þar dregin lína samkvæmt varakröfu áfrýjanda fyrir héraðsdómi. Ekki er þessi krafa höfð uppi fyrir Hæstarétti. Enn eru á uppdrættinum sýnd austurmörk Geirlandsáraura samkvæmt athugunum Jóns Jónssonar jarðfræðings. Meðal gagna, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er einnig uppdráttur í mælikvarðanum 1:50.000, prentaður 1956, þ. e. „herforingjaráðskort“ nr. 78. Á uppdrátt þennan hafa aðiljar þessa dómsmáls og Matthías Ólafsson á Breiðabólsstað markað ýmsar línur, sem getið er í málsskjölum, og ritað skýringar. Eigendur og ábúendur Kirkjubæjarklausturs, Lárus Siggeirsson og Valdimar Lárusson, hafa ritað athugasemd á uppdráttinn, og segir þar m. a.: „... verulegur ágreiningur er um, hvað sé átt við með opinn Stjórnarfoss sem norðurmark, sömuleiðis er ágreiningur um suðurlínu“. Meðal gagna þeirra, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er einnig afsal, undirritað af áfrýjanda 24. ágúst 1943, þar sem hann afsalar nafngreindum manni „ógróinni land-

spildu á svokölluðum Stjórnarsandi". Í afsalinu segir, að mörk milli landspildu þessarar og Geirlands séu „núverandi farvegur Stjórnar, og á Geirland því nú ekkert land handan Stjórnar".

Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur hefur að tilhlutan Hæstaréttar sett dómlínu héraðsdóms, sem einnig verður dómlína Hæstaréttar, svo sem síðar greinir, inn á uppdrátt Skúla Jóhannssonar. Hefur Ragnar markað dómlínuna með þremur punktum sem hér segir samkvæmt skýrslu hans:

„Punktur X: 75 metra austan við norðausturhorn á íbúðarhúsi í Mörtungu I (Neðri Mörtungu), mælt í beinu framhaldi af norðurhlið hússins.

Punktur Y: 26 metra austan við vesturbrún á suðurenda austasta steypta stöpulsins undir brúnni yfir Geirlandsá hjá Mosum, mælt í beinu framhaldi af suðurbrún brúarinnar.

Punktur Z: 64,5 metra austan við norðausturhorn á steinsteyptum grunni undir sumarbústað í Hæðagarðslandi sunnan Skaftár mælt í beinu framhaldi af norðurhlið grunnsins."

Þá segir enn fremur í skýringum Ragnars Árnasonar:

„Í þeirri svokölluðu Akurhólslínu, sem sýnd er á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, var mæld fjarlægðin frá syðri brún þjóðvegar (vegur ca. 7 m breiður) að Breiðbalakvísl. Reyndist hún vera 915 m eftir línunni fram á gróinn bakka, en frá honum voru um 12 m fram í vatnsborð Breiðbalakvíslar hinn 23. 6. 1979. Ástæða er til að taka fram, að Akurhólslínan er ekki skýrt afmarkanleg í landinu, þar sem endapunktur er ónákvæmur við Stekkjarhamar.

Þá var mæld fjarlægðin frá syðri vegarbrún þjóðvegar (vegur ca. 6 m breiður) að Breiðbalakvísl eftir þeirri dómlínu héraðsdóms, sem að ofan er lýst. Reyndist hún vera 829 m fram á syðsta hálfgróna bakkann (en þó voru vatnslænur á milli), en frá bakkanum voru 129 m um lausa aura að vatnsborði Breiðbalakvíslar hinn 24. 6. 1979. Fjarlægðin milli þeirra lína, sem mældar voru, mæld í syðri vegarbrún, reyndist vera 526,5 m."

Í máli þessu er deilt um landamerki milli jarðarinnar Geirlands á aðra hlið og jarðanna Prestbakka og Prestbakkakots á hina. Verður eigi í málinu dæmt um merki jarða þessara og Kirkjubæjarklausturs. Ekki verður heldur um það fjallað, hvort merki séu milli jarða málsaðilja sunnan Breiðbalakvíslar eða hvar þau merki séu, ef svo er. Er sú niðurstaða á því byggð, sem segir í fyrrgreindu afsali frá áfrýjanda 1943, svo og á því, að dómkröfur aðilja í héraði voru aðeins um merki suður að Breiðbalakvísl, og í áfrýjunarstefnu var ekki krafist úrlausnar um merki sunnan árinnar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, verður ekki fallist á kröfu áfrýjanda um viðurkenningu á landamerkjalínu, sem miðast við Akurhól. Verður fallist á, að merkjalínan frá Þverá að Breiðbalakvísl skuli vera sú, sem landamerkjadómur Skaftafellssýslu ákvað, svo sem Ragnar Árnason hefur nánar markað hana á uppdrátt Skúla Jóhannssonar og fyrr er lýst.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar skulu vera bein lína frá Þverá að Breiðbalakvísl, og skal stefna línunnar markast samkvæmt framansögðu af punktunum X, Y og Z á uppdrætti Skúla Jóhannssonar og Ragnars Árnasonar, hæstaréttarskjali U.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eru staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Skaftafellssýslu 19. nóvember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. október sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi þann 30. apríl 1973 samkvæmt kröfu bændanna Jóns Pálssonar á Prestbakka og Þorbergs Jónssonar í Prestbakkakoti, jarðirnar eru báðar í Hörglandshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Varnaraðili er Sigfús H. Vigfússon, eigandi og ábúandi Geirlands í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Kröfur málshöfðenda eru þær, að Geirlandsá, þar sem hún nú rennur, ráði merkjum milli jarða þeirra og jarðarinnar Geirlands í Kirkjubæjarhreppi. Jafnframt er þess krafist, að varnaraðili, eigandi og ábúandi Geirlands, verði dæmdur til þess að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati dómsins, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá gerði lögmaður málshöfðenda þá kröfu, að sér yrðu ákveðin talsmannslaun. Til vara er sú krafa gerð, að dómurinn ákveði landamerki í samræmi við brotna línu á dskj. nr. 27.

Varnaraðili hefur látið sækja þing og gert þessar dómkröfur *aðallega:* Landamerki jarðanna verði ákveðin þannig: Bein lína úr hömrunum svörtu fyrir ofan austasta stekkinn í Mörtungulandi, sem hugsast dregin yfir hrygginn á Akurhóli og áfram sömu stefnu að Breiðbalakvísl.

Til vara: Bein lína, sem hugsast dregin eftir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsáraurum frá hömrunum svörtu fyrir ofan austasta stekkinn í Mörtungu hið efra að Breiðbalakvísl.

Til þrautavara: Bein lína, sem hugsast dregin eftir miðjum Geirlandsáraurum frá hömrunum svörtu fyrir ofan austasta stekkinn í Mörtungu að Breiðbalakvísl. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, hvernig sem málið fer, eins og ekki hafi verið veitt gjafvörn í málinu. Lögmaður stefnda hefur lagt fram reikning yfir útlagðan kostnað sinn af málinu.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. ágúst 1972, er málshöfðendum veitt gjafsókn allt að kr. 30.000.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. janúar 1973, er varnaraðilja veitt gjafvörn allt að kr. 20.000.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Tilefni máls þessa er ágreiningur aðilja um mörk milli landa þeirra. Halda málshöfðendur því fram, að Geirlandsá ráði merkjum milli jarðanna, frá því að Þverá kemur í hana hið efra og þar til hún breytir nafni hið neðra í Breiðbalakvísl, en það er

þar, sem áin Stjórn fellur í hana að vestan. Styðja stefnendur kröfu sína við landamerkjalýsingu prestsetursins Prestbakka með hjáleigunni Prestbakkakoti frá 4. júní 1890. Landamerkjalýsing þessi er svohljóðandi: „Að austan er markið milli Prestbakka og Hörgdals úr Tvíþúfu á Hraunfelli beina línu í austuröxlina á Há-Kaldbak, þaðan til afréttar. Suður á bóginn úr Tvíþúfu og beinustu línu í vörðuna á Hábrekku fyrir austan Prestbakkakot, í efri endann á Merkilág, svo beina línu í þvermarkið á söndunum fyrir framan Breiðbalakvísl.

Að vestan ræður Þverá og Geirlandsá. Þegar Geirlandsá sleppur er markalínan úr mynni hennar og beint í þvermarkið á söndunum fyrir sunnan Breiðbalakvísl.

Jörðin á upprekstur fyrir geldfénað á afrétt Síðumanna."

Undir lýsingu þessa rita Bjarni Þórarinsson, Sigurður Sigurðarson, Kristófer Þorvarðarson og B. Bjarnason. Þá hefur Sigurður Ólafsson ritað undir landamerkjalýsinguna sem ábúandi á Kirkjubæjarklaustri og sagst vera þessari merkjalýsingu samþykkur. Þá rita undir lýsinguna Þórunn Sigurðardóttir, þ. e. hennar nafni er handsalað, og Eiríkur Bjarnason. Landamerkjalýsing þessi var lesin á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og rituð í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Ágreiningur er ekki með aðiljum, að svo hafi verið ritað.

Af hálfu varnaraðilja eru brigður bornar á þessi landamerki. Styður varnaraðili aðalkröfu sína (dskj. nr. 24) við landamerkjalýsingu úr úttektarbók beggja klaustranna, Kirkjubæjarklausturs og Þykkvabæjarklausturs, frá árinu 1843 til 1867, en þar er á bls. 32 úttekt á Geirlandi, sem fram fór 27. maí 1847. Í lok úttektarinnar er greint frá landamerkjum jarðarinnar, þar sem m. a. segir: „Að austan ræður Geirlandsá norðan til en að framan til svo að toppurinn á Akurhól beri í hamrana svörtu fyrir ofan austasta stekkinn í Mörtungu. Að sunnan ræður opinn Stjórnarfoss." Undir úttekt þessa skrifar ábúandinn, Guðríður Jónsdóttir.

Á manntalsþinginu að Kleifum 19. júní 1890, sem áður er nefnt, eru jafnframt lesin landamörk þjóðjarðarinnar Geirlands í Vestur-Skaftafellssýslu. Landamerkjalýsing þessi hljóðar svo: „Að austan og norðan ræður Geirlandsá þar til Þverá, sem er fyrir framan Mörtungu kemur í hana, svo beina línu suður að Klaustursmarki á Söndum, sem er eftir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsáraurum. Svo aftur að vestan frá Klaustursmarki beina línu í Söðulstein, sem er á milli Merkur og Geirlands, svo í Bótasteini að bera í nef austan við Skollastíg, svo þaðan af

brúninni í vörðu á Staðarselsfelli, úr henni í vörðu framan við Helgafjallsenda, sem beri í öxlina hvössu fram í Geirlandshrauni. Þessi húfa endar við Stjórn, svo ræður hún norður úr að Eintúnaháls útmælda landi.

Afréttur fylgir með öðrum jörðum á Síðumannaafrétti að tiltölu eftir jarðarmegni."

Undir þetta ritar 24. maí 1890 Ólafur Pálsson, þáverandi umboðsmaður jarðarinnar. Á þessum árum er sýslumaður Skaftafellssýslu Sigurður Ólafsson, sá er áður er nefndur sem ábúandi á Kirkjubæjarklaustri. Við þessa síðastnefndu landamerkjalýsingu studdi varnaraðili varakröfu sína upphaflega. Hann hefur þó breytt kröfunni nokkuð, eins og fram kemur á uppdrætti á dskj. nr. 24. Byggist sú breyting á því, að hann telur ekki mögulegt að miða við mót Þverár og Geirlandsár, þar sem ekki er um fastan punkt að ræða.

Á þeim tíma, sem landamerkjalýsingar jarðanna eru gerðar, er Geirland þjóðjörð, svo sem áður er komið fram, en Prestbakki er kirkjujörð. Þann 14. nóvember 1958 keypti Jón Pálsson bóndi, Prestbakka, jörðina samkvæmt heimild í lögum nr. 4 frá 26. febrúar 1946 um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Þann 4. október 1966 keypti Þorbergur Jónsson bóndi, Prestbakkakoti, jörðina af ríkissjóði með heimild í lögum nr. 102 frá 31. desember 1962. Í afsalsbréfi til Þorbergs segir, að rísi ágreiningur um landamerki, undanskilji seljandi sig allri ábyrgð. Geirland mun ríkissjóður hafa selt föður núverandi ábúanda einhvern tíma nálægt aldamótum.

Nokkrar loftljósmyndir hafa verið lagðar fram, og eru þær helstar mynd frá 1938, mynd frá 1946 og mynd frá 1960. Aðrar myndir eru í minni mælikvarða.

Málshöfðendur hafa komið fyrir dóm og staðfest bréf, dagsett 5. september 1972, sem þeir skrifa Sigurði Ólasyni sem svar við bréfi hans, dags. 30. september 1972. Í bréfi málshöfðenda kemur fram, að ræktað land er Geirlandsmegin við markalínu samkvæmt aðalkröfu varnaraðilja. Þá kemur fram í bréfinu, að annars eru misjafnlega grónir aurar og valllendi, móar Geirlandsmegin við línuna. Verulegt magn af aurunum teljist þó ógrónir. Þá kemur fram, að þeir telja Geirlandsá ekki hafa breytt farvegi sínum að ráði síðastliðin 20 ár. Þeir telja Prestbakkajarðirnar hafa haft veiðinytjar í Geirlandsá allt þar til núverandi eigandi Geirlands fór að amast við þeim nytjum. Þá kemur

fram í bréfinu, að land austan Geirlandsár hafi ekki verið nytjað frá Geirlandi, svo þeir viti til.

Jón Pálsson, bóndi á Prestbakka, sagði fyrir dóminum, að hann hefði flutt frá bænum Keldunúpi í Hörglandshreppi árið 1952 að Prestbakka. Hann taldi Geirlandsána hafa verið í svipuðum farvegi ofan brúar, síðan hann flutti að Prestbakka. Hins vegar kvaðst hann muna eftir því, þegar áin rann meðfram svonefndum Bringum skammt vestan við túnið á Prestbakka og þar suður á aurana. Hann sagði ána hafa breytt nokkuð um farveg sunnan brúarinnar og hefði hún brotið nokkurt land vestan megin, einkum fyrir sunnan og vestan gamla fjárrétt, sem stendur á vestari bakkanum. Hann kvaðst hafa veitt í lagnet í Geirlandsá, skömmu eftir að hann fluttist að Prestbakka, og hafi hann veitt á hverju ári, þar til veiðarfæri hans voru tekin upp úr ánni án hans vitundar. Sigfús H. Vigfússon, bóndi á Geirlandi, hafi tekið veiðarfærin upp. Hann kvaðst ekki hafa lagt net í ána eftir þetta til þess að koma í veg fyrir ófrið. Hann mundi ekki, hvaða ár netið var tekið upp, en taldi það hafa verið á fyrstu búskaparárum sínum á Prestbakka. Hann vissi ekki um nytjar fyrri Prestbakkabænda í Geirlandsá. Hann kvaðst aldrei hafa heyrt annars getið en Geirlandsá réði mörkum milli Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar, áður en hann fluttist að Prestbakka. Það væri ekki nema 2—3 ár síðan hann heyrði því fyrst haldið fram, að önnur mörk væru á milli jarðanna en Geirlandsá. Hann kvaðst hafa ræktað túnið umhverfis Akurhól fyrir um það bil 4 árum og hefðu engar mótbárur komið fram gegn því af hálfu Geirlandsbónda.

Þorbergur Jónsson, bóndi í Prestbakkakoti, kvaðst hafa flutt þangað árið 1921 og hafa verið þar óslitið síðan.

Hann sagði, að þegar hann kom að Prestbakkakoti, hefði Geirlandsá runnið austan megin á aurunum fram með svonefndu Bringuvafi vestan við Prestbakkatún í svonefndan Búrhyl. Þaðan hafi hún runnið suður og vestur á þær slóðir, sem hún rennur nú. Skömmu eftir að hann flutti að Prestbakkakoti, hafi Geirlandsá breytt farvegi sínum á svæðinu ofan við brúna. Hann segir, að hún hafi runnið þá eftir farvegi vestan til á aurunum á svipuðum slóðum og hún rennur nú eða litlu vestar. Hann mundi ekki, hvenær hann byrjaði fyrst veiði í Geirlandsá, en taldi það hafa verið um eða laust fyrir 1930. Hann kvaðst hafa veitt í ánni óslitið um 30 ára skeið, bæði í lagnet og ádráttarnet. Hann kvaðst í uppvexti sínum ekki hafa heyrt um önnur landa-

merki milli Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar en Geirlandsá. Hann hafi fyrst fyrir tveimur árum heyrt, að til væri merkjalína milli framangreindra jarða, sem lægi um Akurhól. Hann sagði, að Geirlandsá hefði brotið land að vestanverðu síðustu áratugina, aðallega fyrir sunnan og vestan fjárréttina, sem stendur á vesturbakka árinnar. Sagði hann, að áin hefði brotið ca 25—30 m breiða spildu ofan við fjárréttina og enn breiðari spildu sunnan réttar frá árinu 1942, en þá hafi brúin yfir ána verið byggð. Hann kvaðst muna þetta greinilega, því hann hafi unnið við að byggja brúna.

Sigfús Helgi Vigfússon, varnaraðili máls þessa, hefur komið fyrir dóm. Hann kvaðst vera fæddur á Geirlandi í Kirkjubæjarhreppi árið 1902 og hafa verið þar lengst af síðan. Hann sagði, að frá því er hann fyrst myndi eftir sér, hefði Geirlandsá verið að brjóta land vestan megin á svæðinu fyrir sunnan brúna. Hann gat ekki sagt, hversu mikið land Geirlandsá hefði brotið sunnan brúar, en sagði þar vera um verulegt landsvæði að ræða og ekki undir 100 m það land, sem hún hefði brotið austan af gömlu fjárréttinni. Langmest af þessu landi hafi áin brotið fyrir 1942, er brúin var byggð. Fyrir norðan brúna hefði áin ekki brotið mikið land nema gróna aura. Til skýringar lagði hann fram loftmynd, þar sem hann hefur markað rauða óbrotna línu, sem sýnir mörk áður óbrotins lands, eins og það var fyrst, þegar hann man eftir sér. Með rauðri punktalínu hefur hann markað grónu aurana, sem hann telur ána hafa brotið norðan brúarinnar. Loftmynd þessi er þingmerkt sem dskj. nr. 20.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið lagt fram vottorð, dags. 26. maí 1973. Vottorðið er undirritað af Sigurði og Eiríki Skúlasonum frá Mörtungu og Jóni og Bjarna Bjarnasonum frá Hörgsdal. Mörtunga á merki bæði að Prestbakka og Geirlandi. Hörgsdalur á merki að Prestbakka að austan. Vottorðið hljóðar svo: „Við undirritaðir, sem fæddir erum og uppaldir í næsta nágrenni við jarðirnar Geirland og Prestbakka, vottum hér með, að við heyrðum aldrei í okkar uppvexti getið um aðra landamerkjalínu milli nefndra jarða en þá, sem hugsast dregin úr Stekkhamri í Mörtungulandi í beina stefnu á Blesalandshól í Landbroti.

Landamerkjalína þessi er nánast hin sama og lína sú, sem liggur um toppinn á Akurhól og skráð er í gömlum úttektargerðum fyrir jörðina Geirland."

Eiríkur Skúlason hefur komið fyrir dóminn og staðfest þetta

vottorð. Eiríkur er fæddur 5. nóvember 1902. Hann er fæddur og uppalinn í Mörtungu og kvaðst hafa átt þar heima til 1930, en hafi þá flust að Prestbakka og hafi búið þar í 2 ár. Síðan hafi hann verið 1 ár í Mörtungu, en flust þaðan að Þykkvabæ í Landbroti 1934, þar sem hann hafi búið í 10 ár. Árið 1944 hafi hann flust að Kirkjubæjarklaustri og verið þar vinnumaður í 8 ár, eða til ársins 1952. Þá hafi hann flust að Hunkubökkum í Kirkjubæjarhreppi og verið þar í 2 ár, en árið 1954 hafi hann flust alfarinn úr héraðinu. Hann sagði lítið hafa verið rætt um merki Geirlands og Prestbakka í uppvexti sínum, en kvaðst minnast þess að hafa heyrt Jón Einarsson, síðast til heimilis að Kirkjubæjarklaustri, dáinn 1918, segja, að landamerkin væru úr Blesalandshóli um Akurhól og í Svartkollusteina, sem vitnið telur, að sé það sama og Stekkhamar. Þessi Jón Einarsson hafi um skeið verið vinnumaður á Prestbakka og Geirlandi, en hafði búið sinn búskap í Prestbakkakoti. Hann sagði Geirlandsbónda ekki hafa nytjað land austan Geirlandsár, enda hafi ekki verið um mikið graslendi að ræða sunnan Akurhóls í þá daga. Hann kvað ána hafa skipt búfénaðargöngu milli bæjanna. Hann sagði, að fyrst þegar hann muni eftir Geirlandsá, hafi hún runnið um svokallað Kleifarnef. Hann mundi ekki, hvenær þetta var. Áin hafi slegið sér frá Kleifarnefi og austur að Bringnahorni og þar meðfram Bringnarofi og vestur undir Krossgil. Áin hafi runnið þessa leið í nokkuð föstum farvegi fram yfir 1930. Þegar áin kom suður fyrir Krossgil, hafi hún breitt úr sér suður aurana og hafi ein kvísl hennar runnið suður með grasfit vestan undir rofinu, vestan undir Prestbakkatúninu og þaðan í Búrhyl. Þegar komið var fram á móts við svonefndan Akurhól, hafi áin farið að slá sér til vesturs og alla leið að bökkunum, þar sem brúin yfir ána stendur nú. Hann kvað Geirlandsá ekki síðar en um síðustu aldamót hafa byrjað að brjóta land að vestan og hafi haldið því áfram síðan. Hann sagði ána hafa brotið meira sunnan brúar en norðan, m. a. engjar frá Geirlandi. Ofan brúar hafi áin einnig brotið graslendi. Hann sagði afa sinn, Jón Vigfússon, hafa flust að Geirlandi árið 1887 og hafa búið þar til dauðadags 1889. Hann kvaðst minnast þess, að árið 1910 hafi hann verið á ferð með föðurbróður sínum, Jóni Jónssyni, í vorsmölun. Við gamla lögrétt, sem staðið hafi vestan Geirlandsár, töluverðan spöl frá aurunum, hafi Jón sagt við hann: „Nú er hún búin með Björnshólmann". Hann kvaðst ekki vita fyrir víst, hvar þessi Björnshólmi var, en telur hann hafa verið í háaustur frá réttinni.

Hann kvaðst aðeins einu sinni hafa veitt í Geirlandsá, meðan hann bjó á Prestbakka. Það hafi verið í ádráttarnet og með honum hafi verið Þorbergur Jónsson, bóndi í Prestbakkakoti. Hann sagði, að í þá daga hafi hver og einn veitt, þar sem honum sýndist, enda þótt hann ætti þar ekki land að. Þetta hafi verið látið óátalið af landeigendum. Hann sagði, að þegar hann var bóndi á Prestbakka, hafi hann séð þar landamerkjabréf, undirritað af ábúendum Geirlands, Prestbakka, Mörtungu og Eintúnahálsi, en það voru Ásgeir Blöndal héraðslæknir, Geirlandi, Bjarni Þórarinsson prestur, Prestbakka, Eiríkur Bjarnason og Oddur Oddsson, bændur í Mörtungu, og Ketill Einarsson, bóndi á Eintúnahálsi. Samkvæmt þessu landamerkjabréfi hafi mörkin á milli Geirlands og Prestbakka verið um Blesalandshól, Akurhól og í Stekkjahamar. Hann kvaðst ekki muna, hvenær bréfið var gefið út, en sagði, að Ásgeir Blöndal hefði verið á Geirlandi frá árinu 1883 til ársins 1887. Ketill Einarsson hafi ekki byrjað búskap á Eintúnahálsi fyrr en árið 1884. Hann upplýsti, að hann og varnaraðili þessa máls væru bræðrasynir.

Sigurður Skúlason, sem fæddur er 30. ágúst 1916, hefur komið fyrir dóminn og staðfest undirritun sína á vottorði því, sem áður er nefnt, og staðfest vottorðið sem rétt.

Hann kvaðst vera fæddur og uppalinn í Mörtungu í Hörglandshreppi, hafa dvalist þar til ársins 1939. Eftir það hafi hann verið til sjós um skeið, en dvalist annað slagið í Mörtungu. Hann hafi verið á Kirkjubæjarklaustri í 1 ár, en flust til Reykjavíkur árið 1954. Hann mundi ekki eftir því, að Geirlandsbóndi nytjaði land austan Geirlandsár. Hann sagði, að þegar hann myndi fyrst, hafi Geirlandsá runnið austur að svonefndu Bringnarofi og þaðan að Krossgili. Þá hafi verið dálítil grasslétta vestan við túnið á Prestbakka og vestan við hana hafi runnið dálítill áll úr ánni í svonefndan Búrhyl, sem er alveg vestan við Akurhól.

Hann kvaðst greinilega muna, að áin hefði runnið svona 1936, en 1936 hafi áin farið að renna suðvestur á bóginn og runnið þá um skeið suður úr miðjum aurum eða nálægt því. Hún hafi þó ekki runnið í einum farvegi, því lengi eftir þetta hafi áll runnið í Búrhyl. Hann sagði, að kringum árið 1936 hefðu verið þarna grassléttur miklar, sem slegnar voru frá Geirlandi, að því er hann heyrði sagt. Graslendi þetta hafi náð austur undir miðja aura árinnar, eins og þeir eru nú. Lækur hafi runnið eftir graslendi þessu, sem nefndist Auralækur. Þegar áin tók að færa sig vestur á bóginn eftir 1936, fór hún að brjóta þetta graslendi



Efri - Mörtunga
Mörtunga I
(Neðri - Mörtunga)
Stekkhamar
Þverá
Geirlandsá
Bringnahorn
Bringnarof
Kleifarnef
Krossgil
Dómlína Hæstaréttar
Prestbakki
Prestbakkakot
Varða á Hábrekku (ónákvæmt)
Landamerkjalína Prestbakkakots að austan
Skýringarmynd, M≈1:1000
75,0 m
Skýringarmynd, án mælikv.
Brú
26,0 m
Mosar
Akurhóll
Breiðabólsstaður
Þjóðvegur
Landamerkjalín



Á þennan uppdrátt Skúla Jóhannssonar er færð landamerkjalína milli jarðanna Geirlands annars vegar og Prestbakka og Prestbakkakots hins vegar, skv. dómi Hæstaréttar í hæstaréttarmáli nr. 164/1976

Ennfremur voru færðir á uppdráttinn viðaukar eftir sömu loftljósmynd og leiðréttingar og skýringar eftir mælingum, sem gerðar voru í júní 1979.

Þetta 2. frumrit er gert í júní 1979 af Ragnari Árnasyni verkfr.

Ljósrit dagsett .....

Hæstaréttarskjal U.

Hæstaréttardómar 1979, bls. 846—862, mál nr. 164/1976.

og bera það auri smátt og smátt og hafi það tekið ána nokkur ár að eyða þessu landi. Hann giskaði á, að það hafi tekið hana 10 ár. Hann segir, að á uppvaxtarárum sínum í Mörtungu hafi ekki verið talað um veiðirétt og hafi menn veitt þar í ánni, enda þótt þeir ættu ekki land að. Hann sagði, að Geirlandsá hefði brotið grasigróna bakka vestan megin, sunnan brúarinnar, sem nú er. Ekki vissi hann fyrir víst, hversu mikið landbrotið væri, en sagði það þó nokkuð mikið. Þetta vitni og varnaraðili eru bræðrasynir. Hann kvaðst hafa farið úr héraðinu í kringum 1944.

Málshöfðendur byggja kröfur sínar alfarið á landamerkjabréfi Prestbakkajarðar frá 4. júní 1890. Þeir halda því fram, að bréfið sé undirritað af Þórunni Sigurðardóttur, þáverandi ábúanda Geirlands, vegna jarðarinnar svo og öðrum fyrirsvarsmönnum aðliggjandi jarða. Bréf þetta kveði skýrt á um, að Geirlandsá ráði merkjum, en það sé einmitt ágreiningsefnið í þessu máli. Hér sé um að ræða hin sjálfsögðu og eðlilegu náttúrulegu mörk, enda algeng og venjuleg á milli jarða hér á landi allt frá landnámstíð. Vilji varnaraðili halda öðru fram en að áin ráði merkjum, þá hvíli sönnunarbyrðin öll á honum. Þá halda þeir því fram, að ekki sé annað fram komið en Geirlandsá renni nú eins og hún hafi alltaf runnið, a. m. k. síðustu 20 árin, en það sé nægilegt samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, 8. gr., 3. tl., til þess að hún teljist hafa runnið þar frá fornu fari. Engu máli skipti í þessu sambandi, þótt ár slái sér eitthvað til á flatlendi eða eyrum, sem oft vilji verða.

Þá er því haldið fram af hálfu málshöfðenda, að ekki þýði fyrir varnaraðilja að vefengja undirskriftir merkjabréfsins, jafnvel þó svo yrði litið á, að undirskriftir prestsins, sýslumannsins sem ábúanda Kirkjubæjarklausturs og Þórunnar Sigurðardóttur á Geirlandi hafi ekki ráðstöfunargildi (þar sem þau hafi ekki verið eigendur jarðanna), þá hafi þau í öllu falli fullt vitnisburðagildi um það, hvernig landamerki hafi verið og virt á þessum tíma. Engin mótmæli eða athugasemdir hafi komið fram gagnvart undirskriftum þessum. Það verði að athugast sérstaklega, að skömmu áður hafi umboðsmaðurinn á Höfðabrekku (það mun vera Ólafur Pálsson) verið að fitja upp á annarri merkjalýsingu, þ. e. merkjalýsing sú, sem varakrafa varnaraðilja er studd við, en auðsjáanlega hafi hann hvorki fengið prestinn né ábúendur Geirlands til að skrifa undir, sem hann þó hljóti að hafa reynt. Ábúandi Kirkjubæjarklausturs, sjálfur sýslumaðurinn, hafi heldur ekki ritað undir lýsinguna.

Vitanlega hafi þessir aðiljar þekkt betur til merkjanna en umboðsmaðurinn, en hann hafi verið búsettur í fjarlægri sveit. Hins vegar virðist þessi tilraun umboðsmannsins verða til þess, að hlutaðeigendur gangi í það strax á eftir að gera lögboðlegt landamerkjabréf fyrir Prestbakkajarðir. Þá er á það bent, að bændur Prestbakkajarðanna hafi ávallt nytjað allt land vestur að Geirlandsá svo og veiði þar óátalið af Geirlandsmönnum. Geirlandsbændur hafi hins vegar aldrei nytjað land austan árinnar. Hvaða skilningur sem annars yrði lagður á merkjabréf jarðanna, hljóti það að vera ótvírætt, að bændur Prestbakkajarðanna hafi fyrir löngu unnið hefð á öllu landi vestur að á, og þar á meðal einnig á veiði í ánni að hálfu á móti Geirlandsmönnum.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á framlögðu ljósriti úr úttektarbók umboðsmanna Kirkjubæjarklausturs 1843 til 1867. Ástæður þess, að hann víkur frá orðalagi skjalsins, eru þær, að Stjórnarsandur hefur verið seldur eigendum Kirkjubæjarklausturs, þannig að landamerki jarðanna munu liggja um Breiðbalakvísl. Úttekt á jörðinni Geirlandi, sem miðað er við, fór fram hinn 27. maí 1847.

Þá vitnar hann til þess, að á bls. 189 í úttektarbók Klausturs-jarða sé að finna úttekt á jörðinni Geirlandi, sem fram fór í júnímánuði 1857. Um landamerki jarðarinnar sé þar vísað til þeirrar úttektargerðar, sem vikið er að hér að framan.

Varnaraðili bendir á, að Akurhólslínan svonefnda sé viðmiðunarlína í landamerkjum fleiri jarða en þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Í því sambandi bendir hann á landamerkjalýsingu fyrir Kirkjubæjarklaustur, dskj. nr. 25. Þá bendir hann jafnframt á úttektargerð fyrir Klaustursjörðina Breiðabólstað, sem fram fór hinn 27. maí 1847, dskj. nr. 29. Í landamerkjalýsingu úttektarmanna segi svo m. a.: „Fyrir vestri útnorður er bein stefna í toppinn á Akurhól í Klettana upp yfir austasta stekkinn í Mörtungu.“ Varnaraðili bendir á, að Geirlandsá hafi færst töluvert vestur um á landsvæði því, sem um er deilt í máli þessu. Af þeim sökum sé augljóst, að landeigendur hafi viljað binda landamerkin við eitthvað fastara og ákveðnara en Geirlandsá, og sé það skýringin á Akurhólslínunni svonefndu.

Varakröfu sína byggir varnaraðili á landamerkjalýsingu, skráðri í landamerkjabók Vestur-Skaftafellssýslu 1890. Lýsing þessi hefur áður verið rakin. Segir varnaraðili, að skýra verði dómsskjal þetta sem málamiðlun af hálfu umboðsmanns Klaust-

ursjarða við ákveðnum kröfum Prestbakkaklerks, sem komi fram í landamerkjalýsingu fyrir Prestbakka frá sama ári. Hann bendir á, að Ólafur Pálsson, sá sem undirritar landamerkjalýsingu Geirlands, hafi verið umboðsmaður Klaustursjarða á þessum tíma og allar jarðir, sem að Geirlandi liggi á þessum tíma, séu Klaustursjarðir og byggðar leiguliðum, að Prestbakka einum undanskildum, sem þá hafi verið kirkjujörð. Á það er bent, að í 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 segi: „Skyldur er hver landeigandi að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni, hvort sem hann býr á henni sjálfur eða leigir hana öðrum. Umsjónarmenn þeirra jarða, sem ekki eru einstakra manna eign, hafa sömu skyldu að gæta að því er til slíkra jarða kemur.“ Í 3. gr. segir m. a.: „Eigandi eða umráðamaður hverrar jarðar er skyldur að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarðar sinnar eins og hann veit þau réttust.“ Með hliðsjón af tilvitnuðum ákvæðum landamerkjalaganna frá 1882 telur varnaraðili, að Ólafur Pálsson umboðsmaður hafi farið að lögum í einu og öllu um umrætt landamerkjabréf og hafi engin ástæða verið til þess að fá undirskrift leiguliða nærliggjandi jarða. Á það er jafnframt bent, að Ólafur Pálsson umboðsmaður hafi búið á Hörgslandi frá 1853 til 1866, er hann fluttist að Höfðabrekku og þar hafi hann búið til æviloka. Sem ábúandi Hörgslands hljóti Ólafur að hafa verið gerkunnugur staðháttum á þeim jörðum, sem um ræði í málinu. Ganga megi út frá því sem vísu, að Ólafur hafi einnig vitað um Akurhólslínuna svonefndu og af þeim sökum hljóti landafsal það, sem komi fram í landamerkjalýsingunni í landamerkjabók, að vera tilraun umboðsmannsins til að setja niður deilur um landamerki, sem sýnilega hafi risið á þessum tíma á milli Prestbakka og Geirlands. Að mörgu leyti sé sanngjarnt að setja niður merkin milli jarðanna eins og gert sé í varakröfunni.

Þá bendir varnaraðili á, að heimildir séu fyrir því, að Geirlandsá hafi runnið víða um hið umdeilda landsvæði. Nefnir hann í því sambandi úttektargerð, sem sé að finna á bls. 236 í æfisögu séra Jóns Steingrímssonar. Segir þar, að klerkur hafi hreinsað engi Prestbakka af grjóti, sem Geirlandsá hafi árlega borið á engið. Þá bendir hann á framlagt kort, sem gert er samkvæmt mælingum frá 1904, og telur, að á því sjáist, að nokkrar breytingar hafi orðið á rennsli árinnar, frá því að mæling þessi var gerð og þar til nú. Til hins sama bendi framlagðar ljósmyndir. Þá mótmælir varnaraðili sérstaklega landamerkjalýsingu

þeirri fyrir Prestbakka, sem málshöfðendur byggi á, og dregur í efa áreiðanleik skjalsins. Þrautavarakrafa varnaraðilja varðar tilmæli til landamerkjadóms um að setja niður landamerki jarðanna fyrir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsáraurum án tillits til efnis ofangreindra skjala.

Dómendur hafa farið á vettvang með aðiljum og skoðað staðhætti alla.

Varnaraðili hefur látið gera uppdrátt og látið teikna á hann markalínur samkvæmt aðalkröfu og varakröfu (dskj. nr. 24).

Krafa sóknaraðilja er á þá leið, eins og að framan greinir, að Geirlandsá verði látin ráða landamerkjum milli Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar, svo sem áin fellur nú. Er krafa þessi fyrst og fremst byggð á fyrrgreindri landamerkjalýsingu Prestbakka og Prestbakkakots frá 4. júní 1890, en þar segir m. a.: „Að vestan ræður Þverá og Geirlandsá. Þegar Geirlandsá sleppur er markalínan úr mynni hennar og beint í þvermarkið á söndunum fyrir framan Breiðbalakvísl.“ Á þessa kröfu verður hins vegar ekki fallist. Með framburði vitna og skýrslum sóknaraðilja sjálfra er í ljós leitt, að meginrennsli Geirlandsár var áður miklum mun austar og þá frá Bringnahorni niður með svonefndu Bringnarofi, skammt vestan við túnið á Prestbakka, eins og ráðið verður af ummerkjum á vettvangi. Má ganga út frá því, að Geirlandsá hafi fallið með þeim hætti, er síðastgreind landamerkjalýsing var gerð 4. júní 1890. Hefur krafa sóknaraðilja og einkum verið studd þeim rökum hér fyrir dómi, að landamerki eigi að fylgja ánni. Sú skoðun á sér eigi lagastoð, sbr. 2. mgr. 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Hinn 24. maí 1890 gaf Ólafur Pálsson, þáverandi umsjónarmaður Geirlands, yfirlýsingu um merki jarðarinnar, eins og áður er lýst. Í yfirlýsingu þessari greinir meðal annars svo frá merkjum: „Að austan og norðan ræður Geirlandsá þar til Þverá, sem er fyrir framan Mörtungu kemur í hana, svo bein lína suður að Klausturmarki á Söndum, sem er eftir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsáraurum.“ Þótt landamerkjalýsing þessi beri ekki með sér, að hún hafi verið sýnd fyrirsvarsmönnum þeirra jarða, er land áttu að Geirlandi, verður að telja hana hafa verið bindandi fyrir eiganda Geirlands samkvæmt ákvæðum 3. gr. þágildandi landamerkjalaga nr. 5/1882. Rök eru þannig ekki til að líta svo á, að fyrrgreind lýsing landamerkja í úttektargerðinni frá 1847 geti hnekkt þessum merkjum, samkvæmt síðara

landamerkjabréfi, og verður aðalkrafa sóknaraðilja því ekki tekin til greina.

Fyrrgreind landamerkjalýsing Prestbakka og Prestbakkakots var eigi undirrituð af umsjónarmanni Geirlands, Ólafi Pálssyni, né öðrum þeim, sem til þess voru bærir samkvæmt 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882, svo skuldbindandi væri fyrir eiganda jarðarinnar. Er landamerkjalýsing þessi því ekki bindandi um landamerki Geirlands. Auk þess verður ekki talið, að landamerkjalýsing, þ. e. sú síðastgreinda, verði ekki samrýmd fyrrgreindri landamerkjalýsingu Geirlands frá 24. maí 1890. Ekki er óhjákvæmilegt að líta svo á, að í landamerkjalýsingu Prestbakka og Prestbakkakots frá 4. júní 1890 sé miðað við meginrennsli Geirlandsár á þeim tíma, sem lýsingin er gerð, heldur geti verið miðað við þá aura, sem þá var sýnilegt, að áin hafði kvíslast um. Samkvæmt því má líta á landamerkjalýsingu Geirlands frá 24. maí 1890 sem nákvæmari en landamerkjalýsingu Prestbakka og Prestbakkakots frá 4. júní 1890. Gegn ósamræmi í raun mælir og, að merkin eru gerð á svipuðum tíma og þeim lýst á þingi sama dag.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, ber að draga landamerki í máli þessu eftir aurum Geirlandsár með hliðsjón af staðháttum og landamerkjalýsingu fyrir Geirland frá 24. maí 1890. Hefur dómurinn dregið línu þessa frá punkti A í beina stefnu að punkti B, eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti, gerðum í nóvember 1975 af Ragnari Árnasyni verkfræðingi.

Samkvæmt niðurstöðu máls þessa þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsmálaráðuneytið hefur veitt málshöfðendum takmarkaða gjafsókn og varnaraðilja takmarkaða gjafvörn. Í XI. kafla laga nr. 85/1936, sem fjallar um gjafsókn, geymir ekki ákvæði um takmarkaða gjafsókn eða gjafvörn, svo sem ákveðið er í gjafsóknarleyfi og gjafvarnarleyfi. Í leyfunum er ekki gerð grein fyrir því, hvernig ætlast sé til, að takmörkun þessari sé beitt gagnvart mismunandi þáttum kostnaðar, sbr. 173. gr. laga nr. 85/1936. Með hliðsjón af ótvíræðum ákvæðum þessarar tilvitnuðu greinar þykir á skorta, að lagagrundvöllur sé fyrir takmörkunum þeim, sem felast í gjafsóknarleyfi og gjafvarnarleyfi málsaðilja. Því ber að dæma ríkissjóð til að greiða sóknaraðiljum kostnað þeirra af málinu, þar með talin laun talsmanns þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000. Þá ber

ríkissjóði að greiða varnaraðilja kostnað hans af málinu, sem samkvæmt framlögðum reikningi nemur kr. 21.255, að viðbættum launum talsmanns varnaraðilja, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.

Dóm þennan kváðu upp Hrafn Bragason borgardómari, Gaukur Jörundsson prófessor og Magnús Thoroddsen borgardómari. Dómsuppsaga hefur dregist, þar sem dómendur þurftu að afla sér uppdráttar þess, sem hér fylgir með.

Dómsorð:

Markalína milli jarðanna Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar ákveðst dregin eftir Geirlandsáraurum frá punkti A í beina stefnu að punkti B, eins og fram kemur á framangreindum uppdrætti.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður málshöfðenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000. Kostnaður varnaraðilja, kr. 21.255, og laun talsmanns hans, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. júlí 1979.

Nr. 135/1979. **Vinnuveitendasamband Íslands**
vegna H/f Eimskipafélags Íslands,
Hafskips h/f, Jökla h/f og Nesskips h/f
gegn
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
vegna Skipstjórafélags Íslands,
Stýrimannafélags Íslands,
Vélstjórafélags Íslands,
Félags íslenskra loftskeytamanna og
Félags bryta.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði í Félagsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Með kæru 12. júlí 1979, sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 10. júlí 1979, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst hann þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 er mælt fyrir um skipun kjaradóms, sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum. Samkvæmt 3. gr. skulu þær ákvarðanir vera bindandi fyrir aðilja frá gildistökudegi bráðabirgðalaganna 19. júní 1979, en verkföll og verkbönn, sem lögin taka til, eru lýst óheimil frá þeim degi, sbr. 4. gr. laganna. Er krafa sóknaraðilja fyrir Félagsdómi sú, að yfirvinnubann varnaraðilja verði samkvæmt þessu dæmt ólöglegt verkfall, en hann krefst ekki,

að varnaraðilja verði gerð refsing vegna þess. Fær sú kröfugerð samrýmst dómvenju Félagsdóms. Ákvæði 6. gr. laga nr. 70/1979 verður ekki örugglega skýrt svo, að því sé ætlað að skjóta loku fyrir, að slík krafa verði höfð uppi fyrir Félagsdómi í samræmi við meginreglu 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir Félagsdóm að taka málið til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 10. júlí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ. m., er höfðað með stefnu, útgefinni 25. f. m.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands vegna H/f Eimskipafélags Íslands, Hafskips h/f, Jökla h/f og Nesskips h/f.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur, „að yfirvinnubann það, sem tilkynnt var til kaupskipaútgerða af samninganefnd yfirmanna þann 20. júní s.l., verði dæmt brot á lögum nr. 80/1938 og bráðabirgðalögum nr. 70/1979 og kjarasamningum félaga yfirmanna við ofangreindar kaupskipaútgerðir. Þá er krafist, að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómsins."

Í greinargerð gerir stefndi þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar að skaðlausu.

Munnlegur málflutningur fór fram þann 5. þ. m. um hina framkomnu frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnda var haldið fast við þá kröfu, að málinu verði

vísað frá dómi og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu stefnanda var þess krafist, að frávísunarkröfu stefnda yrði hrundið, en stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þeir, að 1. apríl 1979 voru kjarasamningar Skipstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta við útgerðarfélög kaupskipa, sem eru aðiljar að Vinnuveitendasambandi Íslands, runnir út, en félög þessi eru öll aðiljar að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Ofangreind félög svo og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands undirrituðu samstarfsyfirlýsingu, sem þann 28. mars 1979 var send Vinnuveitendasambandi Íslands. Yfirlýsing þessi hefur að geyma yfirlýsingu „um samstöðu, samvinnu og kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við útgerðarfélög farskipa."

Með bréfi, dags. 17. apríl sl., boðaði Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fyrir hönd framangreindra stéttarfélaga til vinnustöðvunar á skipum farskipaeigenda, sem eru félagar í Vinnuveitendasambandi Íslands. Móttók Vinnuveitendasamband Íslands bréf þetta samdægurs. Hófst svo verkfall félagsmanna þessara félaga á farskipum þessara útgerðarfélaga 25. apríl sl. Sáttatilraunir sáttasemjara ríkisins leiddu ekki til lausnar á deilunni. Með bráðabirgðalögum nr. 70/1979 frá 19. júní sl. var kveðið á um stöðvun verkfallsins og boðaðra verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.

Í bráðabirgðalögunum segir m. a. svo í 1. mgr. 1. gr.:

„Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm, sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum."

Ákvæði 2., 3., 4. og 6. gr. laganna eru svohljóðandi:

„2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.

b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli

fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.

c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n.k.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum."

1. mgr. 7. gr. laganna er svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila".

Hinn 20. júní sl. ritaði Ingólfur Ingólfsson f. h. samninganefndar yfirmanna útgerðarfélögum kaupskipa, sem aðild eiga að Vinnuveitendasambandi Íslands, svohljóðandi bréf:

„Á fundi yfirmanna á kaupskipum, sem haldinn var þriðjudaginn 19. júní 1979, var samþykkt að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæðinu (Keflavík, Njarðvík, Straumsvík, Hafnarfirði, Reykjavík og Gufunesi) til ársloka að telja.

Verði gerðar tilraunir til brota gegn banni þessu, getur komið til sérstakra aðgerða."

Frávísunarkrafa stefnda er byggð á því, að umrætt yfirvinnu-

bann sé ekki brot á lögum nr. 80/1938, enda sé þessi aðgerð ekki verkfall í skilningi vinnulöggjafarinnar.

Er leggja skuli mat á það, hvort ákveðin aðgerð sé verkfall eða verkbann í skilningi II. kafla vinnulöggjafarinnar, verði að leggja til grundvallar þær heimildir, sem vinnulöggjöfin veiti til boðunar slíkra aðgerða.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé mælt fyrir um, að gera megi verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum. Í vinnulöggjöfinni sé hins vegar hvergi að finna skilgreiningu á því, hvað sé vinnustöðvun. Samkvæmt almennri skilgreiningu á sviði vinnuréttar sé það verkfall, þegar verkamenn í einu stéttarfélagi eða fleirum leggi niður vinnu að einhverju eða öllu leyti í þeim sameiginlega tilgangi að þvinga fram lausn á kjaradeilu milli stéttarfélags og atvinnurekanda. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 sé vinnustöðvun því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin af stéttarfélagi eða félagi atvinnurekenda eftir fyrirmælum laganna, sem tæmandi séu talin. Því sé ekki andmælt, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafi komið fram fyrir hönd félaga sinna í nýafstaðinni vinnudeilu. Hins vegar beri að líta á það, að ákvörðunin um verkfallsboðun hafi verið tekin hjá hverju félagi fyrir sig í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 og í samræmi við lög hvers félags. Í félagslögum félaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sé ákveðið, hver hafi vald til að taka ákvarðanir um vinnustöðvun og aflétta henni, og sé það yfirleitt trúnaðarmannaráð, sem taki þá ákvörðun, eða hún sé tekin með leynilegri atkvæðagreiðslu, svo sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 80/1938. Hins vegar hafi hvorki Farmanna- og fiskimannasamband Íslands né einstök aðildarfélög tekið ákvörðun um umdeilt yfirvinnubann eða haft það til umræðu eða meðferðar að neinu leyti. Skipti hér heldur ekki máli, þótt umrætt yfirvinnubann hafi verið boðað í nafni samninganefndar yfirmanna, svo sem fram komi í tilkynningu um það til útgerðarfélaga hinn 20. júní sl. Samkvæmt samkomulagi þeirra félaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem aðild eiga að máli þessu, hafi samninganefnd félaganna það umboð eitt að vinna að kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við atvinnurekendur. Samninganefndin hafi því hvorki haft heimild til verkfallsboðunar né annarra félagslegra aðgerða eða vinnuhindrana af neinu tagi.

Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að umrætt yfir-

vinnubann, sem boðað var 20. júní sl., fullnægi hvorki að formi né efni til skilyrðum til að geta talist verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ákvörðun um það hafi ekki verið tekin með lögformlegum hætti, sé ekki á ábyrgð hinna einstöku félaga, sem stefnt hefur verið í máli þessu, og hafi það hvorki verið tilkynnt sáttasemjara ríkisins né þeim, sem það beinist gegn, með sjö sólarhringa fyrirvara, svo sem mælt sé fyrir um í 16. gr. laganna. Samkvæmt 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 séu verkbönn og verkföll óheimil til að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin ákveða. Umdeildu yfirvinnubanni hafi því aldrei verið ætlað að vera verkfall og sé því mótmælt af hálfu stefnda, að það sé verkfall í skilningi laga nr. 80/1938. Í tillögu þeirri, sem samþykkt hafi verið á fundi yfirmanna á íslenskum farskipum hinn 19. júní sl., felist, að tilgangur yfirvinnubannsins sé fyrst og fremst sá að mótmæla setningu bráðabirgðalaga til lausnar kjaradeilu aðilja máls þessa og einnig að sporna við gífurlegri yfirvinnu farmanna á farskipum. Hér sé því um að ræða ákveðna vinnuhindrun á félagslegum grundvelli, sem ekki beri að líta á sem verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938. Það fari hins vegar eftir ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 70/1979, hvort umdeilt yfirvinnubann sé brot á þeim lögum. Í 6. gr. bráðabirgðalaganna sé mælt fyrir um, að með brot á þeim skuli fara að hætti opinberra mála og varði brot sektum, ef ekki liggi við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum. Það sé því álit stefnda, að með rannsókn á því, hvort yfirvinnubannið sé lögbrot eða ekki, skuli fara að hætti opinberra mála samkvæmt 6. gr. bráðabirgðalaganna.

Þá er bent á af hálfu stefnda, að málshöfðun stefnanda sé byggð á því, að síðastgildandi kjarasamningar milli aðilja hafi verið brotnir með umdeildu yfirvinnubanni og þar með heyri ágreiningur þessi undir Félagsdóm samkvæmt lögum nr. 80/1938. Með kröfu sinni sé stefnandi að krefjast þess af Félagsdómi, að hann skýri síðastgildandi kjarasamninga aðilja þannig, að umdeilt yfirvinnubann sé brot á vinnuskyldu samkvæmt honum og þar með að yfirvinnubannið sé brot á vinnulöggjöfinni. En til þess að Félagsdómur sé bær um að dæma um þessi atriði, verði að vera ljóst, hvort kjarasamningur sé í gildi milli aðilja og hvort í honum felist ákvæði, sem telja verði, að hafi verið brotin með yfirvinnubanninu. Því sé þess vegna haldið fram af hálfu stefnda, að hvorugu þessu sé til að dreifa. Um gildi kjarasamnings milli aðilja og um efni hans sé svo mikill vafi,

eins og málum er komið, að Félagsdómur geti ekki lagt mat á starfsskyldur yfirmanna á farskipum á þeim grundvelli. Beri því að vísa málinu einnig frá Félagsdómi af þeim sökum.

Þann 1. apríl sl. hafi kjarasamningar yfirmanna á farskipum fallið úr gildi fyrir uppsögn. Frá 25. apríl til 19. júní sl. hafi verkfall yfirmanna á farskipum staðið yfir, en síðan hafi það verið stöðvað með bráðabirgðalögum nr. 70/1979.

Þótt ekki sé dregin í efa sú meginregla, að síðastgildandi kjarasamningur aðilja gildi að óbreyttu, þangað til annar hefur verið gerður, sé engan veginn hægt að telja, að svo sé í þessu tilfelli. Ráði þar mestu um aðdraganda bráðabirgðalaganna rammasamningur sá, sem aðiljar höfðu komið sér saman um við sáttaumleitanir fyrir sáttasemjara ríkisins. Öll þessi atriði hafi skapað meira óvissuástand um núgildandi kjarasamninga en svo, að hægt sé að segja, að síðastgildandi kjarasamningur sé í gildi nú milli aðilja. Sá kjarasamningur sé nú ekki lengur við lýði í öllum aðalatriðum sökum margvíslegra breytinga, sem aðiljar hafi orðið sammála um að gera, að öðru leyti en því, að ekki hafi tekist samkomulag um kaupliði.

Í 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 segi, að kjaradómur skuli við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum m. a. hafa hliðsjón af þeim atriðum, sem samkomulag hafi orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun o. s. frv.

Í 3. gr. laganna segi svo, að ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skuli vera bindandi fyrir aðilja frá gildistöku laganna, en lögin hafi tekið gildi þann 19. júní sl.

Samkvæmt efni bráðabirgðalaganna leysi þau raunverulega af hólmi síðastgildandi kjarasamninga, enda gildi væntanleg ákvæði og niðurstaða gerðardóms um kaup og kjör farmanna aftur fyrir sig, eða frá 19. júní sl. Þann dag hafi ákvörðun um yfirvinnubann verið tekin.

Með hinum nýju kjörum, sem kjaradómur muni ákveða, og þar með þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, sé raunverulega búið að semja um nýja skipan eftirvinnu með umtalsverðum breytingum frá síðastgildandi kjarasamningi. Þar séu lagðar niður ýmsar aukagreiðslur vegna yfirvinnu, t. d. vaktatillegg, yfirvinnu varðandi lestun og losun hjá stýrimönnum, yfirvinnu vegna þrifa hjá vélstjórum o. s. frv. Allar þessar greiðslur hafi nú verið felldar niður, en í staðinn vanti aðeins kaupliðina í

hið nýja samkomulag. Það sé verkefni kjaradóms samkvæmt lögum nr. 70/1979 að ákveða það. Ef líta eigi svo á, að um sé að ræða venju, sem jafngilt geti ákvæði kjarasamnings um þetta, þurfi sú venja að vera óumdeild, langvarandi og sönnuð. Stefndi mótmæli, að um slíka venju sé að ræða. Kjarasamningar, sem í gildi hafi verið undanfarin ár, hafi engan veginn verið skýrðir svo af aðiljum, að þeir gæfu heimild til ótakmarkaðrar yfirvinnu. Yfirvinna hafi fyrst og fremst átt við um ýmis öryggisstörf og eftirlit í starfi yfirmanna. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að svo mikil óvissa sé um skyldu yfirmanna til að vinna yfirvinnu, að vísa beri málinu frá dómi einnig af þeirri ástæðu.

Krafa stefnanda um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, er byggð á því, að yfirvinnubann það, sem samþykkt var á greindum fundi 19. júní sl., sé raunverulega verkfall í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hér sé ekki um að ræða ákvörðun, sem einstakir yfirmenn hafi tekið upp á eigin spýtur, heldur hafi hún verið tekin á fundi, sem stéttarfélögin stóðu öll að svo og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, en með samstarfsyfirlýsingu stéttarfélaganna hafi þau ákveðið samstöðu sína við gerð nýrra kjarasamninga, m. a. með því að skipa sameiginlega samninganefnd. Yfirvinnubannið hafi svo verið tilkynnt útgerðarfélögunum með bréfi, sem undirritað hafi verið af formanni samninganefndarinnar, er jafnframt sé forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Hafi yfirvinnubannið komið til framkvæmda fyrirvaralaust og hafi því verið fylgt eftir með verkfallsvörslu. Ekki hafi þó verið ágreiningur milli aðilja um skyldu félagsmanna þessara stéttarfélaga til að vinna yfirvinnu.

Í því sambandi bendir stefnandi á, að í kjarasamningi kaupskipaútgerða og Stýrimannafélags Íslands, sem undirritaður var 25. júlí 1977, sé svohljóðandi ákvæði í 19. gr.: „Þegar hafnarvaktir eru staðnar, telst vinnutími stýrimanna vera 8 klst., frá kl. 08:00—12:00 og frá kl. 13:00—17:00, en skylt er stýrimanni að vinna á öðrum tíma samkvæmt ósk útgerðar, enda verði slík vinna greidd með yfirvinnutaxta A, nema þegar um er að ræða stoppitörn á tímanum kl. 17:00—18:00, sbr. 15. gr.“ Í 12. gr. í kjarasamningi kaupskipaútgerða og Vélstjórafélags Íslands frá sama tíma sé eftirfarandi ákvæði: „Í Reykjavík, Hafnarfirði, Gufunesi, Keflavík, Njarðvík, Straumsvík og Skerjafirði, þegar sjóvökum er slitið, telst vinnutími vélstjóra vera 8

klst. frá kl. 08:00 til 12:00 og frá kl. 13:00 til 17:00, en skylt er vélstjóra að vinna á öðrum tíma, samkvæmt ósk útgerðar, enda sé slík vinna greidd með yfirvinnutaxta A, samanber þó ákvæði samningsins um stoppitarnir." Í kjaradeilu þeirri, sem til lykta hafi verið leidd með bráðabirgðalögum nr. 70/1979, milli farmanna og kaupskipaútgerða hafi deiluaðiljar orðið ásáttir um orðalag kjarasamninga allra félaga yfirmanna, en aðilja hafi aðeins greint á um kauptölur. Hafi áður ívitnuð 12. gr. vélstjórasamnings þá verið færð með samkomulagi í sama horf og 19. gr. stýrimannasamnings. Samkomulagið, sem náðst hafi um samninga þessa, hafi verið bókað hjá sáttasemjara föstudaginn 15. júní 1979 og endanlega frá gengið þann 27. júní 1979. Verði að líta svo á, að félagsmönnum þessara stéttarfélaga sé skylt að vinna yfirvinnu, svo sem tíðkast hafi, á grundvelli þeirra kjarasamninga, sem síðast voru gerðir milli aðilja. Þá er og bent á, að í tillögu þeirri, sem var grundvöllur fundarsamþykktarinnar um yfirvinnubannið, komi fram, að hér sé einnig um að ræða aðgerðir gegn bráðabirgðalögum nr. 70/1979. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að umrætt yfirvinnubann sé verkfall í skilningi laga nr. 80/1938, sem boðað hafi verið og framkvæmt ólöglega, svo og samningsbrot. Það sé einnig brot gegn ákvæði 2. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938. Málshöfðuninni sé réttilega beint gegn stefnda fyrir hönd varnaraðilja. Eigi málsefni því þannig undir dómsvald Félagsdóms skv. 1. og 2. tl. 44. gr., sbr. 15., 16. og 17. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og beri því að hrinda framkominni frávísunarkröfu.

Álit dómsins.

Í 1. og 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni Félagsdóms sé:

„1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. 2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans."

Félagsdómur er sérdómstóll. Ber að skýra ákvæði laga nr. 80/1938 um dómsvald Félagsdóms þröngt.

Kröfugerð stefnanda fjallar að vísu samkvæmt efni sínu um málsefni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Þegar hins vegar efni bráðabirgðalaganna er virt, þar sem

málum er skipað með öðrum hætti en ráð er fyrir gert í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, þá verður ekki hjá því komist að líta svo á, að Félagsdómur eigi ekki úrskurðarvald um ágreiningsefni málsins. Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina. Eftir öllum atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Thorarensen og Árni Guðjónsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.
Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Bjarna Kristins Bjarnasonar og Páls S. Pálssonar.

Í 1. og 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni Félagsdóms sé:

„1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. 2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans."

Samkvæmt efni sínu fjallar kröfugerð stefnanda um málsefni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Eigi verður talið, að ákvæði bráðabirgðalaganna nr. 70/1979 standi því í vegi, að Félagsdómur leggi efnisdóm á málið, svo sem það hefur verið lagt fyrir dóminn.

Ber því að hrinda hinni framkomnu frávísunarkröfu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.
Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Mánudaginn 30. júlí 1979.

Nr. 136/1979. **Vinnumálasamband samvinnufélaganna vegna Skipadeildar SÍS**
gegn
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði í Félagsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Með kæru 16. júlí 1979, sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 10. júlí 1979, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst hann þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 er mælt fyrir um skipun kjaradóms, sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum. Samkvæmt 3. gr. skulu þær ákvarðanir vera bindandi fyrir aðilja frá gildistökudegi bráðabirgðalaganna 19. júní 1979, en verkföll og verkbönn, sem lögin taka til, eru lýst óheimil frá þeim degi, sbr. 4. gr. laganna. Er krafa sóknaraðilja fyrir Félagsdómi sú, að yfirvinnubann varnaraðilja verði samkvæmt þessu dæmt ólöglegt verkfall, en hann krefst ekki, að varnaraðilja verði gerð refsing vegna þess. Fær sú kröfu-

gerð samrýmst dómvenju Félagsdóms. Ákvæði 6. gr. laga nr. 70/1979 verður ekki örugglega skýrt svo, að því sé ætlað að skjóta loku fyrir, að slík krafa verði höfð uppi fyrir Félagsdómi í samræmi við meginreglu 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir Félagsdóm að taka málið til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 10. júlí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ. m., er höfðað með stefnu, útgefinni 25. f. m.

Stefnandi málsins er Vinnumálasamband samvinnufélaganna vegna Skipadeildar SÍS.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur, „að yfirvinnubann það, sem samninganefnd yfirmanna á kaupskipum tilkynnti skipadeild SÍS um með bréfi, dags. 20. júní s.l., og komið hefur til framkvæmdar, verði dæmt ólögmætt og andstætt lögum nr. 80/1938 og bráðabirgðalögum nr. 70/1979 og fari í bága við ákvæði kjarasamninga þeirra félaga yfirmanna á kaupskipum, sem að yfirvinnubanninu standa. Þá er þess krafist, að stefnd félög verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins."

Í greinargerð gerir stefndi þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar að skaðlausu.

Munnlegur málflutningur fór fram þann 5. þ. m. um hina framkomnu frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnda var haldið fast við þá kröfu, að málinu verði

vísað frá dómi og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu stefnanda var þess krafist, að frávísunarkröfu stefnda yrði hrundið, en stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þeir, að 1. apríl 1979 voru kjarasamningar Skipstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta við skipadeild SÍS, sem er aðili að Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, runnir út, en félög þessi eru öll aðiljar að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Ofangreind félög svo og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands undirrituðu samstarfsyfirlýsingu, sem þann 28. mars 1979 var send Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Yfirlýsing þessi hefur að geyma yfirlýsingu „um samstöðu, samvinnu og kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við útgerðarfélög farskipa."

Með bréfi, dags. 17. apríl sl., boðaði Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fyrir hönd framangreindra stéttarfélaga til vinnustöðvunar á skipum Skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga. Móttók Vinnumálasamband samvinnufélaganna bréf þetta samdægurs. Hófst svo verkfall félagsmanna þessara á farskipum Skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga 25. apríl sl. Sáttatilraunir sáttasemjara ríkisins leiddu ekki til lausnar á deilunni. Með bráðabirgðalögum nr. 70/1979 frá 19. júní sl. var kveðið á um stöðvun verkfallsins og boðaðra verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.

Í bráðabirgðalögunum segir m. a. svo í 1. mgr. 1. gr.:

„Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm, sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum."

Ákvæði 2., 3., 4. og 6. gr. laganna eru svohljóðandi:

„2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.

b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli full-

trúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.

c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n.k.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum."

1. mgr. 7. gr. laganna er svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila."

Hinn 20. júní sl. ritaði Ingólfur Ingólfsson f. h. samninganefndar yfirmanna Skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga svohljóðandi bréf:

„Á fundi yfirmanna á kaupskipum, sem haldinn var þriðjudaginn 19. júní 1979 var samþykkt að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæðinu (Keflavík, Njarðvík, Straumsvík, Hafnarfirði, Reykjavík og Gufunesi) til ársloka að telja.

Verði gerðar tilraunir til brota gegn banni þessu, getur komið til sérstakra aðgerða."

Frávísunarkrafa stefnda er byggð á því, að umrætt yfirvinnu-

bann sé ekki brot á lögum nr. 80/1938, enda sé þessi aðgerð ekki verkfall í skilningi vinnulöggjafarinnar.

Er leggja skuli mat á það, hvort ákveðin aðgerð sé verkfall eða verkbann í skilningi II. kafla vinnulöggjafarinnar, verði að leggja til grundvallar þær heimildir, sem vinnulöggjöfin veiti til boðunar slíkra aðgerða.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé mælt fyrir um, að gera megi verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum. Í vinnulöggjöfinni sé hins vegar hvergi að finna skilgreiningu á því, hvað sé vinnustöðvun. Samkvæmt almennri skilgreiningu á sviði vinnuréttar sé það verkfall, þegar verkamenn í einu stéttarfélagi eða fleirum leggi niður vinnu að einhverju eða öllu leyti í þeim sameiginlega tilgangi að þvinga fram lausn á kjaradeilu milli stéttarfélags og atvinnurekanda. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 sé vinnustöðvun því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin af stéttarfélagi eða félagi atvinnurekenda eftir fyrirmælum laganna, sem tæmandi séu talin. Því sé ekki andmælt að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafi komið fram fyrir hönd félaga sinna í nýafstaðinni vinnudeilu. Hins vegar beri að líta á það, að ákvörðunin um verkfallsboðun hafi verið tekin hjá hverju félagi fyrir sig í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 og í samræmi við lög hvers félags. Í félagslögum félaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sé ákveðið, hver hafi vald til að taka ákvarðanir um vinnustöðvun og aflétta henni, og sé það yfirleitt trúnaðarmannaráð, sem taki þá ákvörðun eða hún sé tekin með leynilegri atkvæðagreiðslu, svo sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 80/1938. Hins vegar hafi hvorki Farmanna- og fiskimannasamband Íslands né einstök aðildarfélög tekið ákvörðun um umdeilt yfirvinnubann eða haft það til umræðu eða meðferðar að neinu leyti. Skipti hér heldur ekki máli, þótt umrætt yfirvinnubann hafi verið boðað í nafni samninganefndar yfirmanna, svo sem fram komi í tilkynningu um það til útgerðarfélaga hinn 20. júní sl. Samkvæmt samkomulagi þeirra félaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem aðild eiga að máli þessu, hafi samninganefnd félaganna það umboð eitt að vinna að kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við atvinnurekendur. Samninganefndin hafi því hvorki haft heimild til verkfallsboðunar né annarra félagslegra aðgerða eða vinnuhindrana af neinu tagi.

Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að umrætt yfir-

vinnubann, sem boðað var 20. júní sl., fullnægi hvorki að formi né efni til skilyrðum til að geta talist verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ákvörðun um það hafi ekki verið tekin með lögformlegum hætti, sé ekki á ábyrgð hinna einstöku félaga, sem stefnt hefur verið í máli þessu, og það hafi hvorki verið tilkynnt sáttasemjara ríkisins né þeim, sem það beinist gegn, með sjö sólarhringa fyrirvara, svo sem mælt sé fyrir um í 16. gr. laganna. Samkvæmt 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 séu verkbönn og verkföll óheimil til að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin ákveða. Umdeildu yfirvinnubanni hafi því aldrei verið ætlað að vera verkfall og sé því mótmælt af hálfu stefnda, að það sé verkfall í skilningi laga nr. 80/1938. Í tillögu þeirri, sem samþykkt hafi verið á fundi yfirmanna á íslenskum farskipum hinn 19. júní sl., felist, að tilgangur yfirvinnubannsins sé fyrst og fremst sá að mótmæla setningu bráðabirgðalaga til lausnar kjaradeilu aðilja máls þessa og einnig að sporna við gífurlegri yfirvinnu farmanna á farskipum. Hér sé því um að ræða ákveðna vinnuhindrun á félagslegum grundvelli, sem ekki beri að líta á sem verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938. Það fari hins vegar eftir ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 70/1979, hvort umdeilt yfirvinnubann sé brot á þeim lögum. Í 6. gr. bráðabirgðalaganna sé mælt fyrir um, að með brot á þeim skuli fara að hætti opinberra mála og varði brot sektum, ef ekki liggi við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum. Það sé því álit stefnda, að með rannsókn á því, hvort yfirvinnubannið sé lögbrot eða ekki, skuli fara að hætti opinberra mála samkvæmt ákvæðum 6. gr. bráðabirgðalaganna.

Þá er bent á af hálfu stefnda, að málshöfðun stefnanda sé byggð á því, að síðastgildandi kjarasamningar milli aðilja hafi verið brotnir með umdeildu yfirvinnubanni og þar með heyri ágreiningur þessi undir Félagsdóm samkvæmt lögum nr. 80/1938. Með kröfu sinni sé stefnandi að krefjast þess af Félagsdómi, að hann skýri síðastgildandi kjarasamninga aðilja þannig, að umdeilt yfirvinnubann sé brot á vinnuskyldu samkvæmt honum og þar með að yfirvinnubannið sé brot á vinnulöggjöfinni. En til þess að Félagsdómur sé bær um að dæma um þessi atriði, verði að vera ljóst hvort kjarasamningur sé í gildi milli aðilja og hvort í honum felist ákvæði, sem telja verði að hafi verið brotin með yfirvinnubanninu. Því sé þess vegna haldið fram af hálfu stefnda, að hvorugu þessu sé til að dreifa. Um gildi kjara-

samnings milli aðilja og um efni hans sé svo mikill vafi, eins og málum er komið, að Félagsdómur geti ekki lagt mat á starfsskyldur yfirmanna á farskipum á þeim grundvelli. Beri því að vísa málinu einnig frá Félagsdómi af þeim sökum.

Þann 1. apríl sl. hafi kjarasamningar yfirmanna á farskipum fallið úr gildi fyrir uppsögn. Frá 25. apríl til 19. júní sl. hafi verkfall yfirmanna á farskipum staðið yfir, en síðan hafi það verið stöðvað með bráðabirgðalögum nr. 70/1979.

Þótt ekki sé dregin í efa sú meginregla, að síðastgildandi kjarasamningur aðilja gildi að óbreyttu, þangað til annar hefur verið gerður, sé engan veginn hægt að telja að svo sé í þessu tilfelli. Ráði þar mestu um aðdraganda bráðabirgðalaganna rammasamningur sá, sem aðiljar höfðu komið sér saman um við sáttaumleitanir fyrir sáttasemjara ríkisins. Öll þessi atriði hafi skapað meira óvissuástand um núgildandi kjarasamninga en svo, að hægt sé að segja, að síðastgildandi kjarasamningur sé í gildi nú milli aðilja. Sá kjarasamningur sé nú ekki lengur við lýði í öllum aðalatriðum sökum margvíslegra breytinga, sem aðiljar hafi orðið sammála um að gera, að öðru leyti en því, að ekki hafi tekist samkomulag um kaupliði.

Í 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 segi, að kjaradómur skuli við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum m. a. hafa hliðsjón af þeim atriðum, sem samkomulag hafi orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun o. s. frv.

Í 3. gr. laganna segi svo, að ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skuli vera bindandi fyrir aðilja frá gildistöku laganna, en lögin hafi tekið gildi þann 19. júní sl.

Samkvæmt efni bráðabirgðalaganna leysi þau raunverulega af hólmi síðastgildandi kjarasamninga, enda gildi væntanleg ákvæði og niðurstaða kjaradóms um kaup og kjör farmanna aftur fyrir sig, eða frá 19. júní sl. Þann dag hafi ákvörðun um yfirvinnubann verið tekin.

Með hinum nýju kjörum, sem kjaradómur muni ákveða, og þar með þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, sé raunverulega búið að semja um nýja skipan eftirvinnu með umtalsverðum breytingum frá síðastgildandi kjarasamningi. Þar séu lagðar niður ýmsar aukagreiðslur vegna yfirvinnu, t. d. vaktatillegg, yfirvinnu varðandi lestun og losun hjá stýrimönnum, yfirvinnu vegna þrifa hjá vélstjórum o. s. frv.

Allar þessar greiðslur hafi nú verið felldar niður, en í staðinn vanti aðeins kaupliðina í hið nýja samkomulag. Það sé verkefni kjaradóms samkvæmt lögum nr. 70/1979 að ákveða það. Ef líta eigi svo á, að um sé að ræða venju, sem jafngilt geti ákvæði kjarasamnings um þetta, þurfi sú venja að vera óumdeild, langvarandi og sönnuð. Stefndi mótmæli, að um slíka venju sé að ræða. Kjarasamningar, sem í gildi hafi verið undanfarin ár, hafi engan veginn verið skýrðir svo af aðiljum, að þeir gæfu heimild til ótakmarkaðrar yfirvinnu. Yfirvinna hafi fyrst og fremst átt við um ýmis öryggisstörf og eftirlit í starfi yfirmanna. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að svo mikil óvissa sé um skyldu yfirmanna til að vinna yfirvinnu, að vísa beri málinu frá dómi einnig af þeirri ástæðu.

Krafa stefnanda um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, er byggð á þeim rökum, að í upphafi samningaviðræðna málsaðilja á sl. vori, þegar kröfur hafi verið lagðar fram, hafi fulltrúum vinnuveitenda verið gerð grein fyrir því, að sérstök samninganefnd yfirmanna hefði verið skipuð, sem annast mundi samningaumleitanir og samningsgerð við vinnuveitendur í samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Jafnframt hafi verið lagður fram samstarfssamningur yfirmanna.

Þessi samstarfsnefnd yfirmanna hafi síðan farið með samningagerð allt þar til samningaumleitun lauk við setningu bráðabirgðalaga nr. 70/1979.

Þegar ljóst hafi orðið, að skammt var að bíða bráðabirgðalaga, hafi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands boðað til fundar yfirmanna hinn 19. júní með auglýsingu í útvarpi.

Fundur þessi hafi staðið enn yfir, þegar bráðabirgðalög nr. 70/1979 voru sett. Hafi á fundi þessum verið ákveðið að grípa til yfirvinnubanns þess, sem nú stendur yfir. Hafi Skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga verið tilkynnt þessi ákvörðun fundarins með bréfi dags. 20. júní sl. Bréf þetta hafi verið undirritað af Ingólfi S. Ingólfssyni f. h. samstarfsnefndarinnar og hafi það verið ritað á bréfsefni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en Ingólfur sé forseti þess félags. Hafi yfirvinnubanni þessu svo verið fylgt eftir með verkfallsvörslu og hafi verið að henni staðið með sama hætti og um verkfall væri að ræða.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að engum vafa sé bundið, að yfirvinnubannið

sé félagsaðgerð, sem stéttarfélög yfirmanna standi að með vitund og vilja Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Það sé því réttilega verkefni Félagsdóms að skera úr um það, hvers konar félagslegt fyrirbæri yfirvinnubannið sé og hvort það fari í bága við ákvæði laga nr. 80/1938.

Álit dómsins.

Í 1. og 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni Félagsdóms sé:

„1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. 2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans."

Félagsdómur er sérdómstóll. Ber að skýra ákvæði laga nr. 80/1938 um dómsvald Félagsdóms þröngt.

Kröfugerð stefnanda fjallar að vísu samkvæmt efni sínu um málsefni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Þegar hins vegar efni bráðabirgðalaganna er virt, þar sem málum er skipað með öðrum hætti en ráð er fyrir gert í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, þá verður ekki hjá því komist að líta svo á, að Félagsdómur eigi ekki úrskurðarvald um ágreiningsefni málsins. Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina. Eftir öllum atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Thorarensen og Árni Guðjónsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.
Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Bjarna Kristins Bjarnasonar og Páls S. Pálssonar.

Í 1. og 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni Félagsdóms sé:

„1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. 2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans."

Samkvæmt efni sínu fjallar kröfugerð stefnanda um málsefni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Eigi verður talið, að ákvæði bráðabirgðalaganna nr. 70/1979 standi því í vegi, að Félagsdómur leggi efnisdóm á málið, svo sem það hefur verið lagt fyrir dóminn.

Ber því að hrinda hinni framkomnu frávísunarkröfu.

Rétt er að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Þriðjudaginn 31. júlí 1979.

Nr. 137/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Einari Harðarsyni.

Kærumál. Framsal sakamanns samkv. lögum nr. 7/1962. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 7/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. júlí 1979, er barst 27. s. m. Í greinargerð verjanda hans er þess krafist, að úrskurðinum verði hrundið og að málsvarnarlaun verjanda verði greidd úr ríkissjóði.

Greinargerð hefur eigi borist frá ríkissaksóknara.

Athafnir ákærða, þær er greinir í framsalsbeiðni og hann hefur viðurkennt, ber að virða sem áframhaldandi brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 173. gr. a, sbr. lög nr. 64/1974. Sam-

kvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Laun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði, sbr. 13. gr. laga nr. 7/1962.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Laun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Loga Einarssonar.

Við teljum, að staðfesta beri úrlausn héraðsdómara varðandi 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962.

Við teljum eigi, að brot varnaraðilja, þau er framsalskrafa lýtur að, varði örugglega við 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974. Þar sem refsimörk 5. gr. laga nr. 65/1974 eru 2 ára fangelsi hið mesta, er eigi fullnægt skilyrðum þeim, er 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 setur fyrir því, að íslenskur ríkisborgari verði framseldur erlendu ríki vegna brota, er hann hefur framið.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti þykja hæfilega ákveðin alls 110.000 krónur.

Dómsorð

okkar er á þessa leið:

Eigi er fullnægt skilyrðum laga nr. 7/1962 fyrir framangreindu framsali varnaraðilja, Guðmundar Einars Harðarsonar.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, alls 110.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 26. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Með telexskeyti frá saksóknaranum í Gautaborg í Svíþjóð þann 19. júlí sl. var óskað framsals á Guðmundi Einari Harðarsyni, fæddum 23. september 1951, vegna gruns um fíkniefnabrot hans í Gautaborg á árunum 1978 og 1979.

Dómsmálaráðuneytið sendi ofangreint telexskeyti til ríkissaksóknara með beiðni um, að fram færi nauðsynleg rannsókn, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1962.

Með bréfi, dags. 20. júlí sl., lagði ríkissaksóknari málið fyrir sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, og á dómþingi sama dag mótmælti Guðmundur Einar Harðarson kröfu um framsal til Svíþjóðar, og jafnframt óskaði verjandi hans, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, eftir því, að um kröfuna yrði fjallað í sakadómi Reykjavíkur, og vísaði hann til 11. gr. laga nr. 7/1962.

Samkvæmt vottorði frá manntalsskrifstofu Reykjavíkur flutti Guðmundur Einar lögheimili sitt til Gautaborgar þann 20. apríl 1977 og síðan aftur til Reykjavíkur þann 23. september 1977 og hefur átt lögheimili að Gnoðarvogi 64 síðan.

Dómarinn fékk þær upplýsingar hjá manntalsskrifstofunni, að verið gæti þrátt fyrir það, sem áður segir, að í Svíþjóð hafi lögheimili Guðmundar Einars verið talið vera þar óslitið frá 20. apríl 1977. Ljóst sé þó, að hann hafi flust hingað til landsins þann 23. september 1977.

Guðmundur Einar hefur við yfirheyrslu hjá lögreglu borið, að hann hafi flust til Gautaborgar þann 27. maí 1977 og átt lögheimili þar síðan 28. eða 29. maí s. á. Hann hafi komið hingað til landsins um jólin 1977 og dvalist hér í um einn mánuð. Í byrjun september 1978 hafi hann farið í ferð til Tyrklands, Englands og Íslands og farið á ný til Gautaborgar í janúar 1979.

Guðmundur Einar hélt frá Gautaborg hinn 12. júní sl. og kom til Keflavíkurflugvallar 13. júní, þar sem hann var handtekinn. Þann 15. júní sl. var hann úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á ætluðum fíkniefnabrotum hans, og hefur gæsluvarðhaldið tvisvar verið framlengt, síðast hinn 20. þ. m., og rennur það út þann 27. júlí nk.

Síðan Guðmundur Einar var handtekinn, hefur hann verið

yfirheyrður hjá lögreglu og í dómi um ætluð brot hans. Hefur hann viðurkennt fyrir dómi að hafa ýmist einn eða í félagi við aðra gerst sekur um eftirtalin fíkniefnabrot:

1. Að hafa á tímabilinu janúar—mars 1978 farið ásamt öðrum manni 3 ferðir frá Gautaborg til Kaupmannahafnar og keypt þar um 100 gr af hassi í hverri ferð, sem þeir seldu síðan ótilteknum aðiljum í Gautaborg.
2. Að hafa um sumarið 1978 keypt 100—200 gr af hassi af nafngreindum manni í Gautaborg og ýmist neytt þess sjálfur eða selt það. Þennan framburð dró Guðmundur Einar til baka í síðara þinghaldi.
3. Að hafa ásamt tveimur nafngreindum mönnum farið í júlí 1978 frá Gautaborg til Kaupmannahafnar til hasskaupa án árangurs og að hafa nokkru síðar átt þátt í neyslu og sölu um 50 gr af hassi í Gautaborg.
4. Að hafa í júní/júlí 1978 ásamt nafngreindum manni farið frá Gautaborg til Amsterdam í Hollandi og keypt þar um 500 gr af hassi, sem þeir seldu síðan ókunnum aðiljum í almenningsgarði í Gautaborg með hagnaði. Hafi kaupverðið í Amsterdam verið 4—5 gyllini hvert gramm, en söluverðið í Gautaborg 20—30 sænskar krónur hvert gramm í stærri einingum, en um 40 sænskar krónur í smærri einingum.
5. Að hafa 2—3 vikum síðar farið aðra ferð til Amsterdam með sama manni og áður og keypt um 700 gr af hassi, sem þeir seldu í Gautaborg á sama hátt og greint er undir lið 4.
6. Að hafa farið í ágúst 1978 í þriðja sinn með sama manni og áður til Amsterdam og keypt um 1 kg af hassi, sem þeir fluttu til Gautaborgar og seldu á sama hátt og segir í 4. lið.
7. Að hafa farið í september 1978, enn með hinum sama manni og áður, í ferð, m. a. til Ankara í Tyrklandi, þar sem þeir keyptu 650 gr af hassi, sem þeir ætluðu að flytja til Íslands eða Svíþjóðar, en voru handteknir í Englandi og hassið gert upptækt þar.
8. Að hafa farið frá Íslandi í desember 1978 einn síns liðs til Amsterdam og keypt þar um 140 gr af hassi og flutt það hingað til lands. Hassið hafi hann selt ýmsum aðiljum, yfirleitt á um kr. 4.000 hvert gramm.
9. Að hafa veitt viðtöku snemma á þessu ári frá nafngreindum manni í Gautaborg um 2 gr af hassi.
10. Að hafa keypt af manni í Gautaborg í mars sl. 250 gr af marihuana á 15 sænskar krónur hvert gramm, sem hann

seldi ókunnum aðiljum á 35—40 sænskar krónur hvert gramm. Var þetta gert í hagnaðarskyni.

11. Að hafa í apríl sl. keypt af sama manni og greinir í 10. lið 200 gr af hassolíu á 57.50 sænskar krónur hvert gramm. Samkvæmt síðasta framburði Guðmundar Einars fyrir dómi varðandi hassolíuna afhenti hann nafngreindum íslenskum manni um 90 gr af hassolíunni að hann telur, 10 gr fóru til spillis, 10 gr fóru til eigin nota, en afganginn seldi hann ýmsum ókunnum aðiljum í Gautaborg á 80 sænskar krónur hvert gramm.

Verjandi Guðmundar Einars kom fyrir dóminn í gær. Mótmælti hann framsalskröfunni og taldi lagarök ekki vera fyrir hendi, til þess að hægt væri að verða við kröfu um framsal. Benti hann á, að augljóst væri af gögnum málsins, að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 væri ekki fyrir hendi. Þá benti hann á, að af gögnum málsins yrði ekki séð, að brot þau, sem Guðmundur Einar „hefur með eigin framburði upplýst", væru svo alvarleg, að þau gætu varðað við önnur ákvæði en lög um ávana- og fíkniefni, og þá sérstaklega ekki við 173. gr. a almennra hegningarlaga. Vísaði verjandinn til íslenskrar dómvenju í því sambandi.

Niðurstöður.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 9. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 má ekki framselja íslenska ríkisborgara til refsingar á vald erlendra ríkja. Með lögum nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar var heimilað að tilteknum skilyrðum fullnægðum að framselja íslenska ríkisborgara til hinna 4 Norðurlanda. Enda þótt framangreindu ákvæði almennra hegningarlaga hafi ekki verið breytt jafnhliða setningu laga nr. 7/1962, verður að líta svo á, að hin yngri ákvæði víki til hliðar hinu eldra að því er varðar framsal íslenskra ríkisborgara til Norðurlandanna.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 verður íslenskur ríkisborgari því aðeins framseldur 1) að hann hafi verið búsettur síðustu tvö árin, áður en brot var framið, í því landi, sem framsals óskar, eða 2) að þyngri refsing en 4 ára fangelsi liggi við brotinu eða samsvarandi broti eftir íslenskum lögum.

1. Svo sem að framan greinir, flutti Guðmundur Einar lögheimili sitt til Gautaborgar þann 20. apríl 1977. Hann tilkynnti til manntalsskrifstofu Reykjavíkur um flutning lögheimilis síns

til Reykjavíkur þann 23. september 1977. Gögn málsins bera ekki með sér, hvenær hann fluttist á ný til Gautaborgar.

Enda þótt talið yrði, að Guðmundur Einar hafi átt lögheimili í Gautaborg óslitið síðan 20. apríl 1977, og litið væri hjá búsetu hans á Íslandi um tíma, verður ekki talið, að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 sé fullnægt, þar sem ekki kemur fram af gögnum málsins, hvort síðasta fíkniefnabrotið, sem Guðmundur Einar er grunaður um að hafa framið í Gautaborg, var framið eftir 20. apríl sl.

2. Með lögum nr. 64/1974 var bætt inn í almennu hegningarlögin gr. 173 a. Undir þetta refsiákvæði falla meiri háttar brot á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Tekur það til þess, er mörgum mönnum eru látin í té ávana- og fíkniefni andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni eða þau afhent gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt. Þá tekur 173. gr. a og til þess m. a. að flytja inn, flytja út, kaupa, láta af hendi, taka við eða hafa í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem áður greinir.

Með orðunum „verulegt gjald" í 173. gr. a er ekki um hnitmiðað orðalag að ræða, og er það háð mati, hvað sé verulegt gjald. Með orðalaginu „mörgum mönnum" er við það átt, að um nokkurn hóp manna sé að ræða og þá tíðast ótiltekinn.

Hámarksrefsing samkvæmt 173. gr. a er 10 ára fangelsi.

Í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni er lagt bann við innflutningi, útflutningi, sölu, kaupum, skiptum, afhendingu, móttöku, framleiðslu, tilbúningi og vörslu efna, sem í lögunum greinir, með þeim undantekningum, sem í 3. gr. segir. Brot gegn lögunum varða sektum allt að 1 milljón króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, sbr. 5. gr.

Meiri háttar brot á lögum um ávana- og fíkniefni falla, eins og áður segir, undir 173. gr. a almennra hegningarlaga. Tiltekin brot manns geta varðað við lög nr. 65/1974, en önnur tiltekin brot sama manns við 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að telja, að brot þau, sem Guðmundur Einar Harðarson er grunaður um og talin eru upp hér að framan í liðum nr. 4, 5, 6, 10 og 11, séu stórfelld og varði við 173. gr. a almennra hegningarlaga, ef þau sannast.

Brot þau, sem talin eru í liðum nr. 7 og 8 koma ekki til álita hér, þar sem framsalsbeiðnin tekur ekki til þeirra.

Samkvæmt framansögðu þykir skilyrði 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 fyrir framsali Guðmundar Einars vera fullnægt.

Með hliðsjón af öllu framanskráðu og fyrirliggjandi gögnum málsins þykja þannig vera fyrir hendi skilyrði samkvæmt lögum nr. 7/1962 um framsal Guðmundar Einars Harðarsonar til Svíþjóðar.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. ofangreindra laga ber að greiða sakarkostnað vegna máls þessa úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda Guðmundar Einars, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Úrskurðarorð:

Skilyrði samkvæmt lögum nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar eru fyrir hendi til framsals Guðmundar Einars Harðarsonar, fædds 23. september 1951, til Svíþjóðar.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda Guðmundar Einars, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Föstudaginn 14. september 1979.

Nr. 164/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhannesi Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. september 1979, er barst Hæstarétti 10. s. m. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi,

en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er á það fallist, að rannsóknarnauðsynjar bjóði, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi. Þykir gæsluvarðhaldstími að svo vöxnu hæfilega markaður allt til 7. nóvember 1979, kl. 1700.

Dómsorð:

Varnaraðili, Jóhannes Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til 7. nóvember 1979, kl. 1700.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. september 1979.

Ár 1979, laugardaginn 8. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Þann 2. september sl. var brotist inn í Iðnó við Vonarstræti hér í borg og stolið þar vasatölvu af gerðinni Casio og tékkhefti á aðalbanka Útvegsbanka Íslands með 25 óútfylltum eyðublöðum. Þann 5. september var Magnús Vilmundarson, Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði, handtekinn, er hann reyndi að innleysa 3 tékka úr fyrrnefndu tékkhefti í Útvegsbanka Íslands. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst Magnús hafa fengið 4 útfyllta tékka hjá kærða, Jóhannesi Ólafssyni, samtals að fjárhæð kr. 479.778, og hafði Magnús þegar selt einn þeirra að fjárhæð kr. 150.000.

Kærði, Jóhannes Ólafsson, var handtekinn í veitingahúsinu Klúbbnum þann 6. þ. m. um kl. 2300. Hafði hann þá m. a. í fórum sínum útfyllt tékkaeyðublað á Landsbanka Íslands, Múlaútibú, að fjárhæð kr. 290.000.

Kærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu í gær. Kvaðst hann þá hafa stolið tékkhefti á Útvegsbanka Íslands af einhverjum manni í veitingahúsinu Óðali þann 2. september sl. og hafa falsað öll eyðublöðin úr því og selt í ýmsum verslunum í Reykjavík. Einnig kannaðist hann við að hafa afhent Magnúsi Vilmundarsyni áðurgreinda 4 tékka.

Einungis fjórir tékkar úr þessu hefti eru komnir í hendur rannsóknarlögreglunnar.

Enn fremur kvaðst kærði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hafa fundið seðlaveski í veitingahúsinu Klúbbnum um síðustu mánaðamót, sem í voru m. a. 3 óútfyllt tékkaeyðublöð á Landsbanka Íslands, Múlaútibú. Hann hafi falsað þau öll og selt 2 tékka, en einn var hann með í fórum sínum, er hann var handtekinn.

Kærði kvaðst telja, að hann hefði selt tékka síðustu daga fyrir um 1 milljón króna, en ekki eiga eftir af því nema kr. 10.200.

Með skírskotun til 1. og 5. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 gerði RLR þá kröfu í gær kl. 1750, að kærði yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til 5. desember nk. Ekki reyndist þá unnt að færa kærða fyrir dóminn, þar sem hann hafði með einhverjum hætti komist yfir lyf, og var hann ekki viðræðuhæfur.

Kærði kom fyrir dóminn í morgun ásamt réttargæslumanni sínum. Mótmælti kærði gæsluvarðhaldskröfunni, og til vara krafðist hann styttingar. Þá gerði hann kröfu um, að sundurliðað yrði, hve lengi gæsluvarðhaldið ætti að vara samkv. 1. tl. 67. gr. og hve lengi samkv. 5. tl. 67. gr. laga 74/1974.

Kærði bar í dóminum á sama veg og fyrir rannsóknarlögreglu og staðfesti skýrslur sínar, sem hann gaf hjá lögreglu í gær.

Þann 30. júlí sl. voru ríkissaksóknara send 8 mál til ákvörðunar á hendur kærða vegna auðgunarbrota. Þá eru til meðferðar hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði 6 ákærur á hendur kærða vegna innbrota, og eru þau mál ódæmd.

Kærði var úrskurðaður þann 30. júní sl. í gæsluvarðhald, og sætti hann því allt til 29. ágúst sl.

Rannsókn þeirra mála, er að framan greinir, er skammt á veg komin. Á hinn bóginn er meðferð mála kærða hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði nær lokið. Enn eru ókomin frá ríkissaksóknara þau mál, er þangað voru send hinn 30. júlí sl.

Hætta er á, að kærði kunni að torvelda rannsókn, og ætla má, að hann muni halda áfram brotastarfsemi, á meðan málum hans er ólokið, ef hann er látinn vera laus.

Með hliðsjón af framansögðu og með skírskotun til 1. og 5. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir því rétt að verða við kröfu RLR um gæsluvarðhald. Þykir rétt að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldinu allt til miðvikudagsins 5. desember nk., kl. 1700.

Ekki þykja efni til að verða við kröfu kærða um sundurliðun á gæsluvarðhaldstímanum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhannes Ólafsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 5. desember nk., kl. 1700.

Föstudaginn 14. september 1979.

Nr. 165/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Eyjólfi Erni Jóhannssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. þ. m., sem barst Hæstarétti 11. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði verulega styttur.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

6. september 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 6. september, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Um kl. 1330 sl. þriðjudag handtók lögreglan í Reykjavík Sigurð Pál Sverrisson, fæddan 22. nóvember 1952, til heimilis að Stigahlíð 32 hér í borg, grunaðan um fíkniefnamisferli.

Nefndur Sigurður viðurkenndi hjá lögreglu og hér fyrir dómi að hafa skömmu eftir 17. júní sl. og næstu 3 vikur þar á eftir af Kristjáni Eggert Gunnarssyni, fæddum 27. ágúst 1954, til heimilis að Kvisthaga 27, keypt samtals um 500 gr af marihuana og endurselt að mestu ýmsum nafngreindum aðiljum.

Nærri miðjum júlí sl. hafi nefndur Kristján Eggert kynnt Sigurð Pál fyrir Eyjólfi Erni Jóhannssyni með framhaldandi fíkniefnaviðskipti í huga. Um viku síðar hafi Sigurður Páll tekið að kaupa marihuana af nefndum Eyjólfi og í mörgum afhendingum næstu þrjár vikur samtals þannig af honum keypt tæp 500 gr af marihuana og endurselt að mestu ýmsum nafngreindum aðiljum. Sigurður Páll taldi sig snemma á nefndu viðskiptatímabili hafa við eitt og sama tækifæri séð í fórum Eyjólfs Jóhannssonar um 1 kg af marihuana og vita, að frá nefndum Eyjólfi hefði einnig verið komið það marihuana, er Kristján Gunnarsson samkvæmt ofansögðu áður seldi Sigurði Páli.

Nefndur Kristján Gunnarsson var handtekinn aðfaranótt gærdags, og fannst þá við húsleit að heimili hans nokkurt magn af marihuana.

Kristján Gunnarsson lýsti í lögregluyfirheyrslu og hér fyrir dómi kynnum af fyrrnefndum Eyjólfi Jóhannssyni nærri sl. jólum og að hafa skömmu síðar í hans fórum séð um 8 gr af amfetamíndufti og nokkrar töflur af dexedrin.

Í lok febrúar sl. eða byrjun mars hafi nefndur Eyjólfur, þá nýkominn frá Bandaríkjunum, tekið að afhenda Kristjáni E. Gunnarssyni marihuana til endursölu og samtals mjög nærri 800 gr á þriggja vikna tímabili.

Næst hafi nefndur Eyjólfur komið hingað til lands frá Bandaríkjunum í apríl-maí sl. og á næstu 4—5 vikum þar á eftir sam-

tals til endursölu afhent Kristjáni Gunnarssyni mjög nærri 1500 gr af marihuana.

Skömmu fyrir 15. júlí sl. hafi margnefndur Eyjólfur enn haft samband við Kristján Gunnarsson og sagst nýkominn frá Bandaríkjunum og eiga þaðan von á 2 kg af marihuana. Nefndur Kristján hafi þá sjálfur verið á förum til Bandaríkjanna og því hafnað frekari kaupum, en komið á viðskiptasambandi milli Eyjólfs Jóhannssonar og Sigurðar Páls Sverrissonar. Hafi sá síðarnefndi líklega af Jóhanni keypt samtals um 300 gr af marihuana.

Loks kvaðst Kristján Gunnarsson um sl. helgi hafa frá Eyjólfi Jóhannssyni móttekið um 200 gr af marihuana gegn gjaldfresti, en lögregla fundið þau efni við ofangreinda húsleit að Kvisthaga 27.

Bæði Sigurði Páli Sverrissyni og Kristjáni Gunnarssyni ofangreindum ber saman um, að margnefndur Eyjólfur Jóhannsson hafi í flestum tilvikum varðveitt fíkniefni í íbúð að Fálkagötu 3, Reykjavík, og afhent þaðan.

Margnefndur Eyjólfur var í gærkvöldi handtekinn á Sauðárkróki og færður hér fyrir dóm. Aðspurður kvaðst hann hvergi hafa nærri komið meðhöndlun svonefndra fíkniefna undanfarna mánuði.

Við eftirfarandi leit að Fálkagötu 3 fundust þrjú filmubox, eitt með meintu marihuana, annað með meintum fræjum af sömu gerð og hið þriðja með meintum hassefnaleifum.

Eyjólfur Jóhannsson staðfesti að hafa komið hingað til lands frá Bandaríkjunum um sl. jól, aftur í mars sl., enn í lok maí sl. og loks fyrri hluta júlí sl.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974 og gæti því sök, ef sönnuð teldist, varðað fangelsisrefsingu. Eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar, sem virðist á frumstigi, en geti orðið umfangsmikil.

Eyjólfur Jóhannsson er sjálfstætt borinn alvarlegum sökum af tveim aðiljum, og þykir því með vísan til ofanritaðs sem og 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera, að hann í þágu rannsóknar sæti gæsluvarðhaldi, er hæfilega þykir afmarkað sem allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Eyjólfur Örn Jóhannsson, fæddur 26. september 1954, til

heimilis að Fálkagötu 3, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 148/1979. **Birgir Þorvaldsson**
gegn
Ofnasmiðju Suðurlands h/f.

Kærumál. Málskostnaður í fógetaréttarmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1979, sem Hæstarétti barst 10. ágúst sl. Krefst hann sýknu af málskostnaðarkröfu varnaraðilja og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Heimilt er að skjóta hinum kærða fógetaréttarúrskurði til Hæstaréttar skv. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Birgir Þorvaldsson, greiði varnaraðilja, Ofnasmiðju Suðurlands h/f, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 3. júlí 1979.

Hinn 10. apríl sl. var tekin hér fyrir beiðni Birgis Þorvaldssonar, forstjóra Runtal-Ofna h/f, um, að lögbann yrði lagt við því, að Ofnasmiðja Suðurlands h/f í Hveragerði framleiði eða selji svonefnda „Funa-ofna“ eða láti selja ofna þessa í sínu umboði, þar eð þeir séu eftirlíkingar á þeim ofnum, sem Runtal-Ofnar h/f hafi einkaleyfi á.

Af hálfu gerðarbeiðanda var lögð fram matsgerð máli þessu til stuðnings.

Að ósk lögmanns gerðarþola var máli þessu frestað til 23. apríl til að skila greinargerð. Hinn 23. apríl skilaði lögmaður gerðarþola greinargerð, og var þá mál þetta tekið til úrskurðar.

Hinn 26. apríl var mál þetta hins vegar tekið upp að nýju að frumkvæði fógeta, þar eð hann taldi nauðsynleg gögn vanta í málið af hálfu gerðarbeiðanda.

Í því réttarhaldi kom sú ósk fram hjá lögmanni gerðarþola, að fram færi yfirmat og máli þessu yrði frestað á meðan. Féllst lögmaður gerðarbeiðanda á þetta, og samþykkti fógeti það fyrir sitt leyti að veita frest þennan, en eigi þó lengur en til föstudagsins 25. maí, kl. 1300.

Föstudaginn 25. maí sl. var máli þessu enn frestað, þar sem yfirmat lá þá ekki fyrir, til mánudagsins 25. júní. Þann dag lagði lögmaður gerðarþola fram yfirmat í réttinum. Óskaði þá lögmaður gerðarbeiðanda eftir því, að málið yrði hafið. Var þá lögbannsþáttur málsins felldur niður.

Lögmaður gerðarþola krafðist hins vegar greiðslu málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda, en lögmaður gerðarbeiðanda mótmælti því. Var því krafa lögmanns gerðarþola um málskostnað tekin til úrskurðar þann dag.

Lögmaður gerðarþola byggir kröfur sínar á því, að skjólstæðingur sinn hafi verið neyddur til þess af gerðarbeiðanda að fara út í mál þetta og honum því nauðugur einn kostur að leggja út í kostnað vegna þessa til að koma í veg fyrir, að atvinnustarfsemi hans stöðvaðist. Hljóti kostnaður þessi að falla á gerðarbeiðanda, þar sem hann taki á sig áhættu með lögbannsaðgerðum.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur kröfum gerðarþola um málskostnað verið mótmælt. Hefði verið farið út í lögbannsaðgerðir á grundvelli undirmats, sem væri ótvírætt. Gerðarþola hefði verið kunnugt um þetta mat löngu áður en til lögbannsbeiðnar kom. Einnig undir rekstri máls hefði ekki verið beðið um yfir-

mat, fyrr en fógeti hefði tekið upp málið að nýju, að sínu frumkvæði, eftir að það hefði verið tekið til úrskurðar. Enda þótt þá hefði verið hafist handa, í framhaldi af því, af hálfu gerðarþola um yfirmat, nái engri átt að telja til málskostnaðar viðbrögð gerðarþola til að hleypa efnislegum stoðum undir málstað sinn. Hefði aldrei til lögbannsmáls komið, hefði yfirmat þetta legið fyrir í upphafi máls þessa.

Niðurstöður.

Lögmaður gerðarbeiðanda óskaði eftir því undir rekstri málsins, að það yrði hafið. Var þá lögbannsþáttur málsins felldur niður. Í framhaldi af þessu krafðist lögmaður gerðarþola, að gerðarbeiðandi greiddi málskostnað. Var því hafnað af hálfu gerðarbeiðanda. Er þessi krafa nú hér til úrskurðar.

Með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og 5. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann þykir rétt, að gerðarbeiðandi, Birgir Þorvaldsson, greiði allan málskostnað í máli þessu.

Með hliðsjón af framlögðum reikningum, eðli málsins og hagsmunamati telst málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1.600.000.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Birgir Þorvaldsson greiði Ofnasmiðju Suðurlands h/f kr. 1.600.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 56/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Skjalafals. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjað er tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur yfir ákærða, kveðnum upp 12. apríl og 18. maí 1978. Brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, eru framin, áður en héraðsdómur gekk í fyrra málinu. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti.

Framhaldspróf voru háð út af sakarefni í síðara málinu 19. þ. m. Ákærði kom þá fyrir dóm og kvaðst ekki hafa verið í veitingahúsinu Klúbbnum kvöldið 16. febrúar 1978, og eiginkona hans skýrði einnig svo frá, að ákærði hefði eigi verið þar umrætt kvöld. Í tilefni af framburði vitnisins Halldóru Sigurdórsdóttur um, að maður sá, sem framvísaði tékkunum í versluninni Hagkaupi, hefði m. a. keypt þar stígvél, skýrði eiginkona ákærða svo frá því fyrir dómi, að hún minntist þess eigi, að ákærði hefði verið með ný stígvél heima hjá sér á þessum tíma.

I.

Ákæra fyrir ölvun við akstur.

Staðfesta ber þá úrlausn sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1978, að ákærði sé sekur um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis hinn 22. janúar 1978. Varðar atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. um-

ferðarlaga nr. 40/1978, sbr. lög nr. 54/1976, svo og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II.

Ákæra um skjalafölsun.

Með vísan til forsendna dóms sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978 ber að sakfella ákærða fyrir atferli það, sem sá dómur fjallar um, enda breyta framhaldspróf þau, sem háð hafa verið, engu um sönnunarmatið. Er unnt að dæma um það sakarefni, þótt tímasetning í ákæru sé sumpart röng og sumpart óglögg, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda hefur komið fram fullkomin vörn vegna þessa ákæruefnis. Varðar háttsemi ákærða hann refsingu samkv. 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Refsing, önnur viðurlög og sakarkostnaður.

Refsing fyrir háttsemi þá, sem ákærði er dæmdur sekur um, þykir með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Með skírskotun til forsendna dóms sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1978 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá greindum degi, svo sem ríkissaksóknari hefur krafist, en þann dag var ákærða birtur héraðsdómur. Staðfesta ber ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978 um greiðslu skaðabóta til verslunarinnar Hagkaups svo og ákvæði dóma sakadóms Reykjavíkur 12. apríl og 18. maí 1978 um greiðslu sakarkostnaðar. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 100.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sigfús Sigdórsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 12. apríl 1978 að telja.

Ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978 um

framangreindar skaðabætur eiga að vera óröskuð svo og ákvæði dóma sakadóms Reykjavíkur 12. apríl og 18. maí 1978 um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Í máli þessu er fjallað um tvo dóma sakadóms Reykjavíkur. Annar þeirra var kveðinn upp 18. maí 1978. Var ákærði þá fundinn sekur um skjalafals með því að hafa falsað nafnritun á tvo tékka og notað þá í versluninni Hagkaupi.

Gjaldkeri, sem starfaði hjá Hagkaupi, kveðst hafa tekið við öðrum þessara tékka sem greiðslu. Í hinum áfrýjaða dómi eru skýrslur gjaldkerans raktar og sagt frá könnun hans á ljósmyndum í myndasafni lögreglunnar og frá sakbendingu.

Fyrir liggur álitsgerð og vitnaframburður um könnun á hinum fölsuðu tékkum og á rithandarsýnishornum, sem ákærði ritaði. Einnig er fram komið, að tékkaeyðublöðin, sem notuð voru, voru tekin úr hefti, sem eiginkona ákærða átti.

Frekari rannsókn en hér hefur verið að vikið og lýst er í hinum áfrýjaða dómi og atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar hefur ekki farið fram. Ákærði hefur neitað sekt sinni.

Þegar sakargögn eru virt, þykja þau að vísu veita talsverðar líkur fyrir því, að ákærði sé sekur um skjalafals, eins og talið er í hinum áfrýjaða dómi. Rannsókn í málinu var þó ekki svo ítarleg sem skyldi. Þegar það er haft í huga og sakargögn virt í heild, er að okkar áliti ekki fram komin

nægileg sönnun fyrir sekt ákærða. Við teljum því, að hann beri að sýkna af ákæru um skjalafals, sem um var dæmt í sakadómi Reykjavíkur 18. maí 1978, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974.

Hér er einnig til meðferðar dómur, sem upp var kveðinn 12. apríl 1978, en í honum var ákærði sekur fundinn um akstur undir áfengisáhrifum. Við erum sammála meiri hluta Hæstaréttar um þennan þátt málsins, þar á meðal um ökuleyfissviptingu. Við teljum refsingu ákærða hæfilega ákveðna í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, teljum við, að dæma beri ákærða, Jóhann Sigfús Sigdórsson, til að greiða 200.000 króna sekt í ríkissjóð. Komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms í máli þessu. Þá teljum við, að svipta beri ákærða ævilangt ökuréttindum frá 12. apríl 1978. Ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur þann dag um sakarkostnað ber að staðfesta að okkar áliti, en við teljum, að sakarkostnaði beri að öðru leyti að skipta og leggja hann að hluta á ríkissjóð. Teljum við, að dæma beri ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins að því leyti sem hann varðar dóm sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1978, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur. Allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að því leyti sem varðar dóm sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978 ber að okkar áliti að leggja á ríkissjóð, þar á meðal ber að greiða úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 75.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 12. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 136/1978: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. mars sl., á hendur ákærða, Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni sjó-

manni, Þórufelli 6, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. apríl 1956, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 22. janúar 1978 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni R 32268 frá veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík áleiðis heim til sín, en lögreglan stöðvaði akstur hans fljótlega í Borgartúni.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Ákærði, Jóhannes Sigfús Sigdórsson, ók bifreiðinni R 32268 aðfaranótt sunnudagsins 22. janúar 1978 frá veitingahúsinu Klúbbnum, Borgartúni 32, áleiðis heim til sín, enda þótt hann fyndi til áfengisáhrifa við aksturinn og hefði ekki gild ökuréttindi.

Lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Borgartúni skammt frá áðurnefndu veitingahúsi, og hafði ákærði ekki neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar af Ólafi R. Ingimarssyni lækni klukkan 0409 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 2.04‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1972 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 18. september 1972.

1973 13/2 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir ölvun.

1973 25/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1973 11/12 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá 11/12 1973, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga.

1974 11/2 í Reykjavík: Dómur: 12 mán. fangelsi fyrir brot á

1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1974 13/6. Ávana- og fíkn.: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 1. og 5., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

1974 17/7 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1974 5/11 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga, en eigi gerð sérstök refsing.

1975 16/4 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1975 17/7 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 73/1952.

1975 30/9 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1975 15/12 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1976 2/5 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1976 8/12 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1977 5/7 í Reykjavík: Dómur: 1 mán. fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.

1977 21/12 í Reykjavík: Dómur: 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 20/10 1977.

Dómurinn frá 21. desember 1977 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 25 daga.

Svipta ber ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta ákærða þessum rétti ævilangt frá 22. janúar 1978 að telja.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sigfús Sigdórsson, greiði 200.000 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt frá 22. janúar 1978 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 18. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 201/1978: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 18. f. m., gegn Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, Þórufelli 8, fæddum 19. apríl 1956 í Reykjavík, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa föstudaginn 19. febrúar gefið út og notað í viðskiptum í versluninni Hagkaupi við Skeifuna í Reykjavík tvær ávísanir, hvora að fjárhæð kr. 32.000, á eyðublöð merkt Búnaðarbanka Íslands, nr. 1690972 og -3, falsað á þær nafnritun Björns Þórðarsonar og stílað á handhafa, en reikningsnúmerið 5694-8 valdi ákærði af handahófi.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Í máli þessu hefur komið fram krafa af hálfu Hagkaups, að ákærði verði dæmdur til greiðslu fjárhæðar þeirra tékka, sem málið var risið af, þ. e. samt. 64.000 kr.

Málsatvik.

Föstudaginn 17. febrúar sl. voru tveir tékkar teknir sem greiðsla í versluninni Hagkaupi við Skeifuna hér í borg. Báðir eru þeir gefnir út á ávísanareikning 5694-8 í Búnaðarbanka Íslands, dagsettir 17. febrúar og undirritaðir með nafninu Björn Þórðarsson (þannig stafsett). Hvor tékki er að fjárhæð 32.000 kr. og gefnir út á eyðublöð úr sama hefti (eyðubl. númer 1690972 og 1690973). Framsal á öðrum tékkanum er: Ólafur Björsson (sic) 6294-5860 Dúfnahólum 2, en á hinum: Jóna Björssdóttir (sic) 4810-6140 Dúfnahólum 2. Tékkar þessir reyndust falsaðir.

Eyðublöðin eru úr hefti, sem eiginkona ákærða, Ólöf Ólafsdóttir, átti.

Við rannsókn kom í ljós, að gjaldkeri sá í Hagkaupi, sem tekið hafði við öðrum tékkanum (ebl. 1690972) var Halldóra Sigurdórsdóttir, Hraunbæ 66, og hafði hún sett merki sitt (Dóra) á bakhlið tékkans. Hún kvaðst muna eftir því, er hún tók við tékkanum, og hefði það verið ungur maður, 20—25 ára að aldri, ljósskolhærður og fremur þybbinn, sem greiddi með honum vörur fyrir um 12.000 kr. og fékk mismuninn í peningum. Rannsóknarlögreglan lét Halldóru athuga myndasafn, og tók hún út mynd af ákærða og taldi, að þar væri maður sá, er greiddi með tékkanum. Hinn 13. mars lét rannsóknarlögreglan stilla ákærða upp ásamt 5 öðrum mönnum, og benti Halldóra þá á ákærða úr hópnum. Hún hefur borið það sem vitni í þessu máli, að ákærði sé örugglega maður sá, er fékk henni tékkann.

Ákærði hefur neitað því eindregið, að hann hafi notað þessa tékka, og viti hann alls ekkert um það, hvernig þeir séu til komnir.

Eiginkona ákærða heldur því fram, að hún hafi fimmtudagskvöldið 16. febrúar verið í skemmtistaðnum Klúbbnum hér í borg og haft tékkhefti sitt í vasa á vestispeysu, sem hún hafi verið í, og hafi heftið horfið með einhverjum hætti þetta kvöld. Nokkur eyðublöð hafi verið eftir í heftinu, þar á meðal þau, sem umræddir tékkar eru ritaðir á. Þess er að geta, að eyðublaðsnúmerin benda til þess, að tvö eyðublöð hafi verið eftir í hefti því, sem eyðublöðin eru úr.

Rannsóknarlögreglan fékk Maríu Bergmann til þess að athuga tékkana ásamt rithandarsýnishornum, er ákærði ritaði. María er félagi í World Association of Document Examiners. Niðurstaða í álitsgerð Maríu er sú, að sami maður hafi ritað sýnishornin og tékkana, og tilgreinir hún sérstaklega einstaklingseinkenni rithandarinnar í 9 liðum. María hefur staðfest álitsgerð sína fyrir dómi.

Álit dómara.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir sannað með framburði Halldóru Sigurdórsdóttur og álitsgerð Maríu Bergmann, að ákærði hafi ritað og notað í viðskiptum tékka þá, sem málið er af risið. Ber að refsa honum skv. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af brotaferli ákærða. Á árinu 1972 var ákæru á hendur honum fyrir þjófnaðar-

tilraun frestað skilorðsbundið, en síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

1973 25/5 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1973 11/12 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.
1974 11/2 12 mánaða fangelsi fyrir árás og þjófnað.
1974 5/11 sakfelldur fyrir skjalafalsbrot, refsing ekki dæmd.
1975 16/4 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.
1975 30/9 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.
1975 15/12 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1976 8/12 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, refsing ekki dæmd.
1977 5/7 1 mánaðar fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.
1977 21/12 80.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Fjárkrafa Hagkaups verður tekin til greina.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sigfús Sigdórsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði Hagkaupi 64.000 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 kr.

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 59/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Kyrrsetning samkvæmt lögum nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

I.

Eins og greinir í héraðsdómi, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 0.83‰, eftir að hann ók bifreiðinni R 39074 nokkurn spöl eftir Suðurlandsvegi við Þjótanda sunnudagsmorguninn 29. maí 1977. Hefur ákærði með akstri þessum gerst brotlegur við lagaákvæði þau, er greinir í I. kafla ákæru.

II.

Sannað er með eigin játningu ákærða og framburðum lögreglumanna, sem raktir eru í hinum áfrýjaða dómi, að ákærði hafi ekið nefndri bifreið eftir götum á Seyðisfirði aðfaranótt laugardagsins 16. júlí 1977 undir áhrifum áfengis, mjög hratt og ógætilega og ekki sinnt stöðvunarmerki lögreglumanns. Reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða 1.89‰. Varða þessi brot ákærða við þau ákvæði umferðar- og áfengislaga, sem í ákæru og héraðsdómi getur, sbr. og lög nr. 54/1976.

Ákærða er og gefið að sök að hafa stofnað lífi eða heilsu lögreglumannsins Þorbjörns Þorsteinssonar í augljósan háska með því að aka bifreiðinni með ofsahraða um 400 metra vegalengd, er lögreglumaðurinn hékk í henni og drást með henni. Segir Þorbjörn ákærða hafa orðið þess varan,

er hann náði taki á bifreiðinni, og hafa vitað af sér allan tímann, sem hann dróst með henni.

Ekki verður fullyrt, að ákærði hafi séð eða orðið var við, er lögreglumaðurinn náði taki á bifreið hans. Hann viðurkennir aftur á móti að hafa orðið lögreglumannsins var litlu síðar. Bifreiðina stöðvaði hann þó ekki, heldur ók hann áfram, niður á hafnargarð og þar út í skurð.

Þykir ákærði með þessum akstri sínum hafa gerst brotlegur við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ákvörðun refsingar ákærða, frádrátt gæsluvarðhalds hans frá henni, ökuleyfissviptingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar.

Fella ber úr gildi ákvæði hins áfrýjaða dóms um kyrrsetningu þá, er þar getur, sbr. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Ásgeirs Ebenezers Þórðarsonar, frádrátt gæsluvarðhalds hans frá henni, ökuleyfissviptingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um kyrrsetningu þá, er þar greinir, er úr gildi fellt.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. mars 1978.

Ár 1978, föstudaginn 31. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadóm-

ara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 110/1978: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni, sem tekið var til dóms 29. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. desember sl., á hendur ákærða, Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni stýrimanni, áður að Sigtúni 35, nú að Laugavegi 27 í Reykjavík, fæddum þar í borg 15. ágúst 1950, „fyrir eftirtalin brot, framin árið 1977:

I.

Ákærða er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 29. maí ekið bifreiðinni R 39074 undir áhrifum áfengis stuttan spöl eftir Suðurlandsvegi frá bænum Þjótanda við Þjórsárbrú.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II.

Ákærða er enn gefið að sök að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. júlí ekið sömu bifreið undir áhrifum áfengis frá félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði um götur kaupstaðarins.

Er lögreglumenn gáfu ákærða stöðvunarmerki, þar sem hann ók vestur Austurveg, hélt hann áfram akstrinum án þess að sinna því, með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukkustund og af mikilli óvarkárni um götur bæjarins. Er ákærði hafði linnt akstrinum á Ránargötu við Fjörð og lögreglumenn hugðust handtaka hann, ók hann enn af stað með offorsi, þannig að lögregluþjónninn Þorbjörn Þorsteinsson, Baugsvegi 5 þar í kaupstaðnum, dróst með bifreið ákærða um 400 metra vegalengd, og stofnaði ákærði á þennan hátt lífi eða heilsu lögregluþjónsins í augljósan háska. Ákærði hélt áfram akstrinum, uns bifreið hans hafnaði í skurði á hafnargarðinum.

Telst ofangreint atferli ákærða varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 1., 2. og 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.“

Málavextir eru þessir:

I.

Sunnudagsmorguninn 29. maí sl., um klukkan 0545, voru tveir lögreglumenn úr Reykjavík staddir í umferðareftirliti í lögreglubifreið á Suðurlandsvegi skammt frá samkomustaðnum Þjótanda. Þeir veittu þá athygli bifreiðinni R 39074, sem ekið var eftir Suðurlandsvegi, og fannst þeim akstur bifreiðarinnar nokkuð óöruggur. Þeir stöðvuðu því akstur bifreiðarinnar og höfðu tal af ökumanni hennar, ákærða Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni. Þegar þeir ræddu við hann, fundu þeir talsverða áfengislykt leggja frá vitum hans.

Ákærði var færður á lögreglustöðina á Selfossi og þar tekin af honum varðstjóraskýrsla. Skýrði ákærði þá svo frá, að hann hefði drukkið einn sopa af whisky fyrir miðnætti.

Brynleifur Steingrímsson héraðslæknir tók ákærða blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 6 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 0.83‰.

Í varðstjóraskýrslunni kemur fram, að auk talsverðs áfengisþefs af andardrætti ákærða hafi augu hans verið vot, en ekki er getið annarra einkenna um áfengisneyslu af hans hálfu.

Við meðferð málsins skýrir ákærði svo frá, að hann hafi snemma greindan morgun ekið bifreiðinni R 39074 örstuttan spotta, ekki yfir 150 metra, eftir Suðurlandsvegi frá bænum Þjótanda við Þjórsárbrú og þar til akstri lauk fyrir afskipti lögreglu. 10—15 mínútum áður en ákærði ók af stað, hafði hann drukkið einn sopa af whisky við Þjótanda. Kvöldið áður hafði ákærði verið á dansleik og drukkið eitthvað af áfengi. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en hann kveðst hafa ekið bifreiðinni til þess að leggja henni í betra bifreiðastæði.

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi ekið svo sem áður var rakið. Hins vegar er ósannað gegn neitun ákærða og með hliðsjón af útliti hans, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Allt að einu gat ákærði þó ekki með hliðsjón af alkóhólmagni í blóði stjórnað ökutæki örugglega í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Er ákærði því brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, en brot ákærða varðar ekki við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

II.

Aðfaranótt laugardagsins 16. júlí sl. voru þrír lögreglumenn í umferðareftirliti í lögreglubifreið á Seyðisfirði. Samkvæmt skýrslu, sem einn þeirra hefur gert, gáfu þeir bifreiðinni R 39074 stöðvunarmerki klukkan 0130, þar sem hún kom á mikilli ferð vestur Austurveg. Gaf þá ökumaður bifreiðarinnar henni inn og beygði suður Brekkugötu. Veittu lögreglumennirnir bifreiðinni eftirför, og var henni ekið suður Brekkugötu, vestur Túngötu, norður Suðurgötu og yfir brúna og áfram norður Ránargötu og niður á Haföldu og þar um svæðið og til baka suður Ránargötu, en þar komst lögreglubifreiðin fram úr bifreiðinni og var stöðvuð rétt framan við hana. Fóru þá tveir lögreglumannanna út úr lögreglubifreiðinni og hlupu að hinni bifreiðinni. Náði annar þeirra, Þorbjörn Þorsteinsson, sem ritar lögregluskýrsluna, taki á hurð farþegamegin. Segir Þorbjörn í skýrslu sinni, að ökumaður bifreiðarinnar hafi séð, þegar hann náði taki á bifreiðinni, og gefið þá allt inn. Dróst Þorbjörn með bifreiðinni ca 400 metra. Þá segir Þorbjörn í skýrslu sinni, að ökumaðurinn hafi á þessum kafla alltaf verið að líta á sig. Þegar Þorbjörn sleppti taki á bifreiðinni, var hún byrjuð að hendast til að aftan. Var bifreiðin á þessum kafla á ofsalegri ferð. Þegar Þorbjörn sleppti takinu, kútveltist hann langar leiðir. Komu lögreglumennirnir, félagar hans, að honum og fluttu á sjúkrahús, þar sem gert var að sárum hans. Í skýrslu Þorbjörns kemur fram, að þegar lögreglubifreiðin var á eftir bifreiðinni R 39074, hafi hún verið á allt að 80—90 mílna hraða miðað við klukkustund.

Skömmu síðar náðist ökumaður bifreiðarinnar R 39074, ákærði Ásgeir Ebenezer, þar sem hann hafði ekið út í skurð niður á hafnargarði. Var ákærði áberandi undir áhrifum áfengis og fluttur á sjúkrahús til töku á blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Var það framkvæmt af Sigurði Árnasyni héraðslækni. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.89‰.

Tekin var varðstjóraskýrsla af ákærða klukkan 2 um nóttina. Við þá yfirheyrslu viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni R 39074 frá félagsheimilinu Herðubreið áleiðis að Farfuglaheimilinu, enda þótt hann hefði drukkið ca eina flösku af Campari ásamt öðrum í félagsheimilinu og víðar frá klukkan 1800 daginn áður og fram til þess, að hann var handtekinn. Kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og

hefði hann drukkið einn stóran sopa af Martini, eftir að akstri lauk.

Í skýrslu Ríkharðs J. Björgvinssonar, sem tók varðstjóraskýrsluna, segir, að augu ákærða hafi verið vot, jafnvægi óstöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði var yfirheyrður fyrir sakadómi Seyðisfjarðar næsta dag. Í þessari yfirheyrslu staðfesti ákærði, að rétt væri eftir sér haft í varðstjóraskýrslunni og hefði hann neytt áfengis, áður en hann ók bifreiðinni.

Ákærði kveðst kannast við að hafa mætt lögreglubifreið tvisvar, þegar hann ók frá félagsheimilinu. Í síðara skiptið hóf lögreglubifreiðin eftirför, en ákærði reyndi að komast undan vegna þess, að hann hafði neytt áfengis. Hann kannast við að hafa hálfpartinn misst stjórn á bifreiðinni í beygju nálægt sjúkrahúsinu, en getur ekki giskað á, hver ökuhraðinn hafi verið. Ákærði kannast einnig við að hafa keyrt hratt og ógætilega, eftir að hann kom yfir brúna, en getur ekki sagt til um hraðann. Segir ákærði, að bifreiðin komist ekki á nema 130 km hraða. Skammt frá bæjarbryggjunni sneri ákærði við og ók sömu leið til baka. Lögreglubifreiðin komst þá fram fyrir ákærða og stöðvaðist þversum á veginum ca 150 metra fyrir framan hann. Ákærði sneri þá við og sá lögreglumenn koma hlaupandi í rykmekki. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að lögreglumaður hengi í bílnum, fyrr en hann hafði ekið nokkurn spöl. Segir ákærði, að sér hafi orðið svo hverft við, þegar hann kom auga á manninn, að hann muni ógerla eftir, hvað gerðist eftir það. Ákærði ók síðan bifreiðinni út á hafnaruppfyllingu, þar sem hann festi hana í gryfju.

Í lok þessarar yfirheyrslu var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Ákærði var yfirheyrður að nýju 22. júlí sl. og honum þá m. a. kynnt áðurgreind lögregluskýrsla Þorbjörns Þorsteinssonar, sem hann gerði enga aðra athugasemd við en þá, að bifreið hans, sem væri Toyota Corolla, árgerð 1974, næði ekki nema 125 km hraða, ef ekki væri þá ekið undan brekku eða vindi á steyptum vegi. Telur ákærði ómögulegt, að hann hafi náð 80—90 mílna hraða. Ákærði segir sem fyrr, að hann hafi séð lögreglumenn koma hlaupandi að bifreið sinni, en ekki orðið var við, að maður hengi í bifreiðinni, fyrr en hann hafði ekið nokkurn spöl. Kveðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í lok þessa þinghalds kyrrsetti dómarinn bifreið ákærða með

heimild í 144. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til tryggingar væntanlegum skaðabótum og sakarkostnaði.

Verður nú gerð grein fyrir framburðum lögreglumannanna fjögurra fyrir sakadómi Seyðisfjarðar.

Vitnið Þobjörn Þorsteinsson lögreglumaður, Baugsvegi 5 á Seyðisfirði, kveðst hafa verið í umferðareftirliti ásamt lögreglumönnunum Ríkharð J. Björgvinssyni, Páli Jónssyni og Brynjari Guðmundssyni í lögreglubifreiðinni S 1352. Voru þeir á leið inn Austurveg, er ákærði ók á móti þeim út eftir á mikilli ferð. Sneru þeir þá við og óku út Austurveg. Hafði þá ákærði ekið út undir hús kauppfélagsins og snúið þar við og ók inn Austurveg. Var ákærða gefið stöðvunarmerki við Brekkugötu. Ekki sinnti ákærði því, heldur beygði upp og suður Brekkugötu og ók síðan eins og áður er fram komið. Vitnið ók lögreglubifreiðinni allan tímann á eftir bifreiðinni. Ferðin var það mikil, að vitnið hafði ekki möguleika á að fylgjast nákvæmlega með hraðamælinum, en þegar ekið var eftir slétta kaflanum á Ránargötu, sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar um 90 mílna hraða. Telur vitnið, að þá hafi hvorki dregið sundur né saman með bifreiðunum. Lögreglumönnunum tókst síðan að komast fram fyrir ákærða á Ránargötu á móts við Fjörð, eftir að ekið hafði verið niður á Haföldu og þar um svæðið. Tókst vitninu að ná taki á hurðinni farþegamegin. Er vitnið þess fullvisst, að ákærði varð þess þá var og vissi af vitninu allan tímann. Vitnið kveðst ekki muna eftir sér allan tímann, sem það dróst með bifreiðinni, þar sem það fékk högg á höfuðið, er það slóst í bifreiðina. Man það ekki fyrr en það dróst eftir götunni, og höfðu þá skór og sokkar dregist af báðum fótum. Kveðst vitnið þá hafa vegið sig upp og hafi ákærði ætlað að slá sér af bifreiðinni, því að hún fór að slást til að aftan. Notaði vitnið þá tækifærið og lét sig falla á bakið í sveiflu sinni frá bifreiðinni.

Vitnið Páll Sigurgeir Jónsson lögreglumaður, Múlavegi 11 á Seyðisfirði, skýrir svo frá, að það telji hraðann á R 39074 hafa verið mjög mikinn, og álítur, að ákærði hafi ekið á 120 km hraða um Suðurgötu og Túngötu og hraðar á Ránargötu, bæði norður hana og svo aftur, þegar hann ók hana í suður. Virtist vitninu ákærði lítið slá af í beygjum og akstur hans hafi því verið hinn glannalegasti í alla staði. Vitnið kveðst ekki hafa fylgst nákvæmlega með hraðamæli lögreglubifreiðarinnar, en þegar ekið var inn á Túngötu, sá það, að mælirinn stóð í 70 mílum, og leist vitninu þá ekkert á, þar sem Túngatan er mjög þröng gata og bif-

reiðum lagt beggja vegna. Er vitnið þess fullvisst, að hraði R 39074 var meiri en 70 mílur, þegar komið var neðar á Túngötu, á Suðurgötu og á Ránargötu.

Þeim lögreglumönnunum tókst síðan að stöðva bifreiðina, og fóru vitnið og Þorbjörn út úr lögreglubifreiðinni.

Þorbjörn náði taki á bifreiðinni hægra megin, og var þá bifreiðin komin á svolitla ferð. Vitnið hljóp að vinstra megin, en var það seinna en Þorbjörn, að það náði ekki til að grípa í bifreiðina, enda jókst ferð hennar stöðugt. Bifreiðin spólaði af stað og rótaði upp miklum rykmekki. Vitnið sá, að Þorbjörn hljóp fyrst með bifreiðinni, en síðan hékk hann í henni. Sá vitnið síðar, er Þorbjörn hafði vegið sig upp, að ákærði reyndi að hrista hann af bifreiðinni með því að láta hana slást til. Vitnið sá hins vegar ekki, þegar Þorbjörn féll í götuna.

Vitnið telur það mesta mildi, að Þorbjörn skyldi ekki meiðast meira, þar sem ferðin á bifreiðinni, á meðan hann hékk í henni, var mjög mikil. Telur vitnið ákærða hafa verið undir áfengisáhrifum, en ekki áberandi ölvaðan, en í þau orð leggur vitnið þann skilning, að menn séu talsvert drukknir. Þá telur vitnið, að ákærði hafi vitað af þeim Þorbirni báðum, er þeir komu að bifreiðinni. Voru rúðurnar í hurðunum dregnar niður að fullu bílstjóramegin, en að hálfu farþegamegin. Horfði ákærði fyrst á vitnið, en síðan á Þorbjörn. Kölluðu þeir báðir til ákærða að stöðva bifreiðina.

Vitnið Ríkharð Júlíus Björgvinsson lögreglumaður, Múlavegi 17 á Seyðisfirði, segir, að akstur ákærða hafi verið mjög hraður og vítaverður. Vitnið kveðst ekki hafa fylgst með hraðamæli lögreglubifreiðarinnar. Það hafði augun á bifreiðinni R 39074 allan tímann, en mikið ryk var á götunum. Vitnið telur alveg áreiðanlegt, að hraði R 39074 hafi verið minnstur 90 km og víða talsvert meiri.

Þegar komið var fram fyrir R 39074 á móts við Fjörð, fóru Þorbjörn og Páll að bifreiðinni sitt hvorum megin. Sá vitnið síðan, að bifreiðin hvarf í rykmekki. Kom Páll síðan út úr mekkinum og sagði þeim, að Þorbjörn hefði farið með bifreiðinni, utan á henni. Vitnið settist undir stýri lögreglubifreiðarinnar og ók á eftir ákærða. Er það hafði ekið nokkur hundruð metra, komu þeir þar að, er Þorbjörn lá í götunni.

Vitnið tók varðstjóraskýrsluna af ákærða og staðfesti hana fyrir dóminum. Kveður vitnið ákærða hafa verið áberandi ölvaðan og áfengisþef hafa verið sterkan af honum. Vitnið segir,

að ákærði hafi viðurkennt allt fyrir þeim. Hafi hann haft þau orð, að svona færi, þegar maður ætli að leika „cool gæja".

Vitnið Brynjar Guðmundsson lögreglumaður, Baugsvegi 5 á Seyðisfirði, segir, að alla eftirförina hafi ákærði ekið mjög hratt og vítavert. Álítur vitnið, að bifreið ákærða hafi náð 130—140 km hraða, þegar hraðast var ekið. Þegar tókst að komast fram fyrir bifreiðina, stukku Þorbjörn og Páll út úr lögreglubifreiðinni og að bifreið ákærða sitt hvorum megin. Náði Þorbjörn taki á bifreiðinni, en hvarf síðan með henni í rykmekki. Páll hrópaði til vitnisins og Ríkharðs, að Þorbjörn væri fastur við bifreiðina og drægist með henni. Urðu þeir skelfingu lostnir, þar sem bifreiðinni var ekið mjög hratt út Ránargötuna og síðan beygt niður að hafnargarðinum.

Telur vitnið með ólíkindum og hina mestu mildi, að ekki skyldi verða meira slys. Virtist vitninu ákærði mjög ölvaður, þegar hann var handtekinn.

Í áverkavottorði Sigurðar Árnasonar héraðslæknis segir svo um meiðsli Þorbjörns Þorsteinssonar:

„Ofangreindur maður kom á slysastofu sjúkrahúss Seyðisfjarðar um kl. 0200 (ekki nákvæmur tími) aðfaranótt laugardagsins 16. júlí 1977 og kvaðst hafa dregist með bíl, sem hann var að stöðva. Var hann, þ. e. sj., allur lemstraður, þannig að hann gat tæplega gengið uppréttur, og haltur var hann beggja vegna. Skoðun leiddi í ljós talsvert grunnt hrufl, mest á fótum, en einnig hér og hvar um kroppinn. Engin djúp sár. Mest eymsli voru yfir öklabeini hæ. fótar, en ekki var mér unnt að greina þar brot á rtg.mynd. Myndin var send til nánari greiningar á rtg.deild Borgarspítalans. Búið var um sárin á venjulegan hátt. 18. júlí 1977: Mar er nú víða komið út á kropp og útlimum, og á þeim stöðum eru palpasjónseymsli. Þorbjörn er enn mjög stirður, og litlar hreyfingar virðast valda honum kvölum. Hann verður áfram í sárameðferð daglega og undir nánara eftirliti."

Í áverkavottorði Sigurðar Árnasonar héraðslæknis, dagsettu 12. ágúst sl., segir svo um skoðun á Þorbirni Þorsteinssyni:

„Jeg hefi í dag skoðað Þorbjörn, og er hann nú gróinn sára sinna að mestu. Þó eru eftir sár utanvert og aftanvert á öklanum hæ. megin, sem eru á góðri leið að gróa, ca. 1.0x0.5 cm. Ennfremur er sá öklinn aumur vægt við þreifingu og fremur stirður miðað við þann vinstri. Ekki áberandi skert hreyfigeta passíft, og virðist stirðleikinn af músкúler týpu, enda var maðurinn mjög marinn á vöðvasvæði kálfans. Á vinstri fæti er smásár að

gróa á móts við PIP I innanvert á stórutá. Þar eru svolítil eymsli, en ekki áberandi hreyfingarhindrun.

Um annað kvartaði Þorbjörn ekki".

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, eigin játningu ákærða og framburði framangreindra fjögurra vitna er sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 39074 undir áhrifum áfengis greint sinn og án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu. Með framburðum vitnanna Þorbjörns og Páls Sigurgeirs, sem studdir eru framburðum hinna vitnanna, þykir sannað, að ákærði hafi ekið á eitthvað yfir 100 km hraða við eftirför lögreglunnar, enda þótt ekki sé hægt að fullyrða, að hann hafi komist á allt að 140 km hraða. Þá er einnig komin fram sönnun fyrir því með framburði vitnanna fjögurra, að ákærði hafi ekið um 400 metra vegalengd með vitnið Þorbjörn hangandi utan í bifreið sinni, og þykir sannað með framburði vitnanna Þorbjörns og Páls Sigurgeirs, að ákærða hafi verið kunnugt um, að vitnið Þorbjörn hékk utan á bifreiðinni.

Háttsemi ákærða varðar við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 1. og 2. mgr. og a, c og d liði 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1965 2/11 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 28. gr. og 50. gr. umferðarlaga.

1966 26/1 Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1967 20/1 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 14. gr. umferðarlaga.

1969 7/11 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 1/12 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og 1. gr. og 8. gr. laga nr. 21/1957.

1970 28/12 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 28/12 1970.

1971 6/7 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 106. gr. hegningarlaga.

1972 17/8 Akureyri: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969.

1973 20/7 Hafnarfirði: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

1974 12/3 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr., 37. gr. og 41. gr. umferðarlaga.

1975 4/9 Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 125.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr. reglugerðar nr. 390/1974, en áður við 5., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 2. gr. hegningarlaga.

1977 19/12 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 2. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Brot ákærða eru framin fyrir uppsögu dómsins frá 19. desember sl., og ber því að ákvarða ákærða nú refsingu með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákvarða ákærða nú í einu lagi refsingu fyrir þau brot, sem hann var dæmdur fyrir 19. desember sl., og brot þau, sem hann er nú sakfelldur fyrir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, en ekki þykir fært að skilorðsbinda refsinguna, enda telur dómurinn, að refsing ákærða hefði ekki verið gerð skilorðsbundin 19. desember sl., ef þá hefði verið dæmt um öll brotin í einu lagi.

Í dóminum frá 19. desember sl. var ákveðið, að gæsluvarðhald ákærða frá 15. til 22. desember 1975 skyldi koma refsingu hans til frádráttar, ef hún kæmi til framkvæmda. Ber því að láta framangreint gæsluvarðhald koma refsingunni til frádráttar.

Ákærði hefur með akstri sínum í framangreind tvö skipti unnið sér til ökuleyfissviptingar, svo sem krafist er í ákærunni og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Vegna þess, hversu yngra brot ákærða er alvarlegt, þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt. Ákærði var, eins og þegar er fram komið, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða í þinghaldi í sakadómi Seyðisfjarðar 16. júlí sl. Þá var ákærði einnig sviptur ökuréttindum til bráðabirgða vegna fyrra málsins með úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík 1. september sl. Þar sem ákærði var þá þegar sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, verður að líta á síðari sviptinguna sem markleysu. Verður ákærði því sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16. júlí sl.

Í máli þessu er ekki ákært til greiðslu skaðabóta, og engin skaðabótakrafa hefur borist frá Þorbirni Þorsteinssyni þrátt fyrir það, að hann hafi lýst því yfir í sakadómi Seyðisfjarðar 26. júlí sl., að hann mundi gera það, þegar ljósar lægi fyrir, hvernig honum mundi reiða af. Með hliðsjón af síðara læknisvottorðinu, sem gerð var grein fyrir hér á undan, hefur vitnið Þorbjörn haft meira en hálft ár til þess að koma skaðabótakröfu sinni á framfæri. Þykir því ekki ástæða til þess að tefja málið vegna væntanlegrar skaðabótakröfu hans. Þar sem engin skaðabótakrafa liggur frammi í málinu og ekki er vani að kyrrsetja eigur sakborninga til tryggingar greiðslu málskostnaðar, þykja eigi lengur vera fyrir hendi skilyrði til þess að viðhalda kyrrsetningu þeirri, sem lögð var á bifreiðina R 39074 hinn 22. júlí, og er hún felld úr gildi.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Ebenezer Þórðarson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal dragast gæsluvarðhald ákærða frá 15. til 22. desember 1975.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16. júlí 1977 að telja.

Felld er úr gildi kyrrsetning bifreiðarinnar R 39074, sem lögð var á hana í sakadómi Seyðisfjarðar 22. júlí 1977.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 154/1977. **Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Ómari Ægi Kristjánssyni og Ábyrgð h/f
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabætur. Framkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1977. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 135.132 krónur með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Ómar Ægir varð fjárráða, eftir að héraðsdómi var áfrýjað, og fer hann sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti.

Hinn 28. apríl 1977 var stefndi Ómar Ægir dæmdur í sakadómi Reykjavíkur til að sæta refsingu, 60 daga varðhaldi, vegna atburðar þess, sem í málinu greinir.

Það er ekki sannað, sem haldið er fram af áfrýjanda, að bifreiðin R 5120 hafi kastast á bifreiðina X 3143, eftir að fyrrnefnda bifreiðin hafði stöðvast. Líkur eru að því leiddar, að ökumaður bifreiðarinnar X 3143 hafi eigi gætt að fullu reglna 5. mgr. 45. gr., sbr. og 49. gr., umferðarlaga nr. 40/1968 um ökuhraða. Eins og hér stendur sérstaklega á, þykir þó ekki af þeirri ástæðu efni til að skipta tjóni, sem varð á bifreið hans, þegar þess er gætt, að stefndi Ómar Ægir átti yfirgnæfandi sök á spjöllunum á bifreiðinni með stórlega vítaverðum akstri sínum í umrætt sinn.

Ber því að taka kröfur áfrýjanda að fullu til greina.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, Ómar Ægir Kristjánsson og Ábyrgð h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Samvinnutryggingum g/t, 135.132 krónur með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní sl., er höfðað af Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu, birtri 3. maí 1976, gegn Kristjáni G. Jóhannssyni vélstjóra, Sæviðarsundi 42, Reykjavík, vegna ófjárráða sonar hans, Ómars Ægis Kristjánssonar, til heimilis á sama stað, og Ábyrgð h/f, tryggingarfélagi bindindismanna, Skúlagötu 63, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að endurgreiða kr. 135.132 með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sáttatilraunir voru reyndar án árangurs.

Málavextir eru þeir, að rétt fyrir kl. 0130 aðfaranótt laugardagsins 25. október 1975 ók Ómar Ægir Kristjánsson bifreið sinni, R 42252, sem er Buick fólksbifreið, niður Ármúla og áfram austur Suðurlandsbraut. Hann mun hafa ekið greitt, og hafa sjónarvottar giskað á, að hraði bifreiðarinnar hafi verið allt frá 60 til 90 km á klst. Ómar Ægir var undir áhrifum áfengis, og alkóhólrannsókn á blóði hans leiddi í ljós, að í því voru 1.95‰ af vínanda. Á móts við verslunarhús Gunnars Ásgeirssonar h/f við Suðurlandsbraut 16 virtist sjónarvottum sem bifreiðin stefndi

upp á graseyju, sem er á milli götunnar og húsagötu við verslunarhúsin, sem þar standa, en áður en svo fór, hafi bifreiðarstjórinn beygt til vinstri, sem hafði þær afleiðingar í för með sér, að árekstur varð á hægri vegarhelmingi á milli bifreiðarinnar og leigubifreiðarinnar R 5120, sem kom austan Suðurlandsbraut. Í leigubifreiðinni voru fjórir farþegar, og slösuðust þeir allir meira og minna og einnig ökumaður. Í bifreiðinni R 42252 voru einnig fjórir farþegar, sem ökumaður hafði boðist til að aka, og slösuðust þeir einnig og enn fremur ökumaður.

Í lögregluskýrslu er skemmdum á bifreiðinni R 42252 lýst þannig, að hægri hlið sé mikið dælduð. Skemmdum á bifreiðinni R 5120 er lýst svo, að framhluti sé allur farinn af, vinstri hlið öll dælduð, brotin framrúða og stýri. Á ljósmyndum, sem lagðar hafa verið fram í réttinum af árekstri þessum, sést, að báðar bifreiðarnar snúa skáhallt út af akrein þeirri, sem liggur til vesturs.

Þá lenti og bifreiðin X 3143 í árekstri með þeim hætti, að hún rakst aftan á bifreiðina R 5120, og er skemmdum á bifreiðinni lýst þannig í lögregluskýrslu, að hægra framaurbretti, vélarhlíf, framhöggvari og grill sé dældað.

Af hálfu aðilja málsins var því lýst yfir, að þeir mundu ekki leiða þau vitni fyrir rétt, sem gefið hefðu skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómara.

Eigandi og ökumaður bifreiðarinnar X 3143 var Guðlaugur Gunnar Björnsson, og skýrði hann svo frá fyrir rannsóknarlögreglu hinn 25. október 1975, að hann hefði ekið nokkurn spöl eftir bifreiðinni R 5120 og hafi hraðinn verið um 40 til 50 km á klst. Hann hafi svo skyndilega séð þá bifreið takast á loft og koma á móti sér og þá hafi hann strax nauðhemlað. Er hann hafi farið að hugleiða málið eftir á, kvaðst hann hafa munað, að sér hafi þótt bilið það langt að hinni bifreiðinni, að nægur tími hefði verið fyrir sig að stöðva, og því telja fullvíst, að sín bifreið hafi verið stöðvuð, er áreksturinn hafi orðið milli hennar og R 5120, en sú bifreið hafi kastast aftur á bak, er hún hafi lent í árekstrinum við R 42252. Þrír farþegar voru í bifreiðinni X 3143, og sluppu þeir allir við meiðsl og einnig ökumaður. Guðlaugur Gunnar gaf skýrslu fyrir sakadómara 12. febrúar 1977, og er hún efnislega samhljóða þeirri skýrslu, sem hann gaf fyrir rannsóknarlögreglu. Farþegarnir í bifreiðinni X 3143, þau Óskar Björnsson og Sesselja Jónsdóttir, komu bæði fyrir dóminn, en gátu í engu lýst aðdraganda árekstursins né honum

sjálfum. Vitnið Kristín Þórarinsdóttir, sem var einnig farþegi í bifreiðinni X 3143, kom fyrir dóminn og lýsti aðdraganda árekstursins þannig, að hún hefði séð, þegar árekstur varð á milli bifreiðanna R 42252 og R 5120. Þá hefði verið töluverð fjarlægð á milli R 5120 og X 3143, en samt ekki mjög mikil. Bifreiðin X 3143 hefði verið á mjög litlum hraða og hefði ökumaður hemlað strax, en hann hefði örugglega tekið eftir árekstrinum um svipað leyti og vitnið. Vitnið taldi, að R 5120 hefði ekki verið orðin kyrrstæð, þegar X 3143 lenti á henni, heldur hefði hún komið á móti bifreiðinni. Þeir sjónarvottar, sem urðu vitni að árekstri bifreiðanna R 5120 og X 3143, gáfu skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu.

Þorgeir Jónsson sagðist hafa séð, að bifreiðin X 3143 hefði verið nokkurn spöl á eftir bifreiðinni R 5120, áður en árekstur-inn varð. Sér hefði fundist hún vera á eðlilegum hraða, en nokkuð lengi að stöðvast miðað við hraðann. Þorgeir kvaðst halda, að leigubifreiðin hefði verið orðin kyrrstæð, er bifreiðin X 3143 hafi lent aftan á henni.

Hjörtur Nielsen sagði, að leigubifreiðin hefði snöggstöðvast við árekstur-inn og kastast til hliðar, jafnvel aðeins aftur á bak. Hann hafi séð til bifreiðarinnar X 3143, áður en hún hafi lent í árekstrinum. Bifreiðinni hafi verið hemlað og hafi hún runnið á bifreiðina R 5120, en sú bifreið hafi verið kyrrstæð, þegar bifreiðin X 3143 hafi lent á henni. Hjörtur sagðist ekki hafa tekið eftir neinu óeðlilegu við akstur X 3143, en bifreiðin muni hafa verið skammt á eftir bifreiðinni R 5120.

Ríkharður Sverrisson sagðist hafa séð, að bifreiðin X 3143 hefði lent á bifreiðinni R 5120, en þá hafi sú bifreið verið orðin kyrrstæð. Hann kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við akstur bifreiðarinnar X 3143.

Samræmi er á milli framburðar þessara sjónarvotta fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir sakadómara.

Af hálfu stefnanda, er því haldið fram, að stefndi Ómar Ægir hafi valdið árekstrinum á milli R 5120 og X 3143 með vítaverðum ölvunarakstri, sem fyrst hafi leitt til árekstrar bifreiðar hans og bifreiðarinnar R 5120, og sé tjónið, sem orðið hafi á bifreiðinni X 3143, bein afleiðing þess árekstrar. Við árekstur-inn á milli bifreiðarinnar R 42252 og bifreiðarinnar R 5120 hafi síðari bifreiðin kastast spöl austur á bóginn á móti bifreiðinni X 3143, en það megi ráða af líkum, sem jafna megi til sönnunar. Ökumaður X 3143 hafi nauðhemlað, þegar hann hafi séð árekst-

ur R 42252 og R 5120. Sönnunarbyrðin hljóti því að velta yfir á varnaraðilja um það, að tjónið á bifreiðinni X 3143 sé ekki afleiðing af fyrri árekstrinum, en sá árekstur sé fallinn til þess að valda svona tjóni. Ekki skipti máli, hvort leigubifreiðin hafi verið stöðvuð eða ekki, þegar áreksturinn milli hennar og bifreiðarinnar X 3143 hafi orðið, heldur hitt, að leigubifreiðin hafi kastast aftur á bak. Fyrri áreksturinn hafi gerst með svo snöggum hætti, að ökumanni bifreiðarinnar R 5120 hafi ekki gefist tími til að hemla og því hafi ökumaður bifreiðarinnar X 3143 ekki séð nein hemlaljós á þeirri bifreið. Hann hafi því ekki haft ástæðu til þess að hemla þess vegna, en sú regla, að ökumaður eigi að geta stöðvað bifreið sína á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem sé á milli hennar og bifreiðar næst á undan, sé miðuð við það, að þá sé allt með felldu framundan. Þessi vegalengd hafi í þessu tilviki styst við þau afbrigði, að bifreiðin R 5120 hafi kastast aftur á bak. Hemlaför X 3143, 10 m, séu engan veginn óeðlileg. Ekki sé hægt að byggja matið á fjarlægðinni á útreikningum þeim, sem viðhafðir séu af hálfu stefndu. Sannað sé, að hraði bifreiðarinnar X 3143 hafi verið lítill. Þess beri að gæta, hefði bifreiðin R 5120 ekki verið þarna á milli, þá hefði að líkindum orðið árekstur á milli bifreiðarinnar R 42252 og bifreiðarinnar X 3143. Þá hefði eigandi bifreiðarinnar R 42252 þurft að greiða eiganda bifreiðarinnar X 3143 það tjón, sem orðið hefði.

Stefndi beri ásamt hinu stefnda vátryggingarfélagi, sem tryggt hafi bifreið hans lögboðinni ábyrgðartryggingu, óskipta fébótaábyrgð á öllu því tjóni, sem af árekstrinum hafi hlotist, sbr. 68., 69., 70. og 74. gr. umferðarlaga.

Stefnandi, sem selt hafi eiganda bifreiðarinnar X 3143 húftryggingu, hafi bætt honum tjón hans og hafi því skv. 25. gr. laga nr. 20/1954 öðlast rétt eigandans á hendur stefndu.

Af hálfu stefndu er viðurkennt, að akstur Ómars Ægis hafi verið gálaus, en þó ekki jafnvítaverður og stefnandi vilji vera láta. Bifreið stefnda Ómars sé þung og hafi slegið leigubifreiðinni til hliðar og hafi hreyfing hennar orðið þversum á götunni, en ekki beint aftur á bak og megi sjá af ljósmyndum, að þessi staðhæfing sé rétt. Af hálfu stefnda, er enn fremur viðurkennt, að akstur bifreiðarinnar X 3143 hafi verið eðlilegur að öðru leyti en því, að hann hafi verið það nálægt bifreiðinni R 5120, að hann hafi ekki getað stöðvað bifreiðina á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem á milli þeirra hafi verið, eins og ökumönnum beri skylda til samkvæmt 49. gr. umferðarlaga, en ákvæði þess-

arar lagagreinar séu einmitt miðuð við það, að ekki sé allt með felldu framundan. Þetta megi sjá af því, að hafi hraði bifreiðarinnar verið 50 km á klst., þá sé henni ekið u. þ. b. 14 m, áður en ökumaður nái að hemla. Hemlunarvegalengd bifreiðarinnar hafi mælst 10 m og hafi fjarlægðin þá verið 24 m á milli bifreiðanna, en skv. 49. gr. hefði sú fjarlægð átt að vera 72 m. Árekstrana verði að skoða sjálfstætt hvorn fyrir sig og það valdi ekki bótaskyldu alfarið, að um ölvunarakstur hafi verið að ræða, og sé ekki hægt að leggja bótaskyldu á stefndu vegna áreksturs bifreiðanna R 5120 og X 3143, vegna þess að þar hafi verið um að ræða árekstur með þeim hætti, að ökumaður bifreiðarinnar X 3143 hafi ekið aftan á bifreiðina R 5120. Þess beri og að gæta, að bifreiðin R 5120 hafi verið kyrrstæð, þegar bifreiðin X 3143 hafi verið ekið aftan á hana. Því sé alfarið mótmælt, að í þessu tilviki snúist sönnunarbyrðin við, og því verði stefnandi að sanna, að stefndi hafi valdið síðari árekstrinum með akstri sínum, en sú sönnun hafi ekki tekist. Af þessum sökum beri að sýkna stefndu. Skoða verður árekstur bifreiðanna R 5120 og X 3143 sjálfstætt að öðru leyti en því, að áreksturinn milli R 42252 og R 5120 gerir það að verkum, að bifreiðin R 5120 stöðvast skyndilega. Enda þótt bifreiðin kunni að hafa kastast eitthvað aftur á bak við áreksturinn við bifreið stefnda, verður ekki á það fallist að það hafi stytt vegalengdina á milli bifreiðanna R 5120 og X 3143 sem nokkru nemur. Þá ber þess að gæta, að þrír sjónarvottar bera það, að bifreiðin R 5120 hafi verið kyrrstæð, þegar áreksturinn á milli hennar og bifreiðarinnar X 3143 varð.

Þrátt fyrir orðalag 2. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968 þykir verða að meta, af hvaða ástæðum bifreið sú, sem ekið er aftan á, er stöðvuð. Í því tilviki, sem hér um ræðir, leikur ekki vafi á ástæðunni. Með vítaverðum ölvunarakstri sínum þykir ökumaður bifreiðarinnar R 42252 hafa átt að meginhluta til sök á því, að árekstur verður á milli bifreiðanna R 5120 og X 3143.

Ökumaður X 3143 þykir ekki að fullu hafa gætt skyldu sinnar skv. framangreindri lagagrein. Þegar litið er til þess, að hann segist sjálfur hafa séð, þegar áreksturinn á milli bifreiðanna R 42252 og R 5120 verður og þá þegar hemlað án þess þó að geta forðast árekstur, þykir hann eiga sjálfur nokkurn þátt í því, að áreksturinn verður.

Samkvæmt framansögðu þykir sakarskipting hæfilega ákveðin þannig, að ökumaður bifreiðarinnar R 42252 beri 2/3 hluta sakar, en ökumaður bifreiðarinnar X 3143 1/3 hluta sakar.

Kröfugerð stefnanda er ekki mótmælt af hálfu stefndu, hvað tölur snertir.

Ber því að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 90.088 með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján G. Jóhannsson vegna ófjárráða sonar síns Ómars Ægis og Ábyrgð h/f, greiði in solidum stefnanda, Samvinnutryggingum g/t, kr. 90.088 með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. september 1979.

Nr. 116/1977. **Björn Stefánsson**
Einar Stefánsson og
Jóhanna Stefánsdóttir
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Skógarstrandarhreppi
Ólafi Guðmundssyni og
Leifi Jóhannessyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Sameign. Krafa um ógildingu landsleigu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júlí

1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní s. á. Krefjast þeir þess, að stefndu verði dæmt skylt „að þola riftun á leigusamningi, gerðum í ágúst 1972, milli Skógarstrandarhrepps annars vegar og Ólafs Guðmundssonar og Leifs Jóhannessonar hins vegar um leigu á helmingshlut Skógarstrandarhrepps í jörðinni Árnahús þar í sveit og að samningurinn verði dæmdur ógildur frá upphafi.“ Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður samningur, dagsettur 27. nóvember 1965. Með samningi þessum leigðu þáverandi eigendur Árnahúsa, dánarbú Stefáns Björnssonar og dánarbú Elíasar Þorsteinssonar, Jónasi Guðmundssyni, Innra-Leiti á Skógarströnd, jörðina. Í samningi þessum segir, að leigutaki muni ekki sitja jörðina, en honum séu heimil „öll almenn leiguliðaafnot til beitar og slægna bæði á ræktuðu og óræktuðu landi“. Undanskilin er leigunni „öll veiði fyrir landi jarðarinnar, sem leigusalar hafa rétt á að nytja á hvern þann löglegan hátt, sem þeir sjálfir kjósa“. Leigutaka er heimilað að gera jarðabætur á jörðinni og girða hana, ef honum sýnist svo, en verða skyldu jarðarbætur þessar og girðingar eign jarðareiganda að leigutíma loknum. Leigutaki skyldi ekki greiða sérstaklega leigu fyrir jarðarafnotin, en greiða alla skatta og skyldur af jörðinni og halda uppi lögskilum af henni. Leigutíminn var ekki ákveðinn, og engin ákvæði voru um uppsagnarfrest. Jónas Guðmundsson mun hafa látist árið 1978. Ekki er fram komið í málinu, hvernig háttað hafi verið nýtingu eignarhluta áfrýjenda á jörðinni eftir lát hans.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakinn leigusamningur stefndu um eignarhluta stefnda Skógarstrandarhrepps í jörðinni Árnahúsum.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, hafði Jónas Guðmundsson á Innra-Leiti ekkert við það að athuga, þótt stefndi Skógarstrandarhreppur leigði stefndu Ólafi og Leifi

eignarhluta hreppsins í jörðinni. Þegar þessa er gætt og leigusamnings þess frá 27. nóvember 1965, sem að framan er rakinn, verður eigi talið, að með samningi stefndu frá 1972 hafi verið gengið á rétt áfrýjanda að því er varðar not jarðarinnar.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi tilheyrir Árnahúsum nokkur laxveiði, en ekki hefur verið stofnað veiðifélag um veiðihverfi þetta samkvæmt ákvæðum 44. gr. laga nr. 76/1970. Í málinu er ekkert um það fram komið, hvernig farið var með veiði þessa á tímabilinu 1965 til 1972, en ætla verður, að jarðareigendurnir hafi sjálfir ráðstafað henni. Ákvæði samnings eigenda Árnahúsa og Jónasar Guðmundssonar á Innra-Leiti frá 27. nóvember 1965 um, að jarðareigendur héldu veiðirétti, en leigðu jörðina að öllu öðru leyti, eru ekki í samræmi við grundvallarhugsun ákvæða 2. gr. laga nr. 53/1957 og 2. gr. laga nr. 76/1970. Stefndi leigði hins vegar sinn eignarhluta í jörðinni ásamt veiðiréttindum ákveðinn skamman tíma. Þessi ráðstöfun verður, eins og á stóð, ekki talin skerða hagsmuni áfrýjenda. Verður því krafa áfrýjenda um ógildingu leigusamnings stefndu ekki á þessu byggð.

Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Sératkvæði

Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara og Arnljóts Björnssonar prófessors.

Skógarstrandarhreppur eignaðist hálfa jörðina Árnahús 31. júlí 1972. Er hún óskipt sameign hreppsins og áfrýjenda. Í ágúst sama ár leigði hreppurinn stefndu Leifi Jóhannessyni og Ólafi Guðmundssyni jarðarhluta sinn til 8 ára „með þeim

gögnum og gæðum, sem eigninni tilheyra". Óumdeilt er, að stefndu létu áfrýjendur ekki vita um leigusamning þennan og leituðu hvorki umsagnar þeirra né samþykkis. Í bréfi til oddvita Skógarstrandarhrepps, dagsettu 22. nóvember 1972, lýstu áfrýjendur yfir því, að þeir teldu samninginn ógildan og óskuldbindandi.

Jörðin Árnahús hefur verið í eyði í áratugi, eftir því sem upplýst var við málflutning fyrir Hæstarétti. Jörðin á veiði í Laxá og Blank. Fleiri jarðir eiga þar veiði, en ekki nýtur við gagna um, hverjar þær eru. Veiðifélag hefur ekki verið stofnað um fiskihverfi þetta samkvæmt 44. gr. laga nr. 76/1970.

Eins og fyrr segir, eiga áfrýjendur og Skógarstrandarhreppur nú jörðina Árnahús í óskiptri sameign. Ráðstöfun hvors aðilja um sig á sínum eignarhluta hlýtur því að snerta mjög hagsmuni hins. Leigutakinn Jónas Guðmundsson samþykkti að vísu fyrir sitt leyti samning stefndu, en samningi hans við áfrýjendur gat orðið slitið, áður en samningur stefndu rann út. Leiga Skógarstrandarhrepps á eignarhluta sínum með öllum gögnum og gæðum, þar á meðal veiðiréttindum, er meiri háttar ráðstöfun, sem getur farið verulega í bága við hagsmuni áfrýjenda. Ekki er í ljós leitt, að hreppurinn hefði beðið neitt tjón, þótt samningur hans við leigutaka sína hefði ekki tekið gildi, þar sem áfrýjendur voru reiðubúnir að ganga inn í samninginn, eins og greinir í héraðsdómi. Samkvæmt þessu verður að telja, að leiga stefnda Skógarstrandarhrepps á eignarhluta sínum í jörðinni, að áfrýjendum fornspurðum, hafi verið óheimil. Ber því að dæma fyrrgreindan leigusamning milli stefndu ógildan gagnvart áfrýjendum.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreindur leigusamningur er ógildur gagnvart áfrýjendum.

Stefndu, Skógarstrandarhreppur, Leifur Jóhannesson og Ólafur Guðmundsson, greiði óskipt áfrýjendum, Birni Stefánssyni, Einari Stefánssyni og Jóhönnu Stefánsdóttur, 300.000 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

4. október 1976.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 27. október 1975, hafa Björn Stefánsson, Háholti 27, Jóhanna Stefánsdóttir, Vallargötu 17, og Einar Stefánsson, Smáratúni 5, öll í Keflavík, höfðað í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu gegn hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins, Ólafi Guðmundssyni, Eyjabakka 3, Reykjavík, og Leifi Jóhannessyni, Lágholti 18, Stykkishólmi. Mál þetta var að undangengnum munnlegum málflutningi tekið til dóms hinn 5. apríl 1976, en endurupptekið til munnlegs málflutnings að nýju hinn 7. ágúst 1976 og dómtekið að því loknu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði með dómi skylt að þola riftun á leigusamningi, er gerður var í ágúst 1972 milli Skógarstrandarhrepps annars vegar og stefndu Ólafs og Leifs hins vegar, um eignarhluta Skógarstrandarhrepps í jörðinni Árnahúsum, Skógarströnd. Enn fremur krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt taxta lögmanna.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði allir og hver í sínu lagi sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og þeim dæmdur málskostnaður in solidum úr hendi stefnenda.

Stefnendur rökstyðja kröfur sínar með því, að leiga á óskiptri sameign sé óheimil nema með samþykki allra sameigenda. Hér sé um að ræða slík afnot, að þeim verði í eðli sínu alls ekki skipt, svo sem beitarafnotum, og þar sem leigusali hafi ekki leitað eftir samþykki meðeigenda sinna til leigunnar, sé leigusamningurinn ógildur og óskuldbindandi.

Stefndu rökstyðja kröfur sínar með því, að hverjum einstökum sameiganda sé heimilt að nota eignina með þeim hætti, að hinum sé bagalaust. Hann megi því nota og ráðstafa eigninni, eins og honum hentar, svo sem selja hana, veðsetja, leigja o. s. frv., einungis með þeim takmörkunum, að ráðstöfunin nái ekki lengra en eignarrétti leigusala nemur og að hún þrengi ekki

um of að sameigendum um þeirra notkanir eða ráðstafanir með eignina.

Málavextir.

Sveitarsjóður Skógarstrandarhrepps annars vegar og Björn, Jóhanna og Einar Stefánsbörn, stefnendur málsins, hins vegar eiga í óskiptri sameign jörðina Árnahús í Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Með leigusamningi, dags. í ágúst 1972, leigir Skógarstrandarhreppur þeim Ólafi Guðmundssyni og Leifi Jóhannessyni, stefndu í málinu, eignarhluta hreppsins í jörðinni, og er leigusamningurinn svohljóðandi:

„Skógarstrandarhreppur, hér eftir nefndur leigusali, og Ólafur Guðmundsson, Ægisgötu 5, og Leifur Jóhannesson, Lágholti 16, báðir í Stykkishólmi, hér eftir nefndir leigjendur, gera með sér svofelldan leigusamning:

Leigusali leigir leigjendum eignarhluta Skógarstrandarhrepps í jörðinni Árnahúsum, sem er helmingur jarðarinnar, með þeim gögnum og gæðum, sem eigninni tilheyra.

Leigutímabil skal vera 8 ár (átta ár), eða nánar tiltekið frá 1. ágúst 1972 til 1. júní 1980. Leiga skal vera kr. 20.000 fyrir árið 1972, kr. 22.000 fyrir árið 1973, þ. e. a. s. leigan hækkar um kr. 2.000 árlega og verður þannig síðasta árið kr. 36.000. Gjalddagi leigu skal vera 1. ágúst ár hvert og greiðist fyrirfram, fyrsti gjalddagi er 1. ágúst 1972.

Leigjendum er heimilt að girða land jarðarinnar í samráði við eiganda eða leiguhafa hins helmings jarðarinnar. Verður sú girðing eign leigusala að loknu leigutímabili."

Ekki tilkynnti hreppsnefndin stefnendum málsins um gerð leigusamningsins, en stefndu (sic) fréttu um málið frá eigendum nágrannajarðarinnar, Borga. Síðan var haldinn fundur um málið að Narfeyri með hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps og stefnendum ásamt lögmanni þeirra.

Með ódagsettu bréfi sendi oddviti Skógarstrandarhrepps stefnendum málsins ljósrit af leigusamningnum og kvað hreppsnefndina reiðubúna til viðræðna við þá, hvenær sem væri, um afnot og framkvæmdir, sem kynnu að verða gerðar á jörðinni. Bréfið var ritað í lok ágústmánaðar árið 1972. Þessu bréfi svöruðu stefnendur með bréfi, dags. 14. nóvember 1972, þar sem þeir lýsa leigusamninginn ógildan og óskuldbindandi, þar sem í ljós hafi komið, að hreppsnefndin hafi ekki heimild til þess að gera slíkan samning án fulls samráðs og samþykkis meðeiganda. Jafnframt lýsa þeir því yfir eftir nánari athugun og samkvæmt munn-

legu samkomulagi við hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps, að þeir hafi ákveðið að ganga inn í ofangreindan leigusamning frá og með næstu áramótum. Að öðrum kosti muni þeir halda fast við rétt sinn vegna hins ógilda leigusamnings og verði þá að taka málið allt upp frá grunni. Með bréfi, dags. 22. desember 1972, svaraði oddviti Skógarstrandarhrepps bréfi þessu, og segir þar, að lögfræðingur Skógarstrandarhrepps hafi mál þetta til athugunar og muni svara því innan skamms. Bréfi þessu svaraði lögmaður stefnenda með bréfi, dags. 25. júlí 1974, þar sem hann lýsir því yfir, að ekkert svar hafi borist frá lögfræðingi hreppsins um málið, þrátt fyrir það að gengið hafi verið eftir slíku svari símleiðis. Jafnframt tilkynnir lögmaðurinn, að umbjóðendur hans hafi falið honum að stefna hreppsnefnd og leigutökum til að þola riftun á samningnum. Engu að síður séu umbjóðendur hans fúsir til þess að leysa málið á samkomulagsgrundvelli nú sem ætíð áður og vilji þeir enn ítreka það, að þeir fái að ganga inn í samninginn, eins og þeim hafi reyndar verið lofað á fundi að Narfeyri forðum. Að öðrum kosti verði að leita til dómstóla með málið. Þessu svarar oddviti Skógarstrandarhrepps með bréfi, dags. 8. ágúst 1974, þar sem segir, að málið sé algerlega í höndum lögfræðings hreppsins, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns. Málinu var síðan stefnt til dóms og þingfest hinn 27. október 1975.

Stefnendur komu fyrir dóm í málinu í bæjarþingi Keflavíkur hinn 17. febrúar 1976 í sérstöku vitnamáli.

Stefnandi Einar Stefánsson skýrði svo frá, að stefndi hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps hefði ekki látið stefnendur vita um, að leigusamningur hefði verið gerður við stefndu Ólaf og Leif, heldur hefði hann frétt það frá eigendum nágrannajarðarinnar Borga. Síðan fóru stefnendur ásamt lögmanni þeirra til fundar við hreppsnefndina að Narfeyri. Þar mótmæltu þeir gildi leigusamningsins og kröfðust riftunar hans, en buðust jafnframt til þess að ganga inn í leigumálann, og var á hreppsnefndarmönnum að heyra, að þeir væru óöruggir um réttmæti leigusamningsins. Stefnanda skildist, að hreppsnefndin þyrfti skamman tíma til þess að fella samninginn úr gildi og gera þess í stað leigusamning við stefnendur að höfðu samráði við lögmann hreppsins.

Þá skýrði stefnandi Einar svo frá, að fyrir löngu hefðu stefnendur svo og erfingjar Elíasar Þorsteinssonar leigt Jónasi Guðmundssyni, Innra-Leiti, jörðina Árnahús. Hann kvað Jónas til skamms tíma hafa nýtt jörðina til beitar og slægna, og vissi

hann ekki betur en sá samningur við Jónas væri enn í gildi. Hann kvað stefnendur sjálfa hafa nytjað laxveiði jarðarinnar í Laxá og Blank. Hann kvað leigusamning stefnda hreppsnefndar Skógarstrandarhrepps við stefndu Ólaf og Leif einnig taka til veiðiréttinda. Ólafur og Leifur hafi hins vegar ekki stundað þar veiðar í seinni tíð, heldur hafi þeir framleigt réttindin mörgum mönnum, líklega 10—12, frá Stykkishólmi. Þessir menn hafi hins vegar nýtt veiðina að of stórum hluta að áliti annarra aðilja þar að og hafi ýmis leiðindi sprottið af því, en árið 1974 muni hafa verið gert samkomulag um nánara fyrirkomulag veiðanna milli þessara manna og eigenda Borga. Þá tók mætti (sic) fram, að framleigutakar í Stykkishólmi að veiðiréttindum í Laxá nýti þau réttindi að fullu, en leggi ekkert fram í staðinn, þar sem stefnendur aftur á móti hafi gert samkomulag við eigendur Borga um afsal veiðiréttar í Laxá að hluta gegn því, að eigendur Borga önnuðust viðhald hennar með því að sleppa í hana seiðum.

Stefnendur Jóhanna og Björn hafa skýrt frá fyrir dómi á sama hátt og stefnandi Einar hér að framan.

Fyrir dóm kom Hreiðar Vilhjálmsson, oddviti Skógarstrandarhrepps, til þess að gefa skýrslu um málið. Hann sagði, að sveitarsjóður Skógarstrandarhrepps hefði eignast 1/2 jörðina Árnahús árið 1972 með afsali, útgefnu af sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu samkvæmt dómi aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 7. apríl 1971 í málinu: Hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins gegn Mörtu Elíasdóttur o. fl. Hann sagði, að þegar sveitarsjóðurinn eignaðist jörðina, hafi Jónas Guðmundsson, sem þá bjó á Innra-Leiti, haft alla jörðina á leigu. Hann sagði, að sér hefði verið kunnugt um leiguna, en ekki vitað þá, að formlegur leigusamningur væri til um leiguafnotin. Svo til strax eftir að sveitarsjóðurinn eignaðist 1/2 jörðina, varð samkomulag um, að leiguafnot af þeim eignarhluta féllu niður, enda greiddi Jónas Guðmundsson aldrei neina leigu til sveitarsjóðs fyrir jörðina. Þá sagði oddvitinn, að í ágústmánuði árið 1972 hefði verið haldinn hreppsnefndarfundur að Narfeyri. Meðan fundurinn stóð yfir, komu þangað Björn, Einar og Jóhanna Stefánsbörn, eigendur 1/2 Árnahúsa, ásamt Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni. Urðu þá umræður um leigusamninginn við þá Ólaf og Leif. Hreppsnefndin lofaði að athuga, hvort hægt væri að fá þann samning ógiltan án tjóns eða skaða fyrir sveitarsjóðinn eða aðra. Eftir að hafa kannað málið taldi hreppsnefndin ekki fært að rifta leigusamningnum. Ekki var

haldinn sérstakur hreppsnefndarfundur um það og engin bókun gerð. Stefnendum málsins var ekki tilkynnt beint um þessa ákvörðun, en hins vegar mun lögfræðingur hreppsins hafa tilkynnt hana lögmanni stefnenda. Enn fremur sagðist oddvitinn hafa rætt við Ólaf Guðmundsson og Leif Jóhannesson um riftun samningsins, en þeir hefðu ekki viljað fallast á riftun án skaðabóta sér til handa.

Í málinu hefur verið lögð fram vottfest yfirlýsing Jónasar Guðmundssonar, dags. að Innra-Leiti 26. okt. 1975, svohljóðandi:

„Ég undirritaður lýsi því hér með yfir í votta viðurvist, að Leifur Kr. Jóhannesson hafði samband við mig og innti mig eftir því, hvort ég hefði hug á því að taka eignarhelming Skógarstrandarhrepps í jörðinni Árnahúsum á leigu, er til stóð að leigja hana þeim Ólafi Guðmundssyni og Leifi Kr. Jóhannessyni, og kvað ég svo ekki vera.

Hafi ég haft forleigurétt á þessum hluta jarðarinnar, hefði ég ekki áhuga á að notfæra mér hann.

Þá höfum við Leifur Kr. Jóhannesson í sameiningu girt land jarðarinnar til þess, að betra sé að nota landið. Hefur um þetta og annað, er varðar not jarðarinnar, verið gott samkomulag og samvinna á milli okkar Leifs og algjörlega árekstrarlaus.

Til staðfestu rita ég nafn mitt í viðurvist votta."

Um það er deilt, hvort hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps hafi verið heimilt að leigja eignarhluta sveitarsjóðsins í Árnahúsum (1/2 jörðina) án samráðs við sameigendur sína. Eins og áður greinir, er jörðin óskipt sameign að jöfnu sveitarsjóðs Skógarstrandarhrepps annars vegar og Björns, Einars og Jóhönnu Stefánsbarna hins vegar. Af eðli eignarréttarins leiðir, að eiganda eignar er heimilt að ráðstafa henni á hvern þann hátt, sem ekki kemur í bága við rétt annarra eða bakar öðrum tjón. Til þeirra ráðstafana telst einnig leiga. Mönnum er því heimilt að leigja eign sína, þannig að leigutaki njóti sama afnotaréttar og eigandinn sjálfur, og jafnframt að afnot hans takmarkist á sama hátt og afnot eigandans og skerði ekki réttindi annarra. Samkvæmt leigusamningnum, sem um er deilt í máli þessu, leigir leigusali leigjendum „eignarhluta Skógarstrandarhrepps í jörðinni Árnahúsum, sem er helmingur jarðarinnar, með þeim gögnum og gæðum, sem eigninni tilheyra." Þetta ákvæði ber að túlka þannig, að það, sem leigt er, sé helmingsafnot af jörðinni og ekkert þar fram yfir. Í því felst jafnframt það, að leiguafnotin mega ekki verða til baga fyrir aðra eigendur eða nytjendur jarðarinnar.

Dómurinn lítur svo á, að eigendur jarðarinnar hafi fullan rétt til að nytja jörðina á þann hátt, að ekki sé gengið á rétt sameigenda þeirra að jörðinni, og með leigusamningnum flyst sá réttur til leigutakanna. Samkvæmt þessari ályktun verður niðurstaða dómsins sú, að hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins hafi verið heimilt að leigja Ólafi Guðmundssyni og Leifi Jóhannessyni eignarhluta sinn í jörðinni Árnahúsum og að leigusamningur þeirra þar um, dags. í ágúst 1972, sé í fullu gildi. Af þessari niðurstöðu leiðir, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnenda um riftun leigusamningsins, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna við embættið.

Jón S. Magnússon fulltrúi kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins og Ólafur Guðmundsson og Leifur Jóhannesson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 1. október 1979.

Nr. 29/1979. **Jósafat Arngrímsson**
gegn
Ragnari Jónssyni hrl.
Verzlunarbanka Íslands h/f
bæjarsjóði Keflavíkur
Kaupfélagi Suðurnesja
Fálkanum h/f og
Brunabótafélagi Íslands.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, Verzlunarbanka Íslands h/f, bæjarsjóði Keflavíkur og Kaupfélagi Suðurnesja, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 25.000 krónur hverjum í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. október 1979.

Nr. 65/1979. **Járnsmiðjan Varmi h/f**
gegn
Helga Bergs bæjarstjóra
f. h. Akureyrarbæjar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Járnsmiðjan Varmi h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Helga Bergs bæjarstjóra f. h. Akureyrarbæjar, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 40.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. október 1979.

Nr. 85/1979. **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins**
gegn
Birgi Guðjónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1979.

Nr. 95/1979. **Jósafat Arngrímsson**
gegn
Samvinnubanka Íslands h/f
Víði Finnbogasyni h/f
Pétri Péturssyni h/f
Bifreiðastöð Stykkishólms
bæjarsjóði Keflavíkur
Verzlunarbanka Íslands h/f
Jóni G. Zoëga hdl.
Halldóri Sigurðssyni og
Brunabótafélagi Íslands.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1979.

Nr. 96/1979. **Jósafat Arngrímsson**
gegn
Sveini H. Valdimarssyni hrl.
Verzlunarbanka Íslands h/f
Hilmari Ingimundarsyni hrl.
bæjarsjóði Keflavíkur og
Brunabótafélagi Íslands.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1979.

Nr. 113/1979. **Samvinnubanki Íslands h/f**
gegn
Jósafat Arngrímssyni
Víði Finnbogasyni h/f
Pétri Péturssyni h/f
Verzlunarbanka Íslands h/f
Jóni G. Zoëga hdl.
Halldóri Sigurðssyni
bæjarsjóði Keflavíkur
Brunabótafélagi Íslands og
Bifreiðastöð Stykkishólms.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Samvinnubanki Íslands h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1979.

Nr. 114/1979. **Sveinn H. Valdimarsson hrl.**
gegn
Jósafat Arngrímssyni
Hilmari Ingimundarsyni hrl.
Verzlunarbanka Íslands h/f
bæjarsjóði Keflavíkur og
Brunabótafélagi Íslands.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 2. október 1979.

Nr. 195/1978. **Dánarbú Björns Pálssonar**
gegn
Gísla Jónssyni
Friðjóni Hjörleifssyni og
Sigurði Jóelssyni.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Björn Pálsson andaðist eftir uppsögu héraðsdóms, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins samkvæmt 58. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. nóvember 1978.

Hér fyrir dómi hafa lögmenn aðilja óskað þess, að mál þetta yrði fellt niður. Af hálfu stefndu er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu ber að fella mál þetta niður. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, dánarbú Björns Pálssonar, greiði stefndu, Gísla Jónssyni, Friðjóni Hjörleifssyni og Sigurði Jóelssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 2. október 1979.

Nr. 188/1977. **Vigfús Jóhannesson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Unnsteini Beck skiptaráðanda
f. h. þrotabús Núma h/f
(Jóhann Þórðarson hdl.).

Tryggingarbréf. Veðréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 29. apríl 1977. Útivistardómur gekk í því máli 3. október s. á. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju samkvæmt heimild í 36.

gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 25. október 1977. Krefst hann þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, „að aðeins verði viðurkenndur með dómi 1. veðréttur í sumarbústað í Baldurshagalandi nr. 22 til tryggingar kröfum stefnda". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Máli þessu er ekki áfrýjað af hálfu Helga Vigfússonar.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt ljósrit úr afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur um „Land nr. 22 úr Baldurshagalandi". Segir þar í athugasemdadálki: „Helgi Vigfúss., eig. leyfir 1.500.000 alls trygg.bréf 507.189 er samhliða."

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að veðsetningin samkvæmt tryggingarbréfinu frá 21. nóv. 1974 sé í heild ógild, þar sem samanlagðar fjárhæðir þeirra sex víxla, 1.005.861 króna, sem í því greinir, og fjárhæð sú, er í nefndum athugasemdadálki og í tryggingabréfinu getur, 507.189 krónur, nemi samtals 1.513.050 krónum, eða 13.050 krónum hærri fjárhæð en veðleyfið hljóðar um.

Á málsástæðu þessa verður ekki fallist þegar af þeirri ástæðu, að í gögnum málsins er ekki að finna neitt tryggingarbréf að fjárhæð 507.189 krónur, og engu slíku tryggingarbréfi hefur verið þinglýst á greinda eign áfrýjanda.

Af gögnum máls þykir ljóst, að við gerð tryggingarbréfsins 21. nóvember 1974 hafi ætlunin verið, að veðsetningin tæki bæði til sumarbústaðarins og lands þess, er hann stendur á.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað, og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 130.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að niðurstöðu til, að því er áfrýjanda, Vigfús Jóhannesson, varðar.

Áfrýjandi greiði stefnda, Unnsteini Beck skiptaráðanda f. h. þrotabús Núma h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, 130.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. mars 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. nóvember 1976.

Stefnandi málsins er Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður f. h. þrotabús Núma h/f, Reykjavík.

Stefndu eru Helgi Vigfússon og Vigfús Jóhannesson, báðir til heimilis að Bólstaðarhlíð 50, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, *að* stefnda Helga Vigfússyni verði dæmt að greiða stefnanda kr. 345.961 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 170.975 frá 5. október 1975 til 5. desember 1975, en af kr. 345.961 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 830 í stimpilgjald og *að* stefnda Vigfúsi Jóhannessyni verði gert að þola, að viðurkenndur verði með dómi 1. veðréttur í eignarlandi og sumarbústað nr. 22 í Baldurshagalandi við Suðurlandsveg í Reykjavík „til tryggingar greiðslu á stefnukröfunni og samhliða fjórum öðrum víxlum skv. tryggingarbréfi, útg. 21. nóv. 1974, merkt Y 29 nr. 15 í afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur, svo og samhliða öðru tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 507.189.00. — Þá er og krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í."

Stefndi Helgi Vigfússon hefur ekki haldið uppi vörnum í máli þessu, og hér fyrir dómi hinn 9. mars 1977 viðurkenndi hann að skulda hina umstefndu víxla.

Stefndi Vigfús Jóhannesson gerir þær dómkröfur *aðallega,* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en *til vara,* að aðeins verði viðurkenndur með dómi samhliða 1. veðréttur í sumarbústað í Baldurshagalandi nr. 22 til tryggingar hinni umstefndu kröfu. Jafnframt er krafist í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að Númi h/f hafi verið eigandi að sælgætisverslun að Laufásvegi 2 í Reykjavík. Fyrir-

svarsmenn hlutafélagsins hafi á sínum tíma ákveðið að selja sælgætisverslun þessa. Hafi fasteignasölu Ragnars Tómassonar héraðsdómslögmanns verið falið að annast söluna. Stefndi Helgi Vigfússon hafi mætt á skrifstofu fasteignasölunnar og tjáð sig fúsan til að kaupa sælgætisverslunina, en jafnframt sagt, að hann hefði ekki reiðufé til að greiða neitt út við kaupin. Hins vegar hafi hann lýst því yfir, að hann gæti sett fasteignatryggingu fyrir söluverði sælgætisverslunarinnar. Hafi hann í framhaldi af þessum viðræðum komið með veðbókarvottorð yfir þá eign, sem hann taldi sig geta veðsett til tryggingar söluverðinu. Veðbókarvottorð þetta er dagsett 20. nóvember 1974, og liggur ljósrit af því frammi í málinu. Þar segir m. a. svo:

„Samkvæmt afsals- og veðmálabókum Reykjavíkurborgar vottast: 1. að sumarbústaður í Baldurshagalandi nr. 22 með tilheyrandi eignarlóð er eign Vigfúsar Jóhannessonar samkvæmt heimildarbréfi dags. 30. 10. 1953."

Stefndi Vigfús er faðir stefnda Helga. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að eftir að upplýsingar höfðu verið fengnar um fasteign þessa, hafi Helga verið tjáð, að fasteignin væri nægjanlegt veð til tryggingar söluverðmæti verslunarinnar. Hafi stefndi Helgi komið daginn eftir með veðleyfi, útgefið 21. nóvember 1974 af stefnda Vigfúsi, en veðleyfið er svohljóðandi:

„Gef syni mínum Helga Vigfússyni heimild að setja til tryggingar, allt að einni og hálfri milljón, sumarbústað minn og eignarland mitt, að Baldurshagalandi 22 við Suðurlandsveg."

Hinn sama dag, 21. nóvember 1974, hafi stefndi Helgi samþykkt víxla sem greiðslu fyrir söluandvirði sælgætisverslunarinnar og jafnframt gefið út tryggingarbréf til tryggingar víxlunum, sex að tölu. Í tryggingarbréfinu segir m. a. svo:

„Til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxilskuld hvort sem það er höfuðstóll, vextir, kostnaður, þar með allur innheimtukostnaður, réttargjöld, málflutningslaun o. fl., vátryggingariðgjald, er veðhafi greiðir, eða annað að engu undanskildu, eftir reikningi veðhafa, samkvæmt 6 víxlum sem hér segir:
Víxill pr. 5. febrúar, 1975, að fjárhæð kr. 155.063.-
Víxill pr. 5. apríl, 1975, að fjárhæð kr. 158.942.-
Víxill pr. 5. júní, 1975, að fjárhæð kr. 162.953.-
Víxill pr. 5. október, 1975, að fjárhæð kr. 170.975.-
Víxill pr. 5. desember, 1975, að fjárhæð kr. 174.986.-
Víxill pr. 5. apríl, 1976, að fjárhæð kr. 182.942.-

Víxlarnir eru allir útg. 21. nóvember 1974 og samþykktir af mér sjálfum
veðset ég hér með handhafa nefndra víxla með 1. — fyrsta — veðrétti og uppfærslurétti, sumarbústaður í Baldurshagalandi nr. 22. Á 1. veðr. samhliða tryggingarbréfi þessu hvílir auk þess 1 annað að fjárhæð samtals kr. 507.189.-

Eignin er veðsett með vátryggingarupphæðum og öllu öðru, sem eign þessari fylgir og fylgja ber, í því ástandi, sem veðið nú er eða síðar kann að verða með endurbótum og viðaukum, hverju nafni sem nefnast og undantekningarlaust."

Tryggingarbréfið er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta. Það hefur að geyma tíðkanleg ákvæði um gjaldfellingu skuldarinnar án uppsagnar og megi þá af hvaða ástæðu, sem skuldin er í gjalddaga komin, selja veðið án dóms eða sáttar skv. lögum 4. nóv. 1887, 3. gr., eða lögum 16. des. 1885, 15. gr., eða 39. gr. laga 95/1947 og 1. gr. laga nr. 57/1949.

Tryggingarbréfið var afhent borgarfógetaembættinu í Reykjavík til þinglýsingar 22. nóv. 1974, kl. 1350, og þar var það fært í veðmálaskrá Reykjavíkur sama dag og merkt: „Litra Y 29 nr. 15." Veðleyfið virðist hafa verið afhent til þinglýsingar um leið og tryggingarbréfið, og var veðleyfið af fulltrúa fógeta áritað þannig: „Móttekið 22. nóv. 1974 kl. 13.50 og fært í veðmálaskrá í Reykjavík s. d. Merkt: Litra Y 29 nr. 16". Ekki gerði fógetafulltrúinn neina athugasemd við skjöl þessi, þegar hann móttók þau til þinglýsingar.

Hin umstefnda skuld er samkvæmt tveim víxlum, sem báðir eru útgefnir af Heildversluninni Núma h/f hinn 21. nóvember 1974 og samþykktir til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, af stefnda Helga Vigfússyni. Annar víxillinn er að fjárhæð kr. 170.975, með gjalddaga 5. október 1975. Hinn víxillinn er að fjárhæð kr. 174.986, með gjalddaga 5. desember 1975.

Stefndi Helgi greiddi ekki ofangreinda víxla. Höfðaði stefnandi þá mál þetta á hendur stefnda Helga til greiðslu á víxilskuldinni og á hendur stefnda Vigfúsi til að þola veðréttinn til tryggingar skuldinni.

III.

Rut Einarsdóttir, handhafi tveggja víxlanna, sem tryggðir eru með tryggingarbréfi þessu og bera gjalddagana 5. apríl 1975 og 5. júní 1975, krafðist á sínum tíma uppboðs á umræddri landspildu nr. 22 í Baldurshagalandi og sumarbústaðnum, sem

á henni stendur. Uppboðsþoli, Vigfús Jóhannesson, krafðist aðallega, að synjað yrði um hið umbeðna uppboð, en til vara, að uppboðið yrði aðeins látið ná til sumarbústaðarins, sem stendur á landinu nr. 22 við Baldurshaga. Málið kom til úrskurðar í uppboðsrétti Reykjavíkur. Uppboðsdómarinn, Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti, kvað upp úrskurð í uppboðsmálinu hinn 26. apríl 1976 með svofelldri niðurstöðu:

„Telja verður, að uppboð megi ekki halda án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar, nema alls ekki sé vafasamt, skv. orða hljóðan veðbréfs, til hverra verðmæta veðsetning nær. Tryggingarbréf það, er liggur fyrir í máli þessu sem uppboðsheimild, segir aðeins, að veðsettur sé „sumarbústaður í Baldurshagalandi nr. 22". Er af þessari ástæðu synjað um uppboð á landspildunni.

Það er komið fram í málinu, að sumarhúsið var ekki reist með leyfi borgaryfirvalda. Þannig er viðskeyting þess við landspilduna ekki formlega lögleg og því í óvissu, en engu breytir þó tilvist þess á spildunni hafi hingað til verið látin óátalin. Verður að telja, að uppboðsbeiðandi hefði átt að láta aðför fram fara, að undangengnum dómum, svo lögmæt uppboðsheimild fengist. Er þannig synjað um hina umbeðnu uppboðsgerð."

IV.

Vitnið Ragnar Tómasson héraðsdómslögmaður hefur í bréfi til lögmanns stefnanda m. a. skýrt svo frá:

„Eins og yður mun kunnugt, er tryggingarbréf þetta gefið út af Helga Vigfússyni til tryggingar greiðslum þeim, sem hann skuldbatt sig til að greiða Núma h.f., Þórsgötu 10, Reykjavík, við kaup á sælgætisverzlun að Laufásvegi 2, Reykjavík. Þegar samningaumleitanir stóðu yfir, bauð Helgi Vigfússon fram tryggingu í fasteigninni að Baldurshagalandi 22, Reykjavík, og lagði fram í því tilefni veðbókarvottorð skv. hjálögðu ljósriti, vottorð um brunatryggingu og yfirlýsingu frá fasteignagjaldadeild skrifstofu Reykjavíkurborgar, þar sem fram komu upplýsingar um stærð lóðarinnar að Baldurshagalandi 22 og fasteignamatsverð. Þá skýrði Helgi frá því, að faðir hans, Vigfús Jóhannesson, ætti þessa fasteign og myndi hann lána sér við í fasteigninni. Satt að segja kemur það mér mjög á óvart, að um það skuli nú deilt, hvort sumarbústaðurinn sé veðsettur með eða án lóðarréttinda. Slíkar deilur er mér illmögulegt að skilja sem lögfræðilegt ágreiningsefni, miklu frekar sem tilraun til þess að komast undan þeirri

ábyrgð, sem því fylgir að hafa sett tiltekna fasteign að veði fyrir skuldum, sem síðan eru ekki greiddar. Af forsögu málsins er ljóst, að aldrei var meiningin að undanskilja eignarlandið sjálft við veðsetningu. Af orðalagi tryggingarbréfsins er jafnframt ljóst, að eignin sé veðsett með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber. Í mínum huga hefur húseign og land það, sem húseignin stendur á, ævinlega verið eitt og hið sama í sölu og við veðsetningu, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þegar málavextir eru kannaðir sem og sú staðreynd, að sumarbústaðurinn án lóðarréttinda er ófullnægjandi trygging fyrir þeirri skuld, sem tryggja þurfti, þá er ljóst, að ágreiningur nú um það, hversu víðtæk veðsetningin er, er eingöngu sprottinn af viðleitni til þess að losna undan ábyrgð, sem áður var veitt. Fullvíst má telja, að ef fallist verður á þá lögskýringu veðeiganda, að landið sjálft sé undanskilið í tryggingunni, er boðið heim gífurlegri réttaróvissu, sem eftir er að sjá fyrir endann á."

Hér fyrir dómi 14. mars 1977 hefur vitnið Ragnar Tómasson lýst rétt frá greint í ofangreindu bréfi. Jafnframt var fært til bókar: „Vitnið annaðist söluna á sælgætisversluninni að Laufásvegi 2. Segir vitnið, að tryggingarbréfið hafi verið vélritað á skrifstofu vitnisins undir umsjón og á ábyrgð vitnisins, en vitnið man nú ekki, hver samdi textann, sem vélritaður er inn á hið prentaða form tryggingarbréfsins. Vitnið man ekki nú, hvort það las tryggingarbréfið yfir eins og það var afhent til undirskriftar. Vitnið man heldur ekki, hvort það var viðstatt, þegar skjalið var undirritað af Helga Vigfússyni og vitundarvottunum, en vitnið neitar því ekki, að það hafi verið viðstatt. Vitnið kveðst afdráttarlaust hafa gengið út frá því, að með undirskrift sinni undir tryggingarbréfið væri Helgi að veðsetja sumarhúsið og eignarlandið að Baldurshagalandi 22, enda kveðst vitnið aldrei hafa kynnst því í starfi sínu sem fasteignasali síðan 1966, að við sölu eða veðsetningu húseignar væri húseignin skilin frá lóðinni eða landinu, sem hún stendur á. Vitnið telur, að það hafi verið algjör forsenda fyrir kaupunum, að veðsetningin næði til sumarhússins og landsins, enda þótt það hafi ekki verið rætt sérstaklega. Vitnið minnist þess alls ekki, að það hafi komið til tals, að landið yrði undanskilið í veðsetningunni, enda kveðst vitnið mundu hafa talið það fráleitt. Vitnið kveðst hafa gengið út frá, að þarna hafi verið um fasteignatryggingu að ræða og hafi því ekki verið nauðsynlegt að taka það fram, að landið fylgdi með í veðsetningunni. Vitnið minnist þess ekki

nú, að Már Óskarsson hafi á það minnst við undirskrift tryggingarbréfsins, að texti bréfsins væri ekki í samræmi við texta veðleyfisins, en vitnið tekur fram, að vel geti verið, að þetta sé rétt hjá Má miðað við skoðanir vitnisins á þessu atriði.“

Stefndi Helgi Vigfússon gaf skýrslu hér fyrir dómi 9. mars 1977. Var þá fært til bókar: „Stefnda var sýnt tryggingarbréfið á dskj. nr. 5. Kveðst hann hafa undirritað það. Hann kveðst einnig hafa samþykkt víxlana á dskj. nr. 3 og 4. Hann kveðst ekki betur muna en hann hafi undirritað tryggingarbréfið í viðurvist Ragnars Tómassonar, héraðsdómslögmanns, í skrifstofu lögmannsins. Hann telur nokkurn veginn víst, að viðstaddir undirskriftina hafi einnig verið Már Óskarsson og Einar Óskarsson. Hann segir, að víxlana hafi hann samþykkt og gefið út tryggingarbréfið til tryggingar skuld vegna kaupa hans á verslun af Núma h.f., en Már og Einar hafi verið talsmenn hlutafélagsins. Stefndi kveðst ekki hafa samið textann, sem vélritaður er inn í hið prentaða form tryggingarbréfsins. Hann kveðst ekki vita, hver samdi textann. Fyrir stefnda var nú lesið bréf Ragnars Tómassonar á dskj. nr. 12. Af því tilefni er stefndi spurður, hvort það hafi verið meiningin að undanskilja eignarlandið sjálft við veðsetninguna. Stefndi svarar: „Ég get ekki svarað öðru en því, sem í bréfinu stendur“: „Sumarbústaður í Baldurshagalandi nr. 22“. Hann minnist þess ekki, að umræður hafi orðið um það, að eignarlandið skyldi undanskilið. Hann segir, að ekki hafi verið minnst einu orði á það, þegar hann undirritaði tryggingarbréfið. Lögmaðurinn og þeir, sem með honum voru, tóku við skjalinu, þegar stefndi hafði undirritað það, athugasemdalaust. Stefndi er nú spurður að því, hvort hann neiti þeirri staðhæfingu Ragnars Tómassonar, að ekki hafi verið meiningin að undanskilja eignarlandið sjálft við veðsetninguna. Stefndi svarar: „Ég hafði þá meiningu, að þarna væri verið að veðsetja sumarbústaðinn, eins og stendur í bréfinu.“ „Ég viðurkenni að skulda umstefnda víxla og hefi því ekki haldið uppi vörnum í málinu.““

Vitnið Einar Óskarsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 9. mars 1977, og er skýrslan svohljóðandi: „Vitninu er sýnt dskj. nr. 5, tryggingarbréf, og kveðst vitnið hafa áritað skjal þetta sem vitundarvottur í skrifstofu Ragnars Tómassonar, hdl. Auk vitnisins voru viðstaddir undirskriftina stefndi Helgi, Ragnar Tómasson og Már Óskarsson. Vitnið segir, að Ragnar hafi gengið frá tryggingarbréfinu, en vitnið og Már voru viðtakendur víxlanna, sem tilgreindir eru í tryggingarbréfinu. Vitnið segir, að veð-

leyfið á dskj. nr. 6 hafi legið frammi. Vitnið segir, að rætt hafi verið um það á fundinum, að sumarbústaðurinn og eignarlandið, sem um ræðir í veðleyfinu, yrði veðsett til tryggingar víxlunum. Vitnið kveðst fastlega hafa gengið út frá því, að með undirskrift sinni undir tryggingarbréfið hefði Helgi Vigfússon veðsett sumarbústaðinn og eignarlandið skv. veðheimildinni í veðleyfinu á dskj. nr. 6. Vitnið segir, að það sé öruggt, að ekki hafi komið til tals á fundinum, að eignarlandið væri undanskilið við veðsetninguna. Vitnið og Már, bróðir vitnisins, tóku við tryggingarbréfinu og víxlunum, og kveðst vitnið hafa staðið í þeirri trú, að þar með hefði það veðrétt í sumarbústaðnum og eignarlandinu að Baldurshagalandi 22 til tryggingar víxlunum. Vitnið telur, að það hafi lesið tryggingarbréfið yfir, eða að minnsta kosti telur vitnið, að það hafi borið saman víxlana og upptalningu víxlanna í tryggingarbréfinu. Vitnið kveðst hafa átt stóran hlut í Núma h.f. og verið framkvæmdastjóri félagsins, þegar það seldi verslunina að Laufásvegi 2 og þegar hlutafélagið varð gjaldþrota. Vitnið kveðst ekki vera í neinum persónulegum ábyrgðum vegna þrotabúsins."

Vitnið Már Óskarsson gaf eftirfarandi skýrslu hér fyrir dómi 14. mars 1977: „Vitnið kveðst hafa undirritað tryggingarbréfið á dskj. nr. 5, sem vitundarvottur, í skrifstofu Ragnars Tómassonar, hdl. Viðstaddir undirskrift vitnisins voru Ragnar Tómasson, Helgi Vigfússon og bróðir vitnisins Einar og auk þess skrifstofustúlka, að því er vitnið minnir. Vitnið var ekki hluthafi í Núma h.f. Það hafði áður unnið sem sölumaður á fasteignastofu. Kveðst það því hafa farið með bróður sínum til þess að segja til um, hvort réttilega væri gengið frá tryggingum og samningum á sölu verslunarinnar á Laufásvegi 2. Einar hafði falið Ragnari Tómassyni að selja umrædda verslun og hafði Ragnar fundið kaupanda, sem var Helgi Vigfússon. Vitnið og Einar settu upp ákveðið verð fyrir verslunina, miðað við að nægjanleg trygging fengist, og samþykkti Helgi það. Helgi var seinn til með að útvega tryggingu. Vitnið sagði Einari þá, að hann skyldi gefa Helga ákveðinn frest til þess að koma með haldgóða tryggingu til tryggingar víxlum, sem Helgi átti að afhenda, en um útborgun var ekki að ræða. Helgi bauð fram tryggingu í Baldurshagalandi og sumarbústaði á því landi. Vitnið ræddi um þetta við Helga, og benti Helgi þá á, að hann gæti útvegað ofangreinda tryggingu. Vitnið kveðst þá hafa hringt og spurst fyrir um verðgildi á landinu og fengið þær upplýsingar frá skrifstofu borgar-

innar við Borgartún eða Skúlatún, að þarna væri sennilega um að ræða tvær byggingalóðir, miðað við framtíðarskipulag. Vitnið kveðst hafa hringt og aflað þessara upplýsinga fyrir 21. nóv. eða minnsta kosti áður en vitnið sá veðleyfið á dskj. nr. 6. Vitnið minnir, að það hafi farið með Helga heim til hans að Bólstaðarhlíð 50 í sambandi við útgáfu á veðleyfinu á dskj. nr. 6, og man vitnið, að það sá stefnda Vigfús þar. Vitnið man ekki, hvort Vigfús undirritaði veðleyfið, þegar vitnið fór með Helga að Bólstaðarhlíð 50, en vitnið segir, að talsvert umstang hafi verið í sambandi við kaup þessi. Vitnið man, að það gerði athugasemd við Ragnar Tómasson, þegar það undirritaði tryggingarbréfið, að textarnir varðandi hið veðsetta væru ekki samhljóða í tryggingarbréfinu og veðleyfinu. Vitnið minnir, að Ragnar hafi þá bent á, að veðheimildin fyrir veðsetningu væri í veðleyfinu, en vitnið man ekki nú nánar um orðaskipti í þessu sambandi, en vitnið undirritaði tryggingarbréfið. Vitnið kveðst hafa skrifað undir tryggingarbréfið á þeim forsendum, að með tryggingarbréfinu væri eignarlandið Baldurshagaland 22 og sumarbústaðurinn á því veðsett til tryggingar víxlunum, sem tilgreindir eru í tryggingarbréfinu. Vitnið segir, að aldrei hafi verið á það minnst, að eignarlandið Baldurshagaland 22 skyldi undanskilið veðsetningunni."

V.

Stefnandi styður kröfur sínar gagnvart stefnda Helga Vigfússyni þeim rökum, að stefndi Helgi hafi samþykkt umrædda tvo víxla og viðurkennt að skulda víxlana. Beri því að dæma stefnda Helga til greiðslu víxilskuldarinnar ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og krafist hafi verið.

Gagnvart stefnda Vigfúsi Jóhannessyni styður stefnandi kröfur sínar þeim rökum, að samkvæmt vottorði frá Fasteignamati ríkisins sé hús og land að Baldurshaga 22 við Suðurlandsveg metin sem ein fasteign og fái í fasteignamatsskránni sama númerið 8500-4614. Hér sé um óaðskiljanlega hluti að ræða og ekki leiki nokkur vafi á því, að útgefandi bréfsins, stefndi Helgi, hafi verið að veðsetja þessa eign í heild, enda hafi hann haft heimild til þess samkvæmt veðleyfi stefnda Vigfúsar. Ekki fari því á milli mála, að veðrétturinn nái til hvors tveggja, lands og húss, þó ekki sé ritað skýrum stöfum í tryggingarbréfinu, að landið sé veðsett. Bæði tryggingarbréfið og veðleyfið hafi verið þinglesið án athugasemda og fært inn sem veðskuld á fasteignina í

heild, enda hafi verið kveðið á í bréfinu, að fara skyldi með veðsetningu þessa á sama hátt og þegar veðsett er fasteign.

Stefnandi staðhæfir, að það hafi verið ætlunin, að veðsetningin næði bæði til húss og lands, og því neiti stefndi Helgi ekki. Og Helgi hafi ekki farið út fyrir veðheimild sína.

Þá heldur stefnandi því fram, að orðið sumarbústaður sé nokkuð víðtækt orð og geti merkt bæði sumarhús og land, sem því tilheyri. Orðalagið í tryggingarbréfinu sé því, eins og á stendur, nægjanlega skýrt.

Stefnandi heldur því fram, að handhöfn hans á tryggingarbréfinu og víxlunum, sem tilgreindir eru í bréfinu, sé nægjanlegur grundvöllur til þess að beita víxilrétti og veðrétti samkvæmt tryggingarbréfinu. Rut Einarsdóttir kunni einnig að eiga veðrétt samkvæmt bréfinu, en það skipti hér ekki máli.

Stefnandi leggur á það áherslu, að sumarhúsið sé verðlaust til flutnings, og sé því alls engin veðtrygging í því einu. Húsið muni hafa verið byggt á árinu 1950, en illa við haldið og nú mjög lítils virði, nema það fái að standa áfram á landinu. Stefnandi bendir á, að húsið hafi staðið á landinu í yfir 26 ár og skipti nú engu máli, þó skipulagsyfirvöld hafi ekki veitt samþykki sitt til byggingarinnar. Það hafi verið forsenda fyrir kaupunum, að tryggingin næði til húss og lands, enda hefði ekki verið um neina tryggingu að ræða, ef landið hefði verið undanskilið.

VI.

Svo sem fyrr er frá greint, hefur stefndi Helgi Vigfússon viðurkennt víxilskuldina.

Stefndi Vigfús Jóhannesson styður kröfu sína um sýknu þeim rökum í fyrsta lagi, að Helgi hafi aðeins veðsett sumarbústaðinn, en ekki Baldurshagaland nr. 22. Af þessu megi ljóst vera, að hann hafi farið út fyrir umboð sitt til veðsetningar með því að veðsetja aðeins sumarbústaðinn, en til þess hafi hann ekki haft neina heimild. Þinglýsingardómaranum hafi því tvímælalaust borið að synja um þinglýsingu tryggingarbréfsins, þar sem það hafi ekki verið í samræmi við veðheimildina. Í öðru lagi er sýknukrafan á því byggð, að samkvæmt gögnum málsins sé Rut Einarsdóttir handhafi tryggingarbréfsins. Verði ekki af gögnum málsins séð, að hún hafi framselt stefnanda tryggingarbréfið til eignar, og leiði það einnig til sýknu.

Varakrafa stefnda Vigfúsar er studd þeim rökum, að stefndi Helgi hafi aðeins veðsett sumarbústaðinn til tryggingar greind-

um víxilkröfum. Sé þetta algerlega í samræmi við orðanna hljóðan í tryggingarbréfinu. Stefnandi geti því í mesta falli krafist og fengið dóm fyrir því, sem tryggingarbréfið sjálft tilgreini, að veðsett hafi verið, ef veðheimildin að öðru leyti yrði tekin gild, og sé þá við það miðað, að aðalkrafan um sýknu verði ekki tekin til greina. Líta verði svo á í þessu sambandi, að sumarhúsið sé lausafé. Húsið hafi verið reist án samþykkis skipulagsyfirvalda og sé því ekki fasteign í skilningi eignarréttarins. Landið sé í reynd aðalhluturinn, en húsið sé fylgihlutur, sem þar standi í heimildarleysi.

Að lokum bendir stefndi á, að enda þótt það kunni að hafa verið ætlunin að veðsetja sumarhúsið og landið, þá sé staðreyndin sú, að það hafi ekki verið gert. Verði stefnandi að una þeim mistökum. Tryggingarbréfið sé viðskiptabréf í skilningi XVII. kafla laga nr. 85/1936 og geti stefnandi ekki í máli þessu gert víðtækari kröfur en orðalag bréfsins segi til um.

VII.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit þeirra víxla, sem hann byggir kröfur sínar á gagnvart stefnda Helga Vigfússyni. Stefndi Helgi hefur viðurkennt víxilskuld þessa. Verða kröfur stefnanda á hendur stefnda Helga því teknar til greina að öllu leyti, þar á meðal krafa stefnanda um málskostnað, sem ákveðst kr. 80.000.

Stefnandi, sem er handhafi áðurgreindra víxla, hefur lagt fram frumrit margnefnds tryggingarbréfs. Samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins er stefnanda rétt að beita þeim veðrétti, sem tryggingarbréfið veitir honum sem handhafa þessara tveggja víxla. Skiptir í því sambandi ekki máli, þó að Rut Einarsdóttir hafi einnig átt eða kunni að eiga tilkall til veðréttar samkvæmt tryggingarbréfinu til tryggingar öðrum víxlum, sem tilgreindir eru í bréfinu, þar sem tryggingarbréfið er heimildarbréf allra handhafa þeirra víxla, sem taldir eru upp í bréfinu.

Hér að framan í kafla IV hefur verið gerð grein fyrir skýrslum Ragnars Tómassonar, Más Óskarssonar og Einars Óskarssonar. Þar kemur fram, að það hafi verið skilyrði fyrir kaupunum, að veðið til tryggingar söluverði sælgætisverslunarinnar, sem allt var lánað, skyldi ná til húss og lóðar Baldurshagalands nr. 22. Þegar gögn málsins í heild eru virt, þá þykir ljóst þrátt fyrir skýrslu stefnda Helga, að það hafi í raun verið ætlan aðiljanna, að veðrétturinn næði til húss og lands. Þrátt fyrir ónákvæmt orðalag bréfsins fékk viðtakandi þess því þinglýst án

athugasemda. Umrætt sumarhús hefur staðið á landinu í meir en 20 ár. Enda þótt áhöld kunni að vera um formlegt leyfi fyrir byggingu þessari á sínum tíma, þá verður ekki á það fallist með stefnda Vigfúsi, að líta beri á húsið sem lausafé í lögskiptum aðiljanna. Að þessu athuguðu og þar sem það virðist af hálfu seljanda sælgætisverslunarinnar hafa verið forsenda fyrir kaupunum, að veðið næði bæði til húss og lands, þá þykir bera að viðurkenna umkrafinn 1. veðrétt stefnanda í sumarbústaði og eignarlandi stefnda Vigfúsar að Baldurshagalandi 22 til tryggingar tildæmdri skuld stefnda Helga, enda verður eigi á það fallist með stefnda Vigfúsi, að reglur viðskiptabréfa standi því í vegi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður gagnvart stefnda Vigfúsi falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Helgi Vigfússon greiði stefnanda, Jóhanni Þórðarsyni héraðsdómslögmanni f. h. þrotabús Núma h/f, kr. 345.961 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 170.975 frá 5. október 1975 til 5. desember 1975, en af kr. 345.961 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 830 í stimpilgjald og kr. 80.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er 1. veðréttur stefnanda í eignarlandi og sumarbústað stefnda Vigfúsar Jóhannessonar að Baldurshagalandi 22 við Suðurlandsveg í Reykjavík til tryggingar ofangreindri dómskuld samhliða veðrétti til tryggingar fjórum öðrum víxlum „skv. tryggingarbréfi, útg. 21. nóv. 1974, merkt Y 29 nr. 15 í afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur, svo og samhliða öðru tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 507.189.00.“

Málskostnaður fellur niður að því er varðar stefnda Vigfús Jóhannesson.

Þriðjudaginn 2. október 1979.

Nr. 77/1976. **Páll Guðbjörnsson**
Hermann Guðbjörnsson
Hreggviður Guðbjörnsson og
Jón Guðbjörnsson
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Alfreð Jónssyni og
(Sigurður Ólason hrl.)
Rafveitu Siglufjarðar og
(Hörður Einarsson hrl.)
Jóhanni Salberg Guðmundssyni
sýslumanni til réttargæslu
(Sigurður Ólason hrl.).

Ættarjarðir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen borgrafógeti.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 2. apríl 1976. Krefjast þeir þess, „að viðurkennt verði með dómi, að jörðin Reykjarhóll í Holtshreppi, Fljótum, Skagafjarðarsýslu, sé ættarjörð samkvæmt 3. gr. laga nr. 16/1950 eða til vara skv. l. nr. 102/1962 og njóti réttinda samkvæmt því.“ Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu. Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefjast þeir ásamt réttargæslustefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið það, sem fram er komið í málinu um eignarhald og ábúð á Reykjarhóli. Í því sambandi er þó rétt að taka fram, að stefndi Alfreð er einn talinn ábúandi samkvæmt byggingarbréfi frá 29. maí 1944. Þá er hann einn kaupandi, þegar hann kaupir eignarhluta

tengdamóður sinnar, Jónönnu Stefánsdóttur, 18. apríl 1958.

Með lögum nr. 63/1962 var gerð veruleg breyting á lögum nr. 116/1943. Þau lög voru síðan gefin út með áorðnum breytingum sem lög nr. 102/1962. Með jarðalögum nr. 65/1976 voru I.—VII. kafli laga nr. 102/1962 felldir úr gildi. Eru nú ekki í lögum nein ákvæði um ættarjarðir.

Fram er komið í málinu, að jörðin Reykjarhóll var ekki skráð sem ættarjörð á gildistíma laga nr. 116/1943, sbr. lög nr. 16/1950. Féll jörðin því eigi undir ákvæði a liðs 1. mgr. 10. gr. laga nr. 63/1962, er þau lög tóku gildi. Ekki var eigendum eða ábúendum heldur gefinn kostur á að taka afstöðu til þess, hvort jörðin skyldi verða ættarjörð eða ekki, svo sem boðið er í 2. mgr. 10. gr. síðastgreindra laga. Jörðin var ekki færð á skrá yfir ættarjarðir skv. 15. gr. laganna. Reykjarhóll var því eigi orðin ættarjörð við gildistöku laga nr. 65/1976.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 150.000 krónur til hvors þeirra.

Eigi eru efni til að dæma réttargæslustefnda málskostnað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Páll Guðbjörnsson, Hermann Guðbjörnsson, Hreggviður Guðbjörnsson og Jón Guðbjörnsson, greiði stefndu, Alfreð Jónssyni og Rafveitu Siglufjarðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur til hvors, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 5. janúar 1976.

1.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 15. maí 1974. Málið var munnlega flutt 15. des. sl. og dómtekið að honum loknum (sic).

Stefnendur máls þessa eru Páll Guðbjörnsson, Garðsenda 6,

Jón Guðbjörnsson, Laugavegi 135, Hreggviður Guðbjörnsson, Bárugötu 38, og Hermann Guðbjörnsson, Hátúni 6, allir í Reykjavík.

Stefndu eru Alfreð Jónsson, til heimilis að Nýrækt í Holtshreppi, Fljótum, og Sverrir Sveinsson rafveitustjóri, Hlíðarvegi 7, Siglufirði, f. h. rafveitu Siglufjarðar. Með sakaukastefnu, þingfestri 12. des. 1975, hafa stefnendur höfðað sakaukamál á hendur Óskari Guðbjörnssyni. Loks hafa stefnendur stefnt Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni, Sauðárkróki, til réttargæslu f. h. sýslumannsembættisins. Af hálfu réttargæslustefnda hefur verið sótt þing frá 3. september 1974.

Stefnendur höfða mál þetta „til viðurkenningar og staðfestingar á því, að jörðin Reykjarhóll í Holtshreppi, Fljótum, Skagafjarðarsýslu, sé ættarjörð samkvæmt 3. gr. laga nr. 16/1950 eða til vara skv. lögum nr. 102/1962 og njóti réttinda samkvæmt því". Málskostnaðarkrafa stefnenda kom fyrst fram í greinargerð, en stefndu hafa samþykkt, að hún megi komast að í máli þessu. Er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins. Ekki er þó gerð málskostnaðarkrafa á hendur sakaukastefnda Óskari eða réttargæslustefnda.

Stefndi Rafveita Siglufjarðar hefur krafist sýknu af dómkröfunum og málskostnaðar úr hendi stefnenda. Stefndi Alfreð hefur krafist sýknu af dómkröfunum aðallega, en til vara, að kröfur stefnenda nái einungis fram að ganga til þess hluta jarðarinnar, sem nú er í eigu stefnenda sjálfra. Þá er krafist málskostnaðar óskipt úr hendi stefnenda, sem verði ákveðinn sérstaklega. Af hálfu sakaukastefnda Óskars er krafist sýknu af dómkröfunum, en ekki málskostnaðar. Af hálfu réttargæslustefnda er gerð krafa um málskostnað in solidum á hendur stefnendum.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

2.

2.1. Mál þetta snýst um það, hvort jörðin Reykjarhóll í Austur-Fljótum hafi orðið ættarjörð samkvæmt lögum nr. 16/1950 eða lögum nr. 102/1962.

Í munnlegum málflutningi er því lýst, að frá fardögum 1874 hafi jörðin Reykjarhóll verið setin með þessum hætti: Frá 1874—1901 hafi Hermann Þorsteinsson hafið búskap að Reykjarhóli og setið jörðina einn, en Hermann var langafi stefnenda. Frá

1901—1912 hafi Jón Hermannsson, sonur Hermanns Þorsteinssonar, tekið við 2/3 hlutum jarðarinnar og búið á henni ásamt föður sínum til ársins 1912. Frá 1912—1920 bjó Jón Hermannsson einn á jörðinni. Hermann Jónsson, sonur Jóns Hermannssonar, virðist á tímabili ritaður fyrir nokkrum hluta jarðarinnar. Frá 1920—1921 sat jörðina Lilja Sveinsdóttir, ekkja Jóns Hermannssonar. Frá 1921—1923 bjuggu Sveinn og Guðbjörn á jörðinni, en þeir voru synir Lilju Sveinsdóttur og Jóns Hermannssonar. 1923—1941 sat Guðbjörn einn jörðina. Í greinargerð stefnenda segir, að Guðbjörn hafi fest kaup á jörðinni með afsali 19. okt. 1928, en áður var jörðin ekki í eigu fyrrgreindra ábúenda. Guðbjörn, sem er faðir stefnenda máls þessa, bjó síðan á jörðinni þar til 16. mars 1941, er hann andaðist. Ekkja hans, Jónanna Stefánsdóttir, sat síðan jörðina fram til fardaga 1944, er dóttir hennar, Lilja Guðbjörnsdóttir, og eiginmaður hennar, stefndi Alfreð, tóku jörðina í ábúð. Bjuggu þau síðan á jörðinni fram til fardaga 1973, er þau fluttust af henni. Síðan hefur sonur þeirra Lilju og Alfreðs, Guðmundur Alfreðsson, búið á henni.

Framangreinda málavexti styðja stefnendur m. a. við „Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781—1958", útgefandi Sögufélag Skagfirðinga 1959, úrdrátt úr sveitarbókum og hreppaskilaskýrslubókum Holtshrepps 1910—1920, útsvarsskrá og fleiri gögn.

Skipti í dánarbúi Guðbjörns Jónssonar fóru fram í skiptarétti Skagafjarðarsýslu 18. nóvember 1943. Með skiptum þessum eignuðust systkinin Jón, Lilja, Hreggviður, Hermann, Páll og Óskar hvert um sig 1/14 hluta jarðarinnar Reykjarhóls, eða samtals 6/14 hluta jarðarinnar, en móðir þeirra, Jónanna Stefánsdóttir, eignaðist 8/14 hluta. Þann 18. apríl 1958 seldi Jónanna tengdasyni sínum, stefnda Alfreð, og dóttur, Lilju, sinn hluta jarðarinnar, þ. e. 8/14 hluta.

Loks seldi stefndi Alfreð Rafveitu Siglufjarðar 9/14 hluta jarðarinnar (þ. e. fyrrgreinda 8/14 hluta, sem keyptir voru af Jónönnu, og hlut Lilju, 1/14 hluta að því er ætla verður) með kaupsamningi, dags. 8. júní 1965. Jafnframt byggði Rafveita Siglufjarðar stefnda Alfreð jörðina, þ. e. 9/14 hluta, til lífstíðar fyrir hann, konu hans og börn með byggingarbréfi, dags. 3. nóv. 1965.

2.2. Úfar risu með stefnendum og stefnda Alfreð, er fyrrgreindur hluti jarðarinnar var seldur Rafveitu Siglufjarðar. Í vitnaskýrslu Tryggva Sigurbjarnarsonar, sem þá var rafveitu-

stjóri rafveitunnar, segir, að á árinu 1964 hafi rafveitunefndin verið að huga að virkjunarframkvæmdum neðan við núverandi Skeiðfossvirkjun í Fljótaá. Til þessara framkvæmda hafi bæði þurft vatnsréttindi og land undir framkvæmdir og mannvirki. Var vitninu falið að leita eftir kaupum á jörðum í þessu skyni. Ein aðaljörðin austan Fljótaár, sem leitað var eftir kaupum á, var Reykjarhóll, segir í skýrslu vitnisins. Minnti vitnið, að fyrst hafi verið leitað eftir kaupum á litlum hluta jarðarinnar, og áttu þá vatns- og veiðiréttindi í ánni að fylgja, en samkomulag um þetta tókst þó ekki. Sótti rafveitan fast eftir því, að ná til sín veiðiréttindunum vegna ótta um, að fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir kynnu að valda spjöllum á veiði og leiða þar með til skaðabótaskyldu.

Segir í skýrslu vitnisins, að rafveitan hafi þá falast eftir því að fá að kaupa alla jörðina. Varð margra mánaða samningsþóf um þetta við jarðareigendur. Að lokum hafi tekist samningar við stefnda Alfreð og konu hans um kaup á eignarhluta þeirra, segir í skýrslunni. Af kaupsamningi þessara aðilja má ráða, að vatns- og veiðiréttindi hafi fylgt í kaupunum, en ekki hús og mannvirki.

Stefnandi Páll hefur gefið skýrslu hér fyrir dóminum. Af aðiljaskýrslum verður ráðið, að stefnandi Páll var í fyrirsvari fyrir stefnendur varðandi fyrirhugaða sölu jarðarinnar til rafveitunnar og í samskiptum stefnenda við stefnda Alfreð í því sambandi, en stefnendur bjuggu fyrir sunnan á þessum tíma. Segir í skýrslu stefnanda Páls, að upphaf sölunnar hafi verið það, að stefndi Alfreð hafi tilkynnt sér, að rafveitan hafi gert tilboð að fjárhæð kr. 600 þús. í jörðina, húsalausa, á árinu 1963. Stefnendur og stefndi Alfreð hafi þá orðið sammála um að hafna því tilboði. Í skýrslu Páls greinir frá því, að stefnendur og stefndi Alfreð hafi orðið sammála um að gera rafveitunni gagntilboð og ritað uppkast að kaupsamningi, sem var í aðalatriðum samhljóða dskj. nr. 18. Eftir áramót 1963/1964 hafi stefndi Alfreð tilkynnt sér (Páli), að rafveitunefndin hefði hafnað gagntilboðinu eingöngu vegna ákvæða uppkastsins um veiðiréttinn, en hann var undanskilinn sölunni samkvæmt gagntilboðinu. Í þessu sama samtali hafi stefndi Alfreð tjáð sér, að hann, Alfreð, vildi selja alla jörðina, húsalausa, í samræmi við tilboð rafveitunnar í upphafi. Þessu kveðst stefnandi Páll hafa hafnað, enda kveðst hann hafa litið svo á, að rafveitan þyrfti aðeins á vatnsréttindum að halda, en ekki veiðiréttindum. Hafi

þá Alfreð viljað skipta jörðinni landskiptum, en því hafi stefnendur einnig verið mótfallnir. Í júlímánuði 1965 kveðst stefnandi Páll hafa farið í erindagerðum norður. Komst hann þá að raun um, að Alfreð var búinn að selja jörðina (þ. e. 9/14 hluta). Kom sú sala á óvart, segir í skýrslu stefnanda Páls, enda hefðu stefnendur þá nokkru áður lýst sig mótfallna sölu jarðarinnar og skiptingu hennar og tjáð sig reiðubúna til að kaupa hluta Alfreðs, ef hann vildi selja.

Í skýrslu stefnda Alfreðs greinir frá því, að Rafveita Siglufjarðar hafi farið fram á að fá keypt allt land Reykjarhóls neðan vegar svo og öll vatnsréttindi vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda. Afstaða sín hafi verið sú að selja ekki umrætt land undan jörðinni, þar eð sá hluti jarðarinnar, sem þá yrði eftir, yrði þá verðlítill. Hann kveðst hafa gert gagntilboð í samkomulagi við stefnendur, sbr. dskj. nr. 18, en rafveitunefndin hefði hafnað því gagntilboði og haldið sér að upphaflegu tilboði. Alfreð kveðst nú hafa komist að raun um, að stefnendur mundu ekki vilja ganga til samninga við rafveituna á grundvelli tilboðs rafveitunnar, og fór því fram á við stefnendur, að jörðinni yrði skipt. Því hafi stefnendur hafnað. Reynt hafi verið að ná sáttum fyrir milligöngu þriðja manns, en ekki tekist. Ekki kvaðst Alfreð minnast þess, að stefnendur hefðu boðist til að kaupa jarðarpart hans. Þegar hér var komið sögu, kveðst Alfreð hafa farið eftir ráðleggingum um það að selja rafveitunni sinn jarðarpart, en Alfreð kveðst hafa talið sínum hag best borgið með slíkri sölu. Hafi hann síðan samið við rafveituna um ábúðarrétt á jörðinni.

2.3. Í greinargerð stefnenda segir, að samningnum um sölu fyrrgreinds jarðarhluta Jónönnu til Alfreðs á árinu 1958 og sölu Alfreðs til Rafveitu Siglufjarðar árið 1965 hafi verið þinglýst athugasemdalaust af hálfu réttargæslustefnda, þó honum hafi verið kunnugt um það allt frá árinu 1959, að jörðin var orðin ættarjörð.

Enn fremur segir í greinargerðinni, að stefnendur hafi ritað réttargæslustefnda bréf, strax og þeir fengu vitneskju um sölu jarðarhlutans til Rafveitu Siglufjarðar, þar sem m. a. hafi verið óskað eftir staðfestingu sýslumannsembættisins á því, að jörðin Reykjarhóll væri ættarjörð. Stefnendur segja, að þessi ósk hafi oft verið ítrekuð. Í bréfi umboðsmanns stefnenda, dags. 7. ágúst 1968, til dómsmálaráðuneytisins segir m. a. um þetta efni:

„Með bréfum, dags. 16. febrúar 1967 og 5. júní s. á., til sýslu-

mannsins í Skagafjarðarsýslu svo og með bréfum til dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. júní 1967, 16. okt. s. á. og 19. apríl s.l., var óskað eftir staðfestingu sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, að jörðin Reykjarhóll í Fljótum, Holtshreppi, Skagafjarðarsýslu, væri ættarjörð og hefði verið skrásett sem slík í samræmi við 33. gr. laga nr. 102, 1962 um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða. Þá var óskað eftir staðfestum endurritum allra þeirra gagna varðandi ofangreinda ættarjörð, sem finnast kynnu í afsals- og veðmálabókum sýslumannsembættisins, svo og nánari upplýsingar varðandi ættaróðal þetta, eins og nánar greinir í fyrrgreindu bréfi, dags. 16. febrúar 1967.

Fyrrgreindum bréfum svaraði sýslumaðurinn fyrst með bréfi, dags. 19. júlí 1968. Þar kemur fram, að jörðin Reykjarhóll hefur ekki verið skrásett sem ættarjörð við sýslumannsembætti Skagafjarðarsýslu þrátt fyrir þá staðreynd, að jörðin hefði verið í eigu og ábúð sömu ættar allt frá árinu 1874. A. m. k. á árinu 1959 fær sýslumaður Skagafjarðarsýslu vitneskju um, að jörðin sé ættarjörð, en gerir ekkert í málinu þrátt fyrir það . . .“

Með vottorði sýslumanns Skagafjarðarsýslu og bæjarfógeta Sauðárkróks 29. maí 1973 var staðfest, að jörðin Reykjarhóll væri ættarjörð. Vottorðið hljóðar svo:

„Í skrá, sem Jón Sigurðsson, fv. alþm. og óðalsbóndi á Reynistað, gerði árið 1959 um ættarjarðir í Skagafjarðarsýslu, er jörðin Reykjarhóll í Holtshreppi talin meðal ættarjarða, og segir svo um hana á sérstöku fylgiskjali eftir sama Jón Sigurðsson:

„Reykjarhóll, Austur Fljótum, ættarjörð frá 1874.

Árið 1874 flutti að Reykjarhóli í Austur Fljótum Hermann Þorsteinsson og k. h. Guðbjörg Þorkelsdóttir. Þau bjuggu á Reykjarhóli til 1912 og áttu jörðina. Reykjarhóll hefir síðan verið óslitið í ábúð og eign niðja þeirra til þessa dags.

Ábúendur hafa verið þessir:

1. Hermann Þorsteinsson.
2. Jón Hermannsson, sonur nr. 1.
3. Guðbjörn Jónsson og ekkja hans.
4. Alfreð Jónsson og k. h., dóttir nr. 3.“

Það, sem hér greinir að framan, kemur heim við það, sem um sama efni segir í Jarða- og ábúendatali í Skagafjarðarsýslu 1781—1958, 4. hefti, útg. 1959, og þetta eigi verið vefengt, svo að vitað sé.

Með skírskotun til framanritaðs ber að líta svo á, að jörðin Reykjarhóll í Holtshreppi sé ættarjörð skv. ákvæðum laga nr.

102/1962. Verður því skjali þessu þinglýst og þess getið á viðeigandi stað í veðmálaregistri."

Vottorð þetta ber með sér, að það var móttekið til þinglýsingar 30. maí 1973.

Stefndi Alfreð og umboðsmaður hans mótmæltu þessum aðgerðum í bréfum til sýslumanns. Krafist var úrskurðar skv. 33. gr. laga nr. 102/1962, svo og var fyrirhugaðri þinglýsingu mótmælt sérstaklega og krafist úrskurðar. Umboðsmaður stefnda Rafveitu Siglufjarðar mótmælti því einnig í bréfi til sýslumanns, að jörðin yrði skráð sem ættarjörð, og krafist var úrskurðar um það atriði sérstaklega.

Fyrrgreindum vottorðum hefur enn ekki verið þinglýst. Eigi verður heldur séð, að úrskurðað hafi verið í málinu skv. 33. gr. laga nr. 102/1962.

Loks verður að geta þess, að stefndi Alfreð hætti búskap á Reykjarhóli 1. júní 1973. Í samræmi við samning hans og Rafveitu Siglufjarðar óskaði hann eftir því, að rafveitan keypti hús hans og mannvirki á jörðinni. Ekki varð samkomulag um verð, og fór fram mat á eignunum. Er það mat lá fyrir, leitaði rafveitan eftir því við meðeigendur, hvort þeir vildu kaupa hús og mannvirki í samræmi við eignarhlutdeild sína. Í bréfi umboðsmanns stefnda til rafveitunnar af þessu tilefni segir m. a., að stefnendur líti svo á, að sala jarðarhlutans til rafveitunnar hafi verið ólögleg vegna ákvæða laga um ættarjarðir. Kveðast stefnendur áskilja sér allan rétt í því sambandi. Í bréfi þessu segir enn fremur, að stefnendur hafi þegar krafist yfirúttektar og komi því ekki á þessu stigi til álita nein kaup á eignum stefnda Alfreðs á jörðinni Reykjarhóli.

3.

3.1. Stefnendur taka fram, að tilgangur þeirra með málssókn þessari sé að koma í veg fyrir, að jörðin verði framvegis seld öðrum, nema þeir hafi áður hafnað forkaupsrétti þeim, sem lög nr. 102/1962 veiti.

Stefnendur telja, að jörðin hafi orðið ættarjörð frá og með gildistöku laga nr. 16/1950, sbr. 26. gr. laga nr. 116/1943 og 3. gr. laga nr. 16/1950. Skrá sú, sem geti um í 33. gr. laga nr. 116/1943, hafi verið til staðar í embætti réttargæslustefnda frá árinu 1959 og sé skrá þessi lögð fram sem dskj. nr. 3 í málinu. Hins vegar hafi réttargæslustefndi ekki gætt þeirrar embættis-

skyldu sinnar að skrá jörðina í afsals- og veðmálabækur fyrr en með fyrrgreindu embættisvottorði, dags. 29. maí 1973. Telja stefnendur, að líta verði svo á, að jörðin hafi orðið ættarjörð, er hún fullnægði skilyrðum 26. gr. laga nr. 116/1943, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1950, hvað sem líði öllum skráningum og án tillits til vilja eiganda í þessu efni. Í þessu sambandi telja stefnendur, að sannað sé samfellt ættarhald frá 1874.

Til vara halda stefnendur því fram, að nú sé heimilt að skrá og þinglýsa jörðinni samkvæmt ákvæðum laga nr. 102/1962. Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laganna sé gert ráð fyrir því, að eigendur jarða, sem féllu undir a og b lið greinarinnar, þyrftu skriflega að hafna því, að jörð þeirra félli undir ákvæði laganna, að undangenginni tilkynningu sýslumanns og innan 8 mánaða. Ekkert af þessu hafi gerst. Af því leiði, að ekki þurfi lengur samþykki eiganda þeirra jarða, sem falli undir a og b lið umræddrar 26. gr.

3.2. Stefndi Rafveita Siglufjarðar telur, að jörðin Reykjarhóll sé ekki ættarjörð. Bent er á, að lög nr. 116/1943 hafi ekki að geyma nein ákvæði um skráningu, en í 33. gr. laganna hafi þó verið ákveðið, að sýslumenn skyldu með aðstoð hreppstjóra og skv. bestu heimildum gera skrá yfir ættarjarðir í hverri sýslu, sem átti að endurskoða á vissum fresti og leiðrétta. Með lögum nr. 16/1950 hafi verið gerðar breytingar á fyrrgreindum lögum, þannig að ákvæði eldri laga um 100 ára ábúðar- og eignartíma var nú breytt í 75 ár og aftan við fyrrnefnda 33. gr. bætt ákvæði um, að ættarjarða skyldi getið í afsals- og veðmálabókum. Þegar lagaákvæðinu hafi næst verið breytt með lögum nr. 102/1962, hefði ekkert verið skráð í þessa átt varðandi Reykjarhól. Jörðin hafi því ekki orðið ættarjörð í gildistíð fyrrgreindra laga, jafnvel þótt miðað væri við 1874 sem upphafstíma.

Að því, er tekur til laga nr. 102/1962, bendir stefndi Rafveita Siglufjarðar á, að 2. mgr. 26. gr. laganna beri að skilja svo, að eigendum jarða, sem fullnægðu skilyrðum til að teljast ættarjarðir, væri það í sjálfsvald sett, hvort jarðir þeirra yrðu skráðar sem ættarjarðir eða ekki. Sýslumaður hafi ekki borið það undir eigendur eftir gildistöku laga 102/1962, hvort þeir óskuðu eftir því, að jörðin yrði talin ættarjörð, en með öðrum hætti hafi ekki verið unnt að skipa jörðinni í flokk ættarjarða. Þá er bent á, að ekki hafi verið farið eftir 33. gr. laganna um ítarlega skráningu. Þá er bent á, að er Jónanna Stefánsdóttir afsalaði tengda-

syni sínum, stefnda Alfreð, sínum jarðarhluta á árinu 1958, hafi sá hluti komist úr eigu ættarinnar.

Um aðrar röksemdir fyrir kröfum sínum bendir rafveitan á, að hún hafi fest kaup á umræddum jarðarhluta í góðri trú og því öðlast skilorðslausan eignarrétt fyrir traustfang.

Enn fremur hljóti stefnendur að hafa glatað hugsanlegum forkaupsrétti sínum að jörðinni vegna tómlætis. Þeir hafi í verki sætt sig við tvær sölur, þ. e. fyrst til stefnda Alfreðs og síðan til rafveitunnar. Er á það bent, að þeir hafi vitað um sölur þessar, en þó engum mótmælum hreyft fyrr en í júní 1973 að því er rafveituna varðar. Því er haldið fram, að þótt jörðin hafi einhvern tíma verið talin ættarjörð, þá eigi stefnendur þó engan forkaupsrétt að henni, þar sem þeir séu ekki í þeim skyldleika við stefnda, sem áskilinn sé í 19. gr. laga nr. 102/1962, sbr. 27. gr. sömu laga.

Loks er vakin athygli á því, að ákvæði VII. kafla fyrrgreindra laga um verðlagningu ættarjarða til forkaupsréttarhafa séu andstæð 67. gr. stjórnarskrárinnar.

3.3. Stefndi Alfreð tekur að öllu leyti undir þær málsástæður, sem raktar eru í 3.2., og telur þær hafa fullt gildi fyrir sig. Að öðru leyti eru færðar fram af hálfu stefnda Alfreðs sérstakar málsástæður, sem hann telur, að leiði til kröfu sinnar í málinu. Skal hér stuttlega vikið að þeim helstu:

Stefndi Alfreð bendir á, að stefnukrafa í málinu sé óákveðin. Riftunarkrafa eða önnur aðfararhæf krafa sé ekki gerð á hendur stefnda Alfreð. Hann sé nú ekki eigandi jarðarinnar, þar sem eignarhluti hans hafi verið seldur fyrir mörgum árum. Því sé ljóst, að stefndi Alfreð sé ekki lengur aðili að máli þessu.

Í öðru lagi er því mótmælt, að fyrir liggi lögfull sönnun um það, að jörðin hafi verið í eigu sömu ættar eða setin af henni í lögákveðinn tíma. Í munnlegum málflutningi var jafnvel gefið í skyn, að óvíst væri, að ávallt hafi verið um sömu jörð að ræða. Þessari varnarástæðu var þó mótmælt sem of seint fram kominni. Loks er því haldið fram, að VII. kafli laganna nr. 102/1962, einkum þvingunarákvæði 29. gr., hafi ekki hald í stjórnarskránni og samrýmist ekki 67. gr. hennar.

3.4. Af hálfu sakaukastefnda er tekið fram, að hann taki enga afstöðu til framkominna málsástæðna eða krafna aðilja máls þessa. Hins vegar gerir hann kröfu um sýknu sér til handa af kröfum sakaukastefnda (sic), til þess að afstaða sín verði ekki skoðuð sem játning á stefnukröfunum.

4.

4.1. Stefnendur hafa lýst því fyrir dómi, að tilgangur þeirra með málssókninni sé ekki sá að freista þess að ónýta sölur þær, sem þegar hafa farið fram á jörðinni, heldur til að reyna að koma í veg fyrir frekari sölur í framtíðinni. Telja verður, að stefnendur eigi rétt á því að fá úr því skorið, hvort jörðin Reykjarhóll hafi orðið ættarjörð og sé það enn þrátt fyrir sölur þær, sem fram hafa farið á hlutum hennar og fyrr er lýst. Verður að telja, að kröfugerð þeirra miði að því að skera úr óvissu í þessu efni. Kröfugerð stefnenda er að vísu nokkuð almenns eðlis, en eftir atvikum má telja hana nægjanlega skýra og hagsmuni, sem við hana eru tengdir, nægjanlega brýna.

Í VII. kafla laga nr. 102/1962 um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða er eingöngu fjallað um ættarjarðir. Með 1. mgr. a, 26. gr. fyrrgreindra laga er skorið úr því, hverjar jarðir skyldu teljast til ættarjarða, áður en lög þessi öðluðust gildi. Voru það ættarjarðir, sem skrásettar voru sem slíkar samkvæmt lögum nr. 116/1943 eða með sérstökum gerningi innan fyrrgreindra tímamarka. Telja verður, að heimilt hafi verið að taka af skarið um óvissu, sem kann að hafa ríkt um þetta, með þeim hætti sem segir í lagaákvæði þessu. Á það a. m. k. örugglega við um þá jörð, sem hér er um að tefla. Upplýst er, að jörðin hafði ekki verið skrásett samkvæmt 33. gr. laga nr. 116/1943, sbr. lög nr. 16/1950, við gildistöku laga nr. 102/1962. Jörðin hafði heldur ekki verið gerð að ættarjörð með sérstökum gerningi á þessum tíma. Hún var því ekki ættarjörð við gildistöku síðastgreindra laga.

Stefnendur byggja á því, að jörðin hafi fullnægt 1. mgr. b 26. gr. laga nr. 102/1962 um 75 ára eignar- og ábúðartíma við gildistöku laganna. Hér er þess að gæta, að sýslumaður Skagafjarðarsýslu sendi ekki út tilkynningu þá, sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr. sömu laga. Ekki verður heldur séð, að eigendur jarðarinnar hafi gert lögmæta ályktun um að gera hana að ættarjörð samkvæmt VII. kafla fyrrgreindra laga. Telja verður tvímælalaust, að yfirlýsingar samkvæmt þessu hafi verið forsenda þess, að jörðin gat talist ættarjörð samkvæmt þessum lögum. Við sölu fyrrgreinds jarðarhluta til Rafveitu Siglufjarðar 8. júní 1965 rofnaði ættarhald umræddra ættmenna að jörðinni allri.

Aðgerðarleysi það, sem fylgdi í kjölfarið vegna þessarar sölu, var og slíkt, að jörðin gæti nú ekki talist ættarjörð, hvernig sem á málavexti væri litið að öðru leyti.

Af framansögðu er ljóst, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu. Rétt er, að stefnendur greiði stefndu málskostnað. Telst hann hæfilega ákveðinn kr. 100.000 til stefnda Alfreðs og Rafveitu Siglufjarðar hvors um sig. Ekki þykir nægur grundvöllur til þess að dæma réttargæslustefnda málskostnað. Stefndi Óskar hefur ekki krafist málskostnaðar.

Stefán M. Stefánsson setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Alfreð Jónsson, Rafveita Siglufjarðar og Óskar Guðbjörnsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Páls, Jóns, Hreggviðs og Hermanns Guðbjörnssona, í máli þessu. Stefnendur, Páll, Jón, Hreggviður og Hermann Guðbjörnssynir, greiði kr. 100.000 til stefnda Rafveitu Siglufjarðar og kr. 100.000 til stefnda Alfreðs Jónssonar í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. október 1979.

Nr. 15/1978. **Marta Jónsdóttir**
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
gegn
Birki Skúlasyni
og gagnsök
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Fasteignaviðskipti. Gallar. Skaðabætur. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1977. Útivistardómur gekk í því

máli 9. janúar 1978. Áfrýjandi áfrýjaði að nýju með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 23. janúar 1978. Hún krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m., krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða honum 643.910 krónur með 13% ársvöxtum af 536.910 krónum frá 7. maí 1975 til 7. maí 1976 og af 643.910 krónum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gögn, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, sýna, að lögmaður gagnáfrýjanda beiddist fjárnáms í eignum aðaláfrýjanda 5. september 1977 til fullnustu héraðsdómi. Fjárnám var gert í Reykjavík 24. október 1977, þó að aðaláfrýjandi (gerðarþoli) hefði þá skotið málinu til Hæstaréttar. Hefur lögmaður gagnáfrýjanda skýrt svo frá hér fyrir dómi, að hann hafi, áður en áfrýjað var af hálfu aðaláfrýjanda, falið öðrum lögmanni að vera við fjárnámsgerðina og muni hvorki sá lögmaður, fógeti né sá, sem kom fram fyrir hönd gerðarþola, hafa vitað um áfrýjunina. Fjárnám þetta mátti ekki gera, sbr. 7. gr. laga nr. 19/1887, en því hefur ekki verið áfrýjað. Fjárnámið fór fram, án þess að fyrirvari um áfrýjun væri gerður af hálfu gagnáfrýjanda. Eins og á stendur, útilokar fjárnámsgerðin, að gagnáfrýjandi geti með hæstaréttardómi fengið sér tildæmda hærri fjárhæð en héraðsdómur dæmdi. Hann mátti hins vegar gagnáfrýja til staðfestingar héraðsdómi.

Eins og frágangi á bílskúrsveggjum var háttað, mátti gagnáfrýjandi ætla, að múrhúðun þeirra væri með venjulegum hætti. Svo var ekki, og á gagnáfrýjandi samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 rétt á bótum þeim, er honum voru dæmdar í héraði.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Marta Jónsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Birki Skúlasyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 28. júní 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. júní 1977, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. nóvember 1976, af Birki Skúlasyni, Holtagerði 36, Kópavogi, nú Öldulóð 12, Hafnarfirði, gegn Mörtu Jónsdóttur, Ljósheimum 22, Reykjavík. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða skaðabætur eða afslátt að fjárhæð kr. 643.910 með 16% ársvöxtum af af kr. 536.910 frá 7. maí 1975 til 7. maí 1976, en af kr. 643.910 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína í 13%.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að dæmdur verði úr hans hendi ríflegur málskostnaður.

Málavextir.

Stefnandi máls þessa var vorið 1974 að athuga um kaup á íbúð til eigin nota. Var honum bent á íbúð þá, sem mál þetta snýst um, og komið í samband við Hafliða Jónsson, bróður stefndu, sem hafði með íbúðina að gera fyrir hennar hönd.

Sá aðili, sem kom á sambandi þeirra Hafliða, var Jón Hjálmarsson, sölumaður á fasteignasölu Benedikts Björnssonar, löggilts fasteignasala.

Skoðaði stefnandi íbúðina ásamt eiginkonu sinni, og benti Hafliði Jónsson þeim hjónum á ýmsa galla á íbúðinni, en íbúðin var tóm.

Um ástand íbúðarinnar sagði stefnandi í dómskýrslu sinni 31. maí 1977:

„Við skoðuðum húsið, en það var töluvert mikið sprungið að utan, málning var veðruð, og hafði húsið verið í töluvert mikilli vanhirðu. Við sáum, að upp með ofnum var ófrágenginn múr, en um hluta miðstöðvarlagna hafði verið skipt vegna þess, að rör þau, sem í upphafi höfðu verið notuð, höfðu verið léleg. Ekki var minnzt á annan leka en vegna svalahurðar, og þar var skemmd

á teppi. Ég spurði því um raka, en fékk þau svör, að ekki hefði orðið vart við raka.

Ég sá fúinn glugga í svalaherbergi, það þurfti að mála og lagfæra ýmislegt inni, svo sem glugga og sprungur í múrhúðun á veggjum.

Bílskúrinn var hólfaður sundur, en þar hafði verið skósmíðastofa. Afþiljunin var úr texplötum, en hann var nærri fullur af dóti, m. a. innréttingu úr verzlun, þ. m. t. hillur og borð, svo og bókakössum, sem staflað var upp með veggjum. Gat ég af þessum sökum takmarkað skoðað skúrinn, sem var með þessu drasli nánast fullur.

Þegar ég tók skilveggina niður, komu í ljós gallar á múrhúð, hún sprakk frá, og kom í ljós, að skilrúmin höfðu verið sett í skúrinn fokheldan, m. a. voru veggir skúrsins óeinangraðir, þar sem skilveggirnir komu á þá. Um veggi þessa var ekkert rætt, mér fannst sem ég hlyti að líta á skúrinn sem bílskúr og átti því ekki von á þessu.

Þegar við skoðuðum, voru góðar aðstæður til skoðunar á íbúðinni, það var bjart veður og rafljós í baðherbergi og eldhúsi.“.

Að öðru leyti kom það fram um teppin, að gat hefði reynst vera í þeim við eldhúsdyr. Hafi það ekki komið í ljós við skoðun, þar sem það hefði verið hulið mottu. Hafi teppin við skoðun verið skítug og vanhirt, en hafi Hafliði Jónsson sagt þau ný eða nýleg.

Um aðra þá galla, sem mál þetta snýst um, kveðst stefnandi ekki hafa vitað fyrr en eftir kaupin.

Hafliði Jónsson, sem við söluna kom fram af hálfu stefndu og hefur í máli þessu komið fram sem aðili fyrir hennar hönd, gaf skýrslu í málinu fyrir rétti 6. júní 1977.

Sagði hann m. a.:

„Íbúðin var illa farin eftir síðustu leigjendur, en húsið hafði áður allt verið í eigu fjölskyldu minnar, og hafði ég reyndar byggt það á sínum tíma. Neðri hæðin hafði verið seld, líklega 2—3 mánuðum áður en Birkir keypti, og var sú íbúð enn verr farin en hans íbúð vegna leka út frá hitalögn, en sá leki kom verstur fram í desember 1973 á efri hæðinni. Hitalögnin var úr lélegu efni frá upphafi.

Þegar Birkir keypti, lágu öll gömlu rörin á gangstéttinni fyrir utan, en einnig nokkur ný afgangs rör. Tóku nýju eigendurnir að sér að fjarlægja rörin.

Þegar Birkir keypti, voru öll teppin rennandi blaut, en viðgerð hafði nýverið farið fram, þau voru meira og minna dregin saman.

Á einum stað, þar sem mestur lekinn hafði verið, var komið gat. Ég minntist aldrei einu orði á ástand teppanna, nema hvað ég benti á, að bútar væru til þess að bæta með, ef þyrfti, og væru þeir úti í bílskúr. Teppin voru mér algert aukaatriði við sölu þessa.

Jón Hjálmarsson kom aldrei á vettvang, þegar ég var þarna staddur, en Birkir kom tvisvar, í annað skipti með eiginkonu sína, en hitt skiptið með eitthvert skyldmenni, ef til vill mág.

Ég vakti sérstaka athygli á ýmsum göllum, m. a. benti ég á, hvernig eldavél var rétt af. Í bílskúr var allt stúkað í sundur, og í honum voru á þessum tíma innréttingar úr verslun Jóns bróður míns, og stóðu innréttingar þessar á miðju gólfi, auk þess sem bókakassar voru þar einnig, en í mesta lagi á einum stað lágu kassarnir að vegg.

Við hitainntak var stórt op í vegginn, en auk þess var víða á veggjum hægt að sjá, hve þunn múrhúðin var vegna skemmda, og Birki fullkunnugt um það og það, að eftir var að setja vírnet á veggi og pússa yfir".

Auk framanritaðs sagði Hafliði Jónsson um teppin, að þau hefðu verið 2—3 og upp í 5 cm frá vegg, þar sem þau hafi verið samanskroppin. Hafi ekkert sérstakt verið um það rætt.

Kvaðst hann hafa bent stefnanda á, að múrhúðin á bílskúr hefði verið skemmd og einungis um bráðabirgðahúð að ræða. Þá hafi stefnandi skoðað allan skúrinn og gengið um hann allan. Hafi skúrinn verið málaður innan.

Hafliði Jónsson sagði í dómskýrslu sinni 19. júní 1977, að hann hefði ekki rætt sérstaklega við stefnanda um sprungu þá, sem kröfur eru gerðar út af í máli þessu, enda hafi aldrei orðið vart leka frá þeirri sprungu.

Aðiljar voru sammála um, að stefnanda hefði gefist góður tími til skoðunar íbúðarinnar og aðstæður hefðu verið góðar til skoðunar. Hafliði Jónsson fullyrti, að stefnandi hefði haft lykla að íbúðinni til umráða einhverja daga fyrir kaupsamningsgerð, þ. e. áður en bindandi tilboð hefði verið gert. Stefnanda minnti, að hann hefði haft lykla 2 daga fyrir gerð kaupsamnings, en eftir samþykki tilboðs.

Íbúðina fékk kaupandi afhenta við kaupsamningsgerð, en bílskúrinn nokkru síðar.

Vitnið Jón Hjálmarsson sölumaður, sem annaðist söluna, sagði í skýrslu sinni 9. júní 1977, að stefnanda hefði verið það gersam-

lega ljóst og það hafi verið kynnt fyrir honum, að yfir hefði staðið viðgerð á hitalögn. Kvaðst vitnið muna eftir göllum á teppum, sem skemmd hefðu verið eftir leka, og stefnandi hefði getað gert það upp við sjálfan sig, hvort hann keypti eða ekki, en íbúðina hefði átt að selja í því ástandi, sem hún hefði verið.

Kvað vitnið verðmyndun hafa skapast af ástandi íbúðarinnar og hafi hún tvímælalaust verið ódýrari en sambærilegar hæðir í fullkomnu ástandi. Kvað vitnið veggi í bílskúr hafa verið sjáanlega við skoðun, því að þótt dót hefði verið í skúrnum, hefði það ekki verið svo mikið.

Að kröfu stefnanda með bréfi, dags. 25. apríl 1976, lögðu fram í bæjarþingi 9. maí 1976, voru hinn 2. júlí 1975 dómkvaddir þeir Leifur Blumenstein byggingafræðingur og Ólafur Bjarnason múrarameistari til að meta galla þá, sem mál þetta snýst um.

Skoðuðu matsmennirnir eignina lauslega 11. desember 1975, en nánar 21. apríl 1976.

Hljóðaði matsgerð svo:

„1) Á gólfinu eru ullar og/eða gerfiefnablandin ullar lykkjuteppi með kvoðu undirlagi, einnig kom í ljós, að undir teppi er svampundirlag. Undir svampundirlaginu er pappadúkur með gljáhúð. Matsmönnum virðist fúi í teppum stafa frá vatnsflóði, sem varð, er miðstöðvarpípur biluðu, þar sem kvoðuborið undirlag teppis, svampundirlag og pappadúkur með gljáhúð hafa haldið vatni og eða raka lengi á og í steinslitlagi gólfsins. Við eldhúsdyr, þar sem teppið er trosnað, virðist svo sem svampundirlag hafi ekki verið lagt slétt niður á gólfinu, eftir að vinna við endurnýjun á pípulögn og múrviðgerð á gólfrauf var lokið, og teppið því trosnað undan fæti.

2) Halli á eldhúsgólfi er 18 mm, skálarlaga, mest við eldavél og dyr að svefnherbergi.

3) Gólf í bílskúr er mishátt og raufar í gólfi eftir milliveggi, sem settir hafa verið upp, áður en lagt var slitlag á gólfið.

4) Múrhúðun á veggjum í bílskúr er of þunn, algengt er múrhúð ekki höfð undir 20 mm, þegar múrhúðað er á einangraða veggi af öryggisráðstöfunum. (T. d. eldhættu raf- og hitalögnum, upphengingar á hillum o. fl.).

5) Ekki höfðu orðið neinar breytingar við sprungu á vegg í suðvesturhorni stofu, enginn raki og eða bleyta var þar sjáanleg.

Úrbætur

1. Með tilvísun til skoðunar og þess, sem þá kom fram af hálfu aðila 11. 12. 1975 og lýst er hér að framan, telja matsmenn sig ekki geta áætlað fébætur fyrir teppin og eða hluta af þeim.
2. Fjarlægja dúk, sem fyrir er, gera við gólfið með semplastmúrblöndu.
3. Gólf í bílskúr. Leggja þarf nýtt slitlag á gólfið og pússa.
4. Múrhúða veggi í bílskúr að nýju, nota skal semplastmúrblöndu og vírnet á veggi.
5. Spartla sprungu, mála vegg tvær yfirferðir.

Teljum við kostnað við endurbætur þessar hæfilega metnar á kr. 120.000. — eitthundrað og tuttugu þúsund krónur 00/100."

Viðbót við matsgerð lögðu matsmennirnir fram undir rekstri málsins, svohljóðandi:

„Sundurliðaður kostnaður vegna úrbóta:

Liður 2:	Efni	kr. 14.336.-
	Vinna	kr. 18.000.-
		Kr. 32.336.-
Liður 3:	Efni	kr. 12.000.-
	Vinna	kr. 11.500.-
		kr. 23.500.-
Liður 4:	Efni	kr. 35.364.-
	Vinna	kr. 21.000.-
		kr. 56.364.-
Liður 5:	Efni	kr. 1.800.-
	Vinna	kr. 6.000.-
		kr. 7.800.-
	Efni alls	kr. 63.500.-
	Vinna alls	— 56.500.-
	Alls	kr. 120.000.-

— Eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — ".

Matsmennirnir gáfu skýrslu fyrir dómi 31. maí 1977. Leifur Blumenstein taldi, að halla á eldhúsgólfi og galla á múrhúðun á bílskúr hefði átt að vera hægt að sjá við skoðun kaupanda um miðjan aprílmánuð 1974. Leifur kvaðst ekki geta tjáð sig um ástand teppanna tveimur árum fyrir skoðun matsmanna, en við skoðun 21. apríl 1976 hafi verið bleyta undir neðsta lagi þeirra og hafi ástand þeirra verið óljóst, sums staðar hefðu þau dottið sundur vegna fúa, en annars staðar hafi þau verið heil. Hafi skemmdirnar verið, þar sem rör lágu undir.

Kvaðst Leifur hafa fengið upplýsingar um flóð í íbúðinni við skoðun hennar og hafi þeir matsmennirnir ekki orðið varir við neinn ágreining milli viðstaddra um það. Kvað hann matið á því byggt og því, að ekki hefði verið ágreiningur um flóðið. Matsmaðurinn gat ekki svarað því, hvort hinir ýmsu gallar hefðu fundist af ósérfróðum skoðanda.

Ólafur Bjarnason kvaðst mundu hafa séð ýmsa galla við skoðun, sem fram hefði farið á sama tíma og kaupandi skoðaði, en gat ekki tjáð sig um það, hvort ósérfróður skoðandi hefði séð þá.

Matsmennirnir voru sammála um það, að ekki væri óeðlilegt, að gólf í bílskúr hefði verið mishæðótt, þar sem honum hefði verið skipt niður og augljóst, að lagt hefði verið í þau eftir uppsetningu veggja.

Vettvangsganga fór fram 6. júní 1977.

Við skoðun þá kom það helst fram, að teppi þau, sem á íbúðinni höfðu verið við kaup stefnanda, voru þar enn. Einnig sást a. m. k. í einu herbergi, að teppin voru nokkrum sentimetrum of lítil. Þá var sýnilegur halli á eldhúsgólfi við dyr. Að öðru leyti voru ágallar þeir, sem mál þetta snýst um, eins og lýst hefur verið hér að framan.

Aðiljar voru sammála um, að á árinu 1974 hefði stefnandi kvartað við Hafliða Jónsson um galla á teppum.

Ekki kom fram, að kvartað hefði verið undan öðrum göllum en á teppunum.

Samningsgerð bar að með þeim hætti, að stefnandi gerði stefndu skriflegt kauptilboð hinn 8. apríl 1974, sbr. dskj. nr. 13. Var tilboð þetta undirritað af honum.

Ekki undirritaði stefnda kauptilboð þetta til samþykkis, en aðiljar eru sammála um, að það hafi leitt til kaupsamnings, sem gerður var 26. apríl 1974. Kaupverð var skv. samningi þessum kr. 4.300.000.

Í kauptilboði var ekki ákvæði um galla á hinu selda, en í kaupsamningi var svohljóðandi ákvæði:

„Hin selda eign er seld í sínu núverandi ástandi, sem kaupandi hefur rækilega skoðað og sættir sig við að öllu leyti. Honum er ljóst, að viðgerða og endurbóta er þörf á eigninni."

Þegar afsal var gefið út hinn 4. apríl 1975, var svohljóðandi ákvæði í afsalinu:

„Eignin var seld í því ástandi, sem hún var í við afhendingu hinn 26. apríl 1974. Kaupanda var ljóst, að viðgerða og endurbóta var þörf á hinni keyptu eign."

Undir afsalið ritar stefnandi með þessari athugasemd: „samþ. sem kaupandi, með þeim fyrirvara að gera skaðabóta- eða afsláttarkröfu."

Afsalinu var þinglýst 17. apríl 1974.

Aðilja greinir á um undirskrift stefnanda undir afsalið. Hann sjálfur kveðst hafa sótt afsalið til fasteignasalans, undirritað þar veðskuldabréf og sótt afsalið. Hafi hann síðan undirritað afsalið við þinglýsingu þess með þeim fyrirvara, sem að framan greinir, og hafi gert fyrirvarann í samráði við lögmann sinn.

Hafliði Jónsson kveðst hafa verið viðstaddur undirritun stefnanda og fullyrðir, að nafn hans hafi verið það eina, sem hann ritaði í fyrstu undir afsalið.

Benedikt (Björnsson) Sigurbjörnsson, löggiltur fasteignasali, sem gekk frá öllum skjölum varðandi sölu þessa, staðfestir, að stefnandi hafi verið einn, er hann tók við afsalinu. Kvað hann andstætt venju sinni, að kaupandi skrifaði ekki undir afsal á skrifstofunni. Kvað hann ólíklegt, að hann hefði gengið frá málinu við Birki einan, ef hann hefði orðið athugasemdar Birkis var. Ekki hafa komið fram önnur undirrituð eintök afsals en þau, sem til þinglýsingar fóru, og hefur m. a. Benedikt ekki fundið undirritað eintak hjá sér.

Aðiljar mundu ekki eftir, að umræður um galla hefðu farið fram milli þeirra við samningsgerð.

Eign þá, sem hér um ræðir, seldi stefnandi með kaupsamningi, dags. 22. júlí 1976, og var söluverð þá kr. 8.300.000.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Samkvæmt matsgerð ..... kr. 120.000
2. Teppi á 55 ferm. á kr. 5.762 per ferm. ..... kr. 316.910
3. Óþægindi og annar slíkur kostnaður o. fl. ..... kr. 100.000

4. Reikningur matsmanna ..... kr. 40.000
5. Lögmannskostnaður, beiðni um mat kr. 9.000
   2 mót 5 klst. (kr. 3.200) ..... kr. 16.000
   Bílkostnaður ..... kr. 2.000

Samtals kr. 643.910

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að gallar þeir, sem á íbúðinni reyndust vera, hafi verið fleiri en honum mátti vera ljóst við skoðun. Hafi honum ekki verið bent á þau atriði, sem mál þetta snýst um, og hafi því talið þá galla, sem á hinu selda voru við kaupin, minni en raun varð á. Gallana hafi hann uppgötvað smám saman, eftir að hann fluttist í íbúðina.

Af hálfu stefndu hefur verið bent á ákvæði kaupsamnings og afsals um viðgerðir svo og verð eignarinnar, sem hafi verið við ástand hennar miðað.

Þá hefur verið lögð áhersla á skoðunarskyldu stefnanda og bent á, að hann hafi haft góðar aðstæður til skoðunar, m. a. lykil til umráða, og hafi allir gallar verið augljósir við skoðun.

Við munnlegan málflutning ítrekuðu lögmenn aðilja kröfur þær, sem þeir höfðu uppi í stefnu og greinargerðum.

Lögmaður stefnanda benti á við málflutninginn, að ekki hefði komið fram af hálfu stefndu sú málsástæða, að of seint hefði verið kvartað yfir göllum þeim, sem málið snýst um. Væri því sú málsástæða of seint fram komin, ef hún kæmi fram við málflutninginn, og krafðist hann þess, að hún yrði ekki tekin til greina.

Lögmaður stefndu krafðist þess, að tillit yrði til þess tekið, hve seint kvartað hefði verið, en kvað ekki hafa legið óyggjandi fyrir, fyrr en við lok gagnaöflunar, að of seint hefði verið kvartað, og því ekki unnt að krefjast framanritaðs fyrr.

Forsendur og niðurstaða.

Fyrir liggur í máli þessu, að við kaup fasteignarhluta þess í Holtagerði 36, sem mál þetta stendur um, var hann í slæmu ásigkomulagi, vanhirtur og haldinn ýmsum ágöllum. Bar stefnanda af þeim sökum að skoða sem gaumgæfilegast hið selda, og verður að telja skoðunarskyldu hans sem kaupanda enn ríkari en við venjulegar aðstæður. Þá verður að hafa í huga, að íbúðin var tóm við skoðun, og fyrir gerð kaupsamnings hafði stefnandi umráð lykla að íbúðinni og frjálsar hendur um skoðun hennar.

Enn verður að benda á það ákvæði í kaupsamningi, sem ekki

finnst í kauptilboði, að kaupanda sé ljóst, að viðgerða og endurbóta sé þörf á eigninni, en ákvæði sem þetta er óvenjulegt í kaupsamningum og fyrst og fremst til þess ætlað að leysa seljanda undan skaðabótaskyldu.

Teppi þau, sem á íbúðinni voru og eru enn, voru samanskroppin á umræddum tíma svo og með skemmd á a. m. k. einum stað, sem kaupanda var kunnugt um. Þá var ljóst, að á pípulögn hafði farið fram viðgerð. Með hliðsjón af því svo og hinni ríku skoðunarskyldu stefnanda við kaupin þykja ekki efni til að taka bótakröfu hans vegna teppanna til greina.

Halla á eldhúsgólfi verður að telja sýnilegan við vandlega skoðun, en auk þess virðist mega fella viðgerð á því undir endurbætur.

Verður því ekki tekin til greina bótakrafa stefnanda vegna hallans.

Þegar stefnandi skoðaði bílskúr þann, sem með íbúðinni fylgdi, voru milliveggir uppi í skúrnum. Verður að telja, að umbúnaður veggjanna hafi ekki verið með öðrum hætti en stefnandi mátti búast við og ekki óeðlilegt, að hann kannaði umbúnaðinn nánar eða spyrðist fyrir um hann.

Verður því ekki tekin til greina bótakrafa stefnanda vegna raufa í veggjum og gólfi bílskúrs.

Ekki er sannað, að stefnanda hafi verið gert nægilega ljóst, hverja ágalla múrhúð bílskúrs hafði. Ekki er hægt að ætlast til slíkrar sérfræðiþekkingar af stefnanda, að honum hefði átt að vera ljóst, að múrhúðin væri svo ófullnægjandi sem hún er. Breytir þar engu, þótt á einstaka stað hefði þykktin verið sýnileg.

Verður þar að auki að taka tillit til þess, að skúrinn er með frágenginni raflögn í útveggjum, múrhúðaður og sléttur að sjá, en auk þess málaður innan.

Þykir því verða að taka til greina bótakröfu stefnanda um greiðslu á kr. 56.364 skv. mati hinna dómkvöddu matsmanna auk 13% ársvaxta frá 7. maí 1975 til greiðsludags.

Hvað snertir veggsprungu, er álit dómsins það, að við slíku megi búast, hvenær sem er í húsum af þessari gerð, og ekki víst, að hún hafi verið til orðin við kaupin. Sé hér um að ræða áhættu af því tagi, sem ávallt fylgir því að kaupa og eiga fasteign, enda um lítilræði að tefla, svo sem sjá má af matsgerð. Einnig má í þessu sambandi benda á, að húsið var allt mjög sprungið.

Verður því ekki tekin til greina bótakrafa stefnanda vegna sprungunnar.

Galli sá, sem stefnandi hefur með dómi þessum fengið bættan, er þess eðlis, að ekki þykir unnt að fallast á, að kvörtun hafi komið of seint fram.

Ekki þykja efni til að taka óþægindakröfu stefnanda til greina.

Rétt þykir, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, kr. 82.000.

Dómsorð:

Stefnda, Marta Jónsdóttir, greiði stefnanda, Birki Skúlasyni, kr. 56.364 auk 13% ársvaxta frá 7. maí 1975 til greiðsludags auk kr. 82.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Þriðjudaginn 9. október 1979.

Nr. 60/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólöfu Þóreyju Haraldsdóttur
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærða verði dæmd til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Svo sem í héraðsdómi greinir, neitar ákærða því alfarið, að hún hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Hefur hún haldið fast við þann framburð sinn, að hún

hafi ekki neytt annars áfengis en rauðvíns, sem samsvari um einu vatnsglasi, er hún var í kvöldverðarboðinu að Hagamel 21. Skýrði hún frá þessari vínneyslu sinni þegar við handtöku.

Framburðir þeirra tveggja vitna, sem um vínneyslu hennar hafa borið, eru og mjög á sama veg.

Í lögregluskýrslu þeirri, sem fjallar um handtöku ákærðu, segir, að lítils háttar áfengisþef hafi lagt frá vitum hennar, en ekki getið neinna einkenna þess, að hún hafi verið með áfengisáhrifum. Í varðstjóraskýrslu er ekki heldur getið neinna slíkra einkenna, aðeins sagt hið sama um lítils háttar áfengisþef af andardrætti hennar og að augu hennar hafi verið vot. Þegar lögreglumenn þeir, er afskipti höfðu af ákærðu, komu fyrir dóm, mundi enginn þeirra eftir, að ákærða hefði sýnt nokkur einkenni um áfengisáhrif. Sjálf ber hún, að hún sé ætíð voteygð. Hefur skipaður verjandi hennar lagt fyrir Hæstarétt vottorð augnlæknis þessu til styrktar, en þar kemur fram, að hún hafi verið undir læknishendi vegna langvarandi augnsjúkdóma, slímhimnubólgu og hvarmabólgu.

Þegar litið er til skýrslu ákærðu og vitnaframburða í máli þessu, er með ólíkindum, að alkóhólmagn í blóði hennar hafi í raun verið 1.94‰, svo sem í alkóhólákvörðun getur. Hafi verið svo mikið alkóhólmagn í blóði ákærðu, verður að telja mjög ósennilegt, að hún hafi ekki borið þess svo augljós merki, að þessa hefði verið getið berum orðum bæði í lögregluskýrslu og skýrslu varðstjóra. Þegar virtir eru framburðir ákærðu og vitna, verður ekki annað ráðið en einhver mistök hafi orðið með blóðsýni það, sem úr ákærðu var tekið. Ekkert verður um það fullyrt, hvar slík mistök kunni að hafa átt sér stað. Þykir varhugavert að byggja áfellisdóm í máli þessu á niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, svo sem sönnunargögnum máls þessa er varið.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir báðum dómum, samtals 200.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Ólöf Þórey Haraldsdóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 200.000 krónur fyrir báðum dómum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. maí 1978.

Ár 1978, föstudaginn 19. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 203/1978: Ákæruvaldið gegn Ólöfu Þóreyju Haraldsdóttur, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 29. mars sl., gegn Ólöfu Þóreyju Haraldsdóttur bankaritara, Miklubraut 56, fæddri 21. júní 1943 á Siglufirði, „fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 2. desember 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 45999 frá Hagamel 21 í Reykjavík áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hennar á Miklubraut við Lönguhlíð.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Aðfaranótt fimmtudagsins 2. des. 1976, milli kl. 1 og 2, stöðvuðu lögregluþjónar, sem voru á eftirlitsferð, ökumann bifreiðarinnar R 45999 á Miklubraut við Lönguhlíð. Samkvæmt skýrslu annars lögregluþjónsins, Benedikts Benediktssonar, var ástæðan sú, að ökumaður gaf stefnuljós til hægri, en ók þó áfram fram hjá mótum Miklubrautar og Lönguhlíðar. Ákærð var ökumaður bifreiðarinnar. Samkvæmt lögregluskýrslu lagði lítils háttar áfengislykt af henni, og leiddi það til þess, að hún var færð á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók skýrslu af henni, en kl. 0220 var henni tekið blóðsýni að tilhlutan lögreglunnar. Sýnið var merkt

853, og reyndist alkóhól í því 1.94‰ samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Ákærða kveðst hafa verið á heimleið frá Hagamel 21. Þangað hafði hún komið um kl. 2030 í kvöldverðarboð. Hún kveðst hafa neytt lítils háttar af rauðvíni með mat, er samsvari á að giska einu vatnsglasi. Að öðru leyti hafi hún einskis áfengis neytt þarna og áður en hún kom á Hagamel 21, hafi hún ekki neytt neins áfengis.

Ákærða kveðst því alls engin áfengisáhrif hafa fundið við aksturinn, og telur hún það ekki fá staðist, að í blóði hennar hafi verið alkóhól, eins og rannsóknin segir.

Skýrsla ákærðu um áfengisneyslu á Hagamel 21 er í samræmi við framburð Sigurlaugar Ásgrímsdóttur, er boðið hafði ákærðu til kvöldverðar, og Eyjólfs Halldórssonar bankafulltrúa, sem einnig var gestur þarna.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra hefur verið lítils háttar áfengislykt af ákærðu og öndunarpróf sýnt II. stig. Varðstjóri telur augu ákærðu hafa verið vot, en að öðru leyti hefur ákærða engin ölvunarmerki borið, andlit verið eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteisleg, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Af hálfu ákærðu er blóðrannsóknin dregin í efa og einkum haldið fram, að blóðsýni kunni að hafa ruglast, þ. e. að alkóhólákvörðunin 1.94‰ eigi ekki við blóð úr ákærðu, heldur einhvert annað blóðsýni. Hefur verjandi ákærðu aflað eða látið afla og lagt fram margvísleg gögn í málinu, er varða sum rannsóknaraðferð þá, sem notuð var við alkóhólákvörðunina, þ. e. gasgreining á súlu, en önnur varða blóðrannsóknir þær, sem fram fóru um sama leyti og sýni úr ákærðu var rannsakað.

Rannsóknastofa í lyfjafræði afgreiddi 7. desember 1976 vottorð um alkóhólákvörðun í 44 sýnum, þar af 19 frá lögreglunni í Reykjavík, en rannsókn hafði farið fram dagana 6. og 7. des. Merki sýnanna frá lögreglunni í Reykjavík voru 848—866 incl. Sýni úr ákærðu er talið merkt 853. Í einu af hinum 19 sýnum reyndist alkóhólmagn 0.11‰, í öðru 0.62‰, í einu 1.07‰, en í öllum hinum var alkóhól yfir 1.20‰. Verjandi ákærðu bendir sérstaklega á þann möguleika, að sýni það, sem reyndist innihalda 0.11‰ kunni að vera blóðsýni úr ákærðu. Sýni þetta er talið merkt 848. Samkvæmt skýrslum lögreglu er sýni 848 úr manni, sem lögreglumenn tóku til athugunar síðdegis 30. nóv., eftir að þeir höfðu fundið áfengislykt af honum. Maðurinn kvaðst

aðeins hafa drukkið hálfflösku af útlendum bjór. Í lögregluskýrslunni eru engin ölvunarmerki tilgreind á þessum manni. Varðstjóraskýrsla um mann þennan fannst ekki, en í varðstjóraskýrslum er gert ráð fyrir allrækilegri lýsingu á ölvunarmerkjum.

Lögreglumenn þeir, sem handtóku ákærðu, og varðstjóri, er tók af henni skýrslu, hafa borið vitni, en enginn þeirra man neitt um ölvunarmerki á ákærðu.

Eins og áður segir, hefur ákærða skv. varðstjóraskýrslu ekki borið nein ölvunarmerki í útliti né framkomu, og er það einkennilegt, hafi hún haft svo mikið alkóhól í blóði sem alkóhólákvörðun segir. Hins vegar hefur ekki komið neitt fram í málinu þrátt fyrir rækilega könnun, sem veki efasemdir um, að með blóðsýni úr ákærðu hafi verið farið með tryggilegum hætti. Í annan stað hefur sýnið verið rannsakað með þeim hætti, sem hér er tíðkaður og dómstólar hafa tekið gildan. Verður samkvæmt því að gera ráð fyrir, að alkóhól í blóði ákærðu hafi verið 1.94‰. Í því sambandi er þess að gæta, að menn bera alkóhól mjög misvel, og jafnvel er talið, að maður geti haft 1.94‰ alkóhól í blóði án þess að vera ölvaður, svo sem það orð er almennt skilið.

Verður þannig að líta svo á, að ákærða hafi gerst sek um brot það, sem í ákæru segir og varðar við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Hún hefur aldrei fyrr verið kærð fyrir lagabrot, og verður refsing ákveðin 80.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en vararefsing 10 daga varðhald, ef sekt verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærðu ökuleyfi sínu 1 ár frá 23. maí 1977 að telja, en þá var hún svipt leyfinu til bráðabirgða. Ákveða ber, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga 74/1974.

Ákærða verður dæmd til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal 60.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærða, Ólöf Þórey Haraldsdóttir, greiði 80.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða er frá 23. maí 1977 svipt ökuleyfi 1 ár. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 60.000 kr. til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudagur 9. október 1979.

Nr. 5/1978. **Véltækni h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Birni Stefánssyni f. h.
ófjárráða sonar hans, Þóris Björnssonar,
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
og
Birni Stefánsson f. h. Þóris Björnssonar
gegn
Véltækni h/f og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Skaðabótamál. Sprengiefni. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. janúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1977. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. janúar 1978. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi og stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdir til að greiða sér óskipt 2.254.900 krónur með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

I.

Svo sem í héraðsdómi er rakið, fékk aðaláfrýjandi á árunum 1963 og 1964 afnot af geymsluhúsi því, sem um er fjallað í málinu, og geymdi þar sprengiefni. Ekki er fram komið, hvort aðaláfrýjandi eða fyrirsvarsmenn hans höfðu aflað sér leyfis samkvæmt 149. gr. reglugerðar nr. 144/1953, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1969, eða 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. lög nr. 69/1936, sem þá giltu um þessi efni.

Af hálfu aðaláfrýjanda virðist ekkert hafa verið hirt um geymsluhúsið um margra ára skeið. Var þar þó geymt sprengiefni, sem hann átti. Þá virðist dyrabúnaður hússins eigi hafa verið svo öruggur sem krefjast verður, þar sem börn gátu opnað dyr án sérstakra tækja.

Við það verður að miða, að sprengiefnið í geymsluhúsinu hafi verið eign aðaláfrýjanda. Bar hann ábyrgð á vörslu þess. Umhirða fyrirsvarsmanna hans um hin hættulegu efni var óforsvaranleg, og ber aðaláfrýjandi fébótaábyrgð á tjóni því, sem af því hlaust, að þau dreifðust meðal barna og unglinga. Það verður að telja sannað, að tundurkveikjur þær, sem orsökuðu slysið, séu komnar úr sprengiefnabirgðum þeim, sem hér er um fjallað.

II.

Húsið, sem aðaláfrýjandi hafði fengið til að geyma í sprengiefni, hafði verið notað til hins sama af starfsmönnum flugmálastjóra. Það var og verkstjóri hans, sem fékk starfsmönnum aðaláfrýjanda umráð hússins. Er fram komið, að það var vegna verkefnis, sem félagið hafði með höndum í grenndinni, og að verkstjórinn vissi, til hvers nota átti húsið. Á því verður að byggja, að enginn hafi, eftir að framkvæmdum á vegum aðaláfrýjanda lauk á þessu svæði, hirt um húsið og það, sem í því var. Þess er og að gæta, að húsið

var á flugvallarsvæðinu í Reykjavík, þar sem starfsmenn flugmálastjóra hafa bækistöð, húsið hafi verið í þeirra umráðum, og þeir höfðu léð það til að geyma í því sprengiefni til bráðabirgða. Þeim mátti vera ljóst, að húsið hafði um árabil verið án umhirðu og að hugsanlegt var, að í því væri hættulegt sprengiefni í ónógri gæslu. Þá er þess og að gæta, að eftirlit var þeim auðvelt, og kostnaðarlítið var að flytja sprengiefnið í betri geymslu. Verður að telja, að starfsmönnum flugmálastjóra hafi borið að hafa eftirlit með húsinu og láta flytja á brott sprengiefnið, sem þar var eftir lok framkvæmda á vegum aðaláfrýjanda. Að þessu athuguðu verður að leggja á ríkissjóð skaðabótaábyrgð í máli þessu ásamt aðaláfrýjanda. Er ábyrgð þeirra in solidum.

III.

Af því, sem fram er komið um atvik máls þessa, verður helst ráðið, að Þórir Björnsson hafi ekki gert sér grein fyrir hættu af tundurkveikju þeirri, sem hann bar eld að með þeim afleiðingum, að hann slasaðist. Ekki verður talið, að 9 ára gamlir drengir geri sér almennt þá grein fyrir hættunni af slíkum kveikjum, að Þóri verði í þessu máli gert að bera tjón sitt að hluta.

IV.

Aðaláfrýjandi sundurliðar dómkröfur sínar svo:

1. Bætur fyrir örorku	1.804.900	krónur
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	400.000	—
3. Fyrirhöfn og útgjöld heimilis	50.000	—
Samtals	2.254.900	krónur

Um 1. Í héraðsdómi er lýst lemstrum gagnáfrýjanda Þóris Björnssonar, mati á örorku hans og reikningum tryggingastærðfræðings á tjóni hans vegna hinnar varanlegu örorku. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 26. september 1979, þar

sem hann reiknar enn með líkindatölum tjón gagnáfrýjanda vegna örorku hans. Tekur hann nú tillit til þeirra launabreytinga, sem orðið hafa, frá því að þetta var síðast reiknað. Telst honum til, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps gagnáfrýjanda nemi miðað við slysdag 2.085.600 krónum, en höfuðstólsandvirði vegna taps á iðgjaldahluta vinnuveitanda til lífeyrissjóðs nemi 85.500 krónum. Tryggingastærðfræðingurinn miðar við 7% ársvexti frá slysdegi til 15. maí 1973, 9% ársvexti frá þeim degi til 15. júlí 1974 og síðan við 13% ársvexti.

Tjón aðaláfrýjanda vegna örorku hans þykir hæfilega metið 1.600.000 krónum.

Um 2. Með hliðsjón af meiðslum gagnáfrýjanda og afleiðingum þeirra þykir tjón hans að þessu leyti hæfilega metið 300.000 krónur.

Um 3. Rétt er að taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda 1.950.000 krónur. Ber aðaláfrýjanda og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að greiða þá fjárhæð óskipt með vöxtum, eins og krafist er.

Þá ber að dæma aðaláfrýjanda og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að greiða gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Véltækni h/f, og stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Birni Stefánssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Þóris Björnssonar, 1.950.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Loga Einarssonar.

I.

Stefndi ríkissjóður var eigandi geymsluhúss þess, sem um er fjallað í málinu, en umráðamaður þess, flugmálastjóri, léði aðaláfrýjanda það til geymslu. Húsið var því í umráðum og umsjá aðaláfrýjanda, þegar atburðir þeir gerðust, sem mál þetta fjallar um. Bar hann því einn ábyrgð á efnum þeim, sem þar voru geymd. Samkvæmt þessu og þar sem að öðru leyti hafa ekki verið færð fram nein þau rök, sem leiða til þess, að fella beri fébótaábyrgð vegna slyss gagnáfrýjanda á ríkissjóð, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða þessum stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 250.000 krónur.

II.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda að því er varðar fébótaskyldu aðaláfrýjanda og fjárhæðir þær, sem honum ber að greiða gagnáfrýjanda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júlí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 29. júní sl., hefur Björn Stefánsson, Grænuhlíð 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu fyrir hönd ófjárráða sonar síns Þóris, til heimilis á sama stað, með stefnu, birtri 1. nóvember 1973, gegn Véltækni h/f, Auðbrekku 55, Kópavogi, og ríkissjóði vegna embættis flugmálastjóra til heimtu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.450.000 auk 7% ársvaxta frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða umkrafðar fjárhæðir.

Við munnlegan flutning málsins var bótakrafan hækkuð í kr. 2.254.000, auk þess sem þá var gerð sérstök krafa um greiðslu

á kostnaði vegna öflunar gagna í málinu, samtals kr. 47.000. Þá var vaxtakröfu breytt þannig, að krafist var 7% ársvaxta frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefnda Véltækni h/f eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að bótafjárhæð verði stórlækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs vegna embættis flugmálastjóra eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara er þess krafist, að bótafjárhæð verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi kveður málavexti vera þá í stórum dráttum, að fimmtudaginn 9. desember 1971, um kl. 1640, hafi rannsóknarlögreglunni borist tilkynning um, að tveir drengir hefðu slasast, er sprenging varð í bílskúr að Grænuhlíð 13 hér í borg. Drengir þessir hafi verið Þórir Björnsson, Grænuhlíð 13, fæddur 1. maí 1962, og Ingi E. Sigurðsson, sama stað, fæddur 26. desember s. á. Ingi E. Sigurðsson hafi tjáð rannsóknarlögreglunni, að hann hefði fundið þrjár hvellhettur á bifreiðastæði við Bogahlíð 26, er hann hafi verið á leið í skóla. Hafi hann látið dreng að nafni Birki Herbertsson fá hvellhetturnar, en hjá honum hafi Þórir fengið þær. Er heim kom úr skólanum, hafi þeir Ingi og Þórir farið inn í bílskúr stefnanda, föður Þóris. Þar hafi Þórir kveikt á eldspýtu og sett hana logandi niður í eina hvellhettuna. Hafi þeir átt von á því að sögn Inga, að rauður reykur kæmi við það úr hvellhettunni. Er ekkert hafi gerst, hafi Þórir tekið hvellhettuna, sem legið hafi á borði, en í sömu andrá hafi hún sprungið með þeim afleiðingum, að vinstri hönd drengsins hafi stórskaddast. Rannsókn á slysi þessu hafi leitt í ljós, að þrír drengir, tveir ellefu ára og einn tólf ára, hefðu brotist inn í skúr rétt hjá Bílaleigu Loftleiða h/f við Reykjavíkurflugvöll um mánuði áður en umrætt slys varð. Hafi innbrotið átt þann aðdraganda, að drengirnir hafi verið á leið út á flugvöll til að leika sér. Er þangað var komið, sáu þeir lítið hús og fóru að skoða það. Járnhurð hafi verið í dyrum hússins. Hafi einn drengjanna tekið stein og barið á lás hurðarinnar og hafi þeim þannig tekist að opna dyrnar. Þarna inni hafi þeir fundið ýmiss konar sprengiefni o. fl. og hafi þeir haft

eitthvað af því á burt með sér. Sumt hafi þeir falið í nágrenninu, en sumt hafi þeir farið með heim og ýmist geymt eða hent. Þannig hafi þeir hent dós með hvellhettum í á bílastæði við Bogahlíð 18. Við leit lögreglunnar þar daginn eftir slysið hafi fundist 21 hvellhetta þrátt fyrir slæm skilyrði til leitar, en þá hafi verið nýfallinn snjór. Lögreglan hafi þegar rannsakað nefndan skúr og hafi þar reynst vera mikið magn af sprengiefni. Skúrinn hafi verið opinn og hafi hann haft samband við Guðna Jónsson, verkstjóra flugmálastjórnar, en sú stofnun hafi átt skúrinn. Að sögn hans hafi skúr þessi í fyrstu verið notaður til geymslu á olíuvörum, en um 1952 hafi verið farið að geyma í skúrnum sprengiefni, er nota hafi átt við flugvallagerð úti á landi. Um það leyti hafi verið smíðuð fyrir skúrinn járnhurð sú, er áður getur. Sex árum fyrir slysið hafi verið hætt að geyma sprengiefni í skúrnum. Er Véltækni h/f hafi annast framkvæmdir við Fossvogsræsi, hafi fyrirtækið fengið afnot skúrsins til geymslu á sprengiefni til þeirra framkvæmda. Eftir það virðist starfsmenn flugmálastjórnarinnar ekki hafa haft afskipti af skúrnum. Stefndi kveður Pétur Jónsson, framkvæmdastjóra Véltækni h/f, hafa skýrt svo frá, að hann hafi vegna Véltækni h/f fengið umráð nefnds skúrs 1963 eða 1964 til geymslu á sprengiefni. Hafi þá ekkert verið í skúrnum, hvorki sprengiefni né annað. Hafi hann látið flytja í skúrinn dynamit og hvellhettur úr sprengiefnageymslu við Rjúpnahæð. Ekki hafi Pétur vitað um magn það, er í skúrnum hafi verið geymt. Á vegum Véltækni h/f virðist ekki hafa verið komið í skúrinn frá 1965. Og hafi Pétur ekki vitað, hve mikið magn af sprengiefni þá hafi verið eftir í skúrnum. Hann hafi heldur ekki vitað, hver geymdi lykil að skúrnum. Hinn 1. desember, tveimur dögum eftir slysið, hafi að tilhlutan lögreglunnar allt sprengiefni verið tekið úr nefndum skúr og flutt á vörubifreið flugmálastjórnar í sérstaka sprengiefnageymslu við Baldurshaga. Áður hafi verið teknar ljósmyndir af birgðum þeim, er úr nefndum skúr hafi verið fluttar, og nákvæm talning gerð á þeim. Meiðsli Þóris Björnssonar af völdum slyssins hafi verið, eins og áður greinir, á vinstri hendi. Tekið hafi framan af fjórum fingrum. Varanleg örorka hans vegna þessara meiðslna hafi verið metin á 12%. Sé örorkumatið framkvæmt af Ólafi Jónssyni lækni 17. maí 1973. Bjarni Þórðarson, cand. act., hafi reiknað út örorkutjón drengsins á grundvelli örorkumatsins. Véltækni h/f hafi synjað fyrir fébótaábyrgð á slysinu. Sé því málssókn óhjákvæmileg. Rétt hafi þótt að beina

kröfum í máli þessu jafnframt að ríkissjóði vegna embættis flugmálastjóra, sem stefnandi kveðst telja, að einnig beri fébótaábyrgð gagnvart sér.

Lögreglurannsókn hefur farið fram í máli þessu, og liggur endurrit hennar frammi í því. Jón N. Gunnarsson lögreglumaður, sem hóf rannsókn út af slysi þessu samdægurs og það átti sér stað, greinir svo frá, að þegar hann hafi komið á staðinn, hafi verið búið að flytja drengina á slysavarðstofuna, þá Þóri Björnsson, fæddan 1. maí 1962, Grænuhlíð 13, og Inga Eldjárn Sigurðsson, fæddan 26. desember 1962, til heimilis að Grænuhlíð 13 einnig. Þegar bílskúrshurðin hafi verið opnuð, hafi verið blóðferill á gólfinu frá borði, sem sé innst í skúrnum, og út á stéttina. Ekki hafi verið hægt að sjá nein merki um bruna né annað þarna, en á borðinu hafi verið dós undan olíu og hafi hún virst hafa lent í eldi, því hún hafi verið sviðin að utan. Einnig hafi þarna verið aðrar dósir og hafi verið för á þeim eftir loftriflaskot. Í kjallaratröppum, þar sem sorptunnur séu geymdar, hafi verið mikið af brunnum eldspýtum og lok af pappakassa, sem hafi verið brunnið. Jón N. Gunnarsson kveðst hafa haft samband við slysavarðstofuna og hafi sér verið tjáð, að Þórir væri mikið skaddaður á vinstri hendi, en Ingi fengi að fara heim, en hann hefði fengið flísar í vinstri hönd og sár á kinnina. Þegar Ingi kom heim, kveðst Jón hafa haft tal af honum og hafi Ingi sagt sér, að þennan dag hefði hann fundið þrjár hvellhettur á bifreiðastæði við Bogahlíð 26, þegar hann hafi verið á leið í skólann. Ingi hafi sagst hafa látið strák, sem heitir Birkir Herbertsson, Stigahlíð 42, hafa hvellhetturnar og trúlega hafi svo Þórir fengið þær hjá honum. En þá hafi Ingi sagt, að þeir hefðu verið að leika sér í bílskúrnum og hafi Þórir verið með eina hvellhettu og sett hana á borðið og síðan kveikt á eldspýtu og borið að hvellhettunni. Ekkert hafi gerst og hafi Þórir þá tekið hvellhettuna og í því hafi hún sprungið í hendi hans. Lögreglumaðurinn kveðst einnig hafa haft tal af föður Þóris, sem hafi verið nýkominn af slysavarðstofunni, og hafi hann sagt Þóri vera undir læknishendi og yrði gerð aðgerð á hendinni á honum. Lögreglumaðurinn kveður Björn hafa látið sig fá tvær hvellhettur, sem hann hafi sagst hafa tekið úr vösum á fötum Þóris á slysavarðstofunni. Næsta dag kveðst lögreglumaðurinn hafa farið ásamt Sævari Gunnarssyni lögreglumanni að Bogahlíð 26 og við leit, sem þeir hafi gert á bifreiðastæðinu fyrir framan hús nr. 24 og 26, hafi þeir fundið 21 stykki af hvellhettum, en mjög slæmt hafi verið að leita þarna, vegna

þess að nýfallinn snjór hafi verið á bifreiðastæðinu. Hinn 11. desember 1971 kveðst framangreindur lögreglumaður hafa farið að Grænuhlíð 13 og talað við Bjarna Sigurðsson, sem sé fæddur 18. júní 1961. Bjarni hafi sagt sér, að strákar hafi verið með hvellhettur í húsi, sem sé neðan við gamla Bústaðaveginn. Lögreglumaðurinn kveðst hafa farið með Bjarna að þessu húsi og við leit í kringum það hafi hann fundið þrjár hvellhettur sams konar og fundust í Bogahlíðinni. Þetta hús standi sunnan við Bústaðaveginn og séu mörg börn oft að leik þarna og hafi verið að sjá inni, að eldur hafi verið kveiktur þar á gólfinu. Lögreglumaðurinn kveður ekki vitað, hver eigi þetta hús né hver hafi umsjón með því. Eftir þetta kveðst lögreglumaðurinn hafa farið aftur niður í Stigahlíð og þar hafi verið þrír drengir á gangi. Hann kveðst hafa talað við þá og hafi þeir sagst heita Þórir Ríkharðsson, Drápuhlíð 33, Sigfús Finnbogason, sem dveljist að Drápuhlíð 33, Einar Valsson, Grænuhlíð 18, og einnig hafi komið þarna piltur, Hinrik Stefánsson, Drápuhlíð 8. Í samtali við þessa drengi segir lögreglumaðurinn, að komið hafi í ljós, að hvellhetturnar, sem hér um ræðir, hefðu þrír drengir stolið, þegar þeir hafi brotist inn í skúr, sem sé við Reykjavíkurflugvöll. Þessir drengir, sem brutust þarna inn, séu Hinrik Stefánsson, fæddur 8. janúar 1960, Drápuhlíð 8, Jóhannes Karlsson, fæddur 25. febrúar 1961, Bogahlíð 18, og Bjarni Sigurðsson, fæddur 18. júní 1961, Grænuhlíð 13. Lögreglumaðurinn kveður drengina hafa vísað sér á, hvar þessi skúr væri, og sé hann rétt norðan við bifreiðaleigu Loftleiða við Flugvallarveginn. Fyrir skúrnum sé járnhurð og hafi hún verið opin, þegar hann kom þar að. Hurðin sé læst með smekklás, sem falli í þar til gerða læsingu innan á hurðinni, en járnteinn gangi upp úr og niður úr hurðinni að innanverðu og falli innan á dyrakarminn. Lögreglumaðurinn segir, að þegar hann leit inn í skúrinn, hafi hann séð mikið magn þar af dynamiti og hvellhettum. Drengirnir hafi sagt sér, að þeir hafi brotið hurðina upp með því að slá á húninn með steini og hafi þá verið hægt að opna hana. Ekki hafi þeir vitað, hve langt var síðan þetta var sem þeir gerðu þetta, og ekki vissu þeir, hversu mikið þeir hefðu tekið af hvellhettum. Þegar hér var komið, kveðst lögreglumaðurinn hafa haft samband við Pál Eiríksson, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni, og beðið hann að senda menn á staðinn til að gæta þess, að ekki yrði farið inn í skúrinn. Einnig hafi hann beðið Sævar Þ. Jóhannesson hjá tækni-

deild rannsóknarlögreglunnar um að koma og taka myndir. Þá kveður lögreglumaðurinn hafa verið haft samband við Guðna Jónsson, Kársnesbraut 66, en hann sé verkstjóri hjá flugmálastjórn, en þessi skúr muni vera á þeirra vegum. Guðni hafi komið á staðinn og hafi hann tjáð sér, að hann hefði leyft Véltækni að geyma þarna sprengiefni, og kvaðst hann ekki hafa haft neinn aðgang að þessu, og ekki kveðst hann hafa vitað, hvað verið hafi í skúrnum. Fengin hafi verið bifreið frá flugmálastjórn til að flytja sprengiefnið í geymslu, sem sé norðan við Rauðhólana, og hafi lögreglumenn fylgt bifreiðinni þangað. Þá segir áðurgreindur lögreglumaður, að Hinrik Stefánsson hafi vísað sér á stað vestan við Valsvöllinn, í limgerði, sem þar sé, en hann hefði falið þar tvo hjálma og dynamit, sem hann hefði tekið úr skúrnum. Þetta hafi verið 32 túbur af dynamiti, tveir hjálmar úr járni og 25 pakkar af plastdynamiti. Þann 13. desember 1971 kveðst nafngreindur lögreglumaður hafa farið að Bogahlíð 18 og haft þar tal af Magnúsi Guðmundssyni, fæddum 6. desember 1959, en sér hafi verið tjáð, að hann hefði hvellhettu undir höndum. Þegar hann hafi talað við Magnús, hafi hann viðurkennt, að hann hefði verið með eina dós af hvellhettum, en ekki vissi hann, hvað mikið hafi verið í dósini. Magnús hefði sagt, að hann hefði látið bróður sinn hafa dósina, en hann heiti Guðjón og sé 16 ára, en væri í skóla þann dag. Lögreglumaðurinn kveðst hafa farið í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og haft þar tal af Guðjóni og hafi hann sagt það rétt, að hann hefði undir höndum 25 stk. af hvellhettum, og hafi Guðjón fylgt sér heim til sín og afhent honum hvellhetturnar, sem hafi verið í dós, sem á sé letrað: Detonators safety fuze No. 80 n/k Lot: UKN, Maker: UKN, Dates UKN, Pkd. CRB. S: 46. Lögreglumaðurinn segir, að Magnús hafi sagt sér, að hann hefði fengið þessa dós hjá strákum, sem hafi verið með heilan kassa af þessu, en hafi ekki gefið neina frekari skýringu á, hverjir þessir strákar væru. Þennan sama dag sagðist lögreglumaðurinn hafa farið ásamt Hilmi Ásgrímssyni lögregluþjóni og Gunnari Ólafssyni brunaverði upp í Öskjuhlíð. Tilgangur ferðarinnar hafi verið að leita í gömlum skotbyrgjum, sem þarna séu, ef vera kynni, að börn hefðu falið eitthvað á þessum stöðum. Lögreglumaðurinn kveður þá ekki hafa fundið neitt þarna í þessum skotbyrgjum. Hinn 14. desember 1971 kveðst Jón M. Gunnarsson lögreglumaður hafa farið ásamt Sævari Gunnarssyni lögreglumanni í sprengiefna-

geymsluna, sem Loftorka hafi norðan við Rauðhóla. Einnig hafi komið þarna á staðinn Sævar Björnsson, starfsmaður hjá Loftorku. Við talningu, sem þeir hafi gert á því, sem tekið hafi verið í skúrnum við Reykjavíkurflugvöll þann 11. desember, hafi komið eftirfarandi í ljós:

1. Einn og hálfur kassi af Plaster-Gelatine.
2. Fjórir kassar af Primers. C. E. Demolition Mark 3 lot. 19 Filler BR Date 4/44 Packed CRB date 4/44. Repkd CRB. 1:7:47.
3. Group X 10 Detonators no. 27 Mark 1 2:44. samtals 300 stykki.
4. 14 kassar af 20 Blocks T.N.T. 1¼ L.B. Demolition Mark 1. Lot. 165 Maker H. D. Date 12—43 Packed Cok Date 9—47 og einnig hafi þarna verið 7 stykki laus í öðrum kassa.
5. 5 dósir af 48 feet of safety fuze no. 11 Mark 11 to burn 90+20 seconds per yard. Made 4—44 Packed 6—44.
6. 1 dós af 96 feet of safety fuze no. 11 Mark 11 to burn 90+20 seconds per yard. Made 4—44 Packed 6—44.

Guðni Jónsson, verkstjóri hjá flugmálastjóra, hefur gefið svofellda skýrslu í máli þessu hjá rannsóknarlögreglunni: „Ég hef haft með þennan skúr að gera, síðan ég tók til starfa þarna 1947, og var skúrinn þá notaður til geymslu á olíuvörum. Það hefur svo verið um 1952 sem farið var að nota skúrinn til að geyma í dynamit, sem nota átti úti á landi við flugvallagerð og einnig þegar geyma átti dynamit, sem af gekk og ekki var farið með í geymslur Reykjavíkurborgar við Rjúpnahæð. Rétt um þetta leyti sem farið var að geyma þarna dynamit, lét ég smíða járnhurð þá, sem enn er fyrir skúrnum, og var það gert í Hamri. Hurðin var gerð sérstaklega með það fyrir augum að nota fyrir hús, þar sem dynamit væri geymt. Þegar hurðin var komin fyrir, fékk ég lögreglumenn til að líta á þetta, og minnir mig, að Sigurður Þorsteinsson, nú aðstoðaryfirlögregluþjónn, hafi komið. Þeir samþykktu það fyrir sitt leyti, að geyma mætti dynamit þarna. Ég var með lykilinn að skúrnum, og var hann geymdur á lagernum hjá okkur. Síðan notuðum við skúrinn til geymslu á dynamiti, þar til fyrir sex árum síðan, að við hættum að nota skúrinn, og þá var ekkert eftir af dynamiti. Svo var það, þegar Véltækni vann við svokallað Fossvogsræsi fyrir Reykjavíkurborg, að Pétur Jónsson, forstjóri Véltækni, kom til mín og bað um að fá afnot af skúrnum til að geyma dynamit vegna þessara framkvæmda, sem ég nefndi hér að framan. Pét-

ur fékk lykil af skúrnum, og síðan hef ég ekki haft neitt með skúrinn að gera, og ekkert hefur verið geymt þarna á okkar vegum. Meira get ég ekki sagt um þetta."

Þessa skýrslu gaf Guðni Jónsson hinn 16. desember 1971. Hinn 28. desember 1971 gaf Ingi Eldjárn Sigurðsson, sem áður getur, eftirfarandi skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni: „Þennan dag, sem Þórir meiddi sig, fann ég þrjár hvellhettur á bílastæði við Bogahlíð 26, þegar ég var á leið í skólann. Ég fór í skólann um kl. 13.00, og í frímínútum skipti ég á þessum hvellhettum og blýanti við strák, sem heitir Birkir Herbertsson, Stigahlíð 42. Þegar ég fór heim úr skólanum, var með mér Þórir Björnsson, sem á heima í sama húsi og ég, og fórum við beint inn í bílskúr hjá honum, og þar tók hann upp úr vasa sínum hvellhettu og setti hana á borðið í skúrnum. Ég settist á bíldekk, sem eru í skúrnum, en Þórir kveikti á eldspýtu og setti ofan í hvellhettuna. Við héldum, að það mundi koma rauður reykur upp úr hvellhettunni, en þegar ekkert gerðist, þá tók Þórir hvellhettuna, en í því sprakk hún. Ég fékk hellu fyrir eyrun og varð hræddur og hljóp inn til mín, en Stefán bróðir Þóris kom og fór með hann út að hliðinu, og rétt á eftir kom sjúkrabíllinn, og fórum við Þórir með honum á Slysavarðstofuna. Ég vissi ekki, hvað Þórir fékk margar hvellhettur hjá Birki."

Hinn sama dag og að framan getur gaf Bjarni Sigurðsson, fæddur 18. júní 1961, svofellda skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni:

„Ég man ekki, hvenær það var sem ég fór með þeim Jóhannesi Karlssyni og Hinrik Stefánssyni, og ætluðum við að fara út á flugvöll að leika okkur. Þegar við vorum rétt komnir út á völl, sáum við lítið hús, og fórum við að skoða það. Það var járnhurð fyrir, og tók ég stein og barði á lásinn með honum, en síðan sló Hinrik á lásinn og líka á húninn, og þá var hægt að opna. Hinrik fór inn í húsið og lét okkur hafa ílangar túpur, og vissum við þá, að þetta var dynamit.

Við tókum þarna tvo hjálma og marga pakka af svörtu plasti og fjóra poka af dynamit-túpum. Þetta földum við í runna við Valsvöllinn, en við tókum einn trékassa og fórum með hann heim til Jóhannesar, og strákur, sem á heima í sama húsi, sagði okkur, að þetta væri hvellhettur. Síðan fór ég heim, og var ég ekki með strákunum í nokkra daga, vegna þess að ég var veikur, en mér var sagt, að þeir hefðu farið með kassann og dynamit heim til Baldurs Baldurssonar og látið þetta í geymsluna hjá

honum. Ég vissi svo ekki, hvað varð um þetta, fyrr en Þórir meiddi sig á hendinni."

Hinn 29. des. 1971 gaf Pétur Jónsson, fæddur 11. september 1918, svofellda skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni:

„Það er rétt, að geymt var sprengiefni í þessum skúr á Reykjavíkurflugvelli, og var það á vegum fyrirtækis míns, Véltækni h.f.

Það hefur verið um 1963 eða 1964, þegar við unnum við Fossvogsræsið svokallað fyrir Reykjavíkurborg, að ég fékk leyfi hjá Guðna Jónssyni, verkstjóra hjá flugmálastjóra, til að geyma þarna sprengiefni. Þegar ég tók við skúrnum, var ekkert sprengiefni né annað í skúrnum, og lét ég flytja í hann dynamit og hvellhettur úr geymslu, sem ég hafði uppi við Rjúpnahæð. Ekki veit ég, hversu mikið magn var sett í skúrinn, en verkstjóri hjá mér, Haukur Guðjónsson, sem nú dvelur í Alsír við vinnu, mun vita um það.

Stundum kom það fyrir, að flutt var í skúrinn beint úr skipi og einnig úr geymslunum við Rjúpnahæð. Við höfum ekki notað skúrinn síðan árið 1965, og veit ég ekki, hversu mikið var þá eftir í skúrnum. Véltækni flutti sjálft inn þetta sprengiefni frá Englandi, en ég man ekki, frá hvaða fyrirtæki það var.

Svörtu pakkarnir voru notaðir til að sprengja staka steina, og voru þeir þá látnir ofan á steinana, og sprakk þetta þá að fastahlutum. Þessum stóru T.N.T. sprengjum man ég ekki eftir, en þó þori ég ekki að fullyrða, að þær hafi ekki verið á okkar vegum.

Við fluttum einnig inn sprengiefni fyrir önnur fyrirtæki, svo sem vitamál og fleiri. Ég veit ekki, hver hefur verið með lykilinn að skúrnum, og ég tel ekki líkur til, að farið hafi verið í skúrinn á okkar vegum síðan við unnum við ræsið."

Hinrik Stefánsson, fæddur 8. ágúst 1960, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Það var fyrir um mánuði síðan, að ég fór með Bjarna og Jóhannesi út á Flugvöll, og ætluðum við að leika okkur. Þegar við vorum á leiðinni, fórum við að skúr þarna við veginn. Við Bjarni börðum í hurðina með steini, og þá opnaðist hún. Þar inni fundum við hjálma og dynamit og hvellhettur. Sumt af þessu földum við í runna við Valsvöllinn, og einn kassa og plastpoka fórum við með heim til Jóhannesar. Heima hjá Jóhannesi opnuðum við kassann, og voru í honum tvær dósir af hvellhettum, og fékk Magnús, sem á heima í sama húsi og Jóhannes, aðra dósina, en hinni var hent á bifreiðastæðið við Bogahlíð 26. Dynamitinu var líka hent, en ég vissi ekki, hvar því var hent."

Jóhannes Karlsson, fæddur 25. febrúar 1961, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Það var fyrir um einum mánuði síðan, að ég var með þeim Bjarna og Hinrik. Við fórum út á Flugvöll, en á leiðinni brutumst við inn í skúr, sem er rétt hjá Bílaleigunni. Þeir Bjarni og Hinrik börðu á hurðina, en ég var uppi á skúrnum, þegar þeir opnuðu hurðina. Við fórum inn í skúrinn, og þar fundum við hvellhettur og dynamit, og tókum við tvo hjálma og nokkuð af þessu. Við földum hjálmana og dynamit við girðingu hjá Valsvellinum, en einn trékassa og plastpoka fórum við með heim til mín. Við opnuðum kassann heima hjá mér fyrir utan húsið, og í kassanum voru tvær dósir með hvellhettum, og fékk Magnús eina dósina, en hinni var hent á bifreiðastæði við Bogahlíð 26. Dynamitinu var líka hent, en ég veit ekki, hvar það var, en þetta var mjótt og langt í gulum pappír."

Þórir Björnsson, fæddur 1. maí 1962, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Þann 9. des. s.l., þegar ég var á leið heim úr skólanum, voru mér samferða Birkir Herbertsson og Ingi Sigurðsson. Birkir lét mig þá hafa þrjú hylki, og vissi ég ekki, hvað þetta var. Birkir hafði fengið þetta hjá Inga í skólanum. Þegar ég kom heim, fórum við Ingi inn í bílskúr heima, og þá sýndi ég bróður mínum Stefáni þetta, og vissi hann ekki, hvað þetta var. Við Ingi fórum að borði í skúrnum, og þar kveikti ég í eldspýtu og setti hana logandi niður í hylkið. Þegar ég var búinn að setja eldspýtuna niður í, þá varð sprenging, og ég fann, að ég dofnaði í hendinni. Það blæddi lítið úr hendinni á mér, en þá kom Stefán bróðir minn og hélt í höndina á mér, en strákur í næsta húsi hringdi á sjúkrabíl. Ingi fór einnig að gráta og fór inn til sín, en Stefán náði í hann, og fór hann líka með á Slysavarðstofuna.

Ég var fyrst á Borgarspítalanum og síðan var ég á Landakoti, og fékk ég að fara heim þann 17. des. s.l."

Stefán Jóhann Björnsson, fæddur 10. nóvember 1957, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Þann 9. des. s.l. var ég úti í bílskúrnum heima hjá mér, þegar Þórir bróðir minn kom heim úr skólanum. Með honum kom inn í skúrinn Ingi, sem á heima í kjallaranum heima. Þórir sýndi mér hylki, sem ég vissi ekki, hvað var. Ég var að gera við hnakkinn á reiðhjólinu mínu, og vissi ég ekki, hvað Þórir og Ingi voru að gera. Allt í einu heyrði ég hvell, og þegar ég leit við, sá ég, að Þórir var meiddur á vinstri hendi, og Ingi var einnig meidd-

ur. Ég tók í höndina á Þóri, en í því kom þarna strákur í næsta húsi, og fór hann inn til mín og hringdi á sjúkrabíl. Ég náði líka í Inga, sem þá var kominn inn til sín, og fór hann líka með á Slysavarðstofuna.

Ég vissi ekki fyrr en á eftir, hvað þeir voru að gera, Þórir og Ingi, en ég fékk hellu fyrir annað eyrað, því það var svo mikill hávaði af sprengingunni."

Magnús Rafn Guðmundsson, fæddur 6. desember 1959, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Það var þann 6. des. s.l., að Jóhannes og tveir strákar aðrir komu heim til mín um kl. 18.00. Ég man þetta vel, því ég átti afmæli þennan dag. Jóhannes var með lítinn trékassa, og í kassanum voru tvær dósir. Þegar dósirnar voru opnaðar, sá ég, að þetta mundi vera hvellhettur, en ég þekki það vel, því ég hef verið með föður mínum stundum, en hann vinnur við sprengingar. Ég sagði strákunum, að þetta væri hættulegt, og tók ég eina dósina og fór með inn til mín, en ég vissi ekki, hvað varð um hina dósina. Síðan lét ég bróður minn Guðjón, sem er 16 ára, hafa dósina, og lét hann lögregluna hafa dósina aftur. Ég veit ekki neitt um þetta innbrot fyrr en á eftir, að Jóhannes sagði mér frá því."

Birkir Herbertsson, fæddur 25. nóvember 1962, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Þegar ég var í skólanum fyrir jólin, fékk ég lítil rör hjá Inga, sem á heima í Grænuhlíð 13. Ég lét Inga hafa blýant í skiptum.

Þegar ég var svo á leið heim úr skólanum, þá bað Þórir mig að láta sig hafa þetta, og gerði ég það. Ekki vissi ég, hvað þetta var, en Ingi var búinn að segja mér, að hann hefði reynt að setja eldspýtu inn í þetta rör, og hann sagðist hafa fundið það á götunni hjá einhverri búð. Eftir að ég kom úr skólanum, fór ég niður í búð til mömmu, og um kvöldið kom svo faðir Inga heim, og þá vissi ég, hvað hafði gerst."

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að umrætt sprengiefni hafi verið mjög vangeymt, þar sem það var látið liggja árum saman í lélegum skúr við alfaraleið án gæslu og eftirlits. Mjög mikil hætta hafi verið þessari vangeymslu samfara með tilliti til barna, sem vitað sé, að mjög sæki á þessar slóðir, og engin von sé til, að geti gert sér grein fyrir hættueiginleikum slíks efnis, svo sem mjög áþreifanlega komi fram í þessu máli.

Umræddur skúr sé rétt utan þéttbýlis, á svæði, þar sem mikil

mannaferð sé. Lengi muni börn hafa sótt á þetta svæði, m. a. vegna leifa, sem þar sé að finna frá árum seinni heimsstyrjaldarinnar, svo sem niðurgrafinna byrgja o. fl. Þetta svæði sé við rætur Öskjuhlíðar, sem sé útivistarsvæði Reykvíkinga. Og um svæðið liggi vegur, m. a. að Nauthólsvík, þar sem fram fari umfangsmikið tómstundastarf fyrir börn og unglinga á vegum Reykjavíkurborgar. Á þessum slóðum sé því ávallt töluverð umferð barna og unglinga.

Það sé alkunna, að mannvirki, þar sem aldrei sést mannaferð og enginn virðist því nýta eða hirða um, veki forvitni og hafi sérstakt aðdráttarafl fyrir börn. Eindregið megi ætla, að svo hafi verið um þennan skúr. Árum saman hafi enginn átt erindi í skúr þennan eða hirt um hann á nokkurn hátt. Hagvön börn séu fljót að skynja slíkt og sé þá yfirleitt ekki að sökum að spyrja. Það sé gjarnan brotið og bramlað og greipar látnar sópa um allt lauslegt innan veggja. Sú hafi einnig orðið raunin hér, að brotist hafi verið inn og verðmætum stolið. Þetta hafi forráða- og umsjónarmenn skúrsins mátt sjá fyrir.

Það hafi ekki aðeins verið, að hið hættulega sprengiefni hafi verið látið liggja í óhirðu án eftirlits og gæslu í yfirgefnum skúr við alfaraleið, þar sem oft séu börn á ferð og í leik (sic). Því hafi farið fjarri, að dyraumbúnaður skúrsins, sem hýsti hið hættulega efni, væri nægilega rammger. Því til nægrar sönnunar sé sú staðreynd, að 11 ára gamall drengur gat hæglega brotið sér leið inn í skúrinn með því að lemja með steini á hún eða læsingarbúnað hurðarinnar. Hér skipti ekki máli, þótt hurðin fyrir skúrnum kunni að hafa verið vönduð smíð í upphafi. Það, sem sé í stöðugri vanhirðu, þurfi yfirleitt ekki 20 ár til að bila eða ónýtast, en fram komi í rannsókninni, að hurðin fyrir skúrnum hafi verið smíðuð 1952.

Viðbrög lögreglu eftir slysið staðfesti rækilega það, sem hér hafi verið haldið fram. Undinn hafi verið að því bráður bugur að flytja allt sprengiefnið úr skúrnum í rammgera sprengiefnageymslu utan borgarinnar. Í þeim viðbrögðum felist í reynd viðurkenning þess, að umrætt sprengiefni hafi verið haft á glámbekk.

Framangreindar málsástæður og rök kveður stefnandi beinast að báðum stefndu:

Að Véltækni h/f fyrir þá sök, að félagið hafi haft afnot skúrsins, átti sprengiefnið, flutti það þangað og látið það liggja í hirðuleysi.

Að embætti flugmálastjóra fyrir þá sök, að embættið hafi átt skúrinn eða hafði a. m. k. þau umráð hans, er jafngildi eignarhaldi í þessu tilliti, að embættið hafi vitað um notkun meðstefnda á skúrnum og vitað eða mátti vita um hið grófa hirðuleysi, sem hér hafi verið látið viðgangast. Sé og skúrinn á yfirráðasvæði þessa stefnda og blasi daglega við starfsmönnum hans. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sé stefnt til aðildar í málinu vegna þessarar ríkisstofnunar.

Um meðsök drengsins Þóris Björnssonar sé hér ekki að ræða. Hann hafi engan hlut átt að innbroti í umræddan skúr og töku sprengiefnisins. Það hafi borist honum í hendur af allt öðrum vettvangi og fyrir tilviljun og þess hafi engin von verið, að hann, 9 ára gamall, gæti gert sér grein fyrir hættueiginleikum þeirra hluta, sem bárust honum þannig í hendur. Drengurinn eigi því að fá tjón sitt af völdum slyssins fullbætt úr hendi stefndu.

Stefndi Véltækni h/f reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei haft full umráð yfir skúr þeim, sem hér um ræðir, en hins vegar fengið leyfi til að geyma sprengiefni þar öðru hverju, á meðan á tilteknu verki stóð. Verki þessu hafi lokið árið 1965 og hafi skúrinn ekki verið notaður af stefnda síðan og ósannað sé, að sprengiefni það, sem slysinu olli, stafi frá stefnda. Stefndi hafi verið í góðri trú, að umræddur skúr væri lögmæt sprengiefnageymsla, enda tjáð af starfsmönnum flugmálastjórnar, að geymslan væri samþykkt sem fullnægjandi geymslustaður fyrir sprengiefni af þar til bærum yfirvöldum. Þess beri að gæta, að allan tímann hafi skylda til að halda geymslunni við og hafa eftirlit með henni hvílt á flugmálastjórn. Stefndi Véltækni h/f hafi einungis haft takmörkuð afnot af skúrnum í takmarkaðan tíma og hafi því enga heimild haft til að gera breytingar á honum, enda hafi hann alltaf verið í umráðum flugmálastjórnar. Ef um vangeymslu á sprengiefni hafi verið að ræða, sé það því sök flugmálastjórnar. Flugmálastjórn muni hafa átt eitthvað af sprengiefni í umræddum skúr, þegar innbrotið átti sér stað, að minnsta kosti hafi verið þar sprengiefni, sem stefndi Véltækni h/f telji sig ekki hafa flutt þangað eða átt. Þeir, sem brotist hafi inn í geymsluna, hafi verið 10 og 11 ára gamlir drengir, sem að eigin sögn hafi brotið upp lás, sem verið hafi fyrir dyrum skúrsins. Þeir hafi vitað, að um sprengiefni eða annað hættulegt efni var að ræða, og hent því síðan á almannafæri og geti stefndi Véltækni h/f að sjálfsögðu ekki borið ábyrgð á því atferli. Telja verði, að eigin sök Þóris Björnssonar leiði a. m. k. til sakar-

skiptingar. Hann hafi verið 9½ árs, þegar slysið átti sér stað, og hefði átt að gera sér grein fyrir því, að hlutur sá, sem hann hafði undir höndum, gat verið hættulegur og óvarlegt væri að bera opinn eld að honum.

Stefndi ríkissjóður vegna embættis flugmálastjóra reisir sýknukröfu sína á því, að starfsmenn flugmálastjórnar hafi fengið Véltækni h/f öll umráð sprengiefnageymslunnar og umsjón hennar. Hafi sprengiefnið verið geymt þar á vegum Véltækni h/f og hafi því fyrirtæki því borið að sjá um, að forsvaranlega væri gengið frá því sprengiefni, sem verið hafi í eigu þess. Eftir almennum reglum skaðabótaréttarins hvíli ábyrgð á tjóni, sem hljótist af völdum hættulegra efna, á þeim, sem eigi þau eða hafi forræði þeirra, sé á annað borð um bótaskylt tjón að ræða. Þar sem umrætt sprengiefni hafi á engan hátt verið á vegum flugmálastjórnar, ætti þessi málsástæða að nægja til sýknu stefnda. Jafnvel þó að talið yrði, að stefnda ríkissjóði vegna embættis flugmálastjóra hefði borið að gæta þess, að byrgið væri nægilega rammgert, þá telji stefndi sig hafa fullnægt þeirri skyldu sinni fullkomlega. Sprengiefnageymsla sú, sem hér um ræði, hafi verið mjög rammgert steinbyrgi og fyrir henni þung og þykk járnhurð. Hafi hurðin verið sérstaklega smíðuð í vélsmiðju í þeim tilgangi að setja hana fyrir sprengiefnageymslu. Hafi henni verið læst með öflugum smekklás og járnteinar gengið bæði upp og niður úr hurðinni innanverðri, er fallið hafi innan á dyrakarminn. Þegar smíði hurðarinnar hafi verið lokið, hafi verið aflað sérstaks samþykkis lögreglunnar til að geyma sprengiefni í byrginu. Þegar litið sé til gerðar byrgisins og viðurkenningar lögreglunnar, sé augljóst, að starfsmönnum flugmálastjórnar verði ekki metið það til gáleysis að fá stefnda Véltækni h/f umráð byrgisins til geymslu á sprengiefni, enda sé með öllu ósannað, að hurð eða læsingarbúnaður byrgisins hafi verið í vanhirðu, eins og stefnandi gefi í skyn. Sú staðreynd, að innbrotið hafi tekist, sé engin sönnun fyrir því, að hurðin hafi ekki verið nógu rammger. Í skýrslum Hinriks Stefánssonar og Bjarna Sigurðssonar komi fram, að lásinn á byrginu hafi ekki látið undan, fyrr en tveir drengir höfðu skipst á um að berja á honum með grjóti. Það sé alkunna, að drengir á þessum aldri séu ótrúlega lagnir að komast á staði, sem þeim séu bannaðir, og standi þá fátt fyrir þeim. Og flutningur lögreglunnar á sprengiefninu úr geymslunni eftir slysið hafi ekki stafað af því, að hún hafi ekki verið nógu rammger, heldur af því, að læsingarbúnaður hennar

hafði verið eyðilagður. Hvað eftirlitsskyldu stefnda flugmálastjórnar varði með sprengiefnageymslunni, þá hafi ekki verið um slíka skyldu að ræða, eftir að stefnda Véltækni h/f hafi verið fengin umráð hennar. Hinn rammgeri búnaður hennar hafi gert daglegt eftirlit óþarft, enda sé vandséð, að slíkt eftirlit hefði komið í veg fyrir innbrotið. Og þótt byrgið væri eigi fjarri athafnasvæði stefnda flugmálastjórnar, hafi starfsmenn hans enga möguleika haft á því að fylgjast með, hvort stefndi Véltækni h/f hafi átt erindi í það, né heldur því, hvað fyrirtækið geymdi í því, enda hafi lyklavöld að byrginu verið í höndum þess.

Til vara kveðst stefndi ríkissjóður vegna embættis flugmálastjóra reisa sýknukröfu sína á því, að Þórir Björnsson hafi sjálfur átt alla sök á slysinu. Hann hafi verið níu ára, þegar slysið hafi átt sér stað, og verði að telja, að drengur á hans aldri ætti að hafa þekkingu á hættu þeirri, sem því sé samfara að fara með sprengiefni. Að vísu komi fram í skýrslu Þóris, að hann hafi ekki vitað, að hér væri um sprengiefni að ræða. Þetta hefði honum þó mátt vera ljóst og einhvern grun muni hann hafa haft um það, eins og meðferð hans á hvellhettunni sýni.

Í lögum nr. 55/1969, 24. gr., segir, að í reglugerð skuli kveða á um meðferð, flutning og varðveislu sprengiefnis.

Í brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík nr. 144/1953, XIX. kafla, segir, að slökkviliðsstjóri ákveði, hvar birgðageymslur sprengiefna megi vera, og sé umbúnaður þeirra háður fyrirmælum hans og skuli hann hafa eftirlit með umgengni í geymslum þessum, sbr. 148. gr. Í 149. gr .segir, að enginn megi hafa undir höndum né versla með sprengiefni, nema hann hafi fengið til þess leyfi brunamálastjórnarinnar og að slökkviliðsstjóri ákveði, hve miklar birgðir megi vera fyrir hendi á sölustað á hverjum tíma og hvernig geymslu þeirra skuli hagað. Í 150. gr. segir, að dynamit og önnur sprengiefni, sem notuð séu daglega innanbæjar, skuli eingöngu vera í vörslum verkstjóra, sem beri persónulega ábyrgð á geymslu þeirra og meðferð, og megi mesta magn slíkra sprengiefna vera allt að 5 kg auk nauðsynlegra hvellhettna o. s. frv.

Ekki liggur ljóst fyrir í málinu, að fengið hafi verið leyfi viðkomandi yfirvalda samkvæmt framanrituðu til þess, að geyma mætti sprengiefni í umræddum skúr. Eins og áður er fram komið í skýrslu Guðna Jónssonar, verkstjóra hjá flugmálastjóra, á dómsskj. nr. 3, segir hann, að það hafi verið um 1952 sem farið

hafi verið að geyma dynamit í skúrnum á vegum flugmálastjórnar og um það leyti hafi hann látið smíða járnhurð þá, sem enn sé fyrir skúrnum (1971). Hurðin hafi verið smíðuð í Hamri, sérstaklega með það fyrir augum að nota fyrir hús, þar sem dynamit væri geymt. Þegar hurðin hafi verið komin fyrir, kveðst Guðni hafa fengið lögreglumenn til að líta á þetta, og segir hann sig minna, að Sigurður Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hafi komið og hafi þeir samþykkt fyrir sitt leyti, að geyma mætti dynamit þarna. Guðni kveður flugmálastjórn löngu hafa hætt að nota skúrinn sem sprengiefnageymslu, en þegar Véltækni h/f hafi unnið við svokallað Fossvogsræsi, hafi forstjóri fyrirtækisins, Pétur Jónsson, komið til sín og beðið um að fá afnot af skúrnum til þess að geyma þar dynamit. Pétur hafi fengið lykil að skúrnum, og kveðst Guðni eftir það ekkert hafa haft með skúrinn að gera og ekkert hafi verið geymt þar á vegum flugmálastjórnar.

Pétur Jónsson segir m. a. í skýrslu sinni á dómsskj. nr. 3, að það hafi verið um 1963 eða 1964, þegar fyrirtæki hans, Véltækni h/f, hafi unnið við Fossvogsræsið, að hann hafi fengið leyfi Guðna Jónssonar, verkstjóra hjá flugmálastjórn, til að geyma sprengiefni í margumræddum skúr og þegar hann hafi tekið við skúrnum, hafi ekkert sprengiefni né annað verið í honum. Kveðst Pétur hafa látið flytja í hann dynamit og hvellhettur úr geymslu, sem hann hafi haft uppi við Rjúpnahæð, og kveðst hann ekki vita, hve mikið magn hafi verið sett í skúrinn. Pétur kveður þá ekki hafa notað skúrinn síðan árið 1965, og kveðst hann ekki vita, hve mikið þá hafi verið eftir í honum.

Eins og fram kemur í því, sem nú hefur verið rakið, hefur verkstjóri flugmálastjórnar afhent Véltækni h/f umræddan skúr til umráða og afnota sem sprengiefnageymslu á árinu 1963 eða 1964 og lyklavöld öll að honum, og ber verkstjóranum og forstjóra Véltækni h/f saman um, að þá hafi ekkert verið í honum, hvorki sprengiefni né annað.

Stefnandi telur embætti flugmálastjóra hafa verið eiganda umrædds skúrs eða hafa haft þau umráð hans, sem jafngiltu eignarhaldi. Líta verður svo á, að stefnda Véltækni h/f hafi borið að kanna, að geymslan fullnægði þeim skilyrðum, sem krafist er af viðkomandi yfirvöldum um varðveislu sprengiefna, þegar fyrirtækið fékk öll umráð hennar og afnot í því skyni. Auk þess verður að telja sérstaklega ámælisvert að skilja eftir sprengiefni í skúrnum eftirlitslaust í mörg ár að því er virðist, eins og

ráða má af skýrslu Péturs Jónssonar, forstjóra stefnda Véltækni h/f.

Ber því stefndi Véltækni h/f fébótaábyrgð á slysi því, sem mál þetta er risið af. Hins vegar þykja ekki næg efni til að fella fébótaábyrgð á stefnda ríkissjóð vegna embættis flugmálastjóra vegna eignarheimildarinnar einnar saman, og verður hann því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Þá þykja eigi heldur næg efni til sakarskiptingar í máli þessu, þar sem hér er um að ræða 9 ára dreng, sem sjálfur átti engan þátt í því að brjótast inn í sprengiefnageymsluna. Þykir þess því ekki verða krafist af honum á svo ungum aldri, að hann gerði sér fulla grein fyrir hættueiginleikum þeirra hluta, sem hann var með í höndunum.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar sem hér segir:

1.	Örorkutjón	kr. 1.804.900
2.	Þjáningar og lýti og röskun á stöðu og högum	— 400.000
3.	Fyrirhöfn og útgjöld heimilis	— 50.000
		Kr. 2.254.900

Þá krefst stefnandi þess, að eftirtaldir liðir verði teknir með við ákvörðun málskostnaðar:

a)	Læknisvottorð Tryggva Þorsteinssonar	kr. 2.000
b)	Örorkumat Ólafs Jónssonar	— 3.500
c)	Örorkutjónsútreikningur Bjarna Þórðarsonar	— 8.500
d)	Örorkutjónsútreikningur Jóns E. Þorlákssonar	— 10.000
e)	Örorkutjónsútreikningur Þóris Bergssonar	— 25.000
		Kr. 47.000

Um 1. og 2. kröfulið.

Ólafur Jónsson læknir hefur metið örorku Þóris Björnssonar. Í álitsgerð læknisins segir m. a.:

„*Ályktun:* 11 ára gamall drengur, sem varð fyrir óhappaslysi fyrir 1½ ári, er sprengja sprakk í vinstri hendi hans með þeim afleiðingum, að hann missti um það bil 3/4 hluta fremstu kjúku þumalfingurs, næstum alla fremstu kjúku vísifingurs, alla fremstu kjúku og næstum alla miðkjúku löngutangar og allar 2 fremstu kjúkur baugfingurs. Drengurinn hlaut við sprengingu auk nefndra handarskaða hruflsár á andlit, auk þess sár á vinstra auga og grunn sár hér og hvar um kviðarhol. Vegna

augnskaðans hefur drengurinn verið í meðferð hjá Guðmundi Björnssyni augnlækni, og telur hann, að ekki muni verða um varanlegan skaða á auga að ræða.

Þar sem öllum aðgerðum er lokið og engar líkur á frekari breytingum vegna slyss þessa, er tímabært að meta örorku, og telst hún hæfilega metin:

12% varanleg."

Í málinu liggja frammi þrjár áætlanir um örorkutjón Þóris, þeirra Bjarna Þórðarsonar, dags. 10. júlí 1973, Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 18. mars 1977, og Þóris Bergssonar, dags. 26. júní 1977. Eru áætlanir þessar byggðar á ofangreindu örorkumati.

Í örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings segir m. a. svo:

„Framtíðartekjur Þóris áætla ég þannig: Á 15. og 16. aldursári geri ég ráð fyrir 15 vikna vinnu hvort ár á unglingataxta Dagsbrúnar miðað við dagvinnu auk orlofs. Á 22. aldursári reikna ég með 52 vikna vinnu á ári með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467½ eftirvinnustund á ári (10 stundir á viku í 46¾ vikur) með 8⅓% orlofi á 3. taxta Dagsbrúnar. Á 21. aldursári miða ég við 95% af framangreindum tekjum og síðan lækkandi um 5% hvert ár niður í 75% á 17. aldursári. Frá og með 28. aldursári miða ég við meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna 1971—1975, umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Hækkun tekna frá 22. til 28. aldursárs skipti ég jafnt á árin þar á milli.

Tekjuáætlunin er sýnd hér á eftir svo og áætlað vinnutekjutap, 12% af vinnutekjum.

	Áætlaðar vinnutekjur	*Áætlað tekjutap*
Á 15. aldursári	194.000	23.300
– 16. —	213.400	25.600
– 17. —	867.600	104.100
– 18. —	925.300	111.000
– 19. —	983.100	118.000
– 20. —	1.041.000	124.900
– 21. —	1.098.800	131.900
– 22. —	1.156.600	138.800
– 23. —	1.322.600	158.700
– 24. —	1.488.500	178.600
– 25. —	1.654.400	198.500

Á 26. aldursári	1.820.300	218.400
– 27. —	1.986.200	238.300
Síðan árlega	2.152.100	258.300

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Með 7% ársvöxtum kr. 1.804.900
Með 9% — kr. 1.253.800
Með 13% — kr. 656.300

Sé gert ráð fyrir sama tapi í iðgjaldshluta vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, reiknast mér höfuðstólsandvirði tekjutapsins hækka um

kr. 74.000 miðað við 7% vexti
— 51.400 miðað við 9% —
— 26.900 miðað við 13% —

Við útreikninginn hef ég notað dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda."

Í örorkutjónsútreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., dags. 26. júní 1977, en hann var síðast lagður fram, segir m. a., að hinn 22. júní sl. hafi verið undirritaðir kjarasamningar milli flestra aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands, þar á meðal allra verkamanna og flestra iðnaðarmanna. Samið hafi verið um mjög miklar hækkanir, sem komi í þrepum, síðasta hækkunin 1. sept. 1978. Einkum vegna þessara hækkana hafi verið óskað nýrra útreikninga. Auk þess noti þeir Bjarni Þórðarson, cand. act., og Jón Erlingur báðir dánarlíkutölur samkv. reynslu áranna 1951—1960, en til séu töflur, gerðar eftir nýrri reynslu, þ. e. áranna 1966—1970. Í þriðja lagi geri báðir fyrrgreindir tryggingafræðingar ráð fyrir meðaltekjum kvæntra verka-, iðnaðar- og sjómanna fyrst frá 28 ára aldri. Þetta sé gamall meðalaldur íslenskra brúðguma, sem kvænist í fyrsta sinni. Meðalaldur þessi sé nú lægri en 25 ár. Vegna alls þessa þurfi að reikna örorkutjón Þóris alveg að nýju. Síðar í áætlun sinni segir Þórir Bergsson orðrétt:

„Aðferðir mínar við áætlun vinnutekna eru í meginatriðum þær sömu og Bjarna og Jóns Erlings. Ég mun þó gera fulla grein fyrir þeim hér.

Á 15. aldursári (sumarið 1976) geri ég ráð fyrir 15 vikna sumarvinnu á unglingataxta Dagsbrúnar, einnig á 16. aldursári, en nota þá næstlægsta taxta 15 ára unglinga frá 22. júní 1977, þar sem þá er farið að flokka unglingakaup niður í fimm taxta

eftir því, hvaða vinna er stunduð. Á 22. aldursári nota ég næstlægsta taxta Dagsbrúnar fyrir fulla dagvinnu og 10 eftirvinnustundir á viku í 46 vikur á ári. Orlof reiknast 8⅓% á eftirvinnu. Á 21. aldursári nota ég 95% af þessu kaupi og lækka það um 5% fyrir hvert aldursár til þess 17. Tekið skal fram, að 17. aldursárið reiknast aðeins í 11 mánuði, þ. e. frá 1. júní 1978, en Þórir er fæddur 1. maí, og skyldunámi lýkur um mánaðamót maí/júní 1978. Frá *25 ára* aldri nota ég umreiknaðar meðaltekjur kvæntra verka-, iðnaðar- og sjómanna samkv. umreiknuðum úrtakstölum Framkvæmda- og Þjóðhagsstofnunar — meðaltal áranna 1971—1975 — þó þannig, að sjómannatekjurnar ákvarðast sem meðalhundraðshluti af iðnaðarmannatekjum þessi ár. Hækkuninni frá 22. aldursári til 25 ára aldurs dreifi ég jafnt á árin þar á milli.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé 12% af áætluðum vinnutekjum:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
Á 15. aldursári (15 vikur)	kr. 194.000	kr. 23.280
– 16. — (15 vikur)	— 352.297	— 42.276
– 17. — (11 mán.)	— 1.133.010	— 135.961
– 18. —	— 1.318.411	— 158.209
– 19. —	— 1.400.812	— 168.097
– 20. —	— 1.483.213	— 177.986
– 21. —	— 1.565.613	— 187.874
– 22. —	— 1.648.014	— 197.762
– 23. —	— 2.024.990	— 242.999
– 24. —	— 2.401.767	— 288.212
– 25. —	— 2.778.644	— 333.431
Síðan árlega	— 3.155.520	— 378.662

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning verðmætis vinnutekjutaps hef ég notað tvær mismunandi forsendur um vexti.

Forsenda I:

Frá slysdegi til 16. maí 1973 eru notaðir 7% ársvextir, en síðan 9% til frambúðar.

Forsenda II:

Til 15. júlí 1974 eru notaðir sömu vextir og í forsendu I, en síðan 13% ársvextir.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Forsenda I: kr. 1.940.312.-

Forsenda II: kr. 1.082.412.-"

Loks bendir tryggingafræðingurinn á, að tapið, frá því tekjuöflun hefst aftur að slysdegi, hafi verið lækkað með samsettum vöxtum, þ. e. vöxtum og vaxtavöxtum. Enn fremur að ekki hafi verið athugað, hver sé eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta og að við útreikninginn hafi verið notaðar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Stefndu hafa mótmælt kröfulið 1 sem allt of háum og m. a. bent á, að taka beri tillit til þess hagræðis, sem því fylgi að fá bæturnar greiddar í einu lagi, svo og skattfrelsis bótanna. Bótakröfu vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum er einnig mótmælt sem of hárri.

Rétt þykir, eins og á stendur, að ákveða bætur samkvæmt 1. og 2. kröfulið í einu lagi.

Í örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, dags. 17. maí 1973, segir m. a. svo um meiðsli Þóris Björnssonar:

„Slasaði var fluttur á Slysadeild Borgarspítalans, og var þar gert að sárunum, og er aðgerð nú að fullu lokið, en hann kom þangað alls 12 sinnum, og er talið, að sárin hafi verið nokkurn veginn vel gróin þann 22/1 1972. Endanlegt uppgjör á ástandi er gert þ. 20/3 1973, en þá var öllum aðgerðum lokið. Skaðar á fingrum eru sem hér segir: 3/4 hlutar fremsta kögguls þumalfingurs vantar, og er velgróið fyrir stúfinn. Nokkur hreyfing er í fremsta kjúkulið þumalfingurs, eða frá 180°—140°. Á vísifingur vantar næstum alla fremstu kjúku, örlítil flís eftir, sem hægt er að hreyfa sem svarar 10°. Vel gróið fyrir stúf. Á III. fingur vantar alla fremstu kjúku, en smáhluti er eftir af basal hluta miðkjúku, og er lítilsháttar hreyfing í þessari stuttu kjúku, sem þó mun vera algjörlega gagnslaus. Hreyfingar á basallið III. fingurs eru alveg eðlilegar og vel gróið fyrir stúf. Á baugfingur vantar 2 fremstu kjúkur, og er vel gróið fyrir stúfinn og hreyfingar í basallið eðlilegar.

Skoðun gerð af undirrituðum í dag er í fullu samræmi við það, sem fram kemur í vottorði Tryggva Þorsteinssonar, og augljóst, að aðgerðum er að fullu lokið og ekki frekari breytinga að vænta, sem talist gætu afleiðingar af nefndu slysi."

Í áverkavottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis segir auk þess,

sem að framan er rakið, að daginn eftir að gert hafði verið að sárum Þóris á slysadeild Borgarspítalans, hafi hann verið lagður inn á Landakotsspítala hjá dr. Guðmundi Björnssyni augnlækni, sem skorið hafi upp vinstra auga hans og fjarlægt úr því málmflís. Þá segir Tryggvi Þorsteinsson í sama vottorði, að hinn 20. mars 1973 hafi Þórir komið til skoðunar og hafi þá engir verkir eða aðrar kvartanir verið frá hendinni og sé styrkur furðu góður í henni og geti drengurinn gripið þéttingsfast um mjóa hluti, eins og t. d. blýant. Framhandleggur og hönd séu að öðru leyti alveg eðlileg og það sé engin vöðvarýrnun á framhandlegg eða fingurvöðvum og engar sýnilegar trophiskar breytingar. Sjón sé eðlileg á vinstra auga og sé ekki ástæða til að óttast neitt framtíðarmein.

Örorkumati læknisins hefur ekki verið hnekkt. Þegar sjúkrasaga Þóris og afleiðingar slyssins eru metnar og litið er til þess hagræðis, sem fylgir eingreiðslu bóta og skattfrelsi þeirra, og haft er í huga, að vextir hafa um skeið undanfarið verið 13% ársvextir, þykir hæfilegt að taka kröfuliði 1 og 2 til greina með kr. 1.050.000.

Um 3. kröfulið.

Þessi kröfuliður er af hálfu stefnanda studdur þeim rökum, að umrætt slys hafi verið mikið áfall fyrir foreldra Þóris, en auk þess hafi það haft í för með sér mikla fyrirhöfn og umönnun, sem á þeim hafi mætt alllengi eftir slysið, t. d. hafi þurft að fara með drenginn margsinnis til lækniseftirlits.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem órökstuddum, en til vara allt of háum.

Ekki hefur stefnandi lagt fram neina reikninga fyrir beinum útgjöldum í þessu sambandi. Gegn mótmælum stefndu þykir krafan samkvæmt þessum lið ekki nægilega rökstudd, og verður hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu telst tjón stefnanda í heild nema kr. 1.050.000, sem stefnda Véltækni h/f ber að greiða honum með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber stefnda Véltækni h/f að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 232.000, og er þá tekið tillit til framlagðra reikninga vegna útlagðs kostnaðar, sem áður eru upp taldir.

Málskostnaður að því er varðar stefnda ríkissjóð vegna embættis flugmálastjóra fellur niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi ríkissjóður vegna embættis flugmálastjóra á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður að því er hann varðar fellur niður.

Stefndi Véltækni h/f greiði stefnanda, Birni Stefánssyni f. h. ófjárráða sonar síns, Þóris Björnssonar, kr. 1.050.000 með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 232.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. október 1979.

Nr. 4/1977. **Katrín Guðmundsdóttir**
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Jóni Sigurðssyni
Magnúsi Kristinssyni
Vilhjálmi Árnasyni og
Guðrúnu Sigurðardóttur
(Haukur Jónsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 6. janúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. desember 1976. Eru dómkröfur hennar þessar:

„1. Að stefndu verði dæmdir til refsingar eftir 234., 235. eða 236. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Að hin umstefndu ummæli verði dæmd dauð og ómerk eftir 1. mgr. 241. gr. l. 19/1940.

3. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms skv. 2. mgr. 241. gr. l. 19/1940 eftir mati réttarins.

4. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda miskabætur skv. 264. gr. l. 19/1940, að fjárhæð kr. 250.000.00.

5. Að stefndu verði in solidum gert að greiða áfrýjanda málskostnað, eftir mati dómsins, fyrir héraðsdómi og Hæstarétti".

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Páll Kolbeins lést 7. ágúst 1979. Af hálfu áfrýjanda er fallið frá öllum kröfum á hendur dánarbúi hans, og engar kröfur eru hafðar uppi af þess hálfu.

Viðurkennt er af hálfu stefndu, að höfundar greinar þeirrar, sem birt var í dagblaðinu Vísi hinn 31. október 1973, undirrituð: „Stjórn Skálatúnsheimilisins", séu þeir, sem þá skipuðu stjórn Skálatúnsheimilisins, en það voru stefndu í máli þessu í héraði. Ekki var nafn hvers einstaks stjórnarmanns undir greininni. Skálatúnsheimilið er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn samkvæmt skipulagsskrá nr. 211/1960. Telja verður fullnægt skilyrðum 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt með þeirri auðkenningu, sem var undir grein þessari. Er málssókninni því réttilega beint að stefndu.

Eins og rakið er í héraðsdómi, var blaðagrein Öldu Sveinsdóttur, er birtist í Vísi 31. október 1973, tilefni greinar þeirrar, sem hin átöldu ummæli eru í. Ekki verður þó á það fallist, að grein Öldu réttlæti ummæli stefndu samkvæmt

239. gr. almennra hegningarlaga, þar sem áfrýjandi ritaði grein þessa ekki sjálf, þótt henni væri kunnugt um efni hennar og samþykkti fyrir sitt leyti, að hún yrði birt. Af gögnum máls verður hins vegar ráðið, að áfrýjandi hafði ekki þau samráð við stjórn Skálatúnsheimilisins í starfi sínu, sem telja verður, að henni hafi borið að gera. Hún réð starfsfólk að heimilinu, án þess að samþykki stjórnarinnar lægi fyrir, og ráðstafaði fé, sem hún tók við fyrir hönd heimilisins, að einhverju leyti í andstöðu við vilja stjórnarmanna. Er fram komið, að fundið var að þessu við hana af hálfu stjórnarinnar. Í grein stjórnarinnar segir hins vegar berum orðum, að grunur um fjárdrátt hafi engum komið í hug. Verður að hafa þessi atriði í huga, þegar metið er, hvort hin átöldu ummæli varði viðurlögum. Verða þau nú rakin lið fyrir lið.

1. „En stjórnunarhæfileika sýndi hún því miður ekki. Það var vegna stjórnleysis á heimilinu bæði varðandi mannahald og innkaup og einnig óreiðu í fjármálum, að frk. Katrínu var sagt upp". Ummæli þessi þykja móðgandi og til þess fallin að meiða æru áfrýjanda. Ber samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga að ómerkja þau, en ekki þykir ástæða til að refsa fyrir þau, eins og hér stendur á.

2. „Fjárhagur heimilisins, sem um langt árabil áður hafði alltaf verið góður, var nú að komast í algert öngþveiti". Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, eins og þau eru sett fram, og ber að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, en ekki þykja þau varða refsingu.

3. „ . . . að taka fyrir óafsakanlega óráðsíu, eins og þá, sem því miður var farin að eiga sér stað á Skálatúnsheimilinu". Ummæli þessi þykja ótilhlýðileg og móðgandi fyrir áfrýjanda. Ber því að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, en ekki þykir ástæða til að refsa fyrir þau.

4. „ . . . að Katrín hefði ekki valdið forstöðukonustarfinu". Orð þessi þykja ekki fara út fyrir takmörk leyfilegrar gagnrýni og varða því hvorki refsingu né ómerkingu.

Þar sem stefndu hafa samkvæmt framansögðu ekki gerst

sek um ærumeiðandi aðdróttun í garð áfrýjanda, verður krafa hennar um miskabætur ekki tekin til greina né heldur krafa um greiðslu til að kosta birtingu dómsins.

Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda óskipt í málskostnað fyrir báðum dómum fjárhæð, sem þykir hæfilega ákveðin 300.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu ómerk.

Stefndu, Jón Sigurðsson, Magnús Kristinsson, Vilhjálmur Árnason og Guðrún Sigurðardóttir, greiði áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 300.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 11. þ. m., hefur Katrín Guðmundsdóttir, Vorsabæjarhjáleigu, Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. apríl 1974, á hendur Jóni Sigurðssyni, Háuhlíð 18, Páli Kolbeins, Túngötu 31, Magnúsi Kristinssyni, Ægisíðu 96, Vilhjálmi Árnasyni, Njörvasundi 2, og Guðrúnu Sigurðardóttur, Hofsvallagötu 20, öllum í Reykjavík, vegna meintra ærumeiðandi ummæla, er birtust í dagblaðinu Vísi hinn 31. október 1973 undir fyrirsögninni „Barnagæzka og fjármálaöngþveiti", en undir fyrirsögninni stendur „svar stjórnar Skálatúnsheimilisins" og undir greininni „Stjórn Skálatúnsheimilisins", en stefndu skipuðu stjórn Skálatúnsheimilisins, er umrædd grein birtist.

Helstu málavextir eru þessir:

Hinn 7. júlí 1971 var stefnandi, Katrín Guðmundsdóttir, ráðin sem forstöðukona að Skálatúnsheimilinu í Mosfellssveit, sem er vistheimili fyrir vangefin börn. Var hún eini umsækjandinn um starfið. Hún hafði þá starfað við heimilið undanfarin 3 ár sem þroskaþjálfi og m. a. leyst þáverandi forstöðukonu, Grétu Bachmann, af, er hún var fjarverandi. Þegar stefnandi var ráðin til forstöðukonustarfa, var hvorki gerður við hana skriflegur ráðningarsamningur né var henni sett erindisbréf. Hins vegar

gaf stjórn heimilisins henni þau fyrirmæli, að hún skyldi reka vistheimilið áfram á sama hátt og fyrrverandi forstöðukona hafði gert. Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefndu, að við ráðningu stefnanda hafi verið tekið fram við hana, að hún skyldi ráða starfsfólk að vistheimilinu, en ekki fjölga því án samþykkis stjórnarinnar.

Í skýrslu, sem lögð hefur verið fram og staðfest af hálfu stefndu, er tekið fram, að stefnandi hafi ekki lengi verið búin að gegna starfi forstöðukonu, þegar tekið hafi að bera á því, að hana skorti stjórnunarhæfileika. Þetta hafi orðið enn meira áberandi og tilfinnanlegra fyrir þá sök, að hún hafi ekki viljað vinna með stjórn heimilisins, en farið sínu fram og gert ýmislegt öfugt við fyrirmæli stjórnarinnar og framkvæmt annað, stundum veigamikla hluti, í blóra við stjórnina. Til marks um þetta stjórnleysi benda stefndu á, að stefnandi hafi fljótt aukið starfsmannafjölda við Skálatúnsheimilið og enn fremur yfirvinnu þar í algeru og margítrekuðu banni stjórnarinnar. Launagreiðslur hafi að meðaltali verið 63% af heildartekjum heimilisins og mestar hafi þær orðið 67% í tíð fyrirrennara stefnanda, en í tíð stefnanda hafi þær að meðaltali numið 81% og hjá henni hafi launagreiðslur komist upp í 111% af heildartekjum. Eðlileg hlutfallstala á stofnun sem þessari eigi að vera 60—70%. Er á það bent af hálfu stefndu, að á þessu tímabili hafi fjöldi vistmanna verið óbreyttur eða svo svipaður, að ekki geti réttlætt aukningu á starfsliði.

Þessi aukning á starfsliði og yfirvinnustundum við Skálatúnsheimilið hafi haft í för með sér gífurlega fjárhagslega erfiðleika fyrir stofnunina. Skálatúnsheimilið hafi áður verið rekið á hagkvæman hátt, með góðum árangri um árarraðir, en á árinu 1971 fari að síga á ógæfuhliðina. Það ár hafi rekstrarhalli orðið kr. 2.088.783.76, árið 1972 hafi hann orðið kr. 3.109.588.56 og árið 1973 kr. 3.324.734.00.

Snemma á árinu 1972 hafi gjaldkeri heimilisins bent stefnanda á þessa óheillavænlegu þróun í starfsmannahaldi og á miðju því ári hafi stjórn Skálatúnsheimilisins rætt við stefnanda um þetta efni og lagt fyrir hana að halda fjölda starfsliðs innan eðlilegs ramma. Síðar hafi einstakir stjórnarmenn og stjórnin í heild margoft átt alvarlegar viðræður við forstöðukonuna um málin, en allt hafi komið fyrir ekki. Hafi hún ekki tekið varnaðarorð né fyrirmæli stjórnar heimilisins til greina, heldur stöðugt klifað á, að ekki ætti að draga úr kostnaði, heldur krefjast hækk-

aðra daggjalda af ríkinu. Þá leið hafi stjórnin hvorki talið færa, réttlætanlega né heimilinu sæmandi, meðan daglegri stjórn á því væri jafnáfátt og raun hafi verið. Snemma sumars 1973 hafi endurskoðandi Skálatúnsheimilisins beint því til stjórnar þess, að koma yrði á einhverri hagræðingu viðvíkjandi starfsmannahaldi þess, þar sem launagreiðslur væru allt of háar. Eftir viðtal stefnanda við endurskoðandann, sem fram hafi farið að hennar eigin ósk, hafi endurskoðandinn sagt: „Hún skilur ekki rekstur heimilisins og vill ekki skilja hann", og með því hafi hann einnig túlkað skoðun stjórnarinnar.

Þá er einnig á það bent af hálfu stjórnarinnar, að launagreiðslur hafi verið mjög misjafnlega miklar til starfsstúlkna og hjá einstaka stúlkum óeðlilega háar. Þetta hafi boðið heim tortryggni, öfund og grun um mismunun, enda hafi sú orðið reyndin. Þá heldur stjórnin því fram, að óþarfa óánægja meðal starfsfólks hafi verið látin afskiptalaus og því hafi agaleysi myndast. Forstöðukonan hafi lítið fengist við stjórnun á starfsfólki og ekki leiðbeint því sem skyldi. Það hafi því oft leitt til ráðleysis hjá starfsfólkinu og þrifnaði hafi ört hnignað. Þá halda stjórnarmenn því enn fremur fram, að gætt hafi óráðsíu hjá stefnanda. Hún hafi alla tíð sýnt fyrirhyggjuleysi varðandi fjárhag Skálatúnsheimilisins og hirðuleysi í meðferð fjár þess. Hún hafi haldið hjá sér um styttri eða lengri tíma óbókskráðum, stórum peningaupphæðum frá Tryggingastofnun ríkisins, menntamálaráðuneytinu, tekjum af handavinnusýningum og 17. júní hátíð. Þetta fé hafi hún ekki ætíð látið ganga til réttra aðilja, þótt ekki verði hún sökuð um að hafa tileinkað sér það sjálfri.

Vorið 1973 hafi verið svo komið, að tveir stjórnarmenn hafi kvatt stefnanda til þess að segja upp forstöðukonustarfi sínu. Á stjórnarfundi 4. júní 1973 hafi formaður skv. einhuga ákvörðun stjórnarinnar gefið stefnanda kost á að segja starfi sínu lausu og hafi hann eindregið hvatt hana til þess, þar eð ella mundi henni verða vikið úr starfi. Hafi formaðurinn ráðlagt henni að hugsa málið til næsta stjórnarfundar, mánuði síðar, hinn 4. júlí s. á. Þegar sá fundur var haldinn, hafi stefnandi ákveðið hafnað að þiggja boð stjórnarinnar um að segja starfi sínu lausu. Hafi henni þá verið sagt upp starfi með þriggja og hálfs mánaðar fyrirvara. Uppsagnarbréfið til stefnanda er dags. 4. júlí 1973 og undirritað af stjórnarformanninum, stefnda Jóni Sigurðssyni. Í því segir m. a. svo:

„Mér þykir leitt að þurfa að tilkynna þér, að á fundi stjórnar

Skálatúnsheimilisins, sem haldinn var í gær, var einróma samþykkt að segja þér upp starfi frá 15. október n.k. að telja. Ástæður fyrir uppsögninni eru þér vel kunnar af viðræðum stjórnarinnar við þig undanfarna mánuði".

Kona er nefnd Alda og er Sveinsdóttir. Hafði hún starfað sem þroskaþjálfi við Skálatúnsheimilið í tíð stefnanda. Hún ritaði grein um Skálatúnsheimilið og óskaði eftir því í októbermánuði 1973, að grein þessi yrði birt í dagblaðinu Vísi. Greinin birtist hinn 31. október 1973 undir aðalfyrirsögninni „Eiga vistheimili vangefinna að vera geymslustofnanir?" Undirfyrirsögn er „Forstöðukonu Skálatúnsheimilisins sagt upp. 30 manns hætta í einu. Hvers vegna?" Grein þessi hljóðar svo:

„Skálatún er vistheimili fyrir vangefin börn, þyrping hvítra bygginga, sem standa í Mosfellssveit milli Blikastaða og Hulduhóla.

Þarna eru um 58 vistmenn, bæði drengir og stúlkur, á fávitastigi, sum þeirra auk þess blind, lömuð og geðveik.

Forstöðukona Skálatúnsheimilisins sl. 2 ár hefur verið Katrín Guðmundsdóttir, og hafði hún áður unnið þar í 3 ár sem aðstoðarforstöðukona. Hefur hún mjög lagt sig fram um það að bæta aðbúnað hinna vanheilu, einkum hvað snertir alla kennslu og þjálfun. Á stjórnartíma hennar hefur vikuleg kennsluaukning verið 70 stundir á viku og fjölgun kennara 2 í fullu starfi og einn í hálfu starfi. Auk þess kom hún á leikþjálfunarhópum fyrir þá vistmenn, sem yngstir eru, eða standa lágt að þroska. Þannig er stefnt að því, að vistmenn fái þjálfun við sitt hæfi, eftir því sem mögulegt er.

Í þessum leikhópum er forskólaþjálfun, og reynt er að láta börnin komast í snertingu við sem fjölbreyttust efni. Einnig er verið í útileikjum, gönguferðum og sundi. Farið er í bæinn, ef hægt er að koma því við. Með þessu er stefnt að því að þroska sem mest hæfileika, sem kunna að búa í einstaklingunum og gera þá hæfa til að umgangast aðra. Lögð er áherzla á að ná sem beztu persónulegu sambandi við einstaklinginn, og eru að jafnaði sömu stúlkur með sömu börn, og hefur hver leikhópur sínar föstu vistarverur. Tvær stúlkur eru með hvern hóp, en 8 vistmenn eru að jafnaði í hópi.

Persónuleg umönnun.

Höfuðkostir þessarar nýju skipunar eru hin persónulega umönnun og sú öryggistilfinning, sem börnin öðlast við að hafa

jafnan sama fólkið til að annast sig. Það myndar gagnkvæmt traust, en einmitt á því byggist, að einstaklingurinn nái fram því bezta sem í honum býr, og með þjálfun er þá hægt að ná fram þeim þroska, sem mögulegt er að ná. Allir vita, hverju eðlileg börn geta tekið upp á, er þau eru öryggislaus og vansæl, og getur hver maður séð í hendi sér, að enn ríkari ástæða er til að leggja áherzlu á umönnun og þjálfun hinna vanheilu.

Nú er það svo, að Skálatúnsheimilið er sjálfseignarstofnun, og er stjórn þess skipuð 5 mönnum, 2 frá templurum, 2 frá Styrktarfélagi vangefinna, en Jón Sigurðsson borgarlæknir er oddamaður. Það fé, sem stendur undir rekstri heimilisins, eru daggjöld vistfólksins, og greiðir Tryggingastofnun ríkisins þau.

Fyrirvaralaus uppsögn.

Þann 4. júlí segir Skálatúnsstjórn forstöðukonunni upp starfi allt að því fyrirvaralaust, og skipar henni að segja upp 3—4 stúlkum og ráða ekkert nýtt starfsfólk. Ekki gefur stjórnin upp neinar ástæður, en við frekari eftirgrennslan virðist vera, að hin aukna leikþjálfun sé stjórninni mikill þyrnir í augum og hún telur að halli sé á rekstri heimilisins af hennar völdum. Ekki vill þó heimilisstjórnin óska eftir auknum fjárstyrk eða hækkuðum daggjöldum, svo að þessi þjálfun geti haldið áfram. Starfsfólk Skálatúns mótmælti þessari ráðstöfun Skálatúnsstjórnar með bréfi dags. 12. júlí 1973 og bað Skálatúnsstjórn að endurskoða afstöðu sína og vísaði m. a. í 2. gr. laga Styrktarfélags vangefinna, þar sem segir m. a.: „Að vangefnu fólki, veitist ákjósanleg skilyrði til þess að ná þeim þroska, sem hæfileikar þess leyfa og að starfsorka vangefins fólks verði hagnýtt.“ Var þetta bréf undirritað af 38 starfsstúlkum heimilisins, þar með taldir kennarar, þroskaþjálfarar og nemar. Þessu bréfi var aldrei svarað.

Þroskaþjálfar mótmæla.

Félag þroskaþjálfa mótmælti eindregið þessari ráðstöfun í bréfi og minnti á, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem stjórn Skálatúns veitist ómaklega að forstöðukonu, og var þá átt við fyrrverandi forstöðukonu, fr. Grétu Bachmann. Þessu bréfi var heldur ekki svarað.

Nú mótmælir Starfsmannafélag ríkisstofnana uppsögninni sem algjörlega ólöglegri og biður um nánari skýringar á henni. Heilbrigðisráðuneytið ásamt fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu kallaði stjórn Skálatúns ásamt forstöðukonu og aðstoðarforstöðu-

konu á fund til að reyna að leysa málið, en ekki örlaði á samstarfsvilja hjá stjórn Skálatúns.

Hvað segja foreldrarnir?

Foreldrar barnanna höfðu af þessu miklar áhyggjur og fylgdust vel með gangi mála og væntu þess, að ráðuneytin myndu geta leyst þennan vanda, en sjálfseignarstofnanir virðast hafa allt að ótakmörkuð völd til að ráðskast með það opinbera fé, sem þær fá með vistmönnum, og gefið hefur verið í skyn við foreldra, að ef þeir hafi einhverjar athugasemdir fram að færa, geti þeir bara tekið sín börn af stofnuninni, það sé nóg eftirspurn eftir plássum fyrir vangefna.

Í ágúst kölluðu foreldrar saman fund, þar sem einn stjórnarmanna Skálatúns reyndi að afsaka gerðir stjórnarinnar, en lenti í vorkunnarlegri varnaraðstöðu. Var mjög mikil samstaða hjá foreldrum að reyna að fá stjórnina til að taka uppsögnina til baka og að starfsliði yrði ekki fækkað, svo að leikþjálfunin legðist niður. Því miður hefur stjórn Skálatúns daufheyrzt við öllu þessu og virðist helzt, að annarlegar ástæður valdi gerðum hennar. Allavega hefur Skálatúnsstj. daufheyrzt við ákveðnum tilmælum ráðuneytanna um að leggja fram glöggt bókhald og rökstudda grein fyrir gerðum sínum.

Réttur hins vangefna.

Nú vakna spurningar:

Hver er lagalegur réttur hins vangefna?

Getur slík stofnun sent vistmenn af stofnuninni, ef foreldrar eða aðstandendur leyfa sér að opna munninn?

Hvers vegna afhendir Tryggingastofnun ríkisins slíkri stjórn jafnmikla fjármuni til ráðstöfunar (1.479.000.00 á mán)? Er ekki full ástæða til þess að ríkið taki við rekstri þessarar stofnunar?

Allavega hefur starfsfólk heimilisins ekki viljað una þessum ráðstöfunum, og hafa 30 manns hætt störfum núna fyrir 30. sept. 1973. Og nú er það spurningin. Hver er vilji eða máttur hins opinbera, þegar málum er svo háttað sem hér greinir. Og hver er framtíð hins vangefna í þessu landi, þar sem slíkir hlutir eru látnir viðgangast?"

Áður en grein þessi var birt í blaðinu, hafði fréttastjóri Vísis, Jón Birgir Pétursson, gefið stefndu kost á að lesa grein þessa og tækifæri til andsvara, um leið og grein Öldu Sveinsdóttur

yrði birt. Stjórnin vildi að óreyndu ekki trúa því, að það væri vilji stefnanda, að greinin yrði birt, því að það mundi í fyrsta lagi skaða heimilið og einnig stefnanda sjálfa, því að ef greinin yrði birt með vitund og vilja stefnanda, Katrínar Guðmundsdóttur, mundi stjórnin ekki komast hjá því að skýra opinberlega frá ástæðum fyrir uppsögn hennar. Hafði fréttastjóri Vísis því heitið stjórninni að gera stefnanda þetta vel ljóst og hafi hann gefið henni einn dag til umhugsunar. Stefnandi hafi samt sem áður samþykkt, að grein Öldu Sveinsdóttur yrði birt, svo sem gert var framangreindan dag. Sama dag birtist í dagblaðinu Vísi svar stjórnar Skálatúnsheimilisins undir fyrirsögninni: „Barnagæzka og fjármálaöngþveiti".

Grein stjórnarinnar hljóðar svo:

„30. október 1973.

Í grein Öldu Sveinsdóttur er getið um bréf, sem látið var ósvarað af hálfu stjórnar Skálatúnsheimilisins. Ástæðan var sú, að bréfin gáfu ekki tilefni til andsvara eða voru of rætnislega orðuð til þess. Svipaðs tóns gætir í grein Öldu, en rétt þykir að svara henni málefnalega, án þess að elta ólar við ýmsar rangfærslur, sem í greininni eru og minna máli skipta, þ. á m. um þá fullyrðingu, að ráðuneyti hafi ekki fengið umbeðin gögn, engin slík beiðni hefur komið.

Stjórn Skálatúnsheimilisins hafði haldið, að heimilinu, vistmönnum þar og fyrrverandi forstöðukonu, frk. Katrínu Guðmundsdóttur, væri svo bezt gert, að þeim yrði hlíft við opinberum umræðum um þetta mál. Stjórnin tekur það skýrt fram, að hún ræðir þetta hér eingöngu vegna þess, að frk. Katrín hefur sjálf staðið að því, að umrædd grein er birt. Hún þekkir þó, og hefur lengi gert, svar það, sem greinin og nú væntanlega lesendur blaðsins kalla á.

Hvers vegna var Katrínu Guðmundsdóttur sagt upp forstöðukonustarfi því, sem hún hafði gegnt í tvö ár?

Forstöðukona á heimili vanþroskaðra barna þarf óhjákvæmilega að búa yfir tveim eiginleikum, ef vel á að vera: Kærleik til vistmannanna og stjórnunarhæfileikum. Fyrra atriðinu fullnægði Katrín vel, henni þótti vænt um börnin og var þeim góð. Þetta þakkaði stjórn heimilisins Katrínu í margendurteknum umræðum við hana um síðara atriðið. En stjórnunarhæfileika sýndi hún því miður ekki. Það var vegna stjórnleysis á heimilinu, bæði varðandi mannahald og innkaup og einnig óreiðu í fjármálum, að frk. Katrínu var sagt upp. Grunur um fjárdrátt

hefur þó engum komið í hug. Fjárhagur heimilisins, sem um langt árabil áður hafði alltaf verið góður, var nú að komast í algert öngþveiti. Þegar beðið er um aukna fjárveitingu til vistheimila af almannafé umfram ákveðin daggjöld, er það skylda stjórna að taka fyrir óafsakanlega óráðsíu, eins og þá, sem því miður var farin að eiga sér stað á Skálatúnsheimilinu.

Stjórn þess átti um eins árs skeið margar viðræður við Katrínu Guðmundsdóttur um þetta vandamál, en alveg án árangurs, og var stjórnin á einu máli um, að Katrín hefði ekki valdið forstöðukonustarfinu. Henni var því tvisvar á s.l. sumri, með mánaðar millibili, boðið að segja sjálf upp starfi, en hún hafnaði því í bæði skiptin. Hinn 4. júlí var Katrínu Guðmundsdóttur síðan bréflega sagt upp störfum frá 15. október að telja.

Inn í þetta mál hefur verið reynt að flækja öðru óskyldu máli, þroskaþjálfun vistmanna, en um það hafa aldrei staðið deilur eða verið skoðanamunur. Stjórn heimilisins hefur alla tíð gert sér far um að veita vistmönnum þá þroskaþjálfun, sem unnt hefur verið að láta í té á hverjum tíma og þolir það fyllilega samanburð við aðrar hliðstæðar stofnanir hér á landi. Engin stefnubreyting hefur átt sér stað á þessu sviði, en með reglugerð menntamálaráðuneytisins um kennslumál vangefinna frá 1971 batnaði aðstaða til starfsins verulega, því þá fékkst aukning á kennaraliði, og átti Katrín Guðmundsdóttir þar engan hlut að máli. Jafnframt jukust húsakynni til kennslu- og leikþjálfunar. Að gefnu tilefni skal tekið fram, að kennsla og þjálfun verður framvegis engu minni en hún hefur bezt verið hingað til.

Þau 20 ár, sem Skálatúnsheimilið hefur starfað, hefur rík áherzla verið lögð á að láta vistmönnum þar líða sem bezt, og hefur heimilið jafnan þótt vera til fyrirmyndar. Enginn styr hefur heldur staðið um rekstur þess fyrr en í tíð umræddrar forstöðukonu.

Með þökk fyrir birtingu þessa svars.

Stjórn Skálatúnsheimilisins."

Dómkröfur stefnanda eru þær, að eftirfarandi ummæli, sem stefnandi telur alröng, ærumeiðandi og álitsspillandi, verði dæmd dauð og ómerk eftir 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940:

„En stjórnunarhæfileika sýndi hún því miður ekki. Það var vegna stjórnleysis á heimilinu, bæði varðandi mannahald og innkaup og einnig óreiðu í fjármálum, að frk. Katrínu var sagt

upp“ — „Fjárhagur heimilisins, sem um langt árabil áður hafði alltaf verið góður, var nú að komast í algert öngþveiti.“ — „ . . . að taka fyrir óafsakanlega óráðsínu, eins og þá, sem því miður var farin að eiga sér stað á Skálatúnsheimilinu:“ — „ . . ., að Katrín hefði ekki valdið forstöðukonustarfinu“.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til refsingar eftir 234., 235. eða 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 eftir mati réttarins.

Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda miskabætur skv. 264. gr. laga nr. 19/1940, að fjárhæð kr. 250.000.00, og að endingu, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og henni gert að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins.

Þá áskilja stefndu sér rétt til dómsbirtingar á opinberum vettvangi, ef þeir telja ástæðu til.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að hin umstefndu ummæli séu mjög móðgandi og í þeim séu aðdróttanir hafðar í frammi um stjórnleysi, óráðsíu og óreiðu í fjármálum, eins og nánar sé tilgreint í framangreindum ummælum og fram komi í greininni sjálfri. Auk þess sé þar að ýmsu leyti farið með rangt mál. Vegna hinna þungu ávirðinga, sem fram komi í greininni, og það jafnt, þótt tekið sé fram í henni, að stefnandi sé ekki grunuð um fjárdrátt, þá telur umboðsmaður hennar nauðsynlegt, að fram fari rannsókn á fjárreiðum Skálatúnsheimilisins vegna þessa máls og að reikningar þess frá þeim tíma, er hún gegndi forstöðukonustarfinu verði lagðir fram í málinu. Áður en til þess hafi komið, að stefnanda yrði sagt upp starfi, hafi verið fundið að því við hana, að rekstrarkostnaður væri of hár, og henni m. a. gert að segja upp starfsfólki í sparnaðarskyni. Hins vegar hafi hækkun, sem gerð var á daggjöldum heimilisins, verið haldið leyndri fyrir henni og hún ekki fengið aðgang að reikningum heimilisins. Sé því vandséð, með hvaða hætti hún hafi getað fengið viðhlítandi yfirsýn yfir reksturinn við þessar kringumstæður. Stefnandi kveðst hafa lagt sig fram um að reka vistheimilið með þeim hætti, að það mætti sem best þjóna hlutverki sínu, og með það markmið starfseminnar að leiðarljósi hafi hún náð umtalsverðum árangri í starfinu. Stefnandi

mótmælir því harðlega, að nokkrum fjármunum hafi verið varið í óþarfa, og telur, að hafi daggjöld heimilisins ekki nægt fyrir rekstrarkostnaði þess, þá hafi það stafað af því, að skort hafi skilning á fjárþörf og hlutverki stofnunarinnar, en ekki af óstjórn eða óráðsíu í fjármálum. Þess megi og geta, að halli hafi t. d. orðið á Kópavogshælinu á fyrri hluta árs 1973. Sé því ekki dæmalaust, að til slíks geti komið á stofnunum, sem reknar séu fyrir ákveðin daggjöld.

Um varnaraðildina farast umboðsmanni stefnanda svo orð:

Ummæli þau, sem mál þetta er risið af, birtust í grein með undirskriftinni „Stjórn Skálatúnsheimilisins". Hér sé því höfundar getið, en í slíkum tilvikum beri hann ábyrgðina, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Stefndu sátu í stjórn Skálatúnsheimilisins, er greinin var birt. Beri þeir því óskipta ábyrgð á efni greinarinnar.

Stefndu reisa sýknukröfur sínar á því, að ummæli þau, sem stefnt er út af, séu öll sannleikanum samkvæm og réttmæt. Þau hafi verið borin fram af gefnu tilefni, þar sem Vísisgrein, undirrituð af Öldu Sveinsdóttur, og svar stefndu við henni hafi hvort tveggja verið borið undir stefnanda, áður en greinarnar birtust, og henni gert ljóst, að svargrein stefndu yrði birt, ef grein Öldu Sveinsdóttur yrði birt. Stefnandi hafi þannig af ráðnum hug sýnt ótilhlýðilegt hátterni, sem gefið hafi tilefni til þeirra ummæla, sem um hana hafi verið höfð og hún telji nú tilefni til málshöfðunar. Stefndu séu að gjalda líku líkt í svargrein sinni, enda sé grein Öldu Sveinsdóttur ámælisverð og vanvirðandi fyrir stefndu sem stjórnendur Skálatúnsheimilisins og til þess fallin að rýra álit þess út á við. Áður en stefnanda hafi verið sagt upp starfi, hafi henni oftar en einu sinni verið gefinn kostur á að segja sjálf upp starfi sínu, en það hafi hún ekki viljað, þótt henni væri það ljóst, að henni mundi sagt upp, ef hún gerði það ekki sjálf.

Síðan rekur umboðsmaður stefndu hin umstefndu ummæli hvert fyrir sig og gerir grein fyrir því í stórum dráttum, á hverju þau byggist: „Stjórnunarhæfileika sýndi hún því miður ekki" o. s. frv. Þessi ummæli byggist m. a. á því, að 19 af starfsmönnum Skálatúnsheimilisins hafi sagt upp starfi sínu, nokkru eftir að stefnandi tók þar við starfi. Slíkt hafði ekki komið fyrir áður og hafi stjórninni komið þetta mjög á óvart. Við eftirgrennslan stjórnarinnar fyrir þessum uppsögnum hafi komið á daginn, að orsakir tilgreindar fyrir uppsögnum hafi verið svo

léttvægar, að enginn starfsmaður hafi hætt af þeim sökum. Hafi verið augljóst, að forstöðukonunni hefði verið auðvelt að miðla málum, ef hún hefði haft vilja og getu til, svo að aldrei hefði þurft til þessara uppsagna að koma. Þetta hafi hún ekki gert.

„ . . . stjórnleysi á heimilinu bæði varðandi mannahald og innkaup . . .“ o. s. frv. Með stjórnleysi hafi stefndu m. a. átt við það, að vinnustundafjöldi á heimilinu hafi aukist óskiljanlega mikið, eftir að stefnandi tók þar við starfi forstöðukonu, og langt umfram það, sem nýjar mannaráðningar hafi gefið tilefni til. Innkaup hafi stóraukist og hafi ekki verið að sjá, að stefnandi gerði sér nokkra grein fyrir, hvort innkaup væru hagkvæm eða nauðsynleg, eða gerði mun á misbrýnum þörfum. Ljóst sé, að forstöðukona á stofnun eins og Skálatúnsheimilinu verði að hafa slíkt mat.

„Fjárhagur heimilisins, sem um langt árabil áður hafði alltaf verið góður, var nú að komast í algjört öngþveiti.“ Þetta sé m. a. sagt vegna þess, að launakostnaður, sem áður hafði verið 60—70% af rekstrarkostnaði, hafi risið upp í 80%, 90% og jafnvel 100% af daggjöldum, sem séu undirstaðan í rekstri heimilisins. Megi ljóst vera, að engin tök séu á að halda rekstri eins og þessum gangandi, ef svo til öllu og jafnvel öllu ráðstöfunarfé sé eytt í starfsfólk, en ekkert skilið eftir til að sinna öðrum þörfum, sem séu jafnbrýnar.

„ . . . óafsakanleg óráðsía. . . ., sem því miður var farin að eiga sér stað á Skálatúnsheimilinu“.

Með þessum ummælum eigi stefndu m. a. við, að stefnandi hafi tekið við ýmsum fjármunum, svo sem gjöfum til Skálatúnsheimilisins, hagnaði af merkjasölu, andvirði seldra föndurmuna, vasapeningum vistmanna, án þess að gera stjórninni fullnægjandi grein fyrir þessu fé, hvorki hve mikið það var, hvaðan það kom né hvernig því var ráðstafað. Spurningum stjórnarinnar varðandi þessi mál hafi stefnandi ekki svarað á fullnægjandi hátt né gert nægilega grein fyrir þessu fé.

Stefnandi hafi fengið aðfinnslur frá stefndu út af framangreindum atriðum og fleiru. Henni hafi borið að taka aðfinnslurnar til greina og bæta úr, því að stjórnin sé yfir stefnanda sett. Það hafi stefnandi ekki gert. Stefnandi hafi ekki verið ráðin til að hafa með höndum stjórn á fjármálum heimilisins, en henni hafi borið að haga störfum sínum á þann veg, að hag heimilisins og vistmanna þar væri sem best borgið við þær aðstæður, sem fyrir voru. Það hafi hún best getað gert með því

að vinna með stjórninni, en ekki í andstöðu við fyrirmæli hennar né með því að sinna fyrirmælum ekki. Upphæðum daggjalda hafi ekki verið haldið leyndum fyrir stefnanda, enda hefði hún hæglega getað fylgst með þeim sjálf hjá þeim aðiljum, sem ákveða þau. Staðhæfingu stefnanda um launung í því efni mótmæla stefndu sérstaklega. Vandséð sé reyndar, hvort stefnandi hafi látið sig daggjöld nokkru varða. Hún hafi ekki viljað skilja fjármál, eins og hún hafi komist að orði í einu viðtalinu við stjórnina út af óráðsíunni. Stefnanda hafi líka orðið að orði, þegar að var fundið, að ríkið ætti bara að borga, eins og hún teldi það sjálfsagðan hlut, að stefndu gætu sótt peninga í ríkissjóð eftir duttlungum stefnanda. Þetta komi reyndar fram í greinargerð hennar, þar sem rætt sé um skort á skilningi. Það sé líkast því, að stefnandi hafi staðið í þeirri trú, að skilningur einn nægði til að borga það, en svo sé ekki. Skilningur sé fyrir hendi á rekstri Skálatúnsheimilisins, eins og rekstur þess í 18 ár fyrir starfstíma stefnanda sýni, og vonandi hafi sá skilningur ekki minnkað að ráði við aðgerðir stefnanda, enda þótt hún hafi gert sitt til að gera rekstur heimilisins tortryggilegan. Fram að starfstíma stefnanda hafi reksturinn verið hnökralaus. Að endingu er því haldið fram af hálfu stefndu, að hvað sem öðru líði, þá sé ekki unnt að taka kröfu stefnanda um miskabætur skv. 264. gr. almennra hegningarlaga til greina, þar sem svargrein þeirra sé ekki sprottin af illfýsi, þvert á móti sé tekið fram í greininni, að hún hafi verið barngóð og grunur um fjárdrátt hafi engum komið í hug.

Niðurstaða dómsins.

Í framangreindri grein Öldu Sveinsdóttur er veist harkalega að stjórn Skálatúnsheimilisins, stefndu í máli þessu. Grein þessi var birt með vilja og vitund stefnanda, Katrínar Guðmundsdóttur. Stefndu höfðu fyllstu ástæðu til þess að svara grein þessari og verja hendur sínar. Það gerðu þeir í framangreindri grein, sem hin umstefndu ummæli birtust í. Dómurinn telur, að grein þessi sé ekki rituð af illfýsi í garð stefnanda, enda er í henni tekið fram, að Katrín hafi sýnt vistmönnum kærleika og þótt vænt um börnin og verið þeim góð. Þá er þess enn fremur getið í greininni, að grunur um fjárdrátt hafi engum komið í hug. Þegar þetta er haft í huga svo og framburðir stefndu hér fyrir dóminum, vitnisburðir Tómasar Símonarsonar, bókara Skálatúnsheimilisins, og Torfa Tómassonar, endurskoðanda heimilisins,

tölulega yfirlitið um launakostnað á dskj. nr. 17 og að endingu framburður stefnanda hér fyrir dóminum, þar sem hún að sumu leyti viðurkennir, að af hálfu stefndu hafi verið fundið að við hana út af fjármálastjórn hennar, þá telur dómurinn, að hin umstefndu ummæli, sem sett eru fram af gefnu tilefni, hafi verið nægilega réttlætt, eins og mál þetta er vaxið.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Sigurðsson, Páll Kolbeins, Magnús Kristinsson, Vilhjálmur Árnason og Guðrún Sigurðardóttir, eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Katrínar Guðmundsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. október 1979.

Nr. 58/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Guðbrandi Friðrik Steinþórssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Eigi leysir það ákærða undan sök, þótt vera kunni, að ökumaður bifreiðarinnar R 1878 hafi ekki sýnt fyllstu gát í akstri sínum.

Brot ákærða varðar refsingu samkvæmt 80. gr. laga nr.

40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér fyrir dómi, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar telst frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðbrandur Friðrik Steinþórsson, greiði allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 26. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 155/1978: Ákæruvaldið gegn Guðbrandi Friðrik Steinþórssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 15. ágúst 1977, á hendur ákærða, Guðbrandi Friðrik Steinþórssyni verkfræðingi, Búðargerði 9 í Reykjavík, fæddum 15. júní 1943 á Vestra-Skagnesi, Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, „fyrir brot samkvæmt 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, með því að hafa mánudag 14. mars 1977, er hann ók bifreið sinni R 46408 vestur Breiðagerði í Reykjavík inn á Grensásveg við biðskyldumerki, þannig að árekstur varð með bifreið ákærða og bifreiðinni R 1878, sem ekið var norður Grensásveg.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

Mánudaginn 14. mars 1977, um kl. 2030, varð árekstur á mótum Grensásvegar og Breiðagerðis hér í borg milli bifreiðanna

R 46408, sem ákærði í máli þessu ók, og R 1878, sem Signý Þorbjörg Sigurðardóttir, Blikanesi 31, Garðabæ, ók. Ók ákærði vestur Breiðagerði og ætlaði til vinstri suður Grensásveg, en bifreiðinni R 1878 var ekið eftir hægri akrein norður Grensásveg. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar skýrði ákærði svo frá á árekstursstað, að hann hefði dregið úr hraða við biðskyldumerki, sem þarna er á Breiðagerði, og hugað að umferð. Þar sem hann hafi ekki séð til ferða ökutækja, hafi hann ekið af stað inn á gatnamótin, en þá komið auga á hina bifreiðina og stöðvað. Hafi hann reynt að aka bifreið sinni aftur á bak, en ekki tekist.

Samkvæmt lögregluskýrslunni skýrði ökukona bifreiðarinnar R 1878 frá því á árekstursstað, að þegar hún hafi komið að Breiðagerði, hafi hún séð, hvar bifreiðinni R 46408 var ekið áleiðis inn á gatnamótin. Hún hafi þá hemlað, en það ekki nægt og því árekstur orðið. Hún kvaðst ekki hafa vitað af umferð á vinstri akrein.

Þurrt var, þegar árekstur þessi varð, en þarna er malbikuð gata. Myrkur var, en lýsing góð. Tjón á ökutækjum varð lítið samkvæmt lögregluskýrslu. Samkvæmt uppdrætti Kristbjörns Guðlaugssonar lögregluþjóns af vettvangi árekstursins var bifreið ákærða komin aðeins inn á hægri akrein Grensásvegar, þegar árekturinn varð. Á uppdrættinum sjást og nokkur hemlaför eftir bifreiðina R 1878.

Ákærði kom fyrir hjá slysarannsóknardeild lögreglunnar hinn 14. júní 1977, og var honum þar kynnt lögregluskýrsla og sýndur uppdráttur henni meðfylgjandi. Taldi hann uppdráttinn í stórum dráttum réttan, en óskaði eftir því að fá að sjá mál þau, er fyrir lægju um hann, eins og þau voru gerð á staðnum. Þá kvað hann rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu.

Ákærði kom fyrir dóm vegna máls þessa 5. júlí 1977, þar sem honum var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hann hafnaði því. Hann kvaðst ekki telja sig hafa gerst brotlegan við umferðarlög greint sinn, þar sem hann hafi hugað að umferð eftir Grensásvegi, eins og kostur var, áður en hann ók inn á götuna. Hann hafi ekið af stað, þar sem hann hefði ekki séð til neinnar nálægrar umferðar og því talið það hættulaust. Hafi hann verið búinn að aka aðeins inn á Grensásveg, þegar hann sá ljós bifreiðar mótaðilja síns, en þá kveðst hann þegar hafa numið staðar, enda verið á lítilli ferð. Hafi hann ætlað að aka aftur á bak, en ekki unnist tími til þess, áður en árekturinn varð. Ákærði hefur í vörn sinni lagt áherslu á, að afstöðuteikning lög-

reglu sé ómálsett og geti því ekki talist hafa neitt sönnunargildi. Hljóti hún fyrst og fremst að skoðast sem gróf afstöðuteikning.

Signý Þorbjörg Sigurðardóttir, sem áður er nefnd og ók bifreiðinni R 1878 greint sinn, kom fyrir hjá slysarannsóknardeild lögreglunnar 15. júní 1977. Kvað hún vettvangsuppdrátt lögreglu réttan og rétt eftir sér haft í lögregluskýrslunni. Hún kvað bifreið ákærða hafa verið kyrrstæða, þegar áreksturinn varð, en hún hafi hemlað, um leið og henni var ljóst, að bifreið hans yrði ekið inn á götuna í veg fyrir hana. Ekki reyndist unnt að taka skýrslu af Signý Þorbjörgu fyrir dómi vegna dvalar hennar erlendis.

Friðrik Gunnar Gunnarsson lögregluþjónn, Borgarholtsbraut 53 í Kópavogi, gerði skýrslu um umræddan árekstur, og hefur hann staðfest hana fyrir dómi. Vitnið taldi og, að uppdráttur sá, er fylgir skýrslunni, væri réttur, þó það geti ekki fullyrt nákvæmlega um stöðu bifreiðanna. Það kvaðst þó muna, að framendi á bifreið ákærða var kominn inn á Grensásveginn í veg fyrir hina bifreiðina, en vitnið kvaðst hafa athugað þetta sérstaklega. Það kvað uppdrætti af árekstursstað ekki vera málsetta, en mælikvarði sé jafnan gefinn upp.

Kristbjörn Guðlaugsson lögregluþjónn, Hjallabraut 37, Hafnarfirði, gerði, sem fyrr segir, vettvangsuppdrátt og hefur staðfest hann fyrir dómi. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir árekstri þessum og gat ekkert sagt um framburði ökumanna á staðnum, enda hafi hinn lögreglumaðurinn rætt við þá. Vitnið kvað það ekki venju að setja málsetningar inn á vettvangsuppdrætti, en þeir séu gerðir almennt í mælikvarða 1:200 og sé hægt að mæla afstöðu bifreiða eftir því. Á gatnamótum sem þessum sé ætíð mælt út frá gangstéttarbrún.

Niðurstaða.

Vettvangsuppdráttur meðfylgjandi lögregluskýrslu sýnir, að ákærði hefur ekið aðeins inn á Grensásveg af Breiðagerði og þannig skorið akstursleið bifreiðarinnar R 1878, sem ekið var norður Grensásveg. Þetta er stutt framburði ökumanns bifreiðarinnar R 1878 hjá lögreglu, framburði Friðriks Gunnars Gunnarssonar fyrir dómi svo og eigin framburði ákærða fyrir dómi, þar sem hann hefur sagt, að hann hafi ekið inn á gatnamótin. Biðskyldumerki er á Breiðagerði við Grensásveg. Með hliðsjón af framansögðu verður að telja sannað, að ákærði hafi ekki sýnt hér þá varúð, sem honum bar, og hafi hann með akstri sínum orðið valdur að umræddum árekstri. Varðar brot hans við 1.

mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði hefur ekki áður sætt kærum og refsingum, sem hér skipta máli.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 15.000, og komi varðhald í 3 daga í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbrandur Friðrik Steinþórsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 12. október 1979.

Nr. 183/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Eyjólfi Erni Jóhannssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. þ. m., sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðnum 6. september 1979, var varnaraðilja gert að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum. Úrskurði þessum var skot-

ið til Hæstaréttar, og var hann staðfestur með dómi Hæstaréttar 14. s. m.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar er á það fallist, að rannsóknarnauðsynjar bjóði, að varnaraðili sæti áfram gæsluvarðhaldi. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

5. október 1979.

Ár 1979, föstudaginn 5. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta að Hverfisgötu 113, Reykjavík, og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Aðfaranótt fimmtudagsins 6. sept. sl. var handtekinn á Sauðárkróki Eyjólfur Ö. Jóhannsson, fæddur 26. sept. 1954, og í beinu framhaldi þar af færður hér fyrir dóm til yfirheyrslu. Sömu nótt var leitað í íbúð að Fálkagötu 3 hér í borg, en gögnum samkvæmt dvaldist áðurgreindur Eyjólfur þar tíðum, þá er hann var hér á landi og í Reykjavík.

Við leit fundust þrjú filmuhylki, eitt með lítilræði af meintu marihuana, annað með fræjum, töldum sömu tegundar, og hið þriðja með meintum hassmulningi eða kornum.

Eyjólfur Ö. Jóhannsson ofangreindur var hér fyrir dómi og kl. 1550 fimmtudaginn 6. sept. úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum. Úrskurðurinn var kærður, en staðfestur föstudaginn 14. sept. sl. með dómi Hæstaréttar nr. 165/1979.

Meginástæður ofangreindra aðgerða voru framburðir tveggja aðilja, sem skömmu áður höfðu borið hjá lögreglu og hér fyrir dómi alvarlegar sakir á nefndan Eyjólf Jóhannsson og nánar svo:

I.

Sigurður Páll Sverrisson, fæddur 22. nóvember 1952: Bar að hafa nærri miðjum júní sl. tekið að selja marihuana fyrir Kristj-

án E. Gunnarsson og það leitt til allvíðtækra viðskipta næstu 3 vikur, er efni gengu til þurrðar. Þá hafi nefndur Kristján kynnt Sigurð Pál fyrir Eyjólfi Jóhannssyni í því skyni, að sams konar viðskipti mættu haldast síðarnefndra í milli. Hafi Eyjólfur Jóhannsson tekið að afhenda Sigurði Páli marihuanaefni til endursölu í síðustu viku júlímánaðar sl. og Eyjólfur samtals næstu 3 vikur í mörgum afhendingum látið Sigurði Páli í té 400—500 gr af marihuana. Sigurður Páll kvaðst snemma á nefndu viðviðskiptatímabili í fórum Eyjólfs Jóhannssonar hafa séð tvo plastpoka með marihuana og samtals um 1 kg. Nefndur Sigurður Páll taldi sig einnig vita og rökstuddi, að þau efni, er hann áður móttók frá Kristjáni E. Gunnarssyni, væru einnig frá Eyjólfi Jóhannssyni komin í hendur Kristjáni.

II.

Kristján E. Gunnarsson, fæddur 27. ágúst 1954: Bar að hafa nærri sl. jólum kynnst Eyjólfi Jóhannssyni að frumkvæði hins síðarnefnda og sá þá þegar boðið Kristjáni ofangreindum að dreifa fíkniefnum gegn söluþóknun. Kvaðst nefndur Kristján í fórum Eyjólfs á þeirra fyrsta fundi hafa séð um 8 gr af amfetamíndufti og nokkrar töflur af Dexedrin svonefndu, sem mun vera söluheiti lyfjaframleiðanda á amfetamín blönduðum töflum.

Samist hafi um dreifisamvinnu á marihuanaefnum hér á landi og hafi Eyjólfur í lok febrúar eða byrjun mars sl. og þá nýkominn frá Bandaríkjunum tekið að afhenda Kristjáni Gunnarssyni marihuanaefni til endursölu og samtals næstu vikur mjög nærri 800 gr.

Þá hafi Eyjólfur Jóhannsson haldið á ný til Bandaríkjanna, en komið aftur hingað til lands nærri mánaðamótum apríl/maí sl. Á næstu 3—5 vikum hafi margnefndur Eyjólfur samtals afhent Kristjáni Gunnarssyni mjög nærri 1.500 gr af marihuanaefnum til endursölu.

Nefndur Kristján kvaðst skömmu fyrir 15. júlí sl., er hann var á förum til Bandaríkjanna, hafa kynnt fyrir Eyjólfi Jóhannssyni áðurgreindan Sigurð Pál í því skyni, að sá síðarnefndi héldi áfram söluhlutverki Kristjáns Gunnarssonar gagnvart Eyjólfi Jóhannssyni, enda síðastnefndur um þær mundir talið sig eiga von á 2 kg af marihuana frá Bandaríkjunum.

Margnefndur Kristján kvaðst eftir sína heimkomu hingað til lands 27. ágúst sl. hafa frétt frá Sigurði Páli og Eyjólfi Jóhannssyni hvorum í sínu lagi, að Eyjólfur hefði í fjarveru Kristjáns

samtals afhent Sigurði Páli 300—400 gr af marihuana, en Eyjólfur talið sig í Bandaríkjunum hafa keypt 5 pund af greindri efnistegund. Þá kvaðst Kristján Gunnarsson við nefnt tækifæri eða fyrstu helgi í sept. sl. enn hafa hjá Eyjólfi Jóhannssyni fengið 200 gr af marihuana til viðbótar gegn gjaldfresti.

Kristján Gunnarsson tilgreindi sérstaklega að hafa tvívegis lagt hluta söluandvirðis marihuanaefna ofangreindra á ávísanareikninga Eyjólfs Jóhannssonar.

Margnefndur Kristján var úrskurðaður í gæsluvarðhald 5. sept. sl., en bætti við ofangreint hér fyrir dómi þann 20. sept. sl. tveim meintum sakaratriðum Eyjólf Jóhannsson varðandi:

1) Nærri sl. jólum af honum keypt 4 eða 5 gr örsmáar LSD töflur, bláar að lit.
2) Í mars sl. af Eyjólfi keypt pappírsræmu með 7 ferningum af LSD, nefnt Green Dragon.

Gry Ek Gunnarsson, eiginkona Kristjáns Gunnarssonar, lýsti sjálfstætt í lögregluyfirheyrslum að hafa vitað til ítrekaðra afhendinga Eyjólfs Jóhannssonar á fíkniefnum til Kristjáns Gunnarssonar sl. vetur og vor, en taldi sig ekki vita um magn í því sambandi.

Vegna ofangreindra fullyrðinga Kristjáns Gunnarssonar um innlagnir fjármuna á nafn Eyjólfs Jóhannssonar og enn fremur tíðra ferðalaga hins síðarnefnda, miðað við útskýrðan fjárhag, beindist rannsókn að meintri fjármunaveltu Eyjólfs Jóhannssonar og nánar ávísanareikningi no. 13671 við Landsbanka Íslands, Vegamótaútibú, og hins vegar no. 407 við Samvinnubanka, útibú á Sauðárkróki.

Könnun nefndra ávísanareikninga hefur reynst tímafrek, og bárust síðustu innborgunarkvittanir þá varðandi ekki dómara í hendur fyrr en sl. mánudag, þótt fyrir milligöngu réttargæslumanns væri.

Nefndum kvittunum samkvæmt hefur Kristján Gunnarsson þann 29. maí sl. lagt kr. 300.000 inn á ofangreindan reikning no. 407 og þann 20. júní sl. kr. 160.000 inn á ofangreindan reikning no. 13671.

Eyjólfur Jóhannsson hefur neitað að svara spurningum dómara um nefndar greiðslur.

Nefndur Eyjólfur kveðst hafa stundað nám í Bandaríkjunum frá byrjun árs 1978 til miðs júlí sl. og á þeim tíma haldið sex sinnum til Bandaríkjanna og jafnoft hingað til lands aftur.

Þess utan og í júlí 1978 með stuttu millibili farið tvær skemmti-

ferðir til margra staða í Evrópu, en til hvorugrar ferðar sótt um né fengið erlendan gjaldeyri. Fyrri för hafi staðið ca 10.—24. júlí 1978 og Holberg Másson ásamt margnefndum Eyjólfi á þeim tíma átt leið um eftirtalda staði í þessari röð: 1) Kaupmannahöfn 2) Lundur 3) Kaupmannahöfn 4) Frankfurt 5) Luxemburg 6) Brüssel 7) Rotterdam 8) Amsterdam 9) Rotterdam 10) London 11) Luxemburg 12) Keflavíkurflugvöllur.

Viku eftir heimkomu, eða 1. ágúst 1978, kvaðst Eyjólfur Jóhannsson og einn hafa haldið í aðra utanför og fram til 3. ágúst komið við á eftirtöldum stöðum: 1) Keflavíkurflugvöllur 2) Glasgow 3) London 4) Rotterdam 5) Amsterdam 6) Rotterdam 7) London 8) Kennedy flugvöllur N. Y.

Samkvæmt framlögðum gögnum í rannsókn þessari lá fyrir, að nefndur Eyjólfur hefði 3. ágúst 1978 við komu til Kennedy flugvallar verið með í sínum fórum US $ 8.500. Ítarlega þar um spurður taldi Eyjólfur Jóhannsson fjárhæð hafa samsvarað um 7.000 US $, en verið í hollenskum gyllinum og Eyjólfur persónulega átt það fé. Gæslufanginn Eyjólfur hefur ítrekað hér fyrir dómi neitað að ræða nánar um eða svara spurningum nefnda fjármuni varðandi.

Samkvæmt ákvörðun dómara hélt Þórður Þórðarson, fulltrúi hér við embætti, í gærmorgun utan til Malmö að yfirheyra ofangreindan Holberg Másson, sem þar situr í fangelsi, nýlega í Gautaborg dæmdur í 2½ árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli.

Frá nefndum fulltrúa barst í dag, kl. 1344, fjarritaorðsending, svohljóðandi:

„Yfirheyrsla hafin yfir Holberg Mássyni. Ber Eyjólf Jóhannsson sökum um fíkniefnabrot, cannabis, amfetamín og cocain."

Samkvæmt lögregluskýrslu, framlagðri í dag, hefur fulltrúi Drug Enforcement Administration, staðsettrar í London, staðfest símleiðis við lögreglu, að Eyjólfur Örn Jóhannsson áður margnefndur hafi 21. mars 1978 verið handtekinn í Bandaríkjunum og þá haft meðferðis 100 st. lyfjatöflur, en þess utan US $ 8.250.

Nánari gögn um greint tilvik sögð væntanleg innan skamms.

Niðurstöður.

Varðandi síðastnefnda skýrslu liggur fyrir, að þar upp gefið vegabréfsnr. er hið sama og dómari hefur undir höndum í ljósriti, og virðist ekki þar að finna stimplun dagsetta 21. mars 1978. Eyjólfur Jóhannsson hefur hins vegar fyrir dómi dregið til baka neitun þess, að erlend yfirvöld hafi utan 3. ágúst 1978

haft afskipti af hans fjármálum og að hann hafi hlotið refsingu erlendis fyrir meðhöndlun lyfja og/eða fíkniefna.

Hann hefur og viðurkennt handhöfn og notkun tveggja gildra vegabréfa samtímis.

Rannsókn þykir þess utan þegar orðin umfangsmikil, en virðist þó hvergi lokið og eiginlegar samprófanir enn ekki tímabærar.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað fangelsisrefsingu. Þykja samkvæmt því og öðru ofangreindu ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu framlengds gæsluvarðhalds, en hins vegar í þágu þessarar rannsóknar, og enn fremur með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera, að Eyjólfur Jóhannsson sæti enn gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst ákveðið allt að 15 dögum, reiknað frá kl. 1550 á morgun, er hinn fyrri úrskurður rennur út.

Úrskurðarorð:

Eyjólfur Örn Jóhannsson, fæddur 26. september 1954, til heimilis að Fálkagötu 3, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Miðvikudaginn 17. október 1979.

Nr. 57/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Guðleifi Sveini Kristjánssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skírlífisbrot. Nauðgun. Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Samkvæmt kröfugerð ákæruvalds hér fyrir dómi koma ákæruefni samkvæmt ákæruskjali 11. júlí 1974 og ákæruskjali 27. janúar 1977, I. tölulið, eigi til álita í Hæstarétti.

I.

Um ákæruefni samkvæmt ákæruskjali 27. janúar 1977, II. tölulið.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi. Ber að sakfella ákærða fyrir atferli það, sem honum er hér gefið að sök, með vísan til forsendna héraðsdóms. Varðar háttsemi hans við þau refsiákvæði, er greinir í dóminum.

II.

Um ákæruefni samkvæmt ákæruskjali 13. desember 1977.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þau málalok, að ákærði sé sekur um brot á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna atferlis þess, er hér greinir.

III.

Ákæruefni samkvæmt ákæruskjali 22. nóvember 1977.

Í ofangreindu ákæruskjali er þess eigi getið, hvenær brot það, er ákærði er sakaður um, hafi verið framið. Ljóst er af gögnum málsins, að það var framið 15. desember 1976, og kom fram fullkomin vörn í héraði og fyrir Hæstarétti miðað við það. Samkvæmt því verður lagður dómur á þetta ákæruatriði, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða vegna þessa ákæruefnis og fært háttsemina til refsiákvæða þeirra, er við eiga.

IV.

Refsing, önnur viðurlög o. fl.

Ákærði framdi brot það, er greinir í I hér að framan, hinn 13. október 1974. Eftir það sætti hann sekt í sakadómi Reykjavíkur 27. júní 1975 og 30. nóvember 1977, svo sem greinir í sakavottorði ákærða, sem tekið er upp í héraðsdómi. Enn fremur sætti hann 40.000 króna sekt í sakadómi

Keflavíkur hinn 26. janúar 1978 fyrir brot á 4. gr., 5. gr., 18. gr., 3. mgr. 48. gr. og 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði framdi brot það, er getur í II hér að framan, hinn 2. október 1977, en hann gerðist sekur um atferlið, sem um er fjallað í III, hinn 15. desember 1976.

Refsingu ákærða ber að ákvarða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Gæsluvarðhald ákærða frá 14. október 1974 til 28. nóvember s. á., 45 dagar, á að koma refsingu hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. til 9. febrúar 1974 kemur eigi til álita í þessu máli, eins og það er lagt fyrir Hæstarétt.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar sviptingu ökuleyfis, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar. Verjandi ákærða hefur sérstaklega andmælt skaðabótakröfunni. Rétt þykir að staðfesta héraðsdóm um þessi atriði með vísan til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 180.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því leyti, sem honum er áfrýjað, þó þannig, að gæsluvarðhald ákærða, Guðleifs Sveins Kristjánssonar, í 45 daga komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 19. júní 1978.

Ár 1978, mánudaginn 19. júní, var á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem haldið var á skrifstofu dómsins af Guðmundi Kristj-

ánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálunum nr. 1038, 1774-6 og 1938/1977: Ákæruvaldið gegn Guðleifi Sveini Kristjánssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí sl., hefur ríkissaksóknari höfðað með 4 ákæruskjölum á hendur Guðleifi Sveini Kristjánssyni, til lögheimilis að Faxabraut 25 í Keflavík, en dveljandi að Hofsvallagötu 19 í Reykjavík, fæddum 20. ágúst 1955 í Keflavík.

I. Með ákæruskjali, dags. 11. júlí 1974, er ákærða gefið að sök „nauðgun með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 2. febr. 1974 með líkamlegu ofbeldi þröngvað stúlkunni A til holdlegs samræðis í herbergi að Greniteigi 8 í Keflavík.

Telst fyrrgreint atferli ákærða varða við 1. mgr. 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

II. Með ákæruskjali, dags. 27. janúar 1977, er ákærða gefið að sök:

„I.

Brot gegn 1. mgr. 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 5. ágúst 1974 gripið um kverkar stúlkunnar B, fæddrar . . . 1955, hert að hálsi hennar, uns hún féll í öngvit, og þröngvað henni þannig til holdlegs samræðis við tjald við Arnarstapa á Snæfellsnesi.

II.

Brot gegn 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 13. október 1974 með ofbeldi reynt að þröngva stúlkunni D til holdlegs samræðis í kjallara samkomuhússins Rastar á Hellissandi.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

III. Þá er ákærða með ákæruskjali, dags. 13. des. sl., gefið að sök að hafa framið „nauðgun með því að hafa sunnudagsnóttina 2. okt. 1977 með líkamlegu ofbeldi þröngvað stúlkunni E, . . ., til holdlegs samræðis í bifreið ákærða fyrir utan húsið nr. 14 við X-götu í Reykjavík.

Frmanlýst atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

IV. Loks er ákærða með ákæruskjali, dags. 22. nóv. sl., gefið að sök „að taka í heimildarleysi bifreiðina R 29378 og aka henni undir áhrifum áfengis frá Amtmannsstíg í Reykjavík um borgina, uns lögreglan stöðvaði ákærða á Laufásvegi við Hafnarfjarðarveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. (sic), sbr. 80. gr.. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Verjandi ákærða gerir þær kröfur, að ákærði verði sýknaður af flestum gerðum kröfum, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu sem lög leyfa. Þá krefst hann frávísunar á bótakröfum, en til vara stórlegrar lækkunar þeirra. Málskostnaðar er krafist úr ríkissjóði.

I. Laugardagsmorguninn 2. febrúar 1974, um kl. 0630, var mætt á lögreglustöðinni í Keflavík A, . . ., fædd . . . 1956. Kærði hún ákærða fyrir nauðgun þá um nóttina að Greniteigi 8 í Keflavík. Kærandinn greindi lögreglunni frá atburði þessum og aðdraganda hans á þá leið, að kvöldið áður og nóttina hefði hún verið á dansleik í Grindavík. Að honum loknum hélt hún til Keflavíkur ásamt þremur piltum. Óku þau um bæinn nokkra stund, en fóru síðan að Greniteigi 8. Var klukkan þá um 0200. Kærandinn kvaðst hafa átt tal við ákærða alllanga stund í eldhúsi hússins á neðri hæð, en hún sagði hann hafa komið samtímis sér inn í húsið. Hann hefði síðan boðið sér að koma upp á efri hæð hússins, sem hún þáði, og bauð hann henni inn í herbergi þarna. Sagði A ákærða hafa kysst sig þarna einu sinni, og lét hún það afskiptalaust. Nokkru síðar kom inn í herbergið piltur, sem þarna mun eiga heima. Bað hann þau að fara út úr herberginu, þar sem þetta væri herbergi hans. Gerðu þau það og fóru í næsta herbergi. Strax og þangað var komið, kvað A ákærða hafa lagt sig í rúmið og klætt úr skóm, buxum og nærbuxum. Hefði hann haldið hendi sinni um munn hennar og oftast um nef líka á meðan, þannig að hún átti erfitt með að anda.

Ákærði hefði síðan klætt sig úr öllum fötum, en haldið henni allan tímann með annarri hendi. Hefði hann sagt henni, að hún skyldi varast að hrópa upp, því að hinir strákarnir, sem væru niðri, væru langtum verri en hann. A sagði, að þegar hér var komið, hefði einhver piltur opnað dyrnar að herberginu, en hún taldi hann líklega hafa heyrt sig hrópa á hjálp. Hefði ákærði sagt honum að fara, og slökkti pilturinn ljósið í herberginu, þegar hann fór. Minnti A, að ákærði hefði ekki verið búinn að færa sig sjálfan úr buxunum, er þetta varð.

A kvað ákærða síðan hafa lagst ofan á sig og haft aðra höndina á hálsi hennar og munni, þegar hún gerði tilraun til að hrópa á hjálp. Kvað hún ákærða hafa nauðgað sér þarna, og virtist henni sem hann hefði gert það fjórum sinnum, en alltaf lá hann þó ofan á henni. Var hún þess fullviss, að honum varð sáðfall í annarri tilraun. Ekki voru þó þessir atburðir ljósir í minni hennar, þar sem hún var alveg miður sín af hræðslu, en kvað ákærða hafa verið mjög ruddalegan í allri framkomu. Er hann hafði lokið sér af, klæddi hann sig, en skipaði henni að liggja, þar sem hún var. Sagði ákærði henni að vera kyrra í herberginu í 2 mínútur, því að hann ætlaði niður til þess að huga að hinum piltunum. Strax og ákærði var farinn út úr herberginu, kvaðst A hafa klætt sig og farið tafarlaust í næsta herbergi til þeirra, sem þar voru, en það var sá, sem áður hafði vísað þeim út úr herberginu, og stúlka, sem A ekki þekkti. Voru þau bæði sofandi. Sagðist A hafa sagt henni, að ákærði hefði nauðgað sér. Fór stúlkan með henni niður, þar sem A hringdi á leigubifreið og lét aka sér á lögreglustöðina.

A kvaðst hafa ælt af viðbjóði, meðan á samförunum stóð. Hún gat þess og, að áður en þau héldu upp á loftið, hefði hún reynt að hringja á leigubifreið, en ákærði hindrað það með því að rjúfa sambandið.

A tók það fram, að hún hefði einu sinni, á meðan nauðgunin stóð yfir, gert tilraun til þess að láta vel að ákærða í þeim tilgangi að hafa möguleika á að sleppa frá honum.

Framburður A fyrir dómi var mjög á sömu lund og hér hefur verið rakið. Hún kvað þau hafa dvalist í eldhúsinu í 15—20 mín. og hefði hún lítillega rætt við ákærða þar. Reyndi hann að kyssa hana þarna, og kvaðst hún ekki hafa andmælt því. Síðan fóru þau upp í herbergið á efri hæð hússins. Hefði ákærði verið æstur, en ekki kvaðst hún hafa merkt nokkur áfengisáhrif á honum og hefði hann beðið sig að fara upp á efri hæðina. A

kvað þau hafa dvalist í um 15 mín. í herbergi F nokkurs þarna á loftinu, en hann hefði síðan komið með stúlku og beðið þau að fara út. Ekki mundi A glöggt, hvort ákærði sat við hlið hennar eða á móti henni í herbergi F, en hann hefði kysst sig þar, þótt hún hefði mótmælt því. Ekki hefði hann farið höndum um hana eða verið á annan hátt ágengur. Þegar þau fóru út úr herberginu, hugðist A fara niður, en þá kvað hún ákærða hafa gripið sig og fært sig í annað herbergi þarna á loftinu. Hefði hún streist á móti án þess að hrópa upp, enda hafi henni ekki verið ljós tilætlan ákærða. Sagði hún ákærða hafa beitt sig valdi, eftir að þau komu inn í hitt herbergið, lokað hurðinni, gripið fyrir munn hennar og lagt hana á mjóan, en ósundurdreginn sófa, sem þarna var. Hefði hann gripið fyrir munn og nef hennar, klætt hana úr buxum og skóm og lagst ofan á hana. Sagðist hún hafa reynt að öskra eins og hún gat og hefði þá einu sinni komið í gættina ljóshærður piltur, sem slökkti ljósið og lokaði hurðinni. Sá hún framan í pilt þennan, en þekkti ekki og hefði hann ekki verið í húsinu áður að henni ásjáandi. Sagði hún ákærða hafa sagt pilti þessum að hafa sig á brott. A kvaðst hafa verið mjög hrædd, meðan á þessu stóð, og talið, að ákærði ætlaði að drepa sig. Hefði ákærði tekið fast fyrir kverkar henni og spurt hana, hvort hún ætlaði að vera góð. Kvað hún hann hafa stundum haldið svo fast, að hún hefði ekki náð andanum og sortnað fyrir augum. Hefði hann fært hana úr fötum í skyndingu og haldið henni niðri á meðan og jafnan hrint henni aftur niður í sófann, þegar hún reyndi að standa upp. Hefði ákærði haft við sig samfarir þarna oftar en einu sinni og sofnað á milli, en jafnan vaknað, er hún reyndi að komast burt. Ekki hefði hún sofnað, meðan á þessu stóð. A kvað útvarp hafa verið í herberginu og sennilega annað í næsta herbergi. Hún taldi sig engin hljóð hafa heyrt frá öðrum í húsinu, meðan á þessu stóð.

A kvað ákærða hafa beðið sig að bíða í herberginu, er hann yfirgaf það um morguninn. Hefði hann sagt, að hinir piltarnir í húsinu væru helmingi verri en hann, og kvaðst A hafa skilið það svo, að þeir mundu einnig nauðga henni. Hún kvaðst hafa klætt sig, er ákærði fór út úr herberginu, og hefði henni gengið erfiðlega að vekja fólkið í næsta herbergi, sem hún sagði frá atburðum þessum. Sagði hún stúlkuna, sem þar var með nefndum F, hafa orðið undrandi, er hún heyrði frásögn hennar, og taldi sig ekki hafa orðið nokkurs vara. Hefðu þær síðan læðst

niður, engan fundið þar og því hringt á leigubifreið, sem ók henni á lögreglustöðina.

Ákærði hefur alla tíð mótmælt sakargiftum þessum alfarið. Hann sagði A hafa komið í húsið um klukkustund eftir að hann kom þangað. Kvaðst hann hafa farið að „reyna við“ A og hefði það gengið ágætlega. Fóru þau síðan upp á loft og inn í herbergi F. Um 10—15 mín. síðar kom F og bað þau að fara út úr herberginu, sem þau gerðu strax og héldu þá í næsta herbergi við hliðina. Eftir að þau komu inn í það herbergi, hefðu þau lagst upp í rúm, og kvaðst ákærði hafa klætt A úr bæði utanyfirbuxum og nærbuxum. Hefði hún engum mótmælum hreyft né reynt að hindra hann í að afklæða hana. Kysstust þau, á meðan á þessu stóð. Ákærði mundi, að títtnefndur F kom inn í herbergið og ætlaði að tala við hann, en ákærði kvaðst hafa beðið hann að tala seinna við sig og hefði hann þá farið. Ekki mundi ákærði, hvort F slökkti ljósið, er hann fór. Minnti hann, að hann hefði verið búinn að klæða A úr buxunum, er F kom inn, en ekki mundi hann það þó vel.

Ákærði kvaðst síðan hafa afklætt sig að neðan og hefði A þá verið róleg. Sagðist hann síðan hafa haft samfarir við hana og orðið sáðfall. Eftir þær hefðu þau bæði sofnað í rúminu, hlið við hlið. Lá hann fyrir ofan, nær veggnum.

Ákærði vissi ekki, hversu lengi hann svaf, en þegar hann vaknaði, kvaðst hann hafa vakið A og ætlað að hafa samfarir við hana aftur. Þá hefði hún argað og lamið hann. Kvaðst hann þá annað hvort hafa gripið fyrir munn hennar eða háls og spurt, hvort hún væri orðin brjáluð. Hefði hún spurt hann á móti, hvort hann væri að reyna að nauðga henni. Sagðist ákærði hafa svarað því neitandi og farið að klæða sig. Hefði A þá spurt hann, hvort hann ætlaði ekki að útvega henni far heim, en hann hefði svarað því neitandi. Kvað hann A hafa sagst ætla að kæra hann, um leið og hann yfirgaf herbergið. Ákærði sagði síðar í yfirheyrslunni, að hann myndi það núna, að hann hefði sagt A, að hann ætlaði að athuga, hvort hann gæti útvegað henni far. Fór hann niður, en þar sem enginn var þar, fór hann heim til sín.

Ákærði mótmælti því algerlega, að hann hefði tekið A nauðuga þarna. Kvað hann sér hafa virst hún taka fullan þátt í samförunum.

Við sjálfstæða yfirheyrslu fyrir dómi var framburður ákærða

í meginatriðum samhljóða skýrslu hans, sem hér á undan hefur verið rakin. Hann kvaðst hafa verið búinn að neyta um einnar flösku af Genever og fundið til áfengisáhrifa. Ekki kvaðst hann hafa tekið sérstaklega eftir því, hvort A var með áfengisáhrifum. Hann sagðist hafa kysst A nokkrum sinnum niðri í eldhúsinu og hefði hún ekkert haft við það að athuga. Fóru þau síðan fyrst upp í herbergi F, settust þar á rúm og röbbuðu saman. Taldi hann, að hann hefði kysst A eitthvað, en ekki gerst nærgöngull við hana að öðru leyti. Eftir 20—30 mín. dvöl í herberginu kom F og bað þau að fara út, og hélt ákærði því fram, að F hefði bent þeim á, að þau gætu farið inn í næsta herbergi. Hefðu þau farið út úr herberginu og gengið fram í ganginn, þar sem þau hugðust fara niður. Kvaðst ákærði hafa verið með útvarpstæki í hendinni, sem hann tók úr herbergi F. Áður en þau komu að stiganum, sagði hann, að sér hefði snúist hugur og hefði hann beðið A að koma inn í hitt herbergið. Hefði hún verið fús til þess að hans sögn, og neitaði hann því alfarið að hafa neytt aflsmunar í þeim tilgangi. Taldi hann, að hann hefði haldið í hönd hennar, er þau gengu inn í herbergið. Er inn í herbergið var komið, settust þau á sófa og röbbuðu saman. Minntist hann þess, að einu sinni hefði verið komið inn í herbergið. Hefði hann þá verið búinn að afklæða A að neðan og hún legið í rúminu. Ekki kvaðst hann minnast þess greinilega, hver inn kom, en hann hefði beðið viðkomandi að fara út. Ákærða var kynntur framburður G, sem síðar verður rakinn, varðandi þetta atriði, og kvaðst hann ekki muna eftir því, sem þar kemur fram. Ákærði kvað A engum mótmælum hafa hreyft, þegar hann færði hana úr fötunum, og hefði hún þá trúlega legið á sófanum, en hann hefði ekki haldið um hana á meðan eða beitt hana harðræðum. Kveðst ákærði síðan hafa afklætt sig og haft fullkomnar samfarir við A tvisvar til þrisvar sinnum og þau síðan sofnað hlið við hlið. Þegar ákærði vaknaði, hugðist hann hafa samfarir við A að nýju og vakið hana, en hún hefði þá argað og lamið hann. Sagðist hann þá hafa gripið um háls hennar og reynt að fá hana til að þegja, en hún þá spurt, hvort hann ætlaði að reyna að nauðga sér. Kvaðst ákærði síðan hafa klætt sig og farið gangandi heim.

Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við, að A kastaði upp, eins og hún sagðist hafa gert, og ekki minntist hann þess að hafa gert tilraun til að hindra A í að hringja, er þau voru stödd á neðri hæð hússins fyrr um kvöldið. Ákærði neitaði því eindreg-

ið, að um nauðgun hefði þarna verið að ræða, og kvað hann samfarir þeirra A hafa verið með fullum vilja hennar og hún tekið fullan þátt í þeim. Hann kveðst ekki hafa þekkt A áður. Þá kom fram hjá honum, að útvarpið, er hann tók með sér inn í herbergið, hefði ekki verið hátt stillt.

F, sem áður hefur verið nefndur, mætti sem vitni í máli þessu. Kvaðst hann hafa farið upp á loft, nokkru eftir að ákærði og A fóru þangað, og hefðu þau þá setið hlið við hlið á rúmi hans og hefði honum virst fara vel á með þeim. Sagðist hann hafa vísað þeim út úr herbergi sínu, en jafnframt sagt þeim, að þau gætu farið í eitthvert annað herbergi, sem hann kvað þau hafa gert tafarlaust. Vitnið kvaðst síðan hafa dvalist í herbergi sínu til kl. 0900 næsta morgun, en þá hefði hann frétt, að A hefði lent í vandræðum með ákærða og að hún hygðist kæra hann fyrir nauðgun. Vitnið kvað það ekki vera rétt, að hann hefði litið inn í herbergið, sem ákærði og A voru í, til þess að eiga tal við ákærða, og ítrekaði, að hann hefði ekkert farið út úr herbergi sínu.

Vitni þetta greindi fyrir dómi á sama hátt og hér hefur verið rakið, sjálfstætt aðspurt. Kvaðst F hafa verið mjög ölvaður umrædda nótt og sofnað þungum svefni, skömmu eftir að hann kom upp í herbergi sitt. Hann minntist þess ekki sérstaklega að hafa vísað ákærða og A inn í annað herbergi, þegar hann vísaði þeim úr sínu. Kvaðst hann ekki hafa fylgst með þeim, er þau gengu út úr herberginu, og sagðist ekki geta sagt um það, hvert þau fóru. Segist hann hafa lokað herbergishurð sinni, jafnskjótt og þau voru gengin út. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt torkennilegt hljóð og ekkert vitað um hinn kærða atburð fyrr en um morguninn eftir.

Áðurnefnd H segir í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, að hún hafi komið að Greniteigi 8 ásamt F og ákærða. Hafi hún verið alsgáð, en þeir piltarnir mikið ölvaðir. Hún kvaðst hafa farið upp á loft með F og þau dvalist þar til kl. rúmlega 0200, en þá héldu þau niður og dvöldust þar í rúmlega eina klst. Sagðist hún þá hafa séð ákærða og A vera að tala saman í eldhúsinu. Er þau F fóru aftur upp á loftið og inn í herbergi hans, voru ákærði og A þar fyrir, og virtist H fara vel á með þeim. Ekki mundi hún, hvort þau sátu bæði á rúminu eða hvort A sat á stól þar rétt hjá. Hefði F vísað þeim út úr herberginu og þau farið rakleiðis bæði í næsta herbergi, en þau F því næst farið að sofa. Kvaðst H ekkert vita frekar um samskipti ákærða og

A fyrr en kl. rúmlega 0500, en þá kom A hágrátandi inn í herbergi til þeirra F, og virtist henni hún vera í miklu uppnámi. Hefði A sagst vera búin að hrópa á hjálp, því að ákærði hefði þá verið búinn að nauðga henni a. m. k. fjórum sinnum og hefði hún talið, að ákærði hefði farið til þess að ná í eitthvað til þess að drepa hana með. Sagðist H hafa reynt að róa A og farið með henni niður, þar sem þær hringdu á leigubifreið, en A hefði sagst ætla að kæra ákærða fyrir lögreglunni.

H kvað A hafa verið alklædda og í kápu sinni, er hún kom inn í herbergið til hennar. Ítrekaði hún, að A hefði verið í miklu uppnámi og m. a. sagt, að hún teldi, að ákærði væri geðbilaður og að ekki ætti að láta svona menn ganga lausa, og fleira í svipuðum dúr. H kvaðst aldrei hafa heyrt hróp eða hávaða frá herbergi því, er þau ákærðu dvöldust í, en það er við hlið herbergis F og aðeins veggur á milli. Þá kvað hún alla gestina hafa verið farna út úr húsinu, er þær A komu niður.

Framburður H fyrir dómi var samhljóða því, sem hér hefur verið rakið. Hún sagði frekar, að hún minntist þess, að F hefði farið fram á ganginn, eftir að þau voru komin inn í herbergið hans í síðara skiptið. Hefði hún greinilega heyrt F segja frammi á ganginum, að ákærði og A mættu fara inn í næsta herbergi, en síðan hefði hann komið inn og lokað herberginu. H kvaðst hafa sofnað u. þ. b. hálfri klst. síðar og hefði hún á þeim tíma ekki heyrt nokkur hróp eða umgang. Hún kvað útvarp hafa verið á í herbergi F, og einnig kvaðst hún hafa heyrt, að opið var fyrir útvarp í hinu herberginu, er A vakti hana síðar um nóttina.

G var einn þeirra, sem voru að Greniteigi 8 þessa nótt. Hann kvaðst hafa farið upp á loft um kl. 0300 og bankað á dyr herbergis þess, er ákærði og A dvöldust í, og opnað dyrnar rétt á eftir. Hefðu þau A setið hlið við hlið í rúminu. Hann kvað ljós hafa logað í herberginu og hefði hann spurt A, hvort hún ætti vindlinga, en ekki mundi hann, hverju hún svaraði eða hvort hún gaf honum vindling. Ekki mundi hann heldur frekari orðaskipti þarna. Að þessu búnu fór hann niður aftur. Nokkru síðar, eða eftir u. þ. b. hálfa klukkustund, fór hann upp aftur og bankaði á dyrnar. Kvað hann stúlkuna þá hafa sagt með venjulegum rómi, að því er honum virtist, „kom inn", en ákærði hefði þá kallað „ekki koma inn". Kvað hann ekkert annað hafa verið sagt þarna og hefði honum virst allt vera eðlilegt og farið við svo búið og skömmu síðar yfirgefið húsið. Ekki kvaðst G hafa

slökkt ljósið í herbergi þeirra A og ákærða. Þá kvaðst hann sérstaklega aðspurður engan hávaða hafa heyrt frá herberginu, hvorki köll né aðra háreysti. G sagði, að herbergi það, sem þau A og ákærði dvöldust í, hefði verið við hliðina á herbergi F. Hann kvaðst lítillega hafa verið með áfengisáhrifum þessa nótt, en muna þó glögglega alla atburðarás. Ekki virtist honum A vera undir áhrifum áfengis.

Í lögregluskýrslunum er þess sérstaklega getið, að G sé ljóshærður.

Fyrir dómi bar G á sama hátt og hér hefur verið rakið. Giskaði hann á, að hann hefði farið upp á efri hæðina um kl. 0300 til að fá vindling, en fyrr um kvöldið hefði A gefið honum að reykja. Hefði hann staðið á stigapallinum og hlustað eftir einhverju hljóði, sem gæfi vísbendingu um, hvar A væri. Hefði hann bankað á dyr herbergis þess, sem innst var á ganginum vinstra megin, eftir að hafa heyrt mannamál þar fyrir innan, og síðan opnað hurðina. Sagðist G ekki hafa heyrt annað en allt væri eðlilegt. Hefðu ákærði og A setið hlið við hlið á svefnsófa. Hefði hún verið alklædd í dökkri kápu og ákærði setið á sófanum nær dyrunum og hefði hann ekki haldið utan um hana eða í hana, er vitnið kom inn. G mundi ekki, hvort hann fékk vindling eða ekki. Hann sagðist hafa farið upp á loftið aftur um hálfri klukkustund síðar, bankað á sömu herbergisdyrnar og hefði stúlkan þá sagt „kom inn", en ákærði sagt „ekki koma inn", en það hefði hann einnig sagt í fyrra skiptið, er vitnið bankaði. Kveðst G ekki hafa opnað dyrnar í þetta sinn og ekkert fleira hefði hann heyrt sagt. Hefði hann ekki orðið var neinnar háreysti eða við, að eitthvað óeðlilegt væri að gerast í herberginu.

I hljómlistarmaður kvaðst hafa komið að Greniteigi 8 um kl. 0100 umrædda nótt. Hefði hann verið alsgáður. Hann kvaðst ekki þekkja A og minntist þess ekki að hafa séð hana á staðnum. Ekki sagðist hann hafa farið upp á efri hæð hússins, meðan hann dvaldist þarna í umrætt sinn, og ekki orðið var við, að neitt óeðlilegt væri þar að gerast.

J kom samtímis A á Greniteig 8 í umrætt sinn. Hefði hann verið með áfengisáhrifum, en ekki drukkinn. Dvaldist hann þarna í hálfa til eina klukkustund og ræddi m. a. við ákærða, sem þá var að spjalla við A. Virtist J fara vel á með þeim. Hann kvað þau enn hafa verið á neðri hæð hússins, er hann yfirgaf það um nóttina og hélt heim til sín.

Læknir skoðaði A kl. 0600 umræddan morgun vegna atviks

þessa. Segir í vottorði hans, að hún hafi verið alklædd, í dökkum stuttjakka, síðbuxum, lágum sokkum, skóm, stutterma peysu, brjóstahaldara og nærbuxum. Föt voru heil og ekki sjáanleg merki á þeim um átök. Engir áverkar finnast í andliti, handleggjum, höndum, lærum, fótleggjum eða bol, en hins vegar voru dreifðir roðablettir í húð á hálsi, öxlum ofanverðum og framanverðum og ofanverðri bringu. Engir áverkar voru á brjósti og ekki heldur á kynfærum utan ca 1 cm grunn sprunga í slímhúð fossa navicularis (vestibuli vaginae), eins og segir í vottorði læknisins. Lifandi sáðlar fundust við smásjárrannsókn, og var niðurstaða læknisins sú, að samfarir hefðu verið hafðar við A á þessum sama sólarhring.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega haldið sig við það, að samfarir þeirra A hafi verið með vilja hennar. Hafi þær orðið oftar en einu sinni þessa nótt. Ákærði viðurkennir að hafa annað hvort gripið um munn A eða háls hennar, er hann vildi enn hafa við hana samfarir, eftir að þau höfðu sofið einhverja stund. Hefðu þær ekki átt sér stað, þar sem A var þeim mótfallin.

Kærandinn A hefur einnig haldið sig við framburð sinn, en þegar það er virt, að enginn hefur orðið var við hávaða úr herbergi þeirra ákærða að Greniteigi 8 eða merkt, að átök áttu sér stað á milli þeirra, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um nauðgun í umrætt sinn, enda mælir vottorð læknis ekki þessu gegn. Roðablettir, sem fundust á hálsi A og á bringu, kunna að stafa af atviki því, sem ákærði hefur lýst, en sá framburður hans hefur ekki verið hrakinn. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í hér umræddri ákæru.

Jón Ólafsson hæstaréttarlögmaður hefur f. h. A krafist kr. 2.000.000 í skaðabætur úr hendi ákærða vegna máls þessa, en með tilvísun til framangreindra úrslita ber einnig að sýkna ákærða af þessari kröfugerð.

II. I. Sunnudaginn 13. október 1974, kl. 1500, mætti á lögreglustöðina í Ólafsvík B, fædd . . . 1955, til heimilis . . .

Bar hún fram kæru þess efnis, að henni hefði verið nauðgað á Arnarstapa á Snæfellsnesi aðfaranótt 5. ágúst næstan á undan.

B skýrði svo frá, að hún hefði farið á dansleik á Arnarstapa sunnudagskvöldið 4. ágúst 1974 ásamt fleiri unglingum. Neytti hún þar smávegis áfengis, en varð ekki mjög ölvuð. Dansaði

hún við nokkra af samkomugestunum og var að skemmta sér, eins og gengur og gerist. Nokkru áður en dansleiknum lauk, sat hún á stól inni í danssal og við hliðina á henni piltur, sem kallaður var Gulli og var frá Keflavík. Kvað hún þau hafa farið að tala saman, en síðan að dansa. Sagði hún Gulla þennan þessu næst hafa boðið sér upp í tjald til sín og hefðu þau farið þangað. Var þar enginn fyrir. Fóru þau að kela og kyssast, og kvað B hann hafa reynt að komast yfir sig, en hún ekki viljað.

Í lögregluskýrslunni segir síðan orðrétt: „Tók hann mig þá og henti mér á grúfu ofan á svefnpokann, svo ég náði ekki andanum. Fór ég þá að berjast á móti og gat snúið mér og kallað á hjálp. Hótaði hann þá að drepa mig, ef ég héldi ekki kjafti. Tók hann þá um barkann á mér og þrýsti að, svo ég náði ekki andanum. Þá þóttist ég verða máttlaus til að vita, hvort hann myndi ekki hætta, en hann hélt áfram, þar til ég missti meðvitund.“ B kvaðst hafa rankað við sér eftir nokkurn tíma og hefði Gulli þessi þá verið farinn úr tjaldinu. Var þá búið að færa hana úr utanyfirbuxum og nærbuxum, og lágu þær innst í tjaldinu. Gerði hún sér grein fyrir, að samfarir höfðu verið hafðar við hana. B sagðist hafa klætt sig í snatri og farið að reyna að útvega sér far heim, en dansleiknum var þá lokið. Það hefði ekki tekist og hún þá gengið upp í tjald til K og síðan niður að söluskúrnum við samkomuhúsið. Kom þá til hennar piltur og spurði hana, hvað væri að, og kvaðst B hafa sagt honum það. Fóru þau að leita að Gulla og fundu hann, en þeir voru þá kunningjar, piltarnir. Kvað hún piltinn hafa rætt um þetta við Gulla, en hann kennt henni um þetta allt. Hann hefði viðurkennt að hafa haft samfarir við hana, en ekki hefði hann nauðgað henni. B sagðist síðan hafa haldið í burtu og fundist þetta svo skammarlegt, að hún þorði ekki að kæra þetta til lögreglunnar, sem var á staðnum.

B kvaðst hafa verið lengi að ná sér í hálsinum og varla getað kyngt matnum, sem hún borðaði. Einnig hefðu æðar í vinstra auga sprungið, og var rauður blettur í því í nokkra daga á eftir. Hún kvaðst hafa orðið ófrísk eftir nauðgunina, og í samráði við héraðslækninn í Ólafsvík var fóstrinu eytt á sjúkrahúsinu á Akranesi.

B lýsti margnefndum Gulla svo, að hann væri dökkhærður með krullað hár, frekar stór og þrekinn.

Við réttarrannsókn í máli þessu skýrði B svo frá, að hún hefði komist að því, hver Gulli væri, með þeim hætti, að vinkona

hennar í Ólafsvík hefði sagt henni það, að „þessi strákur á rauðu peysunni“ héti Gulli og væri hann úr Keflavík. Hún kvaðst ekki geta sagt til um, nversu lengi hún var meðvitundarlaus í tjaldinu. Hún kvaðst heldur ekki geta gert sér grein fyrir því, hvernig nauðgunin fór fram, en taldi víst, að hún hefði orðið þunguð af völdum þessa Gulla í umrætt skipti og kæmi þar enginn annar til greina. Auk áðurnefndra áverka kvaðst B hafa haft marbletti á hálsinum, aðallega hægra megin, en einnig vinstra megin og hafi þar verið greinilegt far eftir fingur.

Við réttarrannsóknina lýsti B Gulla þessum svo, að hann væri hár vexti með eðlilegt holdafar, dökkhærður með sítt, hrokkið hár, skegglaus, ca 22 ára að aldri. Hún skýrði enn fremur svo frá, að hún hefði farið á dansleik í Röst á Hellissandi í október 1974 með D frá Ólafsvík. Var þá í miðasölunni maður, sem B fékk seinna að vita, að væri kallaður Gulli úr Keflavík. Kvaðst hún ekkert hafa kannast við hann, er hún sá hann í miðasölunni, enda hefði hún ekkert veitt honum sérstaka athygli. U. þ. b. er dansleiknum lauk, sá hún mann þennan vera að dansa við nefnda D. Að dansleik loknum kvaðst B hafa farið í einkahús á Hellissandi ásamt fleira fólki. Sagði hún mennina úr hljómsveitinni hafa komið þangað líka og með þeim þessi Gulli. Sagðist hún hafa spurt hann, hvar D væri, en hann hefði ekki kannast við neitt og ekki sagst hafa dansað við hana. Ekki kvaðst B hafa kannast við Gulla þennan sem manninn, er nauðgaði henni á Arnarstapa, enda hefði hann nú verið miklu feitari og með styttra hár, en dökkt. B kvaðst ekki vita, hvaða piltur það var, er hún hitti við söluskúrinn og var kunningi títtnefnds Gulla. Hún mundi ekki heldur, með hvaða fólki hún fékk far til Ólafsvíkur um nóttina.

Ákærði kvaðst hafa verið á umræddum dansleik. Hefði hann neytt þar áfengis og orðið talsvert ölvaður. Sagðist hann hafa hitt þar stúlku nokkra, og bauð hann henni upp í tjald til sín. Mundi hann lítið eftir því, hvað gerðist í tjaldinu, en sagðist þó muna, að hann hefði haft samfarir við stúlku þessa. Ekki minntist hann þess að hafa beitt stúlkuna ofbeldi, en mundi, að hann hefði hitt stúlkuna síðar um nóttina og hún þá borið upp á hann nauðgun, en hann hefði bara gengið í burtu. Ákærði kvaðst ekkert hafa dansað við stúlku þessa á dansleiknum og sagðist ekki vita nafn hennar. Hann sagði stúlku þessa vera hina sömu og hann hitti í gleðskap að Hóli, Hellissandi, aðfaranótt 14. október 1974.

Ákærði kvaðst ekki geta skýrt áverka þá, sem B nefnir í skýrslu sinni, og sagði þá alls ekki vera af sínum völdum.

Fyrrnefndur K bar fyrir dómi, að hann hefði verið á „Prímusarmessu" á Arnarstapa um verslunarmannahelgina árið 1974. Var hann þar í tjaldi ásamt unnustu sinni. Eftir lok dansleiks að kveldi sunnudagsins 4. ágúst, líklega kl. 2—3 um nóttina, kom B í tjaldið til þeirra og sagði þeim, að henni hefði verið nauðgað. Kvað K hana hafa verið grátandi, er hún kom, en ekki mundi hann, hvort hún hafði sýnilega áverka, og heldur ekki, hvernig föt hennar litu út. Að sögn K dvaldist B hjá þeim í allt að einum klukkutíma, meðan hún var að jafna sig. Var tjaldið opið, og sáu þau út. Benti hún þeim þá á mann, er gekk fram hjá, og sagði, að þetta væri maðurinn, sem hefði gert henni þetta. Sagðist K ekkert hafa þekkt manninn, en hafa séð honum bregða fyrir nokkrum sinnum dagana, sem „messan" stóð. Sagði hann þau hafa kvatt B til að segja lögreglunni frá þessu, en ekki vissi hann, hvort hún gerði það. Eftir að B hafði jafnað sig, fór hún í burtu, og kvað hann þau ekki hafa séð hana meira þarna.

L, búsett í Ólafsvík, kvað B hafa komið til sín á mánudagsmorgninum 5. ágúst 1974 og sagt sér, að henni hefði verið nauðgað. Hefði hún verið hálfvolandi og borið sig illa. Hefði hún lýst L svo frá atvikum, að hún hefði verið á Arnarstapa. Hefði þá komið til hennar maður og boðið henni upp í tjald til áfengisdrykkju. Hefði hún álpast með honum inn í tjaldið og hann án umsvifa ráðist á hana og gripið hana kverkataki. Hefði hún liðið út af og hann komið vilja sínum fram við hana, meðan hún var meðvitundarlaus. L sagði B hafa sýnt sér marbletti báðum megin á hálsinum til sannindamerkis um kverkatakið, og einnig sagðist hún hafa séð rispu á hlið B, öðrum megin á hálsinum.

Dómarinn gerði athugun á þeirri staðhæfingu B, að hún hefði orðið ófrísk eftir hina kærðu nauðgun og að hún hefði látið eyða fóstrinu. Héraðslæknirinn í Ólafsvík upplýsti, að skv. sjúkradagbók hefði B leitað læknis 2. sept. 1974. Greindi hún þá frá því, að hún væri þunguð og hefði haft samræði við mann gegn vilja sínum snemma í ágúst, eða um verslunarmannahelgina. Óskaði hún eftir, að gerð yrði á sér fóstureyðing, og var sótt um fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, þar sem B var einstæð móðir með eitt barn. Var fóstureyðingin síðan heimiluð og framkvæmd 9. september 1974 á sjúkrahúsi Akraness. Svaraði þá legstærð til um 8 vikna þungunar, sem kom heim og saman við getnað um mánaðamótin júlí—ágúst.

Yfirlæknirinn á sjúkrahúsi Akraness upplýsti, að fóstureyðing hefði farið fram á B þann 9. september 1974. Hefði stærð legsins þá alveg getað passað við síðustu tíðablæðingar hennar og einnig, að hún hefði orðið ófrísk um mánaðamótin júlí—ágúst, byrjun ágúst eða jafnvel 5. ágúst. Í bréfi yfirlæknisins er síðan rakin greinargerð þáverandi héraðslæknis í Ólafsvík til yfirlæknisins varðandi B, en henni lýkur svo: „Þekkir ekki núverandi barnsföður, samræðið að sögn nauðgun. Núverandi barnsfaðir ekki sá sami og faðir sonar hennar. Fjölskylda B sér enga möguleika til að taka við barni nú."

Niðurstaða.

Kærandi máls þessa, B, kom ekki fram með kæru sína fyrr en tæplega 2½ mánuði eftir að það kærða atvik átti sér stað. Hún gat ekki nafngreint hinn meinta brotamann, og lýsing hennar á honum er mjög almenn. Auk þess er B ekki alveg sjálfri sér samkvæm í lýsingunni. Ákærði var staddur á Arnarstapa á umræddum tíma og var á nefndum dansleik. Hann hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við stúlku nokkra í tjaldi sínu þessa nótt, og eru líkur á, að um B sé að ræða. Fóru þær fram með fúsum vilja stúlkunnar að sögn ákærða. Læknisskoðun fór ekki fram á B vegna atviks þessa, og einungis eitt vitni hefur borið að hafa séð áverka á hálsi hennar morguninn eftir umrætt atvik. Af öllu þessu virtu þykja nægar sönnur eigi vera fram komnar fyrir sekt ákærða í umrætt sinn, og ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar, sem að þessu lýtur.

II. II. Þennan sama dag, þ. e. sunnudaginn 13. október 1974, kom M nokkur til lögreglunnar í Ólafsvík og tilkynnti, að systir hennar, D, fædd . . . 1953, lægi mjög illa farin eftir mann, sem gert hefði tilraun til að nauðga henni um nóttina áður í félagsheimilinu Röst, Hellissandi. Kvað hún D óska eftir því, að lögreglan kæmi heim til hennar og færði hana til læknis, svo og ætlaði hún að leggja fram kæru í málinu. Lögregluþjónninn Adolf Steinsson segir í skýrslu sinni, að hann hafi farið strax á staðinn. Hafi D legið uppi í rúmi og verið býsna illa útlítandi. Hafi hægri vangi hennar verið mjög bólginn, vinstra auga mjög bólgið og marið og einnig hefðu fingraför verið sjáanleg á hálsi D. Færði lögregluþjónninn D umsvifalaust í læknisskoðun, en síðan kom hún á lögreglustöðina og kærði ákærða fyrir líkamsárás og tilraun til nauðgunar.

D segir í kæruskýrslu sinni, að hún hafi verið á dansleik í Röst, Hellissandi, kvöldið áður. Hafi hún dansað mikið við strák, sem var „rótari" með hljómsveitinni Júdas, en sú hljómsveit lék fyrir dansinum. Var strákurinn kallaður Gulli. Hún kvað hann hafa boðið sér upp á glas, skömmu áður en dansleiknum lauk, og hefði hún þegið það. Hefðu þau farið bak við senuna, þar sem hljómsveitin lék, og síðan niður í kjallara og inn í herbergi nokkurt. Hefðu þau sest á dýnu, sem þar var. Sagði hún ákærða hafa tekið utan um sig og hefði hún kysst hann nokkrum sinnum, en hann síðan gerst aðgangsharður og frekur. Ekki kveðst hún hafa viljað láta eftir honum og hefði hann þá slegið hana marg oft í andlitið og hún þá hálf rotast, en einnig hefði hann tekið hana kverkataki. Ekki kvaðst D hafa misst meðvitund, meðan á þessu stóð, en hana hefði svimað og fundist hún vera að kafna. D sagði ákærða síðan hafa rifið sig úr buxunum og reynt að koma fram vilja sínum við hana, en hún kvaðst halda, að honum hefði ekki tekist það. Hefði hann verið með liminn við kynfæri hennar, en hún taldi, að ákærði hefði ekki komið honum inn í þau. Annars sagðist hún ekki geta gert sér grein fyrir þessu, þar sem hún hafi verið svo hrædd og máttfarin. Hún kvaðst hafa veitt mótþróa eftir mætti, en það hefði ekki dugað til. Hefði hún gripið til þess ráðs að leika sig meðvitundarlausa og hefði ákærði þá hætt að eiga við hana, staðið upp og gengið í burtu. Kvaðst hún síðan hafa staðið upp, klætt sig í utanyfirbuxurnar og hlaupið út úr húsinu bakdyramegin. Nærbuxur sínar hefði hún ekki fundið, enda hefði hún verið hrædd og flýtt sér svo mikið að komast í burtu.

D kvaðst hafa hitt N, þar sem hún var á bíl þarna fyrir utan húsið. Hefði hún beðið hana að aka sér til lögreglunnar, sem þarna var skammt frá í lögreglubifreið. Kvaðst D hafa sagt lögreglunni frá atburði þessum, en ekki lagt fram kæru. Sagði hún jafnframt, að hún hefði verið í svo mikilli geðshræringu eftir atburðinn, að hún hefði ekki haft rænu á því að biðja lögregluna um að koma sér til læknis.

Ákærði hefur eindregið neitað þessum sakargiftum D. Hann kvaðst á margnefndum dansleik hafa dansað mikið við stúlku eina, sem hann vissi ekki nafn á. Hefði hann boðið henni áfengi og hún þegið eina blöndu. Síðan hafi þau farið niður í kjallara hússins, og var það að frumkvæði stúlkunnar að sögn ákærða. Í kjallaranum hefðu þau sest á dýnu nokkra þar og spjallað saman, en síðan hefðu þau haft samfarir með fullum vilja hennar.

Hefði hann ekki beitt hana nokkrum hótunum eða þvingunum. Ákærði kvað þau hafa dvalist í kjallaranum nokkra stund, en hann hefði síðan farið á undan henni upp að ósk hennar.

Við frekari réttarrannsókn í málinu greindi ákærði nánar svo frá, að eftir að þau höfðu dansað saman, hefðu þau farið upp á sviðið til hliðar við hljómsveitina, þannig að líklegast hafi ekki sést til þeirra fram úr danssal. Hefðu þau dvalist þarna í 20—30 mínútur og látið vel hvort að öðru. Sagði hann hana síðan hafa stungið upp á því, að þau færu saman niður í kjallara hússins, sem þau gerðu. Í herbergi þar niðri hefðu þau „kelað", en síðan haft samfarir með fúsum vilja hennar. Að þeim loknum kvaðst ákærði hafa klætt sig og gengið út úr herberginu. Hefði hún þá verið að klæða sig.

Ákærði kvaðst síðan hafa aðstoðað hljómsveitina við að ganga frá hljóðfærum sínum og koma þeim fyrir í bíl, og taldi hann, að hann hefði dvalist í húsinu í u. þ. b. 45 mínútur, eftir að samfarirnar áttu sér stað. Kvaðst hann ekkert hafa séð til stúlkunnar á þessum tíma.

Ákærði neitaði því eindregið að eiga sök á meiðslum stúlkunnar og kvaðst ekki geta gefið skýringu á þeim. Sagði hann, að eftir að búið var að koma fyrir hljóðfærunum í bílnum, hefði hann ásamt öðrum haldið í gleðskap, sem haldinn var í húsi nokkru. Stöldruðu þeir þar við í 10—15 mínútur. Á leið út úr húsinu aftur kvaðst hann hafa hitt stúlkuna, sem var á leið inn í húsið í fylgd einhvers manns. Hefði maðurinn kallað til þeirra ákærða og rætt eitthvað við samferðamann hans, sem ákærði fylgdist ekki með, hvað var. Sagðist ákærði ekkert hafa rætt við stúlkuna þarna og ekki tekið eftir neinum meiðslum í andliti hennar.

O, Keflavík, starfaði með hljómsveitinni Júdas, er lék á dansleiknum í umræðu sinn. Kvaðst hann hafa séð ákærða og stúlku nokkra liggjandi á dýnu á sviðinu til hliðar við hljómsveitina. Hefðu þau byrjað að kyssast og kjassast, en skammri stund síðar kvaðst O hafa séð, hvar ákærði var kominn með aðra hönd sína innundir buxnastreng stúlkunnar og milli fóta hennar. Kvað hann stúlkuna nokkrum sinnum hafa ýtt hendi ákærða frá, en hann jafnskjótt komið með hana aftur, og kvaðst O ekki hafa getað betur séð en stúlkan hefði ekkert á móti þessu að lokum. Sagðist hann hafa sagt við stúlku, er með honum var: „Heldurðu að það sé" eða eitthvað í þá áttina.

O kvaðst síðan hafa horfið frá, en komið aftur að liðnum 10—15

mínútum. Hefðu ákærði og stúlkan þá verið horfin. Eftir u. þ. b. tíu mínútna dvöl þarna uppi kvaðst hann hafa þurft að fara á salernið og þá farið niður í kjallara hússins, þar sem næsta salerni var, sem hann vissi um, en fyrir framan salernið er herbergi. Hefði herbergi þetta verið læst og hann því snúið frá, en engin hljóð eða tal hefði hann heyrt úr herbergi þessu. Nokkru eftir að dansleiknum var lokið, sá hann ákærða aftur, og veitti hann aðstoð við að ganga frá hljóðfærunum.

O kvaðst strax hafa rennt grun í, að ákærði hefði verið í læsta herberginu með stúlkunni, og hefði hann því spurt hann, er hann birtist, hvort hann hefði verið „með" stúlkunni, og hefði ákærði þá svarað því játandi.

P hljómlistarmaður, Ytri-Njarðvík, lék í nefndri hljómsveit í umrætt sinn. Hann kvaðst ekkert hafa fylgst með ákærða á dansleiknum eða haft sérstakt auga með honum. Eftir dansleikinn héldu meðlimir hljómsveitarinnar og fleiri í hús nokkurt á Hellissandi. Hefðu þeir staldrað við þar í 10—15 mínútur, og á leið sinni út úr húsinu minntist P þess að hafa hitt pilt nokkurn og stúlku, sem hann taldi, að hefðu verið á dansleiknum, en þekkti að öðru leyti ekki neitt. Hefði hann rætt eitthvað lítillega við fólk þetta, en um hvað, mundi hann ekki. Ekkert athugavert hefði hann séð á stúlku þessari, en tók jafnframt fram, að niðamyrkur var. P kvað einhvern hafa gengið með sér út úr húsinu að bílnum, en hver það var, mundi hann ekki.

R, . . ., Ólafsvík, kvaðst hafa farið bak við á sviðinu á umræddum dansleik og séð þá, hvar D og ákærði lágu á dýnu og voru að kyssast. Einnig hafi verið þarna maður að nafni J, sem R kvaðst strax hafa farið að tala við, en síðan, mjög fljótlega, héldu þau fram að dansa. Ekki sagðist R hafa farið á bak við sviðið aftur um kvöldið eða nóttina og ekki séð D aftur í þetta sinn.

Áðurnefnd N sagðist í umrætt sinn hafa verið að aka upp götu þá, sem félagsheimilið stendur við, er D kom hlaupandi að bifreiðinni og kallaði til hennar. Kvaðst hún í fyrstu ekki hafa borið kennsl á hana, þar sem hún var svo illa farin í andliti, bólgin og rispuð og eitthvað blóðug. Gat D varla komið upp orði fyrir gráti og ekka, en sagði þó, að einhver strákur hefði ráðist á sig. Hefði hún beðið hana að keyra sig til Ólafsvíkur, en ekki kvaðst N hafa treyst sér til þess, þar sem bíll hennar var að verða bensínlaus. Rétt á eftir sá hún til ferða lögreglubifreiðarinnar og ók D þangað. N kvaðst þekkja D vel.

Steingrímur Þórarinsson lögregluþjónn kvaðst hafa farið í umrætt herbergi að morgni 13. október 1974 skömmu fyrir hádegi. Fann hann þar kvenmannsnærbuxur og kuldastígvél og bómullarhnoðra, sem D kannaðist við að eiga. Voru hlutir þessir heilir og óskemmdir. Ekkert blóð var sýnilegt og engin merki átaka. Steingrímur taldi ólíklegt, að nokkur hefði komið í herbergið um morguninn á undan honum og ljósmyndara, sem hann fékk til myndatöku af vettvangi.

Lögregluþjónn þessi kom síðan aftur fyrir rétt út af máli þessu. Sagði hann þá, að við nánari athugun sína hefði komið í ljós, að ljósmyndatakan fór ekki fram fyrr en seinni hluta mánudagsins 14. október 1974. Áður en myndirnar voru teknar, var umbúnaður í herberginu lagfærður og dýnan og stólarnir sett í það horf, sem venja stóð til. Minnti lögregluþjóninn, að einhver röskun á hlutum þessum hefði átt sér stað.

Eins og áður er getið, skoðaði læknir D út af atviki þessu. Í upphafi áverkavottorðs hans, dags. 15. október 1974, segir, að D hafi komið á lækningastofuna í Ólafsvík kl. 1000 að morgni 13. s. m. Síðan segir orðrétt:

„Frásögn hennar þennan morgun:

Á dansleik í Röst á Hellissandi aðfaranótt 13.10. '74, klukkan um 2, reyndi maður nokkur að hafa kynferðisleg mök við hana gegn vilja hennar, aftan við sviðið. Þar sem hún vildi þetta ekki, þá barði hann hana á hægri kjálka, v. gagnauga og v. öxl, einnig reyndi hann að svæfa hana með því að þrýsta á slagæðarnar á hálsinum, að hennar sögn. Hún heldur því fram, að hann hafi reynt að rota hana með þessum höggum. Hann náði ekki að hafa mök við hana, sem hann reyndi aftan frá. Að hennar sögn voru kynfæri hans útbyrðis. Hún heldur, að hann hafi ekki lokið sér af. Eitthvað komst hann inn undir buxur hennar aftan frá.

Hún lést láta líða yfir sig, en þá hætti hann, að hennar sögn. Hún var undir áhrifum víns þessa nótt, að hennar sögn.

Líkamsskoðun gerð að morgni kl. 10.30, 13.10. '74:

Hægri kjálki: Mikið bólginn og nokkuð marinn að sjá, um 10 cm. svæði. Hreyfingar eru hindraðar um kjálkaliði, og getur hún ekki opnað munninn til fulls. Bitið virðist eðlilegt. Ekki er hægt að sjá brot á röntgenmynd né við skoðun. Hún er mjög aum á þessu svæði.

Vinstri kinn: Ofarlega á kinn, við kinnbeinið er mar, um 6 cm. á breidd. Hún er mjög aum þar. Hún virðist ekki brotin þar.

Háls: Smárispa er framan og til hliðar vinstra megin. Ekki

eru að sjá önnur merki um áverka utan á hálsi. Hún er mjög aum framan og til hliðar báðum megin á hálsi, þegar þrýst er þar á.

Vinstri öxl: Um 5 cm. langt mar er á öxlinni, framan til nálægt enda viðbeinsins. Lítil eymsli eru þar og engin hreyfingarhindrun.

Kynfæri og endaþarmur: Ekki er að sjá nein merki um áverka, nema innan á vinstra læri nálægt labia major er nýleg rispa um 4 cm. löng. Vagina lítur eðlilega út. Gamalt ör með hreistri er á hægri rasskinn.

Almennt um líkamlega skoðun: Gerð var nákvæm skoðun, og kom ekki annað athugavert í ljós.

Þann 14.10. '74, kl. 20.30, kom fyrrnefnd stúlka á lækningastofuna í Ólafsvík. Ástæða komu hennar var, að andlegt ástand hennar var ekki gott, og einnig hafði hún verki í kjálkanum. Nú sagðist hún verða hrædd við að verða ólétt. Spurði ég hana þá, hversvegna hún héldi það, þar sem hún hafði sagt áður, að hann hefði ekki náð að hafa kynferðisleg mök við hana. Hún taldi sig hafa verið svo ruglaða þennan morgun, að hún hefði gleymt einhverju. Nú taldi hún, að hún hefði líklega rotast og hann hefði náð að klæða sig úr buxunum, því buxurnar voru niður um hana, þegar hún rankaði við sér. Hún veit ekki, hvað skeði á meðan."

Framburður D á sér stoðir í vætti N, áverkavottorði læknisins og lýsingu lögregluþjóns af vettvangi. Þykir hann allur vera miklu sennilegri en framburður ákærða og veita sönnun þess, að samskipti þeirra í kjallaraherberginu umrædda nótt voru ekki með þeim hætti sem ákærði vill vera láta. Ákærði hefur borið, að hann hafi haft samfarir við D umrædda nótt. Þykir ekki varhugavert að telja sannað, að hann hafi gerst sekur um tilraun til nauðgunar og þar með brotið gegn 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er háttsemi þessari rétt lýst í ákæru.

Í ákærunni, sem varðar þessi tvö atvik, er ákærði nefndur Guðleifur Kristján Sveinsson. Hér er um bersýnileg mistök að ræða, enda leikur ekki vafi á, að átt er við ákærða Guðleif Svein að öðru leyti. Kemur þetta því ekki að sök, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

III. Sunnudagskvöldið 2. október sl. kærði E, . . ., Garðabæ, fædd . . . 1957, nauðgun, sem átt hefði sér stað í bifreið við X-götu í Reykjavík nóttina áður. Skýrði hún svo frá, að hún

hefði farið á dansleik í Sigtúni kvöldið áður ásamt vinkonum ssínum. Neyttu þær allar áfengis, og kvaðst E hafa orðið talsvert mikið ölvuð. Að dansleik loknum, um kl. 0200, héldu þær í fyrstu hópinn, en síðan sagðist E hafa farið upp í bifreið hjá fólki, sem hún lítið sem ekkert kannaðist við. Ekki mundi hún glögglega, hvernig það gerðist vegna ölvunar sinnar. Hún mundi þó, að í bílnum voru tveir karlmenn, og þekkti hún annan þeirra sem S hljómlistarmann, en hinn kannaðist hún ekkert við. Auk þeirra voru í bílnum tvær stúlkur, sem E þekkti ekki.

E kvað bifreið þessa hafa verið fjögurra dyra, stóra og dökka að lit að utan. Ekki gat hún lýst henni að innan, en hana minnti þó, að bílsætið hefði verið heilt að framan, en ekki stólar. Kvað hún karlmennina hafa setið í framsæti, en þær þrjár stúlkurnar í aftursæti, var síðan ekið af stað, en ekki mundi hún, hvert var ekið. Eftir að ekið hafði verið um nokkrar götur, þá fóru báðar hinar stúlkurnar út úr bifreiðinni, en þau þrjú urðu eftir. Var síðan haldið áfram og stöðvað í götu ekki langt frá Landspítalanum. Taldi E sig nokkuð vissa um, að stöðvað hefði verið við X-götu 10 eða 14. Er komið var að þessu húsi, kvað E S hafa farið úr bifreiðinni og var meiningin, að þau hin færu einnig úr henni. Sagðist E þá hafa séð, að hinn pilturinn, sem hafði ekið bifreiðinni, var sjáanlega undir áfengisáhrifum, og lét hún þá vanþóknun sína í ljós við hann. Hefðu þau rætt um þetta atriði og pilturinn á meðan komið aftur í bifreiðina til E. Kvað hún hann strax hafa farið að reyna við sig. Hefði hann hallað henni út af í sætið, og kvaðst E ekki geta fullyrt, að hún hefði haft á móti því. Ekki mundi hún þó það fyrir víst.

E kvað piltinn strax hafa farið með hönd sína undir pils hennar, eftir að hann hafði lagt hana út af, og reynt að ná niður um hana sokkabuxunum. Var henni þá fyrst ljóst, að hann ætlaði að hafa við hana samfarir, og sagðist hún hafa kallað til hans að láta sig vera. Reyndi hún einnig að rísa upp og stjaka honum frá sér. Greip hann þá með annarri hendi um háls hennar, þannig að hún átti erfitt með að anda. Fann hún, að hann herti á takinu, og voru fingur hans beggja vegna undir kjálkabörðunum. Jafnframt þessu reyndi hann að ná niður um hana buxunum, en er hún reyndi að varna því, tók hann um háls hennar. Varð hún hrædd og gafst upp við að streitast á móti og leyfði honum að klæða hana úr buxunum. Minnti hana, að hún hefði lyft sér upp til að auðvelda það.

E mundi ekki, hvenær pilturinn afklæddist, en það var, á

meðan á þessu stóð, og tók hann buxurnar niður um sig að nokkru leyti. Lagðist hann síðan ofan á hana og fann hún, að honum var risið hold. Kvaðst hún hafa reynt að halda fótunum saman, en hann þá alltaf tekið um háls hennar. Sagðist hún þá hafa látið undan honum og leyft honum að hafa við sig samfarir í því skyni að sleppa sem fyrst frá honum. Setti hann lim sinn í kynfæri hennar og hafði samræðishreyfingar á venjulegan hátt. Meðan á því stóð, kvaðst E hafa fundið annan skóinn sinn á gólfinu og hefði hún tekið hann í höndina og slegið piltinn nokkur högg aftan á höfuðið með skónum, en hún taldi höggin þó hafa verið hálfmáttlaus. Tók hann aftur um háls hennar, og lét hún enn undan vilja hans. Ekki mundi E, að pilturinn hefði talað annað til hennar en að hann spurði, er hann tók um háls hennar, hvort hún ætlaði að vera góð.

Meðan pilturinn var að, sagðist E hafa dottið í hug að spyrja hann, hvort þau ættu ekki að fara inn í húsið og hafa samfarir þar, í því skyni að geta losnað frá honum. Kvaðst hún hafa getað sannfært hann um, að hún ætlaði að halda áfram samförum með honum inni í húsinu og hefði hann þá hætt. Lagaði hún föt sín og fór í engu óðslega. Beið pilturinn eftir henni utan bifreiðarinnar. Í sömu mund kom S út úr húsinu, og kvaðst E þá hafa notað tækifærið og hlaupið á brott. Hefði hún hlaupið sem leið liggur á fæðingardeild Landspítalans, og varð hún vör við, að þeir komu hlaupandi á eftir. Þegar hún kom að dyrum fæðingardeildarinnar, sá hún þá standa á horni Barónsstígs og Mímisvegar. Þarna hringdi E á dyrasíma og bað um að sér yrði hleypt inn, þar sem verið væri að elta sig. Var hún þá spurð, hvort hún væri að fara að fæða, sem hún neitaði. Sá hún jafnframt, að piltarnir voru horfnir til baka og þakkaði hún þeirri stúlku fyrir, sem svarað hafði. Hélt E síðan suður fyrir húsið og niður á Hringbraut. Þar stöðvaði fljótlega bifreið, og var henni boðið upp í hana. Í henni voru tveir piltar og ein stúlka. Óku þau nokkuð um bæinn, en síðan var E ekið heim.

E sagðist engin deili þekkja á piltinum, sem þarna hafði samfarir við hana nauðuga, og efaðist hún, að hún þekkti hann aftur. Hún kvað hann vera dökkhærðan með meðalsítt hár, í meðallagi háan, grannvaxinn, sennilega liðlega tvítugan og hefði hann notað gleraugu. Nánar kunni hún ekki að lýsa honum.

Nefndur S hljómlistarmaður, . . ., Reykjavík, kvaðst hafa verið að spila í Sigtúni laugardagskvöldið 1. október 1977. Hefði hann fljótlega farið að neyta áfengis og verið orðinn mjög ölvað-

ur, er dansleiknum lauk, um kl. 0200. Mundi hann vart nokkuð eftir þann tíma. Hann kvaðst hafa gefið vini sínum talsvert af áfengi því, sem hann keypti þarna um kvöldið, og var hér um ákærða að ræða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa þröngvað stúlku til holdlegs samræðis við sig í bifreið, er stóð við X-götu í Reykjavík aðfaranótt 2. október sl. Jafnframt viðurkenndi hann að hafa tekið stúlkuna kverkataki, á meðan hann hafði samfarir við hana án hennar vilja.

Ákærði greindi nánar svo frá atvikum, að hann hefði verið í veitingahúsinu Sigtúni umrætt laugardagskvöld og verið nokkuð ölvaður. Hefði S veitt honum áfengi. Eftir að dansleiknum lauk, fóru þeir S út í bifreið ákærða, sem er af gerðinni Volvo Amason, dökkgræn að lit. Kvaðst ákærði þá hafa verið mjög ölvaður, en settist þrátt fyrir það undir stýri, en S í farþegasætið fram í. Ákærði kvað þá hafa séð nokkrar stúlkur saman í hóp við húsið, og kölluðu þeir til þeirra og buðu þeim í bílinn. Kvaðst hann enga þeirra hafa þekkt. Komu fyrst þrjár stúlkur og settust í aftursætið, en síðan hefði sú fjórða bæst við, er þeir sögðust ætla að bjóða henni í gleðskap. Ók ákærði síðan af stað, og var ferðinni heitið að X-götu 14. Á leiðinni þangað bað einhver stúlkan hann að aka að Sjómannaskólanum, og gerði hann það. Þar fóru þrjár þeirra út úr bifreiðinni og hurfu á brott. Ók ákærði síðan sem leið lá að X-götu 14. Fór S út úr bifreiðinni inn til sín, og er ákærði var einn eftir með stúlkunni, ákvað hann að reyna við hana. Settist hann í aftursætið hjá henni og fór að kela við hana. Fannst honum hún ekkert hafa á móti því. Fór hann með hendurnar undir pilsið og reyndi að ná henni úr sokka- og nærbuxunum, og fannst honum það ekkert ganga erfiðlega. Síðan setti hann lim sinn inn í kynfæri hennar og ætlaði að hafa við hana samfarir, en þá fékk hún fljótlega eitthvert móðursýkiskast og fór að berjast á móti. Vildi ákærði þá ekki hætta og greip til þess ráðs að taka kverkataki á henni með hægri hendi og halda henni þannig niðri. Hann kvað stúlkuna hafa brotist um með fótunum og reynt að kasta honum af sér. Hann vissi, að hann hélt mjög fast um háls hennar og trúlega hefði hún hlotið meiðsl af.

Ákærði kvað stúlkuna hafa sagt við sig, hvort þau ættu ekki að fara inn í húsið og ræða betur saman þar, og hefði hann fallist á það. Lét hann af samförunum og girti buxurnar upp um sig, en fór síðan út úr bifreiðinni að húsdyrunum. Um leið og

S kom til dyra, hefði stúlkan hlaupið af stað austur fyrir hornið á húsinu. Hljóp S strax af stað á eftir henni, og fylgdi ákærði fast á eftir. Sáu þeir hana hlaupa að fæðingardeild Landspítalans, og náðu þeir henni þar. Sá ákærði, að hún var að hringja á einhverjum dyrabjöllum þarna, og varð hann þá talsvert hræddur og ákvað að forða sér í burtu. Héldu þeir S til baka að X-götu 14, en ekki mundi ákærði, hvort hann fór inn með honum eða ekki. Ekki mundi hann heldur, hvers vegna S fór strax á eftir stúlkuni, en hann kvað sennilegt, að hann hefði sagt eitthvað við hann, sem gaf honum tilefni til þess.

Jón Hannesson, læknir á kvennadeild Landspítalans, skoðaði E út af atburði þessum. Segir svo í vottorði hans:

„Við skoðun háttprúð, ung stúlka í góðu andlegu jafnvægi. Einu kvartanir eru særindi í hálsi og lítils háttar kyngingarörðugleikar.

Áverkamerki: Greinilegir bleikrauðir blettir, fingurgómstórir, sinn hvorum megin á hálsi og framan á barka, sem virðast vel geta hafa orsakast af kverkataki með annarri hendi. Utanvert á hægra hné er að sjá rauðbrúna bletti, sem virðast vera gamlir marblettir. Aðra líkamsáverka er ekki að sjá, sérstaklega er ekki að sjá neina áverka á kynfærum, og ekki er að finna neitt sæði við smásjárskoðun. Meyjarhaft ekki til staðar."

Með játningu ákærða og framburði E svo og læknisvottorði þykja fullar sönnur vera fram komnar um, að ákærði hefur í umrætt sinn þröngvað E til holdlegs samræðis með ofbeldi. Hefur hann með þessu atferli sínu, sem er rétt lýst í ákæru, brotið gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV. Aðfaranótt miðvikudagsins 15. desember 1976 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að bifreiðin R 29378 væri að fara frá Umferðarmiðstöðinni og væri ökumaðurinn talinn ölvaður.

Lögreglumenn fóru að leita hennar, og er þeir óku vestur Hafnarfjarðarveg, sáu þeir nefnda bifreið, þar sem hún stóð á gamla Laufásveginum, skammt frá Hafnarfjarðarvegi. Skömmu áður en þeir komu að bifreiðinni, var henni ekið af stað nokkra metra, en síðan stöðvuð á ný. Höfðu lögreglumennirnir tal af þeim, sem undir stýri sat, ákærða í málinu, og fannst þá talsverður áfengisþefur af vitum hans. Var hann því færður fyrir varðstjóra á lögreglustöðina á Hverfisgötu, og neitaði ákærði að

hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn, en kvaðst hafa setið undir stýri hennar, og var vélin þá í gangi.

Ákærði viðurkenndi sama dag hjá rannsóknarlögreglunni og síðar fyrir dómi að hafa tekið umrædda bifreið í heimildarleysi, þar sem hún stóð mannlaus í innkeyrslu að hvítu húsi við Amtmannsstíg í Reykjavík. Var bifreiðin ólæst og lykill í ræsi hennar. Ók hann fyrst að Laugavegi 27, hafði þar skamma viðdvöl, og þar kom Róbert Emanúel Glad í bifreiðina. Ók ákærði síðan eins og leið lá að Umferðarmiðstöðinni og síðan austur gamla Laufásveginn, en þar hafði síðan lögreglan afskipti af þeim, eins og áður sagði. Ákærði viðurkenndi að hafa neytt áfengis fyrir akstur þennan.

Nefndur Róbert hefur í rannsóknarlögregluskýrslu staðfest framburð ákærða, að því leyti sem hann gat um borið.

Sama dag og mál þetta var til rannsóknar kærði Ingibjörg Sigurðardóttir Hafstað þjófnað á bifreið sinni, er hún hafði lagt kvöldið áður í innkeyrslu að húsinu Skólastræti 5 B, en ekið er inn frá Amtmannsstíg. Kvaðst hún hafa skilið lykilinn eftir í ræsi bifreiðarinnar og bifreiðina þar með ólæsta, þar sem hún ætlaði að ganga betur frá henni síðar um kvöldið, en sem síðan ekkert varð úr. Var hér um bifreiðina R 29378 að ræða.

Magn alkóhóls í blóðsýni því, er ákærða var tekið í umrætt sinn í þágu rannsóknar málsinss, mældist 1.72‰.

Með framburði ákærða sjálfs, niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar og öðru því, sem hér hefur verið rakið, er sannað, að hann hefur gerst sekur um heimildarlausa töku bifreiðarinnar R 29378 aðfaranótt miðvikudagsins 15. des. 1976 svo og um akstur hennar að undangenginni áfengisneyslu. Hefur ákærði þar með brotið gegn 2. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr, sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Við rannsókn á nauðgunarkærum B og D var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald og jafnframt gert að gangast undir geðrannsókn. Í skýrslu Jóns G. Stefánssonar læknis, dags. 11. apríl 1975, greinir læknirinn frá niðurstöðu rannsóknar sinnar á þá leið, að ákærði sé fremur óþroskaður og ótaminn geðfarslega og sýni oft dómgreindarleysi. Jafnframt hætti honum til fljótræðnislegra verka. Engin merki sýni hann þó um meiri háttar geðsjúkdóm eða um það, að hann hafi verið eða sé ófær um að skilja afleiðingar verka sinna eða stjórna gerðum sínum. Kveður læknirinn

því ákærða vera sakhæfan frá geðlæknislegu sjónarmiði. Segir hann ekkert benda til, að í tilviki ákærða muni árangur refsingar bera síður árangur en almennt gerist.

Samkvæmt sakavottorði, útgefnu 30. maí sl., hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1972 í Reykjavík: Uppvís að broti á 2. mgr. 155. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið 2 ár frá 23/5 1972.

1971 22/10 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 30/5 í Keflavík: Sátt, 9.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 66. gr. tolllaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 8 mánuði frá 30/5 1972.

1973 20/8 í Keflavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 20/8 1973.

1973 19/10 í Keflavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 5., sbr. 4. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970.

1974 18/1 í Keflavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

1975 27/6 í Keflavík. Ávana- og fíkn.: Sátt, 51.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, en áður 5., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 2. gr. hegningarlaga.

1976 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 1/3 1974.

1977 30/11 í Reykjavík: Dómur: 400.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, alls 52 dagar.

Ákærði skal jafnframt dæmdur til ökuleyfissviptingar í 1 ár samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Gildir sviptingin frá 20. október 1977, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfinu til bráðabirgða. Eiga ítrekunaráhrif hér ekki við, þar sem ákærði framdi fyrri áfengis- og umferðarlagabrot,

áður en hann varð fullra 18 ára, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður hefur sett fram skaðabótakröfu f. h. áðurnefndrar E vegna þjáninga, að fjárhæð kr. 500.000 auk 13% vaxta frá nauðgunardegi, eins og segir í kröfugerðinni, til 21. nóvember 1977, 16% vaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% vaxta frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst hann innheimtuþóknunar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Bótakrafan þykir ekki óhæfileg, eins og málið er vaxið, og skal hún því tekin til greina með þeim vöxtum, sem krafist er. Ákærði verður hins vegar ekki dæmdur til greiðslu innheimtuþóknunar í opinberu máli.

Loks skal ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 80.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000.

Að lokum verður gerð nokkur grein fyrir rekstri máls þessa.

Málið vegna kæru A var þingfest 6. sept. 1974, en frekari meðferð þess var frestað, er fram komu kærur B og D. Þær kærur sættu fyrst dómsrannsókn í sakadómi Keflavíkur, en í desemberlok 1974 var málið sent sýslumanninum í Stykkishólmi til frekari dómsrannsóknar. Barst það til baka í september 1976. Ákæran var út gefin 27. janúar 1977, eins og áður er greint frá, frestað meðan beðið var ákæru vegna nauðgunarkæru E og ákæru vegna ölvunaraksturs ákærða á stolnum bíl.

Dómsorð:

Ákærði, Guðleifur Sveinn Kristjánsson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, alls 52 dagar.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 20. október 1977.

Ákærði greiði E, . . ., Garðabæ, kr. 500.000 í miskabætur auk 13% ársvaxta frá 2. október 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 80.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. október 1979.

Nr. 124/1979. **Keflvíkingur h/f**
gegn
N. V. Appingedammer Bronsmotorenfabriek.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Kyrrsetning. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 18. júní 1979, sem barst Hæstarétti 28. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í lögum nr. 75/1973, 21. gr., 1. mgr., 1. tl. b, kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1979, en um dóminn var sóknaraðilja ekki gert kunnugt fyrr en 12. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Útvegsbanki Íslands opnaði óafturkallanlega bankaábyrgð nr. 50007 að beiðni og fyrir reikning Báss h/f vegna viðskipta þess félags við varnaraðilja. Bankaábyrgðin var staðfest af Algemene Bank Nederland N. V. fyrir milligöngu Útvegsbankans og átti að greiðast gegn framvísun farmskírteinis um bátavél þá, sem varnaraðili smíðaði fyrir Bás h/f. Framangreind bankaábyrgð var ekki verðmæti, sem kyrrsett varð hér á landi til tryggingar kröfum sóknaraðilja, sem ekki hafði farmskírteinið í höndum, sbr. 7. gr. laga nr. 18/1949 og 28. gr. laga nr. 19/1887. Varnarþingsregla 77. gr. laga nr. 85/1936 á ekki við í máli þessu. Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta niðurstöðu hins kærða frávísunardóms.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Keflvíkingur h/f, greiði varnaraðilja, N. V. Appingedammer Bronsmotorenfabriek, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 1. júní 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 30. maí sl., hefur Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Mávahlíð 30, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum f. h. Keflvíkings h/f, Keflavík, með stefnu, birtri 25. september 1978, á hendur firmanu N. V. Appingedammer Bronsmotorenfabriek, Appingedam í Hollandi.

Þá hefur stefnandi einnig stefnt Útvegsbanka Íslands til réttargæslu. Stefna var árituð um birtingu af lögmanni bankans 24. október 1978, en þing var aldrei sótt af hálfu bankans.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda eru til greiðslu hollenskra gyllina 57.500.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 5. mars 1975 til 20. nóvember 1976, en með 2½% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1978, en síðan með 3% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og með málskostnaði að skaðlausu.

Enn fremur krefst stefnandi staðfestingar á löghaldsgerð, sem fram fór í Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19, Reykjavík, þann 27. júlí 1977, í innstæðu, sem þar hafði verið stofnuð af firmanu Bás h/f til handa stefnda, innstæða (credit) eða ábyrgð nr. 50007, stofnuð 21. mars 1977, að fjárhæð hollensk gyllini 308.750.000.

Á hendur réttargæslustefnda, Útvegsbanka Íslands, hefur stefnandi engar kröfur gert.

Stefndi orðar kröfur sínar svo: „Ég geri þær dómkröfur, að löghaldsgerð frá 27/7 1977 verði felld niður og að máli þessu verði vísað frá dómi og umbjóðanda mínum dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá L.M.F.Í. Verði ekki fallist á frávísunarkröfuna, geri ég þær dómkröfur, að umbjóðandi minn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans skv. gjaldskrá L.M.F.Í."

Í þinghaldi 30. maí sl. lýstu aðiljar gagnaöflun lokið um frá-

vísunarkröfu stefnda, og var málið munnlega flutt þar um sama dag, og er það álitaefni hér til meðferðar. Krafðist stefnandi þá, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Stefnandi segir svo í stefnu:

„Málavexti segja stefnendur þá, að þeir hafi samþykkt tilboð stefndu fyrir milligöngu Vélsmiðjunnar Nonna h.f., dagsett 20. maí 1974, um sölu á bátavél af gerð, er stefndu nefndu 8-GV-H, með tilheyrandi varahlutum og verkfærum fyrir alls hollenzk gyllini 238.800.00, til afhendingar á árinu 1974. Í september það ár tilkynntu nefndir umboðsmenn stefnendum, að bátavél sú, sem stefnendum hefði verið ætluð, hefði verið seld til Ameríku sem hluti af pöntun þaðan á sjö vélum. Umboðsmennirnir hvöttu til þess jafnframt, að áfram yrði reynt að kaupa bátavél af stefndum, og mæltu með því, að stefnendur greiddu fjárhæðir inn á reikning hjá stefndum upp í væntanlegan kaupsamning.

Greiddu stefnendur þannig inn á reikning hjá stefndum hollenzk gyllini 21.500.00 þann 27. desember 1974, 21.500.00 þann 10. febrúar 1975 og 14.500.00 þann 11. febrúar 1975, alls hollenzk gyllini 57.500.00.

Með bréfi stefndu, dags. 25. febrúar 1975, barst stefnendum annað tilboð frá stefndu um sölu á bátavél. Var þetta tilboð í því formi, að stefnendur voru beðnir um að undirrita svokallaða „order confirmation". Var tilboð þetta hærra en hið fyrra, svo munaði hollenzkum gyllinum 65.910.00, en auk þess treystu seljendur sér ekki til að lofa afhendingu á neinum tilteknum tíma. Þegar hér var komið, höfðu kringumstæður stefnenda einnig breytzt til muna. Þeir sendu stefndum því símskeyti þann 5. mars 1975, kváðust ekki vilja gera kaupin og óskuðu eftir endurgreiðslu innborgaðs fjár. En stefndu hafa haldið fénu síðan með ólögmætum og e. t. v. saknæmum hætti að því er stefnendur ætla.

Mál þetta var áður þingfest í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 11. nóvember 1977, málið nr. 157/1977. Hins vegar kveðst umboðsmaður stefnenda hafa orðið þess áskynja kvöldið 20. þ. m., að málið hefði verið tekið fyrir þann 14. þ. m. og verið fellt niður. Er málinu því nú stefnt inn á nýjan leik samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 18/1949."

Í greinargerð stefnda segir um þá kröfu hans, að löghaldsgerð verði felld niður og málinu vísað frá dómi:

„Málavextir eru þeir, að þ. 28. febrúar 1977 fóru forsvars-

menn fyrirtækisins Báss h/f fram á það við Útvegsbanka Íslands, að bankinn stofnaði óafturkallanlega og staðfesta ábyrgð hjá Algemene Bank í Hollandi vegna N. V. Appingedammer Bronsmotorenfabriek, Appingedam í Hollandi, vegna kaupa Báss h/f á skipavél frá Brons. Ábyrgð þessi var síðan stofnuð, og sendi Útvegsbanki Íslands skeyti og bréf til Algemene Bank í Hollandi þ. 21. 3. 1977, þar sem skýrt var frá því, að óafturkallanleg ábyrgð (irrevocable credit) hefði verið opnuð í Útvegsbankanum vegna Bronsmotorenfabriek. Þann 27. 7. 1977 er síðan gert löghald í greiðsluábyrgð þessari skv. beiðni stefnanda máls þessa.

Krafan um, að löghaldsgerðin verði felld úr gildi, byggist á því, að ábyrgð sú, sem löghald var gert í, sé þess eðlis, að hægt sé að gera löghald í henni. Í því sambandi leyfi ég mér að benda á bréf Útvegsbanka Íslands til Harðar Ólafssonar hrl., dskj. nr. 20, þar sem segir: „Ábyrgð vor nr. 50007 er óafturkallanleg (irrevocable credit) og staðfest gagnvart gerðarþola af Algemene Bank Nederland N. V. og greiðanleg þar. Algemene Bank hefur því skuldbundið sig fyrir vora hönd að greiða gerðarþola ábyrgðarupphæðina gegn framvísun ákveðinna skjala og hefur jafnframt heimild vora til að skuldfæra oss á reikning fyrir andvirði greiðslunnar".

Þá er einnig á það bent í ofangreindu bréfi, að það sé ekki á valdi bankans að stöðva greiðslu skv. ábyrgðinni nr. 50007.

Rétt er að benda sérstaklega á, að það var ekki á valdi Útvegsbanka Íslands að stöðva greiðslur skv. framangreindri ábyrgð, þar sem hún var óafturkallanleg, og af því leiðir, að löghaldsgerðin hefði ekki átt að ná fram að ganga.

Staðan er sú, að þegar Bronsmotorenfabriek framvísaði ákveðnum, tilgreindum skjölum í Algemene Bank í Hollandi, þá fékk fyrirtækið greitt frá Algemene Bank skv. ábyrgðinni, og útilokað var að breyta nokkru þar um af hálfu íslenzkra aðila, hvorki Útvegsbankans né annarra, þar sem ábyrgðin var óafturkallanleg og eingöngu bundin þeim skilyrðum, að umbjóðandi minn afhenti ákveðin gögn til Algemene Bank.

Þegar slík ábyrgð, sem hér um ræðir, er stofnuð, er því eðlilegt að líta svo á, að greiðslan sé í höndum og á valdi hins erlenda banka. Algemene Bank ræður því í þessu tilviki, hvort greiða skuli umbjóðanda mínum skv. ábyrgðinni, en ekki Útvegsbanka Íslands. Erlendi bankinn greiðir t. d. venjulega, án þess að íslenzki bankinn viti um það fyrr en síðar, þegar um óafturkallanlegar ábyrgðir eins og þessa er að ræða. Löghaldsgerð sú,

sem framkvæmd var í Útvegsbankanum þ. 27. 7. 1977, er því markleysa og ekki hægt að taka hana til greina.

Þess ber að geta, að umbjóðandi minn fékk í sínar hendur greiðslur skv. ofangreindri ábyrgð, þegar hann framvísaði þeim gögnum, sem til þurfti til Algemene Bank.

Greiðsluábyrgð Útvegsbankans vegna ábyrgðar nr. 50007 er við hinn erlenda banka, en ekki umbjóðanda minn. Þegar Útvegsbankinn staðfestir greiðsluábyrgðina, gerir hann það gagnvart Algemene Bank. Það er því rétt að líta svo á, að ábyrgðin sé bundin við Algemene Bank, og þá er um að ræða fjármuni hins erlenda banka, sem Útvegsbankinn hefur skuldbundið sig að sjá um að koma til hans, en ekki eign umbjóðanda míns. Löghaldsgerðin sem slík skapar því ekki varnarþing hér á landi, hvað umbjóðanda minn varðar.

Það er ljóst, að ef löghaldsgerð sú, sem hér um ræðir, yrði staðfest, gæti það valdið margháttuðum vanda í milliríkjaviðskiptum. Loforðin á milli íslenzkra banka og erlendra verður að vera hægt að treysta, en um það væri ekki að ræða, ef löghaldsgerðin yrði staðfest.

Af öllu þessu er ljóst, að löghaldið frá 27. júlí 1977 ber að fella niður.

Þar sem umbjóðandi minn á ekki varnarþing hér á landi, ber að vísa máli þessu frá dómi. Hann er hvorki búsettur hér á landi né á hann hér eignir. Áskilnaði 77. gr. l. 85/1936 um varnarþing erlendra manna er því ekki fullnægt, og engin ákvæði eru í lögum, sem valda því, að umbjóðandi minn eigi varnarþing hér á landi. Af þeim sökum geri ég þá kröfu, að máli þessu verði vísað frá dómi."

Rök stefnanda fyrir því, að frávísunarkröfunni verði hrundið, eru þau, að við löghaldið, sem gert var 27. júlí 1977, hafi verið tryggt, að eign væri fyrir hendi hér á landi, svo höfða mætti hér mál, sbr. 21. gr. laga nr. 18/1949 og 77. gr. laga nr. 85/1936.

Álit dómsins.

Krafa stefnanda um staðfestingu löghalds þess, er gert var þann 27. júlí 1977 í Útvegsbanka Íslands í ábyrgð, sem þar hafði verið stofnuð af Bás h/f til handa stefnda, er efniskrafa, þannig að í þessum þætti málsins verður ekki um hana fjallað.

Algemene Bank í Hollandi greiddi þann 17. október 1977 stefnda, Appingedammer Bronsmotorenfabriek, samkvæmt ábyrgðinni, sem kyrrsett hafði verið þann 27. júlí 1977, sjá dómsskj. 21. Mál það, sem hér er fyrir, er höfðað með stefnu,

framlagðri í dóm 27. október 1978. Ábyrgðin er þannig efnd og ekki lengur til, þegar málið er höfðað. Skiptir engu í því sambandi, hvort hún varð kyrrsett í upphafi og gat þannig tryggt, að hérlendis fyndist eign stefnda, sem skapað gat varnarþing fyrir hann hér á landi, sbr. 77. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, þegar mál var áður höfðað út af þessu álitaefni þann 2. ágúst 1977.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að stefndi hafi við höfðun þessa máls átt eignir hér á landi, sem sköpuðu honum hér varnarþing, sbr. greint ákvæði 77. gr. laga nr. 85/1936. Önnur ákvæði laga heimila ekki heldur stefnanda að höfða þetta mál hér á landi. Ber af þegar nefndum ástæðum að vísa máli þessu frá dómi.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 18/1949 var stefnanda rétt að birta stefnu í þessu máli fyrir Útvegsbanka Íslands sem vörslumanni þeirra fjármuna, sem hann taldi sig hafa kyrrsett. Lögmaður stefnanda gerði tilraun til þessa, en þar sem eftir áritun lögmanns bankans var ekki mætt af bankans hálfu hér fyrir dóminum, hefur sú áritun ekki gildi sem stefnubirting. Málshöfðun stefnanda er því einnig háð þessum annmarka, þótt það komi hér ekki að sök, þar sem mætt er af hálfu stefnda.

Rétt þykir samkvæmt þessum úrslitum að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 40.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra og Ægi Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Keflvíkingur h/f, greiði stefnda, Appingedammer Bronsmotorenfabriek, kr. 40.000 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. október 1979.

Nr. 186/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 15. október 1979, sem barst Hæstarétti 16. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. október 1979.

Ár 1979, mánudaginn 15. október, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara.

Bjarni Leifur Pétursson, Njálsgötu 20, er undir rökstuddum grun um, að hann hafi brotið gegn 252. gr. alm. hegningarlaga með því að ráðast á Svein Viðar Stefánsson síðdegis sl. laugardag og slá hann niður og hafa í félagi við Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, Jörfabakka 28, slegið eign sinni á allt að 120.000 kr., er Jóhann Maríus Kjartan hafi tekið af Sveini Viðari, meðan á árásinni stóð.

Bjarni kannast við árásina, en kveðst einungis hafa tekið við 5.000 kr. hjá félaga sínum og viti ekki til þess, að svo mikið fé hafi verið tekið af Sveini Viðari, sem hann telur.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Bjarni verði

úrskurðaður í gæsluvarðhald til 24. þ. m., og þykir skv. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 rétt að taka kröfu þessa til greina.

Úrskurðarorð:

Bjarni Leifur Pétursson sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 24. þ. m., klukkan 1700.

Föstudaginn 19. október 1979.

Nr. 208/1977. **Loftleiðir h/f**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Verzlunarbanka Íslands h/f
(Hafsteinn Sigurðsson hrl.).

Tékki. Fölsun. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. nóvember 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 200.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 15. maí 1974, en með 16¾% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bæði í héraði og fyrir Hæstarétti hefur stefndi haft uppi þá málsvörn, að áfrýjandi hafi ekki varðveitt með tryggilegum hætti tékkaeyðublöð sín og tékkavél þá, sem notuð var við ritun hins falsaða tékka. Vegna þeirrar vanrækslu verði áfrýjandi að hlíta skuldfærslu tékkafjárhæðarinnar á ávísanareikning sinn hjá stefnda, þó að tékkinn hafi reynst fals-

aður. En þar sem ekkert verður fullyrt um atvik að hvarfi tékkaeyðublaðanna eða hver var að því valdur, þykir eigi unnt að fallast á þessa málsástæðu stefnda.

Í öðru lagi skírskotar stefndi til þess, að hvorki útlit tékkans né annað hafi verið til þess fallið að vekja grunsemdir starfsmanna stefnda um, að hann væri falsaður, er þeir tóku við honum frá Útvegsbanka Íslands um greiðslujöfnunarstöð Seðlabankans og færðu hann áfrýjanda til skuldar á viðskiptareikningi hans. Er þetta og viðurkennt af áfrýjanda, svo sem í héraðsdómi greinir. Samkvæmt þessu telur stefndi, að áfrýjandi verði að una við skuldfærslu tékkafjárhæðarinnar á ávísanareikning sinn vegna ákvæðis 4. ml. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 20/1961 fyrir Verzlunarbanka Íslands h/f, en þar segir svo: „Komi það fyrir, að fölsuð ávísun sé greidd af bankanum, ber sá skaðann, sem féð á, nema um sé að kenna augljósu gáleysi bankans.“ Þessu ákvæði reglugerðarinnar verði áfrýjandi að hlíta, hvort sem honum hafi verið um það kunnugt eða ekki, enda hafi reglugerðin verið löglega staðfest og birt.

Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að umrætt reglugerðarákvæði hafi enga þýðingu gagnvart sér, þar sem sér hafi verið ókunnugt um tilvist þess.

Telja verður það meginreglu, sem gildi, ef lög eða samningur áskilur ekki annað, að reikningshafi ávísanareiknings þurfi ekki að hlíta því, að greiðslubanki skuldfæri hann fyrir tékka, sem nafn hans hefur verið falsað á, a. m. k. ef honum eða þeim, sem hann ber ábyrgð á, verður ekki um fölsunina kennt. Ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar stefnda miðar samkvæmt þessu að því að undanþiggja stefnda áhættu af greiðslu falsaðra ávísana, sem hann ella bæri að lögum.

Lög nr. 46/1960 um Verzlunarbanka Íslands h/f hafa ekki að geyma ákvæði sambærilegt framangreindu niðurlagsákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar stefnda. Það er ekki sannað í málinu, að stefndi hafi vakið athygli áfrýjanda á því, að hann ætti að bera þá áhættu af innlausn falsaðra tékka sem segir í reglugerðarákvæði þessu. Ekki þykir þó þörf á því við úrlausn málsins að taka afstöðu til þess, hvort það

atriði eigi að ráða úrslitum í lögskiptum aðilja. Verður, hvað sem öðru líður, að líta svo á, eins og atvikum er hér háttað, að stefndi hafi því aðeins mátt synja áfrýjanda um endurgreiðslu tékkafjárhæðarinnar, að stefndi hefði eigi getað krafið Útvegsbanka Íslands um endurgreiðslu tékkans og hann hefði því orðið fyrir tjóni af innlausn hans. Þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á, að svo hafi verið, ber að dæma hann til að endurgreiða áfrýjanda tékkafjárhæðina.

Stefndi hefur ekki andmælt kröfu áfrýjanda um upphafstíma vaxta. Verður vaxtakrafa hans því tekin til greina, þó þannig, að vextir af dæmdri fjárhæð ákveðast 7% ársvextir frá 1. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 16¾% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 180.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Verzlunarbanki Íslands h/f, greiði áfrýjanda, Loftleiðum h/f, 200.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 16¾% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 180.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 21. mars sl., að undangenginni sáttakæru, af dr. Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni f. h. Loftleiða h/f gegn Verzlunarbanka Íslands h/f og til réttargæslu gegn Útvegsbanka Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Verzlunarbanki Ís-

lands h/f, greiði stefnanda kr. 200.000 með 13% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 15. maí 1974, en með 16¾% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, þó eigi lægri en kr. 200.000.

Stefndi, Verzlunarbanki Íslands h/f, krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hefur hann engar kröfur gert í málinu.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 4. september 1972 keypti gjaldkeri í Útvegsbanka Íslands tékka, sem gefinn var út á sérstakt tékkaeyðublað stefnanda og útfylltur að fjárhæðinni kr. 200.000 með sérstakri vél, sem notuð er til þess hjá stefnanda. Nafn greiðslubankans, stefnda Verzlunarbanka Íslands h/f, var prentað á tékkann. Undirskriftir á tékkanum voru nöfn tveggja prókúruhafa stefnanda, „F. Þorvaldsson" og „F. Hólm". Tékkinn var gefinn út til Sigurðar Sveinssonar, og hafði hann verið framseldur með áritun þess nafns á bakhlið ásamt heimilisfangi og símanúmeri. Tékkinn var keyptur, án þess að seljandinn ábakti hann. Við „clearing" í Seðlabanka Íslands daginn eftir fór tékkinn í hendur starfsmanna Verzlunarbanka Íslands h/f, greiðslubankans, og var skuldfærður þar á viðskiptareikning stefnanda. Stefnanda var sent mánaðarlegt yfirlit í októberbyrjun, og þá kom í ljós, að tékki þessi hafði ekki verið gefinn út af stefnanda, og er upplýst í málinu, að tékkinn hafi verið falsaður og ávísanaeyðublöðum stolið frá stefnanda. Stefnandi kærði fölsun þessa til rannsóknarlögreglu, en rannsókn þeirra leiddi ekki í ljós, hver hefði gert þetta né hver hefði framvísað tékkanum í Útvegsbankanum.

Loftleiðir h/f höfðuðu mál hér fyrir þinginu gegn Útvegsbanka Íslands og Verzlunarbanka Íslands til vara, og var þess krafist, að Útvegsbankanum yrði gert að endurgreiða umræddan tékka með vöxtum. Málinu lauk með dómi bæjarþingsins 9. maí 1975 á þá leið, að Útvegsbankanum var gert að greiða Loftleiðum tjón sitt af hálfu, en Verzlunarbankinn var alfarið sýknaður. Loftleiðir vildu ekki una dómi þessum og áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar aðeins gegn Útvegsbankanum. Með dómi Hæstaréttar var bæjarþingsdómurinn ómerktur, og var málinu vísað frá héraði.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hann verði nú að beina kröfum sínum að Verzlunarbanka Íslands h/f, þar sem meiri hluti Hæstaréttar hafi sagt í dómi sínum, að hann skuli

fyrst fá skorið úr ágreiningi sínum við Verzlunarbankann, áður en dæmt verði um skaðabótakröfu stefnanda á hendur Útvegsbankanum. Ljóst sé í máli þessu, að stefnandi eigi að fá endurgreiðslu fyrir hinn falsaða tékka, sem skuldfærður hafi verið á hans reikning, þar sem tékkinn hafi verið falsaður. Mistök gjaldkera Útvegsbankans hafi valdið því, að ekki hafi tekist að ná til manns þess, sem hafi selt tékkann í Útvegsbankanum, og fá tjónið þannig bætt. Starfsmenn Útvegsbankans beri hér augljósa sök. Með því að skuldfæra tékkann á reikning stefnanda eftir „clearing" hafi starfsmenn Verzlunarbankans ekki komið fram ótilhlýðilega og ekki sé um sök hjá þeim að ræða við þá afgreiðslu. Hins vegar sé um sök að ræða hjá Verzlunarbankanum gagnvart stefnanda, eftir að ljóst var, að tékkinn var falsaður. Þegar það var ljóst orðið, hafi Verzlunarbankinn átt að endurgreiða stefnanda tékkafjárhæðina og endursenda hana til Útvegsbankans til endurgreiðslu. Viðskiptavinir banka verði að geta treyst því, að falsaðar ávísanir séu ekki greiddar út, og ef slíkt gerist, beri bönkunum að leiðrétta það. Reglugerðarákvæði það, sem Verzlunarbankinn beri fyrir sig, hafi ekki gildi gegn viðskiptamönnum bankans, sem ekki viti um tilvist þess, þegar í ljós sé komið, að misferli hafi átt sér stað í meðferð falsaðs tékka.

Stefndi, Verzlunarbanki Íslands h/f, styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann, eins og allir bankar, hafi í reglugerð ákvæði um meðferð falsaðra tékka og áhættu þeirra vegna. Í reglugerð nr. 20/1961 um Verzlunarbanka Íslands h/f, sem staðfest hafi verið af ráðherra, birt og hafi fullt lagagildi, segi í 7. gr.: „Komi það fyrir, að fölsuð ávísun sé greidd af bankanum, ber sá skaðann, sem féð á, nema um sé að kenna augljósu gáleysi bankans." Þetta sé sanngjörn og eðlileg regla, sem enginn hafi fyrr en nú efast um. Í máli þessu sé upplýst og óumdeilt, að tékki, sem hafi verið mjög vel falsaður, hafi verið greiddur af gjaldkera Útvegsbanka Íslands og síðan afhentur Verzlunarbankanum í „clearing" og skuldfærður á reikning stefnanda. Rúmum mánuði síðar hafi forsvarsmenn stefnanda orðað það við Verzlunarbankann, að tékkinn væri falsaður, og þá hafi forsvarsmönnum stefnanda verið tjáð í samtölum, að bankinn teldi ekki um sök hjá sér að ræða við þessa afgreiðslu. Þetta hafi bankinn alla tíð bent á, jafnt í máli því, sem fyrst var höfðað hér fyrir bæjarþinginu, og nú, að ljóst sé, að um gáleysi af hálfu starfsfólks Verzlunarbankans sé ekki að ræða. Stefnandi hafi

hér ekki reynt að sýna fram á slíkt gáleysi og beri því augljóslega að sýkna stefnda. Engin krafa um endurgreiðslu tékkans hafi komið frá stefnanda á hendur Verzlunarbankanum og sé málskostnaðarkrafa stefnanda því út í hött.

Niðurstaða.

Upplýst er í máli þessu, að tékki sá, er um ræðir, hafi verið mjög vandlega falsaður og ekki nema á valdi kunnugustu manna að sjá, að nöfn tveggja forsvarsmanna stefnanda væru tortryggileg. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að um gáleysi hafi verið að ræða hjá starfsfólki stefnda, Verzlunarbankans, þegar tekið var við tékkanum frá Útvegsbanka Íslands við „clearing", og hann var skuldfærður á viðskiptareikning stefnanda. Stefndi hefur því ekki með afgreiðslu þessari bakað stefnanda tjón, sem honum ber að bæta stefnanda. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að önnur lagarök leiði til kröfu hans, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 70.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Verzlunarbanki Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Loftleiða h/f, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 70.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 25. október 1979.

Nr. 158/1979. **Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps**
f. h. hreppsins
gegn
sóknarnefnd Bræðratungukirkju
f. h. Bræðratungukirkju
og
fjármálaráðherra
kirkjumálaráðherra og
landbúnaðarráðherra
f. h. ríkisins.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða dómi til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1979, sem barst Hæstarétti 3. september 1979. Krefst hann þess, að hinum kærða „frávísunardómi sé hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma um efni málsins".

Af hálfu varnaraðilja Bræðratungukirkju hafa Hæstarétti eigi borist kröfur eða greinargerð.

Af hálfu ríkisins hefur verið andmælt kröfu Bræðratungukirkju um eignardóm sér til handa fyrir landsvæði því, sem í málinu greinir. Í kærumáli þessu hefur þessi aðili engar kröfur gert, og engar kröfur eru gerðar á hendur honum.

Sóknaraðili hefur hvorki með höfðun eignardómsmáls eftir reglum 220. gr. laga nr. 85/1936 né með höfðun gagnsakar á hendur varnaraðilja Bræðratungukirkju krafist sjálfstæðs dóms fyrir þeim afnotaréttindum, sem hann telur sig eiga að landi því, sem málið fjallar um. Þetta þykir þó ekki skjóta loku fyrir það, að héraðsdómur virði, eftir því sem á það kann að reyna, hvort takmarkaður eignarréttur, sem sóknaraðili telur sig eiga til landsins, standi því í vegi, að

dómkröfur varnaraðilja verði teknar til greina í því horfi, sem þær hafa verið lagðar fyrir dómstóla.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 2. júlí 1979.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi, dags. 11. sept. 1975, fór lögmaður stefnanda þess á leit við sýslumanninn í Árnessýslu, að gefin yrði út eignardómsstefna með heimild í 220. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði til staðfestingar á eignarrétti stefnanda að landi því, sem nefnist Tunguheiði. Umrætt land er ofan núverandi byggðar í Biskupstungum. Suðurmörk þess eru um svonefnt Brattholtsgil, er gengur niður í Hvítá, skammt norðan við Gullfoss, og síðan bein lína úr gilbotninum í tiltekinn stein við Kjalveg.

Vesturmörkin eru bein lína úr síðastgreindum steini í svonefndan Vegatorfustein, sem er nokkuð austan Kjalvegar, og þaðan bein lína um austurjaðar austustu tjarnarinnar í svokölluðum Réttardælum, allt norður í Sandá.

Að norðan ræður svo Sandá, en Hvítá að austan. Mörk þessi hafa verið dregin inn á uppdrátt, sem liggur frammi í málinu, og eru þau ágreiningslaus.

Á grundvelli ofangreindrar beiðni var gefin út eignardómsstefna hinn 22. október 1975, og var hún birt í Lögbirtingablaði nr. 78 1975, útg. 12. nóvember 1975.

Málið var þingfest hinn 27. janúar 1976, og tóku þá til varna Biskupstungnahreppur og fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og kirkjumálaráðherra f. h. ríkissjóðs (sic).

Kröfur stefnanda samkvæmt fyrrgreindri eignardómsstefnu eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda að landsvæðinu Tunguheiði í Biskupstungum.

Fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og kirkjumálaráðherra f. h. ríkisins hafa mótmælt því, að stefnukröfurnar verði teknar til greina.

Endanlegar kröfur Biskupstungnahrepps voru við munnlegan málflutning þessar:

„Að hrundið sé kröfu stefnanda, nema því aðeins að jafnframt verði staðfest með dómnum, að eignarrétturinn skerði ekki ítak og óbeinan eignarrétt, sem ábúendur í Biskupstungnahreppi hafa öðlast með hefð til beitar, umferðar- og upprekstrarréttar með búfé. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda."

Stefnandi styður stefnukröfur sínar í meginatriðum þeim rökum, að Tunguheiði hafi um aldaraðir verið eign kirkjunnar og getið meðal eigna hennar í flestum eða öllum máldögum og vísitasíum biskupa, sem til séu. Hafi kirkjan greitt lögboðin gjöld af landi þessu. Hins vegar hafi það ekki verið fært í fasteignaskrá Árnessýslu og skorti kirkjuna því lögformlega þinglýsta eignarheimild fyrir því.

Fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og kirkjumálaráðherra f. h. ríkisins styðja mótmæli sín gegn stefnukröfunum þeim meginrökum í fyrsta lagi, að ríkið sé fullnaðareigandi að bæði Bræðratungujörð og Bræðratungukirkju og að þar með sé ljóst, að ríkið sé eigandi Tunguheiðar, er sé afréttarland. Í öðru lagi sé ríkið undir öllum kringumstæðum „grunneigandi" þessa afréttarlands, enda þótt ekki yrði fallist á það, að ríkið sé eigandi kirkju og jarðar. Tekið er fram af hálfu ríkisins, að það láti afskiptalaus hefðarafnot Biskupstungnahrepps.

Kröfur sínar um viðurkenningu á upprekstrar- og umferðarrétti byggir Biskupstungnahreppur fyrst og fremst á hefðarreglum.

Framangreind kröfugerð Biskupstungnahrepps felur efnislega í sér þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að ábúendur í hreppnum eigi upprekstrar- og umferðarrétt að því er tekur til lands þess, sem mál þetta fjallar um og að framan hefur verið lýst. Ekki er þó fullnægt skilyrðum 220. gr. laga nr. 85/1936 fyrir því, að veita megi eignardóm fyrir réttindum þessum, og eigi eru kröfur um viðurkenningu þeirra hafðar uppi með gagnstefnu. Samkvæmt því verður eigi hjá því komist að vísa þessum kröfum frá dómi.

Rétt er, að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Dóm þennan kvað upp Páll Hallgrímsson sýslumaður ásamt meðdómsmönnunum Sigurði Baldurssyni hæstaréttarlögmanni og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Vísað er frá dómi kröfu Biskupstungnahrepps um, að

„hrundið sé kröfu stefnanda, nema því aðeins að jafnframt verði staðfest með dómnum, að eignarrétturinn skerði ekki ítak og óbeinan eignarrétt, sem ábúendur í Biskupstungnahreppi hafa öðlast með hefð til beitar, umferðar- og upprekstrarréttar með búfé".

Fimmtudaginn 25. október 1979.

Nr. 184/1979. **Eysteinn Georgsson**
gegn
Margréti Völu Grétarsdóttur.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 10. september 1979, sem barst Hæstarétti 11. október 1979, kært til Hæstaréttar þá ákvörðun þinglýsingardómara í Keflavík 6. september 1979 að synja um þinglýsingu á kaupsamningi 10. júlí 1978 milli málsaðilja um fasteignina Kirkjuveg 47 í Keflavík. Gerir hann þær dómkröfur, að bæjarfógetanum í Keflavík verði gert skylt að færa ofangreindan kaupsamning í þinglýsingabók embættisins, að honum verði enn fremur gert skylt að færa áfrýjunarstefnu í hæstaréttarmálinu nr. 155/1979: Eysteinn Georgsson gegn Margréti Völu Grétarsdóttur í þinglýsingabók embættisins og að varnaraðilja verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans verði staðfest og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Þinglýsingardómarinn, Símon Ólason, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur samkv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 sent Hæstarétti greinargerð sína um hina kærðu dómsúrlausn.

Þar segir m. a. svo: „Málavextir eru þeir, að hinn 22. ágúst 1979 afhenti Guðjón Steingrímsson hrl. nefndan kaupsamning til innritunar í dagbók og síðan þinglýsingar hjá þinglýsingardómara í Keflavík. Kaupsamningurinn var skráður í þinglýsingadagbók og merktur nr. 3819/1979.

Hinn 23. 8. 1979 barst þinglýsingardómara bréf frá lögmanni seljanda, Garðari Garðarssyni hdl., þar sem þess var m. a. krafist, að synjað yrði um þinglýsingu kaupsamningsins af ástæðum, sem síðar verður vikið að. Bréfi þessu fylgdu auk þess ljósrit af útburðarbeiðni, innheimtubréfi, úrskurði fógetaréttar Keflavíkur um útburð kaupanda úr nefndri húseign og símskeyti, þar sem kaupsamningnum er rift af seljanda hálfu. . . . Var þá ákveðið að fresta þinglýsingu kaupsamningsins óákveðið og gefa þinglýsingarbeiðanda kost á að tjá sig um kröfu þessa. Færslu kaupsamningsins í dagbók var hins vegar getið á blaði fasteignarinnar í fasteignabók þeirri, er þinglýsingardómari heldur fyrir Keflavík, og jafnframt getið um kröfu Garðars Garðarssonar hdl. um synjun þinglýsingar. Hinn 4. 9. 1979 barst svo þinglýsingardómara greinargerð frá Guðjóni Steingrímssyni hrl. Í henni heldur hann fast við þá kröfu sína, að kaupsamningnum verði þinglýst af þeim ástæðum, er síðar greinir. Með bréfi dags. 6. 9. 1979 tilkynnti þinglýsingardómari Guðjóni Steingrímssyni hrl., að hann hefði ákveðið að synja um þinglýsingu kaupsamningsins af þeim ástæðum, sem nánar verða rökstuddar síðar.

Með símskeyti 7. 9. 1979 tilkynnti Guðjón Steingrímsson hrl. svo og þinglýsingardómara, að hann myndi kæra synjun þessa til Hæstaréttar Íslands og staðfesti þetta svo með bréfi dags. 10. 9. 1979, þar sem úrlausn þinglýsingardómara er formlega kærð til Hæstaréttar Íslands, sbr. 3. gr., 1. mgr., l. nr. 39/1978. Var kæru þessarar getið í þinglýsingabók, svo sem í 3. gr., 2. mgr., s. l. er boðið.

Málsástæður aðila eru þessar helstar:

Lögmaður seljanda byggir kröfu sína um synjun þinglýsingar kaupsamningsins á því m. a., að kaupsamningnum hafi verið rift vegna mikilla vanefnda kaupanda, skv. beinni

heimild í samningnum sjálfum. Riftun hans hafi ekki verið mótmælt og ennfremur hafi verið kveðinn upp úrskurður í fógetarétti Keflavíkur um útburð á kaupanda úr húseigninni Kirkjuvegur 47 í Keflavík. Segir svo ennfremur orðrétt í bréfi hans: „Þinglýsingarbeiðandi telur ekki til neinna réttinda yfir fasteigninni og beiðnin sett fram gegn betri vitund og í þeim tilgangi einum að gera umbj. mínum ókleift að selja hús sitt aftur og baka honum þannig enn frekara tjón með vanefndum sínum en orðið er.“

Lögmaður kaupanda bendir aðallega á í greinargerð sinni, að kaupandi hafi greitt verulegar fjárhæðir upp í kaupverðið og hafi auk þess lagt í framkvæmdir við húsið um 2 milljónir króna og þurfi hann því að fá kaupsamningnum þinglýst til að hindra, að hann bíði tjón við það, að seljandi skv. honum selji hana öðrum.

Niðurstaða þinglýsingardómara varð sú, að synja bæri um þinglýsingu kaupsamningsins, og byggðist hún fyrst og fremst á því, að kaupsamningnum hafi verið rift og því hafi ei verið mótmælt. Þau ummæli lögmanns kaupanda í greinargerð, að mál vegna riftunar kaupsamnings aðila væri fyrir Hæstarétti, þóttu ekki jafngilda mótmælum vegna riftunarinnar, enda hafði aðeins úrskurði fógetaréttar Keflavíkur um útburð kaupanda úr húseigninni Kirkjuvegur 47, Keflavík, verið áfrýjað. Í nefndum úrskurði sýnist ekki vera tekin bein afstaða til riftunar kaupsamningsins, enda ekki fram á það farið og tæpast á valdsviði fógetaréttar að úrskurða um slíkt. Riftuninni hafði því að áliti þinglýsingardómara ekki verið mótmælt óvéfengjanlega og ætti kaupandi því ekki lengur nein þau réttindi varðandi Kirkjuveg 47, Keflavík, sem væru háð þinglýsingu, svo sem kröfu um endurgreiðslu þegar greidds kaupverðs.

Önnur niðurstaða í máli þessu kom einnig til álita, þ. e. að þinglýsa kaupsamningnum með athugasemd um riftunina og kröfu lögmanns seljanda um synjun á þinglýsingu hans. Þykir einsýnt, að sú leið hefði verið farin fyrir gildistöku laga nr. 39/1978. En við gildistöku þeirra laga var mjög takmörkuð heimild þinglýsingardómara til að þing-

lýsa skjölum með athugasemd, sbr. 7. gr., 2. mgr., og 24. gr., 1. mgr., þ. l. Eru ummæli í greinargerð um 24. gr. þ. l. sérlega athyglisverð í þessu sambandi. Að vísu er þar jafnan talað um heimild útgefanda skjala til að ráðstafa eign, en hiklaust má telja lögin eiga við kaupanda fasteignar í þessu sambandi. Aðili, sem byggði rétt sinn á kaupsamningi, sem rift hafi verið, sé því í sömu sporum og útgefandi veðskjals, sem skorti þinglýsta eignarheimild að fasteign. Synjun þinglýsingardómara um þinglýsingu nefnds kaupsamnings byggðist því í stuttu máli á tveim atriðum, þ. e. að kaupandi hefði ekki þau réttindi til húseignarinnar, að honum væri heimil þinglýsing kaupsamningsins, sbr. 24. gr., 1. mgr., þinglýsingalaganna, og hitt, að þau réttindi, sem hann ætti skv. kaupsamningnum, sem rift hafi verið, væru ekki háð þinglýsingu. Þinglýsing þeirra væri óþörf til verndar rétti og því bæri að vísa kaupsamningnum frá þinglýsingu, sbr. 7. gr., 2. mgr., þinglýsingalaganna.

Sömu sjónarmið og hér hafa verið rakin að framan þóttu gilda um þinglýsingu áfrýjunarstefnu þeirrar, sem lögmaður kaupanda nefnir í greinargerð sinni, og var henni því vísað frá þinglýsingu.

Ekki þykir ástæða til að dæma aðilum málskostnað vegna þessa máls . . .“.

Kaupsamningur sá, sem um ræðir í máli þessu, fullnægir formskilyrðum 22. gr. laga nr. 39/1978. Seljandi hefur þinglýsta heimild til að ráðstafa þar greindri fasteign með samningi þessum, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 25. gr. sömu laga. Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að kaupsamningnum hafi verið rift, áður en leitað var þinglýsingar á honum, og sé því þinglýsing hans „bersýnilega óþörf“, sbr. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga. Sóknaraðili mótmælir, að riftun sé lögmæt. Úrlausn um þetta atriði ber ekki undir þinglýsingardómara, eins og hér stendur á. Sóknaraðili þykir að svo vöxnu eiga rétt á, að framangreindum kaupsamningi málsaðiljanna sé þinglýst, sbr. 1. málsgr. 29. gr. þinglýsingalaga.

Áfrýjunarstefna sú frá 29. ágúst 1979, sem sóknaraðili

leitar þinglýsingar á, varðar útburðarmál, og tengist hún eigi rétti sóknaraðilja yfir fasteigninni Kirkjuvegi 47 með þeim hætti, að honum sé þörf þinglýsingar. Var þinglýsingardómara því rétt að synja þinglýsingar á stefnu þessari, sbr. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðilja, Eysteins Georgssonar, um, að þinglýst verði framangreindum kaupsamningi milli hans og varnaraðilja, Margrétar Völu Grétarsdóttur, er tekin til greina.

Framangreindri kröfu sóknaraðilja um þinglýsingu á áfrýjunarstefnu 29. ágúst 1979 er hrundið.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. október 1979.

Nr. 63/1975. **Bjarni Ólafsson**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Fróðá h/f
(Magnús Óskarsson hrl.).

Veiðiréttindi. Landskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hann þess,

að staðfest verði, að eignarhluta hans, „tveim þriðju hlutum jarðarinnar Haukabrekku fylgi veiðiréttur í sama hlutfalli, óstaðbundið, í svokölluðum Fróðár- eða Haukabrekkuvaðli og í Fróðárósi við Haukabrekkuhöfða.“ Þá krefst áfrýjandi aðallega málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en hann, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 15. júní 1976. Til vara krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning máls þessa í héraði er bókað í þingbók, sem m. a. lögmaður áfrýjanda undirritaði, að „sérstaklega aðspurður“ byggi lögmaðurinn málsástæður sínar „eingöngu á því, að lög nr. 76/1940, 4. gr., veiti stefnanda réttarstöðu, sem hann ekki hafði áður“. Verður samkvæmt því eigi dæmt um aðrar málsástæður hér fyrir dómi en þá, sem að framan greinir, enda er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til þess eigi fullnægt.

Í landskiptasamningi þeim, sem eigendur jarðarinnar Haukabrekku gerðu með sér 4. ágúst 1941, var skýrt tekið fram, að hvor eigenda um sig skyldi eiga öll hlunnindi fyrir því landi, sem í hans hlut kom við skiptin. Var sú skipan í samræmi við skýringarreglu 2. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1932 um veiðirétt fyrir sameignarlandi, sem skipt væri. Þegar af þeirri ástæðu, að sameigendurnir sömdu gagngert um veiðiréttindin við landskiptin, svo sem greint var, verður ekki talið, að 2. gr. laga nr. 38/1970, nú 2. mgr. 4. gr. laga nr. 76/1970, hafi haggað þeirri skipan veiðiréttinda, sem gilti milli eigenda jarðarhlutanna, eftir landskipti þessi. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður máls þessa fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bjarni Ólafsson, greiði stefnda, Fróðá h/f, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Landamerkjadómur Snæfellsnes- og Happadalssýslu

7. desember 1974.

Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 5. maí 1973. Munnlegur málflutningur fór fram 23. nóvember sl., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa er Bjarni Ólafsson, Geirakoti, Fróðárhreppi.

Stefndi er hlutafélagið Fróðá.

Upphaflega gerði stefnandi þá kröfu aðallega, að staðfest yrði með dómi réttarins, að stefnandi væri vegna jarðarinnar Haukabrekku eigandi að 2/3 þess veiðiréttar, sem jörðinni fylgdi í svokölluðum Fróðárvaðli og -ósi. Til vara krafðist stefnandi þess, að honum yrði dæmdur innlausnarréttur á nefndri veiði gegn greiðslu matsverðs. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Með sérstakri bókun hefur stefnandi nú fallið frá varakröfu sinni í máli þessu að svo stöddu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 20. september 1974, var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu. Hann krefst nú gjafsóknarkostnaðar úr hendi ríkissjóðs og enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Mál þetta er höfðað og rekið fyrir landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

Jörðin Haukabrekka er talin býli af Fróðárjörð. Liggur hún nú að sjó að nokkru að svokölluðu Fróðárrifi, en þar er um að ræða malarkamb, sem liggur að sjó á nokkuð langri vegalengd frá svonefndum Haukabrekkuhöfða (austan megin) að svonefndum Bugsósi (vestan megin). Áin Fróðá rennur nú til sjávar austan við Haukabrekkuhöfða. Vestan árinnar á jörðin Fróðá land að sjó. Áður fyrr rann Fróðá út í sjó vestan megin rifsins um fyrrnefndan Bugsós.

Ágreiningur reis milli eigenda fyrrgreindra jarða, aðallega um eignarrétt að fyrrnefndu Fróðárrifi og rétt til veiði í því sambandi. Dómur féll í þessu ágreiningsmáli í landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 22. júní 1928, þar sem talið var, að allt Fróðárrif vestan frá Bugsósi og austur að Haukabrekkuhöfða tilheyrði jörðinni Fróðá. Þessum dómi mun ekki hafa verið áfrýjað.

Samkvæmt landamerkjabréfi 9. júlí 1930 eru landamerki fyrir jörðina Fróðá og nærliggjandi jarðir þannig:

„Frá Haukabrekkuhöfða er sjónhending í Lagsárminni, ræður hún svo að upptökum, þaðan bein lína að Sauðborgum, þá ræður pittalækur sem myndast undan grjóthrygg heim, er liggur milli Gráborgar og Sauðaborga, úr aurflögum neðan undir hryggnum, alla leið þar til Fróðá tekur við. Þá ræður Fróðá þar til Laungubrekkugil fellur í hana, þá ræður það upptökum, þaðan sjónhending í Miðfell og frá Miðfelli í Moldarmúla. Þá ráða eggjar eða eins og vötnum hallar norður í folahnúk, þaðan sjónhending í rjúkandagil, ræður það svo niður að Fróðá, þá ræður hún niður fyrir Arnarhólstún, þá ráða merkjavörður niður að Fróðá ræður hún svo, þar til hún fellur í Bugsós og hann til Sjóar."

Árið 1936 braust áin Fróðá fram úr rifinu við Haukabrekkuhöfða. Veiðiréttur í svonefndum Fróðárvaðli (að minnsta kosti að nokkru leyti) og Fróðárósi virðist samkvæmt þessu hafa fallið til jarðarinnar Haukabrekku, er áin braust fram úr rifinu við Haukabrekkuhöfða árið 1936. Er það sá veiðiréttur, sem um er deilt í máli þessu.

Af skjölum málsins er ljóst, að jörðin Haukabrekka var upp úr árinu 1940 í eigu tveggja manna. Landskipti fóru fram á jörðinni Haukabrekku með samningi 4. ágúst 1941. Í honum segir m. a. svo:

„Við undirritaðir Bogi A. J. Þórðarson og Ingólfur Ólafsson, eigendur Haukabrekku, höfum í dag komið okkur saman um

landskifti jarðarinnar Haukabrekku þannig: Að í hlut Boga A. J. Þórðarsonar komi allur sá hluti jarðarinnar, sem liggur vestan beinnar línu, sem dregin er úr stórum kletti (steini) í vörðu, sem stendur suðaustan lögrétt Fróðárhrepps á Haukabrekkuhöfða, og ræður sama beina línan norður yfir Höfðan alla leið í sjó fram.

Ennfremur skal fram tekið, að innifalið er með landi því, sem fellur í hlut Boga A. J. Þórðarsonar, alt hið svokallaða Fróðárvatn (innri vaðall) ásamt þeim hluta úr ánni Fróðá sem jörðinni Haukabrekku tilheyrir og tilheyrt hefir, og á hver um sig öll hlunnindi hvor fyrir sínu landi."

Í landskiptabréfi þessu er nánar getið um merki þeirra jarðarhluta, sem skipt var samkvæmt framansögðu.

Undir landskiptagerning þennan rituðu áðurnefndir eigendur Haukabrekku og auk þess eigandi Fornu-Fróðár.

Í stuttu máli leiddi það af framangreindum landskiptum, að allt vatn Fróðár, sem áður féll um jörðina Haukabrekku óskipta samkvæmt ofangreindu, fylgdi nú hluta Boga A. J. Þórðarsonar. Þessi jarðarhluti komst síðan fyrir nokkra gerninga í eigu Jóns B. Jónssonar, en með afsali 20. september 1971 seldi Jón B. Jónsson stefnda, hlutafélaginu Fróðá, umræddan hluta Haukabrekku ásamt jörðinni Fróðá með Fróðárkoti, 2/3 hlutum Arnarhóls og Haukabrekkuengi.

Stefnandi máls þessa hefur á hinn bóginn hlotið eignarhluta fyrrgreinds Ingólfs Ólafssonar að jörðinni Haukabrekku.

Stefnandi gaf formlega skýrslu hér fyrir dóminum 24. ágúst sl. Hann kvaðst hafa fest kaup á Haukabrekku (þ. e. hluta Ingólfs Ólafssonar) fyrir ca 20—25 árum. Síðar kvaðst hann hafa keypt jörðina Geirakot, og kvaðst hann búa á báðum jörðunum. Ekki kvaðst hann hafa nytjað neinn veiðirétt á þessum jörðum, eftir að hann hóf búskap, enda var veiðirétturinn þá þegar undanseldur. Stefnandi kvaðst auk þess hafa jarðirnar Fornu-Fróðá og Klettakot á leigu að mestu. Þetta stafaði af því, að jarðir hans, þ. e. Haukabrekka og Geirakot, væru of litlar fyrir búrekstur hans.

Stefnandi var spurður um fyrrgreindan landskiptagerning frá árinu 1941. Hann kvaðst hafa heyrt, að Ingólf Ólafsson hafi vantað gras og Bogi, sem verið hafi efnamaður, hafi viljað ná undir sig veiði.

Stefnandi tók fram, að hann hefði ekki neinar grasnytjar af Fróðá nú, en þær hafi hann hins vegar haft hjá fyrri eiganda,

Jóni B. Jónssyni, og greitt fullt verð fyrir. Hann kvaðst nú nytja Haukabrekku og Geirakot sem eina jörð og hafa í hyggju að sameina þessar jarðir formlega undir nýju nafni.

Helgi Jónsson Kristjánsson, til heimilis að Stekkjarholti 7, Ólafsvík, gaf skýrslu hér fyrir dómi 24. ágúst sl. Hann hefur setið í varastjórn hins stefnda hlutafélags frá því í september 1971. Hann kvað félagið hafa verið stofnað til þess að kaupa og reka fasteign félagsins og stunda fiskrækt á vatnasvæði landareignarinnar. Hann sagði, að grasnytjar fasteignarinnar væru í notkun fyrrverandi eiganda, Jóns B. Jónssonar, samkvæmt sérstöku samkomulagi hlutafélagsins við hann. Hann upplýsti, að fasteign stefnda væri nú notuð þannig, að stefndi sjálfur nytjaði og leigði út allar veiðar, en Jón B. Jónsson hefði grasnytjar. Aðrar nytjar landareignarinnar fari fram samkvæmt ákvörðun stefnda hverju sinni.

Af bréfaskiptum aðilja má sjá, að ágreiningur hefur risið milli þeirra um veiðiréttinn. Í þessum bréfum hélt stefnandi því m. a. fram, að fyrrgreind landskiptagerð frá 4. ágúst 1941 væri varhugaverð og nokkuð auðsjáanlega gerð til þess að sniðganga ákvæði veiðilaga um, að veiðirétt mætti ekki skilja frá jörð.

Hér fyrir dómi byggir stefnandi málssókn sína nú einungis á 2. tl. 4. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Hin tilvitnaða lagagrein hljóðar svo: „Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan . . .“ Bendir stefnandi á, að í eldri lögum (lögum 53/1957) hafi þetta hljóðað svo: „ . . . og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. mgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger“.

Stefnandi telur, að af orðalagi og tilgangi yngri laganna megi ráða, að honum sé nú veittur réttur, sem hann hafði ekki áður, og er stefnukrafan á þessu reist. Telur stefnandi, að hér sé ekki um eignarnám að ræða, heldur aðrar eignaskerðingar, sem löggjafinn megi skipa og hafi skipað, án þess að bætur þurfi að koma fyrir.

Varnir stefnda eru á því byggðar, að 2. tl. 4. gr. laga nr. 76/1970 verði með engu móti skýrður svo, að hann eigi við um landskipti eigenda Haukabrekku, sem fram hafi farið 29 árum áður en lagaákvæðið tók gildi. Stefndi bendir auk þess á, að

krafa stefnanda feli það í sér óhjákvæmilega, að stefndi eigi endurgjaldslaust að láta af hendi veiðiréttindi, en slíkt fari í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómendur hafa gengið á vettvang og kannað hann. Svo sem fyrr er rakið, fóru fram landskipti á jörðinni Haukabrekku þann 4. ágúst 1941. Skiptu þá eigendur jörðinni á milli sín eftir þeim merkjum, sem þar er getið, og gerðu auk þess sérstaka skipan á um veiðirétt og öll önnur hlunnindi, sem jörðinni höfðu fylgt. Við landskipti þessi kom allur veiðiréttur í Fróðá, sem jörðinni fylgdi, í hlut Boga A. J. Þórðarsonar, svo sem fyrr greinir. Virðist ætlunin hafa verið sú að skipta jörðinni fullnaðarskiptum. Samkvæmt meginreglunni í 2. tl. 4. gr. laga nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði, sbr. samsvarandi ákvæði í lögum nr. 112/1941 og lögum nr. 53/1957, sem giltu á þeim tíma, sem hér skiptir máli, mátti við þessar aðstæður ganga út frá því, að hver eigandi ætti veiði fyrir sínu landi, enda verður málflutningur stefnanda ekki skilinn öðruvísi en svo, að skipan umræddra veiðiréttar verði nú eigi vefengd miðað við þessar réttarheimildir (sic).

Svo sem áður er tilvitnað, segir svo í 2. tl. 4. gr. núgildandi lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970: „Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan . . .“ Eins og fyrr greinir, er málssóknin nú einungis reist á því sjónarmiði, að þarna sé opnuð heimild til þess að „rifta ósanngjörnum eða löglausum land- og veiðiskiptum.“

Ekki er unnt að fallast á þessa skoðun stefnanda. Fyrrgreindu lagaákvæði er að vísu ætlað það hlutverk að rétta hlut þeirra landeigenda, sem við skipti hafa farið halloka í veiðiaðstöðu miðað við það land, sem eftir stendur. Hins vegar er þarna gert ráð fyrir, að menn geti eftir sem áður haft þá skipan á, sem þeir kjósa, með samningum sín á milli. Rök þykja bresta til þess að líta svo á, að umrædd lagagrein hafi í nokkru hróflað við þeim landskiptum, sem fram fóru og fyrr er getið. Við túlkun lagaákvæðisins ber að hafa í huga, að skilningur stefnanda, ef réttur reyndist, kynni að hafa í för með sér eignaskerðingar, sem telja verður, að skýrrar lagaheimildar þurfi til.

Af þessum sökum ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn

kr. 100.000. Sóknaraðili hefur gjafsókn í máli þessu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda hér fyrir dómi, er ákveðst kr. 150.000, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, kr. 100.000.

Dómurinn hefur bent aðiljum á að leggja fram uppdrátt af þrætustað og ganga frá framlagðri loftljósmynd á tiltekinn hátt. Þessu hefur ekki að öllu leyti verið fullnægt. Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá varakröfu sinni og einskorðað málsástæður sínar. Dómurinn er þeirrar skoðunar miðað við þessar breyttu aðstæður, að þau gögn, sem fyrir liggja í málinu, nægi til þess að kveða upp efnisdóm í málinu. Þess skal getið, að stefnandi hefur nú afmarkað dómkröfur sínar á loftljósmynd þá, sem fyrir liggur í málinu. Loks er tekið fram, að eðlilegt hefur þótt að reka mál þetta samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919, enda þótt fordæmi megi finna um almenna meðferð í sambærilegum tilvikum.

Dóm þennan kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, ásamt meðdómsmönnunum Gísla Kjartanssyni fulltrúa og Stefáni M. Stefánssyni borgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Fróðá h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarna Ólafssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Bjarni Ólafsson, greiði stefnda, Fróðá h/f, kr. 100.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 150.000, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, kr. 100.000.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1979.

Nr. 211/1977. **Runólfur Sölvason**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Ásgeiri Húnbogasyni
(Garðar Garðarsson hdl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. nóvember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði þá látinn niður falla bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdómsins, hefur sjálfur tekið við forræði máls síns hér fyrir dómi. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi eingöngu reist kröfur sínar á þeim ástæðum, sem í héraðsdómi voru taldar leiða til skaðabótaskyldu áfrýjanda. Með kröfugerð sinni hér fyrir dómi hefur stefndi fallið frá kröfu um, að bætur til hans vegna tímabundins vinnutekjutaps og varanlegrar örorku verði ákveðnar í tvennu lagi.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 180.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Runólfur Sölvason, greiði stefnda, Ásgeiri

Húnbogasyni, 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 6. júlí 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. júní sl., hefur Húnbogi Þorleifsson, Hólagötu 41, Njarðvík, fyrir hönd ólögráða sonar síns, Ásgeirs, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur með stefnu, útgefinni 21. október 1976 og birtri 25. október s. á., á hendur Runólfi Sölvasyni framkvæmdastjóra, Langholti 13, Keflavík, vegna einkafyrirtækis hans, hraðfrystihússins Saltvers við Þórustíg, Njarðvík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 820.672 auk 13% ársvaxta frá 26. júní 1973 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eins og nú var greint að því viðbættu, að gerð er krafa um málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hinn 14. júní sl. veitti dómsmálaráðherra stefnanda í máli þessu gjafsókn.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, sem jafnframt verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu, en til vara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda.

Sátta hefur verið leitað, en án árangurs.

II.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu (sic): „ . . . sumarið 1973 réðst sonur stefnanda, Ásgeir, sem þá var 13 ára að aldri, í vinnu til hraðfrystihússins Saltvers við Þórustíg, Njarðvík, og var ætlunin, að Ásgeir ynni þar við ýmis létt aðstoðarstörf, sem börn og unglingar ráða vel við. 26. júní 1973, kl. 2330 að kvöldi, skipaði verkstjóri Saltvers Ásgeiri að þvo og hreinsa hakkavél, sem notuð er til að hakka fiskúrgang, og var vélin enn í gangi. Ásgeir hlýddi skipuninni þegar og hóf að hreinsa vélina að utan með handbursta. Þá vildi það til, að hann steig á fiskúrgang, sem safnast hafði við vélina og ekki hafði verið hirt um að hreinsa frá henni, rann til, brá fyrir sig hægri hendinni, sem lenti í hakkavélinni (hér á eftir nefnd marningsvél — innskot dómara) með þeim afleiðingum, að fremsta köggul vísifingurs hægri handar tók af."

Ásgeir Húnbogason gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 16. október 1973. Ekki er ástæða til að rekja efni hennar sérstaklega, þar sem hún er í meginatriðum samhljóða skýrslu hans fyrir dómi, sbr. hér á eftir.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 1. nóvember 1973 skýrði Sólrún Jensdóttir verkstjóri, þá til heimilis að Hólagötu 33, Ytri-Njarðvík, en nú búsett í Færeyjum, svo frá, að hún hefði klukkan um 2330, er vinnu var að ljúka, beðið Ásgeir að þvo og hreinsa umrædda vél. Hún hafi tekið fram við hann, að hann ætti að slökkva á vélinni, áður en hann færi að þvo hana. Hún kvað hann oft hafa þvegið vélina áður. Hún kvað Ásgeir hafa haft bursta til þvottarins, en hann hafi verið fastur í vélinni, er hún kom þar að og vélin þá verið stöðvuð. Muni hún hafa „slegið út". Hún kvað ýmsan úrgang hafa verið á gólfinu við vélina og því hált þar og muni drengurinn „alveg hafa getað runnið í því". Hún kvaðst strax hafa komið drengnum undir læknishendur. Hann hafi verið búinn að vinna allan daginn, en þetta kvöld hins vegar verið hið eina, sem hann vann svo lengi.

Hinn 15. febrúar sl. fór dómurinn á vettvang til skoðunar á aðstæðum, og rannsóknarlögreglumaður var fenginn til að taka ljósmyndir til framlagningar í málinu.. Ásgeir Húnbogason sýndi afstöðu sína til marningsvélarinnar, er slysið varð. Ofan á vélinni er ferhyrnd mötunartrekt, efri brún hennar í 107.5 sm hæð og vídd efra ops 45.5x45.5 sm, en neðra ops 21.5x20 sm. Við neðra op trektarinnar eru gatatromla og marningssívalningur, sem við vinnslu snúast öndvert, og gengur fiskmarningur út um annan enda tromlunnar, en fiskúrgangur út frá annarri hlið hennar.

Nefndan dag kom Ásgeir Húnbogason fyrir dóminn til skýrslugjafar. Hann kvaðst hafa verið búinn að vinna í nokkrar vikur við humar- og fiskvinnslu í hraðfrystihúsi Saltvers, er slysið varð, og þar af nokkrum sinnum við marningsvélina, sem hann við skoðun kvað vera hina sömu og að öllu leyti óbreytta. Vélin hafi verið í aðalvinnslusal fyrirtækisins, u. þ. b. 1 metra frá vegg, og sú hlið, sem beinaúrgangur gengur frá, vitað að veggnum. Hann kvaðst aldrei áður hafa hreinsað vélina, ekki séð neinn vinna það verk og ekki vitað, hvernig framkvæma skyldi. Hann kvað verkstjórann, Sólrúnu, hafa látið hann fá sápuvatn í bakka og handbursta og sagt honum að hreinsa vélina, án frekari leiðbeininga, en vatnsslöngur í salnum hafi ekki náð, til að með þeim

yrði sprautað á vélina. Hann kvaðst hafa staðið milli vélarinnar og veggjarins og verið að skrúbba mötunartrektina innanverða, en vélin verið í gangi. Hann hafi verið með handskrúbb, skaftlausan, og gúmhanska á höndum. Þeim megin, sem hann stóð, hafi bakki staðið á gólfinu við vélina til að taka við fiskúrgangi og rétt hjá, þ. e. við enda gatatromlunnar, hafi einnig verið bakki til að taka við fiskmarningnum. Úr þessum bökkum hafi viljað detta og þannig hafi verið í umrætt sinn, að fiskagnir voru á blautu gólfinu, en þó ekki í óvanalega miklum mæli. Hann kvaðst allt í einu hafa runnið til og fallið með hægri hönd niður um trektina þar að, sem gatatromlan og marningssívalningur snerust hvort gegn öðru, með þeim afleiðingum, að handburstinn kubbaðist í sundur og fremsti köggull af vísifingri hægri handar. Hann kvað engan sjónarvott hafa verið að slysinu, þótt allmargt fólk væri í salnum. Nefnda Sólrúnu kvað hann hafa verið alllangt í burtu. Hann kvað yfirleitt hafa verið unnið til kl. 1800 og því óvanalega lengi að verið í umrætt sinn, þótt hann minntist ekki að hafa verið sérstaklega þreyttur eða syfjaður. Aðspurður um óþægindi í fingri sagði Ásgeir, að á sl. hausti hefði þurft að skera burtu nögl og óeðlilega mikið kulað í fingurinn.

Stefndi gaf skýrslu fyrir dóminum í þinghaldi hinn 27. apríl sl. Hann kvað yfirleitt hafa verið um tuttugu manns að störfum í vinnslusalnum og Sólrún Jensdóttir annast þar verkstjórn um tveggja ára skeið og reynst með eindæmum samviskusöm í starfi. Hann kvaðst ekki hafa verið í hraðfrystihúsinu, er slysið varð, enda hefði það þá ekki orðið, þar sem hann hefði gætt þess, að ekki væri verið að þrífa vélina, meðan hún væri í gangi, hann hefði þegar í stað slökkt á marningsvélinni, hefði hann séð, að verið væri að hreinsa hana í gangi. Hann kvað það vera algengt í hraðfrystihúsi Saltvers, að unglingar 13—14 ára ynnu við marningsvélar og starfið ekki talið ýkja hættulegt, nema verið væri að fikta við þær. Hann kvað Ásgeir hafa verið tekinn í vinnu sakir kunningsskapar og samkvæmt eindreginni ósk stefnanda. Stefndi kvað Öryggiseftirlit ríkisins ekki hafa verið tilkynnt sérstaklega um slys þetta, en hins vegar komi fulltrúar þess alltaf öðru hverju á staðinn og hefðu athugasemdir aldrei verið gerðar varðandi marningsvélina, hvorki fyrir né eftir slysið.

Samkvæmt yfirliti, dskj. nr. 12, sem stefndi lagði fram í málinu, um vinnutíma og laun Ásgeirs Húnbogasonar starfaði hann

í fimm vikur hjá Saltveri, frá og með vikunni 26. maí — 1. júní 1973. Eftirvinnustundir voru fjórar til sex í viku hverri samkvæmt yfirlitinu og næturvinnustundir fimm í fyrstu viku og hinni síðustu, tvær í þriðju viku, en engar í öðrum vinnuvikum. Við yfirlitið er bætt þessum orðum: „Hann hefði ekki fengið vinnu nema til 1. ágúst, því þá er humarvertíð lokið".

Fram hefur verið lagt ódagsett örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, svohljóðandi:

„Ásgeir Húnbogason, fæddur 18. mars 1960, til heimilis að Hólagötu 41, Ytri-Njarðvík.

Skv. upplýsingum, sem fyrir liggja, þá varð þessi drengur fyrir slysi 26. júní 1973.

Skv. upplýsingum, sem fyrir liggja, þá varð slysið með þeim hætti, að slasaði var að vinna við að hreinsa hakkavél, sem notuð var til að hakka fiskúrgang, og lenti hann þá með vísifingur hæ. handar í vélinni með þeim afleiðingum, að hann missti framan af fingrinum.

Það liggur fyrir vottorð Arnbjörns Ólafssonar, læknis, frá 20. júlí 1973, en hann stundaði slasaða eftir slysið.

Vottorð Arnbjörns er svohljóðandi:

Áverkavottorð.

Þann 26. júní 1973 að kvöldi kom til mín Ásgeir Húnbogason, Hólagötu 41, Ytri-Njarðvík, fæddur 18. mars 1960. Hafði Ásgeir að sögn lent í vél með hægri vísifingur og meiðst í honum.

Við skoðun var fremsti köggull hægri vísifingurs marinn af og beinið af um liðinn. Húð á fingrinum var öll marin og tætt, en tókst þó að loka henni framan við stúfinn. Sárið greri p. p., og voru saumar teknir á eðlilegum tíma.

Arnbjörn Ólafsson, læknir (sign.).

Drengurinn kom til viðtals hjá undirrituðum þ. 22. 7. 1975. Hann skýrir frá slysi og meðferð, eins og fram kemur hér að framan. Hann kveðst hafa verið frá vinnu það, sem eftir var sumars, en byrjaði í skóla um haustið og hefur síðan á sumrum unnið erfiðisvinnu.

Skoðun: Kveðst vera rétthentur. Það vantar eina kjúku á vísifingur hæ. handar. Það er vel gróið fyrir stúfinn, en naglkarta er í örinu. Virðist ekki vera sár. Snertiskyn er gott á fingurgóm og gripið gott og fingurgómurinn ekki aumur.

Hann hefur ekki aðrar kvartanir en að hann eigi bágt með að nota fingurinn til grips móti þumalfingri.

Ályktun: Hér er um að ræða 15 ára gamlan pilt, sem slasaðist

við vinnu sína fyrir tveim árum. Við slysið missti hann framan af vísifingri hæ. handar.

Vegna slyssins verður að telja, að hann hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mán. 100% örorka
í 1 mán. 50% örorka
í 1 mán. 25% örorka
í 1 mán. 10% örorka
og síðan varanleg örorka 5%".

Einnig hafa verið lagðar fram tvær álitsgerðir Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dagsettar 30. október 1976 og 20. maí 1977.

Í fyrrnefndri álitsgerð segir m. a.:

„Þegar um er að ræða slys á drengjum, sem ekki hafa lokið skyldunámi, er ég vanur að áætla tap vinnutekna í samræmi við algengar tekjur verkamanna og styðst í því sambandi við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík. Árin 1973 og 1974 eru árstekjur fullorðinna verkamanna reiknaðar, eins og meðalvinnutekjur reyndust samkvæmt úrtaksrannsókninni hvort ár um sig, en frá ársbyrjun 1975 er stuðzt við reynslu 10 ára tímabilsins 1965—1974 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Með þessu móti reiknast mér árstekjur verða sem hér segir:

Árið	1973	kr. 628.901.-
—	1974	— 949.003.-
—	1975	— 1.160.386.-
Eftir þann tíma		— 1.268.962.-

Ofangreindar tekjur fullorðinna verkamanna legg ég til grundvallar frá 21 árs aldri. Frá 13 ára til 21 árs aldurs er gert ráð fyrir eftirfarandi hundraðshlutum af árstekjum fullorðinna verkamanna:

Á 14.	ári 5%
— 15.	— 10%
— 16.	— 25%
— 17.	— 75%
— 18.	— 80%
— 19.	— 85%
— 20.	— 90%
— 21.	— 95%

Miðað við þær árstekjur fullorðinna verkamanna, sem tilgreindar eru hér að framan, lækkun þeirra tekna á unglings-

árum samkvæmt ofanrituðu og tap tekna í samræmi við örorkumatið reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 4 mán. eftir slysið .. kr. 4.642.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma ..... — 540.653.-

Samtals kr. 545.295.-

Hér hefur verið reiknað með 9% ársvöxtum. Sé hins vegar reiknað með 9% ársvöxtum frá slysdegi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum eftir þann tíma, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna lækka um því sem næst 32,1% frá því, sem að ofan greinir. Í þessu sambandi skal bent á, að við útreikninga af þessu tagi hefur vaxtagrundvöllur, sem valinn er, því meiri áhrif á niðurstöðu, sem börn eru yngri, er þau verða fyrir slysi.

Á það skal bent, að tekjuáætlun er við það miðuð, að árstekjur dreifist jafnt yfir árið, og á þetta einnig við um unglingsárin. Þar sem slys það, sem hér um ræðir, átti sér stað í júnímánuði, og Ásgeir var þá í sumarvinnu, má ætla, að tjón hans það sumar hafi orðið meira en hið reiknaða tjón af völdum tímabundins orkutaps samkvæmt ofanrituðu. Kemur því til greina, að það tjón verði í staðinn miðað við tiltæk gögn um tekjutapið.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til dagpeningagreiðslna, sem slasaði kann að hafa fengið frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960. Um vaxtagrundvöll skírskotast til framangreindra athugasemda um það efni."

Í síðari álitsgerð tryggingafræðingsins segir svo:

„Við endurútreikning hef ég tekið tillit til breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum síðan í október 1975. Enn fremur eru nú tiltækar upplýsingar um vinnutekjur verkamanna samkvæmt úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1975. Nota ég þær upplýsingar, en styðst frá ársbyrjun 1976 við reynslu 10 ára tímabilsins 1966—1975 og umreikna tekjurnar með tilliti til kaupbreytinga. Þegar tillit er tekið til þessara atriða, reiknast mér árstekjur verkamanna verða sem hér segir:

Árið 1973	kr. 628.901.-
— 1974	— 949.003.-
— 1975	— 1.234.364.-
— 1976	— 1.468.494.-

Árið 1977 kr. 1.771.653.-
Eftir þann tíma — 1.785.827.-

Miðað við þessar árstekjur fullorðinna verkamanna, en lægri tekjur fram til 21 árs aldurs, svo sem frá er greint í fyrri útreikningi, reiknast mér verðmæti tapaðra tekna á slysdegi nema:
Vegna tímabundins orkutaps í 4 mánuði ..... kr. 4.642.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma ..... — 747.360.-

Samtals kr. 752.002.-

Hér er reiknað með 9% ársvöxtum til frambúðar. Ef reiknað er með 9% ársvöxtum frá slysdegi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum eftir þann tíma, reiknast mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna verða því sem næst 32,7% lægra en að framan greinir.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings."

Upplýst hefur verið undir rekstri málsins, að Ásgeir Húnbogason, eða stefnandi fyrir hans hönd, fékk greiddar slysabætur, kr. 25.000, frá tryggingarfélagi stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

III.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Vegna tímabundinnar örorku, þ. e. launatap í 13 vikur sumarið 1973 ..... kr. 52.884
2. Vegna varanlegrar örorku skv. örorkumati Páls Sigurðssonar læknis og tjónaútreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings, byggðum á því ..... — 540.653
3. Miskabætur .... — 200.000
4. Útlagður kostnaður, þ. m. t. örorkumat og tjónsútreikningur ..... — 27.135

Samtals kr. 820.627

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á því, að slysið hafi orðið vegna skorts á tilsögn af hálfu verkstjóra Saltvers, en þegar verkstjórinn skipaði Ásgeiri Húnbogasyni að vinna umrætt verk, hefði hann átt að ganga úr skugga um, að verkið væri ekki hættulegt unglingi, og sjá um að slökkva á vélinni, en sú vanræksla hafi orðið orsök á slysinu. Að auki hafi starfsmenn

stefnda vanrækt að hreinsa úrgang frá vélinni og hafi sú vanræksla átt þátt í, að slysið varð. Stefndi beri ábyrgð á þessum yfirsjónum starfsmanna sinna samkvæmt reglunni um húsbóndaábyrgð. Stefnandi bendir á, að þreyta Ásgeirs eftir óhæfilega langan vinnudag kunni að hafa átt sinn þátt í því, að slysið varð, en alla ábyrgð á slíku verði að leggja á stefnda og að auki sé um að ræða brot á 41. gr., 2. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, þar sem Ásgeir hafi verið þrettán ára, er slysið varð. Þá er því haldið fram, að af hálfu stefnda hafi verið vanrækt að tilkynna um slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, eins og boðið sé í 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, en lögreglurannsókn, sem fram fór nokkru síðar, hafi verið að frumkvæði lögmanns stefnanda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að slysið verði ekki rakið til vanbúnaðar tækja, skorts á öryggisbúnaði eða ófullnægjandi verkstjórnar. Ástæðu slyssins kveður hann hljóta að hafa verið þá, að Ásgeir hafi verið að fikta við að stinga burstanum ofan í vélina, sem hafi hrifsað burstann úr hendi hans, en hann ekki verið nægilega viðbragðsfljótur til að forða hendinni. Jafnvel þótt svo yrði talið, að orsök slyssins væri sú, að hann hefði runnið í fiskúrgangi, sem verið hefði á gólfinu, sé það ekki sök stefnda eða starfsmanna, sem hann beri ábyrgð á, þar sem svo hljóti alltaf að vera í frystihúsum, að þar sé fiskúrgangur á gólfum. Þá skipti og eigi máli, þótt Öryggiseftirlitið hafi eigi verið kallað á staðinn eftir slysið, þar sem marningsvélin hafi verið skoðuð af Öryggiseftirlitinu bæði fyrir og eftir slysið og verið talin fullkomlega lögleg. Þá er því mótmælt, að hinn langi vinnudagur þennan dag skipti hér máli, svo og að lög nr. 53/1966, 41. gr., 2. mgr., geri ábyrgð stefnda ríkari, þar sem honum verði ekki um það kennt, þótt foreldrar drengsins hafi kosið að láta hann vinna í frystihúsi. Varakrafa stefnda er á því byggð, að dómkröfur stefnanda séu allt of háar að undanskildum 4. kröfuliði, og í því efni er því m. a. mótmælt, að Ásgeir hafi orðið fyrir nokkru mælanlegu örorkutjóni. Varakrafan er einnig rökstudd á þann hátt, að skipta beri sök, þar sem Ásgeir eigi lang mesta sök á slysinu vegna aðgæsluleysis.

IV.

Dómurinn lítur svo á, að ætlað brot stefnda á 41. gr., 2. mgr., laga nr. 53/1966 felli eigi bótaábyrgð á hendur honum, enda

var yfirvinna Ásgeirs Húnbogasonar yfirleitt hófleg og eigi í ljós leitt, að hann hafi verið haldinn óhæfilegri þreytu, er slysið varð. Stefndi vanrækti að fara að fyrirmælum 26. gr. laga nr. 23/1952 og 2. gr., 2. tl., laga um meðferð opinberra mála, með því að hann tilkynnti eigi Öryggiseftirliti ríkisins um slysið eða hlutaðist að öðru leyti til um opinbera rannsókn vegna þess. Stefnda verður eigi dæmt áfall með skírskotan til þessa, þar sem dómkröfur stefnanda eru eigi reistar á vanbúnaði eða galla á marningsvél, og málavextir teljast vera nægilega upplýstir, en í dómi þessum verður frásögn Ásgeirs um aðdraganda slyssins lögð til grundvallar.

Þegar virt eru atvik að slysinu, þykir ljóst, að það verði alfarið rakið til vanrækslu verkstjórans, Sólrúnar Jensdóttur, við að leiðbeina Ásgeiri Húnbogasyni um hreinsun marningsvélarinnar og skorts á eftirliti með framkvæmd starfans. Henni bar að ganga úr skugga um, að slökkt væri á vélinni, áður en tekið væri til við hreinsunina. Stefndi ber ábyrgð á þessari yfirsjón samkvæmt reglu skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð. Ber því að leggja fébótaábyrgð vegna tjóns Ásgeirs Húnbogasonar óskorað á stefnda, enda er ósannað, að Ásgeir hafi sjálfur átt nokkra sök á slysinu.

Með hliðsjón af örorkumati, tjónmatsgerðum og öðrum gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, undanþágu bótagreiðslu frá tekjuskatti og tekjuútsvari svo og hagræði eingreiðslu þykir tjón Ásgeirs Húnbogasonar samkvæmt kröfuliðum 1 og 2 hæfilega metið kr. 400.000. Þá hafa verið frá dregnar tryggingarbætur frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 25.000.

Bætur samkvæmt kröfuliði 3 þykja að virtum læknisgögnum málsins hæfilega ákveðnar kr. 100.000.

Kröfuliður 4 hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt framanrituðu telst óbætt tjón Ásgeirs Húnbogasonar nema kr. 527.135 (kr. 400.000 + kr. 100.000 + kr. 27.135). Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 9% ársvöxtum frá 26. júní 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður til stefnanda ákveðst kr. 165.900 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni, kr. 150.000 í

talsmannslaun, en kr. 15.900 er útlagður kostnaður vegna málsóknar stefnanda.

Stefndi greiði kr. 165.900 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Eyþóri Þórðarsyni vélstjóra og Sigurbirni Pálssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Runólfur Sölvason, greiði stefnanda, Húnboga Þorleifssyni f. h. ólögráða sonar síns, Ásgeirs, kr. 527.135 ásamt 9% ársvöxtum frá 26. júní 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 165.900, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Stefndi greiði kr. 165.900 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1979.

Nr. 8/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Karli Pétri Sigurðssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kváðu upp Þorvarður K. Þorsteinsson bæjarfógeti ásamt samdómurunum Símoni Helgasyni og Einari Jóhannssyni fyrrv. skipstjórum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson skólastjóri markað á sjóuppdrátt staði b/v Elínar Þorbjarnardóttur, ÍS 700, samkvæmt mælingum, er starfsmenn Landhelgisgæslunnar framkvæmdu úr gæsluflugvél, sem flaug yfir togaranum árla morguns 12. apríl 1978, svo og stað v/s Þórs við togarann nokkru síðar sama morgun. Þá er bannsvæði það, sem togarinn er talinn hafa verið á, markað á uppdráttinn samkvæmt reglugerð nr. 415/1976.

Í bréfi skólastjórans 7. maí 1979 segir m. a. svo:

„Í kortinu eru:

I = staður TF-SÝR yfir togaranum kl. 0420 h. 12.04.78. Staður I mælist um 5,3 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

II = staður TF-SÝR yfir togaranum kl. 0434. Staður II mælist um 3,8 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

III = staður TF-SÝR yfir togaranum kl. 0500. Staður III mælist um 1,1 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

Þá hef ég sett út í kortið stað v/s Þórs við togarann kl. 0717 h. 12.04.78, staður IV, sem mælist um 0,7 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

Hraði togarans milli mælistaða flugvélarinnar reiknast mér:

Milli I og II um 5,9 sjóm.
— II — III — 7,3 —

Þess ber að gæta, að kortið er í litlum mælikvarða, og því má gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðaútreikningunum.“

Samkvæmt rannsóknargögnum verður að telja atferli þeirra, er fóru með stjórn á b/v Elínu Þorbjarnardóttur hinn 12. apríl 1978, það, er lýst er í hinum áfrýjaða dómi, fela í sér veiðiaðgerð í skilningi laga nr. 81/1976. Því er að vísu eigi hnekkt, að ákærði hafi verið sofandi, er hafist var

handa um veiði, en hann ber eindregna fjársektarábyrgð á því, er skip hans stundar ólöglegar veiðar innan fiskveiðimarkanna, sbr. dóma Hæstaréttar í Hrd. XLI, bls. 212, og XLII, bls. 980 og 1281. Eru lög nr. 81/1976 reist á þeirri lagastefnu. Með vísun til þessa ber að refsa ákærða samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 2. mgr. 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 415/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 263/1977 og 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, svo og samkvæmt 2. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 81/1976.

Skip það, er ákærði var skipstjóri á, b/v Elín Þorbjarnardóttir, ÍS 700, er 375 rúmlestir og 51.12 m að lengd, svo sem segir í héraðsdómi.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands 24. október 1979 jafngilda 100 gullkrónur 21.270.78 krónum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt, 4.200.000 krónur, til Landhelgissjóðs Íslands. Eigi er sýnt fram á, að ákærði eigi saknæman hlut að fiskveiðibroti því, sem að framan er fjallað um, og verður honum því eigi dæmd vararefsing, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, er breytir 53. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 ber að gera andvirði afla og veiðarfæra b/v Elínar Þorbjarnardóttur, ÍS 700, upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Pétur Sigurðsson, greiði 4.200.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Andvirði afla og veiðarfæra b/v Elínar Þorbjarnardóttur, ÍS 700, skulu upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðarsýslu 14. apríl 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 13. apríl 1978, höfðað á hendur Karli Pétri Sigurðssyni, Hjallavegi 11 á Suðureyri, fæddum 29. júlí 1942 í Kúvíkum í Árneshreppi, Strandasýslu, skipstjóra á togaranum Elínu Þorbjarnardóttur, ÍS 700, fyrir fiskveiðibrot „með því aðfararnótt miðvikudagsins 12. apríl 1978 að vera á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 375 brúttórúmlestir og 51.12 metrar að lengd, norður af Kögri á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar.

Telst brot þetta varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 2. mgr., 2. tölul., 1. gr. reglugerðar um friðunarsvæði við Ísland nr. 415/1976, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 263/1977, svo og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 og lög um breytingu á þeim lögum nr. 45/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81/1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með taldir dragstrengir, svo og öllum afla og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, Karl Pétur Sigurðsson, telst sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði hlotið refsingu sem hér segir:

1960 29/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1967 29/6 í Reykjavík: Sátt, 16.000 kr. sekt fyrir brot á 3. grein áfengislaga og 38. gr. tolllaga.

Málavextir eru þeir skv. skýrslu Guðmundar Kjærnested, skipherra á flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SÝR, dags. 12. apríl 1978, flaug Landhelgisgæsluvélin TF-SÝR yfir b/v Elínu Þorbjarnardóttur, ÍS-700, hinn sama dag, „sem var með botnvörpu í sjó inn á friðaða svæðinu N af Kögri." Nánari atvik voru, að „kl. 04.20 var flogið yfir skuttogarann ÍS-700, staður Loran C

S.L.-3Y 46638, SL-3Z 62503 (staður I), er gefur stað togarans um 5,6 sml. fyrir innan fiskveiðimörkin í friðarhólfinu N af Kögri. Sást, að togarinn var með vörpu í sjó og hélt í V-læga stefnu.

Kl. 04.24 var flogið yfir togarann og samtímis mæld fjarlægð í Kögur með radar, reyndist hún vera 37 sml. Kl. 04.34, var staðarákvörðun endurtekin yfir togaranum. Loran C SL-3Y 46629, SL-3Z 6250 (staður II), gefur það stað togarans um 4,0 sml. fyrir innan fiskveiðimörkin.

Kl. 05.00 var staðarákvörðun endurtekin Loran C SL 3Y 46608, SL-3Z 62500 (staður III), gefur það stað togarans um 1,5 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Var nú haft samband við ÍS-700 á V.H.F. og skipstjóri spurður um, hvaða veiðarfæri hann væri með í sjó. Sagðist hann vera með botnvörpu, en hlerar væru í gálgum. Var honum bent á, að hann væri inni á friðaða svæðinu. Sagði hann ástæðuna vera þá, að stýrimaður hefði ætlað að kasta vörpunni, en Lóran sinn væri ekki í góðu lagi. Hefði hann þá séð togara nokkuð langt V af sér, hefði hann því ákveðið að kippa vestar, áður en hann slakaði meiru út, en í því hefði flugvélin komið yfir skipið. Voru nú Loranar togarans og flugvélarinnar bornir saman, og virtust þeir eins.

Kl. 05.39 var flogið yfir v/s Þór og Loran og radar flugvélarinnar bornir saman við tæki varðskipsins, og reyndust þau eins.

Veður: hægviðri, lítilsháttar él, gott skyggni."

Gæslumenn um borð í TF-SÝR höfðu samband í gegnum talstöð við v/s Þór og báðu um aðstoð við töku togarans, sem var veitt.

Klukkan 0720 þann sama dag fóru varðskipsmenn af Þór um borð í b/v Elínu Þorbjarnardóttur, og skv. skýrslu Bjarna Ó. Helgasonar skipherra „kom þá í ljós, að toghlerar, togvírar, bobbingar, grandaravírar, skutrenna og þilfar voru fægð. Var greinilegt, að ekki var langt síðan veiðarfæri höfðu verið innbyrt. Enginn fiskur var á þilfari né heldur í fiskmóttöku, hins vegar fundust tveir lifandi krabbar.

Þegar varðskipsmenn voru að fara frá borði, sást, að smávegis ryð var að falla á ofangreinda hluti."

Guðmundur Kjærnested skipherra mætti hér fyrir dómi og staðfesti skýrslu sína. Hann kvaðst hafa séð víra togarans þanda í sjó eins og í venjulegri togstefnu. Hann kvaðst ekki hafa kannað veiðarfæraútbúnað skipsins frekar, en snúið sér að staðar-

ákvörðunum, sem hann vann að ásamt flugstjóra vélarinnar, 1. stýrimanni og loftskeytamanni. Að þeim loknum hafi verið haft samband við togarann og hafi skipstjóri hans sagt, að hlerar væru í gálgum. Guðmundur kveðst hafa kannað þetta og séð, að hlerar voru í gálgum, en varpan hafi flotið í kjölvatni skipsins 50 til 100 faðma fyrir aftan það. Skipið hafi þá verið á um 8 sjóm hraða, en fyrst er komið var að því, hafi sér virst það á líklegri togferð. Skipstjórinn hafi innbyrt vörpuna að sinni beiðni og hafi hann fylgst með, er hún var innbyrt. Ekki hafi sést umtalsverður fiskur í vörpunni, ef hann hafi verið nokkur. En erfitt sé að fullyrða um slíkt, þar eð hann hafi séð þetta við ljós og þar eð húðir á poka og fiskur sé mjög líkt á lit við þau skilyrði, geti hann ekki fullyrt, að hann hafi séð fisk, þá hann hafi talið sig sjá hann. Ekkert hafi verið í pokanum, er hann sá hann útbreiddan á dekki. Ekki hafi verið unnt að fylgjast samfellt með atburðarás úr flugvélinni. Hann kvað skipverja togarans hafa farið eftir fyrirmælum sínum, er varpan var innbyrt. Vitnið Pálmi Hlöðversson, 1. stýrimaður á TF-SÝR, staðfesti skýrslu skipherra hér fyrir dómi og kvað hana rétta. Hann kvaðst hafa séð víra togarans í sjó, fyrst er komið var að togaranum, og síðar vörpuna fljóta í sjávarskorpunni nokkuð fyrir aftan togarann. Hann kvaðst hafa séð toghlera togarans í gálgum, nokkuð áður en skipstjóri hans upplýsti áhöfn flugvélarinnar um það. Hann kvaðst hafa séð, er varpa togarans var dregin inn og hafi verið ánetjaður fiskur í vörpunni, síðar, er pokinn lá flatur á þilfari, hafi hann engan fisk séð. Ekki varð hann þess var, að reynt væri að hylja hugsanleg vegsummerki.

Vitnið Guðjón Benedikt Jónsson, yfirflugstjóri á TF-SÝR, staðfesti skýrslu skipherra hér fyrir dómi. Hann kvaðst hafa séð víra togarans í sjó í fyrsta aðflugi, en ekki veitti hann athygli hlerum skipsins. Vörpuna sá hann á yfirborði sjávar í síðari aðflugum. Er varpan var komin að skut skipsins, kvaðst hann hafa séð ljósa bletti í vörpunni, en hvað það hafi verið, treysti hann sér ekki til að segja um. Frá því að varpan var í skutrennu togarans þar til hún lá flöt á dekki, hafi liðið u. þ. b. 3 mín. Flughæð vélarinnar kvað hann hafa verið 150 til 200 fet og flughraða 140 hnúta og lýst hafi verið upp með ljóskastara.

Reynir Björnsson, loftskeytamaður á TF-SÝR, mætti fyrir dómi og staðfesti skýrslu skipherra. Hann kvaðst hafa séð í þriðja aðflugi vélarinnar, kl. 0430, vírana aftur úr togaranum og dauði leggurinn hafi þá hangið niður úr vírunum, sem lágu hátt í sjó.

Þegar búið var að innbyrða vörpuna, þá hafi hann verið frá leystur pokinn og nokkrir tugir hafi verið ánetjaðir í pokanum. Ekki kvaðst hann hafa séð annan fisk en ánetjaðan, og ekki varð hann þess var, að skipverjar væru að fjarlægja fisk úr vörpunni.

Ákærði, sem er skipstjóri á b/v Elínu Þorbjarnardóttur, ÍS 700, kvað, að hann hefði lagt í umrædda veiðiferð hinn 6. apríl sl. Síðast hafi hann verið á veiðum á Sléttugrunni hinn 11. þ. m. og hafi verið haldið þaðan í vestur kl. 1500 þann dag. Ætlunin hafi verið að setja út botnvörpu, er komið væri vestur fyrir friðaða hólfið út af Kögri. Ákærði kvað Lorantæki skips síns hafa verið illa stillt, „masterar" stöðvanna hafi dottið út á milli 20 og 22 11. apríl og hafi sér ekki tekist að fá þá inn. Ákærði kveðst hafa verið í svefni, er flugvél Landhelgisgæslunnar kom að togaranum. Þegar hann hafi verið kallaður upp í brú, þá hafi botnvarpa skipsins verið í sjó, búið hafi verið að slaka gröndurum í hlera. Ekki kvaðst ákærði geta vefengt fyrstu tvær staðarákvarðanir gæsluvélarinnar, en þá 3. gæti hann staðfest sem rétta, því þá hefði verið búið að stilla Lorantæki skipsins. Hann hafi að boði skipherra TF-SÝR híft inn vörpuna, enginn fiskur hafi verið í henni, og ekki kvaðst hann hafa séð ánetjaðan fisk, en það sé fræðilegur möguleiki, að einhver fiskur hafi verið ánetjaður, því fiskurinn á Sléttugrunni hafi verið smár. Er varpan kom inn, hafi húðirnar verið öfugar í öðrum pokanum, en þær séu ljósar. Hann kvaðst hafa í öllu farið eftir boðum skipherra á TF-SÝR við að taka inn vörpuna.

Vitnið Ólafur Kristján Ólafsson, 1. stýrimaður á b/v Elínu Þorbjarnardóttur, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið við stjórn skipsins, er TF-SÝR flaug yfir skipið. Hann hafi verið nýbúinn að slaka vörpunni út og hafi verið að láta festa gröndurum í hlera, en hann hafi talið sig vera kominn vestur úr hólfinu, en Loraninn hafi verið vanstilltur og órólegur. Hann hafi síðan ályktað, að hann væri ekki kominn út úr hólfinu, og hafi ætlað að fara að láta hífa vörpuna inn aftur í sama mund og gæsluvélin flaug yfir skipið. Hann kvaðst þá hafa kallað skipstjórann, sem hafi komið upp í brú og þegar látið auka ferð skipsins, sem hafi verið um 4 mílur. Engan fisk kvað stýrimaður hafa verið í vörpunni, er hún var innbyrt, en hvort einhverjir fiskar hafi verið ánetjaðir, kvaðst hann ekki geta fullyrt um.

Fyrir dóminn kom vitnið Sveinn Sigurðsson, bátsmaður á b/v Elínu Þorbjarnardóttur. Hann kvaðst hafa verið við að slaka vörpunni út í umrætt sinn og hafi verið að slaka gröndurum út,

er TF-SÝR flaug yfir skipið. Engan fisk kveður hann hafa verið í vörpunni, er hún var dregin um borð.

Einnig mætti fyrir dóminum Sveinn Þorkelsson, háseti á b/v Elínu Þorbjarnardóttur, og kvað hann vörpuna hafa verið komna í sjó og gröndurum slakað, er TF-SÝR flaug yfir skipið. Engan fisk kvað hann hafa verið í vörpunni, er hún kom aftur um borð.

Álit dómsins.

Ljóst er með eigin framburði ákærða og vitna hér fyrir dómi, að ákærði var í umrætt sinn á skuttogaranum Elínu Þorbjarnardóttur, ÍS 700, innan svæðis þess, sem í ákæru greinir, þar sem allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar.

Einnig þykir sannað í málinu, að botnvarpa skipsins hafi verið í sjó innan hins friðaða svæðis í umrætt sinn. En hins vegar kveður ákærði, að skip sitt hafi alls ekki verið á veiðum í umrætt sinn. Hann kveður hlera vörpunnar hafa verið í gálgum. Framburðir skipverja styðja þennan framburð ákærða. Framburðir varðskipsmanna stangast ekki á við það, að hlerar hafi verið í gálgum, er komið var að togaranum í umrætt sinn. Ákærði ber, að enginn fiskur hafi verið í vörpunni, og styðst þar við framburð skipverja. Framburður áhafnar TF-SÝR er nokkuð ósamhljóða um þetta atriði, og verður að túlka vafa um þetta atriði ákærða í hag, sérstaklega ef tekið er tillit til, hve erfitt er að átta sig á aðstæðum í skini kastljósa á flugi í náttmyrkri. Styðst þessi framburður ákærða og við skýrslu skipverja á v/s Þór um þurrar fiskmóttökur. Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að ákærði hafi ekki verið að veiðum í umrætt sinn. Kemur því til álita, hvort um tilraun hafi verið að ræða, samanber 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hvort um afturhvarf frá tilraun hafi verið að ræða, sbr. 21. gr. sömu laga. Um þetta atriði liggur ekkert fyrir annað en framburður 1. stýrimanns togarans. Telja verður, að mjög rík sönnunarbyrði hljóti að hvíla á ákæruvaldinu í tilfelli sem þessu, sérstaklega ef tekið er tillit til þess, að um hlutlæga ábyrgð ákærða er að ræða. Verður því að telja, að ekki sé fram komin full sönnun á, að um tilraun hafi verið að ræða. Verður því ekki talið, að ákærði hafi gerst brotlegur við þau ákvæði laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem í ákæru greinir, né um tilraun til brota á þeim ákvæðum.

Hins vegar hefur ákærði játað, að varpa skipsins hafi verið í sjó í umrætt sinn, sem er og í samræmi við önnur gögn málsins. Hafa því veiðarfæri b/v Elínar Þorbjarnardóttur, ÍS 700, ekki

verið í búlka innanborðs í umrætt sinn, svo sem skylt er samkvæmt 11. gr. laga 81/1976. Þykir því rétt, að ákærða verði dæmd refsing í samræmi við það samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 74/1974.

B/v Elín Þorbjarnardóttir, ÍS 700, er 375 brúttórúmlestir og 51.12 metrar að lengd. Samkvæmt skeyti Seðlabanka Íslands, dags. 12. apríl 1978, er gullgengi íslensku krónunnar þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 13.914.13 seðlakrónum. Þykir refsing ákærða samkvæmt 11. gr., sbr. 18. gr. laga 81/1976, sbr. 2. mgr., 2. tölul., 1. gr. reglugerðar nr. 415/1976, sbr. breytingu á þeirri reglugerð 263/1977, svo og 4. gr. reglug. nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 45/1974, hæfilega ákveðin 1.800.000 kr. í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 18. gr. laga 118/1976 eru ekki efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra.

Þar sem eigi er annað upp komið í máli þessu en ákærði hafi verið sofandi, er umrætt brot var framið, þykir eigi eiga að dæma ákærða til refsingar til vara, þar sem hann hafi eigi átt saknæman þátt í brotinu.

Rétt er, að ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, kr. 170.000.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Pétur Sigurðsson, greiði kr. 1.800.000 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, kr. 170.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1979.

Nr. 11/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Birni Ingólfssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kváðu upp Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringusýslu, og samdómsmennirnir Ragnar Björnsson hafnarstjóri og Árni Þorsteinsson hafnsögumaður.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt staði m/b Freys, KE 98, samkvæmt staðarákvörðunum varðskipsmanna á v/s Þór. Í greinargerð skólastjórans, dags. 7. maí 1979, segir svo:

„Í kortið hef ég dregið mörkin fyrir friðað svæði á Selvogsbanka samkv. reglugerð nr. 17 19. janúar 1976 um breytingu á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í kortinu er:

I = staður v/s Þórs við hlið bátsins kl. 0756 h. 05.04.76. Staður I mælist um 3,2 sjóm. innan friðaða svæðisins (línunnar AB í kortinu).

Staður I er ákveðinn með fjarlægð frá Ingólfsfjalli og Surtsey. Matsatriði getur verið, hvaðan í kortinu á að setja út fjarlægðina frá Ingólfsfjalli, þar sem hlíðarmörkin eru ekki svo greinilega afmörkuð í korti nr. 31, og þríhyrningapunkturinn á Ingólfsfjalli sést ekki í radar sem afmarkaður punktur. Hef ég við útsetninguna stuðst við Uppdrátt Ís-

lands (Islands kortlægning) þar sem hlíðarmörkin eru greinilegar afmörkuð.

Þá hef ég sett út staðsetningu varðskipsins kl. 0756 með því að reikna með 1,5% fjarlægðarskekkju bátnum í hag, en það er sú fjarlægðarskekkja sem framleiðendur Sperry-ratsjár varðskipsins viðurkenna, staður II í kortinu.

Staður II mælist um 2,8 sjóm. innan friðaða svæðisins".

Samkvæmt gögnum máls, mælingum varðskipsmanna, sem ákærði hefur ekki vefengt, og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra er sannað, að ákærði hefur verið að ólöglegum þorsknetaveiðum á þeim stað og tíma, sem í máli þessu greinir. Þykir brot ákærða varða við 1. tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 17/1976 um breyting á reglugerð nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum, sbr. nú 1. tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 415/1976 um friðunarsvæði við Ísland og 1. gr. reglugerðar nr. 134/1977 um netaveiðisvæði á Selvogsbanka, sbr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. 7. og 12. gr. laga nr. 81/1976.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði ákveðin samkvæmt 6. gr. i. f. reglugerðar nr. 299/1975, sbr. 2. gr. i. f. laga nr. 45/1974. Svo sem ákæruskjal ber með sér og vikið er að í héraðsdómi, er í ákæru krafist refsingar samkvæmt „6. gr. i. f., sbr. 3. gr. i. f. laga nr. 44/1948", en þau lög geyma aðeins fjórar greinar. Er ljóst, að í ákæru hefur fallið niður að vísa í reglugerð nr. 299/1975 eftir „6. gr. i. f.". Er og í bréfi ríkissaksóknara 20. apríl 1976, þar sem heimilað er að ljúka máli þessu með dómssátt, vísað til 3. og 6. gr. þessarar reglugerðar. Var ákærða kunnugt efni þessa bréfs svo og skipuðum verjanda hans, áður en dómur var lagður á málið í héraði. Verður refsing ákærða því ákvörðuð með hliðsjón af kröfugerð ákæruvalds, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, sbr. og refsiákvæði annarra framangreindra laga og reglugerða, sem vitnað er til í ákæru, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing

ákærða hæfilega ákveðin 500.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 40 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 125.000 krónur.

Það athugast, að höndum hefur verið kastað til við samningu ákæruskjals. Óhæfilegur dráttur hefur orðið á meðferð málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Ingólfsson, greiði 500.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 40 daga í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 25. maí 1978.

Mál þetta, sem þingfest var 15. des. sl. og dómtekið 12. f. m., hefur ríkissaksóknari höfðað með ákæru, útgefinni 26. apríl 1977, á hendur Birni Ingólfssyni, þá til heimilis að Vallargötu 6, Sandgerði, en nú að Hamarsstíg 33, Akureyri, „skipstjóra á Frey, KE 98, sem er 105 brúttó-rúmlestir og 27.86 metrar að lengd, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 17 19. janúar 1976, sbr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948 og lög um

breyting á þeim lögum nr. 45/1974, sbr. síðar 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um friðunarsvæði við Ísland nr. 415/1976, og reglugerð um netaveiðisvæði á Selvogsbanka nr. 134/1977, sbr. lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, með því árla morguns mánudaginn 5. apríl 1976 að vera á þorskanetaveiðum á nefndum báti á svæði á Selvogsbanka, þar sem allar veiðar voru bannaðar á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 6. gr. i. f., sbr. 3. gr. i. f. laga nr. 44/1948, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum, sbr. 17. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er sakhæfur, fæddur 4. des. 1948 í Reykjavík. Samkvæmt sakavottorði, dags. 26. apríl 1977, var hann dæmdur í 40.000 kr. sekt fyrir fiskveiðibrot í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu þann 25. apríl 1971, auk upptöku afla og veiðarfæra, en öðrum kærum og refsingum hefur hann ekki sætt, sem hér kunna að skipta máli.

Málavextir.

Í skýrslu Landhelgisgæslunnar, dags. 6. (sic) apríl 1976, segir, að mánudaginn 5. apríl s. á. var m/b Freyr, KE 98, skipstjóri ákærði í máli þessu, staðinn að meintum ólöglegum veiðum á Selvogsbanka. Voru nánari atvik þau, að kl. 0756 þann dag kom varðskipið Þór að nefndum báti innan friðaða svæðisins á Selvogsbanka, en skipverjar hans voru þá að draga inn þorskanet. Var gerð svofelld staðarákvörðun við hlið bátsins:

Ingólfsfjall	fj. 30.3 sml
Surtsey	fj. 23.2 sml

en þetta gaf stað bátsins 3.3 sml innan friðaða svæðisins. Var staðarákvörðun endurtekin kl. 0757 með sömu niðurstöðu og fyrr. Haft var samband við ákærða og honum skýrt frá staðarákvörðuninni, sem hann mótmælti ekki. Var honum sagt að taka upp þorskanet sín og enn fremur, að mál hans yrði kært.

Veður var V 7—8, sjór 5—6, éljagangur.

Réttarrannsókn í máli þessu hófst 8. apríl s. á., og kom ákærði þá fyrir dóm. Sagði hann, að hinn 30. mars næstan á undan hefði hann lagt 9 trossur norðan og austan við hið friðaða hólf, eins og það var markað á sjókorti hans og getið var um í sjómannaalmanaki. Hinn 31. mars hefði hann átt trossur í sjó á sama stað og annað skip hlaut kæru út af 3. apríl og hefði varð-

skipið Þór, sem þá var þarna á staðnum, ekki haft önnur afskipti af honum en benda honum á að færa endann á trossunni norðar, þar sem hún væri á línunni eða alveg við hana. Kvað ákærði, að sér hefði virst skipherrann gæta þess svæðis, sem á sjókorti hans (ákærða) var markað sem friðað svæði.

Ákærði sagði, að varðskipið hefði kallað hann upp um kl. 0830 þann 5. apríl. Tilkynnti það honum, að hann væri með netin innan friðaða svæðisins og skipaði, að þau yrðu tekin upp. Segist ákærði ekkert hafa vitað, hvorki heyrt né lesið, að friðaða svæðið þarna hefði verið stækkað, fyrr en skipherra varðskipsins tilkynnti það þennan dag, þ. e. 5. apríl.

Ákærði sagði m/b Frey vera 105 brúttórúmlestir að stærð.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt 19. apríl 1977, en hann hafnaði því. Ítrekaði hann, að hann hefði ekki vitað um stækkun friðaða hólfsins og talið sér heimilt að veiða á umræddum stað. Jafnframt ítrekaði hann, að nærvera varðskipsins í u. þ. b. vikutíma á svæðinu fyrir 5. apríl 1976 hefði ekki vakið hjá honum minnsta grun um, að hólfið hefði verið stækkað til austurs.

Í máli þessu liggur fyrir framburður Jóns Björns Vilhjálmssonar, skipstjóra á m/b Hörpu, RE 42, en hann var einnig kærður sama dag fyrir sama brot og ákærði. Kemur fram hjá honum, að hann hafi ekkert vitað um stækkun svæðisins.

Í málinu var lagt fram ljósrit af sjókorti því, sem ákærði fór eftir. Var friðaða svæðið markað á það, eins og það var fyrir stækkun þess með reglugerð nr. 17/1976. Þá var enn fremur lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins 19. des. sl. Segir þar, að auk birtingar nefndrar reglugerðar hafi ráðuneytið í janúarmánuði 1976 sent til allra dagblaða, útvarps og sjónvarps fréttatilkynningu, þar sem vakin er m. a. athygli á breytingum á friðunarsvæðinu á Selvogsbanka, og fylgdi kort af friðunarsvæðinu fréttatilkynningunni. Er rétt að geta þess hér, að umrætt svæði er bannað öllum veiðum frá 20. mars til 15. maí samkv. áðurnefndri reglugerð.

Þáverandi skipherra varðskipsins, Þorvaldur B. Axelsson, hefur komið fyrir dóm út af máli þessu. Kannaðist hann við að hafa gert framanlýsta skýrslu og væri hún gerð eftir bestu vitund og samvisku. Hann kvaðst hafa verið á umræddu svæði nokkuð fyrir 5. apríl 1976 og sagði það af og frá, að hann og þeir varðskipsmenn hefðu ekki vitað um staðarmörk friðunarsvæðisins á þessum tíma. Hann mundi ekki, hvort hann hafði samband við

ákærða 31. mars, og sagði, að hefði ákærði haft net sín innan marka þann dag, gæti mismunur á aðgerðum falist í fyrirmælum yfirstjórnar Landhelgisgæslunnar á þessum tíma, en reynt hefði verið að fara eins vægilega í sakirnar til að byrja með varðandi veiðar innan marka friðaða svæðisins.

Fyrir dómi mætti einnig þáverandi 1. stýrimaður varðskipsins, Friðgeir Olgeirsson skipherra. Lagði hann fram úrklippu úr sjókorti, og sagði hann staðsetningu m/b Freys vera merkta þar inn á. Að sögn mætta kæmi þar glögglega fram, að báturinn var inni á friðaða svæðinu.

Mætti kynnti sér skýrslu skipherrans og staðfesti hana rétta. Hann kvaðst hafa gert staðarákvörðunina og unnið að skýrslu skipherrans og væri hvort tveggja gert eftir bestu vitund.

Báðir varðskipsmennirnir unnu heit að framburði sínum.

Álit dómsins.

Sannað þykir með mælingum varðskipsmannanna og sjókorti, að ákærði var með bát sinn innan marka friðaða svæðisins á Selvogsbanka mánudagsmorguninn 5. apríl 1976. Með framanraktri skýrslu Landhelgisgæslunnar, sem báðir nefndir varðskipsmenn hafa staðfest rétta, svo og framburði ákærða sjálfs þykir einnig sannað, að hann var þar að veiðum. Hefur hann með þessu atferli sínu, sem rétt er lýst í ákæru, brotið gegn 1. tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 17/1976, sbr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lög nr. 45/1974 um breytingu á þeim lögum. Sjá nú 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 415/1976 um friðunarsvæði við Ísland og reglugerð nr. 134/1977 um netaveiðisvæði á Selvogsbanka, sbr. lög nr. 81/1976 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Refsikrafa ákæruvaldsins er tekin til greina, þar sem vanþekking eða óvitund ákærða á þeim lögum og reglum, sem vörðuðu mörk friðaða svæðisins á Selvogsbanka frá 20. mars — 15. maí 1976, leysir hann ekki undan refsingu, en hins vegar þykir rétt við ákvörðun hennar að hafa í huga þá villu, sem varðskipsmenn kunna að hafa valdið ákærða með nærveru sinni um nokkurn tíma fyrir 5. apríl 1976.

Refsing ákærða samkv. 3. gr. i. f. laga nr. 44/1948, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum, þykir hæfilega ákveðin sekt, kr. 250.000, til Landhelgissjóðs, sbr. 17. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Varðhald í 25 daga komi til

afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dómsins. Ákæru má skilja þannig, að einnig sé krafist refsingar eftir 6. gr. i. f. laga nr. 44/1948, en þau lög eru aðeins fjórar greinar. Átti líklegast að vísast hér í áðurnefnda reglugerð nr. 299/1975, en þar sem hún er ekki nefnd í refsikröfu ákæruvaldsins, byggist refsing einungis á þeim lagaákvæðum, sem áður greinir.

Ákærði skal einnig dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. laun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Dráttur sá, sem hefur orðið frá dómtöku til dómsuppsögu málsins, stafar af önnum dómsforseta, en annar dráttur á rekstri þess verður ekki réttlættur.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Ingólfsson, greiði kr. 250.000 í sekt til Landhelgissjóðs, og komi varðhald í tuttugu og fimm daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1979.

Nr. 119/1978. **Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson** (Jón E. Ragnarsson hrl.) gegn **Landsbanka Íslands** (Stefán Pétursson hrl.).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 9. júní 1978. Krefjast þeir þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda. Til þrautavara krefjast áfrýjendur sýknu að svo stöddu. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu sína um frávísun sakar frá héraðsdómi byggja áfrýjendur á 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936.

Engin haldbær rök eru fyrir kröfu þessari, og verður henni ekki sinnt.

II.

Í héraði höfðu áfrýjendur ekki uppi kröfu um algera sýknu. Er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að krafa þessi komi til álita fyrir Hæstarétti.

III.

Kröfu sína um sýknu að svo stöddu styðja áfrýjendur þeim rökum, að víxill sá, sem mál þetta er af risið, hafi verið til tryggingar vegna hlaupareiknings nr. 12402, en óvíst sé, hvernig staða reiknings þessa hafi verið, þegar afsögn víxilsins fór fram.

Hér er um víxilmál að ræða, og byggir stefndi kröfu sína á víxli, sem afsagður var með lögmætum hætti. Hafa áfrýjendur ekki haft uppi neinar þær varnir í máli þessu, sem koma má að gegn andmælum stefnda í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 19. gr. laga nr. 93/1933.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera áraskaður.

Áfrýjendur, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guð-

brandsson, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 250.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí 1977, hefur bankastjórn Landsbanka Íslands, Reykjavík, f. h. bankans höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 10. febrúar sl., á hendur Alexander Sigurðssyni, nnr. 0224-8506, Krummahólum 6, Reykjavík, og Sigurði Guðbrandssyni, nnr. 7558-7121, Sogavegi 138, Reykjavík, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 29. nóvember 1977 til greiðsludags, kr. 1.900 í afsagnarkostnað og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu skiluðu greinargerð þann 28. febrúar sl., og var málinu þá jafnframt vikið til venjulegrar meðferðar.

Stefndu gerðu þær dómkröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara gerðu þeir kröfu um sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda. Enn fremur gerðu stefndu kröfu um ríflegan málskostnað úr hendi stefnanda.

Með úrskurði, uppkveðnum 27. apríl sl., var frávísunarkröfu stefndu hrundið.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 1.000.000, útgefnum 26. janúar 1977 af Alexander Sigurðssyni og samþykktum af Stálvirkjanum h/f til greiðslu við sýningu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, með ábekingum, útgefanda og Sigurði Guðbrandssyni.

Þann 29. nóvember 1977 hafi víxillinn verið sýndur til greiðslu í afgreiðslusal Landsbanka Íslands, en þar hafi enginn verið, sem vildi innleysa víxilinn, og hafi hann því verið afsagður.

Kröfubréf hafi ekki borið árangur.

III.

Stefnandi byggir kröfu sína á framlögðum víxli og aðrar varnir en þær, sem koma má að í víxilmáli skv. 208. gr. laga nr.

85/1936, fái ekki komist að í máli þessu. Varnir stefndu séu ekki víxilvarnir, heldur snerti þær lögskiptin að baki víxlinum.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að skv. áritun stefnanda sjálfs sé dskj. nr. 2 „Tryggingarvíxill v/hlr. 12402". Hins vegar sé ekki að því vikið, að stefnanda sé nú heimilt að grípa til þessarar tryggingar, þar sem ekki hafi verið sýnt fram á, að skuld sé á hlaupareikningi nr. 12402. Greiðsluskylda stefndu sé því engin eða a. m. k. ókomin. Sýknukrafan styðjist við ákvæði 69. gr. einkamálalaga.

IV.

Stefnandi hefur lagt fram víxil, sem er í samræmi við málavaxtalýsingu hans að öllu leyti. Víxillinn fullnægir formskilyrðum víxla skv. víxillögum nr. 93/1933, og getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, sem víxillinn veitir honum, sbr. 19. gr. sömu laga.

Stefndu hafa ekki haft uppi neinar þær varnir, sem koma má að skv. 208. gr. laga nr. 85/1936, og öðrum vörnum verður ekki komið að án samþykkis stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 235.000.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson, greiði in solidum stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 1.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 29. nóvember 1977 til greiðsludags, kr. 1.900 í afsagnarkostnað og kr. 235.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. nóvember 1979.

Nr. 62/1977. **Bílhlutir h/f**
(Jón Bjarnason)
gegn
Bifreiðum og Landbúnaðarvélum h/f
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 19. apríl 1977. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér 84.585 krónur ásamt 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. maí 1973 til 15. júlí 1974, 13% af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 27. júní 1975, 13% af 143.837 krónum frá þeim degi til 26. nóvember 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. september 1979 og 26% frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afhendingu 48 rúða í Volkswagen bifreiðar.

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur eigi fært fyrir því haldbær rök, að stefndi hafi haft svik í frammi í lögskiptum þeim, er mál þetta varðar. Með þeirri athugasemd ber að staðfesta héraðsdóm, sem eigi er gagnáfrýjað, með vísan til forsendna hans.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bílhlutir h/f, greiði stefnda, Bifreiðum og Landbúnaðarvélum h/f, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. janúar 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hafa Bílhlutir h/f, Suðurlandsbraut 60 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, birtri 11. nóvember 1975, á hendur Bifreiðum og Landbúnaðarvélum h/f, Suðurlandsbraut 14 hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 84.585 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 3. maí 1973 af þeirri fjárhæð til 27. júní 1975, en af kr. 143.837 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. framlögðum reikningi, allt gegn afhendingu á 48 rúðum í Volkswagen bifreiðar, nr. 520, en stefnda hafa þegar verið afhentar tvær sams konar rúður.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði alfarið sýknaður og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ á dómsdegi.

Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á stefnukröfunum.

Málavextir eru þeir, að þann 3. maí 1973 keypti stefnandi og fékk afhentar 200 rúður í Volkswagen bifreiðar hjá stefnda, 100 rúður nr. 9207 og 100 nr. 520. Rúður þessar voru í fjórum kössum, 50 í hverjum. Þegar eftir móttöku opnaði stefnandi tvo kassana. Rúður í þessum kössum voru af sín hvorri tegund. Ekkert reyndist athugavert við þessar rúður. Stefnandi seldi rúður úr þessum tveim kössum á næstu mánuðum, og að þeim seldum voru hinir kassarnir opnaðir. Ekkert reyndist athugavert við rúður nr. 9207, en helming rúðanna nr. 520, þ. e. rúðurnar í síðari kassanum af þeirri tegund, telur stefnandi vera ónothæfar vegna galla. Rúður þessar voru, svo sem venjulegt er, í lokuðum trékössum. Var vel frá rúðunum gengið, og var hver þeirra um sig vafin í brúnan umbúðapappír. Til þess að sjá galla hverrar einstakrar rúðu hefði þurft að vefja utan af þeim umbúðapappírnum. Samkvæmt framburði starfsmanna stefnanda höfðu kassarnir ekki verið teknir upp, áður en þeir voru afhentir stefnanda, og síðari kassinn af tegundinni nr. 520 ekki, fyrr en að fyrri kassanum seldum. Framburður fyrirsvarsmanns stefnanda er á sömu lund. Strax og gölluðu rúðurnar komu í ljós, var skv. framburði fyrirsvarsmanns stefnanda athugað það, sem eftir var af rúðunum, og komu þá gallarnir í ljós. Heldur stefnandi því fram, að stefnda hafi samstundis verið skýrt frá þessu og tvær gallaðar rúður afhentar honum til sönnunar á gallanum.

Stefnandi heldur því fram, að þá hafi svo staðið á, að hann hafi átt ógreiddan víxil að fjárhæð kr. 81.400, sem falla hafi átt í gjalddaga þann 1. nóvember 1973, en víxil þennan hafi stefnandi samþykkt vegna kaupa á rúðunum. Hann hafi því talið, að samkomulag yrði um, að víxilinnheimta félli niður af hálfu stefnda, en það hafi staðið mjög á endum, að andvirði gölluðu rúðanna ásamt bótum vegna tapaðs söluágóða væri það sama og fjárhæð víxilsins. Stefnandi hafi því ekki greitt víxilinn á gjalddaga og enginn reki hafi verið gerður að því af hálfu stefnda að fá víxilinn greiddan. Stefnandi hafi því álitið, að máli þessu væri lokið.

Stefndi hafi síðan skyndilega hafist handa með innheimtu víxilsins rúmu hálfu ári eftir gjalddaga hans. Afrit af innheimtubréfi frá Bergi Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni til stefnanda hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 11, og er það dagsett 12. júní 1974. Lögmaður stefnanda kveðst hafa haft tal af lögmanni stefnda og skýrt honum frá gölluðu rúðunum og hafi verið komið á viðræðufundi milli aðilja, sem ekki hafi þó leitt til niðurstöðu. Stefndi höfðaði víxilmál á hendur stefnanda, og gekk dómur í því máli 17. október 1974. Víxilskuldin var svo endanlega greidd þann 18. mars 1975. Þann 22. apríl 1975 biður stefnandi um, að dómkvaddir verði tveir hæfir menn og óvilhallir til að skoða og meta meinta galla á bílrúðum, sem Bílhlutir h/f hafi keypt hjá Bifreiðum og Landbúnaðarvélum h/f, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, hinn 3. maí 1973, eins og greinir í matsbeiðni. Til að framkvæma hið umbeðna mat voru þeir dómkvaddir Baldur Líndal efnaverkfræðingur og Karl Árnason glerslípunarmeistari. Skiluðu þeir mati sínu þann 27. júní 1975. Mánudaginn 23. júní skoðuðu þeir bílrúðurnar, þar sem þær voru geymdar í húsi við Reykjavíkurflugvöll. Var þá mætt af hálfu beggja aðilja. Við skoðun kom fram, að rúðurnar höfðu verið geymdar þarna í eitt ár. Í matsgerðinni segir síðan:

„Skoðunin leiddi í ljós:

1. Rúður þessar eru samsettar þannig, að gler eru tvö með millilagi úr öðru efni. Skoðun leiddi í ljós, að glerin sjálf voru slípuð og eðlileg að því er varðaði gagnsæi báðum megin millilagsins.

2. Millilagið er milli innri glerflatanna, og rúðurnar eru fyllilega gagnsæjar sem heild að meginfleti til. En við jaðar allra rúðanna eða í nánd þeirra í öðrum tilvikum voru blettir með skert gagnsæi.

3. Í ofangreindum blettum í rúðunum var millilagið kiprað, þannig að litur varð af, sem skerti gagnsæi eða að útsýnið brenglaðist beinlínis vegna þessa kiprings í millilaginu.

4. Blettir þessir náðu í langflestum tilvikum það langt inn á rúðurnar, að þeir hefðu komið í ljós við venjuleg tilfelli um gúmmíbreidd við rúður. Mat er eftirfarandi:

1. Ofangreindir blettir munu stafa af mistökum í upphaflegri samsetningu á rúðunum.

2. Hætt er við, að blettirnir myndu fremur ágerast við notkun.

3. Matsmenn þekkja ekki tiltækileg ráð til að gera við rúðurnar.

4. Rúður þær, sem skoðaðar voru, eru ekki nothæfar í bíla."

Matsmenn hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína.

Að fengnu þessu mati skrifar lögmaður stefnanda stefnda bréf þann 27. júní 1975 og fer fram á bætur. Kröfur sínar sundurliðar hann svo:

50 rúður, hver á kr. 1.447 eða ..... kr. 72.350
Bætur vegna tapaðs söluágóða ..... kr. 7.235
Kostnaður Bílhluta h/f við undirbúning mata .. kr. 5.000

Bréfi þessu svara stefndu þann 25. júlí 1975 og hafna þar algerlega kröfugerð stefnanda. Ástæður þeirra eru eftirfarandi:

„1. Samkvæmt bréfi yðar frá 27. júní 1975 takið þér fram, að farið hafi að bera á göllum í umræddum rúðum, nokkru eftir að skjólstæðingur yðar, hr. Þorsteinn L. Þorsteinsson, hóf sölu á þeim. Það var hins vegar ekki fyrr en á seinni hluta árs 1974, eða rúmu ári eftir að Bílhlutir h.f. hefja sölu á ofangreindum rúðum, að hr. Þorsteinn L. Þorsteinsson fer að gera reka að því að bera fram nokkra kvörtun vegna hinna meintu galla. Þá er sá háttur hafður á, að tvær rúður eru skildar eftir í mannlausri skrifstofu og ekki haft samband við nokkurn ábyrgan mann í fyrirtækinu.

2. Það er skoðun vor, að umræddir gallar stafi af því, að rúðurnar hafi ekki verið geymdar við eðlileg skilyrði, enda staðfesti hr. Þorsteinn L. Þorsteinsson, að þær hefðu verið geymdar í óupphituðu og óeinangruðu húsnæði og engar kvartanir hafi borist frá þeim aðilum, er keyptu rúður af honum. Einnig er rétt að geta þess, að Bílhlutir h.f. stóðu mjög illa í skilum varðandi greiðslur fyrir þær vörur, er fyrirtæki vort seldi þeim. Var þar um ítrekaðar vanefndir að ræða þátt fyrir lengri og lengri greiðslufresti og hátíðleg loforð Þorsteins L. Þorsteinssonar.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af skýlausum

ákvæðum 52. gr. laga 39/1922 þá teljum vér, að Bílhlutir h.f. geti ekki borið fyrir sig greindan galla, og vísum því málinu á bug."

Af hálfu stefnda er í greinargerð á það bent, að samkvæmt framlögðum gögnum stefnanda sjálfs, þ. e. dskj. nr. 7, þ. e. innheimtubréf hans frá 27. júní 1975, hafi stefnandi ekki kvartað fyrr en í júní 1974, en á þeim tíma hafi rúðurnar tvær verið skildar eftir á mannlausri skrifstofu stefnda. Er því statt og stöðugt haldið fram, að stefnandi hafi aldrei leitað eftir afslætti fyrr en eftir júní 1974. Þá er því haldið fram, að um viðskipti málsaðilja eigi ákvæði 52. gr. og 54. gr. laga 39/1922, og sýknu krafist af þeim sökum. Þá er matsgerð mótmælt sem þýðingarlausri fyrir málið og því sérstaklega mótmælt, að yfirleitt komi til álita hærri bótafjárhæð en nemi söluverði hinna 50 rúða.

Dómarar hafa farið á vettvang og skoðað hinar umræddu rúður í fylgd með fyrirsvarsmönnum aðilja. Þá hafa farið fram umfangsmiklar yfirheyrslur í málinu. Fyrirsvarsmaður stefnanda, Þorsteinn L. Þorsteinsson, hefur komið fyrir dóminn og verið spurður að því, hvenær gallinn hafi verið uppgötvaður. Hann sagði, að það hefði verið nokkrum mánuðum eftir að þeir fengu rúðurnar. Hann var að því spurður, hversu mörgum mánuðum síðar. Hann kvaðst ekki geta svarað því. Það hafi aðeins verið, þegar farið var að taka upp næsta kassa. Fyrst hafi annar kassinn verið tekinn upp og selt úr honum og síðan hafi sá næsti verið tekinn upp, en rúðurnar í honum hafi reynst vera gallaðar. Hann kvaðst hafa talað við Jón Guðjónsson, starfsmann stefnda, um gallana í síma og síðan hafi hann farið með tvær rúður til hans. Hins vegar mundi hann ekki, hvenær það var. Hann sagði, að þetta hefði verið strax og gallinn var uppgötvaður. Hann kvaðst ekki muna, hvort víxillinn var fallinn þá. Hann kvaðst þó hugsa, að það hafi verið, áður en hann féll, því hann hafi ekki borgað hann og reiknað með, að þetta færi upp í til að jafna. Hann taldi víxilinn ekki hafa verið í innheimtu í banka, heldur hafi hann verið geymdur í skrifstofu stefnda, þar til innheimtan var send til lögfræðings.

Jón Guðjónsson hefur komið fyrir dóminn. Hann kveðst ekki muna dagsetningar varðandi þessi viðskipti, þar sem mjög langt væri um liðið. Það hafi ekki verið fyrr en eftir að ekki hafði tekist að fá rúðurnar greiddar og innheimtuvíxill hafði lengi verið í vanskilum og sendur til lögfræðingadeildar Útvegsbankans til innheimtu og bankinn fór að gera reka að innheimtu, að komið var með rúðu til hans, sem talin var gölluð. Hann hafi

ekkert heyrt um þessa galla fyrr en bankinn hafi verið búinn að fá málið til sín. Þorsteinn hafi lengi verið búinn að ráðgera að koma og gera upp, en hann hafi aldrei minnst á nokkurn galla, þegar mætti (sic) reyndi að innheimta hjá honum.

Steingrímur Skagfjörð Björnsson, starfsmaður stefnanda, hefur komið fyrir dóminn, en hann mundi ekki, hvenær síðari kassarnir voru opnaðir, en þá hafi verið búið að selja úr hinum kössunum. Hann sagði, að allir kassarnir fjórir hefðu verið geymdir í versluninni, allt þar til þeir opnuðu seinni kassana tvo. Hann kvaðst hafa fylgst með því, að kvartað var strax við Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f, og seinni kassarnir voru opnaðir og fljótlega farið með rúður til þeirra. Hann kveðst hafa fylgst með því, að marghringt hafi verið til stefnda og kvartað undan rúðunum.

Bergur Bjarnason hæstaréttarlögmaður hefur komið fyrir dóminn. Hann kannaðist við að hafa sent innheimtubréf á dskj. nr. 11, sem áður er vitnað til. Hann sagði, að forstjóri stefnanda hefði borið fyrir sig galla á rúðunum, þegar hann reyndi innheimtu hjá honum. Hann kvaðst hafa fengið þessa innheimtu hjá Jóhanni Gíslasyni, lögfræðingi Útvegsbanka Íslands, en Jóhann og forstjóri stefnda séu bræður. Hann kvaðst telja, að víxillinn hefði ekki verið til innheimtu í Útvegsbanka Íslands, og fullyrti, að Jóhann hefði sagt sér, að innheimtan hefði verið Útvegsbankanum algerlega óviðkomandi.

Lagt hefur verið fram vottorð Jóhanns Gíslasonar héraðsdómslögmanns, dags. 16. nóvember 1976. Þar staðfestir Jóhann framburð Bergs að því leyti, að hann hafi falið honum þessa innheimtu, og jafnframt heldur hann því fram, að hann hafi ekkert innheimtubréf sent til Bílhluta h/f. Framburður þessi er óstaðfestur fyrir dómi, þar sem vitnið mætti ekki á boðuðum tíma, og lögmenn lýstu þá gagnaöflun lokið.

Álit dómsins.

Gegn neitun stefnda er ekki sannað, að stefnendur hafi kvartað undan göllum á rúðunum, fyrr en eftir að Bergur Bjarnason hæstaréttarlögmaður fór að innheimta víxilinn 12. júní 1974, en af framburði Jóns Guðjónssonar og greinargerð stefnda verður að telja, að stefndi viðurkenni, að stefnandi hafi þá kvartað undan göllunum. Þar sem þannig hefur liðið lengri tími en eitt ár, frá því að stefnandi fékk rúðurnar afhentar og þar til hann kvartaði, svo sannað sé, og þar sem eigi er leitt í ljós, að stefndi hafi tekist á hendur sérstaka ábyrgð á rúðunum, eru kröfur

stefnanda á hendur honum fyrndar skv. 54. gr. laga nr. 39/1922. Ber því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Haraldi Þórðarsyni bifreiðasmíðameistara og Óskari Maríussyni efnaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Bílhluta h/f. Hvor aðili um sig skal bera sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 7. nóvember 1979.

Nr. 9/1978. **Elísa Bertelsen f. h. ólögráða sonar síns, Guðmundar Eggerts Björnssonar,**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Hálfdáni O. Guðmundssyni
(Örn Clausen hrl.)
og til réttargæslu
Má Péturssyni, skiptaráðanda í Hafnarfirði,
(enginn)
og
Hálfdán O. Guðmundsson
gegn
Elísu Bertelsen f. h. ólögráða sonar hennar, Guðmundar Eggerts Björnssonar,
og til réttargæslu
Má Péturssyni, skiptaráðanda í Hafnarfirði,
og Guðrúnu Guðmundsdóttur
(enginn).

Búskipti. Eignarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. janúar 1978. Krefst hann þess, að dæmt verði, að öll rishæð hússins nr. 65 við Hringbraut í Hafnarfirði ásamt því, sem henni fylgir og fylgja ber, sé eign dánarbús Margrétar Þ. Jónsdóttur. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 16. febrúar 1978.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. febrúar 1978. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að dæmt verði, að hann eigi 51.418% eignarhlut í nefndri rishæð. Til vara krefst hann, að dæmt verði, að hann eigi 36.2% eignarhlut

í rishæðinni. Til þrautavara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Þá krefst hann í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Engar sjálfstæðar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu né af þeirra hendi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Af gögnum þessum kemur fram, að Björn Guðmundsson lést 29. október 1972, en aðaláfrýjandi, Guðmundur Eggert Björnsson, sonur hans og Elísu Bertelsen, er fæddur 22. júlí 1969.

Samkvæmt kaupsamningi þeim frá 30. júlí 1965, sem rakinn er í hinum áfrýjaða úrskurði, var Margrét Jónsdóttir ein kaupandi að rishæð hússins nr. 65 við Hringbraut. Samkvæmt veðbókarvottorði 1. mars 1978, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, er „eignin Hringbraut 65, Hafnarfirði, rishæð . . . þinglesin eign Margrétar Jónsdóttur samkvæmt afsali 17/8 '65". Gagnáfrýjandi hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi orðið eigandi að nefndri eign, þegar kaup þessi voru gerð, eða síðar hafi samist svo um, að hann yrði sameigandi móður sinnar að eigninni gegn því, að hann greiddi áhvílandi veðskuldir.

Samkvæmt þessu verður krafa aðaláfrýjanda tekin til greina og rishæð hússins nr. 65 við Hringbraut í Hafnarfirði ásamt því, sem henni fylgir og fylgja ber, talin eign dánarbús Margrétar Þ. Jónsdóttur.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, og ákveðst hann 100.000 krónur. Þá ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur, sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Dómsorð:

Rishæð hússins nr. 65 við Hringbraut í Hafnarfirði ásamt því, sem henni fylgir og fylgja ber, er eign dánarbús Margrétar Þ. Jónsdóttur.

Gagnáfrýjandi, Hálfdán O. Guðmundsson, greiði aðaláfrýjanda, Elísu Bertelsen f. h. Guðmundar Eggerts Björnssonar, 100.000 krónur í málskostnað í héraði. Hann greiði og málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur, sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 9. desember 1977.

I.

Í skiptaréttarmáli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 1. þ. m., gerir sóknaraðili, Hálfdán Guðmundsson, þær réttarkröfur aðallega, að hann „verði talinn eiga 51.4% af risíbúð í húsinu Hringbraut 65 í Hafnarfirði auk 1/3 arfahluts í eftirstöðvum eigna búsins, en til vara, að honum verði greidd af óskiptum eignum búsins sú fjárhæð, er hann hefur greitt af áhvílandi lánum af íbúðinni, auk venjulegra innlánsvaxta af þeim greiðslum frá þeim tíma, er þær voru inntar af hendi, til greiðsludags.

Þá er og gerð krafa um málskostnað að skaðlausu úr hendi erfingjans Guðmundar Eggerts Björnssonar."

Af hálfu varnaraðilja, erfingjans Guðmundar Eggerts Björnssonar, en af hans hálfu er málið rekið fyrir hann persónulega og samkvæmt umboði dánarbúsins, en án ábyrgðar og kostnaðar fyrir það, eru gerðar þær réttarkröfur, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og viðurkennt, að öll rishæðin að Hringbraut 65, Hafnarfirði, ásamt því, sem henni fylgir og fylgja ber, sé eign dánarbús Margrétar Þ. Jónsdóttur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja, erfingjans Hálfdánar Guðmundssonar.

Af hálfu erfingjans Guðrúnar Guðmundsdóttur eru engar sjálfstæðar dómkröfur gerðar, enda engar sjálfstæðar kröfur gerðar á hendur henni.

II.

Hinn 21. febrúar 1977 barst skiptaráðandanum í Hafnarfirði

svofellt bréf frá hæstaréttarlögmanninum Inga Ingimundarsyni:

„Hér með er þess beiðst f. h. Elísu Berthelsen, Hvítadal, vegna ófjárráða sonar hennar, Guðmundar Eggerts Björnssonar, s. st., að þér, herra skiptaráðandi, látið svo fljótt sem unnt er, framkvæma uppskrift á db. Margrétar Þ. Jónsdóttur, Hringbraut 65, Hafnarfirði, sem lést hinn 14. 7. 1974. Margrét heit. var föðuramma Guðmundar Eggerts, en þar sem faðir hans er látinn, erfir drengurinn ömmu sína.

Eftir því sem ég best veit, eru því erfingjar búsins þessir:

1. Guðmundur Eggert Björnsson, Hvítadal.
2. Hálfdán Guðmundsson, Hringbraut 65, Hafnarfirði.
3. Guðrún Guðmundsdóttir, Miðvangi 165, Hafnarfirði.

Hér með fylgir ljósrit af umboði mér til handa, undirritað af móður Guðmundar Eggerts Björnssonar."

Uppskrift á búinu fór fram hinn 4. mars s. á. Við athugun á fasteignaregistri kom fram, að þinglýst eign hinnar látnu var fasteign að Hringbraut 65, þ. e. íbúð á efri hæð, rishæð. Vottar og virðingarmenn mátu við uppskriftina umrædda íbúð á kr. 4.500.000 miðað við staðgreiðslu.

Við uppskriftargerðina hinn 4. mars var m. a. bókað:

„Mættur Hálfdán er spurður um eignir dánarbúsins og áminntur um sannsögli.

Hann skýrir svo frá, að árið 1963 hafi faðir þeirra, Guðmundur Eggertsson, Aðalsteini, Stokkseyri, andast. Hann segir, að móðir þeirra hafi setið áfram í óskiptu búi. Árið 1965 eða þar um bil hafi fasteignir búsins verið seldar, þ. e. Aðalsteinn á Stokkseyri. Nettóandvirði þeirra hafi verið kr. 300.000. Hann segir, að um kr. 50.000 hafi gengið til að greiða skattskuldir og fleiri kröfur. Þá hafi móðir sín átt eftir kr. 250.000.

Árið 1965 hafi fasteignin að Hringbraut 65 verið keypt. Kaupverðið hafi verið kr. 545.000, útborgun kr. 250.000. Móðir sín hafi notað peningana, er hún fékk fyrir Aðalstein, til að greiða þá útborgun. Samkomulag hafi verið um, að móðir sín yrði þinglýstur eigandi eignarinnar, en þau systkinin, börn hennar, fengju eignarhlutdeild í fasteigninni í samræmi við það, sem þau greiddu af lánum, sem stofnað var til vegna kaupa á eigninni. Hann segist hafa að öllu leyti einn greitt niður lánin, það sem búið sé að greiða, að öðru leyti en því, að þau systkinin sín hafi greitt einu sinni afborgun af láni, líklega um kr. 5.000 hvort. Móðir sín hafi ekkert greitt af lánum.

Mætta Guðrún er nú spurð, hvort hún kannist við, að samið hafi verið, svo sem að framan greinir.

Hún segir, að þau hafi talað um það, þau systkinin og móðir þeirra heitin, að hver ætti hlutdeild í eigninni í samræmi við það, sem hann borgaði.

Systkinin eru nú spurð um innbú og aðrar eignir, er til staðar hafi verið við andlát móður þeirra.

Þau segja, að það sé hluti af gömlu innbúi. Engir peningar. Engin verðbréf.

Mætti Hálfdán segir, að þau mæðginin hafi búið saman, alveg þangað til móðir hans fór á Sólvang, og einnig Björn heitinn, þar til hann fór vestur í Dali.

Mættu segjast ekki vita til þess, að dánarbúið skuldi neitt. „Ekki nema þá þessi lán á húsinu, sem að ég er að klára að greiða", segir mætti Hálfdán.

Mætti Hálfdán segir, að móðir sín hafi annast matseld og þess háttar fyrir þá bræðurna í nokkur ár, en síðan orðið óvinnufær heima í nokkur ár og loks farið á Sólvang.

Skiptaráðandi fær nú þær upplýsingar hjá Brunabótafélagi Íslands, að brunabótamat eignarhluta búsins í Hringbraut 65 sé kr. 5.508.000. Samkvæmt fasteignamatsbók er fasteignamat húss kr. 12.900.000 og lóðar 825.000. Eignarhluti skráður á nafn hinnar látnu er 30% af því, eða kr. 4.211.100."

Lögmaður hins ólögráða erfingja bað nú bókað:

„Sem umboðsmaður hins ófjárráða erfingja er því mótmælt af því tilefni, sem komið hefur fram hér að framan, að nokkur annar sé eða hafi verið eigandi að risíbúð að Hringbraut 65 en þinglesinn eigandi hennar, Margrét Þ. Jónsdóttir."

Mætta Guðrún var nú spurð nánar, hvað hafi verið umtalað með þeim systkinunum og móður þeirra varðandi kaupin á Hringbraut 65. Hún svaraði: „Móðir okkar lagði fram þá peninga, sem hún hafði. Það hefði ekki verið hægt að kaupa, nema einhver borgaði það, sem eftir var. Eftir því sem um var talað, þá tel ég, að því meira sem Hálfdán borgaði því meira eigi hann í eigninni."

Skiptaráðandi sendi nú, eða hinn 9. mars 1977, skiptaráðandanum í Dalasýslu, sem jafnframt er yfirlögráðandi hins ófjárráða erfingja, svofellt bréf:

„Meðfylgjandi sendast yður, hr. sýslumaður, gögn varðandi opinber skipti á dánarbúi Margrétar Þ. Jónsdóttur, er andaðist 14. 7. 1974.

Svo sem fram kemur í endurriti úr skiptabók, keypti hin látna íbúð að Hringbraut 65 hinn 30. júlí 1965 á kr. 545.000. Hún greiddi í peningum við undirskrift kaupsamnings kr. 250.000 og yfirtók skuldir og gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvum. Þessar eftirstöðvar greiddi erfinginn Hálfdán, sem nú býr einn í íbúðinni, nær allar.

Erfinginn Guðrún Guðmundsdóttir, Miðvangi 165, hefur borið — sér í óhag — að um það hafi verið samið milli þeirra systkinanna (þriggja) og móður þeirra „að hver ætti hlutdeild í eigninni í samræmi við það, sem hann borgaði." Samkvæmt því virðist hún telja Hálfdán bróður sinn eiganda að hálfri eigninni á móti dánarbúinu.

Íbúðin hefur verið metin til staðgreiðsluverðs á kr. 4.500.000. Ef byggt yrði á framburði Guðrúnar, yrði úthlutun úr búinu sem næst á þessa leið:

Hálfdán Guðmundsson	kr. 750.000
Guðrún Guðmundsdóttir	— 750.000
Guðmundur Eggert Bjarnason	— 750.000

Ef hins vegar talið yrði, að Guðrún fari með rangt mál, þ. e. ef talið yrði ósannað, að Hálfdán hefði með munnlegum samningi og í framhaldi af því með greiðslu umgetinna lána öðlast beinan eignarrétt að hluta í íbúðinni, þá yrði hlutur hvers erfingja nokkru meiri, eða allt að kr. 1.400.000.

Hér skiptir því máli að upplýsa, hvort systkinin þrjú og móðir þeirra gerðu það samkomulag, er áður greinir.

Guðrún Guðmundsdóttir hefur á það bent, að sú eina manneskja fyrir utan þau systkinin tvö, sem kunni að vita um það samkomulag, sem Guðrún heldur fram, að gert hafi verið, sé Elísa Berthelsen, Hvítadal. Vera kunni, að Björn heitinn Guðmundsson hafi sagt henni frá nefndu samkomulagi eða að hún hafi frétt af því með öðrum hætti.

Þess er því farið á leit, hr. sýslumaður, að þér kveðjið fyrir dóm Elísu Berthelsen og yfirheyrið hana um eftirtalin atriði:

1. Hvort henni er kunnugt um, að þau Margrét heitin og börn hennar, þau Hálfdán, Guðrún og Björn heitinn, hafi keypt í sameiningu íbúðina að Hringbraut 65, þannig að Margrét heitin greiddi útborgunina, en systkinin sæju síðan eftir efnum og ástæðum um að greiða skuldirnar og eignuðust hluta í fasteigninni í samræmi við það, sem hvert fyrir sig greiddi.
2. Hvern Björn heitinn taldi eiganda að umræddri íbúð, þ. e.

hvort hann taldi móður sína eiga íbúðina eina eða hvort hann taldi Hálfdán bróður sinn eiga hluta í íbúðinni.

3. Vitneskju hennar að öðru leyti um kaupin á íbúðinni svo og varðandi greiðslur af láninu, þ. á m. hver greiddi afborganir og hvort þær greiðslur væru e. t. v. ekki greiðsla á kaupverði, heldur lán, húsaleiga, fæðisgreiðslur eða annað.

Þess skal getið, að erfinginn Hálfdán tók fjarri þeirri ábendingu skiptaráðanda, að reynt yrði að leysa málið með því, að hann byðist til að greiða meðerfingjum sínum ákveðna fjárhæð, t. d. kr. 1.000.000 eða aðra fjárhæð hærri eða lægri eftir því, sem um semdist, sem þeirra arfahlut hvors um sig og héldi þá íbúðinni. Þvert á móti lagði hann til, að eignin yrði sem fyrst seld hæstbjóðanda og ágreiningsefnin yrðu síðan rannsökuð og þeim ráðið til lykta."

Í endurriti úr skiptabók Dalasýslu frá 5. apríl 1977 segir m. a.: „Mætt er í réttinum Elísa V. Berthelsen, Hvítadal, Saurbæjarhreppi, fædd 30. 04. '39, áminnt um sannsögli.

Mætta skýrir svo frá, að hún hafi kynnst Birni Guðmundssyni á árinu 1967, en þá hafi hann búið heima hjá móður sinni Margréti ásamt Hálfdáni bróður sínum. Um vorið fluttust þau Björn síðan austur í Biskupstungur.

Mætta segist hafa heyrt um það rætt, að húseign foreldra Björns á Stokkseyri hafi á árinu 1965 gengið upp í kaup á íbúðinni Hringbraut 65. Þá kveðst hún hafa heyrt um það talað, að þau systkinin, Björn, Hálfdán og Guðrún, ætluðu að hjálpa móðurinni til að greiða það, sem eftir stæði af andvirði íbúðarinnar, en kveðst hvorki vita, hve sú upphæð var há né hvernig hún greiddist. Þá segist hún ekki minnast þess að hafa heyrt um það talað, að hvert þeirra systkina ætti að eignast hluta í íbúðinni í hlutfalli við það, sem þau legðu fram til kaupanna.

Ekki kveðst mætta nokkru sinni hafa heyrt minnst á leigugreiðslur í sambandi við kaup þessi eða veru þeirra bræðra í nefndri íbúð.

Mætta segist ekki minnast þess, að Björn hafi talið Hálfdán bróður sinn eiga umrædda íbúð eða hluta hennar, heldur muni hann hafa litið svo á, að móðir hans væri eigandi, enda þótt hún fengi aðstoð þeirra systkina til að greiða hana, eins og að framan getur.

Aðspurð endurtekur mætta, að sér sé alveg ókunnugt um, hversu var háttað um kaup eða greiðslur á andvirði íbúðarinnar að Hringbraut 65 framar því, sem áður er sagt. Hún segist aldrei

hafa heyrt minnst á afborganir, lán, húsaleigu, fæðisgreiðslur né annað hér að lútandi.

Mætta tekur fram eftir að hafa kynnt sér framburð þeirra systkina Hálfdáns og Guðrúnar fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar, að hún vilji ekki rengja framburð þeirra, enda þótt sér sé ekki kunnugt um ýmis atriði, er þar greinir."

III.

Í greinargerð varnaraðilja segir m. a.:

„Af hálfu lögráðamanns erfingjans Guðmundar Eggerts Björnssonar og að höfðu samráði við yfirlögráðandann í Dalasýslu, þar sem Guðmundur Eggert og móðir hans eiga heima, þá er . . . kröfum Hálfdáns eindregið vísað á bug og mótmælt sem ósönnuðum. Margrét heitin var ein kaupandi íbúðarinnar og þinglesinn eigandi hennar og með öllu ósannað, að hún hafi selt, afsalað eða látið af hendi með öðrum hætti neinn hluta hennar. Þótt sonur hennar hafi aðstoðað hana við greiðslur á eftirstöðvum kaupverðs, skapar það honum engan eignarrétt, en yrði þá að skoðast sem skuldakrafa í búið, að svo miklu leyti sem hún er ekki fyrnd."

Í skriflegum aðiljayfirlýsingum sóknaraðilja segir m. a.:

„Árið 1962, þann 6. des., lést faðir minn Guðmundur Eggertsson, Aðalsteini, Stokkseyri, og að honum látnum gerum við systkinin Björn Guðmundsson, Guðrún Guðmundsdóttir og ég Hálfdán O. Guðmundsson og móðir okkar Margrét Jónsdóttir eftirfarandi samning, munnlegan, að móðir okkar Margrét Jónsdóttir sitji í óskiptu búi . . ."

„Ég undirritaður, erfingi og sonur Margrétar Þ. Jónsdóttur, Hringbraut 65, Hafnarfirði, krefst þess, að farið sé eftir þeim munnlega samningi, sem gerður var af móður minni og okkur systkinunum, því það var hennar vilji og okkar og fastmælum bundið, annað eru samningsrof og svik . . . Einnig má geta þess, að Elísa Berthelsen rengir ekki framburð okkar systkinanna . . .

Ég hef heimilað sölu á eigninni með tilliti til hins munnlega samnings, ennfremur boðist til að greiða 750.000 kr. til hvors aðila . . .

Mér er annt um frænda minn Guðmund Eggert og vil veg hans og gengi og vil því, að þessir fjármunir, sem hann kemur til með að fá, verði honum aðgengilegir, þegar hann er fjár síns ráðandi, þ. e. a. s. í skuldabréfum ríkissjóðs án veðbanda, en ekki settir í fasteign í Hvítadal, sem síðan gæti orðið verðlaus

og hann slippur og snauður eftir, og er þetta krafa mín, sem ég mun fylgjast með, að verði uppfyllt. En annað mál er svo það, að ég líð það ekki, að ráðist sé á minn hlut í þessu máli . . .

Og að lokum segir systir mín mér, að hún muni endurgreiða mér þá fjárhæð, sem hún hugsanlega kynni að fá í hendurnar, ef skipt yrði á annan veg en þann, er upphaflega var um samið."

IV.

Samkvæmt framlögðum kaupsamningi, dags. 30. júlí 1966, var kaupverð hinnar umþrættu íbúðar sem hér segir og greiddist þannig:

1. Með peningum við undirskrift kaupsamnings ..... kr. 250.000
2. Með skuldabréfi, útgefnu af Stokkseyrarhreppi ..... — 88.052

334.052

3. Með yfirtöku áhvílandi lána ..... kr. 207.425

Samtals kr. 545.477

Samkvæmt skýrslum sóknaraðilja stöfuðu liðir 1 og 2 hér að ofan frá dánar- og félagsbúinu. Sóknaraðili hefur greitt hin yfirteknu lán, þó að frátöldum þeim kr. 10.000, sem hann viðurkenndi við uppskrift, að systkini sín hefðu greitt (5.000 kr. hvort). Sé yfirtaka skuldabréfa metin til jafns við peningagreiðslur, hefur sóknaraðili því greitt kr. 197.425, eða 36.2% af 545.477 kaupverði íbúðarinnar.

Sóknaraðili hefur hins vegar lagt fram útreikning á eignaraðild, þar sem hann virðist ekki, eins og í fyrri yfirlýsingum sínum, byggja á því, að móðir hans hafi setið í óskiptu búi, heldur á því, að búinu hafi verið skipt, eins og báðir foreldrar hans væru látnir fyrir kaupin hinn 30. júlí 1965 (móðir hans dó þó 1974). Útreikningurinn er svohljóðandi:

„Útskýringar á eignaraðild

Arfur kr. 250.000.- skiptist í þrennt ..... kr. 83.333.-
+ ein greiðsla ca. ..... — 5.000.-

Samtals kr. 88.333.-

Yfirtekin lán af mér og greidd	kr. 207.425.-	
÷ ein greiðsla	— 15.000.-	192.425.-
Skuldabréf kr. 88.052.85 greiðsla til mín vegna útlagðra peninga og vinnu		88.052.-
Arfshluti minn	kr. 88.333.-	
Gr. lán af mér	— 192.425.-	
Skuldajöfnun	— 88.052.-	
	kr. 368.810.-	368.810.-
Arfur Guðrúnar Guðmundsdóttur		88.333.-
Arfur Guðmundar Eggerts Björnssonar		88.333.-
		Samtals kr. 545.476.-

Í prósentum eru arfhlutar því þessir 67.612%
16.194%
16.194%

100 %“

Hin endanlega dómkrafa sóknaraðilja er tölulega alfarið byggð á þessum útreikningi, þó þannig, að miðað er við, að systkinin hafi ekki skipt búi móður sinnar 9 árum fyrir lát hennar, heldur er miðað við, að 16.194% (þ. e. jafnstór hlutfallstala og sóknaraðili ætlar meðerfingjum sínum í útreikningnum) eigi að dragast frá þeim 67.612%, sem hann skv. útreikningnum ætlar sjálfum sér. Þá kemur út hlutfallstalan í kröfugerð sóknaraðilja, þ. e. 67.612 ÷ 16.194 = 51.418%.

V.

Lagt hefur verið fram í málinu ljósrit af framtali sóknaraðilja árið 1966. Þar eru engar fasteignir taldar til eigna. Til skulda eru hins vegar talin veðlán þau, sem móðir hans yfirtók skv. kaupsamningnum. Ekki vildi skattstjórinn í Reykjanesumdæmi taka þennan framtalsþátt gildan og ritaði hinn 25. mars 1966 sóknaraðilja bréf, þar sem segir, að greinargerð vanti um kaup á Hringbraut 65, og er gefinn frestur til 8. apríl s. á.

Fram er lögð í málinu minnisnóta skattstjóra, skráð á afrit bréfsins, svohljóðandi: „Margrét Jónsdóttir, móðir, keypti íbúð-

ina, er talin fyrir henni og skuldir vegna kaupanna einnig færðar hjá henni. Skv. viðtali. Ól. Þ."

Sóknaraðili hefur mótmælt því, að það hafi verið samkvæmt viðtali við sig, þ. e. skv. munnlegri greinargerð sóknaraðilja til svars við bréfinu frá 25. mars, sem skattstjóri gerði umrædda leiðréttingu.

Ekki hefur sóknaraðili getað lagt fram skriflegt svar við nefndu bréfi, og því er ekki haldið fram, að hann hafi kært umrædda framtalsbreytingu skattstjóra. Ekki hefur sóknaraðili þrátt fyrir sérstakt tilefni vegna áskorunar gagnaðilja hirt um að leggja fram nýrri skattframtöl sín. Verður því við það að miða, að öll íbúðin hafi frá upphafi verið talin á framtölum móður sóknaraðilja til eigna og áhvílandi veðskuldir henni til skulda.

VI.

Álit réttarins.

Svo sem að framan greinir, byggir sóknaraðili á munnlegum samningi, er hann telur hafa komist á. Fram er komið í málinu, að sóknaraðili gerir sér næsta óvenjulegar hugmyndir um skipti dánarbúa og að því er virðist um fleiri löggerninga.

Þar á móti kemur, að erfinginn Guðrún hefur borið, — sér í óhag — „að þau hafi talað um það systkinin og móðir þeirra heitin, að hver ætti hlutdeild í eigninni í samræmi við það, sem hann borgaði."

Gögn málsins bera það með sér, að hin látna hefði ekki getað keypt umrædda íbúð, ef ekki hefði komið til stuðningur barna hennar.

Það, sem úrslitum ræður um mat á því, hvort umræddur samningur teljist hafa komist á með efni því, er sóknaraðili telur, verður því:

Erfinginn Guðrún kom trúverðuglega fyrir, þegar hún var yfirheyrð. Framburður hennar hafði ekki þann blæ, að hún hallaði viljandi réttu máli.

Það er ekki líklegt, að öldruð og tekjulaus ekkja austan úr Stokkseyrarhreppi taki árið 1965 á sig fjárskuldbindingar, slíkar sem hér um ræðir, án þess að fyrirfram sé frá því gengið, að einhver möguleiki sé á því að standa við þær. Hér eins og annars staðar í máli þessu verður að hafa í huga, að það er verið að semja innan fjölskyldu, ekkja og börn hennar eru að semja sín á milli. Fjárhagsleg og ófjárhagsleg atriði blandast saman um forsendur og frágang löggerninga.

Erfinginn Hálfdán telur á skattframtali til skulda hjá sér við áramótin eftir kaupin hin yfirteknu lán. Það styrkir þá skoðun, að um það hafi verið samið, að hann yrði aðalbakhjarl móður sinnar við kaupin. Það, að systkinin hafi átt að bera mismunandi mikinn þunga af greiðslu lánanna, styrkir þá skoðun, að á móti hafi átt að koma eignarhlutdeild fremur en fjárkrafa.

Eins og sérstaklega stendur á um sönnun í máli þessu, þá þykir verða á því að byggja, að erfinginn Hálfdán, sem nánast einn greiddi hin yfirteknu veðlán, hafi smám saman samkvæmt munnlegum samningi öðlast eignarhlutdeild í hinni umdeildu íbúð. Svo sem áður greinir, námu hin yfirteknu veðlán, sem hann greiddi, að nafnverði 36.2% af kaupverðinu. Fráleitt þykir að reikna yfirtöku skuldabréfa til jafns við staðgreiðslu, er næmi nafnverði bréfanna.

Eftirstöðvar skuldabréfs að fjárhæð kr. 9.759 voru til 17 ára með 4½% ársvöxtum.

Eftirstöðvar að fjárhæð kr. 86.666 voru til 13 ára með hæstu lögleyfðu vöxtum, sem á þessum tíma voru 9% af fasteignaveðlánum.

Eftirstöðvar að fjárhæð kr. 14.400 voru til 2 ára með 6.5% ársvöxtum.

Eftirstöðvar að fjárhæð kr. 96.660 voru til 7 ára með 7% ársvöxtum.

Eftir atvikum og með tilliti til áhrifa hlutfallslegrar fjárhæðar staðgreiðslu á heildarfjárhæð kaupverðs íbúðar á þessum tíma og jafnframt affalla af skuldabréfum í viðskiptum manna á milli á sama tíma þá þykir hæfilegt miðað við þau sönnunargögn, sem fyrir liggja í málinu, að telja sóknaraðilja til eignar 1/4 hluta, eða 25% eignarhlutdeild í hinni umdeildu íbúð.

Það athugast, að ekki kemur til álita að telja, að vaxtagreiðslur af skuldabréfum, fasteignagjöld eða aðrar þær greiðslur, er sóknaraðili innti af hendi fyrir móður sína, eigi að koma til hækkunar á eignarhlutdeild hans, síst þegar haft er í huga, að hann hefur búið leigulaust í íbúðinni frá upphafi til þessa dags, íbúðin hefur stórlega rýrnað í verði vegna viðhaldsleysis og illrar umgengni hans svo og að móðir hans sá um heimilishald fyrir hann, meðan henni entist heilsa til. Í þessu sambandi virðist því varla vera einu sinni um frekari fjárkröfur að ræða, enda umfjöllun slíkra krafna ekki viðfangsefni í þessum úrskurði.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Erfinginn Hálfdán Guðmundsson telst eiga 25% eignarhlutdeild í íbúð á rishæð að Hringbraut 65, Hafnarfirði, sem þinglýst er á nafn Margrétar Þ. Jónsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. nóvember 1979.

Nr. 196/1979. **Ákæruvaldið**
gegn
Svani Elí Elíassyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1979. Þann dag og 12. s. m. bárust Hæstarétti gögn máls. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta niðurstöðu hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 8. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Föstudaginn 13. janúar 1978 var tilkynnt til lögreglunnar í

Reykjavík, að maður hefði fundist látinn í fjöru gegnt Faxaskjóli 10 í Reykjavík. Er lögreglumenn komu á staðinn, lá líkið á grasbala í fjörukambinum. Þar var talsvert af steinhnullungum, sem kastast höfðu undan sjógangi, og svellglottar á grasbalanum. Á steini við höfuð líksins voru blóðleifar, útþynntar vegna rigningar.

Líkið reyndist vera af Bjarna Forberg, fæddum 12. febrúar 1904, Neshaga 19, Reykjavík. Í jakkavasa hans voru m. a. kr. 13.000 í peningum, en engin skilríki voru á líkinu.

Eiginkona Bjarna kvað hann hafa farið að heiman um kl. 16—17 daginn áður ásamt dóttur sinni, en leiðir þeirra hafi skilið nokkru síðar í miðborginni. Kvað hún hann hafa verið drykkjumann og hefði hann drukkið daglega frá desemberbyrjun 1977. Hann hafði kvartað undan máttleysi í fótum, en ekki leitað til læknis.

Líkið var krufið, og segir m. a. svo í krufningarskýrslunni:

„Vinstra megin á nefi er grunnt hrufl, rauðbrúnleitt og nokkuð skorpið og þekur yfir meginhluta vinstri nasavængs. Á hægra gagnauga er svipað hrufl um 1.5 cm í þvermál. Á báðum hnjám eru mjög grunn hrufl og rauðleitir flekkir, hrufl þessi eru framan og neðanvert á hnjánum og gætu hafa myndast við það, að maðurinn hafi dottið og reynt að krafla sig eitthvað áfram á hnjánum". Í niðurlagi skýrslunnar segir m. a. svo: „Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, sem fannst við krufninguna, þykir mega ráða, að maðurinn hafi hrasað eða lagst fyrir á víðavangi, misst meðvitund og orðið úti (króknað, hypothermia). Áverkamerki sáust ekki á líkinu, er talin verði meðverkandi að dauða".

Um kl. 1415 hinn 5. þ. m. handtók lögreglan pilt og stúlku í Útvegsbanka Íslands, en stúlkan var að reyna að innleysa tékka þar. Nafn útgefanda tékkans reyndist vera annað en eiganda heftisins. Pilturinn og stúlkan kváðu Svan Elí Elíasson, kærða í máli þessu, hafa afhent þeim tékkann.

Um kl. 2230 fóru rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Pálsson og Guðmundur H. Jónsson að Hátúni 12 og handtóku kærða, sem var talsvert ölvaður. Var hann færður í lögreglustöðina við Hverfisgötu og síðan í fangageymslu. Kl. 2335 óskaði kærði eftir því að fá að ræða við Gísla Pálsson í fangaklefanum. Samkvæmt skýrslu Gísla kvaðst kærði vita, hvar lík Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar væru, og væri hann fús til að gefa upplýsingar um það „í skiptum fyrir þetta mál, sem

ég er flæktur í núna", þ. e. tékkamálið. Ekki ræddu þeir þetta frekar.

Um kl. 2355 óskaði kærði eftir að fá að ræða við Guðmund H. Jónsson. Um þetta segir svo í skýrslu Guðmundar, sem hann hefur staðfest fyrir dómi: „Þá virtist undirrituðum Svanur vera mjög miður sín, og grét hann mikið. Sagði Svanur efnislega við undirritaðan á þá leið, að hann þyldi þetta ekki lengur, hann yrði að létta á sér og skýra frá máli, atviki, er komið hefði fyrir hann og væri búið að valda honum miklu hugarangri.

Spurði Svanur, hvort undirritaður myndi eftir máli því, er maður fannst látinn í „fjörukambi" úti á Seltjarnarnesi fyrir rúmu ári síðan. Sagði Svanur því næst: „Það var ég, sem drap hann".

Svanur sagðist hafa hitt mann þennan á fylleríi á Hótel Borg og þeir farið saman þarna vestureftir, en á þeim stað væru einhverjir skúrar og bátar. Svanur kvaðst hafa slegið manninn og að því búnu tekið af honum peninga, sem hann tilgreindi kr. 30.000."

Ekki ræddu þeir þetta frekar, en Guðmundur tjáði kærða, að um þetta yrði rætt nánar næsta morgun.

Daginn eftir, er kærði var til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, neitaði hann að tjá sig um sakarefnið og kvað ekki rétt, að hann hefði orðið manni að bana. Óskaði hann eftir að fá sér skipaðan réttargæslumann. Örn Clausen hæstaréttarlögmaður var skipaður réttargæslumaður hans.

Um kvöldið var svo tekin skýrsla af kærða. Hann kveðst hafa skýrt lögreglumanninum frá því, að hann hefði orðið manni að bana, en það væri þó ekki rétt. Hann hafi verið ölvaður og reiður og svekktur yfir handtökunni og hafi sennilega sagt þetta til að stríða lögreglumönnunum.

Kærði sagði, að sumarið 1978 hefði kunningi hans, Guðlaugur, sagt honum, að maður hefði látist við sjó á Seltjarnarnesi. Hafi Guðlaugur sagt, að þegar hann var í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg nokkru áður, hafi maður, sem þar var einnig, sagt honum, að hann hefði verið viðriðinn mannslát við sjó á Seltjarnarnesi. Kærði kvað Guðlaug hafa haft eftir þessum manni, að svo hafi litið út sem dauðdaginn hefði verið með eðlilegum hætti.

Kærði kvaðst hafa starfað hjá Pósti og síma í Hafnarfirði dagana 12. og 13. janúar 1978, og hefur það fengist staðfest.

Guðlaugur Guðmundsson var einnig yfirheyrður þá um kvöldið. Hann kvaðst hafa verið í Hegningarhúsinu í nóvember 1977.

Hann hafi um tíma verið í klefa með manni, er Einar heitir. Hafi Einar sagt honum, að annar mannanna, sem „drápu manninn í fangageymslunni", hafi sagt, að þeir hefðu drepið mann á Álftanesi, að því er Guðlaugur hélt, stungið hann og tekið af honum veski, en grafið hann síðan í snjó eða í jörðu. Ekki kvaðst Guðlaugur muna þetta nákvæmlega og sagði, að verið gæti, að þetta hafi verið á Arnarnesi eða Seltjarnarnesi. Ekki kvaðst hann vita, hve mikið fé hefði verið tekið af manninum, en minnti, að Einar segði, að það hefði verið lítil upphæð.

Guðlaugur kvaðst þekkja kærða og taldi sig hafa sagt honum frá ofangreindum atburði einhvern tíma árs 1978, er þeir voru staddir á heimili móður kærða.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í gær þá kröfu, að kærði yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til 14. þ. m.

Er kærði kom fyrir dóminn, mótmælti hann kröfunni. Hann kvaðst vera búinn að skýra frá, að ekkert væri hæft í því, að hann hefði orðið manni að bana, og jafnframt hvaðan hann hefði fengið vitneskju um mannslátið. Hann kveðst upphaflega hafa skýrt frá þessu í reiðikasti til þess að svekkja lögreglumennina.

Skýrsla Guðmundar H. Jónssonar um samtal hans við kærða var borin undir kærða. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa sagt annað en að hann hefði drepið manninn, en ekki hver aðdragandinn hefði verið né í hvaða tilgangi það var gert. Þó taldi hann, að skýrslan kynni að vera rétt, en hann hefði verið mikið drukkinn.

Kærði kvað Guðlaug Guðmundsson hafa sagt sér um mitt sumar 1978, er þeir voru á heimili Guðlaugs, frá umræddu mannsláti. Hafi Guðlaugur sagt, að einhver „róni" hafi orðið manninum að bana.

Vitnið Guðmundur H. Jónsson kom einnig fyrir dóminn. Það kvað kærða hafa verið „þéttkenndan" eða töluvert ölvaðan, er hann var handtekinn, en þó hafi hann ekki slagað og ekki verið óskýrmæltur. Hafi honum verið tjáð, að hann væri handtekinn vegna gruns um þjófnað á tékkhefti og sölu á tékkum úr því. Kærði hafi í fyrstu neitað þessu, en er verið var að færa hann í fangageymslu, hafi hann játað þessi brot.

Vitnið kvað þá lögreglumennina hafa haft nokkra viðdvöl í fangageymslunni. Hafi kærði óskað eftir að fá að ræða við Gísla Pálsson og nokkru síðar við vitnið. Var vitninu þá ókunnugt um, hvað Gísla og kærða hafði farið á milli. Er vitnið kom inn í fangaklefann, var kærði grátandi, og virtist vitninu hann

vera niðurbrotinn. Vitnið skýrði síðan frá samtali sínu við kærða á sama hátt og greinir í skýrslu þess, sem áður er rakin. Sagði vitnið, að kærði hefði virst vera kominn í nokkurt jafnvægi, er það fór frá honum.

Kærði og vitnið voru samprófuð um samtal þeirra í fangaklefanum. Kvaðst kærði sem fyrr ekki muna eftir að hafa sagt annað en að hann hefði drepið manninn.

Kærði kvaðst hafa rætt um tékkamálið við lögreglumennina eftir handtökuna, en hann hafi vakið máls á því sjálfur. Hann hafi verið miður sín vegna þess, að bróðir hans átti tékkheftið, og hafi hann grátið af þeim sökum. Hann mundi þó ekki, hvort hann grét, er Guðmundur H. Jónsson kom til hans í klefann, og taldi sig frekar hafa verið reiðan.

Niðurstöður.

Kærði skýrði af sjálfsdáðum frá því, að hann hefði orðið manni að bana, skömmu eftir að hann var handtekinn. Næsta dag kvað hann Guðlaug Guðmundsson hafa skýrt sér frá þessu. Guðlaugur hefur borið, að hann hafi skýrt kærða frá því, að manni hafi verið banað á Álftanesi, Arnarnesi eða Seltjarnarnesi. Hafi honum verið sagt þetta, er hann var í Hegningarhúsinu. Misræmi er í framburðum kærða og Guðlaugs í veigamiklum atriðum. M. a. kveðst Guðlaugur hafa sagt, að maðurinn hafi verið stunginn, en kærði sagði, að svo hefði litið út sem um eðlilegan dauðdaga hafi verið að ræða, og er það í samræmi við krufningarskýrsluna.

Guðlaugur Guðmundsson var í Hegningarhúsinu 11.—23. nóvember 1977. Mennirnir, „sem drápu manninn í fangageymslunni", voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald hinn 20. júlí 1977, sem þeir sættu, uns þeir voru dæmdir í öryggisgæslu hinn 6. desember 1977, og sæta þeir henni enn.

Lík Bjarna Forberg fannst 13. janúar 1978, þ. e. um 2 mánuðum eftir að Guðlaugur var í Hegningarhúsinu. Geta sögur þær, sem hann heyrði þar, því ekki varðað Bjarna.

Rannsókn þessa máls er skammt á veg komin. Með tilliti til þess, um hve alvarlegt sakarefni er að ræða, þykir nauðsyn bera til, að rannsakað verði, með hvaða hætti kærði hefur fengið vitneskju um mannslát það, sem hann hefur skýrt frá. Þykir því rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að verða við kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins og ákveða, að kærði

skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember nk., kl. 1700.

Ef sannað verður, að kærði hafi orðið manni að bana eða komið honum í ástand, sem leiddi til dauða hans, getur það varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verði á hinn bóginn í ljós leitt, að um rangan uppljóstur kærða hafi verið að ræða, getur það varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 149. gr. sömu laga. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Svanur Elí Elíasson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember nk., kl. 1700.

Þriðjudaginn 13. nóvember 1979.

Nr. 8/1978. **Inga J. Sturludóttir**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Jóni Sigvaldasyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Innsetningargerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Björn Sigurðsson, gerðarþoli í héraði, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1978. Hann seldi eignarhluta sinn í Laufásvegi 20 í Reykjavík hinn 13. september 1978. Kaupandi og núverandi eigandi er Inga J. Sturludóttir. Með yfirlýsingu 9. nóvember 1979 tók hún við sóknaraðild fyrir Hæstarétti samkvæmt 58. gr. laga nr. 73/1975, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936. Dómkröfur sóknaraðilja eru

þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framgang fógetagerðar þeirrar, sem í úrskurðinum getur. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Inga J. Sturludóttir, greiði stefnda, Jóni Sigvaldasyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 19. október 1977.

Gerðarbeiðandi, Jón Sigvaldason, Faxatúni 32, Garðabæ, hefur krafist þess, að með fógetagerð verði numið brott skilrúm, er gerðarþoli, Björn Sigurðsson, Laufásvegi 20, hefur sett umhverfis stigaop rishæðar í húsinu Laufásvegi 20. Gerðarbeiðandi hefur krafist þess, að gerðarþoli verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar. Hann hefur krafist þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða sér málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór þann 20. september sl.

Í máli þessu er lagður fram sem rskj. skiptasamningur um eignarhluta Sigvalda Þorkelssonar og Guðrúnar Jónsdóttur í húsinu Laufásvegi 20 hér í borg, og er hann dagsettur þann 22. september 1959. Kom þar í hlut Sigvalda mestur hluti af kjallara hússins, en í hlut Guðrúnar „I. hæð hússins, ásamt sameiginlegu stigahúsi við II. hæð, svo og allt íbúðarris ásamt þurklofti móti eiganda II. hæðar, sem hann á hlutdeild í með eignarhlutfalli sínu í húsinu að 33.33% . . .“. Þessi eignarhluti er talinn 50% af heildareigninni.

Eigandi 2. hæðar hússins, Jón Sigvaldason, sem er gerðarbeiðandi í máli þessu, hefur ritað samþykki sitt á skiptasamning þennan. Var samningnum athugasemdalaust þinglýst þann 20. nóvember 1959.

Þann 29. febrúar 1972 afsalar Guðrún Jónsdóttir til Sigurðar Þórðarsonar og Kristínar Þorvaldsdóttur „allri rishæð hússins nr. 20 við Laufásveg í Reykjavík. Hinu selda fylgir hlutdeild í sameiginlegu hanabitalofti, sameiginlegum göngum og stigum og sameiginlegri eignarlóð. Hið selda telst vera 19.8% af allri húseigninni".

Þá liggur fyrir í málinu kaupsamningur, dags. 13. september 1976, þar sem gerðarþoli máls þessa kaupir af þeim Sigurði Þórðarsyni og Kristínu Guðbrandsdóttur „rishæð hússins nr. 20 við Laufásveg, Reykjavík, ásamt öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talin hlutdeild í sameiginlegu hanabitalofti, göngum og stigum og sameiginlegri eignarlóð. Eignarhluti hins selda telst vera 19.8% af allri húseigninni". Gerðarþoli hefur tekið við umráðum þessa eignarhluta og býr þar.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að rétt eftir að gerðarþoli kom inn í húsið, hafi hann sett upp skilrúm um stigaop á rishæðinni, þannig að öðrum íbúum hússins sé varnað að komast um rishæðina til hanabjálkalofts. Gerðarþoli hafi ekki fengið íbúunum nein lyklavöld að hurð á skilrúmi þessu. Telur gerðarbeiðandi hér um að ræða brot á rétti sínum, sem sér óskylt að þola svo og leigutökum sínum á 2. hæð. Minnir hann á, að hann eigi 33% af hanabjálkaloftinu og það hafi verið notað til geymslu og sem þurkloft og eigi að vera til reiðu til þeirra hluta. Gerðarþoli sé þarna að leitast við að auka við séreign sína, sem sé rishæðarherbergin, á kostnað annarra eigenda hússins, bæði með því að helga sér allan stigapall rishæðar og með því að hindra afnot af hanabjálkaloftinu.

Gerðarþoli mótmælir því, að gerðin nái fram að ganga, og heldur því fram, að sér hafi verið rétt að setja þennan útbúnað á stigapall rishæðar. Hann ber fram í málinu, að skv. orðahljóðan afsalanna á rskj. 3 og 4 sé rishæðin óskoruð eign sín. Skiptasamningurinn á rskj. 2 mæli þessu ekki í móti, að vísu mætti hann hafa verið gleggri að þessu leyti, en allur vafi hljóti að vera gerðarbeiðanda til tjóns í máli þessu svo og eigi slíkur vafi að orka því, að hér sé ekki um að ræða fógetamál, heldur þyrfti gerðarbeiðandi að fara tíðkanlega dómstólaleið. Svo mikið sé víst, að gerðarbeiðandi hafi ekki sýnt fram á það með

þinglýstu skjali, að hann eigi nokkur eignarráð á rishæðinni, og verði að telja, að eignarréttur annarra húseigenda nái aðeins að loftskör rishæðar. Sameignarréttur að hanabjálkalofti verði að skoðast í þessu sambandi. Sá réttur sé engan veginn vefengdur, en inntak hans sé aðeins þröngtækur umgangsréttur til þess að komast að loftinu í brýnum erindagerðum. Nú hagi þannig til, að enginn fastur stigi sé frá gólfi rishæðar upp á hanabjálkaloft, og raunar sé ekki laus stigi til staðar, en því er haldið fram, að gerðarþoli hafi engan stiga fjarlægt. Hanabjálkaloftið hafi heldur ekki verið notað árum saman. Gerðarþoli bendir á, að sér hafi verið og sé mjög brýn þörf til að setja umræddan umbúnað, hann sé einhleypur og oft alllengi fjarstaddur vegna vinnu sinnar, en aðrir íbúar hússins hafi látið sér liggja í léttu rúmi, þó óreglulýður settist að framan við íbúðarherbergi rishæðarinnar.

Framkomin heimildarskjöl um eignarhluti í húsinu nr. 20 við Laufásveg mæla fyrir um sameign að hanabjálkalofti hússins. Verður ekki umflúið að líta svo á, að eigendur, þar á meðal gerðarbeiðandi, eigi heimting á að komast að þessari sinni eign óhindraðir af öðrum, hvað sem líður eignarrétti að stigapalli rishæðar. Nú hefur gerðarþoli á einsdæmi sitt sett þann umbúnað, að ekki verður komist að hanabjálkaloftinu nema með hans samþykki, og hefur hann ekki boðið öðrum íbúðareigendum lyklavöld með sér. Þykir gerðarbeiðandi ekki þurfa að sætta sig við þessa tilhögun, og er fallist á kröfu hans um, að aðgangur verði opnaður með fógetagerð að kröfu hans og á hans ábyrgð. Þar eð þannig verður að telja, að gerðarþoli hafi gefið fullt tilefni til þessarar fógetagerðar og málareksturs hér í réttinum, þykir verða að leggja málskostnað á gerðarþola, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 40.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. nóvember 1979.

Nr. 144/1977. **Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður**
f. h. Nichimen Co. Ltd.
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Jóhanni Antoníussyni og
Sverri Júlíussyni persónulega og
f. h. Hilmis s/f
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Lausafjárkaup. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1977. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 60.311.90 bandaríkjadali með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1975 til greiðsludags og að auki málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt gegn afhendingu sérriðinnar síldarnótar eða farmskírteinis um nót þessa. Til vara krefst áfrýjandi skaðabóta, 60.311.90 bandaríkjadala óskipt úr hendi stefndu ásamt 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1975 til greiðsludags, svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur er ekki um aðild í máli þessu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl. Eru það afrit af 9 telexskeytum frá áfrýjanda til Asíufélagsins h/f hinn 10. febrúar, 17. júní, 27. júní, 18. júlí, 15. ágúst og 13. október 1975, 6. apríl, 2. júní og 6. ágúst 1976 og afrit af 6 telexskeytum frá Asíufélaginu h/f til áfrýjanda hinn 17. mars, 4. júní og 23. október 1975 og 26. janúar, 5. mars og 9. apríl 1976. Af skeytum áfrýjanda er ljóst, að áfrýjandi vildi halda kaupunum upp á stefndu. Þegar þetta er haft í huga og það, sem

rakið er í héraðsdómi um viðræður fyrirsvarsmanna Asíufélagsins h/f, umboðsaðilja áfrýjanda, og lögmanns þess félags við stefnda Jóhann vorið og sumarið 1975, er nægilega sannað, að stefndu var tilkynnt á þann hátt, sem fullnægjandi var eftir 31. gr. laga nr. 39/1922, að áfrýjandi vildi halda kaupunum upp á þá. Mál þetta er höfðað til efnda á samningi, sem aðiljar gerðu hér á landi. Áttu þar hlut að máli fyrirsvarsmaður stefndu og umboðsmaður áfrýjanda á Íslandi. Þegar þessa er gætt, þykir mál þetta eiga að fara að íslenskum lögum.

Samkvæmt framansögðu og því, sem segir í forsendum hins áfrýjaða dóms um samning málsaðilja, ber að taka til greina aðalkröfu áfrýjanda um annað en vexti.

Eins og atvikum er háttað, er hæfilegt að miða upphafstíma vaxta við stefnudag 6. maí 1977, en þann dag var mál þetta einnig þingfest í héraði. Samkvæmt langri dómvenju skulu vanskilavextir af kröfum vegna lausafjárkaupa reiknast hinir sömu og innlánsvextir innlánsstofnana af almennum sparisjóðsbókum. Hefur þessi regla einnig verið látin gilda, þótt greiðslu skuli inna af hendi miðað við erlenda mynt. Ber því að ákveða vexti af kröfu þessari samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands um innlánsvexti o. fl. frá 16. mars 1977, 18. júlí 1977, 18. nóvember 1977, 17. febrúar 1978, 29. maí 1979 og 30. ágúst 1979, en auglýsingar þessar eru settar samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 10/1961. Með vöxtum í þessu sambandi verður að telja það, sem Seðlabanki Íslands hefur frá 18. júlí 1977 nefnt í auglýsingum þessum „verðbótaþátt vaxta“. Með vísan til alls þessa og kröfugerðar áfrýjanda ber að ákveða vexti í máli þessu þannig: 13% ársvexti frá 6. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á. og 24% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Dæma ber stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 2.000.000 króna.

Dómur Hæstaréttar.

Stefndu, Jóhann Antoníusson og Sverrir Júlíusson persónulega og f. h. Hilmis s/f, greiði óskipt áfrýjanda, Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Nichimen Co. Ltd., 60.311.90 bandaríkjadali ásamt 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 6. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 2.000.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt gegn afhendingu áðurgreindrar síldarnótar eða farmskírteinis um hana.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Við erum sammála meiri hluta dómara um annað en vexti.

Við teljum, að stefndu beri að greiða áfrýjanda vexti frá 1. maí 1975, en nót sú, sem um ræðir í málinu, var tilbúin til sendingar í apríl það ár.

Eins og lýst er í atkvæði meiri hluta dómara, er það fordæmisregla, að af kröfum vegna lausafjárkaupa skuli greiða dráttarvexti, sem séu jafnháir og innlánsvextir af almennum sparisjóðsbókum. Þessir vextir hafa breyst frá 1. maí 1975, en eru nú 27% á ári samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands 30. ágúst 1979. Í auglýsingunni segir, að grunnvextir séu 5%, en verðbótaþáttur 22%.

Í málinu er dæmt um kröfu erlends aðilja á hendur íslenskum aðiljum, og ber að greiða hana í bandaríkjadölum eða íslenskum krónum eftir gengi bandaríkjadala á greiðsludegi. Skuldin er þess vegna verðtryggð að hluta. Ofangreind-

ir vextir fela einnig í sér verðtryggingu með vissum hætti. Er það því ótæk lausn að okkar áliti að dæma stefndu til að greiða höfuðstól miðað við bandaríkjadali og einnig vexti með verðbótaþætti.

Rétt þykir að dæma stefndu til greiðslu vaxta, sem séu ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum, sem greiddir eru af innlendum gjaldeyrisreikningum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands. Ekki var um slíka vexti að ræða 1. maí 1975, en vextirnir af reikningum í bandaríkjadölum eru nú 7% á ári. Teljum við rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda 7% ársvexti af kröfu hans frá 1. maí 1975 til greiðsludags.

Dómur sjó- og verslunardóms Eskifjarðar 31. maí 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður, Nýja Bíó húsinu, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Nichimen Co. Ltd., 15 Nakanoshima, 2-chome, Kita-ku, Osaka, Japan, fyrir sjó- og verslunardómi Eskifjarðar á hendur þeim Jóhanni Antoníussyni, Skólavegi 12, Búðahreppi, Suður-Múlasýslu, og Sverri Júlíussyni, Safamýri 35, Reykjavík, persónulega og f. h. sameignarfyrirtækis þeirra, Hilmis s/f, Búðahreppi, Suður-Múlasýslu.

Stefna er út gefin 6. þ. m., áritуð af umboðsmanni stefndu og áritun þess efnis, að fallið sé frá stefnufresti og varnarþing samþykkt.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda 60.311.90 bandaríkjadali gegn afhendingu sérriðinnar síldarnótar frá stefnanda.

Til vara er krafist bóta vegna samningsrofs, að fjárhæð 60.311.90 bandaríkjadali.

Þá er krafist 2% dráttarvaxta á mánuði og fyrir hvern byrjaðan mánuð af 60.311.90 bandaríkjadölum frá 1. apríl 1975 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Í greinargerð stefndu var gerð krafa um, að stefnandi legði fram tryggingu vegna málskostnaðar.

Er í málinu lagt fram símskeyti Landsbanka Íslands, þar sem bankinn lýsir sig ábyrgjast greiðslu á allt að kr. 870.000, sem stefnanda kann að verða gert að greiða stefndu í málskostnað.

Sáttatilraunir báru ekki árangur.

II.

Hinn 3. maí 1976 var í sjó- og verslunardómi Eskifjarðar þingfest mál, höfðað af Asíufélaginu h/f, Reykjavík, gegn stefndu, og voru í því máli gerðar allar hinar sömu dómkröfur og í þessu máli.

Þá voru teknar aðiljaskýrslur af Kjartani Reyni Jóhannssyni, framkvæmdastjóra Asíufélagsins h/f, og Jóhanni Antoníussyni, framkvæmdastjóra Hilmis s/f.

Með dómi, uppkveðnum 28. júní 1976, var málinu vísað frá dómi ex officio, og segir í dóminum:

„Eins og áður var rakið, er kröfugerð stefnanda á því reist, að hann beri ábyrgð gagnvart japanska fyrirtækinu á ætluðum samningsrofum stefndu, en jafnframt er því lýst yfir af hans hálfu, að japanska fyrirtækið hafi engar kröfur gert.

Dómurinn telur, að þannig sé fram komin viðurkenning stefnanda á því, að hann hafi enn ekki öðlast umfjallaðan kröfurétt á hendur stefndu, og beri því að vísa málinu frá dómi samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936. Ekki þykir skipta máli, þótt stefndu hafi óskað efnisdóms í málinu, sbr. meginreglu 67. gr. laga nr. 85/1936."

Í því máli, sem nú er til meðferðar, hafa í meginatriðum verið lögð fram hin sömu skjöl og í fyrra málinu, endurrit aðiljaskýrslna, sem áður var getið, og endurrit frávísunardómsins. Önnur gagnaöflun fór ekki fram, og var málið þingfest, munnlega flutt og dómtekið á einu og sama dómþingi.

III.

Málsatvik eru þau, að haustið 1974 hugðist stefndi Jóhann leita eftir tilboðum í gerð síldarnótar fyrir skip Hilmis s/f. Hönnuðu Pétur Georgsson, netagerðarmeistari á Akranesi, og Kjartan R. Jóhannsson, framkvæmdastjóri Asíufélagsins h/f, nótina fyrir stefnda. Fól stefndi nokkrum innflytjendum, þ. á m. Kjartani R. Jóhannssyni vegna Asíufélagsins h/f, sem er umboðsaðili stefnanda á Íslandi, að afla tilboða í gerð nótarinnar.

Bárust tilboð frá þremur erlendum fyrirtækjum, þ. á m. stefnanda, en tilboð hans barst Asíufélaginu h/f í telexskeyti, mótteknu 11. október 1974. Að höfðu samráði við stefnda Jóhann tilkynnti Asíufélagið h/f stefnanda samdægurs, að tilboðinu væri tekið með fyrirvara um staðfestingu, eftir að kaupandi hefði ráðfært sig við viðskiptabanka sinn.

Nokkur tími leið, þar til samþykki tilboðs var staðfest, og þá gert með þeim hætti, að pöntun, „Order", rituð á eyðublað Asíufélagsins h/f, undirrituð af stefnda Jóhanni f. h. Hilmis s/f og Kjartani R. Jóhannssyni f. h. Asíufélagsins h/f, var send stefnanda. Hafði þá fengist nokkur lækkun á upphaflegu tilboði stefnanda, og voru breyttar magn- og verðtölur færðar inn á pöntunina.

Hinn 1. nóvember 1974 tilkynnti Asíufélagið h/f stefnanda í telexskeyti, að pöntunin yrði send þann dag, og í telexskeyti stefnanda til Asíufélagsins h/f, mótteknu 14. nóvember s. á., kemur fram, að hann hafi fengið pöntunina í hendur.

Í pöntuninni var tekið fram, að síldarnótin skyldi komin til hafnar á ákvörðunarstað eigi síðar en 1. maí 1975. Greiðsluskilmálar voru bankaábyrgð, gjaldkræf 65 dögum eftir dagsetningu farmbréfs.

Stefndi Jóhann sótti formlega um bankaábyrgð fyrir kaupverði nótarinnar hjá viðskiptabanka sínum, Landsbanka Íslands, Eskifirði, í janúarmánuði 1975, eftir að Asíufélagið h/f hafði óskað þess, að bankaábyrgð yrði opnuð. Hafði stefndi rætt við útibússtjóra bankans, þegar nótarkaupin voru áformuð og undirbúin, og hann ekkert talið athugavert við þau á þeim grundvelli, sem þá var byggt á.

Að sögn stefnanda hafði gengi íslensku krónunnar verið fellt og kaupgjaldshækkanir komið til framkvæmda, áður en ábyrgðarbeiðni var afgreidd í bankanum. Þetta tvennt hafi leitt til þriggja milljón króna verðhækkunar á nótinni og kostnaðarauka við uppsetningu hennar. Hafi hann ekki getað gert bankastjóra grein fyrir, hvernig hann mundi greiða hækkunina, og því verið synjað um ábyrgðina.

Í bréfi Landsbankans á Eskifirði, dags. 24. mars 1975, til Hilmis s/f segir m. a.: „Vegna almennra breytinga í peningamálum nú og að undanförnu getur bankinn ekki afgreitt áb.beiðni yðar, að svo komnu máli."

Engin bréfaskipti fóru á milli stefnda Jóhanns og Kjartans R. Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Asíufélagsins h/f, og verður

því rakið úr áðurnefndum aðiljaskýrslum þeirra það, sem hér skiptir máli.

Stefndi Jóhann kvaðst hafa tilkynnt Asíufélaginu h/f um afgreiðslu Landsbankans á byrgðarbeiðninni og leitað eftir því, hvort til greina kæmi, að nótin yrði afhent án bankaábyrgðar eða kaupandi lánaði hluta kaupverðs í 1 ár. Hafi honum verið tjáð, að það kæmi ekki til greina.

Hann kvaðst síðar hafa reynt án árangurs að útvega kaupanda að nótinni í Danmörku, Svíþjóð og Færeyjum, þegar hann átti erindi til þessara landa. Þetta hafi hann gert í greiðaskyni við Kjartan R. Jóhannsson, enda hafi Kjartan sagt eða gefið í skyn, að hann ætti á hættu að missa umboðið, ef nótin yrði ekki tekin. Hann hafi gert Kjartani viðvart um niðurstöðuna, en síðan hafi þeir ekki rætt frekar við út af málinu.

Stefndi kvaðst hafa talið sig eða Hilmi s/f lausa allra mála, þegar hann fékk synjun um bankaábyrgð frá Landsbankanum. Hann hafi ekki fengið tilkynningu um, að kaupunum yrði haldið upp á hann eða Hilmi s/f, en fram hafi komið í samtölum við Kjartan R. Jóhannsson, að Kjartan teldi Hilmi s/f bundinn af kaupunum, að minnsta kosti siðferðilega.

Kjartan R. Jóhannsson kvaðst hafa reynt að koma því til leiðar, að bankinn opnaði ábyrgð fyrir stefnda. Hafi útibússtjóri Landsbankans á Eskifirði í fyrstu sagt, að ábyrgðin mundi verða opnuð, en síðar hafi hann sagt, að stefndi Jóhann hefði dregið ábyrgðarbeiðni sína til baka. Kvaðst Kjartan hafa hringt til stefnda og hann þá sagt, að bankastjórinn hefði brugðist sér. Stefndi hafi farið fram á þriggja milljón króna lán, sem hann, Kjartan, hafi ekki getað veitt.

Hann kvaðst hafa talað við stefnda Jóhann aftur vegna þrýstings frá stefnanda og þá sagt honum, að málið væri að fara úr sínum höndum til lögmanna. Stefndi hafi talað um að reyna að selja nótina og í því sambandi nefnt Danmörku, Svíþjóð og Færeyjar.

Kjartan afhenti lögmanni Asíufélagsins h/f málið til meðferðar í júní eða júlímánuði 1975, og hafði lögmaðurinn tvívegis símasamband við stefnda Jóhann út af því, að sögn stefnda, fyrst í júlímánuði 1975. Sagðist stefndi þá vera að reyna að útvega kaupanda að nótinni. Lögmaðurinn hafi hringt aftur um haustið, og kvaðst stefndi þá hafa sagt honum, að mistekist hefði að útvega kaupandann.

Asíufélagið höfðaði því næst mál það, sem þingfest var í sjó-

og verslunardómi Eskifjarðar hinn 3. maí 1976 og áður er getið.

Samkvæmt skýrslu Kjartans R. Jóhannssonar var stefnandi, Nichimen Co. Ltd., þá ekki farinn að gera fjárkröfur út af viðskiptunum, en málið farið að hafa slæm áhrif á viðskipti Asíufélagsins h/f og stefnanda.

Bráðabirgðavörureikningur, „proforma invoice", stefnanda, sem fram er lagður, ber með sér, að títtnefnd síldarnót var tilbúin til afhendingar í skip í lok aprílmánaðar 1975.

IV.

Dómkröfur stefnanda eru reistar á því, að stefndu séu bundnir við hin umstefndu kaup og engin atvik séu fyrir hendi, er leyst geti stefndu frá skuldbindingum sínum og ábyrgð í því efni. Er bent á, að synjun bankaábyrgðar á greiðslu kaupverðsins leysi stefndu ekki frá kaupunum, enda skilyrði um bankaábyrgð ekki af þeim sett, heldur stefnanda. Meðan skilyrðið var ekki uppfyllt, hafi það veitt stefnanda rétt til þess að halda að sér höndum með afhendingu nótarinnar, en ekki skapað stefndu neinn rétt.

Þá er því haldið fram, að stefndu hafi verið gert ljóst, að þeir væru bundnir af kaupunum, svo sem viðurkennt sé af stefnda Jóhanni, og með tilraunum til endursölu nótarinnar og tilkynningum til umboðsmanna stefnanda þess efnis í viðtölum við þá hafi stefndu veitt stefnanda réttmæta ástæðu til að ætla, að stefndu teldu sig bundna við kaupin og ætluðu að standa við þau. Hafi stefndu því ekki lengur haft rétt til eða hagsmuni af sérstakri tilkynningu frá stefnanda um, að hann mundi halda uppi á þá kaupunum.

Því er mótmælt, að synjun bankans á beiðni stefndu um opnun bankaábyrgðar verði jafnað til almenns ómöguleika. Stefndu hafi að sjálfsögðu getað greitt kaupverð nótarinnar eftir sem áður, hafi fé verið fyrir hendi. Bendir stefnandi jafnframt á, að stefndu hafi enga tilraun gert síðar til þess að afla bankaábyrgðar, þótt upphafleg synjun gæfi til kynna, að hún væri tímabundin.

Upphæð varakröfu stefnanda um skaðabætur vegna samningsrofa er studd þeim rökum, að nóttin sé sniðin og gerð eftir sérþörfum stefndu og erfið í sölu til annarra aðilja, og þess vegna nemi tjón stefnanda kaupverðinu. Bent er á, að vaxta- og geymslukostnaður nemi þegar miklum fjárhæðum.

Sýknukrafa stefndu er á því reist, að enginn gildandi samningur hafi komist á um kaupin, þar sem um skilyrt boð hafi ver-

ið að ræða af hálfu stefnanda, þ. e. að bankaábyrgð væri fyrir hendi. Þar eð bankaábyrgð fékkst ekki, hafi kaupin fallið niður.

Þá er því og haldið fram, að stefndu hafi verið ómögulegt (vis major) að uppfylla skilyrði um bankaábyrgð og beri þess vegna að sýkna þá.

Loks er á það bent, að stefnandi hafi ekki tilkynnt stefndu án tafar, að hann ætlaði að halda uppi kaupunum á hendur stefndu. Hafi stefnandi ekkert raunhæft gert í málinu fyrr en að ári liðnu.

V.

Eins og rakið er hér að framan, sendi stefnandi tilboð í gerð síldarnótarinnar til Asíufélagsins h/f í telexskeyti, og kynnti framkvæmdastjóri félagsins stefnda Jóhanni efni þess. Tilboðið, lítið breytt, var samþykkt með því að senda stefnanda pöntun, og er ekki um það ágreiningur, að stefnandi hafði samþykkt breytingar á tilboði sínu, áður en pöntunin var send til hans.

Dómurinn telur því, að bindandi samningur um gerð síldarnótarinnar og kaup á henni hafi komist á, um leið og pöntunin var komin til vitundar stefnanda.

Enginn fyrirvari var gerður af hálfu stefndu um, að samningurinn væri ógildur eða kaupin féllu niður, fengist ekki bankaábyrgð, og voru kaupin því allt að einu bindandi fyrir stefndu, þótt ekki tækist að afla hennar. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, af hvaða ástæðum beiðni um bankaábyrgð var synjað.

Verður þá athugað, hvort stefnandi hafi með tómlæti firrt sig rétti til efnda samningsins in natura eða til skaðabóta.

Í málinu liggur ekkert fyrir um viðbrögð stefnanda sjálfs, er samningur var ekki efndur af hálfu stefndu, önnur en þau, að hann hélt að sér höndum og sendi nótina ekki frá sér.

Skipti framkvæmdastjóra Asíufélagsins h/f, umboðsaðilja stefnanda, og stefnda Jóhanns eru rakin hér að framan jafnframt því sem getið er um afskipti lögmanns Asíufélagsins h/f af málinu. Þegar Asíufélagið h/f höfðaði mál á hendur stefndu, eins og rakið er, kom fram, að stefnandi hafði engar kröfur gert, en málið þá farið að hafa slæm áhrif á viðskipti stefnanda og Asíufélagsins h/f.

Verður ekki annað séð en Asíufélagið h/f hafi með aðgerðum og afskiptum sínum verið að vernda eigin hagsmuni, enda ekkert fram komið, sem hnígur að því, að félagið hafi fengið fyrirmæli frá stefnanda eða umboð hans til þess að krefjast efnda á samningnum eða skaðabóta úr hendi stefndu vegna samningsrofa.

Fyrstu sýnileg viðbrögð stefnanda sjálfs koma í ljós við málshöfðun þessa.

Þótt ráða megi af greinargerð stefndu, að þeir hafi ætlað aðgerðir stefnanda byrja með málshöfðun Asíufélagsins h/f í hinu fyrra máli, þykir framanrakið aðgerðarleysi stefnanda með hliðsjón af 31. gr. og 32. gr., sbr. 30. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 leiða til þeirrar niðurstöðu, að hann hafi fyrirgert rétti sínum til efnda samningsins samkvæmt efni hans og til skaðabóta vegna samningsrofa.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 250.000.

Dóm þennan kvað upp Bogi Nílsson ásamt samdómsmönnunum Dagmar Óskarsdóttur og Vögg Jónssyni framkvæmdastjórum.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Antoníusson og Sverrir Júlíusson persónulega og fyrir hönd Hilmis s/f, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Nichimen Co. Ltd.

Stefnandi greiði stefndu málskostnað, kr. 250.000, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. nóvember 1979.

Nr. 222/1977. **Aldís Jónsdóttir**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Páli Ólafssyni
(Baldvin Jónsson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1977. Krefst hún aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hún sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að héraðsdómur verði staðfestur og honum tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Ómerkingar- og frávísunarkröfuna reisir áfrýjandi á því, að í stefnu til héraðsdóms svo og í greinargerð í héraði hafi stefndi ekki gert skilmerkilega grein fyrir kröfum sínum á hendur áfrýjanda svo og verið sjálfum sér ósamkvæmur í reifun málsatvika annars vegar og kröfugerð hins vegar. Bendir áfrýjandi sérstaklega á, að samkvæmt stefnu krefji stefndi hana í málinu um 31.5% af viðgerðarkostnaði vegna steypuskemmda á húsinu Sólheimum 30, en samkvæmt kaupsamningi aðilja hafi hinn seldi eignarhluti áfrýjanda aðeins verið 29.0% húseignarinnar allrar. Þá bendir áfrýjandi á, að orðið hafi óhæfilegur dráttur á meðferð málsins í héraði.

Áfrýjandi hreyfði framangreindri ómerkingar- og frávísunarkröfu fyrst við munnlegan flutning máls fyrir Hæstarétti, og verður því að fallast á það með stefnda, að hún hafi verið of seint fram borin. En hvað sem því líður, þykja þeir annmarkar á málatilbúnaði og málsmeðferð í héraði, sem á hefur verið bent, ekki slíkir, að leiða eigi til ómerkingar héraðsdóms og frávísunar málsins, hvorki sjálfkrafa né að kröfu áfrýjanda. Verður aðalkrafan því ekki tekin til greina.

Sýknukröfu sína reisir áfrýjandi á því, að hin selda íbúð hafi ekki verið haldin neinum göllum, sem skaðabótaskyldu varði fyrir sig gagnvart stefnda. Ef ekki verði á þetta fallist, sé skaðabótakrafa stefnda þó niður fallin fyrir fyrningu.

Um hina fyrrtöluðu málsástæðu skal tekið fram, að ekki verður séð, að áfrýjandi hafi skýrlega andmælt kröfum stefnda á þeim grundvelli fyrir héraðsdómi, að ekki hefðu verið gallar á hinni seldu eign, sem henni bæri að bæta. Verður þessari málsástæðu því ekki gaumur gefinn fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Og þar sem fallast ber á

úrlausn héraðsdóms um, að skaðabótakrafa stefnda hafi eigi verið fyrnd, þegar hann hóf málssóknina, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905, verður sýknukrafa áfrýjanda ekki tekin til greina.

Mál þetta var upphaflega flutt munnlega á bæjarþingi Reykjavíkur 22. mars 1977. Um þann flutning er m. a. eftirfarandi skráð í þingbók:

„Lögmaður stefndu (þ. e. áfrýjandi þessa máls) tók næst til máls og gerði hinar sömu dómkröfur sem í greinargerð á dskj. nr. 11 að öðru leyti en því, að hann felldi niður varakröfuna, þar sem eigi væri lengur fyrir hendi tölulegur ágreiningur um fjárhæð stefnukröfunnar".

Er málið var flutt að nýju og dómtekið á bæjarþinginu 22. september 1977 eftir endurupptöku þess 24. mars s. á., voru af hendi áfrýjanda gerðar sömu kröfur og við hinn fyrri málflutning, að því er skráð er í þingbók.

Áfrýjandi er við framangreindar málflutningsyfirlýsingar bundinn. Verður héraðsdómurinn því staðfestur, en þó þannig, að rétt þykir að lækka hina dæmdu fjárhæð um 12.568 krónur (þ. e. um 2.5% af 502.738 krónum), eða í 174.632 krónur, þar sem viðurkennt er af hálfu stefnda, að við útreikning stefnukröfunnar hafi af misskilningi verið miðað við, að á hinn selda eignarhluta ætti að koma 31.5% heildarviðgerðarkostnaðar í stað 29.0% kostnaðarins, svo sem rétt hefði verið. Upphafstíma vaxta hefur eigi verið andmælt, og verður vaxtaákvæði héraðsdóms því staðfest, þó þannig, að vextir af dæmdri fjárhæð fyrir tímabilið frá 15. júlí 1974 til greiðsludags verði 12% ársvextir, þar sem héraðsdómarinn virðist að þessu leyti hafa farið út fyrir dómkröfurnar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 21. september 1972. Skjöl, er vörðuðu málatilbúnað stefnanda, önnur en stefna, voru þó ekki lögð fram í dómi fyrr en 1. febrúar 1973. Eftir að greinargerð kom fram af hendi stefndu í héraði hinn 1. mars 1973, var ekkert aðhafst í málinu, svo

að séð verði, fyrr en það var tekið fyrir á bæjarþingi hinn 25. nóvember 1976. Hefur samkvæmt þessu orðið óhæfilegur dráttur á málinu fyrir bæjarþinginu.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Aldís Jónsdóttir, greiði stefnda, Páli Ólafssyni, 174.632 krónur ásamt 7% ársvöxtum af 145.794 krónum frá 27. janúar 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. mars 1977, hefur Páll Ólafsson, Sólheimum 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. júlí 1972, á hendur Aldísi Jónsdóttur, Hafnarstræti 47, Flateyri, Ísafjarðarsýslu, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 158.362.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 27. janúar 1969 til greiðsludags svo og kr. 20.000.00 í kostnað við málningu og kr. 8.837.50 vegna matskostnaðar og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að hún verði algerlega sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu og að henni verði dæmdur málskostnaður eftir mati dómsins. Til vara krefst stefnda þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að með afsali, dags. 8. júní 1963, hafi stefnda, Aldís Jónsdóttir, selt stefnanda 5 herbergja íbúð á 1. hæð hússins nr. 30 við Sólheima hér í borg. Gallar hafi komið fram í steypu og múrhúðun og hafi matsgerð farið fram 27. janúar 1969. Kostnaður samkvæmt henni við að leggja svonefnt „drain" hafi verið metinn á kr. 74.000.00. Jafnframt hafi verið leitað álits Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í málinu. Viðgerð hafi síðan farið fram á ofangreindu húsi og

hafi heildarviðgerðarkostnaður numið kr. 502.738.00 samkvæmt reikningum. Stefnandi eigi 31.5% af allri eigninni Sólheimum 30 og nemi því kostnaðarhluti hans kr. 158.362.00. Þá nemi kostnaður við málningu kr. 20.000.00 og kostnaður vegna matsins kr. 8.837.50.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og m. a. skýrt svo frá, að sig minni, að það hafi verið haustið 1964, sem farið hafi að bera á göllum í múrhúðun á kjallara hússins nr. 30 við Sólheima, sem um ræðir í máli þessu. Hann segir, að gallar þessir hafi lýst sér þannig, að flagnað hafi af kjallaranum smáflögur af múrhúðuninni. Hann segir, að veturinn 1964 til 1965, að hann telur, hafi runnið vatn á milli múrhúðunarinnar og veggjarins og þá hafi múrhúðunin farið að detta af í stórum flögum, jafnvel ef gert hafi snarpan vind. Hann kveðst ekki hafa tekið eftir neinum göllum í múrhúðuninni, þegar hann keypti húsið. Kveðst hann hafa verið sá eini af íbúðareigendum í húsinu, sem ekki hafi tekið þátt í að byggja það. Enda þótt fyrstu skriflegu kvörtunina út af göllum þessum sé að finna í bréfi, dags. 15. ágúst 1969, kveðst stefnandi hafa kvartað oftar en einu sinni fyrr, munnlega, fljótlega eftir að hann hafi orðið gallanna var, og óskað þá eftir, að eiginmaður stefndu, Þórður Gíslason, sem hafi verið einn af byggjendum hússins, léti lagfæra gallana, og hafi hann ekki tekið illa í það, en ekkert orðið úr framkvæmdum. Stefnandi treysti sér ekki til að tímasetja nánar en að framan greinir, hvenær gallarnir hafi fyrst komið í ljós.

Stefnda hefur og komið fyrir dóm í máli þessu og m. a. skýrt svo frá, að hún hafi verið einn af byggjendum hússins nr. 30 við Sólheima, en byrjað hafi verið á byggingu þess árið 1957. Hún kveðst ekki hafa orðið vör við neina galla í múrhúðun hússins, þegar hún seldi íbúð sína í því, og ekki hafa verið kunnugt um neina galla. Stefnda gerir þá athugasemd, að þar sem segi i bréfi hennar til lögmanns stefnanda, dags. 12. des. 1970, á dskj. nr. 13: „Í matsgjörð þessari (nr. 130/1968), sem hefur ekki verið formlega mótmælt af málsaðilum“ o. s. frv., eigi hún fyrst og fremst við, að stefnandi hafi ekki mótmælt matsgerðinni og hefði því átt að halda sig við hana, hvað aðferðir og viðgerðarkostnað snerti.

Stefnda kveður sér fyrst hafa verið kunnugt um umrædda galla, um það leyti sem matsgerðin hafi farið fram, og hafi stefnandi aldrei talað neitt við sig um þetta, og kveðst hún ekki heldur vita til þess, að hann hafi kvartað við eiginmann sinn,

Þórð Gíslason, fyrir þann tíma, er matsgerðin hafi farið fram. Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en ekki tekist.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að fram hafi komið gallar á húsinu, sem honum hafi verið huldir, þegar hann keypti, og hafi því á engan hátt getað varað sig á, en þar sem húsið hafi að hluta verið byggt á vegum stefndu og manns hennar, telji hann þeim skylt að greiða þann kostnað, sem í hans hlut hafi komið vegna viðgerðarinnar, en orsök gallanna sé sú samkvæmt niðurstöðu dómkvaddra matsmanna, að steypa, sem notuð hafi verið í kjallara hússins, hafi ekki verið rétt blönduð, m. a. þannig að hún sé vatnsdræg.

Stefnda reisir sýknukröfu sína á því aðallega, að hafi hún nokkurn tíma verið skaðabótaskyld í máli þessu, þá sé sú krafa nú fyrnd, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Stefnandi hafi keypt umrædda íbúð að Sólheimum 30 hinn 8. júní 1963 og hafi gallar í steinsteypu komið fljótlega í ljós þar á eftir, eins og segi í bréfi á dskj. nr. 4. Stefna hafi hins vegar ekki verið birt fyrr en síðsumars 1972 og sé því ljóst, að sú krafa, sem stefnandi kynni að hafa átt á hendur sér, sé löngu fyrnd, þar sem hún hafi aldrei viðurkennt neina kröfu í þessu sambandi. Varakrafa stefndu er á því byggð, að það eigi ekki að verða henni til tjóns, þó að stefnandi hafi valið aðra aðferð til viðgerðarinnar og margfalt dýrari en hinir sérfróðu matsmenn hafi talið, að rétt væri.

Í þinghaldi 18. janúar 1977 lýsti lögmaður stefndu því yfir, að eigi væri mótmælt fjárhæð viðgerðarkostnaðar reikningslega, sem samtals nemur kr. 178.362.00.

Eins og þegar er fram komið, er krafa stefnanda risin af leyndum galla á húseign þeirri, sem hann keypti af stefndu, og kom ekki í ljós, fyrr en eftir að kaupin gerðust. Eigi liggur ljóst fyrir, hvenær stefnandi hafi fyrst borið fram kvartanir út af galla þessum við stefndu, þó kemur það fram í málinu, sbr. afrit bréfs á dskj. nr. 3, að það hefur verið gert eigi síðar en 15. ágúst 1969. Stefnandi keypti íbúðina um það bil á miðju ári 1963, en stefna hefur verið birt 27. júlí 1972. Er því ekki um það að ræða, að krafan sé fyrnd, þar sem telja verður, að um slíkar kröfur gildi 10 ára fyrningarfrestur. Áður er fram komið, að lögmaður stefndu mótmælir ekki viðgerðarkostnaði reikningslega. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefnda verður dæmd til að greiða stefnufjárhæðirnar að fullu, þar með talinn matskostnaður.

Samkvæmt stefnu er vaxta aðeins krafist af kr. 158.362.00, og

ákveðast þeir 7% ársvextir frá 27. janúar 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Aldís Jónsdóttir, greiði stefnanda, Páli Ólafssyni, kr. 187.200.00 með 7% ársvöxtum af kr. 158.362.00 frá 27. janúar 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. nóvember 1979.

Nr. 173/1978. **Hilmar Pétursson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Katrínu Þorvaldsdóttur og
(Guðrún Erlendsdóttir hrl.)
dómsmálaráðherra f. h.
dómsmálaráðuneytis
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Börn. Umgengnisréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. október 1978. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt „skylt að þola með dómi, að íslenskar réttarreglur heimili áfrýjanda um-

gengnisrétt við dóttur hans og stefndu Katrínar Þorvaldsdóttur, Júlíu Emblu, sem fædd er 6. júní 1972 . . .". Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi beggja stefndu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 26. janúar 1979.

Stefnda Katrín krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hún fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 28. febrúar 1979.

Stefndi dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis hefur ekki uppi efnisvarnir í málinu. Krefst hann staðfestingar málskostnaðarákvæðis hins áfrýjaða dóms og sýknu af málskostnaðarkröfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Dómkröfur áfrýjanda verður að skýra svo, að hann krefjist þess, að viðurkenndur verði réttur hans til umgengni við barnið Júlíu Emblu með þeim takmörkunum á viðfeðmi þess réttar, sem leiða af úrskurðarvaldi dómsmálaráðuneytis, sbr. dóma Hæstaréttar 18. janúar og 10. apríl 1978 í málum milli áfrýjanda og stefndu Katrínar. Verða víðtækari kröfur eigi hafðar uppi í máli þessu.

II.

Stefnda Katrín er móðir barnsins Júlíu Emblu Hilmarsdóttur og hefur forræði þess samkvæmt 3. mgr. 22. gr. lögræðislaga nr. 95/1947. Er málssókn þessari því réttilega að henni beint.

III.

Í íslenskum lögum er allvíða fjallað um afstöðu foreldra til barna þeirra. Um afstöðu foreldra til skilgetinna barna er fjallað í lögum nr. 57/1921. Í 1. og 2. mgr. 22. gr. og 23. gr. laga nr. 95/1947 eru settar reglur um foreldravald yfir skilgetnu barni, þegar annað eða bæði foreldra eru látin eða mega eigi með foreldravald fara. Þá er í 47. gr. og 48.

gr. laga nr. 60/1972 kveðið á um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, þegar foreldrar skilja að borði og sæng eða þeim er veittur lögskilnaður. Þar er einnig að finna ákvæði um, hvernig háttað skuli umgengnisrétti þess foreldris, sem eigi fær forræði barns.

Lög nr. 87/1947 fjalla um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, en engin ákvæði eru þar um rétt föður til umgengni við óskilgetið barn sitt. Í 3. og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 95/1947 eru ákvæði um foreldravald yfir óskilgetnu barni. Getur faðir að uppfylltum nokkrum skilyrðum fengið foreldravald yfir óskilgetnu barni sínu, ef móðir þess er látin eða má ekki fara með forræði þess. Hins vegar eru hvergi í lögum ákvæði um umgengnisrétt föður við óskilgetið barn sitt, meðan móðir hefur forræði þess.

Eins og fram kemur af því, sem að framan hefur verið rakið, er að lögum verulegur munur á réttarstöðu skilgetinna og óskilgetinna barna, sérstaklega að því er varðar afstöðu foreldra þeirra. Þó hefur munur þessi minnkað nokkuð á síðustu áratugum.

Réttur föður til umgengni við óskilgetið barn sitt verður ekki leiddur af ákvæðum 47. og 48. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, enda verður óvígðri sambúð karls og konu, þótt um árabil sé, alls ekki jafnað til hjúskapar í þessu sambandi. Skiptir hér ekki máli, þótt óvígð sambúð karls og konu sé í nokkrum lagaákvæðum á afmörkuðum sviðum látin hafa svipaðar eða hliðstæðar lögfylgjur og hjúskapur, þegar ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Ekki verður heldur séð, að umgengnisréttur þessi verði leiddur af öðrum réttarreglum. Það er gömul skipan, að faðir óskilgetins barns hafi eigi umgengnisrétt við barn sitt án samþykkis móður, meðan hún hefur forræði þess. Verður því eigi breytt nema með lögum.

Barn það, sem um er fjallað í máli þessu, er óskilgetið í merkingu 1. gr. laga nr. 87/1947. Stefnda Katrín, sem er ógift, hefur ein forræði þess samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 95/1947. Samkvæmt þessu og því, sem að framan er rakið, verður eigi talið, að áfrýjandi eigi lögvarinn rétt til um-

gengni við barnið án samþykkis stefndu Katrínar, en um slíkt samþykki er ekki að ræða.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda.

Rétt er, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður máls þessa fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna áfrýjanda og stefndu Katrínar, 300.000 krónur til hvors.

Dómsorð:

Stefndu, Katrín Þorvaldsdóttir og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis, eiga að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Hilmars Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna áfrýjanda og og stefndu Katrínar Þorvaldsdóttur, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Aðalsteinssonar og Guðrúnar Erlendsdóttur, 300.000 krónur til hvors.

Sératkvæði

Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

I.

Málsaðiljarnir Hilmar Pétursson og Katrín Þorvaldsdóttir hófu óvígða sambúð í maí 1972 samkvæmt því, sem frá er skýrt hér fyrir dómi. Barnið Júlía Embla er fædd 6. júní s. á. Með málssókn þessari og ýmsum gögnum máls hefur áfrýjandinn gengist við faðerni barnsins með lögmætum hætti, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1947.

Málsaðiljarnir Hilmar og Katrín bjuggu saman, án þess að vera gift, allt til 10. maí 1975, og var barn þeirra hjá þeim. Barnið dvaldist hjá föður sínum frá þeim degi til 11.

desember s. á., en það hefur verið hjá móður sinni óslitið upp frá því. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1. mars 1976 til áfrýjanda var kröfu hans um að fá forræði barnsins hrundið „að svo stöddu". Með bréfi sama ráðuneytis til lögmanns áfrýjanda 21. október 1976 var ákveðið, að móðir barnsins Júlíu Emblu skyldi hafa forræði þess. Jafnframt var hrundið kröfu áfrýjanda um, að ráðuneytið mælti fyrir um umgengnisrétt hans við barnið með vísun til þess, að eigi væri „að finna í lögum markaðar reglur um umgengnisrétt foreldris við óskilgetið barn sitt".

II.

Dómkröfu áfrýjanda verður að skýra svo, að hann krefjist þess, að viðurkenndur verði að stofni til réttur hans til umgengni við barnið Júlíu Emblu, en sá réttur takmarkist þó af úrskurðarvaldi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sbr. dóma Hæstaréttar 18. janúar og 10. apríl 1978. Verða víðtækari kröfur eigi hafðar uppi í málinu. Hefur dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis verið stefnt með sakaaukastefnu til varnaraðildar við hlið móður barnsins.

III.

Stefnda Katrín hefur forræði barnsins Júlíu Emblu, sbr. 3. málsgr. 22. gr. laga nr. 95/1947 og framangreint bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 21. október 1976. Er stefnda Katrín því réttur málsaðili, og ber að hrinda kröfu hennar um sýknu, sem reist er á aðildarskorti.

IV.

Áfrýjandi reisir kröfu sína í málinu á þeim lagagrundvelli, að myndast hafi í íslenskum rétti lagaregla um, að faðir óskilgetins barns eigi rétt á að njóta umgengni við barnið, svo sem lögmælt er um foreldri skilgetins barns, sem ekki fær forræði þess við skilnað, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972. Slík réttarregla sæki stoð annað tveggja í lögjöfnun

frá 47. gr. laga nr. 60/1972 eða verði reist á meginreglum laga á sviði sifjaréttar.

Telur hann það m. a. styðja þetta sjónarmið, að hér á landi hafi orðið allör lagaþróun í þá átt að gera hlut sambúðarfólks að ýmsu leyti svipaðan og hjóna. Bendir hann sérstaklega á lög um almannatryggingar nr. 67/1971, 51. gr., lög um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978, 63. gr., lög um lífeyrissjóð bænda nr. 101/1970, 21. gr., lög um húsaleigu nr. 44/1979, 3. gr., og lög um lögheimili nr. 35/1960, 7. gr.

Af hálfu stefndu Katrínar er þessum viðhorfum andmælt. Er það sjónarmið hennar, að réttur föður óskilgetins barns til umgengni við barn sitt, er samkvæmt lögum nr. 95/1947, 22. gr., 3. mgr., skal lúta forræði móður, yrði að sækja stoð í skráðar lagareglur. Þar sem þeirra njóti ekki við hér á landi, beri að synja kröfu áfrýjanda.

V.

Með 47., sbr. 48. gr., laga nr. 60/1972 var lögmæltur umgengnisréttur milli skilgetins barns og þess foreldris, sem eigi hefur forsjá barnsins, þegar foreldrar skilja. Að baki þessari lagareglu býr bæði tillitið til foreldris, þ. e. tilfinningatengsla þess við barnið og umhyggju þess fyrir því, svo og þarfir barns og hvað því sé fyrir bestu. Hvort tveggja þessi lagarök fyrir umgengnisrétti foreldris virðast geta átt fullvel við, er foreldrar, sem búið hafa saman ógift og átt börn, slíta sambúð sinni. Kemur það viðhorf og fram í frumvarpi því til barnalaga, sem þrisvar hefur verið lagt fyrir Alþingi, síðast 1977—1978, en í 36. gr. þess var svofellt ákvæði:

„Nú hefur faðir ósjálfráða óskilgetins barns eigi forræði þess samkvæmt 35. gr., og á hann þá rétt til umgengni við barnið, nema sérstök atvik mæli gegn því að mati dómsmálaráðuneytis. Í umgengnisrétti felst einnig skylda til að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta".

Í 2. mgr. 36. gr. frumvarpsins var lagt til, að lögfestar yrðu nánari reglur um skipan umgengnisréttar, einkum þegar foreldra greinir á, og er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðuneyti kveði á um, miðað við þarfir bransins, „hvort synja skuli um umgengnisrétt, eins og á stendur, en ella mælir það nánar fyrir um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt“.

Enda þótt frumvarp þetta hafi ekki náð fram að ganga á Alþingi, kom ekkert fram í umræðum um það þar, sem bent geti til þess, að andstaða við þær reglur um umgengnisrétt, sem að framan greinir, hafi valdið þar nokkru um.

Á hinum Norðurlöndunum öllum hefur verið lögfestur umgengnisréttur með svipuðum hætti og felst í 36. gr. ofangreinds frumvarps. Er sá umgengnisréttur eigi einskorðaður við föður óskilgetins barns, sem búið hefur með móður þess, fremur en í frumvarpi því til barnalaga, sem reifað var.

Þegar litið er til þeirra almennu lagasjónarmiða, sem liggja til grundvallar hinni skráðu réttarreglu í 47. gr. laga nr. 60/1972, lagaþróunar um réttarstöðu fólks, er býr í óvígðri sambúð, svo og þess, að þörf barns og þess foreldris, sem ekki hefur forræði barnsins, til umgengni hvort við annað, hlýtur að horfa við með svipuðum hætti, hvort sem foreldrarnir hafa verið í hjúskap eða óvígðri sambúð, þykir með stoð í grunnsjónarmiðum í íslenskum barnarétti og lögjöfnun frá 47. gr. laga nr. 60/1972 verða að fallast á það með áfrýjanda, að fullnægjandi lagaheimild sé fyrir því, að hann eigi að stofni til rétt til umgengni við barn sitt, Júlíu Emblu, en á hinn bóginn verði að telja þann rétt hans bundinn sömu skilyrðum og takmörkunum og sett eru í 47. gr. laga nr. 60/1972.

Samkvæmt þessu tel ég, að málalok eigi að verða þau, að viðurkenndur verði réttur áfrýjanda til umgengni við barn sitt, Júlíu Emblu, en sá réttur hlítir þeim takmörkunum, sem segir í 47. gr. laga nr. 60/1972.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um málskostnað, gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Hæstiréttur hefur tvisvar áður fjallað um mál þetta, í bæði skiptin áður en áfrýjandi hafði með sakaukastefnu stefnt dóms- og kirkjumálaráðuneyti til varnaraðildar við hlið stefndu Katrínar.

Með hinum fyrra dómi Hæstaréttar 18. janúar 1978 var úr gildi felldur úrskurður bæjarþings Reykjavíkur um dómkvaðningu matsmanna til að tjá sig um það, hvort það hentaði þörfum barns málsaðilja, Júlíu Emblu, að áfrýjandi fengi að umgangast það eða hvort sérstök atvik mæltu gegn umgengni hans við barnið. Í dómi Hæstaréttar var talið, að dómkvaðningin hefði ekki þýðingu fyrir úrslit málsins í því horfi, sem það hefði verið lagt fyrir dómstóla, þar sem líta yrði svo á, ef á annað borð þætti unnt að fallast á þá skoðun áfrýjanda, að faðir óskilgetins barns gæti átt lögverndaðan rétt til umgengni við barnið, að dóms- og kirkjumálaráðuneyti ætti að skera til fullnustu úr ágreiningi um umgengnisréttinn í einstökum tilvikum, þó með þeim takmörkunum, sem leiddu af 60. gr. stjórnarskrár.

Að gengnum þessum dómi Hæstaréttar var málinu vísað sjálfkrafa frá bæjarþingi Reykjavíkur með dómi, uppkveðnum 21. febrúar 1978. Var talið með skírskotun til hæstaréttardómsins, að málið ætti ekki að sæta úrlausn bæjarþingsins, heldur dómsmálaráðuneytis. Frávísunardómi þessum hratt Hæstiréttur með dómi sínum 10. apríl 1978. Taldi meiri hluti dómenda Hæstaréttar dómkröfu áfrýjanda um viðurkenningu á umgengnisrétti vera tvíþætta. Mætti lúka dómsorði á þann þátt í kröfu áfrýjanda, að íslenskar réttarreglur heimiluðu honum að stofni til umgengnisrétt við barn sitt, en héraðsdómari hefði réttilega vísað frá dómi þeim kröfuþætti, að ekkert væri því til fyrirstöðu, þegar metnir væru hagir áfrýjanda og barnsins, að slíkur umgengnisréttur yrði veittur.

Ég tel að vísu, að staðfesta hefði átt að fullu niðurstöðu

framangreinds frávísunardóms bæjarþings Reykjavíkur. Vísa ég um það til sératkvæðis míns við dómsuppkvaðningu hinn 10. apríl 1978. Ég tel enn fremur, að dómsorð, sem að öllu leyti væri að hljóðan dómskröfu áfrýjanda, jafnvel eins og hún nú er orðin, væri eigi til fulls í samræmi við dómsforsendur í hæstaréttardóminum 18. janúar 1978. En þar sem dæmt var til fullnaðar með dómi Hæstaréttar 10. apríl 1978, að málinu í heild skyldi ekki vísað sjálfkrafa frá dómi, eins og það lá þá fyrir dómstólum, heldur bæri að lúka á það efnisdómi að áðurgreindu marki, hlýt ég með skírskotun til 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 að taka þátt í að leggja efnisdóm á málið og þá í því horfi, sem meiri hluti dómenda skýrir dómkröfur áfrýjanda.

II.

Í niðurlagi forsendna dóms Hæstaréttar 10. apríl 1978 segir skýrum stöfum, að réttara hefði verið að stefna dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis til varnaraðildar „við hlið stefndu". Það gengi í berhögg við framangreindan dóm, ef stefnda Katrín yrði sýknuð vegna þess, að hún eigi ekki málsaðild. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu hennar fyrir sýknukröfu sinni, að hún sé ekki réttur málsaðili.

III.

Ég er samþykkur IV. og V. kafla dómsatkvæðis Ármanns Snævarr hæstaréttardómara, bæði um dómsniðurstöðu og forsendur svo og um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. ágúst 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. júní sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. apríl 1977, af Hilmari Péturssyni, Grettisgötu 66 hér í borg, gegn Katrínu Þorvaldsdóttur, Háuhlíð 12 hér í borg, og með stefnu, birtri 12. maí 1978, gegn dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu Katrínu og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins verði gert skylt að þola, að viðurkennt verði með dómi, að íslenskar réttarreglur

heimili stefnanda umgengnisrétt við dóttur hans og stefndu Katrínar, Júlíu Emblu, sem fædd sé 6. júní 1972. Stefnandi krefst og málskostnaðar frá hvorum aðilja um sig. Byggir stefnandi kröfur þessar á dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 10. apríl 1978, þar sem frávísunardómur bæjarþingsins, uppkveðinn 21. febrúar 1978, var úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómarann „að taka til efnismeðferðar og dómsálagningar framangreindan þátt í kröfugerð sóknaraðilja, Hilmars Péturssonar, á hendur varnaraðilja, Katrínu Þorvaldsdóttur."

Stefnda Katrín krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Stefndi dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins tekur ekki til efnisvarna um kröfu stefnanda og kveðst hlíta niðurstöðu dómstóla um það efni og miða starfshætti sína við þá niðurstöðu. Hann krefst þess þó, að hann verði sýknaður af málskostnaðarkröfu stefnanda.

Málavextir eru þeir, að stefnandi og stefnda Katrín eignuðust barn saman, sem fæddist hér á landi 6. júní 1972 og var nefnt Júlía Embla. Þau tóku upp sambúð í maí það ár og voru í óvígðri sambúð með barn sitt hér á landi, þar til þau fluttust til Bandaríkjanna árið 1974, þar sem stefnandi stundaði nám. Stefnda veiktist, og kom loks að því, að hún fór frá stefnanda og dóttur sinni til Íslands 10. maí 1975. Stefnandi annaðist dóttur sína á heimili þeirra í Athens í Georgíufylki í Bandaríkjunum. Stefnda Katrín var lögð inn á Borgarspítalann í Reykjavík 12. maí 1975 og var þar til 25. júní s. á. Áður hafði hún verið á Borgarspítalanum frá 7. til 24. maí 1974. Stefnda Katrín ritaði stefnanda bréf í desemberbyrjun 1975 og spurðist fyrir um það, hvenær hún mætti sækja dóttur þeirra. Stefnandi ritaði henni bréf 8. desember 1975 og sagði í niðurlagi þess: „Svar mitt við þeirri spurningu, hvenær þú megir koma og sækja Júlíu er: ALDREI. Hún fer ekki til Íslands nema með mér." Hinn 11. desember 1975 komu stefnda Katrín og bróðir hennar til Athens og fóru með lögreglumanni á staðnum í íbúð stefnanda, tóku barnið og fóru með það til Reykjavíkur. Síðan hafa mæðgurnar búið saman á heimili foreldra stefndu Katrínar hér í Reykjavík. Stefnandi kom til Reykjavíkur skömmu á eftir mæðgunum og hófst handa við að reyna að fá forræði dóttur sinnar, en til vara umgengnisrétt við hana. Leitaði hann til dómsmálaráðuneytisins í þessu skyni, og leitaði ráðuneytið umsagnar barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs Íslands, sem mæltu ekki með

breytingu á forræði. Í bréfi, dags. 21. október 1976, er stefnanda tilkynnt af hálfu dómsmálaráðuneytis, að á grundvelli umsagnanna telji ráðuneytið rétt, að móðirin hafi áfram forræði barnsins. Þess hafi verið farið á leit við barnaverndarnefnd Reykjavíkur, að hún hlutaðist til um að ná samkomulagi um umgengnisréttinn. Á fundi nefndarinnar hafi verið gerð svofelld bókun: „Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur reynt án árangurs að ná samkomulagi um umgengnisrétt fyrir föður við barnið. Barnaverndarnefnd telur ekki rétt að svo komnu máli að kveða á um umgengnisrétt, en móðir og dóttir fái tíma til að vera í friði fyrst um sinn.“ Barnaverndarráð hafi og hlutast til um að reyna að ná samkomulagi um eðlilegan umgengnisrétt föður, án árangurs. Lýsti ráðuneytið því yfir, að eigi væri unnt að svo stöddu að verða við beiðni stefnanda um, að réttur hans til að umgangast dótturina yrði tryggður, og voru forsendur í bréfi ráðuneytisins svohljóðandi:

„Í þessu sambandi skal tekið fram, að í lögum nr. 60 frá 1972 um stofnun og slit hjúskapar er ákvæði í 47. gr., er heimilar ráðuneytinu að úrskurða um tilhögun umgengnisréttar, þegar aðila greinir á um hann.

Litið hefur verið svo á, að ákvæði þetta taki einungis til ágreinings varðandi umgengnisrétt foreldris við skilgetið barn sitt, en sambærilegt ákvæði varðandi umgengnisrétt foreldris við óskilgetið barn sitt hefur enn eigi verið lögfest. Í þessu sambandi bendir ráðuneytið á, að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til barnalaga, er hefur að geyma ákvæði um heimild ráðuneytisins til að úrskurða umgengnisrétt foreldris við óskilgetið barn sitt.

Dómstólar hafi eigi heldur úrskurðað um tilhögun umgengnisréttar foreldris við óskilgetið barn sitt.

Þar sem eigi er að finna í lögum markaðar reglur um umgengnisrétt foreldris við óskilgetið barn sitt og með tilvísun til ofangreindra forsendna, er eigi unnt að svo stöddu að verða við beiðni yðar.“

Stefnandi höfðaði þá mál þetta eftir að hafa árangurslaust reynt að ná samkomulagi við stefndu um rétt hans til að umgangast dóttur sína.

Gangur málsins fyrir bæjarþingi og Hæstarétti.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar 16. júní 1977 og ákvað í samráði við lögmenn aðilja að leita sátta með aðiljum 7. október

1977. Ítarlegar sáttaumleitanir báru ekki árangur, og gáfu aðiljar skýrslur sínar fyrir dómi 31. október 1977. Lögmaður stefnanda bar fram þá kröfu, að útnefndir yrðu tveir sérfróðir og óvilhallir menn til að segja álit sitt á efni því, er greinir í þessum spurningum:

a) Telja matsmenn það henta þörfum barnsins, að faðir þess fái að umgangast það?
b) Telja matsmenn, að sérstök atvik mæli því í gegn, að faðir barnsins umgangist það?

Stefnda andmælti því, að slík dómkvaðning færi fram, og kvað dómarinn upp úrskurð 22. nóvember 1977, þar sem krafa stefnanda um dómkvaðninguna var tekin til greina.

Stefnda kærði úrskurð þennan til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 18. janúar sl. var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi. Forsendur dóms Hæstaréttar voru svohljóðandi:

„Í kærumáli þessu verður ekki leyst úr því, hvort faðir óskilgetins barns geti átt lögverndaðan rétt til umgengni við barn sitt, þótt eigi njóti við beinnar lagaheimildar til þess, hvorki í lögum nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna né öðrum lögum. Jafnvel þótt á þá skoðun yrði fallist, að slíkum rétti geti verið til að dreifa, verður þó að telja, með sérstakri hliðsjón af ákvæðum 47. gr. og niðurlagi 48. gr. laga nr. 60/1972, sem eru einu ákvæði settra laga, er lúta að umgengnisrétti, að dómsmálaráðuneyti ætti að skera til fullnustu úr ágreiningi um umgengnisréttinn í einstökum tilvikum, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af 60. gr. stjórnarskrár. Samkvæmt framansögðu ber það ekki undir dómstóla, hvað sem líður að öðru leyti réttarreglum um umgengnisrétt, að skera úr því, hvort viðurkenna beri eða synja eigi varnaraðilja um umgengnisrétt við dóttur sína vegna sérstakra ástæðna, er varða málsaðilja eða barn þeirra. Af þessu leiðir, að hin umbeðna dómkvaðning getur eigi haft þýðingu fyrir úrslit máls þessa í því horfi, sem það hefur verið lagt fyrir dómstóla. Ber að svo vöxnu máli að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og synja kröfu varnaraðilja um dómkvaðningu matsmanna."

Bæjarþingsdómarinn lýsti því fyrir lögmönnum aðilja, að hann teldi, að dóm Hæstaréttar mætti túlka svo, að ágreiningur aðilja eigi ekki undir bæjarþingið, heldur dómsmálaráðuneyti, og að málinu ætti þess vegna að vísa frá bæjarþinginu. Lögmenn aðilja tjáðu sig um þetta atriði, og var lögmaður stefndu fylgjandi þessu sjónarmiði, en lögmaður stefnanda taldi, að bæjar-

þingsdómarinn ætti að kveða upp efnisdóm í málinu. Dómarinn kvað upp dóm 21. febrúar 1978, þar sem málinu var sjálfkrafa vísað frá dómi. Stefnandi kærði frávísunardóminn til Hæstaréttar, og með dómi, uppkveðnum 10. apríl 1978, var frávísunardómurinn úr gildi felldur, og lagt var fyrir héraðsdómarann að taka til efnismeðferðar og dómsálagningar þann þátt í kröfugerð sóknaraðilja á hendur varnaraðilja, sem greindi í forsendum hæstaréttardómsins. Forsendurnar hljóðuðu þannig:

„Krafa sóknaraðilja um, að umgengnisréttur hans verði viðurkenndur, er tvíþætt. Í fyrsta lagi lýtur hún að því, að viðurkennt verði, að íslenskar réttarreglur heimili honum slíkan umgengnisrétt að stofni til, en í öðru lagi, að eins og á stendur, þ. e. þegar metnir eru hagir sóknaraðilja og barnsins, sé ekkert því til fyrirstöðu, að slíkur umgengnisréttur verði veittur. Síðari þáttur þessarar kröfu lýtur úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sbr. dóm Hæstaréttar 18. janúar 1978. Hefur héraðsdómari réttilega vísað þeim kröfuþætti frá dómi. Hinn þátturinn hlítir úrlausn dómstóla, og hann tengist beinlínis afmörkuðu sakarefni milli málsaðilja. Er unnt að leggja dóm á hann, og þykir 67. gr. laga nr. 85/1936 eigi standa því í vegi. Kröfuþættirnir, sem hér að framan er lýst, eru eigi samtengdir með þeim hætti, að ógerningur sé að leysa þá sundur og láta aðeins annan þeirra ganga til dóms, en sóknaraðili hefur eigi gert kröfu sína skýrlega úr garði. Ber samkvæmt þessu að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma um greindan þátt í kröfugerð sóknaraðilja í máli hans gegn varnaraðilja.

Rétt þykir, að málskostnaður í kærumáli þessu falli niður.

Í máli þessu var réttara að stefna dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis til varnaraðildar við hlið stefndu."

Málstaður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að enda þótt ekki sé við bein, ótvíræð lagaákvæði að styðjast um rétt stefnanda til að fá að umgangast dóttur sína og rétt dótturinnar til þess að fá að umgangast föður sinn, þá séu fleiri réttarheimildir hér á landi en sett lög. Telja verði, að slík réttindi byggist á meginreglum laga og eðli máls á þeim grundvallarsjónarmiðum, að til séu réttindi, sem menn hafi, þótt þeirra sé ekki getið í lögum, sem sett séu af löggjafarvaldinu. Þannig hafi verið talið, að umgengnisrétti væri til að dreifa milli þess foreldris, sem ekki fengi forræði barns við hjónaskilnað, og barnsins, löngu áður

en slíkur réttur var lögfestur með setningu laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar. Þar hafi menn talið, að lögfestur væri réttur, sem til væri fyrir, og enginn hafi andmælt því, að réttur þessi væri fyrir hendi, áður en til lögfestingar kom. Nú sé um rétt þennan fjallað í 47. gr. laga nr. 60/1972. Þar segi í 1. mgr., að við hjónaskilnað beri að taka afstöðu til foreldraráða yfir sameiginlegum börnum hjóna svo og um rétt foreldris til umgengni við börn. Í 3. mgr. segi, að séu foreldrar ásáttir um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess, skuli dómsmálaráðuneyti staðfesta þá skipan, nema það komi í bága við þarfir barnsins. Greini foreldra hins vegar á um umgengnisréttinn, kveði dómsmálaráðuneyti svo á eftir ósk þess foreldris, sem ekki fær forræði barns, að það skuli eiga rétt til umgengni við barn, nema sérstök atvik mæli gegn því, og mæli nánar fyrir um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt. Reglur þær, sem þarna séu lögfestar, beri ekki að skýra þröngt, eins og stefndu virðast halda fram. Lagabálkur þessi fjalli um stofnun og slit hjúskapar og hversu slíkum málum skuli ráðstafa og segi því ekki um þau tilvik, þegar fólk í óvígðri sambúð slítur samvistir. Þegar litið sé til athugasemda þeirra, er fylgdu frumvarpinu árið 1971, megi sjá, að ákvæði um umgengnisrétt þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess við hjónaskilnað, hafi fyrst verið sett í sænskum lögum hér á Norðurlöndum árið 1915. Hliðstæð ákvæði hafi verið lögfest árið 1922 í Danmörku. Í Finnlandi hafi ákvæði verið sett árið 1922 í löggjöf um óskilgetin börn þess efnis, að faðir slíks barns hefði rétt til umgengni við barnið, en ákvæði um umgengni þess foreldris skilgetins barns, sem ekki hafi forræði barns, hafi hins vegar skort í finnskum lögum, en sá réttur talinn vera fyrir hendi allt að einu. Umgengnisréttur föður óskilgetins barns hafi verið lögmæltur árið 1949 í Svíþjóð og í Noregi hafi árið 1956 verið sett barnalög, þar sem lögmæltur hafi verið umgengnisréttur bæði við skilgetin og óskilgetin börn. Árið 1940 hafi Hæstiréttur Noregs kveðið upp dóm þess efnis, að umgengnisrétti væri til að dreifa fyrir það foreldri skilgetins barns, sem ekki hefði forræði þess, og hafi sá réttur verið talinn vera fyrir hendi, þótt lögskráðum reglum væri ekki fyrir að fara. Hliðstæð málalok hafi orðið hjá Hæstarétti Hollands sama ár, þar sem heldur ekki hafi verið við sett lög að styðjast. Í Danmörku hafi Hæstiréttur dæmt árið 1964, að samkvæmt dönskum rétti ætti faðir ekki lögvarinn rétt á umgengni við

óskilgetið barn sitt, en árið 1969 hafi dönskum lögum verið breytt svo, að slíkur réttur sé nú lögfestur. Sifjalaganefndin, sem samið hafi frumvarp þetta, taki sérstaklega fram í athugasemdunum, til viðbótar greinargerðinni um erlendan rétt, að telja verði, að lögvörðum umgengnisrétti sé til að dreifa hér á landi í skilnaðartilvikum, þótt lögskráðar reglur skorti, og að allmikið hafi kveðið að úrlausnum um þennan rétt. Síðan segi orðrétt: „Ýmis lagarök mæla og með því, að slíkum rétti til umgengni sé fyrir að fara milli föður og óskilgetins barns hans, en ekki er ástæða til að ræða þann þátt sérstaklega hér.“ Meginsjónarmiðið sé því, að réttur til umgengni hafi verið talinn vera fyrir hendi, áður en hann hafi verið lögfestur í settum lögum, og sé það einmitt tilvik það, sem hér sé til úrlausnar. Árið 1977 hafi verið lagt fram á Alþingi frumvarp til barnalaga og skuli þar í 36. gr. lögfestur slíkur umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið og þar sé auk þess tekið fram, að í slíkum rétti felist einnig skylda til að rækja umgengni og samneyti við barn. Í athugasemdum komi fram, að útbreidd skoðun fræðimanna sé sú, að grundvallarsjónarmiðið eigi að vera það, að það séu hagsmunir barnsins, sem hér eigi að ráða, og það sé réttur barnsins til umgengni við foreldri, sem marki grundvöllinn. Stefnan sé að draga úr þeim mun, sem gerður hafi verið á hjúskap og óvígðri sambúð. Sambúð foreldra óskilgetins barns sé vissulega mjög mismunandi, en í máli þessu sé fjallað um sambúð, sem staðið hafi í þrjú ár og hafi eingöngu lokið vegna veikinda konunnar. Stefnandi hafi annast uppeldi og umsjá barnsins til jafns við konuna og einn síns liðs, eftir að hún hafi farið úr sambúðinni. Hér reyni á það sjónarmið, að dómstóllinn móti réttarreglu, þar sem ekki sé til að dreifa settum lögum, og slíkt sé alþekkt og eðlilegt í lögfræði, eins og skaðabótarétturinn og reglur um friðhelgi einkalífs sýni. Dómstóllinn eigi í þessu tilliti að vera spegill þjóðlífsins og spegla raunveruleikann og réttarvitund fólksins í landinu. Hér á landi sé ríkara samband milli foreldra óskilgetinna barna en í nágrannalöndunum og hér sé talið eðlilegt og sjálfsagt, að foreldri barns, sem ekki hefur forræði þess, hafi rétt til umgengni við barnið og barnið til umgengni við foreldrið.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hér sé um aðildarskort að ræða. Stefnandi hafi nú breytt dómkröfum sínum þannig, að einungis sé krafist viðurkenningar á því, hvað íslenskar réttarreglur heimili feðrum óskilgetinna barna yfirleitt að stofni til, og eftir þessa breytingu fjalli málið ekki leng-

ur um ágreining stefnanda og stefndu Katrínar. Dómur, sem ekki geti tekið afstöðu til deilu aðilja, skeri ekki úr ágreiningi þeirra, heldur fjalli eingöngu um, hvað réttarreglur landsins heimili yfirleitt. Stefnda Katrín þurfi á engan hátt að sæta því að vera aðili að slíku lögfræðilegu álitaefni og beri að sýkna hana þegar af þeirri ástæðu.

Verði ekki fallist á, að um aðildarskort sé að ræða, þá krefst stefnda Katrín þess, að synjað verði um kröfu stefnanda vegna þess, að réttarheimildir styðji ekki kröfu hans. Óumdeilt sé í málinu, að í íslenskum lögum séu engin ákvæði, sem heimili umgengni föður við óskilgetið barn sitt. Í frumvarpi til barnalaga, sem lagt hafi verið fram á Alþingi árið 1977, sé gert ráð fyrir slíkum rétti, en frumvarpið hafi ekki verið samþykkt. Fyrr verði slíkur réttur ekki til í íslenskum lögum. Stefnandi hafi leitast við að sýna fram á, að slíkum rétti sé samt sem áður til að dreifa hér á landi samkvæmt meginreglum laga og eðli máls. Því sé andmælt af hálfu stefndu. Lögjöfnun frá 47. gr. laga nr. 60/1972 komi heldur ekki til greina, þar sem þau eigi eingöngu við um hjúskap. Óvígðri sambúð sé einungis á afmörkuðum sviðum unnt að líkja við hjúskap, en þessu sé hvergi jafnað alfarið saman, eins og stefnandi haldi fram. Í íslenskum lögum sé á því byggt, að á foreldravaldi skilgetinna og óskilgetinna barna sé reginmunur. Túlkun stefnanda á 6. gr. laga nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna sé röng. Uppeldisskylda sé ekki sjálfstæð, heldur sé hún bundin við foreldravaldið, og í greininni segi, að manninum sé skylt að kosta framfærslu barns og uppeldi, en á engan hátt sé sagt, að það sé skylda föður að hafa afskipti af uppeldinu. Mál þetta sýni glöggt, að hrapalegt væri að veita stefnanda umgengnisrétt við dóttur aðilja gegn vilja stefndu Katrínar, en um það sé þó ekki fjallað nú á þessu stigi málsins. Aðalatriðið sé, að munur sé hvarvetna gerður í lögum á umgengnisrétti við óskilgetið og skilgetið barn, þar sem slíkt hafi verið lögfest, og stefnda Katrín bendi á, að dómsmálaráðuneyti hafi aldrei úrskurðað umgengnisrétt gegn vilja þess, sem forræði hafi við hjónaskilnað, áður en lagaheimildin kom árið 1972. Telja verði, að skýlausa lagaheimild þurfi, ef veita eigi umgengnisrétt við barn gegn vilja þess, sem forræðið hefur. Hér sé um allt önnur sjónarmið að ræða en á þeim sviðum lögfræðinnar, þar sem byggt hafi verið á öðrum reglum en settum lögum. Hér sé um það svið að ræða, þar sem beri að styðjast við sett lög, lög sem samin hafi verið með skýrum

ákvæðum um þessi viðkvæmu efni mannlegs lífs, þar sem ekki sé um óljós vafaatriði að ræða, sem unnt sé að deila um, þegar foreldrar deili á annað borð um forræði barns og umgengnisrétt við það. Séu ekki fyrir hendi skýr lagaákvæði til þess að veita þennan rétt og tryggja inntak hans og framkvæmd, sé hætta á, að hagsmunir barnsins verði fyrir borð bornir í deilu foreldranna.

Niðurstaða.

Hæstiréttur hefur í dómi, uppkveðnum 10. apríl 1978, lagt fyrir dómarann að taka til efnismeðferðar og dómsálagningar kröfu stefnanda um, að viðurkennt verði, að íslenskar réttarreglur heimili honum að stofni til umgengnisrétt við barn hans og stefndu Katrínar. Tekið var fram í dómi Hæstaréttar, að þessi þáttur kröfu stefnanda tengist beinlínis afmörkuðu sakarefni milli stefnanda og stefndu Katrínar. Ber að skilja þetta svo, að stefnda Katrín skuli teljast aðili að málinu, og verður krafa hennar um sýknu vegna aðildarskorts því ekki tekin til greina.

Á rétt annars foreldris til að umgangast barn sitt reynir, þegar foreldrarnir slíta samvistir og hitt foreldrið hefur forræði barnsins. Áður en slíkur réttur var lögfestur hér á landi með setningu laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, var oft samið um þennan rétt við hjónaskilnaði. Byggðist þá réttur foreldrisins til umgengni við barnið á samningi við það foreldrið, sem forræði barnsins hafði. Fullvíst má telja, að oft sé samkomulag um slíkan rétt til handa foreldri óskilgetins barns, og byggist rétturinn þá á sama hátt á samningi foreldra barnsins. Við setningu laga nr. 60/1972 öðlaðist það foreldrið, sem ekki fékk forræði barns við hjónaskilnað, slíkan umgengnisrétt með lögum, og þurfti því ekki að byggja á samningi. Lagarétturinn er þó háður því skilyrði, að sérstök atvik mæli ekki gegn því, að foreldrið fái rétt til umgengni við barnið. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að fyrir gildistöku laga nr. 60/1972 hafi umgengnisréttur verið veittur foreldri gegn vilja þess, sem forræði barnsins hafði. Dómurinn telur, að eðli máls samkvæmt verði umgengnisréttur að byggjast annað hvort á samningi foreldra eða á settum lögum, ef foreldrarnir geta ekki komið sér saman um hann. Sett lög eru nauðsynleg í slíku tilviki, þar sem reglurnar þurfa að vera almennar, skýrar og ítarlegar, og er það hlutverk löggjafarvaldsins að móta slíkar reglur. Dómurinn fellst því á

það með stefndu Katrínu, að skýlausa lagaheimild þurfi, ef veita á umgengnisrétt við barn gegn vilja þess, sem forræðið hefur. Frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi um slíkan umgengnisrétt varðandi óskilgetin börn, en það hefur eigi hlotið afgreiðslu þingsins. Fyrr en lögin taka gildi, er réttur sá, sem stefnandi krefst viðurkenningar á, ekki fyrir hendi, og ber því að synja stefnanda um slíka viðurkenningu.

Rétt er, að aðiljar beri hver sinn málskostnað.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Krafa stefnanda, Hilmars Péturssonar, um, að viðurkennt verði með dómi, að íslenskar réttarreglur heimili honum umgengnisrétt við dóttur hans og stefndu, Katrínar Þorvaldsdóttur, Júlíu Emblu, sem fædd er 6. júní 1972, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1979.

Nr. 43/1977. **Sigurður Jónsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Jóni V. Guðjónssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Skuldamál. Húsaleiga. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 8. mars 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 100.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 11. september 1974 til greiðsludags svo og að stefndi verði að viðlögðum 2.000 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, dæmdur til að skila

sér tryggingarvíxli að fjárhæð 20.000 krónur. Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að aðalkrafan í héraði hafi numið 33.534 krónum, eins og í héraðsdómi greinir. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms þykir bera að staðfesta úrlausn hans um efniskröfur málsaðilja.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður nema um málskostnað.

Áfrýjandi, Sigurður Jónsson, greiði stefnda, Jóni V. Guðjónssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómuur bæjarþings Reykjavíkur 9. desember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 2. desember sl., hefur Jón V. Guðjónsson, Unnarbraut 15, Seltjarnarnesi, höfðað samkvæmt heimild í leigusamningi, dags. 15. september 1969, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. apríl 1974, á hendur Sigurði Jónssyni, þá að Blómvöllum, Seltjarnarnesi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær í aðalsök, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 36.191 með 9% ársvöxtum frá stefnudegi 8. apríl 1974 til greiðsludags og sakarkostnað að mati dómsins.

Í gagnsök krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda eru í aðalsök gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Í gagnsök gerir hann þær kröfur, að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 100.000 ásamt 13% ársvöxtum frá stefnudegi 16. september 1974 til greiðsludags og að honum verði að viðlögðum dagsektum, kr. 2.000 á dag, gert skylt að afhenda gagnstefnanda tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 20.000. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir hafa farið fram fyrir dómi, en án árangurs.

Málsatvik eru þau, að með húsaleigusamningi, dags. 15. september 1969, tók Sigurður Jónsson á leigu hjá Jóni V. Guðjónssyni húsið að Blómvöllum á Seltjarnarnesi, ásamt bílskúr, frá 1. október 1969 til 1. október 1970. Umsamin húsaleiga nam kr. 9.000 á mánuði og skyldi greiðast mánaðarlega fyrir fram. Til tryggingar ófyrirsjáanlegum kostnaði vegna leigusamnings þessa samþykkti Sigurður tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 20.000, sem afhentur var Jóni til geymslu. Er leigumálinn rann út hinn 1. október 1970, fékk Sigurður umræddar eignir á leigu áfram. Samningurinn hefur síðan framlengst frá ári til árs, eða þar til Sigurður sagði honum upp þann 3. desember 1973 miðað við 14. maí 1974. Á samningstímabilinu breyttist þó endurgjald þess leigða, og segir Jón, að aðiljar hafi samið um, að mánaðarleiga skyldi vera kr. 13.745 frá og með 1. október 1973. Samkvæmt bókun við munnlegan flutning málsins er ekki lengur um það deilt, að hækkun húsaleigunnar hafi verið heimil. Ágreiningslaust er, að Sigurður Jónsson hafi greitt fulla húsaleigu til nóvemberloka 1973. Þann 15. mars 1974 greiddi Sigurður Jónsson kr. 20.751 með skilyrðislausri „deponeringu" og þann 8. apríl 1974 kr. 15.440, einnig með „deponeringu" í Landsbanka Íslands. Jón V. Guðjónsson hefur hafið þessa peninga og dregið upphæðirnar frá upphaflegum höfuðstól stefnukröfu, sem var kr. 68.725. Stefnukröfur miðaði Jón V. Guðjónsson samkvæmt reikningi á dskj. nr. 3 við húsaleigu fyrir tímabilið desember 1973 til apríl 1974, 5 mánuði, kr. 13.745 á mánuði, sem gerir samkvæmt hans útreikningi kr. 68.725, eins og áður segir.

Stefndi, Sigurður Jónsson, hefur í gagnsök sundurliðað kröfur sínar svo, sbr. dómsskj. 32:

1. Vinna við utanhússmálningu að Blómvöllum í júlí 1973, 24 klst. á kr. 300 ..... kr. 7.200
2. Afnotamissir af bílskúr vetrarmánuði (5 mánuði) frá 1. nóv. 1969 til 1. jan. 1973 á kr. 2.500 pr. mán. (2.500 x 17) ..... — 42.500

3. Do frá 1. jan. 1973 til 1. apríl 1974 á kr. 3.500 pr. mán. (3.500 x 8) ..... kr. 28.000
4. Bætur vegna ófullnægjandi ástands íbúðarhússins — 22.300

Kr. 100.000

Fyrsta lið stefnukröfu sinnar byggir Sigurður Jónsson á því, að á hans vegum hafi leigða húsnæðið verið málað að utan. Í greinargerð í gagnsök viðurkennir Jón V. Guðjónsson, að hann hafi leyft maka Sigurðar vegna þrábeiðni hennar að mála húsið utan tvisvar sinnum. Hann hafi lagt til efni í þessu skyni, en maki Sigurðar vinnu. Hann hafi samþykkt þetta, þótt málningar væri engan veginn þörf. Um liði 2 og 3 á dskj. nr. 32 heldur Sigurður Jónsson því fram, að Jón V. Guðjónsson hafi gefið loforð um að endurbæta hitann í bílskúrnum, en hafi aldrei gert það. Af þessum sökum hafi hann ekki getað notað bílskúrinn yfir vetrarmánuðina, en hann hafi rekið bílaleigu sína þarna. Í greinargerð heldur Jón því fram, að rétt sé, að ofn í bílskúrnum hafi gengið úr sér, m. a. vegna vatnsaga í bílskúrnum af völdum Sigurðar, en hann hafi verið þarna með bílaleigu, ca 10 bíla af Volkswagen gerð. Hann hafi sífellt verið að þvo bílana. Jón kveðst hafa boðist til að útvega gagnstefnanda bæði rafmagns- og olíuofn í bílskúrinn, en hann hafi hvorugt viljað þiggja. Hins vegar hafi hitaveita verið tengd við húsið á leigutímanum og hafi slíkur hitagjafi jafnan verið talinn fullnægjandi.

Um 4. lið gagnstefnukröfu sinnar segir Sigurður, að ágreiningur hafi risið með honum og húseiganda vegna þess, að húsnæðið hafi verið í hörmulegu ástandi. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að frá árinu 1970 hafi orðið vart við rottugang í húsnæðinu og auk þess hafi verið megn óþefur í því allan tímann. Hann vitnar til vottorðs Péturs Hannessonar, deildarstjóra hjá gatnamálastjóranum í Reykjavík, dags. 3. maí 1976, um rottuganginn. Þar kemur fram, að meindýraeyðir hefur verið kallaður að Blómvöllum við Nesveg einu sinni árið 1970, í tvígang haustið 1971 og 9. ágúst 1973 og 14. september 1973. Þá vitnar hann til vottorðs Jónasar B. Erlendssonar á dskj. nr. 33, dags. 14. ágúst 1976. Í því kemur fram, að Jón B. Erlendsson hefur komið að Blómvöllum við Nesveg frá árinu 1970 til ársins 1973 vegna meindýraeyðingar. Segir í vottorðinu, að haustið 1973 hafi vottorðsgjafi talið annað útilokað en að klóakrör væri laskað undir gólfi, en í gólfinu hafi verið sprunga í innri forstofu og óþefur

hafi virst koma þar upp. Segir vottorðsgjafi ekki hafa talið annað fært en brjóta upp gólfið og athuga klóakrörið. Segir hann, að skömmu síðar hafi gólfið verið brotið upp og þá hafi komið í ljós, að löskuð klóakrör voru undir gólfinu, a. m. k. til febrúarloka 1974 hafi ekki verið gengið frá gólfinu. Þá vitnar stefndi til vottorðs aðstoðarborgarlæknis, Braga Ólafssonar, dags. 19. apríl 1974, en það er bréf til Jóns V. Guðjónssonar, stefnanda máls þessa. Þar segir: „Skoðun fór fram á húsnæði yðar, Blómvöllum við Nesveg, 18. apríl s.l.

Megn óþefur var í húsnæðinu, og stafaði hann frá gati í gólfi í innri forstofu. Virðist gat þetta liggja niður í opið frárennsli, enda töldu leigjendur sig hafa orðið varir við rottugang í húsnæðinu. Ber yður að lagfæra skemmdir þessar tafarlaust, þar sem þær geta varðað heilsu manna."

Öll þessi vottorð hafa verið tekin sem staðfest fyrir dómi, en þeim mótmælt sem þýðingarlausum af stefnanda.

Þá vitnar stefndi til ljósmynda á dskj. nr. 20.

Stefnandi hefur í aðiljaskýrslu mótmælt, að rottugangur hafi verið í húsinu sjálfu. Hins vegar hafi rottur verið í skólpleiðslum í húsinu, eins og algengt sé á öllu Reykjavíkursvæðinu. Hann sagði, að stefndi hefði ekki kvartað undan rottugangi í húsinu fyrr en með bréfi til borgarlæknis. Þá sagði hann að gefnu tilefni frá stefnda, að hann hefði ekki vitað um, að sprunga var í gólfi íbúðarinnar, fyrr en undan því hafi verið kvartað og þá hafi það verið lagfært þegar í stað. Hann sagði, að þegar hann keypti húsið 1967, hafi verið rotþró fyrir framan húsið. Hreppurinn hafi síðan lagt skólpleiðslu fyrir norðan húsið og hafi hann þá breytt til og tengt skólpið í skólpleiðslu, en ekki hreyft við rotþrónni. Með tímanum hafi gólfið í forstofunni sigið yfir gömlu leiðslunni út í rotþróna og myndast sprunga. Hann kvaðst ekki muna, hversu langan tíma viðgerðin tók. Honum hafi verið ráðlagt af fagmönnum að steypa ekki strax yfir viðgerðina til þess að sjá, hvort viðgerðin væri ekki örugglega í lagi. Hann sagði, að það hefði ekki verið fyrr en með bréfi borgarlæknis, að hann vissi um sprunguna í forstofunni. Stefnandi hefur lagt fram bréf, dags. 29. apríl 1974, sem er svar við bréfi borgarlæknis. Segir þar, að honum þyki leitt, að ekki hafi verið gert við gólf í innri forstofu hússins að Blómvöllum og að hann muni framkvæma viðgerð án tafar, fáist til þess friður.

Krafa stefnanda um afhendingu tryggingarvíxils að fjárhæð

kr. 20.000 er á því byggð, að víxillinn sé eign hans, þar sem leigumálinn sé niður fallinn fyrir löngu og honum sé mikilvægt að fá þennan víxil í hendur.

Álit dómsins.

Aðiljar eru sammála um, að stefndi hafi haft hið leigða húsnæði til afnota fram að fardögum 1974. Leigu er þó aðeins krafist til loka apríl 1974. Ágreiningur er ekki um leiguupphæðina. Athuga verður þó, að þegar upphæðir þær, sem „deponeraðar" hafa verið, sbr. dskj. nr. 13 og 15, eru dregnar frá upphaflegum höfuðstól kröfu stefnanda, kemur út kr. 33.534, en ekki höfuðstóll endanlegrar dómkröfu hans. Að þessu athuguðu þykir stefndi eiga að greiða stefnanda kr. 33.534 með vöxtum, eins og krafist er í stefnu, nema kröfur og málsástæður í gagnsök eigi að breyta því, að einhverju leyti.

Gagnsök.

Hafa verður í huga, að sundurliðun gagnkröfu kom ekki fram fyrr en eftir áskorun dómara löngu eftir þingfestingu.

1. Hér er um að ræða kröfu vegna vinnu við utanhússmálningu að Blómvöllum í júlí 1973. Krafa þessi kemur ekki fram, fyrr en stefnandi fer að hafa uppi leigukröfur sínar og upp úr er slitnað milli aðilja. Viðurkennt er, að stefnandi hefur greitt efni til málningarinnar. Að þessu athuguðu þykir við það verða að miða, að það hafi verið ætlun aðilja, að stefnandi legði fram efni til málningarinnar, en maki stefnda vinnu. Þannig verður þessi liður ekki tekinn til greina.

2.—3. Rétt þykir að taka 2. og 3. lið í gagnkröfu, eins og þeir koma fram á dskj. nr. 32, í einu lagi. Hér er krafist bóta vegna afnotamissis af bílskúr. Þar sem stefndi þykir ekki hafa lagt fram fullnægjandi gögn fyrir hvorugum þessara liða, verða þeir ekki teknir til greina gegn eindregnum mótmælum stefnanda.

4. Hér er samkvæmt dskj. nr. 32 krafist bóta vegna ófullnægjandi ástands íbúðarhússins. Af vottorðum borgarlæknis og Jónasar B. Erlendssonar og myndum á dskj. nr. 20 þykir nægjanlega fram koma, að við lok leigutímans hafi ástand íbúðarhússins verið orðið ófullnægjandi og hafi viðgerð dregist úr hömlu. Þykir mega veita stefnda afslátt á húsaleigukröfu stefnanda af þessum sökum. Þegar þessi afsláttur er metinn, þykir rétt að

líta til þess, að stefnandi hefur ekki krafist húsaleigu frá mánaðamótum 1974 til fardaga. Þá þykir verða að líta til þess, að stefndi fluttist ekki úr húsnæðinu þrátt fyrir annmarka þess fyrr en að fullloknum uppsagnarfresti. Hann hefur fyrir „deponeringu" þegar greitt hluta húsaleigunnar, sem upphaflega var um deilt. Hann hefur sjálfur gert kröfu um bætur vegna ófullnægjandi ástands íbúðarhússins upp á kr. 22.300. Þegar allt þetta er skoðað, þykir rétt, að stefnandi slái kr. 20.000 af leigunni.

Rétt þykir að taka kröfu stefnda um skil á tryggingarvíxli, kr. 20.000, til greina.

Að þessari úrlausn fenginni þykir mega taka niðurstöðu aðalsakar og gagnsakar í eitt, og verður hún sú, að stefndi, Sigurður Jónsson, greiði stefnanda, Jóni V. Guðjónssyni, kr. 13.534 með 9% ársvöxtum frá 8. apríl 1974 til greiðsludags, en þann 8. apríl 1974 var samkvæmt samningi aðilja leigugreiðsla vegna aprílmánaðar 1974 í gjalddaga fallin. Eins og máli þessu er háttað, að hvor aðili um sig hefur unnið málið að nokkrum hluta, væri rétt eðli málsins samkvæmt, að hvor aðili bæri sinn kostnað af því. Hins vegar hefur stefndi kært mál þetta tvisvar til Hæstaréttar og þannig tafið framgang málsins. Í fyrra sinnið kærir hann dómara, þar sem dómarinn hafði neyðst til að vísa honum úr rétti vegna hegðunar hans, og í síðara sinnið, eftir að Hæstiréttur hefur hafnað kröfu hans, krefst hann þess, að dómarinn víki sæti, aðallega með þeim rökstuðningi, að dómarinn sé orðinn óvinveittur sér vegna þessarar kæru og því ófær um að líta óvilhallt á málið. Þar sem meta verður kærur þessar báðar tilefnislausar og þar sem þær eru til þess fallnar að tefja fyrir framgangi málsins, eins og áður er sagt, þykir ekki verða hjá því komist með hliðsjón af reglum 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 að dæma hann til greiðslu málskostnaðar. Þá er einnig til þess tekið, að framlagning annarra utanréttarvottorða en frá opinberum aðiljum er andstæð tilgangi 10. kafla laga nr. 85/1936, og orðfæri og stílbragð dskj. 12, 23, 25 og 27 er óviðurkvæmilegt.

Með þetta allt í huga þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 20.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jónsson, skal greiða stefnanda, Jóni V. Guðjónssyni, kr. 13.534 með 9% ársvöxtum frá 8. apríl 1974 til greiðsludags og kr. 20.000 í málskostnað, allt innan 15

daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi, Jón V. Guðjónsson, afhendi stefnda, Sigurði Jónssyni, tryggingarvíxil, kr. 20.000, innan sama tíma.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1979.

Nr. 71/1977. **Björgúlfur Björnsson**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Baldri Halldórssyni
(Jóhann Þórðarson hdl.).

Samningar. Skuldabréf. Vextir. Kröfu vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Árna Birni Árnasyni vélvirkjameistara og Tryggva Gunnarssyni skipasmíðameistara.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1977. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu, en stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda 945.624 krónur með 13% ársvöxtum frá 13. maí 1975 til greiðsludags, en um málskostnað fari eins og greinir í aðalkröfu.

2. varakrafa: Að hann verði dæmdur til að greiða „aðra fjárhæð að mati Hæstaréttar", en um málskostnað fari eins og greinir í aðalkröfu.

3. varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með

þeirri breytingu, að vextir verði ekki dæmdir af hærri upphæð en 1.703.686 krónum og vaxtafótur ákveðinn 13% á ári. Verði málskostnaður í héraði þá látinn falla niður, en stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um eftirstöðvar smíðaverðs m/b Ægis Adólfssonar, ÞH 99. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, leggur hann til grundvallar kröfum sínum svonefnt uppgjör málsaðilja, dagsett 12. mars 1975. Samkvæmt því er kostnaðarverð bátsins, að frádregnum endurgreiðslum á tolli, talið vera 8.130.000 krónur. Áður hafði áfrýjandi greitt inn á reikning sinn hjá stefnda 450.770 krónur. Voru samkvæmt því taldar ógoldnar 7.679.230 krónur. Segir um greiðslu þeirra eftirstöðva svo í skjalinu, að innan eins mánaðar frá afhendingu bátsins eigi að greiðast „netto ca" 7.299.300 krónur með lánum, sem áfrýjandi skuldbindi sig til að taka hjá Fiskveiðasjóði og Framkvæmdastofnun ríkisins, en 380.000 krónur eigi að greiðast með samþykktum víxli. Er ágreiningslaust í málinu, að stefndi fékk greiðslu frá Fiskveiðasjóði upp í bátsverð hinn 13. maí 1975, að fjárhæð 5.678.544 krónur, en hins vegar hafi hann hvorki fengið greiðslu af hinu fyrirhugaða láni frá Framkvæmdastofnun ríkisins né hafi áfrýjandi samþykkt áðurgreindan víxil.

Samkvæmt framansögðu sundurliðar stefndi kröfur sínar á hendur áfrýjanda þannig:

1.	Ógreitt samkvæmt uppgjörinu 13. 3. 1975 ..	7.679.230 kr.
2.	Vextir	115.188 —
	Alls	7.794.418 kr.
	Greitt af Fiskveiðasjóði	5.678.544 —
	Eftirstöðvar	2.115.874 kr.

Til frádráttar síðastgreindri fjárhæð fellst stefndi á, að koma eigi gagnkröfur áfrýjanda eftir því sem héraðsdómur tók þær til greina, en málinu er ekki gagnáfrýjað. Kemur þá út fjárhæð sú, sem stefnda var dæmd í héraði, 1.818.874 krónur (2.115.874 ÷ 297.000 krónur).

Sýknukröfu sína rökstyður áfrýjandi þannig:

1. Stefndi krefji hann um of hátt verð fyrir bátinn ..... 1.000.000 kr.
2. Vaxtaliður í kröfu stefnda sé heimildarlaus 115.188 —
3. Sjálfur eigi áfrýjandi gagnkröfur á stefnda til skuldajafnaðar vegna smíðagalla á bátnum, samtals að fjárhæð ..... 1.055.062 —

Alls 2.170.250 kr.

Héraðsdómur hafi aðeins tekið til greina 297.000 krónur af gagnkröfunum, en hrundið framangreindum mótmælum og skuldajafnaðarkröfum að því er varðar 1.873.874 krónur (2.170.250 ÷ 297.000 kr.).

II.

Skal nú hugað að einstökum þáttum í kröfum stefnda og gagnkröfum áfrýjanda.

1. **Um smíðaverð m/b Ægis Adólfssonar.**

Áður er þess getið, að stefndi miði við það í kröfugerð sinni, að málsaðiljar hafi samið skriflega um smíðaverð bátsins hinn 12. mars 1975. Hafi verðið þá endanlega verið ákveðið 8.130.000 krónur. Áfrýjandi reisir mótmæli sín gegn þessum lið hins vegar á því, að með samkomulagi málsaðilja 15. ágúst 1974, sem getið er í héraðsdómi, hafi verið samið um það til fullnaðar, að verð bátsins yrði ekki hærra en 7.130.000 krónur, að frádregnum endurgreiðslum á tolli. Ef athugaðir séu reikningar um smíðakostnað sjáist og, að kostnaðarverð, rétt reiknað, hafi ekki farið fram úr þeirri fjárhæð.

Í hinu skriflega uppgjöri málsaðilja 12. mars 1975 er kostnaðarverð m/b Ægis Adólfssonar, að frádregnum væntanlegum endurgreiðslum á tolli, sagt vera 8.130.000 krónur.

Skjalið er undirritað af báðum aðiljum og vottfest. Áfrýjandi hefur ekki fært nein gild rök að því, að hann eigi að vera óbundinn samningi þessum. Með honum var ákveðið, að verð bátsins skyldi vera það, sem í uppgjörinu greindi, og því ekki það verð, sem til var tekið í þeirri „áætlun um smíðakostnað", sem aðiljar undirrituðu 15. ágúst 1974 og áfrýjandi skírskotar sérstaklega til. Verður úrlausn héraðsdóms um þennan lið því staðfest.

2. **Um vaxtakröfu stefnda.**

Krafa þessi styðst við svofelldan lið í reikningi stefnda til áfrýjanda frá 1975: „12/4. Vextir, 1,5% per mán. 115.188". Engin sérstök nánari grein hefur verið gerð fyrir þessum kröfulið, nema hvað þess er getið í uppgjörinu frá 12. mars 1975, að hin væntanlegu lán frá Fiskveiðasjóði og Framkvæmdastofnun ríkisins, að fjárhæð 7.299.230 krónur, eigi að greiðast stefnda innan eins mánaðar. Þegar litið er til þess, hversu óskýr málsreifunin er um þennan kröfulið, en loku er þó eigi skotið fyrir það, að vaxtakrafan eigi a. m. k. að einhverju leyti rétt á sér, þykir verða að vísa þessum kröfulið frá héraðsdómi.

3. **Um gagnkröfur áfrýjanda.**

Áfrýjandi krefst þess, að þær gagnkröfur, sem hann hafði uppi fyrir héraðsdómi, verði teknar að öllu leyti til greina eftir því sem þörf sé á til skuldajafnaðar við kröfur stefnda í málinu og því einnig að því leyti sem þeim var hrundið með hinum áfrýjaða dómi. Í héraðsdómi eru gagnkröfurnar flokkaðar í 6 kröfuliði. Verður þeirri sundurliðun fylgt hér á eftir.

Um 1. lið gagnkröfu.

Héraðsdómur tók þennan lið að fullu til greina. Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, og verður úrlausn héraðsdóms staðfest.

Um 2. og 3. lið gagnkröfu.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þessa kröfuliði, þar sem málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, en áfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að tjón hans hafi numið hærri fjárhæðum en héraðsdómendur mátu honum í bætur.

Um 4. lið gagnkröfu.

Fyrir Hæstarétti er því ómótmælt haldið fram, að nótur vegna efniskaupa frá 10., 16., 19. og 20. júní 1975 hafi verið vegna kaupa áfrýjanda á nýrri vökvadælu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms um þennan kröfulið verður hann ekki tekinn til greina.

Um 5. lið gagnkröfu.

Það er að vísu ekki útilokað, að m/b Ægir Adólfsson hafi tafist eitthvað frá veiðum vegna þeirra smíðagalla, sem stefndi er með dómi þessum talinn bera ábyrgð á. Áfrýjandi bindur kröfu sína um bætur fyrir aflatjón við aflatjón 1.—20. júní 1975, er hin nýja vökvadæla, sem stefnda var óviðkomandi, virðist hafa verið sett í bátinn. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að því er þennan kröfulið varðar.

Um 6. lið gagnkröfu.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þennan lið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að því er varðar kröfufjárhæðir að öllu öðru leyti en því, er varðar vaxtalið þann, sem innifalinn er í höfuðstól dómkröfu stefnda, og verður vísað frá héraðsdómi, svo sem áður var greint. Lækkar þá fjárhæð sú, sem áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda í 1.703.686 krónur (1.818.874 ÷ 115.188 krónur).

Ákvæði 5. tl. II. kafla auglýsinga Seðlabanka Íslands 12. júlí 1974 og 23. apríl 1976 verða samkvæmt orðum sínum ekki talin eiga við um dráttarvexti af kröfu stefnda. Hið sama verður og að telja um ákvæði varðandi vanskilavexti (dráttarvexti) í síðari tilkynningum bankans, eigi síst þegar virt er samhengi þeirra við önnur ákvæði tilkynninga þessara, sem gagngert virðast miðaðar við peningalán. Kveða tilkynningarnar ekki skýrlega á um dráttarvexti af öðrum fjárkröfum, þótt 5. gr. laga nr. 58/1960 hafi verið felld úr gildi með 1. gr. laga nr. 71/1965, sbr. hér einnig 13. gr. laga nr. 10/1961.

Samkvæmt langri dómvenju reiknast vextir af vanskilaskuldum eins og þeim, sem hér er fjallað um, hinir sömu og innlánsvextir innlánsstofnana af almennum sparisjóðsbókum. Vaxtareglur 1. gr. laga nr. 56/1979 koma hér ekki til álita þegar af þeirri ástæðu, að ekki hefur verið gerð krafa um, að þeim reglum verði beitt í máli þessu. Samkvæmt þessu og dómkröfum stefnda í málinu verða vextir af hinni dæmdu fjárhæð ákveðnir þannig: 13% ársvextir frá 13. maí 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979 og 24% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Um upphafstíma vaxta er ekki ágreiningur.

Eftir þessum málalokum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals 600.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Björgúlfur Björnsson, greiði stefnda, Baldri Halldórssyni, 1.703.686 krónur með 13% ársvöxtum frá 13. maí 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 600.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda að því er varðar aðalkröfu áfrýjanda svo og 1. og 2. varakröfu

hans. Um 3. varakröfu hans teljum við hins vegar, að dómsatkvæðið eigi að vera svofellt:

Í 3. varakröfu sinni hefur áfrýjandi krafist, að lækkaðir verði vextir af dæmdri fjárhæð frá því, sem héraðsdómur ákvað, og verði þeir ákveðnir 13% ársvextir. Um upphafstíma þeirra vaxta er hins vegar eigi ágreiningur.

Ákvæði 5. tl. II. kafla auglýsinga Seðlabanka Íslands 12. júlí 1974 og 23. apríl 1976 verða samkvæmt orðum sínum ekki talin eiga við um dráttarvexti af fjárkröfu stefnda. Hið sama verður og að telja um ákvæði varðandi vanskilavexti (dráttarvexti) í síðari tilkynningum bankans, eigi síst þegar virt er samhengi þeirra við önnur ákvæði tilkynninga þessara, sem fjalla um vexti af peningalánum. Hefði þó verið sérstaklega brýnt að mæla skýrt fyrir um dráttarvexti af öðrum fjárkröfum, er 5. gr. laga nr. 58/1960 hafði verið breytt með 1. gr. laga nr. 71/1965, sbr. og 13. gr. laga nr. 10/1961. Samkvæmt þessu og með tilliti til fyrri dómsúrlausna Hæstaréttar um dráttarvexti, sem staðfesta framangreindan skilning, verður vaxtakrafa áfrýjanda ekki tekin til greina óbreytt. Verða dráttarvextirnir því ákveðnir 13% ársvextir frá 13. maí 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvextir frá þeim degi til 15. júní 1979. Frá þeim degi verða vextirnir ákveðnir 24% ársvextir með skírskotun til 1. gr. laga nr. 56/1979, enda er eigi með því farið út fyrir dómkröfur stefnda. Skiptir í því sambandi ekki máli, þótt til þessa lagaákvæðis væri ekki sérstaklega skírskotað af stefnda hálfu við flutning máls fyrir Hæstarétti, þar sem til þess lágu engar réttarfarsnauðsynjar.

Við erum samþykkir úrlausn meiri hluta dómenda um málskostnað.

Samkvæmt því, sem greint hefur verið, erum við og samþykkir dómsorðinu að því undanskildu, að 24% ársvexti ætti að dæma þegar frá 15. júní 1979.

Dómur bæjarþings Akureyrar 25. mars 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars sl., hefur Baldur Hall-

dórsson, Hlíðarenda, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 30. apríl 1976, á hendur Björgúlfi Björnssyni, Brún, Raufarhöfn.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.115.874 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 13. maí 1975 til greiðsludags og málskostnað skv. framlögðum reikningi.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða kr. 914.886 ásamt 13% ársvöxtum frá 13. maí 1975 til greiðsludags, en í báðum þessum tilfellum verði stefnandi dæmdur til þess að greiða málskostnað stefnda að skaðlausu skv. reikningi.

Til þrautavara krefst stefndi þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda einhverja aðra upphæð að mati réttarins og málskostnaður verði felldur á stefnanda.

Málsatvik eru þau, að hinn 20. júní 1973 undirrituðu aðiljar máls þessa kaupsamning, þar sem stefnandi lofaði að smíða fyrir stefnda ca 7 lesta fiskibát skv. tiltekinni teikningu og smíðalýsingu, samþykktum af Siglingamálastofnun ríkisins. Var kaupverð bátsins ákveðið kr. 3.500.000, en fram tekið í samningnum, að verðið miðaðist við, að verð á vél og öðrum tækjum, sem getið væri um í smíðalýsingu, yrði óbreytt. Ef það hækkaði eða lækkaði, skyldi kaupverð breytast í samræmi við það. Sama skyldi gilda um allar aðrar verðbreytingar.

Hinn 15. ágúst 1974 undirrituðu aðiljar samkomulag þess efnis að færa verðlag upphaflegs samnings til þágildandi verðlags og þær breytingar, sem orðið höfðu á stærð og búnaði bátsins. Er þar tekið fram, að dráttur á afhendingu bátsins stafi fyrst og fremst af afgreiðslutöfum á aðalvél, sem þá fyrst sé að koma til landsins og sé önnur tegund en gert hafi verið ráð fyrir í smíðalýsingu. Síðan er sundurliðuð áætlun um smíðakostnað og verð í samræmi við þá áætlun talið nema kr. 7.130.000.

Hinn 12. mars 1975 var báturinn afhentur stefnda, og undirrituðu aðiljar þá svofellt skjal:

„U p p g j ö r

Við undirritaðir erum samþykkir eftirfarandi uppgjöri á nýsmíði nr. 44, 8 lesta fiskibáti, Ægi Adólfssyni ÞH 99, sem afhentur hefur verið eiganda fullfrágenginn, skráður og skoðaður með útgefið haffærisskírteini. Kostnaðarverð að frádregnum væntanlegum tollendurgreiðslum kr. 8.130.000, sem greiðist þannig:

1. Innborgað af eiganda ..... kr. 450.770
2. Með lánum, sem eigandi skuldbindur sig til að taka hjá Fiskveiðasjóði og Framkvæmdastofnun ríkisins og greiðist innan eins mánaðar frá afhendingu bátsins, netto ca ..... — 7.299.230
3. Með samþykktum víxli ..... — 380.000

Kr. 8.130.000“

Við reynslusiglingu bátsins við afhendingu hans kom í ljós, að aðalvél bátsins náði ekki upp eðlilegum snúningshraða, snerist aðeins 1800 snúninga í stað 2500. Enn fremur varð vart við smáleka á þilfari og við stýrishús. Við eftirgrennslan stefnanda hjá umboðsaðilja vélarinnar var talið, að orsök fyrir litlum snúningshraða vélarinnar væri sú, að skrúfa bátsins væri of stór, og var ráðlagt að minnka hana með því að minnka skrúfublöðin. Á þessa lausn var ekki fallist af hálfu stefnda.

Skömmu eftir afhendingu bátsins kvartaði stefndi um það við stefnanda, að bilun væri í vökvadælu. Var stefnda að tilhlutan stefnanda send ný dæla, en stefnandi fékk þá eldri til baka. Nokkru síðar kvartaði stefndi um, að leki væri í olíuverki vélarinnar, og var gert við þann leka á kostnað stefnanda. Enn fremur hlutaðist stefnandi til um viðgerð á startara á sinn kostnað að beiðni stefnda. Þá lét stefnandi stefnda í té nýsink ásamt róm og skrúfum, sem stefndi taldi þurfa endurnýjunar við, einnig smíðaði stefnandi reimskífu og sendi stefnda. Ýmsar fleiri kvartanir um galla á bátnum hafði stefndi uppi gagnvart stefnanda, sem stefnandi taldi sér ýmist óviðkomandi eða ætlaði að bæta úr síðar, þegar hentugt tækifæri gæfist frá róðrum bátsins.

Með bréfi, dagsettu 18. febrúar 1976, krafði lögmaður stefnanda stefnda um eftirstöðvar kaupverðs bátsins ásamt áföllnum vöxtum. Í svarbréfi stefnda, dagsettu 1. mars 1976, til lögmanns stefnanda neitaði stefndi að viðurkenna skuld við stefnanda, bæði á þeim forsendum, að hann teldi endanlegt kaupverð vera kr. 7.130.000, sbr. samning frá 15. ágúst 1974, þar sem ekki hefðu verið lagðir fram reikningar fyrir hærri upphæð (sic). Að öðru leyti taldi stefndi vera um slíka galla að ræða á bátnum, sem stefnandi hefði ekki sinnt að bæta þrátt fyrir beiðni hans, að kostnaður við viðgerð þeirra næmi eftirstöðvum kaupverðsins.

Í framhaldi af þessari synjun stefnda á að greiða kröfuna höfðaði stefnandi mál þetta til innheimtu eftirstöðva kaup-

verðsins, og með bréfi, dagsettu 9. september 1976, fór lögmaður stefnda þess á leit við bæjarfógetann á Akureyri, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn með sérþekkingu á rafbúnaði og vélum og smíði skipa til þess að skoða og meta nánar upptalda galla með tilliti til kostnaðar við lagfæringu á þeim. Samdægurs voru þeir Aðalgeir Pálsson rafmagnsverkfræðingur, Akureyri, og Björn Kristinsson vélvirkjameistari, Akureyri, dómkvaddir til þess að framkvæma umbeðið mat. Hinn 4. október 1976 skiluðu matsmenn svofelldri greinargerð um matið:

„Undirritaðir matsmenn, Björn Kristinsson, vélvirkjameistari, og Aðalgeir Pálsson, rafmagnsverkfræðingur, sem dómkvaddir voru af bæjarfógetaembættinu á Akureyri, skoðuðu laugardaginn 18. september 1976 m.b. Ægi Adólfsson ÞH 99 á Raufarhöfn. Skoðunin leiddi eftirfarandi í ljós:

1. Bátnum hafði verið brýnt í fjörunni, og komumst við vel að til þess að skoða svaljárnið á framstefni bátsins. Greinilegt var, að á ca 50 cm bili frá sjólínu og niður hafði átt sér stað mikil tæring, líklega vegna útleiðslu rafmagns. Einnig höfðu brunnið hausar af rekboltum í stefni bátsins, sem festu járnið.

Nú hafði verið málað yfir skemmdirnar, og virtist tæringin vera hætt, þar sem málningin virtist óskemmd.

Til þess að endurbæta þetta þarf að fjarlægja þennan ca 50 cm bút úr svaljárninu og rafsjóða nýjan í hans stað og setja nýja rekbolta í stefnið. Þessa aðgerð mætti framkvæma, ef bátnum væri brýnt í fjöruna. Kostnað við aðgerðina áætlum við *15 þús. kr.*

Skoðunarmenn athuguðu neglingu á bátnum, eftir því sem hægt var, en ekki flæddi nægilega undan, til þess að sjóinntök, jarðplata eða skrúfa sæust. Það, sem séð varð af saum, virtist óskemmt af tæringu.

2. Þegar báturinn hafði verið sjósettur, gafst tækifæri til að reyna vélina. Greinilegt var, að vélin fékk of mikið álag, ef gangráður hennar var fullspenntur. Hámarkssnúningshraði vélarinnar á að vera 2500 sn/mín., en hún náði ekki nema 1800 sn/mín. Við þetta álag fór hún að reykja svörtum reyk, sem gefur til kynna, að hlutfallið á milli lofts og eldsneytis hafi raskast og því náist ekki fullkomin brennsla. Þetta gæti haft í för með sér skaðlegar afleiðingar, svo sem sótmyndun, of hátt hitastig og að óbrennd brennsluolía næði að þvo smurolíuna af innri slitflötum vélarinnar eða jafnvel komist niður í sveifarhús, blandast þar smurolíunni og gert hana óhæfa sem slíka.

Meðan á keyrslunni stóð, var fylgst með gangi vélarinnar, eftir því sem við var komið. Með hlustunartækjum mátti greina, að gangur hennar var eðlilegur upp að 1600 sn/mín., en þar fyrir ofan fór að heyrast óeðlilegt vinnsluhljóð í eldsneytislokum og frá brennslu, en hvergi annars staðar var hægt að greina neitt óeðlilegt, og hiti vélarinnar svo og smurþrýstingur virtist eðlilegt.

Þetta óeðlilega álag telst okkur að stafi af því, að skrúfan sé of stór eða vélinni ofviða. Leggjum við því til, að fengin verði önnur skrúfa við hæfi vélar og skips. Að vísu er möguleiki á því að saga utan af þeirri skrúfu, sem á er, en við álítum það óæskilegri lausn. Ef reiknað væri með, að vélarumboðið legði til nýja skrúfu, áætlum við annan kostnað við verkið *30 þús. kr.* og þá reiknað með, að verkið sé framkvæmt á Raufarhöfn.

3. Kvartað er um, að framlenging við kúplingu á glussadælu sé ónothæf og kúpling við vélina einnig.

Búið var að breyta útfærslu við vökvadælu fyrir þilfarsvindu og við kúplingu á vél frá því, sem upphaflega var gengið frá þeim, svo ekki voru tök á að reyna þær eins og þær voru. En við athugun varð ekki annað séð en frágangur þeirra hefði getað skilað sínu hlutverki með smálagfæringum. En þá bráðabirgðalausn, sem nú er í notkun, teljum við varhugaverða, eins og frá henni er gengið. Til lagfæringar á örmum áætla skoðunarmenn *20 þús. kr.*

4. Við ágjöf rennur sjór niður með hinum opnanlegu stýrishúsgluggum niður í rennur undir gluggum og þaðan um sérstök úttök út um stýrishúsið. Talið er, að rennur þessar taki ekki við nægilegu magni, þyrfti að endursmíða þær, svo að sjór renni ekki niður í stýrishús og vélarúm. Áætlaður viðgerðarkostnaður *6 þús. kr.*

5. Sjá mátti tauma, sem bentu til, að um einhvern leka væri að ræða frá stefnum bátsins við vissar aðstæður. Að áliti skoðunarmanna er hér tæpast um óeðlilegan leka að ræða, en að sjálfsögðu þyrfti að þétta hann. Gera þarf ráðstafanir, til þess að vatn, sem kemur á lúkarsgólfið, setjist þar ekki fyrir, en hafi greiða leið í kjalsog bátsins. Skoðunarmenn telja sig ekki hafa næga sérþekkingu til þess að geta verðlagt þessar aðgerðir.

Á meðfylgjandi teikningu (fylgiskjal 2) má sjá nokkra megin drætti í uppbyggingu raflagnar bátsins.

Það, sem fyrst varð ljóst, var, að raflögnin er ekki fljótandi, þar sem startarinn er með mínuspól tengdan í kápu, sem síðan

tengist vél bátsins með snertingu. Auk þess er upplýst, að þéttir sá, er sýndur er í jarðsambandi talstöðvarinnar, var ekki tengdur í upphafi, en var sendur frá Landssímanum og settur þar samkvæmt ábendingu starfsmanna símans, eftir að kvartað var um útleiðslu.

Í „Reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra" frá 20. janúar 1953 (fylgiskjal 3) stendur í grein 105, atriði 4. Kerfið skal vera þann veg, að notað sé tvítauga- eða þrítaugakerfi og allir pólar einangraðir frá skipsbotnum.

Þetta er öryggisatriði, en jörðun mínuspólsins á ekki að skaða, svo fremi ekki komi til önnur útleiðsla.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Landssímans eru sumar stöðvar byggðar þannig, að rafkerfið er fljótandi, en í öðrum er innbyggður þéttir, mætti ætla, að tryggja þyrfti, að svo væri alltaf, þannig að kröfum reglnanna sé fylgt.

Startarinn, sem er í bátnum, nefndur varastartari, er sá, sem fylgdi vélinni frá seljanda hennar. Annar startari af CAV-gerð með einangruðum pólum átti að vera aðalstartari, en hefur reynst illa og verið lengst af tímanum bilaður. CAV-startarinn hefur að minnsta kosti einu sinni verið til viðgerðar á Akureyri og var nú talinn bilaður. Erfiðleikar eru alltaf sagðir hafa verið á því að ræsa vélina með lykli, úr stýrishúsinu.

Við sannfærðum okkur um, að útleiðslumælir í töflu sýndi enga útleiðslu. Mældum við leiðni til „jarðar" á ljósakerfinu, og virtust vera 300 kohm á nákvæman ohmmæli, lekastraumur af ljósageymi mældist aðeins 8 mA, mælt frá pól til lagnar með öll tæki slökkt, þetta virðist óveruleg útleiðsla. Raflagnir í bátum eru að líkum aldrei alveg þéttar og þess vegna mikils virði, að pólar séu einangraðir. Með vönduðum voltmæli var mælt frá báðum pólum til jarðar í tengli, sem var við hliðina á rafmagnstöflu í vélarhúsi. Var 9 volta spenna frá báðum pólum. Við reyndum að taka greinarnar úr sambandi með öryggjunum eina og eina, og þegar rofin var grein dýptarmælisins, féll þessi spenna niður í 3 volt. Á þessu fékkst ekki skýring, á meðan dvalið var um borð, eftir viðræður við reynda rafvirkja virðist helst, að það bendi á óþéttleika út frá rafgeymunum sjálfum, sem megi þá bjarga með því að láta þá standa á einangrandi efni.

Nú tókum við þéttinn við talstöðina burtu, og sýndi útleiðslumælirinn þá útleiðslu á mínus, og mældust 4 volt. Bendir þetta til, að önnur útleiðsla sé í bátnum, en ekki gafst svigrúm til að finna hana, enda oft mjög tímafrekt.

Niðurstöður okkar eru því:

1) Í dag er ekki teljandi útleiðsla frá ljósageymi.
2) Með því að fjarlægja þétti við talstöð má sýna fram á útleiðslu, hvað hún er mikil við óheppilegar aðstæður, er ekki hægt að segja um, þetta þarf að athuga.
3) Spenna mælist 9 volt til jarðar bæði frá plús og mínus, þetta þarf að athuga.
4) Reglum um eftirlit með skipum virðist ekki hafa verið fylgt bæði hvað viðkoma talstöðinni og notkun á varastartara, sem ekki var rétt byggður.

Leggja skoðunarmenn til, að útvegaður sé annar CAV-startari með einangruðum pólum og gert við hinn, benda má á, að ef skipta þarf um startara, er mikils virði, að báðir séu af sömu gerð, þannig að tengingar passi óbreyttar.

Eins og áður er skráð, er sagt, að gangsetning vélarinnar með lykli í stýrishúsi hafi ávallt gengið erfiðlega og báturinn verið gangsettur mestan tímann með því að skammhleypa með skrúfjárni yfir tengiskrúfur á segulspólu.

Samanber tengimyndina er í rofa A notuð snertan a til að rjúfa spólustrauminn, þannig að ekki er hægt að gangsetja vélina, nema bæði rofi A og rofi B séu lokaðir. Þetta er öryggisatriði til varnar því, að rafalarnir framleiði án þess að vera í sambandi við rafhlöðurnar.

Við skoðuðum rofa A, yfir hann hafði verið sprautað rakavarnarefni og önnur tengingin inn á a var laus, þar sem skórinn gat ekki klemmt nægilega örugglega utan um vírinn. Við verkuðum endana og snérum skónum við, virtist gangsetningin ganga betur, en ekki var hún lýtalaus, þar sem enn kom fyrir, að spólan dró ekki. Þetta þarf að athuga betur, og viljum við benda á, að hugsanlegt er, að lykilrofinn gefi ekki nægilega öruggt samband, og reyna mætti að setja starthnapp, sem tæki við hlutverki lykilsins við gangsetningu.

Leiðslurnar, sem liggja á milli startara og mælaborðs, eru 2.5 mm^2 gildar, og eru þær, sem fylgdu vélinni. Líklegt er, að CAV-startarinn taki meiri straum á spóluna en sá upphaflegi, hugsanlegt er að setja verði við CAV-startarana sérstaka spólu til þess að létta álagi af lykilrásinni.

Leiðslurnar, sem liggja frá vél í mælaborð og áður eru nefndar, urðu fyrir reim, sem slitnaði. Endurnýja þarf leiðslurnar og jafnframt verja þær betur, annað hvort með röri eða vinkiljárni.

Kvartað var um óeðlilegt slit á reimum, sem gæti stafað af

rangri afstöðu á reimskífum rafala og vélar. Við lauslega athugun virtist afstaða skífanna nokkuð rétt, líkleg skýring á reimaslitinu er mikil framleiðsla rafalanna, hugsanlega vegna útleiðslunnar. Búið var að skipta um skífur á rafölunum, þar sem hleðslan þótti ekki nóg og því kennt um, að vélin næði ekki eðlilegum snúningshraða.

Þetta getur tæpast verið orsökin, þar sem rafallinn á að skila eðlilegum afköstum og spennu, þótt snúningshraði vélarinnar fari allt niður í 33% af fullum snúningshraða, og væri eðlilegast að setja upphaflegu skífurnar á aftur.

Að öðru leyti en að framan er skráð virðist raflögnin vera vel frá gengin.

Kvartað er undan því, að talstöðin sé óvirk. Eftir mæli á sendaranum að dæma virðist vera eðlileg sending frá stöðinni, um langdrægni er ekki vitað. Móttakari virðist í lagi, þar til að vél bátsins hefur verið ræst, en eftir það gera truflanir, líklega frá rafölum, móttöku ómögulega. Hér þarf að reyna að eyða truflunum, t. d. mætti reyna að setja 0.5—1.0 UF-þétta yfir riðstraumspóla rafalanna.

Með tilliti til framanskráðra athugasemda þarf að kaupa tæki, efni og framkvæma vinnu, það er álit skoðunarmanna, að þessi kostnaður sé: *135 þús. kr.*

Niðurstöður:

Hér verða dregnar saman niðurstöður og helstu aðgerðir, sem skoðunarmenn telja að framkvæma þurfi.

1) Endurnýja þarf hluta af svaljárni á stefni.
2) Útvega þarf nýja skrúfu og koma henni fyrir.
3) Lagfæra þarf færslur kúplingsarma frá gír og vökvadælu fyrir þilfarsvindu.
4) Endursmíða þarf rennur undir opnanlegum stýrishússgluggum.
5) Þétta þarf með stefnum og fleira.
6) Útvega þarf nýjan startara og ef til vill spólu og hnapp og gera við eldri startara.
7) Finna þarf leka á raflögn eða geymum.
8) Endurnýja þarf leiðslur frá vél að mælaborði.
9) Eyða þarf truflunum, sem skemma móttöku talstöðvar.

Kostnað við framangreint meta skoðunarmenn

225 þús. kr.

og er þá innifalið ca 10% ófyrirséð. Auk þessa þarf að þétta með

stefnum og útvega nýja skrúfu. Þessi kostnaður er miðaður við verðlag í dag, og ekki er innifalinn neinn annar kostnaður en sá, sem tilheyrir beint nefndum aðgerðum, unnum við bestu aðstæður."

Matsmenn hafa báðir komið fyrir dóm og gefið skýrslur og m. a. staðfest matsgerð þessa. Þá hafa aðiljar málsins gefið skýrslur fyrir dóminum svo og vitnið Árni Valmundarson skipaeftirlitsmaður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að endanlegt kaupverð bátsins hafi orðið kr. 8.130.000 og hafi það verið viðurkennt sem endanlegt verð af stefnda við afhendingu bátsins. Samkvæmt reikningsyfirliti stefnanda eigi stefndi eftir að greiða kr. 2.115.874 upp í kaupverð þetta. Hafi stefndi boðist að greiða stefnanda skv. samningnum kostnaðarverð bátsins, sem hafi numið kr. 8.848.876, að frádregnum endurgreiðslum, sem numið hafi kr. 618.472, en stefnandi hafi gefið stefnda afslátt að fjárhæð kr. 100.404, þannig sé hið endanlega verð fengið, kr. 8.130.000.

Rökstuðningur stefnda fyrir sýknukröfu sinni er tvíþættur, í fyrsta lagi telur hann verð bátsins vera einni milljón krónum hærra en umsamið viðurkennt samningsverð og í öðru lagi sé um að ræða bótaábyrgð stefnanda gagnvart stefnda vegna vanefnda á samningi aðilja vegna galla, sem á bátnum séu og valdið hafi stefnda tjóni og muni valda honum áframhaldandi tjóni.

Bótakröfu sína vegna galla sundurliðar stefndi þannig:

1.	Matsupphæð	kr.	225.000
2.	Kalfatt og þétting og fleira	—	25.000
3.	Ný skrúfa	—	100.000
4.	Viðgerðarreikningar, dskj. nr. 29—32	—	121.062
5.	Aflatjón 1.—20. júní 1975	—	380.000
6.	Vinna við brýningu bátsins og niðursetningu, eftirlit með honum og fleira 1.—20. júní 1975	—	204.000

Samtals kr. 1.055.062

Varakröfu sína rökstyður stefndi þannig, að verði ekki á það fallist, að verðið lækki um eina milljón, eins og gerð er krafa um í aðalkröfu, þá sé til vara krafist skuldajafnaðar á gagnkröfum að upphæð kr. 1.055.062, sbr. liði 1—6 að framan, en til viðbótar sé þess krafist, að vaxtaliður, kr. 146.826, sem sé

innifalinn í verðinu 8.130.000 verði dreginn frá, þannig sé fengin út upphæðin kr. 914.886.

Þrautavarakröfu sína byggir stefndi á því, að dómurinn taki til greina þá liði, 1—6, að framan, sem hann telur stefnanda bera fébótaábyrgð gagnvart stefnda, ef hann hafnar öðrum sem órökstuddum og ósönnuðum. Þá innifeli þrautavarakrafan í sér lækkun verðs, kr. 1.000.000.

Það athugast, að rökstuðningur stefnda fyrir sýknukröfu sinni leiðir ekki til algerrar sýknu.

Eins og að framan er rakið, undirrituðu aðiljar yfirlýsingu þann 12. mars 1975, er afhending bátsins fór fram, og er sú yfirlýsing bindandi fyrir aðilja um verð bátsins, kr. 8.130.000. Verður sýknukrafa stefnda því eigi tekin til greina.

Að því er bótakröfu stefnda varðar verður hér fjallað um hvern lið hennar fyrir sig, eins og hún er fram sett hér að framan.

Um lið 1.

Krafa skv. þessum lið er byggð á niðurstöðum hinna dómkvöddu matsmanna. Telur dómurinn, að gallar þeir, sem hinir dómkvöddu matsmenn telja upp, séu þess eðlis, að stefnanda beri að bæta stefnda þá, og ber að taka lið þennan til greina með kr. 225.000, eins og krafist er, með hliðsjón af niðurstöðum matsmanna, sem hinir sérfróðu meðdómsmenn telja ekki of háa.

Um lið 2.

Stefndi gerir þá grein fyrir lið þessum, að matsmenn hafi ekki tekið inn í mat sitt kostnað við þéttingu bátsins, en hann hafi verið óþéttur frá upphafi, þá taki þeir ekki í mat sitt kostnað við það að ná vatni úr lúkar og kjalsogi, sé áætlaður kostnaður við þessa liði kr. 25.000. Stefnandi hefur ekki andmælt ábyrgð sinni á lið þessum, en mótmælt honum sem of háum. Telja hinir sérfróðu meðdómsmenn hæfilegar bætur vegna þessa liðs vera kr. 12.000.

Um lið 3.

Stefndi rökstyður þennan kröfulið með því, að nauðsyn sé á nýrri skrúfu á bátinn og verði eldri skrúfa ónýt og verðlaus á eftir. Kaupverð nýrrar skrúfu sé kr. 100.000. Stefnandi hefur mótmælt því, að nauðsynlegt sé að kaupa nýja skrúfu á bátinn, eðlilegra sé að minnka skrúfublöð núverandi skrúfu, eins og umboðsaðili vélarinnar hafi lagt til og hann hafi boðið stefnda upp á. Sú framkvæmd hafi ekki farið fram vegna atvika, sem stefnda sjálfan vörðuðu, þar sem hann hafnaði henni. Beri stefnandi því ekki ábyrgð á lið þessum.

Fyrir dóminum hafa hinir sérfróðu matsmenn skýrt svo frá, að þeir telji eðlilegra að skipta um skrúfu á bátnum en að minnka blöð þeirrar skrúfu, sem fyrir er. Telja þeir að vísu framkvæmanlegt að minnka núverandi skrúfu, en árangur af slíkri framkvæmd sé óviss, hafi þeir því ráðlagt í matsgerð sinni, að sett yrði ný minni skrúfa í bátinn. Hinir sérfróðu meðdómsmenn eru sammála niðurstöðu matsmanna að þessu leyti og telja, að stefnda hafi verið rétt að hafna þeirri aðgerð á skrúfunni, sem honum var boðið upp á, og krefjast nýrrar skrúfu, einkum þar sem um nýjan bát var að ræða. Þykir því eiga að taka þennan kröfulið til greina með kr. 60.000, en það telja hinir sérfróðu meðdómsmenn hæfilegt verð nýrrar skrúfu.

Um lið 4.

Liður þessi er byggður á reikningum, sem fram eru lagðir í málinu. Kveður stefndi hér vera um að ræða reikninga vegna viðgerðar, sem fram hafi farið á bátnum daga 1.—20. júní 1975. Hafi þá farið fram niðursetning á vökvadælum, unnið hafi verið við raflögn, skipt um skífu framan á aðalvél, startari, olíuverk og talstöð sett í viðgerð, einnig hafi verið unnið að þéttingu á leka. Stefnandi hefur mótmælt reikningum þessum sem málinu óviðkomandi. Er hér um að ræða reikning, dagsettan 18. júní 1975, að fjárhæð kr. 29.574, vegna kaupa á glussadælu og fleiru. Eins og áður er rakið hafði stefnandi látið stefnda í té nýja glussadælu, fljótlega eftir að afhending bátsins fór fram, og er ekki komið fram, að sú dæla hafi reynst gölluð. Stefndi skýrir hins vegar svo frá, að hún hafi ekki verið nægjanleg til þess að drífa bæði spil og handfærarúllur samtímis og hafi hann því keypt nýja glussadælu til að drífa handfærarúllurnar sérstaklega og breytt um leið kerfi bátsins í samræmi við það.

Að dómi hinna sérfróðu meðdómsmanna er hér um að ræða framkvæmd óviðkomandi stefnanda, þar sem ekki er annað fram komið en að hin upphaflega glussadæla hafi nægt til að drífa spilið annars vegar og handfæravindurnar hins vegar, þótt ekki hafi það nægt til að drífa hvort tveggja samtímis, en ekki verður annað séð, en útbúnaði hafi verið á þann veg háttað, að ætlast var til, að dælan yrði einungis notuð á annað hvort í senn.

Þá er um að ræða ýmsar nótur vegna efniskaupa og vinnu, samtals að fjárhæð kr. 63.924. Eru þrjár nótur þessar dagsettar 10., 16. og 19. og 20. júní 1975. Ein er dagsett 14. mars 1975 og ein dagsett 21. ágúst 1975. Nóturnar bera ekki með sér, við hvaða

verkþætti þær eiga, og eru sumar þeirra dags. utan þess tíma, er hér er um rætt.

Að lokum er um að ræða nótu, dagsetta 20. júlí 1975, vegna vinnu á rafkerfi, að upphæð kr. 5.416, og nótu vegna olíuverks og eldsneytisloka frá Blossa s/f, dags. 21. janúar 1976, og verður ekki séð, að nótur þessar varði aðgerð þá, er fram fór dagana 1.—20. júní 1975, eða séu á annan hátt tengdar atvikum máls þessa. Að framangreindu athuguðu þykir ekki unnt að taka reikninga þessa til greina gegn andmælum stefnanda.

Um lið 5.

Kröfuliður þessi er bætur vegna aflatjóns dagana 1.—20. júní 1975. Rökstyður stefndi lið þennan með því, að aflaverð bátsins 7 mánuði árið 1975 hafi verið kr. 6.300.000, eða kr. 30.000 á dag.

Við yfirheyrslu í dóminum taldi stefndi heildartekjur eiga að vera kr. 6.045.000, en ekki 6.3 milljónir. Brúttóaflatjón í 20 daga sé því kr. 600.000, en frá þeirri tölu beri að draga kr. 220.000, sem sé reksturskostnaður sömu daga án alls fasts kostnaðar, svo sem vaxta, fyrningar, tryggingar, afnotagjalds talstöðvar og fleira, þannig að aðeins sé reiknað með vinnulaunum, olíu og beitu. Hefur stefndi lagt fram í málinu rekstursyfirlit sitt 1975 til stuðnings kröfu þessari. Samkvæmt því er innborgun vegna fiskinnleggs kr. 2.048.429 og vegna hrogna kr. 2.972.160, eða samtals kr. 5.020.589. Skjalið ber ekki með sér, yfir hvaða tímabil ársins það tekur.

Stefndi hefur borið, að yfirlitið sýni ekki allar tekjurnar, þar sem hluti aflans hafi gengið beint til annars aðilja og ekki verið færður í bókhald stefnda.

Lið þessum hefur stefnandi mótmælt sem sér óviðkomandi og ósönnuðum. Með hliðsjón af því, að óupplýst er, hvort eða að hve miklu leyti um var að ræða landlegu vegna atvika, er varða stefnanda, dagana 1.—20. júní svo og að rekstraryfirlit stefnda sjálfs þykir ekki nægur grundvöllur til ákvörðunar bóta skv. lið þessum gegn mótmælum stefnanda, þykir einnig unnt að taka þennan lið til greina.

Um lið 6.

Liður þessi er rökstuddur með reikningi, framlögðum í málinu, frá stefnda sjálfum og bróður hans, og er hann dagsettur 20. júní 1975. Vinna við skoðun á rafbúnaði bátsins, vél og við þrjár uppsetningar á honum dagana 2.—20. júní 1975, 20 klst. á dag í 17 daga á kr. 600, samtals kr. 204.000. Með sama rökstuðn-

ingi og í næsta lið á undan þykir ekki fært að taka þennan lið til greina. Er niðurstaða dómsins því sú, að taka beri gagnkröfur stefnda til greina með samtals kr. 297.000 (þ. e. 225.000 + 12.000 + 60.000), og ber að draga upphæð þessa frá kröfu stefnanda, og er niðurstaða dómsins því sú, að dæma beri stefnda til að greiða stefnanda kr. 2.115.874 að frádregnum kr. 297.000, eða kr. 1.818.874.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda og krefst þess, að einungis verði reiknað með 13% ársvöxtum á tildæmda fjárhæð frá 13. maí 1975 til greiðsludags.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir frá 23. apríl 1976, sbr. nú auglýsingu sama aðilja 21. september 1976, ber að taka kröfu stefnanda um 2% mánaðarvexti til greina. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 300.000.

Dómsorð:

Stefndi, Björgúlfur Björnsson, greiði stefnanda, Baldri Halldórssyni, kr. 1.818.874 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 13. maí 1975 til greiðsludags og kr. 300.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1979.

Nr. 232/1977. **Guðmundur Sigurðsson**
(Jóhann Þórðarson hdl.)
gegn
Thor R. Thors
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Ábúð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. desember 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.312.800 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. júní 1974 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og að helmingur þeirrar fjárhæðar, sem stefndi verður dæmdur til að greiða, skuli inntur af hendi með jöfnum afborgunum á 6 árum og með þeim vaxtakjörum, sem 2. mgr. 16. gr. laga nr. 64/1976 segir til um. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, fékk áfrýjandi jörðina Höfða til ábúðar í fardögum 1932. Hinn 19. desember það ár undirrituðu þáverandi jarðareigandi og áfrýjandi „aðalskilmála“ þá, sem greinir í héraðsdómi, en byggingarbréf var aldrei gert, svo sem skylt var samkvæmt 2. gr. ábúðarlaga nr. 1/1884, sem þá voru í gildi, og aðiljar eru sammála um, að gildi um ábúðina. Áfrýjandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi goldið landskuld þá, sem um var samið, „12 veturgamlar gimbrar“, allt fram til ársins 1945—1946. Síðustu árin hafi landskuldin þó aðeins verið 10 dilkar. Ekki nýtur við annarra gagna um þetta en frásagnar áfrýjanda. Í héraðsdómi greinir frá uppkasti að byggingarbréfi, sem jarðareigandi sendi áfrýjanda til undirritunar árið 1946. Segir þar, að um eftirgjald eftir jörðina sé samið sérstaklega. Áfrýjandi undirritaði aldrei uppkast þetta, og ekki er vitað, hvernig jarðareigandi hugðist semja um eftirgjaldið. Stefndi, sem eignaðist jörðina 28. janúar 1953, telur, að allar endurbætur og mannvirki á henni, sem áfrýjandi hafi gert, hafi átt að teljast eftirgjald, en kveðst þó aldrei hafa rætt um það við ábúanda. Áfrýjandi kveðst hafa skilið fyrrverandi jarðareiganda, föður stefnda, svo, að ekki yrði um neitt jarðar-

afgjald að ræða eftir 1946. Víst er, að hann greiddi aldrei neina landskuld eftir það og var ekki krafinn um hana, hvorki af stefnda né föður hans.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti hafði áfrýjandi afnot jarðarinnar til slægna og beitar til hausts 1973. Eftir að úttekt fór fram 1. nóvember það ár, tók stefndi við jörð og mannvirkjum, þar á meðal rafstöð þeirri, sem í málinu greinir, en nýir menn tóku við ábúð á jörðinni.

Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um greiðslu verðmætis mannvirkja þeirra, sem hann hefur gert á jörðinni samkvæmt úttektargerðinni frá 1. nóvember 1974 og matsgerð frá 4. s. m.

Stefndi hefur lýst yfir því, að hann beri ekki fyrir sig ákvæði 10. gr. laga nr. 1/1884 og vefengi hvorki úttektargerðina né matsgerðina tölulega.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að svo hafi verið um samið með jarðareigendum og áfrýjanda, að endurbætur á jörðinni og mannvirkjum hennar skyldu ganga á móti landskuldinni, þannig að hvorugur ætti kröfu á hinn. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að áfrýjandi skuldi landskuld allt frá árinu 1946 og geti þær greiðslur komið til skuldajafnaðar á móti kröfum áfrýjanda. Samkomulag er um, að þessi gagnkrafa stefnda nemi eigi lægri fjárhæð en krafa áfrýjanda, ef rétt væri, og yrði tekin til greina að fullu. Varakröfu sína byggir stefndi á því, að rafstöðin og rafbúnaður tilheyri ekki nauðsynlegum mannvirkjum á jörðinni. Sé jarðareiganda því eigi skylt að leysa þessi verðmæti til sín. Þá hafi rafstöðin verið gölluð og hún sé ekki notuð lengur. Um greiðslukjör vísar stefndi aðeins til ákvæða 2. mgr. 16. gr. laga nr. 64/1976.

Gegn andmælum áfrýjanda hefur stefndi ekki sannað, að svo hafi verið um samið, að endurbætur áfrýjanda á jörðinni og mannvirkjum hennar skyldu koma í stað landskuldar eða reiknast upp í landskuldina. Stefndi tók án fyrirvara við öllum mannvirkjum á jörðinni, þar á meðal rafstöðinni, er úttekt og mat hafði farið fram, og leiguliðar hans nýttu þau um sinn, að því er ætla verður. Með hliðsjón

af meginreglum ábúðarlaga verður að leggja það til grundvallar, að jarðareiganda, stefnda í máli þessu, beri að greiða áfrýjanda endurgjald fyrir verðmætisaukningu þá, er í úttektargerð og matsgerð greinir. Að því er varakröfu stefnda varðar er að vísu upplýst, að rafstöðin var haldin nokkrum göllum, en hún var metin til verðs miðað við galla þessa.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða áfrýjanda endurgjald fyrir verðmæti þessi, 1.312.800 kr. Fjárhæðin hefur ekki sætt tölulegum andmælum. Ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 64/1976 koma hér ekki til álita, þar sem þau lagaákvæði tóku gildi, eftir að ábúð áfrýjanda á jörðinni lauk.

Áfrýjandi telur, að eftir 1946 hafi hann enga landskuld átt að greiða. Stefndi eignaðist jörðina á árinu 1953, eins og áður greinir. Ekki hirti hann um að gera byggingarbréf við stefnda, er hann varð landsdrottinn, og ekki krafði hann áfrýjanda um landskuld. Þegar þessa er gætt og niðurlagsákvæðis 3. gr. laga nr. 1/1884, en aðiljar eru sammála um, að þau lög gildi um skipti þessi, verður að leggja til grundvallar staðhæfingar áfrýjanda um þetta efni. Skuldajafnaðarkrafa stefnda verður þegar af þessari ástæðu ekki til greina tekin.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 1.312.800 krónur með vöxtum, eins og krafist er, en upphafstíma vaxta er ekki andmælt.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 400.000 krónur, og er þá þar með talinn matskostnaður.

Dómsorð:

Stefndi, Thor R. Thors, greiði áfrýjanda, Guðmundi Sigurðssyni, 1.312.800 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. júní 1974 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til

greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 400.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Svo sem greinir í héraðsdómi, byggði þáverandi eigandi jarðarinnar Höfða, Thor Jensen, áfrýjanda jörðina til fjögurra ára frá fardögum 1932 að telja. Eru hinir svonefndu „aðalskilmálar fyrir byggingarbréfi" undirritaðir af jarðareiganda og áfrýjanda hinn 19. desember 1932. Fór því um ábúðarsamning þennan að lögum um byggingu, ábúð og úttekt jarða nr. 1/1884. Að framangreindum ábúðartíma liðnum hélt áfrýjandi ábúðinni áfram með óbreyttu eftirgjaldi, án þess að byggingarbréf væri gefið út. Þá voru gengin í gildi ábúðarlög nr. 87/1933. Hafa aðiljar byggt málflutning sinn fyrir Hæstarétti á því, að samkvæmt 54. gr. þeirra laga hafi réttindi og skyldur aðilja átt að ráðast af hinum eldri lögum eftir sem áður. Um þann lagaskilning aðilja þarf þó ekki að fjalla í þessu máli, þar sem við flutning málsins fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hendi stefnda, að hann byggði kröfur sínar að engu leyti á því, að beita eigi 10. gr. laga nr. 1/1884 um hús áfrýjanda á jörðinni. Virðist eiga að skilja málflutning hans þannig, að hann viðurkenni skyldu sína til að kaupa húsin — en eigi rafstöðina — samkvæmt ákvæðum 13. gr. laga 87/1933, sbr. og 13. gr. laga nr. 36/1961, á því verði, sem úttektarmenn mátu, ef ekki kæmu til þær sérstöku varnarástæður, sem hann hefur uppi í málinu, þ. e. að jarðareigandi og áfrýjandi hafi samið um, að afgjald skyldi greitt með framkvæmdum áfrýjanda á jörðinni. Ef þetta verði talið ósannað, megi stefndi skuldajafna ógreiddri landskuld áfrýjanda við kröfu hans um greiðslu matsverðs húsanna.

Ágreiningslaust er, að áfrýjandi greiddi það jarðarafgjald, sem um var samið í upphafi, allt til ársins 1945 eða 1946, þó

líklega síðustu árin aðeins 10 dilka. Skýrsla hans sjálfs um, að svo hafi verið um samið, er hér var komið sögu, að greiðsla afgjalds ætti framvegis að falla niður, er ekki sennileg og engum þeim gögnum studd, að þetta verði talið sannað. Skal þess getið í því sambandi, að ekki er sýnt fram á, að áfrýjandi hafi annast veiðivörslu við Haffjarðará að neinu því marki, að líklegt geti talist, að hún hafi átt að koma í stað jarðarafgjalds. Það hefur heldur engar líkur með sér, að áfrýjandi hafi átt að hafa jörðina afgjaldslaust vegna þess eins, að veiðiréttur í Haffjarðará var undanskilinn leiguliðanotum hans, enda hefur ekki verið á þessu byggt í málinu.

Jarðareigandi lét undir höfuð leggjast að gera byggingarbréf um ábúðina, er hinn upphaflegi ábúðartími áfrýjanda rann út í fardögum 1936, en áfrýjandi hélt áfram ábúðinni með óbreyttu jarðarafgjaldi, svo sem áður var sagt. Stefndi hefur ekki fært nægar sönnur að staðhæfingum sínum um samning jarðareiganda og áfrýjanda um, að framkvæmdir áfrýjanda skyldu ganga upp í jarðarafgjald. Verður sýknukrafa hans því ekki tekin til greina á þeim grundvelli. Ekki eru skilyrði til að skuldajafna kröfum stefnda um ógreidda landskuld, sem greiða átti í fríðum peningi, við fjárkröfur áfrýjanda í þessu máli. Hins vegar er stefnda ekki skylt að greiða áfrýjanda umkrafið kaupverð húsa á jörðinni samkvæmt mati úttektarmanna, nema áfrýjandi geri skil á ógoldnu jarðarafgjaldi samkvæmt ábúðarsamningnum. Áfrýjandi hefur eigi lýst sig reiðubúinn til að gera þau skil. Teljum við að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til. Breytir viðtaka stefnda á jörðinni eftir úttekt þá, er fram fór 1. nóvember 1973, engu um þá niðurstöðu.

Eftir atvikum þykir okkur rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómuur bæjarþings Seltjarnarness 23. september 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. þ. m., hefur Guðmundur R. Sigurðsson, Gnoðarvogi 68, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum hinn 27. maí 1975 á hendur Thor R. Thors, Hamri, Sel-

tjarnarnesi, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 1.312.800 með 1.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 1. júní 1974 til 15. júlí sama ár, en 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, þ. á m. útlagðs kostnaðar að fjárhæð kr. 14.460.

Af hálfu stefnda er krafist aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, til vara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar til verulegra muna með dómi réttarins, en til þrautavara, að þær fjárhæðir, sem tildæmdar kunna að verða, greiðist með þeim skilmálum og gjalddögum, sem fyrir er mælt í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 64/1976. Þá er krafist málskostnaðar stefnda til handa, hvernig sem málið fer.

II.

Málavextir eru þeir, að árið 1932 hóf stefnandi búskap á jörðinni Höfða í Eyjahreppi í Hnappadalssýslu. Eigandi jarðarinnar var þá Thor Jensen, síðan eignaðist sonur hans Richard Thors jörðina og síðan sonur hans Thor R. Thors, stefndi í máli þessu.

Hinn 19. desember 1932 gerðu jarðeigandi og stefnandi með sér samning, er ber yfirskriftina „Aðalskilmálar fyrir byggingarbréfi á Höfða“ og er svohljóðandi:

„1. Ábúðartími alls 4 ár frá fardögum 1932.

2. Árið 1932/1933 sjé eptirgjaldslaust nema hið nýbyggða fjós og aðrar aðgjerðir sem búnar eru tilheyrir jörðinni, en sumarið 1933 á ábúandinn að endurbæta íbúðarhúsin eins og umtalað hefur verið og skal þá taka út jörð og hús að haustkomandi og svari þá ábúandi til eptir það.

3. Eptirgjöld næstu þrjú árin eru 12 veturgamlar gimbrar að hausti hverju í ágætu og hraustu standi, og skulu þær útteknar af umboðsmanni að hausti í fyrsta sinni haustið 1933, en ábúandi skilar kindunum í Borgarnesi eptir nánar ráðstafanir eigandans á hausti hverju. Þessir skilmálar ásamt öðrum þeim sem hefur verið lesnar upp nú fyrir ábúandanum, erum við báðir málsaðilar samþykkir að verði í byggingarbréfi fyrir Höfða í Eyjahreppi eins og að framan getur.“

Stefnandi Guðmundur viðurkenndi við aðiljayfirheyrslu undirskrift sína undir þennan samning. Hann kvað ábúðartímann hafa framlengst sjálfkrafa án frekari samninga. Hann kvaðst hafa innt jarðarafgjaldið, 12 kindur, af hendi í nokkur ár. Síðast hafi hann innt af hendi jarðarafgjaldið árið 1945 eða 1946 og

þá og árin á undan aðeins 10 dilka. Richard Thors hafi, eftir að hann tók við jörðinni (um 1946), ekki viljað taka við jarðarafgjaldinu, og kvaðst stefnandi hafa skilið hann þannig, að ekki yrði um neitt frekara afgjald af jörðinni að ræða.

Stefndi, Thor R. Thors, er varð eigandi jarðarinnar árið 1953, bar m. a.:

„Hann segir, að ekki hafi verið greitt neitt afgjald af neinni af þessum jörðum, *heldur ættu ábúendur að gera jörðunum eitthvað til góða í staðinn, þ. e. allar endurbætur ættu að teljast jarðarafgjald.* Honum er nú kynntur framburður Guðmundar Sigurðssonar.

Hann segir, að hann minnist þess ekki að hafa rætt um það sérstaklega við ábúendur, að endurbætur teldust jarðarafgjald, heldur hafi hann eignast jarðir, eftir að samið hafi verið um þessa hluti. Hann segist hafa margrætt þessa samninga við föður sinn og hafi ofangreindur skilningur verið þeirra túlkun á samningum við ábúendur."

Við aðiljayfirheyrslu lagði stefndi, Thor R. Thors, fram uppkast að nýju byggingarbréfi, er faðir hans og þáverandi jarðareigandi, Richard Thors, samdi árið 1946, undirritaði sjálfur og sendi stefnanda Guðmundi til undirritunar. Stefnandi Guðmundur kannaðist við, að umboðsmaður jarðareigandans hefði sýnt sér uppkastið, en hann kvaðst ekki hafa viljað undirrita það, hann „hafi ekki getað sætt sig við einhver atriði í bréfinu," en mundi ekki að tilgreina, hvaða atriði það voru.

Í þessu uppkasti, sem af hálfu stefnanda var við málflutning mótmælt sem þýðingarlausu fyrir málið, segir m .a.: „Um eftirgjaldið er sérstaklega samið."

Í fardögum árið 1974 lét stefnandi af búskap á jörðinni. Hinn 1. nóv. 1973 fór fram úttekt á jörðinni, og hljóðar úttektargerðin svo:

„Við undirritaðir úttektarmenn í Eyjahreppi, Kjartan Halldórsson hreppstjóri á Rauðkollsstöðum og lögskipaður úttektar og matsmaður Helgi Guðjónsson í Hrútsholti, höfum í dag gert eftirfarandi úttektar- og matsgerð á mannvirkjum, svo sem húsum, girðingum, ræktun o. fl., samkvæmt beiðni Guðmundar Sigurðssonar bónda á Höfða, sem lætur af ábúð á jörðinni í fardögum 1974.

Úttektin er gerð með fullu samþykki jarðeiganda, Thor R. Thors, Hamri, Seltjarnarnesi, en umboðsmaður hans er Gísli Þórðarson við matsgerðina og er einnig mættur hér.

Þegar Guðmundur Sigurðsson kom á jörðina vorið 1932, voru öll hús í lakasta lagi. Hagahús voru fram með Höfðaá, þau voru þrjú og tóku samtals 110 kindur, fjárhúsin voru með járnþaki götóttu á annari hlið, yfirtyrfð og jarðlæg, svo skepnur gátu gengið yfir þau og gerðu það, heytóftir voru við húsin. Eitt fjárhús var heima með sama svip og hin, yfir 60 kindur og tólf fyrir hey. Bæjarhús voru komin að falli. Fyrsta framkvæmd bónda var að taka suðurgaflinn úr baðstofu og endurnýja og steypa múrpípu í staðinn fyrir reykrör, sem voru ónýt. Fjósið var einnig úr torfi og grjóti og féll niður að hálfu á fyrsta sumri, heygarður var fjærliggjandi fyrir töðuna. Hesthúskofi var endurnýjaður á fyrsta ári. Tún var lítið og sumt með beðasléttum og þýfi.

Nú er íbúðarhús á jörðinni, byggt árið 1935 og endurbætt að nokkru árið 1945, upphaflega byggt með torfveggjum, en árið 1945 voru torfveggir teknir burt og steyptir veggir kringum húsið, og hafa þeir reynst illa, ábúandi hefur endurbyggt suðurgafl og skipt um glugga þar. Skúr er maðfram vesturhlið, sem geymsla, þó er þar eitt íbúðarherbergi og búr í öðrum enda á skúrnum, árið 1945 var sett miðstöðvarhitun út frá eldavél, sem reyndist léleg. En árið 1956 var byggð vatnsaflstöð af ábúanda, og tók hún við allri upphitun og lýsingu í bæjarhúsum. Raflýst voru öll hús það ár.

Árið 1945 voru byggð fjárhús hér heima af jarðeiganda, það er braggabygging, 3 braggar taka 90 fjár hver, eða samtals yfir 270 fjár, engin jata var sett í vestasta braggann, og hefur ábúandi gert það og sett grindur í öll húsin, 9 krær. Hlöðu byggði jarðeigandi við húsin sama ár og innbyggða votheysgryfju 36 tm. Hlaðan er að grunnfleti 19 x 6, hæð til jafnaðar 4 m, ca. 420 rúmmetrar. Fjós og haughús með safngryfju byggði jarðeigandi árið 1936. Fjósið tekur 8 gripi.

Eignir ábúanda eru hér á eftir taldar og metnar, eins og nú skal greina:

1. Skemma til geymslu á vélum að grunnfleti 75 m, hæð á vegg 2 m, byggð 1965 úr nýju efni, að mestu leyti úr timbri og járni, sæmilegasta bygging. Skemman er metin á kr. 130.000.

2. Hlaða við fjós, byggð 1935 úr timbri og járni á grjóthlöðnum kjallara. Hlaðan tekur 175 m^3, og við vestur hlið hlöðunnar er hesthús yfir 10 hross, byggt 1968 úr timbri og járni, steypt gólf og stallur, stoppað er með mosa á annarri hlið og gafli. Hlöðuna og hesthús metum við á kr. 80.000.

3. Fjárhús yfir 36 kindur, byggt úr torfi og grjóti, grindarlaust með járn- og timburþaki, mat kr. 20.000.

4. Fjárhús yfir 40 kindur með grindargólfi, steinveggur er á einn veg, hitt efnið timbur og járn. Dýpt á áburðarkjallaranum er 1 m. Mat kr. 50.000.

5. Blásarahús með blásara, stærri gerð frá Steðja h.f., með grindargólfi í hlöðu og steinsteyptum stokk til súgþurkunar. Mat kr. 100.000.

6. Áburðarkjallarar og grindargólf í 9 fjárhúskróm ásamt tveim jötum í vestasta bragganum. Grindurnar eru nýlegar. Mat kr. 120.000.

7. Hestagirðing nærri bæjarhúsum. Mat kr. 10.000.

8. Túnrækt með girðingu 22,6 ha, sleppt er úr mati 5,97 ha, sem ræktað var fyrir árið 1958. Alls er túnið 28,9 ha. Túngirðingar eru ca. 4 km, en sleppt er 500 m (yfir ósinn) úr mati. Mat kr. 374.000.

9. Hagagirðing ca. 3 km, fjárheld vel, úr neti 5 strengja, og er gaddavírsstrengur undir og yfir netinu. Mat kr. 90.000.

10. Ketill og hitadunkur til upphitunar á bæjarhúsum. Varatæki, ef rafmagn bregst. Mat kr. 15.000.

Rafstöð 13 kw (vatnsaflstöð) ásamt heimtaug ca. 800 m og rafleiðslur í bæ og útihús, teljum við okkur ekki hafa faglega þekkingu til að meta að verðgildi, en óskum, að Rafmagnseftirlit ríkisins taki að sér það mat."

Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu dómkvaddi nú þá Guðmund E. Hallgrímsson og Júlíus Gíslason rafvirkjameistara til þess að meta rafstöðina og raflínuna. Í matsgerð þeirra, sem dagsett er í Grundarfirði hinn 4. nóv. 1974, er rafstöðin metin sem hér segir:

„Raflína	kr.	84.800
Staurar	—	40.000
Rafall 13 kw. 230 v D.C.	—	35.000
Túrbína	—	35.000
Vélarhús	—	70.000
Inntaksrör	—	39.000
Yfirfall	—	20.000
	Samt. kr.	323.800

Eftirfarandi gallar komu í ljós við þessa úttekt: 2 staurar brotnir, lína of lág yfir veg og spennustilling ófullnægjandi.

Kostnaður við þessa lagfæringu áætlaður kr. 65.000."

III.

Lögmaður stefnanda gerir svofellda grein fyrir stefnukröfum í málinu:

„Umbj. m. bjó samfellt á jörðinni frá árinu 1932 til fardaga 1974. Á þessu tímabili endurbætti hann mjög jörðina, bæði með bættum húsakosti og ræktun. Að auki byggði hann rafstöð, sem notuð er til hitunar og ljósa og allra almennra þarfa.

Er umbj. m. lét af búskap á Höfða, fór fram úttekt á jörð, húsum og rafstöð, eins og lög mæla fyrir um, og skv. matsgjörð á dskj. nr. 3 eru húsa- og jarðabætur metnar á kr. 989.000 og rafstöð á kr. 323.800. Samtals gerir þetta kr. 1.312.800 . . . Málsaðilar hafa ekki óskað eftir yfirúttekt, þannig að að svo komnu máli verður við niðurstöður hennar að una. Þó telur umbj. m., að ýmislegt vanti inn í úttekt þessa af framkvæmdum, sem hann hafi gert á jörð og húsum."

Í greinargerð stefnda segir m .a.:

„Sýknukrafa mín er byggð á því, að með undirskrift sinni undir dómskjal nr. 8 hafi ábúandi, þ .e. stefnandi málsins, skuldbundið sig til þess að greiða í eftirgjald eftir jörðina 12 veturgamlar gimbrar á hausti hverju og skila þeim kindum í Borgarnesi, ef ekki er óskað eftir öðrum ráðstöfunum. Þetta jarðarafgjald hefur ábúandi aldrei greitt. Kröfur sínar á hendur umbjóðanda mínum miðar hann við verðlag í dag, og er því eðlilegt að miða gagnkröfurnar við verðlag á veturgömlum gimbrum í dag. Þær upplýsingar hef ég fengið hjá starfsmanni Búnaðarfélags Íslands, að veturgamlar gimbrar séu vart seldar undir 10—12 þúsund krónum. Til þess að vera örugglega sanngjarn reikna ég með 7.000.- krónum pr. gimbur, sem gera þá kr. 84.000.- á ári, og í 41 ár jafngildir það kr. 4.444.000.- Gagnkröfur umbjóðanda míns eru þannig margfalt hærri en kröfur stefnandans. (Innskot dómara: Undir rekstri málsins upplýstist og er óumdeilt, að stefnandi afhenti hinn umsamda landskuldarpening fram um eða fram yfir stríð).

Nú kann að vera, að stefnandi vilji halda því fram, að gagnkröfur þessar séu fyrndar, en það eru þær ekki, sbr. 1. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14 frá 1905. Skv. þeirri grein er heimilt að telja kröfu til skuldajafnaðar, þótt fyrningafrestur líði, sé hún af sömu rót runnin og skuld sú, sem krafin er. Enginn vafi er á því, að krafan til skuldajafnaðar er af sömu rót runnin, þ. e. endurgjald fyrir afnot af jörð skv. skriflegum samningi."

Til vara mótmælir stefndi nánar tilgreindum atriðum í úttektargerðinni sem röngum, svo sem lið 8 og lið 9, þar sem í 20. gr. laga nr. 1/1884 séu fyrirmæli um, hvernig meta skuli. Eigi komi fram, að hve miklu leyti hinar metnu framkvæmdir hafi verið greiddar af opinberu fé, svo sem jarðræktarstyrk. Miðað sé við 15 ára fyrningartíma á ræktun og girðingum, en ekki 10 ár, eins og venja sé, m. a. á ríkisjörðum. Loks segir í greinargerð stefnda:

„Ég kem þá að því atriði, sem ég tel veigamikið í málinu, sem sé því, hvort stefnandi geti krafið umbjóðanda minn með málshöfðun um greiðslu á því fé, sem úttektarmenn telja, að hann hafi lagt í jörðina með byggingum, jarðabótum, girðingum eða á annan hátt. Því svara ég algjörlega neitandi. Hér ber að fara eftir 10. gr. laga nr. 1/1884. 10. greinin hljóðar svo:

„Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða landsdrottni að kaupa þau því verði, er úttektarmenn meta. Ef landsdrottinn vill ekki kaupa, skal fráfarandi bjóða þau viðtakanda, og vilji hann heldur ekki kaupa þau með sama verði, þá er fráfaranda rétt að taka þau ofan og flytja af jörðu, eða selja þau hverjum er hann vill til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef leiguliði vill gera hús þar, er hin voru, en flytja burt viði og húsaefni fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að."

Samkvæmt þessu er landeiganda það algjörlega í sjálfsvald sett, hvort hann vill kaupa þau hús, sem fráfarandi á á jörðinni, og nær það að sjálfsögðu einnig til rafstöðvarinnar, sem stefnandi hefur byggt á eigin kostnað, en að sjálfsögðu hefur hann heimild til að flytja þessi mannvirki burtu, ef hvorki landeigandi né viðtakandi vill kaupa mannvirkin. Á hinn bóginn getur hann alls ekki með dómi knúð landeiganda til að greiða í peningum viðkomandi mannvirki. Umbjóðanda mínum er áskilinn réttur til að velja það af mannvirkjunum, sem hann telur ástæðu til að halda á jörðinni, og greiða með skuldajöfnuði, samanber það, sem ritað er hér í upphafi. Það sér hvert mannsbarn, hvílík óbilgirni það er af ábúanda að ætlast til þess, að hann geti setið jörðina leigulaust í áratugi, en krafið landeiganda um greiðslu fyrir það, sem hann hefur gert jörðinni til góða."

IV.

Í aðalatriðum virðist mega skilja málflutning aðilja sem hér segir:

Stefnandi byggir á úttektargerð, sem ekki hefur verið hnekkt. Hann telur aðallega, að gagnkrafa um leigu hafi aldrei stofnast, þar sem samið hafi verið um, að leigan félli niður, til vara, að fyrir hendi sé samningsígildi um niðurfellingu leigu (tómlætisverkanir). Til þrautavara telur hann leigukröfuna fyrnda. Stefnandi er sammála stefnda um, að ábúðarlögin frá 1884 gildi í skiptum aðilja, en telur, að stefndi hafi þegar af þeirri ástæðu, að hann hafi tekið við mannvirkjum stefnanda á jörðinni og hagnýtt sér þau allt frá fardögum 1974, glatað þeim rétti, sem hann kynni að hafa átt skv. 10. gr. laga nr. 1/1884 til að synja um kaup á þeim, sú málsástæða sé einnig of seint fram komin í greinargerð og henni hafi eigi verið fylgt eftir.

Stefndi virðist í fyrsta lagi byggja á því (sbr. tilvitnaðan framburð Thors R. Thors), að hann *sé eigandi* að hinum umþrættu mannvirkjum. Leigugjaldið hafi aldrei verið gefið eftir, heldur hafi það átt að ganga upp í kostnað við gerð mannvirkja. Nægilega sé fram komið, að leigan hafi hrokkið fyrir framkvæmdakostnaði, og vel það. Viðbótarrökstuðningur fyrir þessu sé, að það komi fram, að eftirgjaldið nemi hærri fjárhæð en verðmæti mannvirkjanna (framkvæmdanna), ef hvort tveggja sé útreiknað til verðlags á úttektardegi (báðar verðtryggðar, úttektargerð sýni verðmæti umræddra mannvirkja, gagnkrafan verðmæti eftirgjaldsins).

Í öðru lagi byggir stefndi á skuldajöfnuði, þ. e. að til skuldajafnaðar við stefnukröfu, byggða á úttektargerð, komi gagnkrafa um landskuld í fríðu, umreiknuð til peningaverðs á úttektardegi.

Í þriðja lagi byggir stefndi sýknukröfu á 10. gr. laga nr. 1/1884. Hann hefur þó eigi skorað á stefnanda að taka ofan og fjarlægja umrædd mannvirki og miðar í raun í öðru orðinu við það, að lög nr. 1/1884 séu úrelt (úttektarmenn hafa augljóslega ábúðarlögin nr. 36/1961 í huga, er þeir sömdu úttektargerð, stefnandi hreyfði engum athugasemdum við það), og í hinu orðinu virðist hann telja lögin nr. 64/1976 gildandi og byggir á þeim lögum þrautavarakröfu og vísar í því sambandi til 46. greinar síðastnefndra laga.

V.

Svo sem að framan er rakið, var umsamið árlegt jarðarafgjald, landskuld, upphaflega 12 veturgamlar gimbrar að hausti, gemlingar, og umsaminn ábúðartími 4 ár frá fardögum 1932. Óumdeilt er, að að þeim tíma liðnum framlengdist ábúðarsamningurinn í raun óbreyttur.

Ósannað er, að aðiljar hafi síðar sérstaklega samið um neinar breytingar á ábúðarsamningnum. Stefnandi hefur einmitt í málflutningi mótmælt sérstaklega sem þýðingarlausu fyrir málið uppkasti að byggingarbréfi frá 1946, sem stefndi hefur lagt fram. Engin önnur atvik eru í ljós leidd, er styðji þá málsástæðu stefnanda, að stefndi hafi fallið frá kröfu til jarðarafgjalds. Þvert á móti eru löglíkur fyrir því (enda í samræmi við góða og tíðkanlega hætti í samskiptum landeiganda og leiguliða, eftir að hinar gagngerðu breytingar urðu á búnaðarháttum um og eftir seinna stríð), að málsaðiljar hafi litið svo á og mátt líta svo á, að jarðarafgjaldið ætti að ganga upp í framkvæmdir á jörðinni. Grunnregla sú, er m. a. kemur fram í 5. gr. laga nr. 39/1922, styður þessa ályktun.

Það kemur í einn stað niður, hvort litið er svo á, að jarðeigandi hafi með framlagi sínu, andvirði 12 gemlinga á ári, öðlast eignarhlutdeild í framkvæmdum þeim, sem stefnandi gerði á jörðinni, eða hvort talið er, að uppgjöri eigi að haga á þann veg sem lögmenn gera aðallega ráð fyrir í málflutningi sínum, þ. e. stefnukrafa byggð á úttektargerð og gagnkrafa um landskuld í fríðu, umreiknuð til peningaverðs á úttektardegi, höfð uppi til skuldajafnaðar.

Sé byggt á fyrrnefnda grundvellinum, þá verður að telja, að stefndi hafi nægilega sýnt fram á, að árlegt framkvæmdafé eftir 1946 hafi eigi að meðaltali numið hærri fjárhæð en hinu umsamda jarðarafgjaldi, andvirði 12 kinda.

Sé byggt á síðarnefnda grundvellinum, svo sem lögmenn gera aðallega ráð fyrir í málflutningi sínum, þá liggur fyrir til stuðnings stefnukröfu úttektargerð, sem ekki hefur verið hnekkt, en til stuðnings gagnkröfu hinn upphaflegi leigusamningur, sem ósannað er, að hafi tekið breytingum á leigutímanum, og útreiknreikningur stefnda til gangverðs á búpeningi á úttektardegi, er styðst við þau rök, að landskuldin skyldi greiðast í fríðu, þ. e. gangandi peningi. Gagnkröfunni er stefnda samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905 svo og eðli máls heimilt að skuldajafna við stefnukröfuna. Varðandi framangreint þá er haft í huga, að stefnandi tók við jörðinni niðurníddri. Framkvæmdir hans voru ekki stórfelldar. Hann naut þeirra sjálfur árum og raunar áratugum saman og skilaði jörðinni, þegar á heildina er litið, í lakasta lagi, svo sem úttektargerðin ber með sér. Jarðarafgjaldið var í upphafi lágt og ekki að sjá, að rök hafi verið fyrir breytingu á því, hvorki til hækkunar né lækkunar.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður að öðru leyti en því, að stefnda ber að greiða stefnanda helming úttektarkostnaðar, kr. 7.260.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Thor R. Thors, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Sigurðssonar, að öðru leyti en því, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 7.260 vegna úttektarkostnaðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum, en annar málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. nóvember 1979.

Nr. 174/1977. **Meitillinn h/f**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Fiskveiðasjóði Íslands
(Axel Kristjánsson hrl.).

Skuldabréf. Verðtrygging. Lögskýring.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, dags. 27. september s. á. Gerir hann svofelldar dómkröfur:

1. Að stefnda verði gert að greiða sér 3.741.098 krónur auk 13% ársvaxta af 258.170 krónum frá 24. júlí 1974 til 22. júlí 1975, af 497.214 krónum frá þeim degi til 1. desember

1975 og af 3.741.098 krónum frá þeim degi til 1. september 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að stefnda verði gert að greiða sér 14.767 krónur auk 13% ársvaxta frá 28. maí 1973 til 1. september 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að stefnda verði gert að greiða málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt sjávarútvegsráðherra fyrir Hæstarétt til réttargæslu.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi fallið frá þeirri málsvörn, að áfrýjandi hafi ekki í tæka tíð mótmælt og gert fyrirvara um það gagnvart sér, að hann teldi lán þau, sem um er fjallað í málinu, vera bundin skilmálum, sem ekki væru að lögum. Að öðru leyti færa aðiljar fram sömu rök fyrir dómkröfum sínum og þeir gerðu í héraði.

Ekki verður talið, að lán þau, sem stefndi endurlánaði áfrýjanda af lánsfé frá Framkvæmdasjóði Íslands, hafi ásamt sambærilegum endurlánum stefnda til annarra aðilja af sama lánsfé myndað sérstakan lánaflokk í skilningi 5. gr. laga nr. 75/1966. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 550.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Meitillinn h/f, greiði stefnda, Fiskveiðasjóði Íslands, 550.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. maí 1976.

Stefnandi málsins er Meitillinn h/f, Þorlákshöfn.

Stefndi er Fiskveiðasjóður Íslands, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

1. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 3.741.098 með 13% ársvöxtum af kr. 258.170 frá 24. júlí 1974 til 22. júlí 1975, af kr. 497.241 frá þeim degi til 1. desember 1975 og af kr. 3.741.098 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að stefnda verði gert að greiða honum kr. 14.767 ásamt 13% ársvöxtum frá 28. maí 1973 til greiðsludags.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. mati dómarans.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað.

Stefnandi hefur stefnt sjávarútvegsráðherra til þess að gæta réttar sjávarútvegsráðuneytisins í máli þessu. Stefnandi hefur engar kröfur gert á hendur réttargæslustefnda, og af hálfu réttargæslustefnda hafa engar kröfur verið gerðar í málinu.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að á árinu 1972 hafi stefnandi látið byggja fyrir sig á Akureyri 105 rúmlesta stálfiskiskip, sem hlotið hafi nafnið Brynjólfur, ÁR 4. Stefnandi hafi fengið skipið afhent í febrúarmánuði 1972. Stefndi hafi lánað stefnanda fé til þessara framkvæmda og hafi lánin verið tryggð með 1. veðrétti í skipinu. Eftir að skipið var komið í notkun, hafi orðið mjög verulegur dráttur á, að gengið væri frá mati á skipinu vegna smíðinnar og endanlegum lánum af hálfu stefnda. Hafi fyrirsvarsmenn stefnanda ekki talið sig eiga sök á þessum drætti, heldur hafi matsgerð og endanlegur talnafrágangur dregist hjá stefnda. Þegar stefndi hafi loks verið tilbúinn að ganga endanlega frá lánunum um miðjan mars 1973, eða ári eftir að skipið var komið í rekstur, hafi komið í ljós, að stefndi setti það skilyrði fyrir veitingu lánsins, að 10% af lánum sjóðsins skyldu vera verðtryggð þannig, að afborgunargreiðslur þessara 10 hundraðshluta af lánsupphæðinni skyldu miðast við hækkun byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags.

Ríkharð Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur skýrt svo frá, að hann og aðrir fyrirsvarsmenn stefnanda hafi verið með öllu grunlausir um, að þessi ákvörðun stjórnar sjóðsins stæðist ekki að lögum, enda hafi fyrirsvarsmenn stefnanda enga athugasemd gert við þetta skilyrði, þegar lánin voru veitt. Hafi þeir mátt ætla, að sjóðurinn hefði fullnægt öllum lögformlegum skilyrðum til að hefja útgáfu vísitölubundinna lána, enda hafi verið tekið skýrt fram af hálfu sjóðsins, að ákvörðun þessi væri gerð með samþykki Seðlabanka Íslands og sjávarútvegsráðuneytisins. Hins vegar hafi þeir (fyrirsvarsmenn stefnanda) reynt að losna undan þessu lánsákvæði með skírskotun til þess, að lántakan hefði dregist óeðlilega lengi, án þess að það væri sök stefnanda. Hafi þeir farið fram á, að lánin yrðu afgreidd samkvæmt þeim reglum, er giltu á árinu 1972, en til vara, að stefnandi þyrfti ekki að taka 10% lánsfjárhæðarinnar, sem bundin skyldi vísitöluákvæðunum. Niðurstaða framkvæmdastjóra stefnda og lögfræðinga stefnda hafi hins vegar orðið sú, að ekki kæmi til greina annað en að fylgja nýju reglunum og ef stefnandi tæki ekki vísitölubundna hlutann, yrði ekki um neina lánveitingu að ræða. Hafi lánin því verið afgreidd samkvæmt nýju reglunum. Hann segir, að málaleitan þeirra og allar umræður um hana hafi farið fram munnlega. Nokkru eftir að gengið var frá lánunum, hafi fyrirsvarsmönnum stefnanda borist til eyrna, að Landssamband íslenskra útvegsmanna, skammstafað LÍÚ, hefði mótmælt þessum lánskjörum stefnda sem ólögmætum og krafist leiðréttingar f. h. útgerðarmanna almennt, það er þeirra, sem höfðu fengið vísitölutryggð lán hjá sjóðnum. Hafi þetta orðið til þess, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi ekki gert frekari tilraunir í þessa átt sjálfir.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að LÍÚ hafi alla tíð frá þeim tíma, er fyrirsvarsmönnum þess varð kunnugt um þessi vísitöluákvæði í lánum stefnda, farið með ágreiningsefni þetta gagnvart stefnda, en mál þetta hafi fyrst komið upp á stjórnarfundi hjá LÍÚ þann 28. febrúar 1973. Síðan hafi LÍÚ rekið mál þetta á félagslegum grundvelli sem málsvari allra útvegsmanna í landinu. Einstakir útvegsmenn hafi hins vegar haldið að sér höndum, enda hafi einstakir útgerðarmenn ekki treyst sér til að berjast einir á þessum vettvangi. Hafi LÍÚ því haldið uppi réttargæslu vegna þessa lánsákvæðis og jafnframt haft frumkvæðið um rekstur þessa máls alla tíð. Þegar fullljóst hafi orðið, að stefndi mundi ekki fallast á leiðréttingu á vísitöluákvæðum

veðskuldanna, hafi LÍÚ höfðað mál á hendur stefnda. Það mál hafi verið þingfest hinn 8. janúar 1976, en verið fellt niður hinn 29. apríl s. á., þar sem vafi hafi þótt á því leika, að LÍÚ væri réttur aðili að málinu og ekki hefði þótt rétt að tefla í tvísýnu, að málið teðist vegna hugsanlegrar sýknu vegna aðildarskorts. Hafi LÍÚ þá óskað þess við stefnanda, að málið yrði rekið í nafni stefnanda sem prófmál. Hafi það verið samþykkt af hálfu stefnanda.

Svo er frá skýrt af hálfu stefnanda, að hinn 30. október 1975 hafi báturinn Brynjólfur, ÁR 4, farist. Hafi þá lánin, sem stefndi veitti, verið gerð upp, eins og áskilið hafi verið í veðskuldabréfum. Vátryggingarfélag bátsins hafi þá greitt í vísitölubætur samtals kr. 2.985.687 við útborgun vátryggingarfjárins, en áður hafi stefnandi verið búinn að greiða kr. 755.411 í vísitölubætur. Samtals hafi því verið greiddar kr. 3.741.098 í vísitölubætur af ofangreindum lánum, en það sé sú fjárhæð, sem um sé deilt í málinu. Stefnandi, sem telur, að stefndi hafi ekki haft heimild til þess að vísitölubinda umrædd lán, krefst þess, að stefnda verði dæmt að endurgreiða stefnanda þær kr. 3.741.098, sem stefndi tók við í vísitölubætur.

III.

Málsástæður stefnanda fyrir þeirri kröfu, að stefnda verði gert að greiða kr. 3.741.098, eru þær, að í 1. mgr. 5. gr. laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 75/1966 segi, að stjórn Fiskveiðasjóðs geti ákveðið stofnun nýrra lánaflokka. Hinn 31. janúar 1973 hafi stjórn stefnda ákveðið að stofna nýjan lánaflokk vegna endurlána á láni, er stefndi hafði tekið hjá Framkvæmdasjóði Íslands, bundið vísitölu byggingarkostnaðar. Hafi stefndi byrjað að lána úr þessum nýja lánaflokki hinn 1. febrúar 1973. Verði að telja óumdeilanlegt, að stofnaður hafi verið nýr lánaflokkur í þessu skyni. Þá segi í nefndri 5. gr. laganna, að nánar skuli kveðið á um nýja lánaflokka í reglugerð. Þá vísar stefnandi til 23. gr. laga nr. 75/1966, en skv. þeirri grein séu skuldunautar Fiskveiðasjóðs skyldir til að fullnægja öllum kröfum og skuldbindingum, sem á þá séu lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Fiskveiðasjóð Íslands. Samkvæmt þessu séu því skuldunautar Fiskveiðasjóðs ekki skuldbundnir til að hlíta neinum öðrum kröfum eða skuldbindingum en þeim, sem kveðið sé á um í lögum og reglugerðum sjóðsins, nema nýjar kvaðir eða skuldbindingar séu lagðar á þá, annað hvort með lögum eða reglugerðum

fyrir Fiskveiðasjóð. Ákvæði um heimild fyrir sjóðinn að veita lán, er bundin væru vísitölu byggingarkostnaðar, hafi ekki verið í lögum eða reglugerðum fyrir sjóðinn fyrr en við útgáfu reglugerðarinnar nr. 102/1975, er gefin var út og birt 24. mars 1975. Fram að þeim tíma hafi stefnda verið óheimilt að binda hluta lána sinna vísitölu byggingarkostnaðar. Breyti engu í því efni, þótt stefnandi hafi undirritað lánsskjöl með þessu ólögmæta skilyrði, enda hafi hann engra annarra kosta átt völ, þar sem stefndi hafi gert það að skilyrði fyrir veitingu lánanna, að þau væri tekin með þessum kjörum. Lánskjörin hafi þannig verið einhliða ákveðin af stefnda, án þess að stefnandi gæti þar nokkru um haggað. Stefnandi hafi heldur ekki átt í önnur hús að venda með lán en hjá stefnda, sem sé langstærsti stofnlánasjóður sjávarútvegsins.

Af hálfu stefnanda er varnarástæðum stefnda mótmælt sem þýðingarlausum fyrir málið. Er því haldið fram, að b liður 8. gr. laganna veiti stjórn stefnda eingöngu heimild til þess að ákveða lánskjör sjóðsins nánar, allt innan þess ramma, er lögin segja til um lánskjörin, t. d. vaxtakjör og gjalddaga, sbr. 15. gr., og lánstímann, sbr. 13. gr., o. s. frv., en veiti stefnda ekki ótakmarkað ákvörðunarvald til þess að ákveða, hvaða lánskjör skuli vera á lánum sjóðsins, enda væri slíkt andstætt 23. gr. laganna. Þá er því haldið fram af stefnanda, að engu máli skipti varðandi lánskjörin, með hvaða kjörum stefndi fékk peningana, sem hann hafði til ráðstöfunar.

Málsástæður stefnanda fyrir þeirri kröfu, að stefnda verði gert að greiða honum fjárhæð þá, er getur um í kröfulið 2, eru þær, að í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands segi, að lántakendur skuli greiða 1/4% lántökugjald. Við áðurgreinda lántöku hafi stefnandi hins vegar verið látinn greiða stefnda 1% í lántökugjald. Með því að stefnda hafi þannig verið óheimilt að taka hærra lántökugjald en 1/4%, beri stefnda að endurgreiða stefnanda mismuninn, sem nemi kr. 14.767.

IV.

Af hálfu stefnda er á það bent, að Fiskveiðasjóður Íslands hafi verið stofnaður með lögum nr. 52/1905 og hafi honum verið stjórnað af Landsstjórninni (atvinnumálaráðuneyti) til ársloka 1930, en með lögum nr. 7/1930 hafi Útvegsbanka Íslands verið falin stjórn sjóðsins og starfræksla. Ný lög hafi verið sett um Fiskveiðasjóð nr. 40/1955, en með þeim lögum hafi ekki verið

gerð nein breyting á stjórn sjóðsins. Með lögum nr. 75/1966 hafi hins vegar orðið mikil þáttaskil í sögu sjóðsins. Þá hafi Fiskveiðasjóður og stofnlánadeild sjávarútvegsins verið sameinuð og sett undir stjórn, sem skipuð sé til tveggja ára í senn eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Þegar Útvegsbankinn tók við stjórn og starfrækslu Fiskveiðasjóðs 1931, hafi sjóðurinn skuldað m. a. lán í dönskum krónum. Á árunum 1932 og 1933 hafi sjóðurinn hagnast á gengisbreytingum um kr. 244.000, en á árinu 1939 hafi sjóðurinn tapað af sömu ástæðum rúmlega kr. 146.000 og hafi mismunurinn, tæplega kr. 98.000, verið lagður í stofnsjóð í árslok 1941. Í maí 1957 hafði Fiskveiðasjóður tekið lán í dollurum og á því ári hafi sjóðurinn tapað rúmlega kr. 136.000 vegna gengisbreytinga. Á síðari hluta ársins 1958 hafi sjóðurinn tekið þrjú lán í dollurum og þrjú lán í þýskum mörkum. Á því ári hafi sjóðurinn tapað rúmlega 6.1 milljón króna vegna gengisbreytinga og á árinu 1960 hafi hann tapað rúmlega 21.9 milljónum króna. Til að afstýra frekari gengistöpum, sem óhjákvæmilega hefðu haft mjög lamandi áhrif á starfsemi sjóðsins, hafi Alþingi samþykkt lög, sem gengu í gildi 10. mars 1961, um breytingu á lögum Fiskveiðasjóðs frá 1955 þess efnis, að sjóðnum sé „heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskra króna á lánstímanum.“ Þetta ákvæði hafi efnislega verið tekið upp í 16. gr. laga nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. 16. gr. núverandi laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 43/1976.

Með bréfi, dagsettu 14. ágúst 1972, hafi Framkvæmdasjóður Íslands tilkynnt stjórn Fiskveiðasjóðs, að hluti af því fjármagni, sem Fiskveiðasjóði væri ætlað, væri bundið vísitölu byggingarkostnaðar. Stjórn Fiskveiðasjóðs hafi verið mjög treg til þess að samþykkja þessa lántöku vegna vísitöluákvæðisins, en hafi hins vegar talið sig tilneydda að taka lánið vegna fjárskorts sjóðsins og þar sem önnur lán stóðu ekki til boða. Á sama fundi og lántakan var endanlega ákveðin hafi einnig verið ákveðið að endurlána fé með sömu kjörum. Leitað hafi verið eftir samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands. Að fengnu samþykki þessara aðilja hafi útlán hafist á þessu fé í samræmi við ákvörðun stjórnar sjóðsins og auglýsingar þar að lútandi.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að hin umdeildu lán hafi verið veitt stefnanda til að standa straum af byggingarkostnaði

nýs skips. Lánið hafi því óumdeilanlega verið eðli málsins samkvæmt stofnlán. Í 2. gr. laga nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands, sem í gildi voru, þegar umrædd lán voru veitt, segi m. a., að hlutverk Fiskveiðasjóðs sé að veita stofnlán gegn veði í fiskiskipum. Í 8. gr. sömu laga segi, að verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs sé m. a. „Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánskjör." Hin umdeildu lán hafi verið stofnlán og því í eðli sínu ekki verið frábrugðin öðrum lánum, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitti út á skip stefnanda. Þau hafi hins vegar verið frábrugðin að því leyti, að kjör þeirra voru önnur. 5. gr. laganna heimili stjórn Fiskveiðasjóðs að ákveða stofnun nýrra lánaflokka. Þessi grein geti ekki átt við, nema stjórn sjóðsins ætli sér að fara út í lánveitingar, sem ekki falli undir 2. gr., þ. e. fari að veita lán, sem ekki séu stofnlán.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að af dskj. nr. 3 og 5 megi ráða, að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands hafi talið rétt og e. t. v. nauðsynlegt, að gefin væri út reglugerð um hin vísitölubundnu lán. Þó að þannig hafi verið rætt um nýja lánaflokka í fundargerðum Fiskveiðasjóðs og víðar, þá breyti það ekki eðli lánanna né tilgangi og geti heldur ekki svipt stjórn sjóðsins lagalegum rétti til að taka ákvarðanir um þau upp á sitt eindæmi skv. 8. gr. laganna.

Af hálfu stefnda er vitnað til 24. gr. laga nr. 75/1966, þar sem segir: „Sjávarútvegsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs." Er á það lögð áhersla, að ráðherra *geti* með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins. Það sé því ekki gert að neinni skyldu að setja reglugerð og því hafi ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar, sem byggjast á lögum sjóðsins, verið bindandi án reglugerðar.

Þá er af hálfu stefnda vitnað til 6. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Er því haldið fram, að þar sé að finna heimild í lögum fyrir stefnda til að verðtryggja lán.

Varðandi annan kröfulið stefnanda er á það bent af hálfu stefnda, að staðreyndin sé sú, að Fiskveiðasjóður hafi ekkert lántökugjald tekið til sjálfs sín af lánum þeim, sem um er fjallað. Af láni því, sem sjóðurinn tók og endurlánaði, greiði hann sömu vexti (6¼% p. a.) og lántökugjald (1%) og tekin hafi verið af hinum endanlegu lántakendum. Hér sé því um hreint endurlán að ræða með nákvæmlega sömu kjörum og Fiskveiðasjóður hafi orðið að sæta. Er því haldið fram, að stjórn sjóðsins hafi haft fulla heimild til þess að taka bindandi ákvarðanir um lán-

tökugjaldið samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 75/1966. Hafi stefndi því haft fullt leyfi til að láta stefnanda greiða ekki aðeins 1% í lántökugjald heldur 1¼%. Einnig er því haldið fram, að ákvæði 6. gr. laga nr. 71/1966 hafi veitt stefnda heimild til að krefja stefnanda um 1% lántökugjaldið.

Þá er því að lokum haldið fram af hálfu stefnda, að stefnanda hafi borið skylda til að neita að taka lán með skilmálum, sem hann taldi ekki standast að lögum, eða áskilja sér rétt til að endurkrefja stefnda um það fé, sem ólöglega yrði af honum tekið. Slík afstaða hefði orðið til þess, að þá strax hefði verið úr því skorið, hvort stjórn Fiskveiðasjóðs færi að lögum. Ef svo hefði ekki reynst, þá hefði að sjálfsögðu strax verið úr bætt og útlán getað haldið áfram með eðlilegum hætti. Þetta hafi stefnandi látið undan fallast og beri því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

V.

Veðskuldabréf þau, sem mál þetta fjallar um, eru tvö, og eru bæði út gefin af stefnanda til stefnda. Það fyrra er að fjárhæð kr. 1.756.000, útgefið 15 .mars 1973, en hið síðara er að fjárhæð kr. 213.000, útgefið 28. maí 1973. Bæði veðskuldabréfin hafa svofelld ákvæði að geyma:

„Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af láni þessu skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu frá 708 stigum, til gjalddaga eða greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir framangreint mark, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 25/1957, og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

Heimilt er að greiða aukaafborgun af láni þessu á gjalddögum lánsins, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 5. júní ár hvert. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitöluálag og greiða ber af hinum samningsbundnu endurgreiðslum lánsins.

Af láni þessu skal greiða 1% í lántökugjald og greiðist fé þetta við undirskrift skuldabréfs þessa."

Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, voru í gildi lög nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga er það hlutverk Fiskveiðasjóðs að efla framleiðslu og framleiðni

í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán, m. a. gegn veðum í fiskiskipum. Ofangreind lán voru stofnlán vegna byggingar stálfiskiskipsins Brynjólfs, ÁR 4. Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að lán þessi hafi verið veitt samkvæmt nýjum lánaflokki. Var því eigi út af fyrir sig nauðsynlegt, að ráðherra kvæði nánar í reglugerð á um útlán þessi.

Þegar ofangreind lán voru veitt, var í gildi 6. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, en hún hljóðar svo:

„Opinberar fjárfestingalánastofnanir, sem stofnaðar eru með lögum, skulu hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána skulu ákveðin af stjórn stofnunarinnar að fengnu samþykki ráðherra, sem stofnunin heyrir undir, svo og Seðlabankans."

Með bréfi, dagsettu 27. desember 1972, til sjávarútvegsráðuneytisins óskaði stefndi þess, að ráðuneytið samþykkti fyrir sitt leyti, að sjóðurinn endurlánaði lán frá Framkvæmdasjóði Íslands. „Lánið er kr. 124.000.000.00 til 12 ára, greiðist 1. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 1. ágúst 1973. Lánskjörin eru 1% lántökugjald, 6¼% vextir og með byggingarvísitölu". Í bréfinu segir einnig: „Leyfum vér oss hér með að óska eftir, að hæstvirt ráðuneyti samþykki fyrir sitt leyti, að sjóðurinn endurláni fjárhæð þessa með vísitöluákvæði og öðrum þeim kjörum, sem að framan greinir."

Svarbréf sjávarútvegsráðuneytisins er dagsett 16. janúar 1973 og hljóðar svo:

„Vísað er til bréfs Fiskveiðasjóðs Íslands, dags. 27. desember s.l., um vísitölutryggð lán.

Ráðuneytið er samþykkt því, að Fiskveiðasjóður endurláni fjárhæð þá, sem nefnd er í ofangreindu bréfi, með vísitöluákvæði og öðrum kjörum, sem stjórn sjóðsins ákveður.

F. h. r.

e. u.

Gylfi Þórðarson"

Hér fyrir dómi hefur Gylfi Þórðarson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, skýrt svo frá, að ofangreint bréf hafi hann samið og lagt því næst fyrir þáverandi sjávarútvegsráðherra, sem hafi lesið bréfið og samþykkt efni þess.

Stefndi óskaði einnig eftir samþykki Seðlabanka Íslands á endurlánum á ofangreindu fé. Svarbréf Seðlabankans er dagsett 15. febrúar 1973. Þar segir m. a.:

„Í bréfi yðar, dags. 6. þ. m., leitið þér staðfestingar á lánskjörum, sem þér munuð áskilja í framlánum spariskírteinafjár, sem þér hafið fengið að láni hjá Framkvæmdasjóði Íslands, að fjárhæð 124 millj. króna til 12 ára með 6¼% vöxtum, 1% lántökugjaldi og bundið vísitölu byggingarkostnaðar.

Með vísun til 6. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga samþykkjum vér fyrir vort leyti ofangreind lánskjör."

Fallast ber á með stefnda, að honum hafi að fengnu samþykki ráðuneytisins og Seðlabanka Íslands verið heimilt að endurlána stefnanda umrætt fé með þeim kjörum, sem um ræðir, þar með að taka 1% lántökugjald. Að því er lántökugjaldið varðar þá þykir þessi niðurstaða ekki brjóta í bága við 15. gr. laga nr. 75/1966, þar sem 1% lántökugjaldið var hluti af lánskjörum láns Framkvæmdasjóðs Íslands. Þá verður heldur ekki á það fallist með stefnanda, að það geti skipt máli, þó að reglugerð hafi síðar verið sett samkvæmt heimild í lögum nr. 75/1966, reglugerð nr. 102/1975, þar sem fram er tekið í 7. gr., að opnaður hafi verið nýr lánaflokkur til endurlána á vísitölutryggðum lánum.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskveiðasjóður Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Meitilsins h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. nóvember 1979.

Nr. 199/1979. **Bragi h/f**
gegn
Benedikt Erni Benediktssyni
Hrefnu Benediktsson
Einari Benediktssyni
Kristínu Svölu Benediktsson Daly
Oddi Benediktssyni
Ragnheiði Benediktsson og
Valgerði Þóru Benediktsson
og
Jónasi Hallgrímssyni prófessor.

Kærumál. Vitni. Læknar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 73/1975 með kæru 29. október 1979, sem barst Hæstarétti 16. nóvember s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja prófessor Jónasi Hallgrímssyni, forstöðumanni Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg, verði dæmt óskylt að svara spurningum þeim, er í hinum kærða úrskurði greinir. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar aðrir en prófessor Jónas Hallgrímsson krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja Jónasi Hallgrímssyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum öðrum en Jónasi Hallgrímssyni kærumálskostnað, sem ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bragi h/f, greiði varnaraðiljunum, Benedikt Erni Benediktssyni, Hrefnu Benediktsson, Einari Benediktssyni, Kristínu Svölu Benediktsson Daly, Oddi Benediktssyni, Ragnheiði Benediktsson og Valgerði Þóru Benediktsson, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. október 1979.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 8. október sl., höfðuðu erfingjar Einars Benediktssonar skálds, þeir Hrefna Benediktsson, 2014 West 8th Street, Los Angeles, California 90057, Benedikt Örn Benediktsson, 203 N.W. 41st Street, Seattle, Washington 98107, Einar Benediktsson, 124 Boulevard Haussmann, 75008 Paris, Valgerður Þóra Benediktsson, Hafnarstræti 4, Ísafirði, Ragnheiður Benediktsson, Hagamel 35, Reykjavík, Oddur Benediktsson, Hagamel 17, Reykjavík, og Kristín Svala Benediktsson Daly, 1600 S. Eads St., Arlington, Va. 22202, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 31. janúar 1978, gegn Braga h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að Bragi h/f hafi ekki öðlast eignarrétt og höfundarétt að verkum Einars Benediktssonar skálds, en til vara, að viðurkennt verði með dómi, að eignarréttur sá og höfundaréttur að verkum Einars Benediktssonar, sem félagið telji sig hafa öðlast með samningi við Einar Benediktsson 17. janúar 1938, sé niður fallinn. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, Braga h/f.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnenda in solidum.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Hinn 1. mars sl. var kveðinn upp úrskurður á bæjarþinginu, þar sem úrskurðað var, að lögmanni stefnenda væri heimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða hann til yfirheyrslu. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar. Hinn 3. maí sl. var í Hæstarétti kveðinn upp dómur í þessum þætti

málsins og dæmt, að heimilt væri, að dr. med. Ólafur Bjarnason kæmi fyrir dóm til skýrslugjafar í máli þessu.

Við fyrirtöku málsins 8. þ. m. lagði lögmaður stefnenda fram sem dskj. nr. 66 afrit bréfs til dr. Jónasar Hallgrímssonar læknis. Í bréfi þessu kemur fram, að dr. Jónas Hallgrímsson læknir hafi tekið við starfi forstöðumanns Rannsóknastofu Háskólans. Jafnframt lagði lögmaður stefnenda fram sem dskj. nr. 67 vitnaspurningar til dr. Jónasar Hallgrímssonar, sem mætti til yfirheyrslu. Dr. Jónas neitaði að svara 3. spurningu á dskj. 67, en hún er svohljóðandi: „Hvaða ályktanir verða dregnar af þeim gögnum, sem þér hafið aðgang að, um líkamlegt heilsufar Einars Benediktssonar á dánardægri hans?“

Lögmaður stefnenda krafðist úrskurðar um skyldu vitnisins til þess að svara spurningu þessari svo og spurningunni: „Hvert hafi verið banamein Einars Benediktssonar, skálds, svo og hvort hann hafi verið haldinn ellihrumleika og ef svo hafi verið, þá á hve háu stigi?“

Lögmaður stefnda mótmælti því, að vitnið svaraði framangreindum spurningum. Lögmaðurinn rökstuddi mótmæli sín með skírskotun til 10. gr. laga nr. 80/1969, sbr. rökstuðning í greinargerð á dskj. 15.

Lögmaður stefnenda tók fram, að hann hefði lagt fram umboð sér til handa frá öllum umbjóðendum sínum til þess að afla hvers konar læknisfræðilegra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benediktssonar, þar með talin krufningarskýrsla, og til þess að leggja slík gögn fram í dómi. Lögmaðurinn taldi öll skilyrði þess að leggja umrædd gögn fram vera fyrir hendi skv. 10. gr. laga nr. 80/1969. Máli sínu til stuðnings vísar lögmaðurinn til dóma Hæstaréttar 1945, bls. 315, 1946, bls. 599, og 1947, bls. 70.

Þetta ágreiningsatriði er hér til úrskurðar.

II.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að 13. janúar 1938 hafi verið stofnað í Reykjavík hlutafélagið Bragi. Í stofnsamningi og lögum félagsins segi, að tilgangur félagsins sé sá að kaupa af fyrrverandi sýslumanni Einari Benediktssyni í Herdísarvík eignarrétt að öllu því, sem hann hafi samið, með þeim takmörkunum, sem leiða af áður gerðum ráðstöfunum hans, svo og að birta ritin á hvern hátt, sem vera skal eða ráðstafa þeim á annan hátt. Félag þetta telji sig hafa gert samning við Einar Bene-

diktsson 17. janúar 1938, þar sem hann hafi selt og afsalað Braga h/f eignarrétti á öllu því, sem hann hafði samið, og hafi andvirði hins selda verið kr. 7.000. Einar Benediktsson skáld hafi látist í Herdísarvík hinn 12. janúar 1940. Erfingjar Einars Benediktssonar hafi höfðað mál á hendur Braga h/f með stefnu, útgefinni 11. sept. 1944, til ógildingar á „samningi" frá 17. janúar 1938. Mál þetta hafi verið hafið með dómi bæjarþings Reykjavíkur að kröfu erfingjanna 5. mars 1947, en Bragi h/f hafi ekki haft uppi gagnkröfur um efnisdóm til viðurkenningar á meintum rétti sínum.

Af hálfu stefnenda hefur verið lagt fram sem dskj. 11 umboð undirritað af stefnendunum Einari, Valgerði Þóru, Ragnheiði, Oddi og Kristínu Svölu Benediktsson, en þau munu vera börn Stefáns Más, sem lést 12. febrúar 1945, sonar Einars Benediktssonar skálds. Umboðið undirritar einnig Sigríður Oddsdóttir, móðir þessara stefnenda.

Í umboði þessu segir m. a.:

„Við undirritaðir erfingjar Einars Benediktssonar, skálds, sem lést í Herdísarvík hinn 12. janúar 1940, veitum hér með Ragnari Aðalsteinssyni, hrl., fullt og ótakmarkað umboð til að höfða fyrir okkar hönd ásamt öðrum erfingjum Einars Benediktssonar mál á hendur Braga h.f., Reykjavík, eða öðrum þeim, sem kunna að telja sig eiga að öllu eða hluta tilkall til höfundaréttar yfir verkum Einars Benediktssonar. Nær umboðið til öflunar viðurkenningar á rétti erfingjanna til höfundaréttarins svo og til annars, sem af því leiðir. Umboð þetta nær og til þess að afla hvers konar læknisfræðilegra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benediktssonar, þ. m. t. krufningarskýrsla, og til að leggja slík gögn fram í dómi."

Á dskj. 12 er umboð undirritað af Hrefnu Benediktsson, í því segir m. a. svo:

„ . . . Nær umboð þetta til hvers konar gagnaöflunar, þ. á m. til að afla gagna um líkamlegt og andlegt ástand Einars Benediktssonar og dánarorsök, svo og til að fá aðgang að hvers konar gögnum, sem við sjálf eigum rétt til. Ennfremur til að gera allt það, sem stuðlar að því, að hugsanlegur réttur okkar verði ekki fyrir borð borinn, þar með talið að höfða mál, ef nauðsynlegt reynist."

Á dskj. 19 er umboð undirritað Benedikt Örn Benediktsson, í því segir m. a.:

„Umboð þetta nær til þess að afla hvers konar læknisfræði-

legra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benediktssonar, þ. m. t. krufningarskýrsla, og til að leggja slík gögn fram í dómi."

III.

Stefnendur skýra aðild sína þannig, að stefnendurnir Hrefna Benediktsson og Benedikt Örn Benediktsson séu börn Einars Benediktssonar skálds, en stefnendurnir Einar, Valgerður Þóra, Ragnheiður, Oddur og Kristín Svala séu börn Stefáns Más Benediktssonar, sonar Einars Benediktssonar. Ekkja Stefáns Más, Sigríður Oddsdóttir, sé samþykk málshöfðun þessari. Eigi því allir núlifandi erfingjar Einars Benediktssonar skálds aðild að málshöfðun þessari, en eignarréttur og höfundaréttur að sömdu máli gangi í erfðir eftir almennum reglum.

Aðalkröfu sína byggja stefnendur á eftirfarandi málsástæðum:

Að samningur sá, sem stefndi virðist byggja rétt sinn á og sé af stefnda talinn vera undirritaður af Einari Benediktssyni, sé ekki undirritaður af honum.

Telji dómurinn, að stefnendur hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að Einar Benediktsson hafi ekki undirritað samning þennan, ef hann komi fram í máli þessu og dómurinn telji jafnframt, að stefnendum takist ekki sú sönnun, þá er á því byggt, að Einar Benediktsson hafi ekki verið svo heill heilsu andlega og líkamlega í janúar 1938, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum og samningurinn því ekki bindandi fyrir hann og erfingja hans.

Teljist samningurinn hafa verið gerður, þá er því haldið fram, að hann hafi verið ógildur frá upphafi, þar sem óheiðarlegt hafi verið og sé að bera fyrir sig slíkan samning skv. reglunum um misneytingu og ákvæðum 32. gr. samningalaga.

Aðal- og varakröfur eru enn fremur á því byggðar, að teljist margnefndur samningur hafa verið gerður, þá hafi hann frá upphafi verið ógildur í heild sinni, þar sem hann hafi verið bersýnilega ósanngjarn og hafi brotið og brjóti í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum, sbr. nú 29. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Ekki þykir ástæða til þess að rekja hér frekari rökstuðning stefnenda fyrir varakröfum, þar sem það skiptir ekki máli í sambandi við ágreiningsatriði það, sem hér er til úrlausnar.

Í greinargerð lögmanns stefnenda segir, að lögmaðurinn muni leiða Ólaf Bjarnason, dr. med., fyrir dóm og krefjast þess, að

hann sem forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans leggi fram skýrslu um krufningu á líki Einars Benediktssonar, sem minnst sé á í dskj. nr. 6, og jafnframt óska greinargerðar hans um þá krufningarskýrslu. Jafnframt er þess getið, að frekari rannsóknir á heilsufari Einars heitins Benediktssonar hafi verið gerðar og muni niðurstöður þeirra rannsókna verða lagðar fram í málinu á síðara stigi.

Af hálfu stefnda er aðalkröfu stefnenda mótmælt með skírskotun til dskj. nr. 16, en það sé samningur sá, undirritaður af Einari Benediktssyni 17. jan. 1938, er stefndi hafi byggt rétt sinn og starfsemi á fyrr og síðar. Þetta skjal sé undirritað og dagsett af Einari Benediktssyni sjálfum og fullnægi því fullkomlega 154. gr. laga nr. 85/1936 sem einkaskjal, enda áritað af tveimur vottum. Það sé því stefnenda að sanna, að þessi samningur sé falsaður. Ekkert sé fram komið af hálfu stefnenda, sem dregið geti úr sönnunargildi þessa skjals. Með skírskotun til þessa sjáist, að aðalkrafa stefnenda sé tilhæfulaus með öllu.

Þeirri fullyrðingu stefnenda er mótmælt alfarið, að Einar heitinn Benediktsson hafi ekki verið svo heill heilsu andlega og líkamlega í janúar 1938, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum og samningurinn því ekki bindandi fyrir hann og erfingja hans. Ekkert sé fram komið fyrr né síðar og allra síst af hálfu stefnenda, erfingja Einars Benediktssonar, sem kastað geti rýrð á andlega og líkamlega heilsu skáldsins á þeim tíma, sem samningurinn var undirritaður. Kröfu stefnenda um framlagningu krufningarskýrslunnar, ef til sé, er mótmælt með þeim rökum, að það sé alger óhæfa að raska með slíkum hætti grafarfriði hins framliðna og með slíku væri skapað mjög varhugavert fordæmi, sem eindregið beri að leggjast gegn. Þá hafi stefnendur ekki leitt nein rök að mikilvægi skýrslunnar fyrir úrslit málsins, sbr. 10. gr. laga nr. 80/1969. Loks sé krufningarskýrsla, sem gerð sé eftir dauða skáldsins, enginn mælikvarði á líkamlegt og andlegt ástand þess tveimur árum áður, þegar samningurinn á dskj. nr. 16 var gerður.

Engir vottar séu á umboðunum á dskj. 11, 12 og 13, þannig að ekki verði hjá því komist að mótmæla þeim öllum af þeim sökum og krefjast þess, að allir þeir, sem undir þessi skjöl rita, komi fyrir dóm og staðfesti undirskrift sína.

Af hálfu stefnenda sé ekkert komið fram, sem geti rennt stoðum undir fullyrðingu stefnenda um, að samningurinn á dskj.

16 hafi verið ógildur frá upphafi vegna misneytingar og 32. gr. samningalaga.

Greiðsla sú, sem Einar Benediktsson hlaut fyrir að framselja höfundarétt sinn til stefnda, hafi verið veruleg fjárupphæð á sínum tíma. Einari hafi vafalítið verið þessa fjár þörf. Á efri árum sínum hafi hann engrar aðstoðar né umhyggju notið frá erfingjum sínum, enda þótt hann væri þá orðinn eigna- og félítill maður. En vafalítið hafi það jafnframt vakað fyrir Einari Benediktssyni að fela það frambærilegum tilsjónaraðilja, þar sem hæfustu og bestu unnendur skáldskapar hans ættu hlut að máli, að annast skáldskapararf hans. Í hópi þessa fólks hafi einmitt verið frumkvöðlar stefnda og nægi að nefna úr þeirra hópi Valtý Stefánsson ritstjóra og Hlín Johnson. Síðar hafi komið til menn eins og Alexander Jóhannesson prófessor, Pétur Sigurðsson háskólaritari og Magnús Víglundsson ræðismaður, sem nú er stjórnarformaður stefnda. Í 2. mgr. 31. gr. núgildandi höfundalaga sé einmitt að finna skýra lagaheimild fyrir slíkum tilsjónaraðilja og beri að líta svo á sem áskilnaði þeirrar lagagreinar sé fullnægt með samningnum á dskj. 16, enda þótt samningurinn sé ekki í erfðaskrárformi. Megi telja fullvíst, að Einar Benediktsson hefði gert erfðaskrá jafnhliða samningnum, ef sú formkrafa hefði verið í þágildandi höfundalögum.

Höfundaréttur að verkum Einars Benediktssonar renni út í árslok 1990. Það séu þannig aðeins tæp 13 ár þangað til, en stefndi hafi farið með þessi réttindi í 37 ár. Öll þessi ár hafi stefndi mátt líta á sig sem löglegan rétthafa að verkum Einars Benediktssonar og hið sama gildi um viðhorf annarra til stefnda. Enda þótt reglur um hefð á eignaréttindum séu almennt ekki taldar ná til höfundaréttinda, þá hljóti það sjónarmið samt að ná til slíkra réttinda, að ástand, sem allir hafi mátt treysta, að löglegt væri, löghelgist. Það sé vissulega vanræksla og hirðuleysi af hálfu stefnenda að hafa ekki haldið meintum rétti sínum til laga svo lengi sem raun ber vitni og verði þeir að bera hallann af því, ekki síst að því er snertir sönnun og sönnunargögn.

Álit dómsins.

Stefnendur eru tvö börn og fimm sonarbörn Einars Benediktssonar skálds. Því er ómótmælt, að stefnendur séu allir núlifandi erfingjar skáldsins.

Þegar litið er til orðalags umboðanna á dskj. 11, 12 og 19 svo og þeirrar málsástæðu stefnenda, að Einar Benediktsson skáld

hafi í janúar 1938 ekki verið svo heill heilsu, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum, þá þykir fullnægt skilyrðum 10. gr. laga nr. 80/1969 og 126. gr. laga nr. 85/1936 til þess að forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans svari spurningunum: „Hvaða ályktanir verða dregnar af þeim gögnum, sem þér hafið aðgang að, um líkamlegt heilsufar Einars Benediktssonar á dánardægri hans?“ „Hvert hafi verið banamein Einars Benediktssonar, skálds, svo og hvort hann hafi verið haldinn ellihrumleika og ef svo hafi verið, þá á hve háu stigi?“

Því úrskurðast, að forstöðumanni Rannsóknastofu Háskólans, dr. Jónasi Hallgrímssyni lækni, er skylt að svara ofangreindum spurningum.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Forstöðumanni Rannsóknastofu Háskólans, dr. Jónasi Hallgrímssyni lækni, er skylt að svara spurningunum: „Hvaða ályktanir verða dregnar af þeim gögnum, sem þér hafið aðgang að, um líkamlegt heilsufar Einars Benediktssonar á dánardægri hans?“ „Hvert hafi verið banamein Einars Benediktssonar, skálds? Hvort hann hafi verið haldinn ellihrumleika og ef svo hafi verið, þá á hve háu stigi?“

Þriðjudaginn 27. nóvember 1979.

Nr. 10/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Bárði Jónasi Jakobssyni
(Árni Guðjónsson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar refsingu og ökuleyfissviptingu og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af gögnum máls þykir ljóst, að ákærði hafi eigi sýnt næga árvekni og aðgæslu og ekið of hratt miðað við aðstæður á slysstað.

Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu ákæruvalds, að fallist væri á þá úrlausn héraðsdómara, að verknaðarlýsing í ákæruskjali eigi ekki undir 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og væri því fallið frá ákæru fyrir brot á því lagaákvæði.

Þykir brot ákærða varða við lagaákvæði þau, er í héraðsdómi greinir, þó svo, að 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga á hér ekki við, en 1. mgr. 37. gr. laganna tæmir sök, eins og hér stendur á.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, 80 000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Bárður Jónas Jakobsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur,

og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 15. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 66/1978: Ákæruvaldið gegn Bárði Jónasi Jakobssyni, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. júní 1976, á hendur ákærða, Bárði Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, áður að Búðargerði 1 í Reykjavík, nú að Ásbraut 9 í Kópavogi, fæddum 29. mars 1913 í Bolungarvík, „fyrir að aka mánudaginn 12. maí 1975 bifreiðinni R 33183 eftir Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði á miklum hraða og án nægilegrar aðgæslu með þeim afleiðingum, að drengurinn Halldór Brynjarsson, fæddur 27. júní 1962, sem átti leið yfir nefnda götu við Hjallabraut, varð fyrir bifreið ákærða og hlaut af mikil meiðsli.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., a og l liði 3. mgr., sbr. 1. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 12. maí 1975, klukkan 1508, var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um umferðarslys á mótum Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar þar í bænum.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og samkvæmt skýrslu annars þeirra hafði drengur á reiðhjóli orðið fyrir fólksbifreiðinni R 33138 á móts við gatnamót Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar. Hafði bifreiðinni verið ekið suður Reykjavíkurveg, og er hún kom að mótum Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar, lenti drengur fyrir bifreiðinni. Lá drengurinn á hinum hluta götunnar, þegar lögreglumennirnir komu á staðinn, en skömmu síðar kom sjúkrabifreið, sem flutti hann á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

Ökumaður bifreiðarinnar R 33138 var ákærði, Bárður Jónas Jakobsson. Hann skýrði svo frá á vettvangi, að hann hefði ekið suður Reykjavíkurveg í röð bifreiða á 55—65 km hraða, og er hann kom að áðurgreindum gatnamótum, hefði drengurinn skyndilega hjólað inn á götuna, lent á hægra framhorni bifreiðarinnar og kastast upp á vélarlok hennar og brotið framrúðuna. Kvaðst ákærði þá hafa sveigt til vinstri og hafi vinstra afturbrettið á bifreið hans rekist í umferðarmerki, áður en hann gat stöðvað bifreiðina, en hún stöðvaðist handan gatnamótanna.

Á bifreiðinni voru hægra frambretti dældað og rispað, höggvari dældaður, framrúða brotin og vinstra afturbretti dældað og rispað. Reiðhjólið var allt skakkt og brotið, og einnig urðu skemmdir á umferðarmerkinu.

Þegar slysið átti sér stað, var bjart og malbikað yfirborð götunnar blautt. Hemlaför voru ekki sjáanleg eftir bifreið ákærða.

Drengurinn, sem meiddist í þessu slysi, heitir Halldór Benjamín Brynjarsson og er fæddur 27. júní 1962. Um meiðsli hans segir svo í vottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, dagsettu 20. febrúar 1976:

„Þann 10.05.75, kl. 15.20, var komið með framangreindan Halldór hingað á Slysadeild Borgarspítalans vegna meiðsla, sem hann hafði orðið fyrir í umferðarslysi skömmu áður.

Tildrög voru þau, að drengurinn var á hjóli í námunda við heimili sitt í Hafnarfirði og varð þá fyrir bíl og kastaðist af hjólinu. Drengurinn mun hafa misst meðvitund við höggið, og hann mundi ekki eftir slysinu, þegar hingað kom.

Skoðun:

Vel vakandi og skýr í svörum. Engin einkenni um meiri háttar heilahristing, nema hvað hann mundi ekki eftir atvikum slyssins. Drengurinn kvartaði um þrautir í vinstra læri, og við skoðun sáust greinileg broteinkenni ofan við miðjan lærlegg með styttingu og skekkju á lærinu. Fleiður og mar var á hnakka og dálítill skurður á hæ. ökla. Engin einkenni voru um lost og blóðþr. og púls voru innan eðlil. marka.

Teknar voru röntgenmyndir af höfuðkúpu, en ekki sáust áverkamerki. Röntgenmyndir voru teknar af hæ. ökla. Kom í ljós minni háttar hrufl á beinhimnu neðst á öklabeini innanfótar (avulsio) á periosti, en engin merki um brot eða instabilitet. Þá voru teknar röntgenmyndir af hægri lærlegg, og sást þverbrot í gegnum legginn, ca 8 cm neðan við trochanter minor. Tals-

verð skekkja var í brotinu, og gengu brotendar á víxl um 4 cm, og 30° hornskekkja var milli brota.

Að rannsókn lokinni var drengurinn lagður inn á Slysadeild Borgarspítalans og vi. ganglimur settur í heftiplástursstrekk og á Böhler-Braun skinnu.

Brotið gréri fljótt og vel í viðunandi situs. Fylgst var með brotinu á venjulegan hátt með röntgenmyndatöku.

Þann 16/6 var drengurinn tekinn úr strekknum, og daginn eftir fékk hann að fara fram úr með hækjur. Drengurinn var hér áfram og lærði að ganga um á hækjum og styrktist vel, og var hann útskrifaður þann 28. 6. 1975.

Eftir það kom drengurinn áfram til eftirlits á Slysadeild Borgarspítalans.

Þann 18. 7. voru teknar röntgenmyndir, sem sýndu, að nú var komin mikil bein-nýmyndun, og var drengnum nú leyft að fara að stíga í fótinn.

Við eftirlit þann 16. 12. s.l. var drengurinn orðinn óhaltur, og röntgenmynd, sem nú var tekin, sýndi, að brotið var gróið.

Síðast kom Halldór til eftirlits þann 10. 2. s.l. Var hann alveg einkennalaus, óhaltur, og hafði engin óþægindi frá fætinum. Engin mælanleg stytting var á lærlegg og rotationsstaða var sömuleiðis eðlileg.

Var hann nú útskrifaður.

Enda þótt nokkuð sé í land, að drengurinn hafi náð sér að fullu og geti stundað leikfimi og íþróttir, er engin ástæða til að ætla annað en að hann muni ná sér að fullu eftir þetta meiðsli sitt og þannig ekki hljóta neina örorku eða annað mein af því."

Ákærði skýrir svo frá við meðferð málsins, að ákæran sé röng, og kannast hann ekki við að hafa ekið á miklum hraða og án nægilegrar aðgæslu greint sinn. Þá segir ákærði, að drengurinn hafi ekki orðið fyrir bifreiðinni, hann hafi sjálfur ekið á hana.

Ákærði kveðst hafa ekið bifreiðinni R 33138 á milli kl. 14 og 15 greindan dag frá þáverandi heimili sínu í Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar.

Ákærði kveðst hafa verið vel fyrir kallaður við aksturinn og telur sig hafa ekið á eðlilegum umferðarhraða, en bæði á undan honum og á eftir voru sín hvor bifreiðin, og var bilið á milli þeirra nokkuð jafnt allt frá Engidal. Ákærði getur ekki upplýst nákvæmlega um ökuhraðann, þegar slysið átti sér stað, en segir hann hafa verið hinn sama og áður.

Stuttu áður en ákærði kom að gatnamótum Hjallabrautar, sá hann tvo drengi með hjól, og voru þeir staddir á tengibraut, sem liggur í boga frá Hjallabraut inn á Reykjavíkurveg. Voru þeir rétt við Reykjavíkurveginn. Ákærði átti enga von á því, að drengirnir færu inn á Reykjavíkurveginn, og hélt því áfram ferð sinni án þess að hægja hana og með áþekku bili á milli bifreiðarinnar og bifreiðarinnar á undan. Næst gerist það, að ákærði veit ekki fyrri til en að annar drengurinn skellur á hægra frambretti bifreiðarinnar við hægra framhjólið. Segir ákærði, að það hafi aðeins verið annar drengjanna, sem lagði af stað inn á Reykjavíkurveginn.

Vitnið Halldór Benjamín Brynjarsson nemandi, Smiðjustíg 2 í Hafnarfirði, skýrir svo frá, að það hafi ætlað að hjóla yfir Reykjavíkurveginn frá Hjallabraut yfir á Hjallahraun. Segir það, að ljósleit bifreið hafi stöðvað fyrir sér og það því hjólað yfir Reykjavíkurveginn fyrir framan hana, en þá hafi önnur bifreið ætlað fram úr henni og ekið á sig. Vitnið var með öðrum dreng, og var hann búinn að hjóla yfir Reykjavíkurveginn.

Vitnið man ekkert eftir sér, frá því bíllinn skall á því, þar til það rankaði við sér síðar sama dag á sjúkrahúsi. Vitnið man ekki, hvort bifreiðinni, sem ók á það, var ekið hratt.

Vitnið Gunnar Svavarsson nemandi, Tjarnarbraut 15 í Hafnarfirði, skýrir svo frá, að það hafi verið á leið úr Norðurbæ Hafnarfjarðar yfir í Suðurbæinn við mót Hjallahrauns, Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar. Hjólaði vitnið yfir Reykjavíkurveginn á undan Halldóri, en engar bifreiðar voru í nánd. Þegar vitnið var komið yfir, stansaði það og leit til baka. Sá það þá Halldór hjóla af stað yfir götuna eftir að hafa litið í vesturátt. Vitnið tók ekki eftir því, að nein bifreið kæmi á undan þeirri, sem olli slysinu, og gæfi Halldóri tækifæri til að fara yfir götuna með því að hægja ferðina eða beygja inn í hliðargötu frá Reykjavíkurvegi. Hins vegar sá vitnið bifreiðina, sem olli slysinu, þar sem hún kom, að vitninu virtist, á mikilli ferð. Ekki tók vitnið eftir því, hvort bifreiðinni var hemlað, áður en hún og drengurinn rákust saman. Þá tók vitnið ekki eftir, hvort bifreiðin ók á drenginn eða drengurinn hjólaði á hana. Vitnið kveðst hafa heyrt hemlahljóð í bifreiðinni, um það leyti sem árekstur inn varð, og fannst vitninu það mikið.

Vitnið Ægir Vopni Ármannsson verslunarmaður, Rauðalæk 69 í Reykjavík, kveðst hafa verið statt í bifreið á Hjallabraut við

mót Reykjavíkurvegar og beðið færis á að aka inn á Reykjavíkurveginn.

Vitnið sá tvo drengi bíða færis að komast yfir Reykjavíkurveginn frá Hjallahrauni yfir á Hjallabraut. Voru þeir báðir með reiðhjól. Þá sá vitnið hvíta bifreið aka suður Reykjavíkurveg og beygja vestur Hjallabraut. Jafnframt ók önnur bifreið á mjög mikilli ferð fram úr hvítu bifreiðinni og á annan drenginn, sem kominn var út á götuna. Ekki man vitnið, hvort hinn drengurinn var þá kominn yfir götuna eða varð eftir. Vitnið ímyndar sér, að hraði bifreiðarinnar, sem olli slysinu, hafi vart verið undir 80 km. Segir vitnið, að drengurinn hafi lent uppi á vélarhúsi bifreiðarinnar, skollið í framrúðu hennar og síðan kastast upp á þakið og runnið aftur fyrir hana.

Vitnið Jón Sigurðsson iðnnemi, Brekkuhvammi 8 í Hafnarfirði, var greint sinn farþegi í bifreiðinni hjá Ægi Ármannssyni, og biðu þeir færis á Hjallabraut að aka inn á Reykjavíkurveg. Sá vitnið tvo drengi, sem ætluðu auðsjáanlega frá Hjallahrauninu yfir Reykjavíkurveg og inn á Hjallabraut. Um svipað leyti var ljósleitri bifreið ekið suður Reykjavíkurveg og beygt vestur Hjallabraut. Á sama tíma kom önnur bifreið á töluvert mikilli ferð á eftir ljósleitu bifreiðinni og fram hjá henni, þar sem hún var að beygja. Skipti þá engum togum, að bifreiðinni var ekið á annan drenginn, sem kastaðist upp á bifreiðina og yfir hana. Hinn drengurinn var þá kominn yfir götuna. Vitnið telur, að hraðinn á bifreiðinni, sem olli slysinu, hafi verið 70—80 km, og er vitnið öruggt á því, að henni var ekið hraðar en bifreiðum þarna almennt.

Vitnið Sverrir Már Albertsson nemandi, Sléttahrauni 16 í Hafnarfirði, var farþegi í bifreiðinni hjá vitninu Ægi Vopna.

Vitnið sá Fiat bifreið aka suður Reykjavíkurveg á mikilli ferð, og norðan við mót Hjallahrauns ók bifreiðin fram úr annarri bifreið og á ungan dreng á hjóli, sem var að fara yfir Reykjavíkurveginn á eftir öðrum dreng, sem slapp yfir götuna, en hann var einnig með hjól. Vitnið treystir sér ekki til að fullyrða um hraða bifreiðarinnar, en hún var að aka fram úr.

Vegna framburðar vitnanna Ægis Vopna og Jóns um það, hvaðan drengirnir komu, gáfu þeir nýjar skýrslur fyrir dóminum.

Vitnið Ægir Vopni kveðst hafa verið statt á Hjallabrautinni, hægra meginn á akbrautinni við biðskyldumerkið, og beðið færis á að komast yfir Reykjavíkurveginn yfir á Hjallahraun.

Vitnið kveðst hafa verið að fylgjast með umferðinni og séð þá drengina út undan sér. Kveðst vitnið hafa skynjað staðsetningu drengjanna, þegar það sá þá fyrst, eins og þeir væru að fara frá Hjallahrauni yfir á Hjallabraut. Vitnið vill þó ekki neita því, að því kunni að hafa missést í þessu efni.

Vitnið segir, að það, sem sérstaklega sitji í sér í sambandi við slysið, sé það, þegar drengurinn varð fyrir bifreiðinni. Vitninu fannst drengurinn verða fyrir vinstra horni bifreiðarinnar. Vitnið er spurt að því, hvort drengurinn hafi ekið á bifreiðina eða hún á hann. Segir vitnið, að bifreiðin hafi ekið á drenginn, en ekki öfugt. Er vitnið alveg öruggt á þessu og engin spurning í huga þess um þetta atriði.

Vitnið sá í dóminum uppdrátt af slysstað og sýndi dómaranum staðsetningu sína á Hjallabrautinni og það, hvaðan drengurinn kom. Var þetta í samræmi við framburð vitnisins.

Vitnið Jón segist hafa setið frammi í bifreiðinni hjá Ægi Vopna, og stóð bifreiðin á Hjallabrautinni, sunnan við umferðareyjuna og beið færis að komast yfir á Hjallahraunið.

Vitninu var sýndur uppdrátturinn af slysstað og það beðið að sýna, hvaðan piltarnir komu. Vitnið sýndi, að piltarnir hefðu komið yfir Reykjavíkurveginn frá austri til vesturs áleiðis yfir á Hjallabraut.

Vitnið getur ekki munað betur en drengirnir hafi verið á áðurgreindri leið. Vitnið kveðst hafa skynjað sjálft slysið á þá leið, að bifreiðin hafi ekið á drenginn, en ekki, að hann hafi ekið á bifreiðina. Þá skynjaði vitnið slysið þannig, að drengurinn kastaðist upp á húddið og yfir bifreiðina og aftur fyrir hana.

Vitnið vill ekki fullyrða, að það sé óhugsandi, að drengirnir hafi verið á öfugri leið við það, sem vitnið hefur borið. Hins vegar kveðst vitnið vera öruggara á því en þessu atriði, að bifreiðin ók á drenginn, en ekki hann á hana.

Vitnið Guðmundur Rúnar Guðmundsson lögreglumaður, Álfaskeiði 35 í Hafnarfirði, gerði skýrsluna um afskipti lögreglunnar af málinu og hefur staðfest hana fyrir dóminum. Þá sá vitnið uppdrátt, sem starfsbróðir þess gerði af vettvangi, og telur hann réttan.

Vitnið man ekki eftir að hafa kannað sérstaklega, hvar drengurinn lenti fyrst á bifreiðinni, en bendir á, að samkvæmt uppdrætti af slysstað megi ætla, að hann hafi fyrst lent á hægra frambretti.

Vitnið Theódór Þráinn Bogason lögreglumaður, Hjallabraut 35

í Hafnarfirði, gerði uppdrátt af vettvangi og hefur staðfest fyrir dóminum, að hann sé gerður eftir bestu vitund.

Vitnið Eðvar Ólafsson rannsóknarlögreglumaður, Fögrukinn 23, Hafnarfirði, kom á vettvang. Sá vitnið uppdráttinn af vettvangi í dóminum og sá ekkert athugavert við hann, en treysti sér þó ekki til þess að fullyrða, hvort hann væri réttur. Þetta vitni tók ljósmyndir af vettvangi og lét dóminum þær í té.

Vitnið Sigurður Bjarnason Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður, Laugarnesvegi 86 í Reykjavík, skoðaði bifreiðina eftir slysið og gerði skýrslu um skoðun sína á henni. Vitnið hefur staðfest þessa skýrslu sína fyrir dóminum.

Í skýrslu vitnisins segir svo m. a.:

„Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að hemlar og stjórntæki voru í lagi. Rúður hreinar, sem heilar voru. Sumarbarðar á öllum hjólum í lagi.

Bifreiðin R-33183 er Fiat 125 fólksbifreið, árgerð 1972, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði."

Ákærða var í maí 1976 boðið að ljúka málinu með dómssátt, en hann hafnaði því.

Með hliðsjón af framburði vitna þeirra, sem voru að slysinu, þykir sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að hann hafi ekið óhæfilega hratt miðað við það, að hann ók um gatnamót í þéttbýli, og hafi hann eigi sýnt næga aðgæslu við aksturinn. Þykir ákærði með þessari háttsemi sinni eiga að hluta sök á því, að drengurinn varð fyrir bifreið hans og hlaut mikil meiðsli, sem nánar voru rakin hér að framan. Þá þykja skemmdir á bifreið ákærða og framburðir vitna benda til þess, að ákærði hafi ekið á drenginn, en ekki hann á bifreiðina. Framburðir vitnanna Ægis Vopna og Jóns varðandi leið drengsins eru að vísu á aðra leið en annað það, sem fram er komið í málinu um það atriði. Þrátt fyrir það þykir ekki ástæða til þess að hafna framburði þeirra um mikinn hraða á bifreið ákærða, þegar slysið átti sér stað, enda er það í samræmi við framburði fleiri vitna.

Háttsemi ákærða er rétt færð til refsiákvæða í ákærunni að öðru leyti en því, að 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga á ekki við um háttsemi hans, þar sem hann er ekki ákærður fyrir að aka yfir lögleyfðan hámarkshraða, enda ósannað, á hverjum hraða ákærði hafi verið, þótt ætla megi, að hann hafi ekið yfir lögleyfðan hámarkshraða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1947 20/8 Reykjavík: Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarstjórn.

1974 6/9 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 24. gr., 25. gr., 26. gr., 37. gr., og 45. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 8/4 1974.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Þá þykir ákærði með akstri sínum hafa unnið sér einnig til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Bárður Jónas Jakobsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnaralaun til skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 29. nóvember 1979.

Nr. 170/1977. **Björn Ólafsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Páli Skúla Halldórssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Samningar. Tómlæti. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1977. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, eru aðiljar á einu máli um það, að þeir hafi öðru hverju framan af ári 1975 rætt um, að stefndi tæki að sér kynningu á framleiðsluvörum áfrýjanda og sölustarfsemi fyrir hann í tengslum við þá kynningu. Heldur stefndi því fram, að um þetta hafi tekist samkomulag með þeim. Áfrýjandi telur á hinn bóginn, að málið hafi aldrei komist lengra en á umræðustig.

Í héraðsdómi er þess getið, að stefndi gerði áfrýjanda reikninga fyrir störf sín í þágu hans. Aðiljaskýrsla áfrýjanda er óskýr um það, hvenær stefndi framvísaði fyrstu reikningum sínum af þessu tilefni. Þó þykir mega af henni ráða, að þetta hafi stefndi gert í júlímánuði 1975. Hafi þar verið um að ræða reikning vegna tímabilsins 1. maí til 1. ágúst 1975 svo og reikning vegna auglýsingakostnaðar. Þetta var enn fremur viðurkennt af áfrýjanda hálfu við flutning máls fyrir Hæstarétti og verður lagt til grundvallar í málinu.

Hinn 1. ágúst 1975 ritaði áfrýjandi stefnda bréf af því tilefni, að stefndi hafði skömmu áður sent áfrýjanda teikn-

ingar og boðið honum að gera tilboð í smíði hurða. Segir áfrýjandi í bréfinu, að hann geti „því miður ekki sinnt tilboðum í hurðir á þessu ári". Í bréfinu mótmælti hann í engu þeim reikningum, sem stefndi hafði þá gert honum, svo sem áður var sagt, eða hreyfði þeim skilningi sínum, að störf stefnda væru sér óviðkomandi og sér óskylt að greiða reikninga hans þeirra vegna. Var þó til þess sérstakt tilefni, þar sem áfrýjanda mátti vera ljóst af reikningum og orðsendingu stefnda, þegar hvort tveggja var virt í ljósi undangenginna viðræðna aðilja, að stefndi teldi, að samist hefði með þeim um kynningar- og sölustarfsemi sína fyrir áfrýjanda. Verður ekki séð, að áfrýjandi hafi hreyft því fyrr en með bréfi til stefnda 11. nóvember 1975, að skilningur sinn á þessu væri annar. Þegar til þessa er litið, þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Hafnarfjarðar. Það athugast, að dómsformaður háði einn dómþing í málinu, er vitni og aðiljar gáfu skýrslur fyrir dómi. Verður þó ekki séð, að nein þau atvik, sem um getur í 205. gr. laga nr. 85/1936, hafi réttlætt, að meðdómsmenn voru þá ekki til kvaddir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Ólafsson, greiði stefnda, Páli Skúla Halldórssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 29. júní 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. f. m., hefur Páll Skúli Halldórsson, Bolholti 4, Reykjavík, höfðað fyrir hönd einkafyrirtækis síns, Iðnvals, Bygginga-þjónustu, Bolholti 4, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, birtri 26. apríl 1976, gegn Birni Ólafssyni, Reykjavíkurvegi 68, Hafnar-

firði, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 214.798 ásamt 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1976 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Sérstaklega er mótmælt hærri vaxtakröfu en 13%.

II.

Málavöxtum er svo lýst í stefnu:

„Í lok aprílmánaðar 1975 varð það að samkomulagi milli stefnanda og stefnda, að stefnandi tæki að sér kynningu og sölustarfsemi á framleiðsluvörum stefnda, en þar var um að ræða ýmsar gerðir útihurða m. a. Kynningarstarfsemin var m. a. í því fólgin, að stefnandi kynnti vörur stefnda í sérstakri sölu- og kynningarskrá. Þá voru vörur stefnda kynntar á vörusýningu þeirri, sem haldin var í Laugardalshöll sumarið 1975, og loks voru vörur stefnda kynntar með auglýsingum í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum. Fyrir kynningu á vörusýningunni í Laugardalshöll skyldi stefndi greiða sinn hluta kostnaðarins, eða kr. 24.500.00, og fyrir auglýsingar í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum einnig sinn hluta, eða 1/27 hluta af kr. 642.558.00, sem gerir kr. 23.798.00. Að öðru leyti skyldi stefndi greiða vegna auglýsingu í sölu- og kynningaskrá vegna vöruprókspekt Sölu- og kynningaskrá og vegna sýningaraðstöðu í sýningarsal Iðnvals samtals kr. 18.500 fyrir hvern mánuð, og skyldu 3 mánuðir vera greiddir fyrirfram í hvert sinn, eða samtals kr. 55.500.00 á 3ja mánaða fresti. Skriflegur samningur var ekki gerður um þessa kynningarstarfsemi, enda var þá eigi venja að gera slíka samninga skriflega, þar sem um gagnkvæmt traust aðila var um að ræða eins og í þessu tilfelli . . .

Svo undarlega bregður við, að stefnanda berst bréf frá stefnda, dags. 11. nóvember 1975, þar sem hann heldur því fram, að kynning stefnanda á fyrirtæki hans hafi farið fram algjörlega án hans samþykkis og að honum fornspurðum. Þetta er alrangt, enda er það ljóst, að ekki gat farið fram hjá stefnda öll sú kynning, sem stefnandi hafði uppi varðandi fyrirtæki hans, enda fékk stefndi alla reikninga jafnóðum.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Reikn. dags. 5/5 1975 vegna tímabilsins

1/5 — 1/8 1975	kr.	55.500.00
2. Reikn. dags. 28. júlí 1975 vegna auglýsinga í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum	—	23.798.00
3. Reikn. dags. 1/8 1975 vegna tímabilsins 1/8 — 1/11 1975	—	55.500.00
4. Reikn. dags. 15/9 1975 vegna vörusýningar í Laugardalshöll	—	24.500.00
5. Reikn. dags. 1/11 1975 vegna tímabilsins 1/11 '75 — 1/2 '76	—	55.500.00
Samtals	kr.	214.798.00"

Í greinargerð stefnda segir m. a.:

„Umbj. minn mótmælir því, að hann hafi samið við stefnanda í máli þessu um, að stefnandi tæki að sér kynningu og sölustarfsemi á framleiðsluvörum umbj. míns. Hann kveður stefnanda hafa komið að máli við sig og boðið sér þessa þjónustu, en hann hafi algerlega neitað að gera nokkurn samning við stefnanda, enda hafi enginn samningur komist á, hvorki munnlega né skriflega . . .

Því er ennfremur mótmælt, að stefnandi hafi sent umbj. mínum reikninga jafnóðum. Hið sanna er, að stefnandi sendi í einu lagi alla reikninga í byrjun nóvember mánaðar s.l., en umbj. minn mótmælti þegar í stað reikningunum.

Umbj. minn þurfti ekkert á þjónustu stefnanda að halda, þar sem hann hafði selt sína framleiðsluvöru fyrirfram í langan tíma, og tjáði hann stefnanda þetta þegar í upphafi."

III.

Þegar stefnandi, Páll Skúli Halldórsson, kom fyrir dóminn var eftir honum bókað:

„Mætti segir, að hann hafi áður veitt hliðstæða sölu- og kynningarfyrirtæki forstöðu, það hafi heitið Iðnverk. Það fyrirtæki hafi um tíma annast lítilsháttar þjónustu fyrir stefnda, sem hann hafi þá greitt fyrir. Þeim viðskiptum hafi lokið 1973 eða 1974, þar sem einn af eignaraðilum Iðnverks, Rammi h.f., hafi framleitt samskonar vöru og stefndi og því hafi Iðnverk skorast undan að veita stefnda frekari þjónustu. Mætti segist hafa hætt hjá Iðnverki um áramótin 1974—1975 og þá farið að undirbúa stofnun nýs samskonar fyrirtækis og m. a. í því sambandi rætt

við Björn Ólafsson um, að hann yrði eignaraðili. Björn hafi tekið vel í það, en ekki hafi verið gengið frá samningum.

Mætti segist hafa átt nokkur samtöl við Björn á tímabilinu janúar—apríl, m. a. hafa farið suðureftir til hans. Afstaða Björns í þeim samtölum hafi verið mjög jákvæð til þess að vera með í þessari kynningu, „enda hvatti hann Sigurð Bjarnason, sem leigði hjá honum húsnæði og vélar, í sambandi við framleiðslu á gluggum til þess að vera með í þessu." Björn hafi sagt, að hann sjálfur yrði eingöngu með útihurðir. Í apríllok, þegar að því var komið, að Iðnval hæfi eiginlega starfsemi, hafi Björn og Sigurður komið til þess að kynna sér aðstöðuna í sýningarsalnum. Mætti segist hafa sýnt Birni pláss, sem hann ætlaði honum. „Það var ákveðið pláss, sem Björn hafi óskað að fá. Hann fékk það, og það var sett upp hans nafnspjald. Björn tjáði mér, að hann hefði ekki á þessu tímabili hurð til sýnis, en hún kæmi mjög fljótlega, þessi hurð." Sigurður hafi fengið hliðstæða aðstöðu, sé með hana ennþá og hafi greitt allan tímann.

Mætti segist hafa sagt Birni frá fyrirhugaðri sölu- og kynningarskrá, að hans nafn yrði þar og að henni yrði dreift sem mest, m. a. til allra þeirra húsbyggjenda, sem við næðum til, er fengju úthlutað lóð. „Hann óskaði sérstaklega eftir að vera á öftustu síðu." Mætti er spurður að því, í hverju þjónusta hans við stefnda hafi verið fólgin. Mætti svarar: 1. Auglýsing í kynningarbæklingi. 2. Áður greint spjald í sal Iðnvals. 3. Ég vísaði til Björns Ólafssonar varðandi útihurðir.

Mætti segist ekki hafa vísað á aðra framleiðendur varðandi útihurðir.

Þegar fyrirtækið hóf starfsemi, hafi hún verið auglýst rækilega í blöðum, sjónvarpi og útvarpi. Einstakra fyrirtækja hafi þó ekki verið getið í þessum auglýsingum. Á hinn bóginn hafi í frásögn af blaðamannafundi við opnun Iðnvals komið fram, hverjir voru innan Iðnvals.

Á vörusýningu í Laugardal hafi dskj. nr. 6 legið frammi. Iðnval hafi ekki verið með neina uppsetta kynningargripi, hvorki hurðir, eldhúsinnréttingar né slíkt. Á þessum tíma hafi verið 27 fyrirtæki innan Iðnvals. „Í júlímánuði þá var ég að ítreka það við Björn, að ég fengi hurð til að sýna. Björn hafði ekki hurð þá, en óskaði eftir, að haldið yrði áfram að vísa til sín." „En þar sem Björn hafi ekki verið með hurð til að sýna þá, hafi hann óskað eftir því að gjaldið lækkaði, og það hafi orðið að samkomulagi, að það lækkaði um kr. 5.000 á mánuði. Það er úr

23.500, eins og upphaflega hafi verið um talað við Björn, í kr. 18.500.“

„Hvenær krafðir þú Björn um greiðslu?“

„Í júlí byrjaði ég að krefja hann um greiðslu, en þá var gjaldið lækkað.“

Mætti er spurður um það, hvenær hann hafi fyrst krafið Björn skriflega. Hann segist hafa sýnt honum fyrsta reikninginn í júlí. „Þá var samið um, að þetta yrði lækkað.“ Mætti segist telja, að reikningarnir á dskj. nr. 3 hafi verið sendir til Björns. Það gæti hafa verið í kringum 1. nóv., eða jafnvel fyrr. Síðan hafi bréfið á dskj. 4 borist.

Lögmaður stefnda spyr, hvort hann minnist þess að hafa sent Birni teikningar og þá hafa fengið skriflega orðsendingu frá honum. Orðsendinguna leggur lögmaður nú fram sem dskj. nr. 10.

Mætti segir, að ef spurt var um útidyrahurðir, þá hafi hann vísað til Björns.

Mætta er sýnt dskj. nr. 10 og hann spurður, hvort hann kannist við að hafa fengið þetta. Hann kveðst ekkert geta fullyrt af eða á um þetta. „Mér finnst þetta einmitt styðja það, að Björn hafi verið í sambandi við mig á þessu tímabili.“

Mætti segir, að það hafi verið fjölritað samningsform. Það hafi verið gerður skriflegur samningur við suma, er Iðnval veitti þjónustu. „Ég taldi mig þekkja Björn það vel, að það væri engin þörf að gera skriflegan samning við hann.““

Dskj. nr. 10, sem vikið er að í framanrituðum framburði, er dags. 1. apríl 1975, stílað á nafn stefnanda, hljóðar svo: „Getum því miður ekki sinnt tilboðum í hurðir á þessu ári. Björn Ólafsson.“

Þegar stefndi, Björn Ólafsson, kom fyrir dóminn, var eftir honum bókað:

„Mætti segir það rétt, að þeir hafi öðru hverju verið að tala saman framan af árinu 1975 um fyrirhugaða þjónustu og einnig að hann hafi seint í apríl litið við hjá Iðnvali í Bolholtinu. Sigurður hafi þá verið þarna staddur. Hann kannast hins vegar ekki við, að það hafi samist um, að Iðnval tæki að sér þjónustu við sig. Hann segist hafa gert Páli Skúla grein fyrir því, að öll framleiðsla sín væri pöntuð árið 1975 og hann hefði því ekkert að selja á vegum Iðnvals.

Hinsvegar segist mætti hafa tekið fram, að hann vildi endurskoða þetta um áramót 1975—1976 og þá átt við, að hann kynni

þá að óska, að Iðnval tæki upp sölu og kynningarstarfsemi fyrir sig.

Mætti kveðst ekki minnast þess, að stefnandi hafi rukkað sig í júlí, og kannast ekki við, að þeir hafi samið um, að greiðslan yrði 18.500 kr. á mánuði.

Mætti segir, að í júlí hafi Páll Skúli sent sér teikningar og beðið sig að gera tilboð í hurðir. „Þá sendi ég honum bréfið (dskj. nr. 10) ásamt með teikningunum."

Skömmu áður en bréfið á dskj. 10 var ritað, segist mætti hafa fengið reikningana á dskj. nr. 3. Það sé fyrsta rukkunin, sem hann muni eftir frá stefnanda vegna stefnukröfunnar í máli þessu. Stefndi segir, að stefnandi hafi ekkert sagt sér frá fyrirhuguðum blaðamannafundi við opnun Iðnvals og ekki heldur frá fyrirhugaðri vörusýningu í Laugardalshöll. Hann segist ekkert hafa vitað, að Iðnval yrði með í þessari vörusýningu, fyrr en hann mætti þar. Það hafi enginn kynningarbæklingur frá sér legið frammi.

Mætti segir, að þegar Iðnverk veitti honum þjónustu, þá hafi hann gert skriflegan samning. Hann minnist þess ekki, að stefnandi hafi sýnt sér samningsform.

Mætti segist jafnan eiga kynningarbækling um sína framleiðslu. Mætti kannast við, að stefnandi hafi viljað fá hurð til þess að sýna. „Ég taldi ekki ástæðu til þess, því okkar framleiðsla var eiginlega seld út árið." Mætti segir, að bæklingar sínir hafi fyrst verið útbúnir til þess að fara til Iðnverks, bæði glugga- og hurðabæklingar. Mætti segist ekki þora að fara með, hvort hann lét Iðnval hafa bækling.

Mætti segist ekki hafa látið búa til neinn nýjan bækling, frá því bæklingurinn fyrir Iðnverk var gerður."

Í máli þessu voru lögð fram tvö vottorð frá Sigurði Bjarnasyni, þeim er leigði húsnæði og vélar hjá Birni Ólafssyni, og stefnandi telur, að hafi komið til sín ásamt Birni í apríllok til að semja um kynningarstarfsemi. Fyrra vottorðið er dags. 23. mars 1976 og hljóðar svo:

„Ég undirritaður Sigurður Bjarnason c/o Gluggadeild Sigurðar Bjarnasonar, Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, staðfesti eftirfarandi:

Í enda aprílmánaðar 1975 var ég staddur á skrifstofu Iðnvals, Reykjavík, ásamt Birni Ólafssyni og var þar áheyrandi að samkomulagi, er gert var millum Iðnvals annars vegar og Björns

Ólafssonar hinsvegar, um það, að Iðnval, Byggingaþjónusta, tæki að sér kynningu og sölustarfsemi á framleiðsluvörum Trésmiðju Björns Ólafssonar, þ. e. a. s. útihurðum, og fleiru."

Síðara vottorðið er dagsett 1. ágúst 1976 og hljóðar svo:

„Ég undirritaður vil vegna fyrri yfirlýsingar minnar um samtal það, sem ég varð áheyrandi að, milli Björns Ólafssonar og Páls Skúla Halldórssonar taka fram, að ég heyrði aldrei Björn Ólafsson samþykkja, að Iðnval h.f., fyrirtæki Páls, tæki að sér að selja framleiðsluvörur Björns, heldur heyrði ég Björn segja, að til mála kæmi að endurskoða afstöðu sína til viðskipta við Iðnval h.f. um áramót 1975 og 1976, ef aðstæður væru slíkar, að þörf væri fyrir sérstakan söluaðila."

Þegar Sigurður Bjarnason kom sem vitni fyrir dóminn hinn 27. apríl sl. lýsti hann síðara vottorðið rangt, en það fyrra rétt.

Ekki þykir ástæða til að rekja framburð umrædds vitnis að öðru leyti en því, að vitnið sagði aðspurt um atvik það, er vottorðin fjalla um:

„Við fórum þarna inneftir saman, til Páls Skúla, til þess að ræða um þennan auglýsingapésa og eins hvernig textinn ætti að vera á þessu auglýsingaspjaldi." „Kom til tals, að hann hefði einhverja viðtækari þjónustu fyrir ykkur?" „Já, hann ætlaði að hafa söluumboð fyrir okkur." „Hvað fór ykkur á milli?" „Við vorum bara að semja textann á þessu auglýsingaspjaldi og hvernig það væri best að hafa það, útbúa merki fyrir fyrirtækin og svona." „Var eitthvað fleira rætt " „Við vorum að ræða ýmislegt, ég man ekkert, hvað það var." „Sömduð þú og Páll Skúli um einhverja hluti í þetta skipti?" „Nei, við vorum búnir að ræða um það, að hann tæki 3% af sölunni." „Varst þú þá áður búinn að semja við Pál Skúla um, að hann seldi fyrir þig?" „Hann var búinn að koma til mín áður og var að bjóða mér þetta." „Komust einhvern tíma samningar ykkar á milli um, að Páll Skúli annaðist sölu fyrir þig?" „Já." „Hvenær?" „Það var stuttu á eftir, ég man nú ekki alveg, hvenær það var, og hann hefur annast það hingað til."

Mætti er spurður, hvort hann hafi í umrætt sinn hlýtt á samtöl Björns Ólafssonar og Páls Skúla, hvað þeim fór á milli. „Þeir voru að ræða um auglýsingapésann." „Ræddu þeir fleira, svo þú heyrðir?" „Já, að Páll Skúli ætlaði að annast sölu á þessu." „Telurðu, að það hafi orðið fastmælum bundið þeirra á milli í þetta skipti?" „Ég gat ekki skilið það öðru vísi." „Telurðu, að það hafi verið einhver munur á samningum þínum og Páls Skúla

og samningum Björns og Páls Skúla, þ. e. því sem talaðist til í þetta umrædda sinn?“ „Nei.“

Ríkissaksóknara hafa verið send skjöl máls þessa til fyrirsagnar, og hefur hann krafist framhaldsrannsóknar á umræddri vottorðsgjöf.

IV.

Upplýst er, að aðiljar máls þessa áttu endurteknar viðræður varðandi fyrirhugaða sölu- og kynningarstarfsemi Iðnvals, m. a. fór stefndi Björn sérstaka ferð í fyrirtæki stefnanda til að ræða þetta efni.

Þegar fyrirtæki stefnanda hóf starfsemi sína, að því er virðist um mánaðamótin apríl—maí 1975, var haldinn blaðamannafundur, og fram kom þá í dagblöðum, hverjir væru aðiljar að umræddri kynningarstarfsemi, og var stefnda þar getið.

Í kynningarbæklingi, er stefnandi gaf fljótlega út, birtist auglýsing um framleiðsluvörur stefnda. Ætla verður, að stefnda hafi þannig verið kunnugt um, að Iðnval hafði þannig hafið kynningu og auglýsingu á framleiðsluvörum hans.

Stefnandi hefur lagt fram afrit af tilboði frá stefnda og undirrituðu af honum, dags. 7. júlí 1975, í hurðir í húsinu að Víkurflöt 6, Stykkishólmi. Framlagning þessa skjals úr hendi stefnanda styður eindregið þá fullyrðingu hans, að það hafi verið með vitund og vilja stefnda, sem stefnandi hóf kynningu og sölustarfsemi á framleiðsluvörum hans.

Ekki kemur fram, að stefndi hafi á nokkurn hátt mótmælt ofangreindri kynningar- og sölustarfsemi stefnanda á fyrirtæki stefnda, fyrr en hún hafði staðið í þrjá mánuði, og mátti honum þó ljóst vera, að eigi mundi það vera ætlun stefnanda að vinna slík verk endurgjaldslaust.

Þykir því eiga að taka þann hluta kröfu stefnanda, sem er fyrir umrætt þriggja mánaða tímabil, til greina.

Er stefnandi sendi stefnda fyrsta reikninginn fyrir þjónustu sína, *synjaði stefndi um greiðslu* og tilkynnti stefnanda bréflega hinn 1. ágúst 1975, að hann gæti „ekki sinnt tilboðum í hurðir á þessu ári.“

Telja verður, að með þessum viðbrögðum hafi stefndi, eins og á stóð, gert stefnanda nægilega ljóst, að hann hafnaði frekari þjónustu hans. Ber því að sýkna stefnda af þeim hluta stefnukröfu, er lýtur að tímabilinu eftir 1. ágúst 1975.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnanda til greina með kr. 79.298.

Málskostnaður ákveðst kr. 40.000.

Dóm þennan kveða upp sjó- og verslunardómsmennirnir Einar Jónsson og Sigurður Emilsson.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Ólafsson, greiði stefnanda, Páli Skúla Halldórssyni, kr. 79.298 með 13% ársvöxtum frá 1. febrúar 1976 til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
dómsformannsins Más Péturssonar héraðsdómara.

I.

Ég vísa til kaflanna I—III í ofanrituðum dómi.

II.

Gegn eindregnum mótmælum stefnda og með tilliti til sönnunargildis þess eina vitnaframburðar, sem fyrir liggur í málinu, verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist að sanna, að samningur sá, sem mál þetta snýst um, hafi komist á.

Leiðir þetta til sýknu í máli þessu, enda verður ekki talið, að árangurslausar tilraunir stefnanda til að fá stefnda sem viðskiptamann skapi stefnda greiðsluskyldu, einkum þar sem stefnandi hafnaði óbeðinni þjónustu stefnda án ástæðulauss dráttar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð
mitt verður því:

Stefndi, Björn Ólafsson, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Páls Skúla Halldórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. nóvember 1979.

Nr. 39/1978. **Híbýli h/f**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Jóni Ásmundssyni
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Fasteignaviðskipti. Verðtrygging. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ófeigur Eiríksson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 18. nóvember 1976. Það mál féll niður vegna útivistar 1. apríl 1977, en var áfrýjað að nýju 27. febrúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. febrúar s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 397.960 krónur með 2% mánaðarvöxtum frá 1. ágúst 1975 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann sýknu af kröfum stefnda í gagnsök í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kaupsamningur sá, sem mál þetta er risið af, er rakinn í hinum áfrýjaða dómi. Aðiljar deila um, hvort vísitöluákvæði í samningi þessum séu gild. Óumdeilt er, að vísitöluhækkunin nemi 928.790 krónum, ef vísitöluákvæðin verði metin gild. Engra verðbóta hefur verið krafist á greiðslur, sem fram fóru eftir afhendingu íbúðarinnar, en það virðist hafa verið nokkru síðar en samningur gerði ráð fyrir. Ekki er að neinu leyti miðað við hækkun, sem varð á byggingarvísitölu eftir 1. nóvember 1974.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem í gildi voru á þessum tíma, ber

að skýra svo, að þau ógildi ekki vísitöluákvæðin í kaupsamningi aðilja, sem fela í sér þá skuldbindingu, að þeir inni báðir framlög af hendi á tilteknu tímabili eftir samningsgerð með þeim hætti sem í samningnum greinir. Ber að fallast á þá kröfu áfrýjanda, að stefnda sé skylt að greiða honum vísitölubætur þessar, og verða kröfur áfrýjanda teknar til greina, nema um vexti, gegn því, að hann gefi stefnda afsal fyrir eigninni Furulundi 2 g, Akureyri. Stefndi hefur, eins og í héraðsdómi greinir, greitt áfrýjanda 530.830 krónur upp í kröfu hans, og ber því að dæma stefnda til að greiða honum eftirstöðvarnar, 397.960 krónur, gegn útgáfu afsals fyrir nefndri eign.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda 13% ársvexti af nefndri fjárhæð frá 1. ágúst 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september 1979, en 24% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 400.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ásmundsson, greiði áfrýjanda, Híbýlum h/f, gegn útgáfu afsals fyrir fasteigninni Furulundi 2 g 397.960 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara Hæstaréttar að öðru leyti en því, að ég tel, að dæma beri 24% ársvexti af kröfunni þegar frá 15. júní 1979, sbr. 1. gr. laga nr. 76/1979, enda er ekki með því farið út fyrir dómkröfur áfrýjanda. Skiptir ekki máli, þótt ekki sé af hans hálfu sérstaklega skírskotað til þessa lagaákvæðis við flutning máls fyrir Hæstarétti, þar sem til þess lágu engar réttarfarsnauðsynjar.

Dómr bæjarþings Akureyrar 20. september 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 30. ágúst sl., hefur Híbýli h/f, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu á hendur Jóni Ásmundssyni, Furulundi 2 g, Akureyri, með stefnu, útgefinni 20. janúar 1976.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, kr. 397.960 með 2% mánaðarvöxtum frá 1. ágúst 1975 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða eftir framlögðum reikningi.

Í greinargerð krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Hinn 10. mars 1976 gagnstefndi Jón Ásmundsson stefnanda, Híbýlum h/f, og gerir í gagnstefnu þær dómkröfur, að gagnstefnt félag verði dæmt til að gefa út afsal til handa gagnstefnanda fyrir húseigninni Furulundi 2 g, Akureyri, og til að endurgreiða gagnstefnanda kr. 530.830 ásamt 13% ársvöxtum af kr. 400.000 frá 22. maí 1975 til 2. október 1975, en af kr. 500.000 frá þeim degi til 11. mars 1976, en af kr. 530.830 frá þeim degi til greiðsludags ásamt málskostnaði samkvæmt mati dómsins.

Gagnstefndi, Híbýli h/f, krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök og krefst málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda.

Sátta hefur verið leitað í málinu, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 22. maí 1974, keypti stefndi, Jón Ásmundsson, íbúðina nr. 2 g við Furulund af stefnanda. Íbúð þessi er í raðhúsi, og var bygging þess ekki hafin, er kaupsamningurinn var gerður, en í upphafi samnings-

ins segir, að seljandi hyggist reisa það á komandi sumri (1974). Íbúðin er sögð 118 m² að gólffletarmáli, á tveim hæðum og teljist 3 svefnherbergi, stofa, eldhús, þvottahús, baðherbergi, snyrting og geymsla. Íbúðin skyldi afhendast í maí 1975, og segir í áðurnefndum samningi, að hún seljist tilbúin undir tréverk, og síðar er því lýst, hvernig frágangur íbúðarinnar skuli vera utan og innan, og eru öll þessi atriði óumdeild og verða ekki rakin nánar.

Söluverð íbúðarinnar var kr. 2.900.000 og skyldi greiðast á tímabilinu frá undirritun samnings til 15. jan. 1975, að því undanskildu, að við afhendingu íbúðarinnar skyldi kaupandi samþykkja víxil fyrir seinni hluta láns Húsnæðismálastjórnar. Er óumdeilt, að þessar greiðslur voru inntar af hendi. Síðan segir orðrétt í kaupsamningnum:

„Framangreint verð er miðað við verðlag og byggingarvísitölu, sem tók gildi 1. marz 1974, og skal kaupandi greiða hækkanir, er verða kunna á byggingarkostnaði frá þeim degi og þar til byggingu lýkur. Skal kaupandi greiða hækkunina þannig, að hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar bætist við greiðslur samkvæmt samningi þessum, og skal miðað við þá vísitölu, sem í gildi er á viðkomandi gjalddaga að frádreginni vísitölu hinn 1. marz 1974. Skal hækkunin greiðast í einu lagi við afhendingu íbúðarinnar."

Síðar segir, að seljandi afsali kaupanda íbúðinni að vori 1975, en það afsal hefur enn ekki verið gefið út.

Ekki er umdeilt, að vísitöluhækkunin skv. framangreindu ákvæði, ef gilt sé, nemi kr. 928.790 og heildarverð íbúðarinnar þá kr. 3.828.790, né heldur, að kaupandi hefur greitt kr. 530.830 upp í vísitöluhækkunina og að síðasta greiðsla hans var innt af hendi í byrjun október 1975. Þá átti hann ógreiddar kr. 397.960 af vísitöluhækkuninni. Hinn 15. október 1975 tilkynnir lögmaður kaupanda, að kaupandi muni ekki inna frekari greiðslur af hendi til seljanda upp í kaupverðið, og staðhæfir jafnframt, að vísitöluhækkunin og ákvæði það í kaupsamningnum, sem hún sé byggð á, sé ógild skv. lögum nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þessari staðhæfingu er mótmælt af seljanda.

Dómkröfur sínar í aðalsök og gagnsök styður kaupandi þeim meginrökum, að ákvæðið í kaupsamningnum um vísitölutryggingu sé ólöglegt, og vísar þar til 1., sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, en óheimilt sé að verðtryggja slíkar greiðslur og um er að ræða í nefndum kaup-

samningi, nema leyfi Seðlabanka Íslands sé fengið til þess að gera svo. Þess leyfis hafi ekki verið aflað. Þótt svo yrði litið á, að verðtryggingin væri heimil, þá uppfylli hún ekki ákvæði 4. gr. nefndra laga, einkum a og c liði. Þá skorti á, að kaupsamningurinn sé skráður skv. 9. gr. laganna, en skv. þessu ákvæði á að skrá samninga með verðtryggingarákvæðum hjá þinglýsingadómara innan tveggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Endurkröfurétt sinn á umræddum kr. 530.830 byggir gagnstefnandi á framannefndum rökum um, að verðtryggingin sé ólögleg og upphæðin sé ólöglega heimt. Þá hafi hann staðið að fullu skil á löglega umsömdu kaupverði íbúðarinnar, en hafi þrátt fyrir það ekki fengið afsal fyrir íbúðinni, en það hafi hann átt að fá í maí 1975.

Dómkröfur sínar í aðalsök og gagnsök styður seljandi þeim rökum, að með vísitöluákvæðinu í kaupsamningnum sé átt við það, að aðalstefnda beri að greiða kaupgjalds- og efnishækkanir, er verði á byggingartíma hússins, en þar sem útreikningur slíkra hækkana sé mjög flókinn, hafi annað ákvæði verið sett inn í kaupsamninginn, þ. e. að við greiðslur skv. samningnum bætist hækkanir, er svari til hækkunar á vísitölu byggingarkostnaðar. Hér hafi verið um að ræða einföldun á útreikningi hækkana, sem aðalstefnanda hafi borið skv. samningi aðilja og hafi verið kaupanda til hagræðis, þar sem hækkanir hefðu orðið talsvert meiri, ef reiknað hefði verið með þeim, um leið og þær tóku gildi, í stað þess að miða þær við byggingarvísitölu, sem sé leiðrétting á þeim byggingarkostnaði, sem orðinn sé. Þá segir stefnandi í greinargerð sinni í aðalsök:

„Í sambandi við lög nr. 71, 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga er rétt að taka fram, að samkvæmt 2. gr. þeirra laga á Seðlabanki Íslands að hafa umsjón með framkvæmd laganna, einnig að veita heimildir til verðtryggingar. Ýmsir byggingaverktakar, sem standa í byggingu íbúðarhúsnæðis, hafa ráðfært sig við Seðlabanka Íslands og beðið um sérstaka heimild til að verðtryggja greiðslur samkvæmt kaupsamningum um íbúðir, en Seðlabanki Íslands hefur talið slíka heimild óþarfa. Nægilegt sé að taka fram í slíkum samningum, að kaupandi geri hækkanir á efni og vinnu og þau ákvæði samnings séu óháð 1. gr. laga nr. 71, 1966, enda bera lögin það með sér, að ætlast er til, að verðtrygging sé heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna.

Stefnandi hafði framangreint hækkunarákvæði í samningnum

í trausti þess, að hann fengi greiddar þær hækkanir, sem yrðu á smíðatímabili íbúðarinnar, en ef niðurstaða dómsins yrði á þann veg, að slíkt ákvæði bryti í bága við 1. gr. laga nr. 71, 1966, þá búið að kollvarpa öllum samningum, sem byggingarverktakar hafa gert við viðsemjendur sína, og eiga þeir þá ekki aðra leið en að rifta öllum samningum og endurselja síðan íbúðirnar á raunverðmæti þeirra.

Kröfur stefnanda eru í rauninni þær, að stefndi greiði þann kostnað, sem farið hefur í að byggja íbúðina, að viðbættri hæfilegri álagningu. Að öðrum kosti væri stefnandi að selja stefnda íbúðina langt undir kostnaðarverði, sem gæti komið stefnanda í gjaldþrot. Eins og áður er sagt, þá ætti stefnandi engra annarra kosta völ en að fara í riftunarmál við stefnda, en slíkt mundi valda miklum kostnaði auk þess sem enginn er kominn til með að segja, að stefndi yrði eigandi íbúðarinnar að lyktum.

Ákvæði samnings stefnda og stefnanda um greiðslu hækkana efnis og vinnulauna er sambærilegur við samninga annarra byggingarverktaka, sem standa í íbúðarbyggingum, einnig er ákvæði þetta í samræmi við fyrirmæli Seðlabanka Íslands, sem, eins og áður er getið, á að hafa eftirlit með lögum nr. 71, 1966. Stefnandi var því í góðri trú, er hann setti þetta hækkunarákvæði í samning sinn við stefnda. Einnig mátti stefndi gera sér grein fyrir, að kr. 2.900.000.00 var ekki raunverulegt kostnaðarverð íbúðarinnar og hann þyrfti að greiða töluvert meira til þess, að stefnandi tapaði ekki á viðskiptunum."

Þá segir stefnandi, að margnefndur kaupsamningur sé í eðli sínu verksamningur og eini munurinn sé nánast samningsnöfnin ein.

Hann mótmælti því, að verðtryggingarákvæðið væri brot á lögum nr. 71/1966, kaupverðið væri ekki fullgreitt og afsal því eigi gefið út enn.

Seljandi staðhæfir, að kaupandi hafi aðeins átt að greiða hækkanir á launum og efni á byggingartíma hússins og hafi þetta verið skv. ábendingu Seðlabanka Íslands. Þetta er ekki í samræmi við gögn, sem seljandi hefur sjálfur lagt fram. Er þar fyrst að nefna vísitöluákvæði kaupsamningsins, sem að framan er rakið. Þar er vísitöluákvæðið háð því einu, hvenær greiðslur berast frá kaupanda, en ekki því, hvernig byggingunni miðar. Útreikningur vísitöluhækkana er einnig við þetta miðaður, en engin gögn lögð fram um hækkanir á launum og vöru á byggingartíma hússins.

Eins og fram kemur hér að framan og kom fram í munnlegum málflutningi, telur seljandi, að vísitöluákvæðið hafi verið forsenda fyrir rsölu íbúðarinnar og hafi báðum samningsaðiljum verið þetta ljóst. Geti því vanskil kaupanda á greiðslum umfram kr. 2.900.000 varðað riftun kaupa. Riftunarkröfu þessari gat hann komið að í þessu máli, en gerði ekki. Verður því ekki fjallað um þá kröfu hér.

Samningur sá, sem aðiljar máls þessa hafa lagt fram í málinu, er að formi og efni venjulegur kaupsamningur, þar sem seljandi lofar að selja og kaupandi lofar að kaupa tiltekna fasteign. Það, sem óvenjulegt er við þennan samning, er, að eignin er seld, áður en hún er reist, og svo að þær fjárskuldbindingar, sem kaupandi tekur á sig, kaupverðið, er vísitölutryggt. Það er kaupandinn, sem byggir íbúðina fyrir eigin reikning, og ekkert ákvæði í þessum samningi bendir til, að um verksamning sé að ræða, eins og gagnstefndi hefur gefið í skyn.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 71/1966, sbr. 3. gr. sömu laga, er óheimilt, nema leyfi Seðlabanka Íslands eða sérstök lagaheimild liggi fyrir, að stofna til fjárskuldbindinga í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölum, vöruverði, gengi erlends gjaldeyris, verðmæti gulls, silfurs eða annars verðmælis.

Þegar kaupsamningurinn var gerður, tók kaupandi á sig fjárskuldbindingar að fjárhæð kr. 2.900.000 auk þeirrar óvissu fjárhæðar, sem fólgin er í áðurnefndu vísitöluákvæði. Greiðsluloforð þessi eru fjárskuldbindingar í skilningi laga nr. 71/1966.

Kunnugt er, að á undanförnum árum hafa verðtryggingarákvæði, eins og það, sem hér er um fjallað, verið sett í sölusamninga um íbúðir, en um þetta hefur ekki og getur ekki myndast nein viðurkennd venja, meðan lög 71/1966 eru í gildi. Upplýst er, að á öndverðu ári 1973 bárust Seðlabanka Íslands, sem hefur umsjón með framkvæmd laga 71/1966, fjölmargar umsóknir frá byggingaaðiljum og framleiðendum íbúða um, að Seðlabankinn heimilaði þeim beitingu vísitöluákvæða skv. lögum nr. 71/1966, en umsóknum þessum vísaði bankinn frá, „og hefur hann ekki veitt neinar heimildir í þessu sambandi", segir í yfirlýsingu frá bankanum. Þá upplýsti bankinn, að aðalstefnandi hefði ekki leitað samþykkis bankans um að verðtryggja fjárskuldbindingar þær, sem um er fjallað í kaupsamningi aðilja máls þessa frá 22. maí 1974.

Sérstök lagaheimild til að vísitölutryggja greiðslur skv. samningum er heldur ekki fyrir hendi. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir ákvæði kaupsamningsins um vísitölutryggingu kaupverðsins brjóta gegn 1. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 og vera ógilt skv. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Samkvæmt þessu ber að sýkna aðalstefnda, Jón Ásmundsson, af kröfu aðalstefnanda, Híbýla h/f, um greiðslu á þeim hluta vísitöluhækkunarinnar, kr. 397.960, sem stefnt er til greiðslu á. Upplýst er, að gagnstefnandi, Jón Ásmundsson, hefur greitt kr. 530.830 til gagnstefnda upp í vísatöluhækkunina. Þessi upphæð telst ólöglega heimt inn af gagnstefnda, Híbýlum h/f, og ber að dæma hann til að greiða gagnstefnanda, Jóni Ásmundssyni, kr. 530.830 auk 13% ársvaxta af kr. 400.000 frá 22. maí 1975 til 2. október 1975 og af kr. 500.000 frá þeim degi til 11. mars 1976, en af kr. 530.830 frá þeim degi til greiðsludags. Þar sem dómurinn lítur svo á, að kaupandi hafi greitt kaupverðið að fullu, ber að skylda seljanda, gagnstefnda, Híbýli h/f, til að gefa út afsal fyrir húseigninni Furulundi 2 g. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir aðalstefnandi, Híbýli h/f, eiga að greiða aðalstefnda málskostnað í aðalsök og gagnsök, kr. 85.000.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Jón Ásmundsson, skal vera sýkn af kröfu aðalstefnanda, Híbýla h/f, um greiðslu á kr. 397.960.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Híbýli h/f, gagnstefnanda, Jóni Ásmundssyni, kr. 530.830 auk 13% ársvaxta af kr. 400.000 frá 22. maí 1975 til 2. október 1975 og af kr. 500.000 frá þeim degi til 11. mars 1976, en af kr. 530.830 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefnda, Híbýlum h/f, er skylt að gefa út afsal fyrir eigninni Furulundi 2 g gagnstefnanda, Jóni Ásmundssyni, til handa.

Gagnstefndi, Híbýli h/f, greiði gagnstefnanda, Jóni Ásmundssyni, málskostnað í aðalsök og gagnsök, kr. 85.000.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1979.

Nr. 125/1977. **Fasteignasalan Hátúni 4 A**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Magnúsi Zakaríassyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Fasteignaviðskipti. Söluþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi, sem skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1977, krefst þess, að stefndi greiði sér 320.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 12. október 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fasteignasalan Hátúni 4 A, greiði stefnda, Magnúsi Zakaríassyni, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er höfðað með stefnu,

birtri 9. nóvember 1976, af Fasteignasölunni Hátúni 4 A, Reykjavík, gegn Magnúsi Zakaríassyni, Bugðulæk 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði fyrirtækinu þóknun að fjárhæð kr. 320.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 12. október 1976 til 20. nóvember s. á., en með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Sáttatilraunir voru reyndar, en báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 21. október 1976, seldi stefndi íbúð sína að Bugðulæk 5, manni að nafni Karl Sigurðsson, á vegum Fasteignaþjónustunnar s/f fyrir 16.5 milljónir. Stefndi skýrði svo frá fyrir rétti, að hann hefði sett íbúð sína í sölu til stefnanda snemma í september 1976, en sama dag hefði hann sett íbúðina í sölu til Fasteignaþjónustunnar s/f, Vagns Jónssonar og til einnar fasteignasölu til viðbótar, líklega Eignamarkaðarins í Austurstræti. Stefndi kvaðst fyrst hafa verið að hugsa um að hafa íbúðina í sölu einungis hjá einum fasteignasala, en að ráði sölumanns hjá stefnanda hafi hann haft hana í sölu hjá fleirum. Menn frá stefnanda hefðu komið til að skoða íbúðina, áður en hann hafði sett hana í sölu þar. Á þeim tíma hefði hann verið að ráðgera kaup á íbúð í Kópavogi, en af því hefði ekki orðið. Eftir að hann hafði sett íbúðina í sölu, hefði 2 eða 3 aðiljar frá stefnanda komið til að skoða hana. Ástæða þess, að hann hafi viljað selja íbúð sína, hafi verið sú, að hann hafi fengið byggingalóð uppi í Breiðholti og hafið þar byggingu.

Einhverju sinni, líklega í september 1976, hafi hann verið að fara á skrifstofu Benedikts á Vallá h/f og þá hafi fasteignasala stefnanda verið opin og hafi hann gengið þangað inn og spurt frétta. Agnar, sölumaður hjá stefnanda, hafi þá sagt sér, að þar væri staddur maður, sem hann hefði nafngreint sem Karl Sigurðsson, og vildi hann fá að skoða íbúðina sama kvöld. Stefndi kveðst hafa svarað því játandi, en minntist þess ekki, að þeir hafi rætt frekar saman. Hins vegar hefði Karl ekki komið það kvöld og ekki síðar. Stefndi sagði, að hann hefði ekki hugsað út í það að hafa samband við stefnanda eða Karl, þegar ekki varð af því, að Karl kæmi að skoða íbúðin á þeim tíma, sem ákveðinn hafði verið. Stefndi skýrði svo frá, að ætlun hans hefði

verið að hafa íbúð sína í sölu fram á vorið, og hefði hann þá látið þess getið, að hann hefði ekki áhuga á því að rýma íbúðina fljótt, en hvenær hann gæti rýmt, hefði ekki beinlínis komið til tals hjá fasteignasölunum. Hann hafi ekki ætlað að selja, fyrr en hann hefði lokið að gera hús fokhelt, sem hann átti í smíðum. Þá hafi það gerst seint um kvöld, að hringt hafi verið frá Fasteignaþjónustunni s/f. Sölumaður hafi sagt, að hjá þeim væri maður, sem þeir væru að selja íbúð fyrir, og væri að athuga um kaup á íbúð. Enn fremur hafi hann spurt, hvort stefndi væri tilbúinn að rýma sína íbúð á mjög skömmum tíma. Það hafi honum fundist svo mikil fjarstæða, að hann hafi ekki hugsað út í það frekar. Sölumaðurinn hafi einnig spurt, hvort maðurinn, sem hjá honum væri, og kona hans mættu koma daginn eftir, sem þau hafi gert. Sá maður hafi verið Karl Sigurðsson. Hann hafi sagt við Karl, hvort þeir hefðu ekki sést áður, og hafi Karl sagt, að það hefði verið niðri í Norðurveri, þ. e. hjá stefnanda. Hann hafi þá spurt Karl, hvort hann væri ekki frá Norðurveri, þar sem honum hafi ekki verið um þetta, því að hann þekkti mennina þar. Karl hefði neitað því og hafi sagt, að hann ætlaði að hafa öll sín viðskipti hjá Fasteignaþjónustunni s/f, og hafi kona hans verið enn ákveðnari og sagt, að það væri algert skilyrði, að þeir önnuðust þetta fyrir þau. Þá hafi hann ekki hugsað frekar um það og ekki hringt í stefnanda og ekki séð ástæðu til þess, þar sem maðurinn hafði aldrei komið frá þeim. Karli hafi litist vel á íbúðina, en stefndi kvaðst hafa sagt, að hann gæti ekki rýmt íbúðina á þeim tíma, sem Karl hefði viljað. Karl hafi þá bent sér á, að Fasteignaþjónustan s/f gæti jafnvel útvegað honum leiguíbúð. Þá hafi hann farið að hugsa málið örlítið, en ekki í fyllstu alvöru. Sér hafi síðan verið útveguð leiguíbúð og hafi hann þá selt. Salan hefði aldrei farið fram, hefði sér ekki verið útveguð leiguíbúð.

Sölumaður stefnanda, Agnar Ólafsson, kom fyrir rétt sem vitni og skýrði svo frá, að stefnandi hefði fengið íbúð stefnda í sölu í september eða október 1976, væntanlega í október. Hann hefði skoðað íbúðina ásamt Hilmari Valdimarssyni, sem sé einn af eigendum Fasteignasölunnar Hátúni 4 A, sama kvöld og stefndi hafi falið stefnanda að annast sölu á íbúðinni og hafi þeir verðlagt íbúðina á 16—16.5 milljónir. Ekki hafi verið um það rætt, að stefnandi hefði íbúðina í einkasölu. Þeir hefðu auglýst íbúðina og margir hefðu fengið uppgefið, að íbúðin væri til sölu, og hún boðin þeim til kaups. Engin kauptilboð hefðu þó borist. Þeir

hefðu látið stefnda vita, að menn hefðu sýnt áhuga á því að kaupa íbúðina, og vitnið kvaðst vera visst um, að einhverjir hefðu skoðað íbúðina á þeirra vegum, en kvaðst ekki muna hverjir. Vitnið kvaðst hafa aflað sér upplýsinga um fasteignamat íbúðarinnar og brunabótamat hennar hefði verið fyrir hendi á skrifstofu stefnanda. Enn fremur hafi hann kynnt sér áhvílandi veðskuldir og tekið niður nákvæma lýsingu á íbúðinni, þegar þeir Hilmar skoðuðu hana. Vitnið kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvaða kostnað stefnandi hefði haft af tilraunum sínum til að selja íbúðina. Vitnið skýrði svo frá, að stefnandi hefði haft íbúð Karls Sigurðssonar að Yrsufelli 14 til sölu og hafi Karl verið að leita eftir sérhæð til kaups. Hann hafi komið inn á skrifstofu stefnanda og hafi þá vitnið bent honum á, að íbúð stefnda væri til sölu. Vitnið kvaðst hafa gefið Karli upplýsingar um þessa íbúð og hefði hann sýnt mikinn áhuga á henni. Þá hafi viljað svo til, að hann hafi séð stefnda bregða fyrir á gangi fyrir framan skrifstofuna, og hafi hann kallað í hann og kynnt hann fyrir Karli Sigurðssyni og tjáð honum, að hann hefði áhuga á því að líta á íbúðina. Stefndi hafi spurt Karl, hvort hann væri að leita að svipaðri eign, og hafi Karl svarað því játandi. Þeir hefðu tekið tal saman, en vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega orðaskipti, en spurt hefði verið bæði um verð og greiðsluskilmála. Stefndi og Karl hafi bundist fastmælum um það, að hann kæmi og skoðaði íbúðina þá um kvöldið eða næstu daga, og kvaðst vitnið hafa látið Karl fá miða þar að lútandi. Karl hafi leitað til þeirra um kaup á íbúð, svipaðri íbúð stefnda, áður en þetta samtal hafi átt sér stað. Vitnið kvaðst halda, að stefndi hefði ekki verið í þeim erindagerðum að koma á skrifstofuna til stefnanda í þetta skipti, heldur hafi hann kallað í hann, þegar hann hafi séð honum bregða fyrir. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað af því, þegar íbúð stefnda hafi verið seld hjá Fasteignaþjónustunni, og kvað sér ekki vera kunnugt um, að nokkur annar hjá stefnanda hefði vitað af því. Vitnið skýrði svo frá, að nokkrum dögum eftir að Karl hefði fengið upplýsingar á skrifstofunni um íbúð stefnda, hafi stefndi hringt og tilkynnt sér, að íbúðin væri seld. Hann hefði spurt, hver hefði keypt, og hefði stefndi þá sagt, að það væri einhver Karl. Vitnið kveðst hafa spurt, hvort það væri ekki Karl Sigurðsson, og hafi stefndi sagst halda það. Þá hefði hann spurt að því, hvort þetta væri ekki sami maðurinn og hann hefði kynnt fyrir stefnda á skrifstofunni. Stefndi hafi þá sagt, að það væri sennilega sami maðurinn. Vitn-

ið kveðst þá hafa spurt stefnda að því, hvernig á því stæði, að hann hefði gengið frá sölunni annars staðar en hjá stefnanda, og hafi stefndi sagt, að Fasteignaþjónustan hafi verið að selja hús Karls Sigurðssonar, Yrsufell 14. Þetta hafi gengið hratt fyrir sig, þeir hefðu útvegað sér leiguhúsnæði og gengið jafnframt frá sölunni á íbúð sinni. Fleira hefði þeim ekki farið á milli.

Stefndi skýrði svo frá þessu samtali, að hann hefði hringt til stefnanda sem og í aðrar fasteignasölur, sem höfðu íbúð hans til sölu, eftir að salan hafði farið fram. Agnar sölumaður hefði spurt að því, hver hefði keypt íbúðina, og hefði hann tjáð honum það. Agnar hefði þá spurt, hvort ekki væri um sama manninn að ræða og hann hefði gefið honum upp niður frá, og hafi hann þá sagt, að það væri trúlegt. Fleira hafi þeim ekki farið á milli.

Vitnið Karl Sigurðsson kom fyrir réttinn og skýrði svo frá, að íbúð sín að Yrsufelli 14 hefði verið til sölu hjá stefnanda. Hann hafi haft viðskipti við Sparisjóð vélstjóra, sem er í sama húsi og stefnandi, og hafi oft komið við hjá sölumanninum. Hann hafi eitt sinn spurt sölumanninn um iðnaðarhúsnæði og enn fremur hvort hann hefði kaupanda handa sér að Yrsufelli 14, og hafi sölumaðurinn ekki sagst hafa neinn ennþá. Hafi hann þá tjáð honum, að hann mundi ekki kaupa neitt, fyrr en hann væri búinn að selja íbúð sína. Sölumaðurinn hefði skrifað á miða iðnaðarhúsnæði og íbúð að Bugðulæk 5, og kveðst vitnið hafa ætlað að ganga út að því loknu. Þá hafi birst í ganginum eigandi Bugðulækjar 5 og hefði Agnar kynnt þá. Málin hefðu ekki verið meira rædd, nema Agnar hafi sagt, að þarna væri eigandi Bugðulækjar 5 og gæti vitnið fengið að skoða íbúðina, ef það hefði áhuga. Vitnið kvaðst ekki hafa haft áhuga á að skoða íbúðina og ekki hafa gert það, en ástæðan hefði verið sú, að hann hafi átt eftir að selja sína íbúð. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði neitt rætt við stefnda í þetta skipti. Hann hefði ekki haft í hyggju að fara og skoða Bugðulæk 5, því hann hefði ekkert haft með það að gera að skoða íbúð, fyrr en hann hefði selt sína íbúð. Vel geti verið að rætt hafi verið um, að hann færi sama kvöld til þess að skoða íbúðina að Bugðulæk 5. Vitnið kveðst hafa selt íbúð sína hjá Fasteignaþjónustunni s/f, en þá hefði hann haft í hyggju að kaupa hús að Flókagötu 5 og hafi hann selt sína íbúð í því skyni að festa kaup á því húsi. Um það hefðu ekki náðst samningar. Vitnið kvað, að sér væri óhætt að segja, að sér hefði verið gefið upp á skrifstofu Fasteignaþjón-

ustunnar s/f, daginn eftir að salan hafði farið fram á íbúð hans, að íbúðin að Bugðulæk 5 væri til sölu. Hann hefði skoðað margar íbúðir og sér hefðu verið gefnar upplýsingar um íbúðina að Bugðulæk 5 hjá Vagni E. Jónssyni. Þá hafi hann verið búinn að ræða við Fasteignaþjónustuna s/f í sambandi við íbúðina að Bugðulæk 5 og hafi sagt sölumanni hjá Vagni E. Jónssyni, að Fasteignaþjónustan væri orðin hálfgerður milliliður í sambandi við sölu á þeirri íbúð. Hann hefði aldrei haft beint samband við stefnda út af íbúðinni að Bugðulæk 5, áður en hann seldi íbúð sína. Vitnið kvaðst ekki hafa verið búinn að skoða íbúðina að Flókagötu 5, áður en hann seldi sína íbúð að Yrsufelli 14, en til tals hefðu komið hugsanleg kaup á þeirri íbúð, áður en salan fór fram, en hann hefði skoðað íbúðina að Flókagötu 5 einhverju sinni.

Þá kom fyrir dóm í málinu vitnið Þröstur Karlsson, sölumaður hjá Fasteignaþjónustunni s/f. Vitnið skýrði svo frá, að Karl Sigurðsson hefði komið til Fasteignaþjónustunnar s/f og skoðað á hennar vegum tvíbýlishús að Flókagötu 5. Kona Karls hefði lýst áhuga á því að eignast það hús, en Karl hafi sagt, að hann þyrfti að selja íbúð sína áður. Þetta hafi verið í kringum 12.—13. október. Síðan hefði íbúð Karls selst, en samningar hefðu ekki náðst um kaupin á Flókagötu 5. Þá hafi Karli verið bent á, að til sölu væri íbúð að Bugðulæk 5, enda hafi Magnús, eigandi hennar, verið nýlega búinn að hafa samband við Fasteignaþjónustuna s/f og sagst þurfa að fara að selja, því hann væri byrjaður að byggja. Karli hafi verið nauðsyn á að fá íbúð keypta með mjög skömmum afhendingarfresti. Vitnið kvaðst hafa hringt heim til Magnúsar og hafi kona hans svarað. Hann hafi rætt við hana um afhendingartíma á íbúðinni og hafi hún talið af og frá, að væri hægt að afhenda íbúðina innan þess tíma, sem Karl hefði þurft að fá íbúð. Ákveðið hefði verið, að þau hjónin færu að skoða Bugðulæk 5 daginn eftir að kaupsamningurinn um íbúð Karls að Yrsufelli 14 hefði verið gerður, þ. e. 15. október. Þau hjónin hafi verið mjög ánægð með eignina og hafi viljað gera tilboð og gert daginn eftir og hafi Magnúsi litist vel á það, en sagt, að það væri af og frá, að væri hægt að afhenda íbúðina á þeim tíma, sem kaupandinn vildi. Daginn eftir hefði hann hringt og sagt, að þau hjón væru ásátt um að selja ekki án þess að vera búin að útvega sér fast húsnæði. Vitnið kveðst hafa spurt Magnús að því, hvort hann ætti ekki að gera tilraun til þess að útvega honum leiguhúsnæði, og hafi endalok þess máls orðið þau, að Fast-

eignaþjónustan útvegaði þeim leiguíbúð og hefðu síðan samningar tekist um sölu Bugðulækjar 5. Vitnið sagði, að sér hefði verið ókunnugt um viðræður stefnda og Karls Sigurðssonar hjá stefnanda, Karl hefði aldrei minnst á þær.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi sett íbúð sína í sölu til stefnanda 1. september 1976. Stefnandi hafi aflað sér allra upplýsinga um íbúðina, sem nauðsynlegt sé að hafa á hraðbergi við sölu fasteigna. Íbúðin hafi verið auglýst og upplýsingar gefnar um hana. Engu máli skipti, þótt íbúðin hafi verið til sölu hjá fleiri en einni fasteignasölu. Stefndi og Karl Sigurðsson hafi hist á skrifstofu stefnanda fyrir tilstilli sölumanns þar, þótt því hafi ráðið tilviljun, sem ekki skipti máli. Þetta samtal hafi átt sér stað 11. eða 12. okt. 1976. Í samtali þeirra stefnda og Karls hafi orðið að samkomulagi, að Karl skoðaði íbúðina þá um kvöldið, og hafi hann fengið heimildarbréf á skrifstofu stefnanda til þess. Því sé haldið fram af hálfu stefnanda, að Karl hafi skoðað íbúðina það kvöld. Í bréfi frá lögmanni stefnda til lögmanns stefnanda á dskj. nr. 6 komi það og fram, að stefndi hafi skoðað íbúðina 14. október 1976. Þannig hafi starf stefnanda orðið til þess, að Karl hafi keypt íbúð stefnda örfáum dögum seinna. Ekki sé deilt um það, að stefnandi hafi fyrst komið á sambandinu milli Karls og stefnda. Aðalatriðið í fasteignasölu og fyrsta skrefið sé að koma á sambandi milli kaupanda og seljanda. Það sé ekki rétt, að réttur til söluþóknunar skapist fyrst, þegar væntanlegur kaupandi skoði eign, sem selja skal. Skynsamlegustu og eðlilegustu mörkin séu, hver hafi komið á sambandinu á milli kaupanda og seljanda, en þó verði að setja þar viss tímatakmörk. Í þessu tilviki hafi liðið svo skammur tími, þar til stefndi seldi Karli íbúðina, að rétturinn til söluþóknunar sé tvímælalaust stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í septembermánuði 1976 hafi stefndi og Karl Sigurðsson verið að reyna að selja íbúðir sínar og báðir fengið stefnanda íbúðirnar til sölu. Í sama mánuði eða í byrjun næsta mánaðar hafi leiðir þeirra legið saman fyrir einskæra tilviljun á skrifstofu stefnanda, þannig að Karli hafi dottið í hug að líta inn á skrifstofuna, en stefndi hafi verið kallaður þangað inn, þegar hann hafi átt leið fram hjá. Karl hafi ætlað að kanna, hvernig gengi með sölu á sinni íbúð, og jafnframt að spyrjast fyrir um iðnaðarhúsnæði. Frumkvæðið að því, að þeir hittust, liggi hjá fasteignasalanum, en ekki hjá stefnda og Karli. Þeir Karl og stefndi hafi átt stutt samtal, sem

ekki hafi leitt til neins, en allt, sem hafi gerst varðandi sölu á íbúð stefnda, hafi verið vegna tilstillis Fasteignaþjónustunnar s/f. Því sé eindregið mótmælt, að samtal þeirra Karls og stefnda hjá stefnanda hafi átt sér stað 11. eða 12. okt. 1976, heldur hafi það verið fyrst í októbermánuði. Áhugi Karls á því að kaupa íbúð hafi fyrst vaknað, þegar hann hafi lokið sölu á sinni íbúð, sem seld hafi verið 14. okt. 1976. Þá hafi hann verið að hugsa um að kaupa hús á Flókagötu. Þegar hringt hafi verið í stefnda frá Fasteignaþjónustunni s/f, hafi verið útilokað af hans hálfu að selja, þar sem hann hafi ekki getað rýmt íbúð sína með nægum fyrirvara. Því sé alfarið mótmælt, að Karl hafi nokkru sinni skoðað íbúð stefnda fyrir tilstilli stefnanda, enda sé það gersamlega ósannað, og Karl hafi ekki skoðað íbúð stefnda fyrr en hálfum mánuði eftir að samtal hans og stefnda átti sér stað. Enginn árangur hafi orðið af fundum þeirra Karls og stefnda hjá stefnanda og ekkert þar gerst, sem leitt hafi til sölu íbúðar stefnda. Engu máli skipti, þótt þar hafi verið skrifað á miða, að Karl mætti koma og skoða íbúð stefnda sama kvöld. Fráleitt sé, að ritun á miða um heimild til skoðunar leiði til nokkurs réttar til söluþóknunar. Sú tilviljun, að stefndi og Karl hittust á skrifstofu stefnanda, skapi honum ekki neinn rétt til söluþóknunar. Þegar um sé að ræða rétt til söluþóknunar, verði að skoða öll atriði, sem geti skapað þann rétt, en ekki neitt eitt sérstaklega. Þó hljóti að ráða miklu, á hvers vegum væntanlegur kaupandi skoði eign. Stefnandi hafi ekkert gert til þess að selja íbúð stefnda fyrir utan að rita á þennan miða. Allar aðstæður hjá kaupanda og seljanda hennar hafi breyst. Það, að samningar tókust á milli Karls og stefnda, sé eingöngu að þakka þeim atbeina, sem Fasteignaþjónustan átti að sölunni, og því hafi stefnda verið rétt að greiða henni sölulaunin.

Óumdeilt er í máli þessu, að stefndi fól fleiri fasteignasölum en stefnanda sölu á íbúð sinni. Enn fremur er óumdeilt, að stefndi og Karl Sigurðsson ræddust við á skrifstofu stefnanda, en ekki að fullu upplýst, hvað þeim fór á milli. Hins vegar varð niðurstaða þess samtals sú, að ákveðið var, að Karl kæmi og skoðaði íbúð stefnda að kvöldi sama dags og hann fær áritaðan heimildarmiða til þeirrar skoðunar hjá sölumanni stefnanda. Fullyrðingar stefnanda um, að sú skoðun hafi farið fram, verður að telja gegn mótmælum stefnda og framburði Karls allsendis ósannaðar og enn fremur að hann hafi síðar skoðað íbúð stefnda á vegum stefnanda.

Umdeilt er, hvenær framangreint samtal fór fram. Stefnandi heldur því fram, að það hafi átt sér stað 11. eða 12. október, en stefndi kveður það hafa verið fyrst í þeim mánuði. Dagbækur stefnanda, sem lagðar hafa verið fram í málinu, bera ekki með sér, að í þær hafi verið ritað um samtal þetta 11. eða 12. október né í annan tíma. Það er hvorki upplýst né því haldið fram, að af hálfu stefnanda hafi frekari tilraunir en að framan er lýst verið gerðar til þess að selja Karli íbúð stefnda. Samkvæmt því, sem haldið er fram af hálfu stefnda, líða þó 9—10 dagar, frá því að þetta samtal á sér stað og þar til undirritaður er kaupsamningur um íbúð stefnda.

Upplýst er í málinu, að Karl Sigurðsson seldi íbúð sína að Yrsufelli 14 með kaupsamningi, dags. 14. okt. Hann kvaðst sjálfur þá hafa haft í hyggju að kaupa íbúð að Flókagötu 5. Sölumaðurinn, Þröstur Karlsson, lýsti því fyrir réttinum, hvernig þær umleitanir gengu, en þær munu hafa strandað á því, að ekki náðist samkomulag um verð. Karli Sigurðssyni, stefnda og sölumanninum Þresti ber saman um, að Karl hafi skoðað íbúð stefnanda fyrir tilstilli Fasteignaþjónustunnar s/f, sem hafði hana til sölu, en samningar náðust ekki um kaup á íbúðinni, vegna þess hve skjótt Karl þurfti að fá hana afhenta, fyrr en Fasteignaþjónustan hafði útvegað stefnda húsnæði á leigu. Samkvæmt framburði stefnda vildi Karl og eiginkona hans, að viðskipti þeirra stefnda færu fram á vegum Fasteignaþjónustunnar, enda þótt þeir gerðu sér það ljóst, að þeir hefðu hist hjá stefnanda.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu er fasteignasala óheimilt að taka hærri þóknun en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem í té er látin, en þóknun kaupanda og seljanda samanlagt má ekki fara fram úr 2% af söluverði eignarinnar. Ekki eru fyrir hendi ákveðnar reglur um það, hvenær réttur til söluþóknunar skapast. Verður því að meta það eftir atvikum hverju sinni, hvort réttur hafi skapast eða ekki. Telja verður ósannað, að þau atvik, sem leiddu til sölu íbúðar stefnda, megi rekja til samtals þeirra stefnda og Karls á skrifstofu stefnanda. Ekki verður talið, að það samtal skapi stefnanda sjálfstæðan rétt til þóknunar úr hendi stefnda. Þess ber að gæta, að ekki er upplýst, að af hálfu stefnanda hafi tilraun verið gerð til þess að hafa samband við þá stefndu og Karl, eftir að samtal þeirra fór fram, og koma á samningum þeirra á milli. Verður því að telja, að stefnda hafi verið rétt að greiða Fasteignaþjónustunni s/f söluþóknun fyrir sölu íbúðar sinnar.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefndi skal vera sýkn af kröfum stefnanda í þessu máli. Eftir þessari niðurstöðu verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Zakaríasson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Fasteignasölunnar Hátúni 4 A, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. desember 1979.

Nr. 51/1979. **Nesco h/f**
gegn
Neytendasamtökunum.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Nesco h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Neytendasamtökunum, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 40.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. desember 1979.

Nr. 140/1979. **Hallgrímur Valur Hafliðason**
gegn
Guðmundi Lárussyni og
Sigríði Skarphéðinsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hallgrímur Valur Hafliðason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. desember 1979.

Nr. 157/1979. **Lúðvík Gizurarson hrl.**
gegn
Veiðifélagi Rangæinga.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Veiðifélagi Rangæinga, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 30.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. desember 1979.

Nr. 89/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Rafni Kjartanssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Lagt hefur verið fyrir Hæstarétt af hálfu ákæruvalds skýrsla tveggja lögregluþjóna um mælingu á aksturstíma og vegalengd frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3. Segir svo í skýrslu þessari: „Ekið var frá bifreiðastæði við Teigasel 5 og ekið um Öldusel, Stekkjarbakka, Breiðholtsbraut, Reykjanesbraut, Bústaðaveg, Eyrarland og Fossvogsveg að húsi nr. 3 við Fossvogsblett. Tók 7 mín. og 27 sek. að aka milli þessara staða, og vegalengd mæld 5,2 km. Notuð var lögreglubifreiðin R 20021, þegar þessi athugun fór fram. Ekki var ekið hraðar en leyfður hámarkshraði er á áðurnefndum götum. Dregið var úr hraða eða stöðvað við gatnamót eftir því, sem tilefni gafst til."

Áfrýjun ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, er þar réttilega heimfærð til refsiákvæða. Við ákvörðun refsingar ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, sem greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Sakfelling ákærða í héraðsdómi er, auk niðurstöðu blóðrannsóknar, byggð á því, að upplýst sé, m. a. með játningu ákærða, að hann hafi sunnudaginn 29. maí 1977 ekið bifreið sinni, Ö 818, frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3, að samkvæmt framburði vitnisins Jóns Hjalta Þorvaldssonar, sem sá ákærða hefja aksturinn, hafi hann verið áberandi undir einhverjum áhrifum, að vitnið Þórður Ingvi Sigurðsson sá ákærða ekki neyta áfengis, eftir að akstri ákærða lauk, að ekki fannst áfengislykt úr flösku þeirri, sem ákærði kvaðst hafa neytt áfengis úr, og að óhugsandi sé, að ákærði gæti hafa fengið það áfengismagn í blóðið, sem blóðrannsókn sýndi, af áfengismagni því, sem hann kvaðst hafa neytt, eftir að akstri lauk.

Af sönnunargögnum þessum er ekki deilt um tvö, þ. e. niðurstöðu blóðrannsóknar og vætti og játningu um akstur ákærða.

Önnur sönnunargögn, sem sakfelling er byggð á, tel ég ekki standast kröfur um gögn til að byggja á sakfellingu. Vitnið Jón Hjalti Þorvaldsson sá ákærða eigi nær en í um 10 metra fjarlægð. Telur það hann hafa verið reikulan í spori. Annar rökstuðningur fyrir ályktun vitnisins kemur ekki fram. Framburður vitnisins Þórðar Ingva Sigurðssonar um, að ákærði hafi ekki neytt áfengis, meðan þeir voru saman,

útilokar ekki, að ákærði hafi getað neytt innihalds fullrar gosdrykkjarflösku af sterkri áfengisblöndu, á meðan hann beið eftir vitninu Þórði Ingva. Framburðir lögreglumanna um, að ekki hafi fundist áfengislykt úr flösku þeirri, sem ákærði í upphaflegum, ruglingslegum framburði taldi sig hafa drukkið úr, tel ég ekki óyggjandi sönnun þess, að blanda Kláravíns og vatns geti ekki hafa verið nýlega í flöskunni. Sú ályktun, að óhugsandi sé, að ákærði geti hafa fengið jafnmikið áfengismagn og mæling sýndi í blóðið af uppgefinni áfengisneyslu eftir akstur, 1½—1¾ klst. fyrir blóðtöku, þykir mér eigi heldur standast gagnrýni, þar sem hún er ekki studd sérfræðilegu áliti. Ljóst mátti vera, að sekt eða sýkna ákærða hlaut að ráðast að verulegu leyti af því, hvort fullyrðing hans um áfengisneyslu, eftir að akstri lauk, gæti staðist. Um það verður ekki dæmt nema fyrir liggi sérfræðilegt álit. Ég tel, að ákæruvaldið hefði átt að sjá um, að þess yrði aflað. Vöntun þess hlýtur að koma ákærða til góða, þar sem taka ber framburð hans um þetta atriði til greina, sé honum ekki hrundið.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, tel ég sekt ákærða ekki öldungis vafalausa. Tel ég því, að sýkna beri hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu og leggja allan kostnað af því í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem mér þykja hæfilega ákveðin samtals 120.000 krónur í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. júní 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 7. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 246/1978: Ákæruvaldið gegn Rafni Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 19. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. september sl., á hendur ákærða, „Rafni Kjartanssyni, bifvélavirkja, Teigaseli 5, Reykjavík, fæddum 27. september 1935 í Reykjavík, fyrir að aka sunnudaginn 29. maí 1977 undir áhrif-

um áfengis bifreiðinni Ö 848 frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 29. maí f. á., klukkan 1735, barst tveim lögreglumönnum í Reykjavík, sem voru staddir í eftirlitsbifreið vestan til í Vatnsendahæð, tilkynning um talstöð þess efnis, að verið væri að aka bifreiðinni Ö 848 frá Teigaseli, og áleit tilkynnandi, að ökumaður bifreiðarinnar væri undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt lögregluskýrslu veittu lögreglumennirnir bifreiðinni athygli klukkan 1748, þar sem henni var ekið austur Bústaðaveg og beygt suður Reykjanesbraut. Þar stöðvuðu þeir bifreiðina og höfðu tal af ökumanni, Þórði Ingva Sigurðssyni, Grettisgötu 33 B í Reykjavík. Með honum í bifreiðinni var ákærði, Rafn Kjartansson, og var hann greinilega undir áhrifum áfengis að mati lögreglumannanna, en Þórður Ingvi ekki. Var Þórður Ingvi spurður að því einslega, hvaðan hann hefði ekið, og svaraði hann því, að hann hafði ekið frá Fossvogsbletti 3.

Ákærði og Þórður Ingvi voru báðir færðir á lögreglustöðina að Stuðlahálsi 2 og yfirheyrðir þar af varðstjóra. Við þá yfirheyrslu endurtók Þórður Ingvi fyrri frásögn varðandi akstur sinn frá Fossvogsbletti 3. Kvaðst Þórður Ingvi hafa séð, að ákærði var undir áhrifum áfengis, og hefði hann því boðist til þess að aka bifreiðinni fyrir hann og hann þegið það.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra var talsverður áfengisþefur af andardrætti ákærða, andlit hans þrútið, hann þrætugjarn, augu dauf, jafnvægi óstöðugt og frásögn ruglingsleg.

Ákærði viðurkenndi hjá lögreglunni samkvæmt skýrslu hennar, að hann hefði ekið bifreiðinni frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3, en þar hefði Þórður Ingvi komið svo til strax í bifreiðina og tekið við akstri hennar. Kvaðst ákærði hafa drukkið úr einni Coca-Cola flösku með Kláravíni blönduðu til hálfs með vatni og hefði hann drukkið það, eftir að Þórður Ingvi hefði tekið við stjórn bifreiðarinnar. Kvað hann gosdrykkjaflöskuna vera í bifreiðinni. Þetta kvað Þórður Ingvi vera rangt og hefði ákærði ekkert drukkið, eftir að hann tók við akstrinum. Við leit

í bifreiðinni fannst þar engin Coca-Cola flaska, en hins vegar tóm flaska undan Thuleöli, og gátu lögreglumenn ekki merkt, að úr henni væri áfengislykt. Neitaði ákærði því alveg, að hann hefði verið búinn að neyta áfengis, þegar hann ók bifreiðinni, en sagði fyrst, að hann hefið verið þunnur, eins og hann orðaði það. Þetta dró hann síðar til baka, enda var allur framburður hans að mati lögreglumanns þess, er ritaði lögregluskýrsluna, fremur ruglingslegur.

Ákærði var að yfirheyrslu lokinni fluttur í slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 1915 um kvöldið. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 2.41‰. Að blóðtöku lokinni var ákærði fluttur í fangageymslu lögreglunnar og síðan yfirheyrður næsta morgun af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík.

Samkvæmt framburði ákærða hjá rannssóknarlögreglu og síðar við meðferð málsins kannast hann við að hafa ekið bifreiðinni Ö 848 frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3 í Reykjavík nokkru eftir kl. 17 greindan dag. Hann kannast hins vegar ekki við að hafa verið búinn að neyta áfengis, áður en hann hóf aksturinn.

Ákærði ók að Fossvogsbletti 3 til þess að sækja Þórð Ingva. Þegar ákærði kom að húsinu, var Þórður Ingvi að leika sér við börn sín fyrir neðan það. Ákærði flautaði og beið síðan eftir Þórði Ingva, sem kom eftir stutta stund. Eftir að ákærði hafði stöðvað bifreiðina og flautað, færði hann sig yfir í farþegasætið frammi í bifreiðinni og hóf að drekka áfengisblöndu, sem hann hafði meðferðis í bjórflösku. Var flaskan full með vel sterkri blöndu af Kláravíni. Lauk ákærði við að drekka úr flöskunni, sem hann skildi síðan eftir í bifreiðinni, og hafði hann lokið við drykkjuna og lagt frá sér flöskuna, þegar Þórður Ingvi kom að bifreiðinni og settist í ökumannssætið óbeðinn. Hann ók síðan af stað austur Bústaðaveg og þar til lögreglan stöðvaði þá á Reykjanesbraut eftir örstuttan akstur.

Ákærði kveðst ekki muna, hvenær hann neytti síðast áfengis, áður en hann hóf áfengisdrykkjuna í bifreiðinni.

Vitnið Þórður Ingvi Sigurðsson prentari, nú að Háaleitisbraut 71 í Reykjavík, skýrir svo frá, að það hafi verið statt að Fossvogsbletti 3 sunnudaginn 29. maí f. á. Einhvern tíma eftir kl. 17 hringdi vitnið til ákærða, og bauðst hann til að sækja vitnið að Fossvogsbletti 3. Vitnið var fyrir utan húsið, þegar ákærði kom akandi að því í bifreiðinni Ö 848. Þegar vitnið kom að bif-

reiðinni, fannst því, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, og bauð því ákærða að aka bifreiðinni. Þáði hann það. Vitnið ók síðan austur Bústaðaveg og þar til aksturinn var stöðvaður af lögreglunni.

Vitnið varð ekki vart við, að ákærði drykki eitt eða neitt, eftir að hann kom að Fossvogsbletti 3, og sá hann ekki með áfengi með sér.

Vitnið kveðst hafa skotist inn að Fossvogsbletti 3, eftir að ákærði kom þar að húsinu, og var erindi vitnisins að þvo sér um hendurnar og sækja frakka sinn. Þetta tók örstutta stund og var eina stundin, sem bifreiðin og ákærði fóru úr augsýn vitnisins, frá því að hún kom að húsinu og þar til vitnið kom að henni.

Vitnið segir, að ákærði og það hafi verið við áfengisdrykkju heima hjá vitninu kvöldið áður, en ekki veit vitnið, hvenær ákærði fór, þar sem það var sofnað áður.

Vitnið vann í upphafi yfirheyrslunnar eið að framburði sínum.

Vitnið Jón Hjalti Þorvaldsson húsvörður, Álfhólsvegi 125 í Kópavogi, skýrir svo frá, að það hafi komið að Teigaseli 5 á milli klukkan 17 og 18 greindan dag á bifreið sinni. Á meðan farþegar vitnisins voru að yfirgefa bifreiðina, horfði vitnið á mann koma gangandi frá húsinu. Vitnið er öruggt á því, að maður þessi var áberandi undir einhverjum áhrifum, þar sem hann var reikull i spori, en vitnið kom ekki svo nálægt manninum, að það hefði aðstöðu til að finna áfengislykt af honum. Vitnið álítur, að maðurinn hafi verið um 10 metra frá því, þegar það veitti honum athygli. Vitnið sá manninn setjast einan inn í bifreiðina Ö 848 og aka á brott. Fannst vitninu akstur ákærða óöruggur. Vitnið lagði síðan biferið sinni og hélt beina leið inn í húsið og tilkynnti lögreglunni símleiðis um málið.

Vitnið segir, að farþegar sínir hafi verið kona með tvö börn, og álítur vitnið, að þau hafi ekki tekið eftir manninum, en konan lánaði vitninu símann og mintist þá ekki á, að hún hefði séð atvikið sjálf.

Þetta vitni vann einnig eið að framburði sínum.

Vitnið Jón Þórarinsson laganemi, Vatnsholti 2 í Reykjavík, var lögreglumaður, þegar ákærði var handtekinn, og stóð að handtöku ákærða ásamt Sverri Guðmundssyni lögreglumanni, sem nú er látinn, en hann ritaði lögregluskýrsluna.

Vitnið Jón skýrir svo frá fyrir dóminum, að þeir hafi verið staddir vestan til í Vatnsendahæð, þegar þeim barst tilkynningin, og stuttu síðar stöðvuðu þeir bifreiðina. Undir stýri sat að-

ur, sem virtist alsgáður, en við hlið hans ákærði, greinilega ölvaður. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði haft áfengi meðferðis ofan úr Teigaseli og einungis neytt af því, eftir að hinn maðurinn tók við akstrinum.

Vitnið minnir, að einhver flaska hafi fundist í bifreiðinni, en ekki man vitnið, hvort athugað var, hvað í henni var eða hafði verið.

Vitnið las síðan yfir í dóminum skýrslu Sverris heitins og staðfesti, að í henni mundi rétt skýrt frá afskiptum lögreglunnar af málinu, og mundi, eftir að hafa lesið skýrsluna, að það lyktaði úr Thuleflöskunni og fann ekki úr henni áfengislykt. Hins vegar mundi vitnið ekki eftir, að ákærði segði frá því, að hann hefði drukkið úr Coca-Cola flösku.

Vitnið Jóhannes Björgvinsson lögregluvarðstjóri, Miklubraut 84 í Reykjavík, yfirheyrði ákærða og Þórð Ingva, og skýrir vitnið svo frá, að ákærði hafi haldið því fram við yfirheyrsluna, að hann hefði einungis neytt áfengis, eftir að hann kom að Fossvogsbletti og á meðan hann beið einn í bifreiðinni stutta stund eftir félaga sínum. Sagði ákærði, að hann hefði fleygt flöskunni við Fossvogsblett, eftir að hann var búinn úr henni. Vitnið segir, að það minni, að Sverrir heitinn hafi ætlað að athuga, hvort flaskan væri við Fossvogsblett 3, en ekki man vitnið eftir því, hvað kom út úr því.

Vitnið staðfesti í dóminum lýsingu sína á útliti og öðrum einkennum ákærða í skýrslu sinni.

Vitnið gerði þá athugasemd við skýrslu Sverris heitins, að það myndi ekki eftir því, að ákærði hefði haft orð á því, að hann hefði drukkið áfengi, eftir að Þórður Ingvi hafði tekið við akstri bifreiðarinnar. Þá mundi vitnið ekki heldur eftir því, að ákærði hefði sagt frá Coca-Cola flösku í bifreiðinni. Að öðru leyti gerði vitnið ekki athugasemdir við skýrsluna.

Með framburði ákærða sjálfs og vitnisins Þórðar Ingva, sem studdir eru með framburði vitnisins Jóns, er sannað, að ákærði ók bifreiðinni Ö 848 frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3 greint sinn. Þá er sannað með framburði ákærða sjálfs, framburði vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar hann var handtekinn. Loks þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis greinda leið. Þykir sönnun þessi byggjast á framburði vitnisins Jóns Hjalta, sem sá ákærða hefja aksturinn og lýsir honum þá sem áberandi undir einhverjum áhrifum, fram-

burði vitnisins Þórðar Ingva, sem ekki sá ákærða drekka neitt áfengi eða hafa það meðferðis, því, að engin áfengislykt fannst úr flösku þeirri, sem ákærði segist hafa drukkið áfengið úr, og loks því, að vegna hins mikla áfengismagns í blóði ákærða þykir óhugsandi, að það hafi hann getað fengið í blóðið af því að drekka það áfengismagn, sem hann hefur sagt, að hann hafi drukkið eftir akstur á örfáum mínútum. Er háttsemi ákærða rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1954 30/5 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1954 12/7 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1954 17/9 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 30. gr. lögreglusamþykktar.
1956 28/1 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1956 4/10 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958 23/4 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1958 26/4 Reykjavík: Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1960 8/2 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 31. gr. lögreglusamþykktar.
1961 18/2 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 5/2 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1964 27/10 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 3/12 Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1966 26/2 Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 6 mánuði.
1966 7/11 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár.
1970 14/12 Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952.
1971 13/9 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 3 ár.
1973 7/9 Reykjavík: Dómur: 10.350 kr. sekt fyrir brot á 19. gr. áfengislaga, 4 flöskur af áfengi gerðar upptækar.

1974 18/7 Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

1975 10/3 Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaga.

1977 18/10 Reykjavík: Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Refsidómurinn frá 18. júlí 1974 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 120.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Rafn Kjartansson, greiði 120.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Miðvikudaginn 5. desember 1979.

Nr. 93/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Karli Laxdal Marinóssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Tolllagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákæruvalds er lagt til grundvallar, að kaupverð myndavélar þeirrar og linsna, er ákærði er sakaður um að hafa flutt inn í landið 4. október 1976, hafi numið 1.930 norskum krónum, þ. e. 2.410 krónur ÷ afsláttur 480 krónur. Með vísun til raka héraðsdóms ber að telja, að verðmæti varnings þessa hafi verið meira en nemur hámarki því, sem farþega var heimilt að flytja inn tollfrjálst samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 362/1975, er þá gilti, sbr. síðar reglugerðir nr. 151/1978 og 388/1979. Bar ákærða því að framvísa varningi þessum til tollafgreiðslu, sem auðkennd er með rauðu skilti, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 362/1975. Samkvæmt sakargögnum gekk ákærði um tollafgreiðslu, auðkennda með grænu skilti og ætluð þeim, sem eigi telja sig hafa meðferðis tollskyldan varning. Varðar háttsemin hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lokamgr. 6. gr. reglugerðar nr. 362/1975, svo og 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. sömu laga, en ákvæðum 2. gr. laga nr. 71/1976 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir atvikum þykir mega sitja við niðurstöðu héraðsdóms um eignarupptöku, sbr. 72. gr. laga nr. 59/1969. Það athugast, að í lokamgr. 6. gr. reglugerðar nr. 362/1975 er

mælt fyrir um skyldubundna eignarupptöku. Gengur það ákvæði í berhögg við 72. gr. laga nr. 59/1969, er kveður svo á, að heimilt sé, en eigi skylt, að dæma varning upptækan, sem er ólöglega fluttur inn í landið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Karl Laxdal Marinósson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun talsmanns síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. júní 1978.

Ár 1978, föstudaginn 2. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 235/1978: Ákæruvaldið gegn Karli Laxdal Marinóssyni, sem tekið var til dóms 27. apríl sl.

1. Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. desember sl., gegn ákærða, Karli Laxdal Marinóssyni deildarfulltrúa, Kaplaskjólsvegi 5, Reykjavík, fæddum 23. maí 1944 á Akureyri, fyrir smygl með því að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 4. október 1976 frá Osló flutt inn í landið án þess að gera tollyfirvöldum grein fyrir því nýja Minolta myndavél (nr. 4302809) og tvær nýjar Minolta linsur (nr. 1021135 og 1527086), sem ákærði hafði keypt þennan sama dag í Osló, en í greint sinn gekk ákærði um hlið merkt grænu skilti með áletruninni: „Engin tollskyldur varningur.“ Tollgæslan lagði síðan hald á nefndan varning við komu ákærða hingað til lands á ný 25. maí 1977.

Telst þetta varða við 60. gr., sbr. 61. gr. og 71. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 og 1. gr. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum nr. 362/1975.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á framangreindri myndavél, linsum og fylgihlutum samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 6. gr. i. f. reglugerðar nr. 362/1975 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

2. Í skýrslu Jóns A. Snælands tollvarðar greinir, að miðvikudaginn 25. maí 1977 hafi hann verið við tollskoðun „í grænu hliði" við komu flugvélar frá Osló. Ákærði kom þá í hliðið með myndavélatösku, sem í voru Minolta myndavél, SRT 101, ser. no. 4302809, ásamt linsu, 2.8 100 mm, og annarri linsu, 2.8 35 mm. Ákærði tjáði tollverðinum, að hann hefði keypt vélina úti í Noregi fyrir um 1 ári og aldrei tollafgreitt hana. Ákærði kvaðst hafa tryggt vélina, áður en hann fór með hana úr landi, og eiga heima bæði ábyrgðar- og tryggingarskírteini. Tollgæslan lagði hald á varninginn, þar sem ekki var sjáanlegt, að myndavélin væri notuð, og verðmæti hennar of mikið til að hún nyti tollfrelsis.

2. júní sl. kom ákærði til yfirheyrslu á skrifstofu tollgæslunnar. Ákærði skýrði þá svo frá, að hann hefði keypt myndavélina ásamt linsunum í Noregi 4. október 1976 og hafi verðið verið 2.600 norskar krónur. Ákærði kom til Keflavíkurflugvallar samdægurs. Kvaðst ákærði hafa haft myndavélina á öxlinni í tösku, er hann fór í tollskoðun, og var engin athugasemd gerð. Ákærði kvaðst hafa farið aftur til Noregs og Svíþjóðar 29. apríl f. á. og hafði vélina og linsurnar meðferðis. Er ákærði kom aftur til landsins, var hald lagt á vélina og linsurnar.

Tollgæslustjóri sendi mál þetta til yfirsakadómarans í Reykjavík 11. júlí sl., án þess að skýrsla sú, er ákærði gaf hjá tollgæslunni, fylgdi. Sakadómur Reykjavíkur framsendi málið rannsóknarlögreglu ríkisins 14. s. m. Rannsóknarlögreglan sendi málið til ríkissaksóknara með bréfi 20. s. m. Ríkissaksóknari endursendi rannsóknarlögreglunni gögn málsins með bréfi 15. ágúst sl. með kröfu um frekari rannsókn, „eins og gögn gefa tilefni til, en einkum með hliðsjón af því, að kærði hefur eigi verið yfirheyrður um sakarefnið."

1. september sl. kom ákærði til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Þá skýrði ákærði svo frá, að hann hefði flutt til Osló árið 1970 og dvalist þar til júlí 1974, er hann fór heim og

flutti með sér búslóð sína. Ákærði kvaðst á árunum 1974—1976 hafa verið meira og minna við nám og störf í Noregi og Svíþjóð. Myndavél þá, sem málið snýst um, kvaðst ákærði hafa keypt 4. október 1976 fyrir 2.600 norskar krónur í Noregi. Samdægurs fór ákærði heim með vélina. Ákærði kvaðst hafa gengið í gegnum „græna hliðið" hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli. Ákærði sagði tollverðina enga athugasemd hafa gert, „enda taldi ég mig ekki vera með tollskyldan varning, þar sem ég hef á undanförnum 10 árum gengið um flughafnir með tvær myndavélar, sem ég hef átt, án athugasemda tollvarða." Ákærði sagði síðan, að hann hefði farið í náms- og vinnuferð til Svíþjóðar og Noregs í fyrravor og haft þá með sér margnefnda vél. Ákærði kvaðst við heimkomuna hafa gengið með vélina um öxl sem fyrr og í gegnum „græna hliðið". Ákærði sagði tollverði þá hafa lagt hald á vélina, þar eð þeir töldu hana ónotaða.

Málið var sent á ný til ríkissaksóknara 19. s. m., og með bréfi, dagsettu 26. s. m., heimilaði ríkissaksóknari dómssátt í málinu. 8. nóvember sl. neitaði ákærði í dóminum að ljúka málinu með dómssátt á þeim forsendum, að hann teldi sig eigi hafa brotið ákvæði tolllaga við komu til landsins 25. maí sl., þar sem hann hefði þá framvísað myndavélinni og linsunum ótilkvaddur við tollverði í „græna hliðinu" með því að leggja hlutina ásamt öðrum farangri á borð það, sem tollvörðurinn stóð við. Með þessu kvaðst ákærði telja sig hafa framvísað myndavélinni og ofangreindum linsum. Að öðru leyti vildi ákærði vísa til framburðar síns hjá rannsóknarlögreglunni.

Auk framangreindra skýrslna hafa verið lögð fram í málinu 3 ábyrgðarskírteini og einn vörureikningur frá Kamera-service, Karl Johans gate 5, Osló, Noregi. Samkvæmt gögnum þessum hafa munir þeir, sem tollgæslan lagði hald á, verið keyptir 4. október 1976. Samkvæmt vörureikningnum, sem ákærði lagði fyrst fram í dóminum 8. nóvember sl., var kaupverð vélarinnar og linsnanna 2.410 norskar krónur. Frá því kaupverði var síðan dreginn 20% staðgreiðsluafsláttur að fjárhæð 480 norskar krónur, mismunur 1.930 norskar krónur. Síðan var dregið frá því verði „móttekin notuð myndavél" að fjárhæð kr. 1.300, mismunur 630 norskar krónur, sem ákærði hefur haldið fram, að væri hið raunverulega kaupverð.

3. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði hvorki sætt kærum né refsingum.

4. Eins og atvikum er háttað, er óhjákvæmilegt að leggja til

grundvallar í málinu þá frásögn ákærða, að hann hafi keypt myndavélina og linsurnar í Osló 4. október 1976 og komið með þær til landsins samdægurs. Einnig verður að leggja til grundvallar þann framburð ákærða, að hann hafi lagt inn í viðkomandi verslun notaða vél sem hluta af kaupverðinu, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974.

Í 1. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, er þá giltu (nú nr. 120/1976), segir, að af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skuli greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögunum eða sérstökum lögum. Í 4. og 5. tl. 2. gr. sömu laga er gert ráð fyrir tollfrelsi vanalegs farangurs áhafna og farþega í farartækjum. Samkvæmt 42. tölulið 3. gr. laganna, er heimild til að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi farmanna og ferðamanna umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tl. 2. gr., sbr. á þessum tíma reglugerð nr. 362/1975 (sbr. nú reglugerð nr. 151/1978). Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar er ákveðið hámark þess, sem flytja má inn tollfrjálst af varningi fengnum erlendis í ferðum auk fatnaðar og ferðabúnaðar, sem haft hefur verið með héðan til útlanda. Í 6. gr. er gert ráð fyrir framvísunarskyldu á öllum farangri sérhvers ferðamanns og sett skilyrði varðandi tollmeðferð, m. a. um, að þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram, sé tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu annars vegar fyrir þá, sem hafa engan tollskyldan varning meðferðis við komu til landsins, og hins vegar fyrir þá, sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur, sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni. Umrætt sinn notaði ákærði hlið, sem jafngilti því, að hann hefði gefið yfirlýsingu um, að hann hefði ekki tollskyldan varning.

Í 4. gr. tollskrárlaga er fjallað um vörur, sem koma til landsins úr viðgerð og annarri aðvinnslu. Samkvæmt greininni er það aðalreglan, að séu hlutir sendir til útlanda til viðgerðar og þeir breyti ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skuli greiða aðflutningsgjöld af aðvinnslukostnaði. Hins vegar segir greinin, að ef munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu, að úr verði nýir hlutir, skuli greiða af þeim gjöld eftir tollskránni, eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru. Hvergi er í greininni eða annars staðar í lögum gert ráð fyrir, að hægt sé að fá tollívilnun, ef gamall hlutur er seldur erlendis og söluverðið nýtt til kaupa á nýjum hlut. Ákærði getur því í engu notið þess í málinu að hafa selt gamla myndavél, um leið og hann keypti nýja.

Samkvæmt tollseðli, sem fram hefur verið lagður í málinu, er tollverð þess varnings, sem tollgæslan lagði hald á hjá ákærða umrætt sinn, 96.000 krónur og smásöluverð erlendis samkvæmt upplýsingum ákærða 1.930 norskar krónur. Verðmæti munanna hefur því farið fram úr mörkum 1. gr. reglugerðar nr. 362/1975, sem leggja ber til grundvallar samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1940, og samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar bar ákærða því umrætt sinn að nota tollafgreiðslu auðkennda með rauðu skilti. Þar sem ákærði gerði það ekki, hefur hann brotið gegn 60. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 og unnið til refsingar samkvæmt 61. gr., sbr. 71. gr. laganna, sbr. lög nr. 71/1976. Refsingin telst hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 120.000 krónur til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Eftir atvikum þykir ekki alveg næg ástæða til að gera varning ákærða upptækan, og er sektarupphæð við það miðuð.

Einnig ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins, m. a. á málflutningslaunum skipaðs verjanda, Benedikts E. Guðbjartssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Laxdal Marinósson, greiði 120.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Benedikts E. Guðbjartssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð krónur 40.000.

Miðvikudaginn 5. desember 1979.

Nr. 21/1978. **K**
(Einar Sigurðsson hrl.)
gegn
Ólafi Þ. Þorsteinssyni og
(Logi Guðbrandsson hrl.)
bæjarsjóði Siglufjarðar
og gagnsök
(Hörður Einarsson hrl.).

Ábyrgð lækna. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1978. Gerir hún þær dómkröfur, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða henni óskipt kr. 10.000.000 með 7% ársvöxtum frá 4. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara er krafist vaxta, eins og gert var fyrir héraðsdómi, þ. e. 13% ársvaxta frá 1. desember 1960 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 20. janúar 1978.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 3. febrúar 1978. Þeir gera þær dómkröfur fyrir Hæstarétti, að þeir verði sýknaðir af öllu mkröfum aðaláfrýjanda, sem einnig verði dæmd til þess að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir

mega staðfesta úrlausn hans um óskipta fébótaábyrgð gagnáfrýjenda gagnvart aðaláfrýjanda.

Af hálfu gagnáfrýjenda hefur því verið hreyft, að hafa beri í huga við ákvörðun bótafjárhæðar, ef til komi, að eigi muni vera útilokað að bæta úr afleiðingum vönunarinnar með nýrri tiltölulega einfaldri skurðaðgerð. Hefur gagnáfrýjandinn Ólafur þessu til stuðnings lagt fram í málinu tvær ritgerðir úr erlendum læknatímaritum um vönunaraðgerðir á konum og um aðgerðir til að bæta úr ófrjósemi vanaðra kvenna. Annarra læknisfræðilegra gagna um þetta atriði nýtur hins vegar ekki við í málinu, svo sem um það, hversu mikil eða áhættusöm slík aðgerð væri, eða hvort hún væri vænleg til árangurs í því sérstaka tilviki, sem hér er um fjallað. Verður því ekki tekið tillit til þessa við ákvörðun fébóta til aðaláfrýjanda.

Þegar litið er til þeirrar röskunar á stöðu og högum, sem aðaláfrýjandi hefur orðið fyrir, þykja bætur hæfilega ákveðnar 3.000.000 krónur með vöxtum eins og krafist er, þó þannig, að rétt þykir að miða upphafstíma vaxta við stefnubirtingardag 4. febrúar 1976 svo og að vextir verði ekki ákveðnir hærri en 13% á ári til 21. febrúar 1978. Eru ekki skilyrði til að leyfa áfrýjanda að hækka vaxtakröfuna vegna vaxtabreytinga, sem tekið höfðu gildi fyrir áfrýjun málsins, þar sem krafa um það var ekki gerð í áfrýjunarstefnu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað ber að staðfesta.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjendur til þess að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 krónur og renni í ríkissjóð.

Aðaláfrýjandi hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns aðaláfrýjanda, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Ólafur Þ. Þorsteinsson og bæjarstjórn Siglufjarðar fyrir hönd bæjarsjóðs Siglufjarðar-

kaupstaðar, greiði óskipt aðaláfrýjanda, K, 3.000.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 4. febrúar 1976 til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Gagnáfrýjendur greiði 450.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. nóvember sl., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir hönd K . . ., með stefnu, birtri 4. febrúar 1976, gegn Ólafi Þorsteinssyni, yfirlækni á Siglufirði, og Bjarna Þór Jónssyni bæjarstjóra f. h. bæjarstjórnar Siglufjarðar til greiðslu in solidum á kr. 10.000.000 með 13% ársvöxtum frá 1. desember 1960 til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsóknarleyfi með bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 9. október 1975.

Af hálfu beggja stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir og fái tildæmdan málskostnað úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi þessa máls er fædd 5. júní 1941 í Siglufirði. Hún ólst upp hjá konu að nafni A til 12 ára aldurs, en síðan hjá B, en foreldrar stefnanda voru ógiftir. Báðar þessar konur eru nú látnar.

Í nóvembermánuði 1961 gekk stefnandi undir botnlangaskurð á Sjúkrahúsi Siglufjarðar, og framkvæmdi stefndi Ólafur Þ. Þor-

steinsson læknir þá aðgerð. Í sama skipti var gerð, eins og segir í sjúkraskýrslu stefnanda frá 2. nóvember til 2. desember 1961, sem vitnað er til í bréfi stefnda Ólafs til landlæknis, dags. 16. maí 1972: „dicisie tubarum bilat, bundið fyrir tuburnar og saumað yfir uterushornin á vanalegan hátt", þ. e. a. s. stefnandi var gerð ófrjó. Stefndi Ólafur framkvæmdi og þessa aðgerð. Í sjúkraskýrslunni segir, að þessi aðgerð hafi verið framkvæmd samkvæmt eindregnum óskum aðstandenda og nánustu ráðamanna og með hliðsjón af andlegri heilsu stefnanda. Stefndi Ólafur tekur fram í sama bréfi úr sjúkraskýrslunni eftirfarandi: „ . . . Hefur frá fyrstu tíð verið mjög vangefin andlega, þó tæplega fullkominn fáviti. Hún getur þó ekki hamist við nein störf og vinnur engan veginn fyrir sér. (Móðir hennar er sömuleiðis mjög vangefin andlega)".

Þá segir í sjúkraskýrslunni, að stefnanda hafi heilsast vel eftir aðgerðina og sárið gróið. Þess ber að gæta að stefnandi heldur fram, að aðgerðin hafi verið framkvæmd í nóvember 1960, en skv. sjúkraskýrslu mun hún hafa verið framkvæmd í nóvember 1961.

Stefndi Ólafur kom fyrir réttinn 28. júní sl. og kvaðst viðurkenna, að leyfis landlæknis hefði ekki verið leitað til framangreindrar aðgerðar. Það hefði sér yfirsést, en hann hefði ekki munað eftir þeim lögum, sem ná til aðgerða af þessu tagi, en um er að ræða lög nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt. Stefndi sagði, að eftir þessa málshöfðun hefði hann lesið lagaákvæðin varðandi þessa aðgerð og teldi, að skilyrði hefðu verið fyrir hendi til að framkvæma hana. Stefndi tók sérstaklega fram, að stefnandi hefði ekki hamist við nein störf og hafi á engan hátt getað unnið fyrir sér og á engan hátt verið hæf til að ala upp börn. B fóstra stefnanda hafi beðið um ófrjósemisaðgerðina. Móðir stefnanda hafi alist upp á heimili B, en hún sé vangefin á álíka stigi og stefnandi. Hún geti ekki unnið fyrir sér sjálfstætt, en hún hafi verið tekin í eldhúsið á spítalanum í Siglufirði og fái sjálfsagt eitthvert kaup fyrir það. Erfitt sé að gera sér grein fyrir því, hvort um kynfylgju geti verið að ræða, þegar skoðað sé andlegt atgerfi stefnanda og móður hennar. Segja megi, að sum móðursystkin stefnanda séu vel gefið fólk.

Stefndi sagði, að aðgerðin hefði verið framkvæmd samkvæmt sínu mati, en hann hefði ekki ráðfært sig við skólanefnd né barnaverndarnefnd á staðnum og ekki heldur vandamenn stefnanda

utan B. Hann hafi þekkt vel til stefnanda og í litlum bæ eins og Siglufirði hafi gripið um sig hálfgerð skelfing manna á meðal, þegar frést hafi, að stefnandi væri farin að búa með manni inni í Skagafirði, sem orð hefði haft á sér fyrir óreglu og að vera lítt gefinn fyrir vinnu. Menn hafi getað séð fyrir sér, að þau færu að eiga börn saman.

Hinn 4. maí 1972 ritar stefnandi landlækni bréf, þar sem hún tjáir honum, að hún hafi ekki getað eignast barn, en stefnandi giftist 3. apríl 1969. Stefnandi biður landlækni að komast að því, hvort framkvæmd hafi verið aðgerð á sér í sama skipti og botnlanginn var tekinn, sem orsaki þetta, og enn fremur að hjálpa sér, ef hægt sé að bæta úr þessu.

Landlæknir framsendir stefnda Ólafi þetta bréf 8. maí 1972, og Ólafur ritar síðan landlækni bréf, dags. 16. maí 1972, sem vitnað er í hér að framan.

Hinn 20. júní 1972 sendir landlæknir með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu málið til þóknanlegrar meðferðar.

„Ráðuneytið vill með vísan til 2. gr. laga nr. 14, 15. maí 1942 leita umsagnar siðamáladeildar læknaráðs um meðfylgjandi mál K, . . ., sem Ólafur Þ. Þorsteinsson, sjúkrahúslæknir, Siglufirði, gerði aðgerð á í nóvember 1960.

Með vísan til 3. mgr. 2. gr. laga um læknaráð er sérstaklega óskað rökstuddrar umsagnar um það, hvort umrædd aðgerð sé tilhlýðileg eða ekki".

Hinn 29. júní 1972 ritar landlæknir stefnanda bréf og skýrir henni frá því, að framkvæmd hafi verið á henni ófrjósemisaðgerð á Sjúkrahúsi Siglufjarðar.

Hinn 31. okt. 1972 gerir siðamáladeild Læknaráðs tillögu um ályktun Læknaráðs svohljóðandi:

„Læknaráð telur, að aðgerð sú, sem um ræðir og gerð var í Sjúkrahúsi Siglufjarðar í nóvember 1960, hafi ekki verið tilhlýðileg sakir skorts á tilskilinni heimild til aðgerðarinnar samkv. lögum nr. 16/1938, svo sem fram kemur í bréfi landlæknis til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 20. júní 1972."

Læknaráð samþykkti tillögu siðamáladeildar í einu hljóði á fundi sínum 11. mars 1974.

Stefnandi skýrði frá því fyrir rétti, að eftir að aðgerðin var framkvæmd á Sjúkrahúsi Siglufjarðar, hafi hún farið frá fóstru sinni. Árið 1965 hafi hún trúlofast manni, en þau hafi slitið samvistir árið 1968, en sambúð þeirra hafi verið slæm, m. a. vegna þess, að hún hafi talið manninn ekki geta getið börn. Sig hafi á

árunum 1967—1968 farið að gruna, að ekki væri allt með felldu vegna aðgerðarinnar á Sjúkrahúsi Siglufjarðar, og hafi hún þá farið í rannsókn, sem hafi sýnt, að hún hafi verið gerð ófrjó. Henni hafi ekki verið sagt frá því á sínum tíma, að þessi aðgerð hefði verið framkvæmd. Stefnandi kvaðst hafa óskað eftir því að fá barn í fóstur, en verið neitað um það og hafi henni verið sagt af héraðslækni sínum, að hún væri ekki hæf til þess.

Með bréfi, dags. 15. desember 1976, biður lögmaður stefnda Ólafs dómara málsins um að dómkveðja tvo matsmenn til að skoða stefnanda. Segir í beiðni þessari:

„Fram hefur komið, að stefndu telja, að við stefnanda eigi ákvæði 2. töluliðar 5. gr. l. nr. 16/1938, en í lagaákvæði þessu segir: „Vönun skal því aðeins leyfa: a. að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem . . . fávitaháttur . . . b. að viðkomandi sé fáviti . . . og gild rök séu til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu."

Þess er óskað, að matsmenn láti í ljós álit sitt um, 1. Hvort stefnandi sé fáviti í skilningi ofangreindra lagaákvæða. 2. Hvort gild rök liggi til þess, að hún beri í sér að kynfylgju fávitaházt, sem mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hennar. 3. Hvort fávitaháttur hennar, ef um hann er að ræða, leiði til þess, að hún geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfri sér og afkvæmi sínu."

Stefnandi neitaði að gangast undir þessa skoðun.

Af hálfu stefnanda er þeim ummælum stefnda Ólafs, sem fram koma í bréfi hans til landlæknis, dags. 16. maí 1972, svo og í greinargerð hans um andlegt ásigkomulag stefnanda og móður hennar, mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Ekkert hafi komið fram, sem styðji þessa fullyrðingu. Stefnandi hafi mótmælt því að gangast undir þá skoðun, sem beðið hafi verið um í þessu sambandi, á þeirri forsendu, að hún hafi ekki talið sig þurfa að sanna, að hún væri ekki andlega vangefin, heldur væri sú sönnun stefndu. Einkunn stefnanda í skriflegri íslensku í Gagnfræðaskóla Siglufjarðar sýni t. d., að hún sé þokkalega vel gefin.

Forsendur aðgerðarinnar hafi því ekki verið fyrir hendi, en læknirinn hafi þar að auki ekki sótt um tilskilin leyfi til landlæknis. Hafi hann borið fyrir sig, að hann hafi ekki munað eftir lögunum, og beri ábyrgð á því. Þá hafi læknirinn ekki borið aðgerðina undir neinn af aðstandendum stefnanda, en það sé einskis nýtt, að hann hafi talað við fóstru hennar, enda hafi hún

ekkert leyfi haft til að biðja um ófrjósemisaðgerð. Um sé að ræða mjög alvarlega aðgerð, sem læknirinn og vinnuveitandi hans beri ábyrgð á skv. 264. gr. alm. hegningarlaga. Fram komi í ályktun Læknaráðs frá 11. mars 1974, að þeir telji, að forsendur til aðgerðarinnar hafi ekki verið fyrir hendi, en gagnályktun frá ályktuninni sé óheimil. Út í loftið sé, að stefnanda hafi verið neitað að taka fósturbarn, en um það liggi ekkert vottorð fyrir frá héraðslækni hennar.

Siglufjarðarkaupstaður eigi og reki það sjúkrahús, sem aðgerðin var framkvæmd á og stefndi Ólafur starfaði. Um sé að ræða sannanleg mistök læknis, sem vinnuveitandi hans beri ábyrgð á, og beri því að dæma þá in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur.

Af hálfu stefnda Ólafs er á því byggt, að aðgerð sú, sem framkvæmd var á stefnanda, hafi verið réttlætanleg og því lögleg, þegar hún fór fram. Skilyrði 5. gr. laga nr. 16/1938 hafi verið fyrir hendi, sem sé þau, að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem fávitaháttur, að viðkomandi sé fáviti og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu. Fram komi í bréfi stefnda Ólafs til landlæknis, dags. 16. maí 1972, að þessi skilyrði hafi verið fyrir hendi. Það, að eins hafi verið ástatt um stefnanda og móður hennar að þessu leyti, hafi í för með sér sterkar líkur á því, að afkomandi stefnanda mundi verða haldinn sömu ágöllum.

Í greinargerð með lögum nr. 16/1938 sé tekið fram, að hafi viðkomandi greindarvísitöluna (vitkvótann) 50—70 stig, sé um að ræða fávitaháttar í skilningi laganna. Hins vegar verði að gæta þess, að orðið fáviti hafi síðan þá tekið breytingum og muni nú jafnvel þeir, sem kallaðir séu þroskaheftir, ekki í öllum tilvikum hafa hærri greindarvísitölu en 70 stig. Þótt viðkomandi geti lært, t. d. að lesa og skrifa, útiloki það engan veginn, að hann geti ekki talist fáviti í skilningi þessara laga.

Stefnandi geti einn upplýst um fávitaháttar sinn, en þar sem hún hafi neitað að gangast undir þá skoðun, sem beðið hafi verið um, verði sönnun ekki til að dreifa. Þessi neitun leiði hins vegar til þess, að sönnunarbyrðin snúist við og falli á stefnanda.

Sama máli gegni um möguleika til framfærslu, því að það geti stefnandi ein sannað, sem hún hafi ekki gert, og færist því sönnunarbyrðin um það atriði einnig á stefnanda. Þess verði að gæta, að stefnandi hafi sjálf borið fyrir rétti, að henni hafi verið

synjað um að fá fósturbarn á þeirri forsendu, að hún væri óhæf til þess, og styðji það framangreinda staðhæfingu stefnda. Móðir stefnanda hafi verið ófær til þess að sjá til með henni og því hafi henni verið komið í fóstur. Fóstra hennar hafi beðið um aðgerðina og því hafi beiðni um hana komið frá réttum aðilja.

Það sé viðurkennt, að stefnda Ólafi hafi yfirsést að leita leyfis landlæknis til aðgerðarinnar.

Af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hafi verið óskað rökstuddrar umsagnar Læknaráðs um, hvort aðgerðin hafi verið tilhlýðileg eða ekki. Niðurstaða Læknaráðs, að aðgerðin hafi ekki verið tilhlýðileg sakir skorts á tilskilinni heimild skv. lögum nr. 16/1938, feli það í sér, að heimilt sé að gagnálykta þannig, að Læknaráð telji, að öll önnur skilyrði til aðgerðarinnar en leyfisveitingin ein hafi verið fyrir hendi. Þess vegna megi byggja á því, að leyfi til aðgerðarinnar hefði verið veitt, hefði þess verið leitað. Við aðgerðina sem slíka hafi ekkert verið að athuga og hún framkvæmd með eðlilegum hætti. Af framansögðu leiði, að bótaskylda sé ekki fyrir hendi.

Stefndi mótmæli fjárhæð kröfu stefnanda sem allt of hárri. Þess verði að gæta, að ekki sé um fjárhagslegt tjón stefnanda að ræða, heldur miska, en miskabætur heyri til undantekninga og séu aðeins heimilar á grundvelli 264. gr. alm. hegningarlaga, en efni þeirrar lagagreinar nái ekki til þessa tilviks. Engar varanlegar eða sjúklegar breytingar hafi verið aðgerðinni samfara og því ekki um miska að ræða af þeim sökum. Aðeins sé um að ræða þann miska, að stefnandi geti ekki alið núverandi eiginmanni sínum börn.

Stefnandi virðist ekki hafa látið gera neina athugun á því, hvort hægt sé að gera hana frjóa á nýjan leik, þótt hún hafi sett fram beiðni um aðstoð þess efnis í bréfi sínu til landlæknis. Það sé almenn regla í bótarétti, að tjónþola beri skylda til að stuðla að því, að tjón verði sem minnst. Erlendar rannsóknir hafi leitt í ljós, að meir en 50% líkur séu á því, að gera megi konur frjóar á nýjan leik, eftir vönun, með skurðaðgerð. Hugsanlegar bætur til stefnanda verði að miða við nefnda reglu skaðabótaréttar og framangreinda læknisfræðilega staðreynd. Þessi málsástæða kom fyrst fram í munnlegum flutningi málsins.

Þá verði þess að gæta, að vextir eldri en 4 ára af kröfu stefnanda séu fyrndir skv. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Af hálfu stefnda Siglufjarðarkaupstaðar var vísað til málflutnings af hálfu stefnda Ólafs varðandi efnislega afstöðu til

kröfunnar. Því var hins vegar haldið fram varðandi kröfur stefnanda á hendur Siglufjarðarkaupstað, að aðgerð stefnda Ólafs væri svo óvenjulegs eðlis, að hún félli ekki undir mistök í starfi, sem húsbóndi bæri almennt ábyrgð á, enda væri fjarstæðukennt, að læknir gerði vönunaraðgerð í tengslum við botnlangaskurð. Þau mistök, sem orðið hefðu, gætu því ekki bakað stefnda Siglufjarðarkaupstað neina skaðabótaábyrgð.

Niðurstaða.

Í þessu máli hefur eigi verið leitt í ljós, hvort skilyrði þeirrar aðgerðar, sem framkvæmd var á stefnanda, hafi verið fyrir hendi, eins og þeim er lýst í 2. mgr. 3. gr. og 2. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 16/1938. Þykir engu breyta í því sambandi, þótt stefnandi hafi neitað að gangast undir þá rannsókn, sem beðið var um.

Viðurkennt er af hálfu stefnda Ólafs, að hann hafi eigi leitað leyfis landlæknis til aðgerðarinnar. Hann hefur því eigi farið eftir fyrirmælum í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 16/1938. Með því hefur stefndi Ólafur, sbr. 9. gr. laga nr. 16/1938, bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda skv. 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sú aðgerð, sem stefndi Ólafur framkvæmdi á stefnanda, og aðdragandi hennar þykja eigi vera með þeim hætti, að Siglufjarðarkaupstaður sem eigandi sjúkrahússins í Siglufirði beri eigi húsbóndaábyrgð á þessari framkvæmd sjúkrahússlæknisins. Ber því að dæma stefndu til greiðslu bóta in solidum. Líta verður svo á, að bæjarstjóranum í Siglufirði hafi verið stefnt f. h. bæjarstjórnar vegna bæjarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar í máli þessu.

Þegar metið er eðli aðgerðarinnar og önnur málsatvik, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 1.500.000, sem stefndu greiði stefnanda in solidum. Af þeirri fjárhæð ber stefndu að greiða 7% ársvexti frá 4. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvexti frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000, sem renni í ríkissjóð.

Stefnandi hefur gjafsókn í málinu, en ekkert liggur fyrir um útlagðan kostnað hennar. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 250.000, greiðist úr ríkissjóði og renni til skipaðs talsmanns hennar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Þ. Þorsteinsson og bæjarstjórnin í Siglufirði f. h. bæjarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar, greiði in solidum stefnanda, K, kr. 1.500.000 með 7% ársvöxtum frá 4. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 250.000, greiðist úr ríkissjóði og renni til skipaðs talsmanns hennar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. desember 1979.

Nr. 92/1978. **Gunnar Gíslason**
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
gegn
Þin s/f
og gagnsök
(Gunnar Sólnes hrl.).

Fasteignaviðskipti. Vanefnd. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Björn Jósep Arnviðarson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. maí 1978. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. október 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. september s. á. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að þola riftun á kaupsamningi aðilja 20. janúar 1975 „um kaup á raðhúsíbúð merktri d í húseigninni nr. 1 við Heiðarlund á Akureyri". Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 9. febrúar 1977 fékk aðaláfrýjandi dómkvadda tvo hæfa og óvilhalla menn til að segja álit sitt um verðmæti raðhúss þess, sem fjallað er um í málinu, annars vegar miðað við almennt verðlag, er kaupin áttu sér stað, og hins vegar miðað við byggingarvísitölu á sama tíma. Hvort tveggja skyldi miða við byggingarstig hússins, þegar kaupin fóru fram. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna 13. apríl 1977 segir, að samningsverðið hafi verið eðlilegt miðað við almennt verð húsa af líkri gerð, en þó ef til vill í hærri mörkunum. Miðað við byggingarstig hússins við sölu og það, sem eftir var þá að gera við húsið samkvæmt kaupsamningi, töldu matsmenn, að 45% kostnaður við byggingu þess væri að baki, eða 2.465.615 krónur.

II.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, er kaupsamningur aðilja um raðhúsið nr. 1 d við Heiðarlund dagsettur 20. janúar 1975, og er ágreiningslaust, að húsið var afhent aðaláfrýjanda við undirskrift kaupsamnings. Verð hússins var 2.400.000 krónur að viðbættri hækkun þeirri, sem orðið hafði á vísitölu byggingarkostnaðar eftir 1. mars 1974. Vísitala var þá 998 stig, en var komin upp í 1455 stig hinn 1. nóvember 1974. Er ekki ágreiningur um, að hækkun húsverðsins miðað við þessa vísitöluhækkun hafi numið 1.098.960 krónum, eins og í héraðsdómi greinir. Gagnáfrýjandi byggir ekki kröfur sínar á hækkun byggingarvísitölu, sem varð eftir 1. nóvember 1974, en sú vísitala var kunn, þegar samningur

var undirritaður. Taka ákvæði laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga því ekki til samningsákvæðis þessa um verðhækkun, sem orðin var við samningsgerð, miðað við byggingarvísitölu. Verður að meta þetta samningsákvæði gilt, og aðaláfrýjanda hefur ekki gegn neitun gagnáfrýjanda tekist að sanna, að hann hafi átt að greiða aðra lægri fjárhæð en hækkun byggingarvísitölunnar nam.

III.

Aðalkrafa gagnáfrýjanda er sú, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að þola riftun kaupsamnings, þar sem um sé að ræða verulegar vanefndir.

Í hinum áfrýjaða dómi eru rakin þau ákvæði kaupsamnings aðilja frá 20. janúar 1975, sem fjalla um vísitölur. Vísitöluhækkunina skyldi greiða við afhendingu hússins, en óumdeilt er, að það var afhent aðaláfrýjanda sama dag og kaupsamningur var gerður. Í kaupsamningnum er einnig ákvæði þess efnis, að verði veruleg vanskil á greiðslum frá aðaláfrýjanda, sé gagnáfrýjanda heimilt að rifta kaupunum gegn endurgreiðslu kaupverðsins að frádregnum 90.000 krónum. Vísitölur þær, er miða skyldi hækkunina við, voru kunnar, þegar kaupsamningurinn var gerður, en þó var hið raunverulega söluverð íbúðarinnar ekki endanlega reiknað út. Aðaláfrýjandi og eiginkona hans, Ingunn Sigurgeirsdóttir, hafa borið, að Sævar Jónatansson, fyrirsvarsmaður og annar eigandi Þins s/f, hafi tjáð þeim, að vísitöluhækkunin gæti numið um 300.000 krónum. Nefndur Sævar hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að rétt geti verið, að hann hafi sagt, að vísitöluhækkun íbúðarinnar yrði um 300.000 krónur, en sé svo, hafi það verið í október 1974. Óumdeilt er, að gagnáfrýjandi afhenti aðaláfrýjanda húsið við undirskrift samnings. Ástæðulaust var að tilgreina ekki kaupverð hússins í samningnum með ákveðinni fjárhæð, þar sem auðvelt var að reikna hana út. Gagnáfrýjanda mátti vera ljóst, að aðaláfrýjandi mundi halda áfram byggingu hússins. Það var þó ekki fyrr en í júní sama ár sem gagnáfrýjandi krafði aðaláfrýjanda um vísitöluhækkunina og virðist þá hafa reiknað hana

hærri en rétt var. Riftunarkröfu sína hafði gagnáfrýjandi ekki uppi fyrr en 23. ágúst 1976. Hvorki bauð hann þá fram endurgreiðslu kaupverðs né bætur vegna verðmætisaukningar. Ljóst er, að það mundi hafa verulega hagsmunaröskun í för með sér fyrir aðaláfrýjanda, ef riftunarkrafa gagnáfrýjanda yrði tekin til greina. Þegar allt þetta er virt, eru eigi efni til að heimila riftun.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 1.098.960 krónur. Gagnáfrýjandi þykir ekki vera skyldur til að una geymslufjárgreiðslu þeirri, sem aðaláfrýjandi innti af hendi, þar sem gagnáfrýjandi gat ekki leyst hana til sín, nema ganga að skilyrðum, sem hann var ekki skyldur að hlíta. Upphafstíma vaxta þykir rétt að miða við 1. júlí 1975, þar sem gagnáfrýjandi krafði aðaláfrýjanda ekki um vísitöluhækkunina fyrr en í júnímánuði það ár, eins og fyrr segir. Samkvæmt þessu og dómkröfum gagnáfrýjanda ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða honum fyrrgreinda fjárhæð ásamt 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 550.000 krónur.

Dómsorð

Framangreind riftunarkrafa er ekki tekin til greina.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Gíslason, greiði gagnáfrýjanda, Þin s/f, 1.098.960 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 24% ársvöxtum frá þeim degi

til greiðsludags svo og 550.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara Hæstaréttar að öðru leyti en því, að ég tel, að dæma beri 24% ársvexti af kröfunni þegar frá 15. júní 1979, sbr. 1. gr. laga nr. 76/1979, enda er ekki með því farið út fyrir dómkröfur gagnáfrýjanda. Skiptir ekki máli, þótt ekki sé af hans hálfu sérstaklega skírskotað til þessa lagaákvæðis við flutning máls fyrir Hæstarétti, þar sem til þess lágu engar réttarfarsnauðsynjar.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. apríl 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. mars sl., hefur Sævar Jónatansson, Höfðahlíð 9, Akureyri, höfðað fyrir hönd Þins s/f, Akureyri, með stefnu, útgefinni 8. október 1976 og birtri 9. október s. á., á hendur Gunnari Gíslasyni, Heiðarlundi 1 d, Akureyri.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði gert að þola riftun á kaupsamningi, dags. 20. janúar 1975, um kaup á raðhúsíbúð merktri bókstafnum d í húseigninni nr. 1 við Heiðarlund á Akureyri.

Til vara gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.150.488 með 2% mánaðarvöxtum frá 20. janúar 1975 til greiðsludags. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í báðum tilvikum.

Mætt hefur verið af hálfu stefnda og þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ eða reikningi.

Sátta hefur verið leitað í málinu árangurslaust.

Málavextir eru þeir, að 20. janúar 1975 gerðu aðiljar máls þessa með sér kaupsamning um íbúðina nr. 1 d við Heiðarlund á Akureyri.

Í kaupsamningi er lýst, í hvaða ástandi íbúðin skyldi afhendast, og er ekki ágreiningur um þau atriði í máli þessu.

Í kaupsamningi segir m. a.:

„Söluverð íbúðarinnar er kr. 2.400.000.00 — tvær milljónir og fjögur hundruð þúsund krónur 00/100 —.

Kaupandi lofar að kaupa framangreinda íbúð, eins og henni er lýst hér að framan, fyrir ofangreint kaupverð, sem hann lofar að greiða þannig:

1.	Við undirskrift samnings þessa	kr.	775.000.00
2.	Hinn 15. febrúar 1975	—	250.000.00
3.	Hinn 1. apríl 1975	—	425.000.00
4.	Hinn 1. maí 1975	—	250.000.00
5.	Hinn 1. júní 1975	—	200.000.00
6.	Kaupandi greiði, þegar hann fær fyrri hluta láns Húsnæðismálastofnunar ríkisins	—	500.000.00
		Samtals kr.	2.400.000.00

Þegar íbúðinni verður afsalað til kaupanda, skal hann samþykkja víxla til tryggingar greiðslum skv. liðum 2—6 að svo miklu leyti sem þær kunna að vera ógreiddar.

Framangreint verð er miðað við byggingarvísitölu hinn 1. mars 1974, og skal kaupandi greiða hækkanir, er verða kunna á byggingarkostnaði frá þeim degi og þar til byggingu lýkur. Skal kaupandi greiða hækkunina þannig, að hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar bætist ofan á greiðslur samkvæmt samningi þessum, og skal þá miðað við þá vísitölu, sem í gildi er á viðkomandi gjalddaga, að frádreginni vísitölu hinn 1. mars 1974. Skal hækkunin greiðast í einu lagi við afhendingu íbúðarinnar.

Áætlaður afhendingartími er nú þegar, að undanskildu hinu sameiginlega.“

Umræddar kr. 2.400.000 greiddi stefndi án teljandi frávika frá umsömdum gjalddögum, en verðhækkun vegna hækkunar á byggingarvísitölu frá 1. mars 1974 greiddi hann ekki, og er það ágreiningsatriði máls þessa.

Þegar kaupsamningur var undirritaður 20. janúar 1975, var ekki búið að reikna út, hver hækkun kaupverðs yrði samkvæmt ákvæði kaupsamningsins, og varð það að samkomulagi, að það greiddist, þegar útreikningur hækkunarinnar væri fyrir hendi.

Í júnímánuði 1975 var stefndi krafinn um hækkun skv. útreikningi, og var sú hækkun sögð vera kr. 1.274.700. Af þessari hækkun átti að veita 25% afslátt, þannig að krafist var kr. 956.025.

Stefndi ritaði stefnanda bréf 2. janúar 1976 vegna umræddrar

hækkunar, þar sem hann mótmælir hækkun þessari og telur hana brjóta í bága við 1., sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga nr. 71 6. maí 1966. Þá hélt stefndi því fram, að útreikningar stefnanda væru ekki réttir.

Í bréfi til stefnda, dags. 14. janúar 1976, mótmælir stefnandi þeim skilningi stefnda, að ákvæði kaupsamnings um hækkun kaupverðsins brjóti í bága við lög nr. 71/1966, en fellst hins vegar á að láta endurskoða útreikninga hækkunarinnar og leiðrétta þá, ef þeir reynist rangir.

Hinn 10. febrúar 1975 stefnir stefndi máls þessa Þin s/f, sem í máli þessu er stefnandi, og krefst útgáfu afsals sér til handa, þar sem hann hafi þegar greitt umsamið kaupverð, kr. 2.400.000. Dómur í máli þessu var kveðinn upp 9. ágúst 1976 á bæjarþingi Akureyrar, og var þar sýknað af kröfu um útgáfu afsals. Í forsendum þess dóms segir m. a.:

„Þegar kaupsamningurinn var gerður hinn 20. janúar 1975, var byggingarvísitala kunn fyrir tímabilið frá 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975. Vísitöluálagið fyrir þetta tímabil er föst tala, þótt ekki sé hún reiknuð út í krónum í kaupsamningnum. Eftir 1. mars 1975 var vísitalan ókunn, er kaupsamningurinn var gerður.

Lítur dómurinn svo á, að ákvæðið í kaupsamningnum um vísitöluálagið allt til 1. mars 1975 sé ekki brot á lögum nr. 71/1966 og ákvörðun kaupverðs með ofannefndum hætti ekki ólögleg, en hins vegar sé ákvæðið um vísitöluálag á kaupverð eftir 28. febrúar 1975 brot á lögum nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga og ógilt frá þeim degi skv. 2. mgr. 1. gr. laganna."

Eftir að dómur í fyrrgreindu máli féll, deponeraði stefndi máls þessa, Gunnar Gíslason, kr. 300.000, en hann hélt því fram, að seljendur íbúðarinnar, þ. e. stefnandi í máli þessu, hefðu sagt, að vísitöluhækkunin yrði um kr. 300.000. Þessari upphæð var deponerað í Landsbanka Íslands, Akureyri, 23. ágúst 1976, og með því taldi stefndi sig hafa greitt að fullu.

Fyrir dómi hér hefur Sævar Jónatansson, er sá um sölu íbúðarinnar fyrir Þin s/f, alfarið neitað því að hafa fullyrt, að hækkunin yrði kr. 300.000, hann telur þó, að þegar stefnandi fyrst fór að huga að kaupum á íbúð þessari, hafi ef til vill verið slegið fram þessari tölu, en hafi það verið gert, hafi jafnframt verið tekið fram, að allsendis væri óvíst hver hækkunin yrði.

Stefndi hefur hér fyrir dómi lýst því sem skoðun sinni, að í sínum huga hafi 100—200 þús. kr. frávik frá kr. 300.000 verið

líklegt. Þá hefur eiginkona stefnda einnig lýst því yfir hér fyrir dómi, að þau hjónin hafi ekki talið ósennilegt, að hækkun kaupverðsins gæti orðið 100—200 þúsund krónur umfram þær kr. 300.000, sem upphaflega hafi verið nefndar sem líkleg hækkun.

Stefndi lét reikna út hækkun á nýjan leik og krafðist greiðslu á þeirri hækkun með bréfi, dags. 11. ágúst 1976, og nam sú hækkunarkrafa kr. 1.150.488.

Stefnandi ritar stefnda aftur bréf þann 23. ágúst 1976 og tilkynnir þar, að hann rifti kaupsamningi aðilja vegna verulegra vanefnda af hálfu stefnda, en stefndi neitaði að fallast á riftun.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá kröfu, að honum yrðu tildæmdir 2% dráttarvextir frá 20. janúar 1975 til 20. nóvember 1976, en 2½% frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og 3% frá þeim degi til greiðsludags, ef tekin yrði til greina varakrafa stefnanda.

Stefndi mótmælti þessari kröfu eindregið sem of seint fram kominni. Þá mótmælti stefndi og útreikningi hækkunarinnar sem röngum.

Þegar kaupsamningur var gerður hinn 20. janúar 1975, var byggingarvísitala kunn fyrir tímabilið frá 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975. Vísitöluálagið fyrir þetta tímabil var föst tala, þótt ekki sé hún reiknuð út í krónum í kaupsamningnum. Eftir 1. mars 1975 var vísitalan ókunn, er kaupsamningurinn var gerður.

Lítur dómurinn svo á, að ákvæðið í kaupsamningnum um vísitöluálagið allt til undirritunar kaupsamnings sé ekki brot á lögum nr. 71/1966 og ákvörðun kaupverðs með ofannefndum hætti ekki ólögleg.

Það mátti því vera ljóst á þessum tíma, hvert endanlegt kaupverð var, þó ekki hafi það verið reiknað út á þeim tíma.

Ekki verður fallist á kröfu stefnanda um riftun kaupsamningsins frá 20. janúar 1975. Stefndi hefur ekki greitt margnefnda upphæð, þar eð hann heldur því fram, að greiðsla þessi byggist á ólöglegu samningsákvæði og því sé honum ekki skylt að greiða. Eftir að dómur í máli þessara sömu aðilja gekk 9. ágúst 1976, þar sem stefndi máls þessa krafðist útgáfu afsals, deponeraði stefndi kr. 300.000, þar sem hann taldi, að skuld sín við stefnanda í máli þessu væri sú upphæð. Stefndi hefur þannig sýnt ákveðinn vilja til að greiða það, er hann telur sig skulda.

Stefnandi krefst þess til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.150.488 með 2% mánaðarvöxtum frá 20. janúar 1975 til greiðsludags, og hefur hann lagt fram útreikning á því, hvern-

ig tala þessi er fundin. Stefndi hefur mótmælt útreikningi þessum sem röngum.

Fallast verður á það með stefnda, að útreikningur þessi sé rangur með tilliti til ákvæðis kaupsamningsins. Í kaupsamningi segir að hækkunina skuli „miða við þá vísitölu, sem í gildi er á viðkomandi gjalddaga, að frádreginni vísitölu 1. mars 1974". Hækkunin skyldi greiðast í einu lagi við afhendingu íbúðarinnar. Afhending íbúðarinnar var 20. janúar 1975, og er það því gjalddagi umræddrar hækkunar. Hinn 20. janúar 1975 var gildandi byggingarvísitala 1455 stig, en 1. mars 1974 var hún 998 stig. Hækkun vísitölunnar nemur því 45.79%, en um þá upphæð á þá grunnverð íbúðarinnar að hækka og verður samkvæmt því kr. 1.098.960.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni, og verður hún ekki tekin til greina gegn mótmælum stefnda.

Stefnda, Gunnari Gíslasyni, ber því að greiða stefnanda, Þin s/f, kr. 1.098.960 með 2% mánaðarvöxtum frá 20. janúar 1975 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 175.000.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Gíslason, Heiðarlundi 1 d, Akureyri, greiði stefnanda, Þin s/f, Akureyri, kr. 1.098.960 með 2% mánaðarvöxtum frá 20. janúar 1975 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 175.000 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 300.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Fimmtudaginn 6. desember 1979.

Nr. 240/1977. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Birgi Ásgeirssyni
f. h. Trygginga og Fasteigna s/f
og gagnsök
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Skattamál. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. desember 1977. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, þó þannig, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 23. desember 1977. Útivist varð í málinu af hans hendi 2. júní 1978. Hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 7. júní 1978 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur farið fram rannsókn fyrir sakadómi Reykjavíkur og sakadómi Barðastrandarsýslu vegna ætlaðs brots fyrirsvarsmanna Trygginga og Fasteigna s/f, m. a. á skattalögum og bókhaldslögum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald þeirrar rannsóknar. Í rannsókn þessari hefur ekkert það nýtt komið fram, er hér skiptir máli.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi haft uppi þá málsástæðu, að fé það, sem skattayfirvöld telji upplýst, að vantalið hafi verið í skattframtölum hans, hafi aldrei til hans runnið. Hafi nafngreindur maður, er starfaði í fyrirtækinu,

dregið sér fé þetta, en slíkt fé sé eigi lögmætur skattstofn að því er gagnáfrýjanda varðar. Þá sé áætlun skattayfirvalda á tekjuskattsstofnum óhæfilega há og eigi nægilega rökstudd. Aðrar málsástæður eru eigi hafðar uppi hér fyrir dómi.

Ósönnuð er sú staðhæfing gagnáfrýjanda, að nafngreindur maður hafi dregið sér fjármuni þá, sem skattayfirvöld telja, að eigi hafi verið getið í skattframtölum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi er bókhaldsskyldur samkvæmt ákvæðum 3. tl. A liðs og 8. tl. B liðs 2. gr. laga nr. 51/1968. Af gögnum máls kemur skýrt fram, að bókhald gagnáfrýjanda var ófullkomið og þannig úr garði gert, að það var eigi viðhlítandi grundvöllur undir skattframtölum hans. Var ríkisskattstjóra því heimilt að víkja þeim til hliðar og áætla tekjuskattsstofna samkvæmt 4. mgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 7/1972.

Skattayfirvöld hafa að vísu áætlað tekjuskattsstofna gagnáfrýjanda allháa, en þess ber að gæta, að með eru talin viðurlög samkvæmt 47. gr. laga nr. 68/1971. Eru áætlanir þessar nægilega rökstuddar. Eigi er að öðru leyti sýnt fram á efnislega ágalla á áætlunum ríkisskattstjóra á tekjuskattsstofnum gagnáfrýjanda þau ár, sem hér skipta máli. Með vísan til þessa og þar sem áætlanirnar eru eigi úr hófi, verða þær lagðar til grundvallar skattaákvörðunum þeim, sem hér er fjallað um.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um framgang lögtaksins.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 400.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður nema um málskostnað.

Gagnáfrýjandi, Birgir Ásgeirsson f. h. Trygginga og Fasteigna s/f, greiði aðaláfrýjanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 6. desember 1977.

Gerðarbeiðandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, hefur krafist þess, að lögtak verði gert í eignum gerðarþola, Tryggingа og Fasteigna s/f, til tryggingar eftirstöðvum opinberra gjalda, kr. 925.586, ásamt dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði sem hér segir: 1½% frá 4. september 1975 til 31. desember 1975, 2% frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1976, 2½% frá 22. nóvember 1976 til 31. ágúst 1977 og 3% frá 1. september 1977 til greiðsludags, svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð. Þess er krafist, að gerðarþoli verði úrskurðaður til að greiða málskostnað vegna fógetaréttarmáls þessa.

Af gerðarþola hálfu er þess krafist *aðallega,* að synjað verði um lögtak og gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað, en *til vara,* að lögtak fari aðeins fram til tryggingar lægri fjárhæð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór þann 21. nóvember sl.

Samkvæmt ljósriti af firmaskrá Reykjavíkur, rskj. 12, voru Tryggingar og Fasteignir skráðar þann 28. maí 1959, og var sú skráning birt í Lögbirtingablaðinu þann 16. júní sama ár. Greint er, að Viggó Helgason, Bankastræti 7, Páll Ágústsson, Skeiðarvogi 85, og Birgir Ásgeirsson, Bræðraborgarstíg 43, reki tryggingarumboð og fasteignasölu hér í borg undir þessu nafni sem fullábyrgir félagar, en félagið hafi sjálfstæðan rekstur og komi fram sem sjálfstæður skattaðili.

Skattframtöl gerðarþola árin 1972 og 1973 liggja fyrir í fógetamáli þessu sem rskj. 30 og 31. Rannsóknadeild ríkisskattstjóra hóf athugun á framtölum þessum snemma árs 1974, sjá rskj. 32, og fékk í því skyni nokkur gögn varðandi grundvöll þessara framtala. Var tekin saman allstór skýrsla um þessa athugun, rskj. 18, og var hún send gerðarþola þann 5. júní 1975 ásamt bréfi, þar sem segir, að á grundvelli þessarar athugunar hafi ríkisskattstjóri í hyggju að áætla fyrirtækinu tekjur fyrir rekstrarárin 1971 og 1972 til viðbótar framtöldum tekjum gjaldárin 1972 og 1973 og hækka áður álögð opinber gjöld þess fyrir þau gjaldár í samræmi við þá áætlun. Er því beint til gerðarþola að athuga skýrsluna á rskj. 18 sem rækilegast og skuli mótmæli, gögn og skýringar koma fram í síðasta lagi 1. júlí.

Birgir Ásgeirsson lögfræðingur, einn eigenda gerðarþola, sbr.

firmaskrárútdrátt á rskj. 12, sendir ríkisskattstjóra skýringar sínar þann 30. júní, rskj. 19.

Svo sem áður hafði verið boðað, lét ríkisskattstjóri frá sér fara úrskurð um opinber gjöld gerðarþola þann 18. júlí 1975. Þessi úrskurður liggur fyrir í máli þessu sem rskj. 20. Er vikið að því í úrskurði þessum, að Tryggingar og Fasteignir s/f sé sjálfstæður skattaðili frá stofnun og hafi fyrirtækið verið skattlagt sem slíkt og skipti því ekki máli, hvernig raunverulegri eignaraðild að félaginu sé háttað á hér umræddum gjaldárum 1972 og 1973. Í ljós hafi komið, að bókhald fyrirtækis þessa hafi á rekstrarárunum 1971 og 1972 verið haldið verulegum annmörkum, sem gerð er grein fyrir í rannsóknarskýrslunni, m. a. hafi ekki verið fært jafnóðum og viðskipti fóru fram, bankareikningur hafi ekki verið færður, þrátt fyrir að fyrirtækið hafi haft ávísanareikning með verulegum fjármagnshreyfingum, sem þannig hafi ekki komist inn í bókhald, tekjur hafi verið bókfærðar í einu lagi í lok hvors árs samkvæmt lista, sem óvíst sé, hvernig fenginn sé, greidd laun til starfsfólksins byggist á heildarkvittun gerðri í árslok, ekki hafi verið haldin aðalbók né löggilt efnahagsbók og sjóðdagbók sé ekki fyrirfram innbundin og tölusett og sérstök sjóðbók hafi ekki verið færð. Þessir annmarkar hafi ekki sætt andmælum af hálfu fyrirtækisins og verði bókhaldið ekki talið mega vera lögmætur grundvöllur undir framtölum þess fyrir gjaldárin 1972 og 1973. Er nánar vísað til rannsóknarskýrslunnar í úrskurðinum. Þá segir svo, að fyrirtækið hafi verið krafið um ýmiss konar gögn viðkomandi rekstri þessara ára, en skil orðið lítil og skýringar allsendis ófullnægjandi. Þá hafi komið fram í rannsóknarskýrslunni við athugun á sölum fasteigna milli einstaklinga, sem ekki hafi haft atvinnu af að byggja eða selja íbúðir, og við athugun á þinglýstum afsölum í Reykjavík og grennd, að verulega hafi vantað á, að tekjur fyrirtækisins af fasteignasölu hafi verið taldar fram til skatts. Heildarsöluverð fasteigna þeirra, er fyrirtækið hafi þannig aðstoðað við sölu á, án þess að sölulauna sé getið í bókhaldi eða framtölum, nemi á árinu 1971 kr. 15.990.000, en á árinu 1972 kr. 46.187.500. Aðalreglan muni hafa verið sú, að sölulaun hafi numið 2% af söluverði fasteigna í kaupum milli einstaklinga, og engin gögn liggi fyrir um, að sú hundraðstala hafi verið lægri. Því hafi verið haldið fram, að í nokkrum tilfellum hafi ekki verið tekin sölulaun af hinum upptöldu fasteignum, en skýringar að því leyti ófullnægjandi og ekki studdar gögnum. Þá er vakin athygli á því, að vegna

þess hve athugun rannsóknadeildarinnar náði yfir takmarkað svæði, megi vel vera, að vantalin sölulaun séu mun hærri en fram kemur í skýrslunni, þó við það verði látið sitja.

Þá er komið að því í úrskurðinum, að ekki sé fært að leggja skattframtöl gjaldárin 1972 og 1973 til grundvallar skattálagningu þau ár. Beri því skv. ákvæðum 37. gr. laga 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1973, að áætla fyrirtækinu hreinar tekjur rekstrarárin 1971 og 1972 og hækka áður álagðan tekjuskatt þess gjaldárin 1972 og 1973 í samræmi við þá áætlun. Síðan segir svo í úrskurðinum:

„Hreinar tekjur rekstrarárið 1971 þykja hæfilega ákveðnar 600.000 kr., en voru áður 121.626 kr.

Hreinar tekjur rekstrarárið 1971 þykja hæfilega ákveðnar 1.500.000 kr., en voru áður 249.350 kr.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1972 hækkar um 256.088 kr., eða úr 65.092 kr. í 321.180 kr.

Tekjuskattur gjaldárið 1973 hækkar um 669.500 kr., eða úr 133.450 kr. í 802.950 kr.

Kærufrestur til ríkisskattstjóra vegna breytingaatriða er 21 dagur frá dagsetningu þessa úrskurðar."

Fyrirtækið kærði úrskurð þennan, og barst ríkisskattstjóra þar að lútandi yfirlýsing þann 5. ágúst 1975, en kæran var sett fram í símskeyti. Í úrskurði ríkisskattstjóra, sem er dagsettur 2. september s. á., segir, að engin greinargerð hafi borist frá kæranda og þar eð málavextir séu hinir sömu og þá, er hinn kærði úrskurður var kveðinn upp, verði að synja kærunni og skuli tekjuskattur gjaldárin 1972 og 1973 standa óbreyttur, en kærufrestur úrskurðar skuli vera 21 dagur vegna breytingaatriða.

Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður kærir f. h. Birgis Ásgeirssonar úrskurð ríkisskattstjóra til ríkisskattanefndar með bréfi, dagsettu 22. september 1975. Er kærubréf þetta ítarlegt, og er þar ítrekað ýmislegt af því, er Birgir Ásgeirsson hafði áður tekið fram í umsögn sinni um rannsóknarskýrsluna á rskj. 18. Er tekið fram, að þeir Viggó Helgason og Páll Ágústsson séu fyrir löngu hættir allri aðild að sameignarfélaginu, en á skattárunum 1971 og 1972 hafi þeir Birgir og Ágúst Hróbjartsson verið sameigendur þess og Ágúst borið sýnu meira úr býtum af innkomnum sölulaunum, enda eðlilegt, þar eð hann hafi unnið þar fullt starf. Er farið inn á þetta sérstaklega, þar eð Ágúst hafi borið það fyrir rannsóknadeild ríkisskattstjóra, að hann ætti ekki

eignaraðild að fyrirtækinu, en nú er á það bent, að rannsóknadeildin hafi ekki kannað þessi atriði að neinu ráði, sem þó hafi verið brýn nauðsyn, er á það sé litið, að Ágúst hafi leynt móttöku sölulauna og gefið þannig einn tilefni til aðgerða skattayfirvalda. Staðhæft er, að Birgir Ásgeirsson hafi talið rétt fram miðað við þær upplýsingar, sem fyrir lágu af Ágústs hendi og hann vissi bestar, og sé eðlilegt, að sá, sem fær greiðslur fyrir starf og dregur þær undan skatti, beri sjálfur alla skattalega ábyrgð. Þá er fundið að fjárhæð hækkaðra gjaldstofna tekjuskatts og litið svo á, að um handahóf sé að ræða, sem ekki styðjist við nein þau töluleg rök, sem finna megi stað á grundvelli athugunar rannsóknadeildarinnar. Fram komi í skýrslu deildarinnar og úrskurði ríkisskattstjóra, að átt hafi sér stað 12 sölur fasteigna árið 1971, þar sem söluverð hafi verið samtals kr. 15.990.000 og vantalin sölulaun kr. 220.350, en hækkun, er ríkisskattstjóri gerir á gjaldstofni til tekjuskatts það ár, sé kr. 478.374. Þá komi fram, að 24 sölur fasteigna fyrir meinta milligöngu fyrirtækisins hafi átt sér stað árið 1972, söluverð alls kr. 46.187.500, en undandregin sölulaun kr. 402.000, og ríkisskattstjóri hafi hækkað tekjuskattsgjaldstofn í kr. 1.250.650. Verði svo mikil hækkun að teljast órétt-mæt og óhæfileg eftir öllum atvikum.

Þá hafi ríkisskattstjóri farið rangt að, er hann telur fyrirtækinu til tekna full sölulaun af sölum þeim, er engin sölulaun voru tekin af eða lægri en 2%.

Úrskurður ríkisskattanefndar er kveðinn upp þann 6. febrúar 1976. Þar er getið um kröfur ríkisskattstjóra varðandi atriðið og röksemdir fyrir því, að staðfestir verði úrskurðir hans. Þær röksemdir byggjast á því, að gerðarþoli sé sjálfstæður skattþegn og eignaraðildir að félaginu séu allsendis óviðkomandi þessu skattamáli, bókhald fyrirtækisins hafi verið verulega ófullkomið og engar skýringar fengist þar að lútandi eða við önnur atriði um reksturinn. Könnun sú, er í rannsóknarskýrslu kemur fram, hafi verið bundin við tiltekin svæði og því engan veginn verið tæmandi og engin gögn um, að sölulaunaprósenta hafi verið lægri en 2%. Niðurstaða úrskurðarins varð sú, að með því að ekki mátti byggja á bókhaldi kæranda við ákvörðun tekjuskatts fyrir árin 1972 og 1973, hafi borið að áætla tekjur á árunum 1971 og 1972. Með tilliti til þessa svo og með hliðsjón af vantöldum tekjum og vegna ótrausts bókhalds beri að staðfesta hinn kærða úrskurð og sé þá í tekjuáætlun reiknað með refsiviðurlögum skv. 47. gr. skattalaga.

Gjaldheimtunni í Reykjavík barst tilkynning ríkisskattstjóra um tekjuskattshækkanir þessar þann 4. september 1975, þ. e. kr. 256.088 og 669.500, sjá rskj. 10, sbr. ljósrit af gjaldheimtuspjaldi 1975, rskj. 5. Með bréfi, dags. 29. maí 1976, tilkynnti Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður gjaldheimtustjóra, að Tryggingar og Fasteignir s/f mundu ekki una niðurstöðum skattayfirvalda og ekki greiða skatthækkun nema að undangengnum úrskurði. Jafnframt kvaðst hann hafa óskað eftir sakadómsrannsókn í þessu sambandi, og hefur komið fram í málinu bréf hans, dagsett 9. janúar 1976, þar sem hann óskar sakadómsrannsóknar vegna rekstrar- og eignaraðildar að fasteignasölunni svo og vegna greiðslna og skila sölulauna o. fl. í þessu sambandi. Eftir að fógetamál þetta hófst, hefur Tómas ítrekað erindi þetta með bréfi 1. febrúar 1977 og 17. mars 1977.

Ríkisskattstjóri hefur og óskað þess með bréfi sínu frá 12. febrúar 1976, að sakadómur fjalli um meint brot Trygginga og Fasteigna á lögum um tekju- og eignarskatt. Eftir að fógetamál þetta var tekið til úrskurðar, hefur fógetaréttinum borist ljósrit af bréfi sakadóms Reykjavíkur, þar sem dómurinn sendir ríkissaksóknara síðastnefnda kæru ásamt fylgiskjölum, og er þetta bréf dagsett 15. ágúst 1977. Ekki er þar sérstaklega innt að kæru Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns eða afdrifum hennar og meðferð.

Í fógetamáli þessu er deilt um tekjuskattshækkanir þær, sem gerðarþola hefur verið gert að greiða, svo sem að framan er rakið, og dráttarvexti af þeim, en gerðarbeiðandi hefur talið dráttarvexti frá þeim degi, er Gjaldheimtunni barst tilkynning ríkisskattstjóra um hækkun, þ. e. 4. september 1975. Jafnframt því að umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt því, að lögtak nái fram að ganga, þar eð hækkun sé óréttmæt, hefur hann tekið fram, að tölulega sé ekkert við kröfu gerðarbeiðanda að athuga. Upphaflega nam krafa gerðarbeiðanda um lögtak kr. 1.046.998 auk dráttarvaxta, en gerðarþoli hefur innt af hendi greiðslur, sbr. rskj. 13, 14 og 27, svo krafa gerðarbeiðanda er komin í núverandi horf.

Af gerðarbeiðanda hálfu er í málflutningi eindregið vísað til þess, er fram kemur í úrskurðum ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar og í rannsóknarskýrslunni. Er fyrst vikið að því, að Tryggingar og Fasteignir s/f sé sjálfstæður skattþegn samkvæmt upphaflegri skráningu, sem ekki hafi verið breytt, og framtöl sýni, að óskað hafi verið álagningar á fyrirtækið sem slíkt. Engu

skipti í þessu sambandi, hverjir voru eigendur félagsins. Ríkisskattstjóra hafi þótt rétt að fara nánar út í framtöl gerðarþola og allumfangsmikil rannsókn hafi fram farið í því sambandi og skorað hafi verið á forráðamenn gerðarþola að veita ýmsar upplýsingar, þar á meðal að leggja fram bókhald fyrirtækisins og gefa skýrslur fyrir rannsóknadeildinni. Í ljós hafi komið, að bókhald var ófullnægjandi og ekki lögum samkvæmt og skýringar ófullkomnar um veigamikil atriði, svo sem tölu seldra eigna og sölulaun. En legið hafi fyrir, að um skattalagabrot hafi verið að ræða, hver svo sem framið hafði, nánar athugað. Hafi því verið heimilt, og raunar skylt, að áætla gerðarþola tekjur til skatts og hafi gerðarþola verið tilkynnt um það. Því er mótmælt, að þessi áætlun hafi eftir atvikum verið óhæfilega mikil, og rökstuðningur í úrskurði ríkisskattstjóra verið í alla staði góður og gildur auk þess hafi formhlið málsins verið óaðfinnanleg. Úrskurður ríkisskattanefndar sé og formlega og efnislega réttur. Það sé að sjálfsögðu óviðkomandi þessu máli, hvernig hinu undandregna fé hafi verið varið eða hver þar var að verki, og sakadómsrannsókn sú, er stofnað hafi verið til, breyti hér engu til eða frá, enda geti sakadómur ekki tekið afstöðu til skattaálagningarinnar.

Þannig sé hér um að ræða fyllilega lögmætan grundvöll lögtaks, og er gagnstæðum staðhæfingum gerðarþola mótmælt sem röngum og öllum rökstuðningi að því leyti. Almennur lögtaksúrskurður frá þessum árum liggi fyrir, að vanda kveðinn upp 16. ágúst árin 1972 og 1973, og taki til tekjuskatts og þá einnig hækkana, sem úrskurðaðar hafi verið á tekjuskatti. Þessir úrskurðir hafi verið birtir á tíðkanlegan hátt, en raunar skipti ekki máli um uppkvaðningu úrskurðar, almenns eða sérstaks, þar eð mætt hafi verið í fógetarétti og tekið til varna af hálfu gerðarþola, en skattkröfur sem þessi hafi vissulega lögtaksrétt samkvæmt 1. gr. laga 29/1885.

Eins og að framan segir, hefur umboðsmaður gerðarþola ekki gert tölulegan ágreining um kröfur gerðarbeiðanda, en hann telur skattahækkun þá, er hér um ræðir, óréttmæta, svo synja beri um lögtak. Hann minnir á það, að á árinu 1959 hafi fyrirtækið verið skráð sem firma og eigendur þá tilgreindir. Árið 1964 hafi Birgir Ásgeirsson gerst einkaeigandi þess, en síðar, 1967 eða 1968, hafi það orðið að samkomulagi með honum og Ágúst Hróbjartssyni, að þeir yrðu sameigendur að fasteignasölunni, að hálfu hvor, en skriflegur samningur þar að lútandi hafi ekki komist á og ekkert hafi verið um það tilkynnt til firmaskrár þá né

síðar. Þessi sameign hafi staðið allt fram í september 1972, er Birgir hafi mælst undan sameiginlegum rekstri með Ágúst. En meðan þessi sameiginlegi rekstur stóð, hafi framtölum verið skilað fyrir firmað sérstaklega. Um það bil 2 árum eftir að samrekstri þessum var hætt hafi ríkisskattstjóri farið að kanna starfsemi fasteignasölunnar. Hitt og annað sé óljóst um tilhögun rannsóknar, en hún sé talin hafa leitt í ljós, að allmargar sölur og sölulaun hafi ekki komið fram í gögnum fasteignasölunnar eða framtölum. Er seljendur hafi verið kallaðir fyrir rannsóknadeildina, hafi þeir langflestir borið, að þeir hafi átt skipti við Ágúst Hróbjartsson og er því hafi verið að skipta, borgað honum sölulaun, en í aðeins örfá skipti hafi Birgir Ásgeirsson innt af hendi takmarkaða þjónustu við sölu fyrir skyld- eða tengdafólk sitt, og ekkert tekið fyrir. En skattayfirvöld hafi ekki gert neitt til að leiða í ljós, hver eða hverjir hafi staðið að undandrætti sölulauna, hversu mikill hann var í raun og veru eða hvað varð um hið undandregna. Birgir hafi árangurslaust reynt að fá málefni þetta upplýst fyrir sakadómi, en ekkert orðið ágengt. Hér af leiði, að fógetaréttur ætti ekki að gefa úrlausn máls þess, þar eð óvissa sé um meginatriði þess. Að öðru leyti hafi skattayfirvöld engan veginn gætt réttra aðferða við ákvörðunartöku um umrædda tekjuskattshækkun. Lagt hafi verið á fyrirtækið sem sameignarfélag, þó fyrir liggi, að tveir skráðra eigenda hafi ekkert verið við félagið riðnir árum saman, en skráning í firmaskrá skipti ekki úrslitamáli. Birgir Ásgeirsson hafi ekki fengið að upplýsa málið að þessu leyti. Þar eð skattahækkanir mátti rekja til Ágústs Hróbjartssonar, hafi borið að leggja á hann, en ekki á fyrirtækið. Enn megi nefna það, að þeir Birgir Ásgeirsson og Ágúst hafi hætt að starfa saman í september-október 1972 og hafi Ágúst vel getað verið farinn að selja fasteignir um það leyti í nafni firmans Samninga og Fasteigna s/f, sem hann lét skrásetja nokkru síðar, sbr. rskj. 28, og raunar hafi 2 sölur, sem tengdar hafi verið Tryggingum og Fasteignum í skýrslu rannsóknadeildar, farið fram með aðstoð hins fyrnefnda fyrirtækis. Þá hafi skattayfirvöld ekki gætt þess að stilla tekjuáætlunum sínum í hóf og hefði legið nær að kanna ítarlega, hve margar sölur hefðu verið dregnar undan í raun og veru en að setja fram handahófstölur í því efni, og auk þess hafi ekkert tillit verið tekið til þess, að hin undandregnu sölulaun hafi ekki gengið til þess aðiljans, sem kannast við eignaraðild að fyrirtækinu, heldur til þess, sem sveik af því fé, en það ætti að réttu lagi að koma að fullu til frá-

dráttar skattskyldum tekjum. Aðalkrafa og varakrafa gerðarþola byggjast jöfnum höndum á þessum atriðum.

Þá er það fært fram, að ekki verði séð, að fram hafi farið lögtaksúrskurður samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga 29/1885. Hér sé um að ræða sérstakar hækkanir og geti lögtaksúrskurður, er kveðinn hafi verið upp á sumri 1975, ekki átt við lögtak vegna gjalda 1971 og 1972.

Það er komið fram í málinu, að verulegur hluti af starfsemi gerðarþola var milliganga um sölu fasteigna. Samkvæmt upphaflegri firmatilkynningu er gerðarþoli sjálfstæður skattaðili og hefur talið sérstaklega fram, þ. á m. fyrir rekstrarárin 1971 og 1972. Við athugun ríkisskattstjóra vegna framtala þessara, er hófst snemma árs 1974, komu í ljós ýmsar misfellur á bókhaldi gerðarþola, en fyrirtækið var bókhaldsskylt skv. lögum nr. 51/1968, 2. gr., 8. tl. Hér að framan er þess getið, hverjar þær misfellur voru helstar, en þar að lútandi frásögn í skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra hefur ekki verið mótmælt. Forráðamenn gerðarþola mættu fyrir rannsóknadeildinni svo og mörg vitni um viðskipti við gerðarþola. Skýringar voru ófullnægjandi að mati ríkisskattstjóra, og er ekki á færi fógetaréttar að prófa eða taka afstöðu til þess, hvernig það mat grundvallaðist. Þannig gat bókhald og önnur gögn og skýrslur ekki verið áreiðanlegur eða lögmætur grundvöllur að framtölum gerðarþola, er hér um ræðir. Bar því skv. 37. gr. laga nr. 68/1971 að áætla gerðarþola tekjur, sem síðan leiddu til hækkunar á tekjuskatti gjaldárin 1972 og 1973. Er ekki sýnt, að áætlun þessi hafi verið rífleg um skör fram.

Eftir því sem málefni þetta lá fyrir skattayfirvöldum og með tilliti til skráningar firmans, sbr. rskj. 12, sem ekki hefur verið breytt, þykir ekki hafa verið full ástæða til þess, að gjaldahækkun yrði lögð á aðra aðilja en gerðarþola sem sameignarfélag.

Þegar af þeirri ástæðu, að gerðarþoli hefur látið taka til varna gegn framgangi gerðarinnar, þykir ekki ástæða til að sinna mótmælum bygðum á því, að gallar séu á málatilbúnaði varðandi almennan lögtaksúrskurð skv. ákvæðum laga nr. 29/1885.

Niðurstaðan verður sú, að lögtak nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda og skv. kröfu hans, en upphæðir hafa ekki sætt tölulegum mótmælum. Ekki þykir alveg næg ástæða til að úrskurða, að gerðarþoli skuli greiða málskostnað, og fellur málskostnaður niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal ná fram að ganga eftir kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 7. desember 1979.

Nr. 205/1977. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs og Jóhannes Árnason, sýslumaður í Barðastrandarsýslu,**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Viðari Stefánssyni og Sigurði Georgssyni héraðsdómslögmanni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Gæsluvarðhald. Skaðabætur. Áfrýjun. Frávísun. Lögmannslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs krefjast sýknu af kröfum stefnda Viðars Stefánssonar og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að dómsfjárhæð verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla. Þá er þess krafist, að talsmannslaun Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns verði lækkuð frá því, sem ákveðið var í hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi Viðar krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Stefndi Sigurður krefst staðfestingar ákvæðis héraðsdóms um talsmannslaun og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Jóhannes Árnason sýslumaður hefur ekki við munnlegan flutning málsins látið gera kröfur af sinni hálfu, svo sem síðar verður rakið, og að honum er engum kröfum beint.

I.

Um formhlið máls þessa skal þetta tekið fram:

Stefndi Viðar höfðaði mál þetta upphaflega fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með því að stefna „fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sýslumanni Barðastrandarsýslu og saksóknara ríkisins til réttargæslu". Í 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 er gagngert boðið, að ríkissaksóknara skuli stefna „fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess og lögreglumanni og héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur þeim", þegar einkamál er höfðað til heimtu fébóta samkvæmt XVIII. kafla laganna. Þegar stefndi Viðar höfðaði þetta mál í héraði, gætti hann þess ekki að stefna ríkissaksóknara til að þola dóm sem fyrirsvarsmanni ríkissjóðs. Af hálfu ríkissaksóknara var þó sótt þing þegar við þingfestingu málsins, og í greinargerð varnaraðilja í héraði krafðist ríkissaksóknari sýknu af kröfum þeim, sem gerðar voru á hendur ríkissjóði. Því var og lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að svo bæri að líta á, að ríkissaksóknari hefði farið með fyrirsvar í málinu fyrir héraðsdómi. Þar sem málið var flutt á þessum grundvelli, mátti héraðsdómari leggja dóm á það með þeim hætti, sem hann gerði, þrátt fyrir hina gölluðu málssóknarhætti.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skaut bæjarþingsdómi í máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1977. Ekki stóðu aðrir fyrir málskotinu, og ekki var öðrum stefnt en Viðari Stefánssyni. Útivistardómur var kveðinn upp 2. nóvember 1977. Málinu var áfrýjað á ný 17. nóvember 1977. Í stefnu segir, að fjármálaráðherra, Jóhannes Árnason sýslumaður og Þórður Björnsson ríkissaksóknari áfrýi með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Stefnt var Viðari Stefánssyni og Sigurði Georgssyni héraðsdómslögmanni. Þegar málið var munnlega flutt fyrir Hæstarétti, lýsti umboðsmaður áfrýjanda því yfir, að hann gerði kröfur af hálfu fjármálaráð-

herra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, en einnig sótti hann þing af hálfu sýslumannsins í Barðastrandarsýslu. Sem fyrr segir voru ekki gerðar kröfur af sýslumannsins hálfu. Kröfum ríkissjóðs var beint að Viðari Stefánssyni og Sigurði Georgssyni. Tekið var til varna af hálfu þeirra beggja. Þegar áfrýjað var 17. nóvember 1977, var að vísu liðinn sá þriggja mánaða frestur, sem um getur í 20. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973, en skýra ber 36. gr. laganna svo, að heimilt hafi verið að stefna Sigurði fyrir Hæstarétt með þessari stefnu.

Í héraði var sýslumanni Barðastrandarsýslu stefnt til réttargæslu, en engar kröfur voru gerðar á hendur honum. Hann gerðist ekki aðili máls í héraði, og hann fer ekki að lögum með fyrirsvar í málinu af hálfu ríkisvalds. Samkvæmt þessu og þar sem honum var ekki rétt af öðrum ástæðum að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar, ber að vísa áfrýjun af hans hendi frá Hæstarétti, en ekki eru efni til að dæma hann til greiðslu málskostnaðar.

II.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétti hefur verið á því byggt af hálfu áfrýjanda, að ekki verði stefndi Viðar fremur talinn sýkn en sekur af háttsemi þeirri, sem hann var grunaður um. Er það stutt þeim rökum, að stefndi hafi vísað á geymslustað þýfisins, sem um ræðir í málinu, og hann hafi að eigin sögn haft vitneskju um þjófnaðinn svo snemma dags 4. janúar 1975, að honum hafi ekki getað borist fréttir af honum frá öðrum. Þá er því haldið fram, að sjópoki sá, sem þýfið fannst í, hafi verið Viðari tiltækur.

Þegar virt eru gögn máls um þessi atriði, þykja þau þó ekki bera böndin svo að stefnda Viðari, að 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974 standi því í vegi, að honum verði dæmdar fébætur samkvæmt ákvæðum 152. gr., sbr. 150. gr. laganna, vegna gæsluvarðhalds þess, sem hann sætti.

Bætur til stefnda Viðars Stefánssonar þykja hæfilega ákveðnar 350.000 krónur. Ágreiningur er ekki um upphafstíma vaxta.

III.

Gjafsóknarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun til Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafvarnarkostnaður stefnda Viðars fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 160.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjun Jóhannesar Árnasonar, sýslumanns í Barðastrandarsýslu, er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, ríkissjóður, greiði stefnda, Viðari Stefánssyni, 350.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður Viðars Stefánssonar í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafvarnarkostnaður stefnda Viðars fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 160.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júlí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 5. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. og 21. júlí 1975, af Viðari Stefánssyni, nú til heimilis að Túngötu 35, Tálknafirði, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sýslumanni Barðastrandarsýslu og saksóknara ríkisins til réttargæslu til greiðslu bóta vegna gæsluvarðhalds að ósekju.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði greiddar kr. 60.000 fyrir vinnutap og kr. 2.000.000 í miskabætur með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda, eins og ekki væri um lög-

bundna gjafsókn að ræða. Hann hefur lagt fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning, samtals að fjárhæð kr. 476.539.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er krafist þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttatilraunir dómara urðu árangurslausar.

Málavextir.

Laugardaginn 4. janúar 1975 var tilkynnt til sýsluskrifstofu Barðastrandarsýslu um innbrot og þjófnað í sölubúð kaupfélagsins á Tálknafirði. Var talið, að innbrotið hefði verið framið aðfaranótt laugardagsins og áætlað, að stolið hefði verið ca kr. 54.000 í peningum og 25 lengjum af vindlingum. Tveir lögreglumenn, þeir Páll Janus Pálsson og Pétur Sveinsson á Patreksfirði, voru sendir samdægurs yfir til Tálknafjarðar til þess að rannsaka málið, og komu þeir þangað um kl. 2200 laugardagskvöldið. Hófu þeir þegar í stað rannsókn málsins. Ólafur Magnússon hreppstjóri sýndi þeim hurð á suðurhlið verslunarhússins, sem gengið hafði verið um við afbrotið. Sjáanlegt var, að hurðin hafði verið stungin upp með þunnu, oddhvössu járni og hlaupjárn hennar beygt. Þeir höfðu samband við kaupfélagsstjórann, Guðmund Björn Sveinsson, Túngötu 37, Tálknafirði, og fengu lánaða skrifstofu í Innstu-Tungu og hófu þar yfirheyrslur. Fyrstir voru kallaðir til yfirheyrslu þeir, sem bjuggu í hraðfrystihúsinu, en þar er verbúð. Í frystihúsinu bjuggu: Svandís Leósdóttir, ráðskona í mötuneyti hraðfrystihússins, 26 ára að aldri; Viðar Stefánsson, stefnandi máls þessa, starfsmaður í frystihúsinu, sambýlismaður Svandísar, 28 ára að aldri, þau bjuggu saman í herbergi á 2. hæð hússins; Viggó Ólafsson, verkamaður í hraðfrystihúsinu, 53 ára að aldri, sem bjó í herbergi á 3. hæð hússins í norðurhorni; sonur hans Bjarni Franz Viggósson, nemandi í Núpsskóla, 16 ára að aldri, sem var staddur á Tálknafirði í jólaleyfi og hafði til afnota herbergi í frystihúsinu í suðurhorni á 3. hæð; Hans Odmar Samson Højgaard, verkamaður í frystihúsinu, Færeyingur, 35 ára að aldri, sem bjó í herbergi við hliðina á Viggó Ólafssyni á 3. hæð. Auk fyrrgreindra voru staddir í frystihúsinu og gistu þar tveir málarameistarar frá Patreksfirði, þeir Daði Bæring Halldórsson og Jón Þ. Arason, og höfðu þeir herbergi á 3. hæð hússins við suðausturhlið.

Yfirheyrslur lögreglunnar hófust um kl. 2300, og þá mætti Viggó Ólafsson fyrstur manna. Hann kvaðst hafa setið við spil

fram eftir kvöldi ásamt Ólafi Magnússyni og Guðmundi S. Guðmundssyni. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinn umgang í húsinu annan en þann, að hann hafi séð Viðar Stefánsson loka hurð að skrifstofu hraðfrystihússins, og síðan hafi hann dvalist í herberginu um klukkustund, en þá hafi hann gengið fram og séð lykla að eldhúsi og skrifstofu liggja á borði í eldhúsinu. Síðan hafi hann farið inn í herbergið sitt og dvalist þar til klukkan 3 um nóttina og þá farið á salerni og síðan aftur inn í herbergi sitt og lesið til kl. 0430 um morguninn, en ekki orðið var við neitt athugavert.

Klukkan 2330 kom Bjarni Franz Viggósson og gaf skýrslu hjá lögreglunni. Hann kvaðst hafa farið að sofa um kl. 0200 um nóttina og hafi hann ekki orðið var við neinar mannaferðir eftir þann tíma.

Klukkan 2358 kom til lögreglunnar stefnandi máls þessa, Viðar Stefánsson. Hann kvaðst hafa verið að elta mink niður á bryggju og komið heim um miðnættið, hann hafi þá farið inn og fengið sér kaffi í eldhúsinu (á 3. hæð) og gengið síðan inn í hornherbergið og horft niður á bryggju og þá hafi Bjarni Viggósson farið fram hjá og gengið inn í sitt herbergi. Hann hafi síðan farið niður aftur og hafi hann lesið til klukkan 0330 um nóttina. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinar mannaferðir eftir þann tíma. Hann tók fram, að hægt væri að fara inn í húsið eftir „snígli" baka til hjá fiskkassa.

Klukkan 0110 gaf skýrslu hjá lögreglunni Hans Højgaard. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinar mannaferðir um nóttina, og hann kvaðst hafa verið að lesa til klukkan 0530 um morguninn. Hann hafi gætt oft út um nóttina og ekki orðið var við neitt athyglisvert.

Lögreglan hafði þann hátt á, að hreppstjórinn, Ólafur Magnússon, sótti í bifreið þá, sem yfirheyra átti, einn og einn, og skilaði þeim aftur eftir yfirheyrslu. Hreppstjórinn skýrði lögreglumönnunum svo frá, að þegar hann hefði farið með Viðar Stefánsson niður að frystihúsi eftir yfirheyrsluna, hafi Viðar haft það á orði, að réttara væri að gá í kofa fyrir ofan Ystu-Tungu. Þegar lögreglumennirnir heyrðu þetta, fóru þeir út og niður að frystihúsi, og þá veittu þeir athygli tveimur mönnum, sem gengu upp með kaupfélaginu og hurfu sjónum þeirra. Lögreglumennirnir óku leið, sem liggur upp að Ystu-Tungu, og þá sáu þeir tvo menn, sem stóðu í dyrum á skúr þar rétt fyrir ofan, og reyndust þeir

vera stefnandi og Páll Guðlaugsson, vélstjóri í frystihúsinu. Þegar stefnandi kom úr yfirheyrslunni, hafði hann komið í herbergi Viggós Ólafssonar í hraðfrystihúsinu og sagt við þá, sem þar voru staddir, hvort þeir vildu ekki koma og fá kaffisopa í eldhúsinu. Í herberginu voru þá staddir auk Viggós Ólafssonar málararnir tveir og Páll Guðlaugsson. Þeir fengu sér kaffi í eldhúsinu, og rætt var um málið, og þá hafði stefnandi á orði, að gaman væri að leita í „brugghúsinu" eða gömlu fjárhúsunum. Páll tók undir þetta, og varð úr, að þeir létu ekki sitja við orðin tóm. Stefnandi fór og náði í lukt með haldi á, og þeir gengu sem leið lá upp fyrir frystihúsið. Frystihúsið er fyrir neðan veg á eyri, og upp við veginn komu þeir að brúnni. Beina- og fiskimjölsverksmiðjan er á eyrinni hinum megin við brúna. Stefnandi fór að verksmiðjunni og lýsti vel undir beinarennu og inn í þróna. Beint á móti verksmiðjunni handan vegarins er sölubúð kaupfélagsins, og þangað fóru þeir. Þar voru kassar, gámar og rusl, og hafði stefnandi orð á, að best væri að athuga vel í þessu. Fóru þeir síðan upp í brekku, og voru þá lögreglumennirnir að koma út af skrifstofu kaupfélagsins í Innstu-Tungu. Þeir stefnandi og Páll fóru fyrst í skúr eða hjall fyrir ofan Ystu-Tungu, sem kallað er „brugghúsið", og meðan þeir voru að svipast um í kompu í þessum hjalli, komu lögreglumennirnir til þeirra. Að undangenginni leit þar héldu þeir allir áfram ofar upp að fjárhúsunum, sem þar voru í brekkunni. Þeir voru fimm saman, þ. e. stefnandi og Páll Guðlaugsson, lögreglumennirnir tveir og bifreiðarstjóri þeirra, Þorsteinn Sigurðsson. Stefnandi sagði, að best væri að fara inn um dyr á vesturgafli hlöðu, sem var áföst við fjárhúsin. Þorsteinn fór upp í stiga í suðausturenda hlöðunnar og lýsti inn í dúfnabúr þar uppi, en stefnandi lýsti undir lofti þessu þar meðfram veggnum. Allir voru inni í hlöðunni, og lögreglumennirnir lýstu þar um með vasaljósum sínum. Úr hlöðunni var unnt að fara inn í fjárhúsið á tveim stöðum, og var það tvískipt. Páll Guðlaugsson fór með Pétri lögregluþjóni inn í annað fjárhúsið, og lýsti Pétur með vasaljósinu um húsið, án þess að þeir veittu neinu sérstöku athygli þar. Þeir fóru aftur fram í hlöðuna og yfir í hitt fjárhúsið, en á meðan var Viðar að lýsa upp undir loftið, undir dúfnahúsinu og með veggnum þar, svo sem fyrr greinir. Páll Guðlaugsson og Pétur lögregluþjónn fóru inn í hitt fjárhúsið til þess að leita þar. Stefnandi fór í dyrnar, sem Páll Guðlaugsson og Pétur lögregluþjónn höfðu komið út

úr, og lýsti inn fyrir á nýjan leik, og var Þorsteinn bílstjóri með honum. Stefnandi gekk inn í fjárhúsið og lýsti undir jötuna og sá þar kassa og rak fótinn í hann og lyfti honum upp. Undir kassanum var sjópoki, sem stefnandi hafði orð um, að hann mundi ekki snerta, en þarna væri eitthvað, sem þeir skyldu athuga. Hinir komu þá að, þegar þeir heyrðu stefnanda kalla, og tóku lögreglumennirnir og hreppstjórinn pokann og skoðuðu í hann, og reyndust í honum vera lengjur af sígarettum. Þeir leituðu betur, en fundu ekkert frekar. Lögreglumennirnir fóru með pokann heim til hreppstjóra og hvolfdu úr honum á gólfið og töldu 22 lengjur af sígarettum, en ekkert annað. Þeir fóru þá aftur niður í frystihúsið og höfðu tal af Bjarna Viggóssyni, en ekkert kom í ljós, er varpað gæti ljósi á þetta frekar. Stefnandi og Páll Guðlaugsson fóru aftur niður í frystihúsið, og á leiðinni þangað fór stefnandi og gáði í beinakassann við frystihúsið og í matara verksmiðjunnar, sem var fullur af vatni, Páll Guðlaugsson fór í vélasalinn að svo búnu, en stefnandi fór upp stigann.

Skráð er, að lögreglumennirnir hafi yfirheyrt eitt vitni um nóttina kl. 0300, Karl Ómar Herbertsson, 16 ára ungling, til heimilis að Lækjarbakka, Tálknafirði, sem kvaðst ekkert vita um atburð þennan.

Daginn eftir, sunnudaginn 5. janúar, hélt lögreglan áfram yfirheyrslum sínum kl. 1340. Þá kom kaupfélagsstjórinn, Björn Sveinsson, og skýrði svo frá, að hann hefði yfirgefið kaupfélagið um kl. 2330 á föstudagskvöldið og farið út um framdyr kaupfélagsins. Hann hafi ekkert athugavert séð, er hann yfirgaf húsið. Aðspurður kvaðst hann ekkert hafa orðið var við, að stefnandi, Viðar Stefánsson, hefði verið staðinn að hnupli, en aftur á móti hafi fólk haft á honum strangar gætur og hann hafi hreinlega verið vaktaður fyrst í stað. Hlutir hafi horfið, þar sem Viðar hafi verið eða farið um, og hann sé því athugaverður. Hann kvað Viðar einnig mjög kunnugan staðháttum í kaupfélaginu. Aðspurður sagði kaupfélagsstjóri og, að í kaupfélaginu hefðu horfið um 20—25 lengjur af sígarettum, einkum Viceroy og Winston, og um það bil kr. 50.000 í peningum og 2—3 pokar af skiptimynt í 10 króna peningum. Hann upplýsti, að starfsfólk kaupfélagsins væri: Sigurður Einarsson, Ártúni, Einar Ármannsson, Skrúðhömrum, Jónína Sigurðardóttir, Ártúni, Kristjana Andrésdóttir, Gileyri, Olga Herbertsdóttir, Brekku, Fríða Sigurðardóttir, Örk, og Pálína Einarsdóttir, Bjarmalandi.

Yfirheyrslur lögreglunnar héldu áfram þann dag. Næstur kom

Ólafur Jóhannsson, nemandi, 15 ára að aldri, til heimilis að Túngötu 39. Hann kvaðst hafa sofið heima allt föstudagskvöldið, og staðfesti móðir hans það.

Næst kom Olga Herbertsdóttir, Brekku, Tálknafirði, 31 árs að aldri. Hún kvaðst hafa lokað versluninni um kl. 2200 og hafa sett þá peninga, sem hún hefði selt fyrir, inn á skrifstofu og læst hurðinni bakdyramegin. Hún kvað stefnanda hafa komið af og til og boðist til að aka henni heim eftir lokun kl. 2200 og síðast fimmtudaginn 2. janúar. Hún hafi þegið það og stefnandi hafi drukkið kaffi heima hjá henni.

Sigurður Einarsson, Ártúni, 65 ára að aldri, kom næst og skýrði svo frá, að Pálína Einarsdóttir hefði komið heim til hans um kl. 1230 á laugardaginn og beðið hann að loka útihurð kaupfélagsins. Hann hafi farið og bundið hurðina aftur og áður en hann hafi lokað, hafi hann veitt því athygli, að hleypijárnið var bogið. Hann hafi síðan farið heim og komið aftur um kl. 1600 á laugardaginn um leið og afgreiðslustúlkan Olga Herbertsdóttir. Þau hafi þá farið inn á skrifstofu og aðgætt að peningakassa, en þá hafi vantað alla peninga nema nokkrar ávísanir, sem hafi legið í kassanum. Þá kvaðst hann hafa hringt í Björn Sveinsson kaupfélagsstjóra og sagt honum, hvernig komið væri. Svo hafi Björn komið skömmu seinna ásamt Ólafi Magnússyni hreppstjóra.

Pálína Einarsdóttir, 63 ára að aldri, kom næst og kvaðst hafa veitt því athygli, er hún hafi komið, að hurðin lá að stöfum. Hún hafi ekki veitt neinu grunsamlegu athygli, en gengið til síns verks og þegar hún hafi verið búin að skúra og gat ekki lokað hurðinni, hafi hún sótt Sigurð Einarsson og beðið hann að loka hurðinni, sem hann hafi og gert.

Páll Guðlaugsson, Brekku, Tálknafirði, 39 ára að aldri, kom næst til yfirheyrslu hjá lögreglunni. Hann skýrði svo frá: „Er ég kom inn á smíðaloftið, veitti ég athygli járni, sem hann kannaðist ekki við, að ætti að vera þar kvöldið áður, föstudagskvöldið 3. 1. kl. 20.00. Þá lít ég um og sé, að vængjahurð inn í umbúðageymslu hún hafði verið spennt frá, en hékk þó í læsingu. Önnur hurðin var negld, en hafði verið spennt frá. Síðan veitti ég því athygli, að rótað hafði verið í verkfærum og tekið stærsta sporjárnið, sem þar var. Síðan fer ég í gegnum kassageymslu og inn í flökunarvélarsal, þá er sú hurð opin, sem mætti taldi sig hafa lokað kvöldið áður, er hann fór til að þvo límpensil. Mætti telur, að verkstjórinn hafi verið mættur og taldi hann vera í her-

bergi sínu og sá þá, að hurðin að verkstjóraherberginu lá við staf. Síðan fer ég fram í eldhús og geng úr skugga um, að verkstjórinn sé ekki kominn, og síðan aftur inn á verkstjóraherbergið og tek lykla, er voru þar í glugga, og ber þá við skrána á flökunarsalnum, og passaði þá einn lykillinn að honum. Síðan fer ég með lyklana upp og læsti, síðan spyr mætti málarana, Jón Arason og Daða Halldórsson, hvort þeir hafi fengið lánað sporjárn, en þeir töldu ekki, en sögðust hafa fengið skrúfjárn daginn áður. Síðan eftir hádegi spurði hann Viðar Stefánsson þess sama um kl. 1400, og virtist hann vera að koma úr rúminu, og kveður hann nei við, en spurði, hvort mætti hefði spurt Færeyinganna, Viggó og Bjarna, en þeirra svar var hið sama."

Næstur kom til lögreglu Einar Ármannsson, Skrúðhömrum, 39 ára að aldri. Hann skýrði svo frá, að um kl. 2300 (á föstudagskvöld) hefði hann farið út í kaupfélag til að sækja málband og lykla að olíuskúr til að afgreiða Litlafell með olíu. Síðan, um kl. 0100, hafi hann komið aftur upp í kaupfélag ásamt fjórum mönnum af m/s Litlafelli, sem versluðu með tóbak og öl. Að því loknu hafi verið farið niður í skip og hafi hann verið þar smástund og síðan hafi hann farið heim og verið þar, þangað til byrjað var að dæla olíunni í land um kl. 0210 og þá farið aftur niður að skipi og verið þar, þar til skipið fór um nóttina kl. 0330. Hann kvaðst ekki hafa orðið var mannaferða eftir þetta.

Þá kom til lögreglunnar Hreiðar Sigurðsson, 34 ára að aldri. Hann skýrði svo frá, að hann hefði unnið í kaupfélaginu haustið 1971 og fram í janúar 1972. Hann kvaðst vera fullviss um, að Viðar Stefánsson hafi tekið ófrjálsri hendi í eitt skipti kjötstykki og í annað skiptið brauð og hann hafi sagt Björgvin oddvita frá þessu og einnig Birni kaupfélagsstjóra, sem staddur hafi verið í Reykjavík, og kvaðst hann gera í málinu, er hann kæmi heim.

Kl. 2305 sunnudagskvöld kom Svandís Leósdóttir aftur til þess að gefa skýrslu hjá lögreglunni. Hún skýrði svo frá, að hún hefði farið niður um kl. 1215 (á að vera 0015) og skilið eftir lykla, sem ganga að verkstjóraskrifstofu, eftir í eldhúsi vegna þess, að önnur átti að nota þá daginn eftir. Síðan hafi hún lesið í bók til kl. 0200 um nóttina og þá hafi stefnandi verið að lesa. Svo hafi hún vaknað um kl. 0300 til 0330 og hafi stefnandi þá verið að ganga frá bókinni og slökkva ljósið. Hún hafi svo ekki vaknað fyrr en kl. 0930 um morguninn, laugardaginn 4. janúar.

Að svo búnu báðu lögregluþjónarnir stefnanda að koma með sér til Patreksfjarðar. Þangað var komið um miðnættið, og var

stefnandi þar settur í fangaklefa án nokkurrar yfirheyrslu eða skýrslugjafar. Höfðu lögregluþjónarnir ekkert haft á orði um það, að stefnandi væri handtekinn eða hann ætti að fara í fangageymslu, þegar hann fór með þeim í bifreiðinni frá Tálknafirði. Stefnanda var sagt, að hann yrði að bíða eftir sýslumanninum, en síðan komu boð frá sýslumanni, að hann gæti ekki komið. Stefnandi var í fangaklefanum um nóttina, en lögregluþjónarnir höfðu sagt honum, að þeir gætu haldið honum þar í 24 tíma án þess að gefa skýringar.

Sýslumaðurinn, Jóhannes Árnason, setti sakadóm Barðastrandarsýslu kl. 1100 mánudagsmorguninn 6. janúar, og kl. 1200 á hádegi mætti stefnandi í dóminum. Gaf hann þar ítarlega skýrslu og lýsti því, þegar hann og Páll Guðlaugsson fóru að leita þýfisins. Tók mætti í þessu sambandi fram aðspurður og ítrekað áminntur um sannsögli, að hann teldi, að Níels Ársælsson og Ólafur Jóhannsson hefðu framið innbrotið og þjófnaðinn. Hann kvaðst telja, að það hafi verið ástæðan fyrir því, að hann fékk hugboð um að huga að þýfinu í áðurnefndu fjárhúsi. Aðspurður skýrði hann svo frá, að ástæðan væri sú, að hann vissi til þess, að þeir hefðu komið þar og einu sinni ætlað að brugga þar, og hafi hann heyrt um það. Dómarinn skýrði stefnanda frá því, að hann væri grunaður um að hafa framið innbrotið og þjófnaðinn í verslun Kaupfélags Tálknafjarðar, og kvaðst stefnandi neita að hafa framið þann verknað. Kl. 1330 vék stefnandi frá og var að nýju fluttur í fangaklefann.

Sýslumaður fór yfir á Tálknafjörð og setti dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu kl. 1720 þá um daginn að Tungu í Tálknafirði. Kl. 1730 kom fyrir dóminn Níels Ársælsson, nemandi í Núpsskóla, til heimilis að Hamraborg, Tálknafirði, 15 ára gamall. Hann var spurður um ferðir sínar aðfararnótt laugardagsins 4. janúar. Hann kvaðst hafa verið heima hjá sér um miðnættið og verið að spila við foreldra sína þar til um kl. 3 um nóttina, en þá farið að sofa og ekkert farið út fyrr en um morguninn. Aðspurður um ferðir sínar að kvöldi hins 3. janúar kvaðst hann hafa verið í fylgd með fleiri unglingum og þá komið m. a. í hraðfrystihúsið í herbergi, sem Bjarni Viggósson hefur þar. Þaðan kveðst hann hafa farið beint heim laust fyrir miðnættið. Hann kvaðst kannast við fjárhúskofa upp af bænum Ystu-Tungu, en aðspurður kvaðst hann ekki hafa komið þangað síðan vorið 1974, en síðastliðinn vetur hafi hann og aðrir unglingar notað hann til að geyma skíði. Hann kvaðst ekki hafa frétt um inn-

brotið í kaupfélagið fyrr en um kl. 1700 á laugardaginn. Hann kvað helstu félaga sína á Tálknafirði vera Þorstein Pétursson, Bjarna Viggósson og Ómar Herbertsson. Hann kvað kunningsskap hafa verið með sér og Ólafi Jóhannssyni síðastliðinn vetur, en það hafi verið minna að undanförnu. Að lokum kvaðst mætti ekkert geta upplýst um mál þetta.

Kl. 1755 mætti í dóminum Bjarni Franz Viggósson, sem áður er getið. Hann kvaðst hafa komið í herbergi sitt í frystihúsinu laust eftir miðnætti laugardaginn 4. janúar. Hann kvaðst rétt áður hafa staðið í að drepa mink og hafi stefnandi og Daði Halldórsson frá Patreksfirði einnig tekið þátt í því. Hann kvað enga hafa búið í herbergjum þeim, sem voru sitt hvoru megin við herbergi hans. Hann hafi farið að sofa um kl. 0200 um nóttina og kvaðst ekki hafa hitt neinn frá því hann kom í húsið um miðnætti þar til hann fór að sofa um kl. 0200. Sérstaklega aðspurður og ítrekað áminntur um sannsögli kvaðst hann ekki hafa orðið var við neinar mannaferðir í húsinu aðfaranótt laugardagsins.

Fyrir dóminn kom einnig Jakob Ármannsson, sem áður er getið, kaupfélagsstjóri Björn Sveinsson, og síðan fór dómarinn ásamt kaupfélagsstjóra og hreppstjóra og kynnti sér aðstæður á innbrotsstað. Sýslumaður hélt rannsókninni áfram um kl. 2100 að Bjarmalandi, og þá kom Olga Herbertsdóttir fyrir dóminn. Að svo búnu hélt sýslumaður til Patreksfjarðar og háði dómþing kl. 2220 á skrifstofu sinni og kallaði stefnanda fyrir. Stefnandi var ítrekað spurður, hvort hann hefði framið innbrot og þjófnað í Kaupfélag Tálknafjarðar aðfararnótt 4. janúar, og kvaðst hann neita að hafa gert það. Þá var hann ítrekað aðspurður um ástæður fyrir því, að hann „benti á hluta þýfisins“ í húskofa upp af Ystu-Tungu, eftir að rannsókn málsins var hafin, og vísaði stefnandi til framburðar síns í réttarhaldi fyrr um daginn um það atriði. Kl. 2350 var kveðinn upp úrskurður, þar sem stefnanda var gert að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum. Stefnandi sat í gæsluvarðhaldi til fimmtudagsins 23. janúar, kl. 1330. Þá kvaðst hann aðspurður enn neita því eindregið að hafa framið innbrot og þjófnað í kaupfélagið eða átt nokkra aðild að því. Á tímabilinu, sem stefnandi sat í gæsluvarðhaldi, þ. e. frá 6. til 23. janúar, voru 20 manns yfirheyrðir vegna máls þessa í sakadómi Barðastrandarsýslu og nokkrir þeirra tvisvar og þrisvar sinnum. Stefnanda var skipaður réttargæslumaður, á meðan hann sæti í varðhaldinu, Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður.

Lögmaðurinn komst ekki vestur þegar í stað vegna veðurs, en var viðstaddur yfirheyrslur frá og með 16. janúar. Yfirheyrslur fóru fram í sakadómi Ísafjarðarsýslu að Núpi í Dýrafirði 20. janúar, og voru þá yfirheyrðir þeir Bjarni Franz Viggósson og Níels Ársælsson. Yfirheyrsla fór og fram í sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 21. janúar, og var Ólafur Jóhannsson þá yfirheyrður fyrir dómi.

Eftir að yfirheyrslum lauk og án þess að mál þetta upplýstist frekar, birtist í dagblaðinu Vísi 29. janúar frétt á 3. síðu með fyrirsögninni: „Vísaði á þýfið — neitaði að vera þjófurinn — þrátt fyrir hálfs mánaðar gæzluvarðhald.“ Var í frétt þessari sagt í stórum dráttum frá rannsókn málsins og jafnframt að grunur hefði beinst að manni nokkrum, er bjó í verbúð frystihússins. Sígaretturnar hafi fundist „fyrir atbeina hans.“ Mánudaginn 3. febrúar birtist í dagblaðinu Vísi stærri frétt með fyrirsögn í litum: „Dýrkeypt aðstoð við laganna verði,“ og í rammafyrirsögn: „ — sat í 18 daga í gæzluvarðhaldi, grunaður um innbrot, eftir að hafa hjálpað lögreglu við leit að þýfinu — og fundið það.“ Grein þessi sagði frá rannsókninni og lýsti henni frá sjónarhóli stefnanda. Hinn 5. febrúar sendi réttargæslumaður stefnanda bréf til sýslumanns og sendi honum afrit bréfs frá Níels Ársælssyni til Hans Højgaard, svohljóðandi:

„*Adressa*
NÍELS ADOLF ÁRSÆLSSON,
NÚPSSKÓLA
DÝRAFIRÐI
ÍSLAND
PENINGARNIR LIGGJA
UNDIR TEPPINU Á RÚMINU
5 VODKA
1 : STK. 2100
5 STK. 5

10500
Samtals — 10500
Níels Ársælsson“

Ríkissaksóknari tilkynnti í bréfi, dags. 11. febrúar, að af ákæruvaldsins hálfu væri ekki að svo stöddu krafist frekari aðgerða í máli þessu, en kæmi eitthvað það fram, er þætti geta orðið til frekari upplýsinga, bæri að halda rannsókn málsins áfram.

Ekkert virðist hafa verið athugað með bréf það, sem Níels Adólfsson sendi Hans Höjgaard, en stefnandi skýrði bæjarþinginu frá því og hvernig hann hefði fengið vitneskju um það. Eftir að hann hafi verið látinn laus, hafi hann rætt við Færeyinginn Hans Höjgaard, vegna þess að hann og Níels hafi rætt ýmislegt saman. Hans hafi þá sagt stefnanda frá plaggi þessu. Níels hafi sjálfur skrifað það og beðið Hans um að senda þetta áfengi. Hans hafi sagt honum, að Níels hefði pantað hann í síma frá Núpsskóla nokkru síðar og beðið um hann í símann hjá verkstjóranum í frystihúsinu. Hans hafi farið þar í símann og talað við Níels og hafi verkstjórinn setið við hliðina á Hans. Erindi Níelsar í símtali þessu hafi verið að biðja Hans að segja, ef einhver færi að athuga þetta, að Hans hefði lánað honum þessa peninga, en ekki, að Níels hefði skilið þessa peninga eftir. Verkstjórinn, sem sat þarna hjá Hans, hafi heyrt Hans segja í símann: „Nei, af hverju á ég að vera að ljúga þessu, ég ætla ekki að fara að ljúga neitt fyrir þig.“ Verkstjórinn hafi sagt stefnanda þetta og Hans hafi einnig sagt þetta, bæði stefnanda og Svandísi konu hans. Hans hafi sagt þeim, að hann hafi ekki viljað segja frá þessu þegar í stað til þess að komast ekki á blað hjá lögreglunni vegna fortíðar sinnar í Færeyjum. Skömmu eftir þetta hafi Níels hætt í skólanum og komið aftur til Tálknafjarðar. Hans Höjgaard hafi hins vegar farið burtu. Rannsókn málsins leiddi annars í ljós eftirfarandi atriði: Að nemarnir í Núpsskóla, þar á meðal Bjarni Franz og Níels, höfðu rætt sín á milli um, að gaman væri að brjótast einhvers staðar inn; að veður aðfaranótt 4. janúar hafi verið kuldi, snjókoma og allhvasst; að skrapa með löngu skafti og stillingarlykill hafi verið tekin úr brýningarklefa inn af flökunarsal og skilinn eftir í smíðaherbergi, þar sem tekið var stórt sporjárn; að herbergi Kjartans Ólafssonar, sem átti sjópokann, sem sígaretturnar voru í, var haft opið og var við hliðina á herbergi Bjarna Franz á 3. hæð; að læsing á útidyrahurð skreiðarhússins hafi verið sprengd upp á líkan hátt og læsingin á hurð kaupfélagsins og hafi þetta komið í ljós við leit 16. janúar.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að hann hafi að ósekju verið í gæsluvarðhaldi frá kl. 2350 hinn 6. janúar 1975 til kl. 1330 23. janúar 1975, eða í 18 daga. Samkvæmt 18. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, einkum 150. gr., 2. tl., svo og 152. gr., beri stefnanda bætur vegna þessa. Hann uppfylli öll skilyrði lagagreina þessara og hafi hann orðið fyrir mjög

grófri misnotkun á gæsluvarðhaldsheimild dómara. Sýnt sé, að vakað hafi fyrir sýslumanni að knýja stefnanda til játningar með því að úrskurða hann í 30 daga gæsluvarðhald, enda verði svo langur varðhaldstími fyrir ekki alvarlegra brot en hér um ræði að teljast í hæsta máta óeðlilegur.

Skilyrði 2. tl. 150. gr. laganna hafi stefnandi uppfyllt. Þau séu tvö, að rannsókn hafi verið hætt og að fremur megi telja hann líklegan til að vera sýknan en sekan af háttseminni, sem hann hafi verið borinn, þ. e. innbrotinu og þjófnaði úr Kaupfélagi Tálknfirðinga aðfararnótt 4. janúar 1975.

Rannsókninni hafi verið hætt og ekkert hafi frekar verið að gert í henni, frá því að hún var send ríkissaksóknara til ákvörðunar. Þó hafi stefnandi sjálfur bent sýslumanni á ýmis atriði, sem rannsaka mætti, og sýnt fram á ný atriði í málinu, án þess að nokkuð hafi verið aðhafst. Ljóst sé því, að þessu skilyrði sé fullnægt, enda geti bið rannsóknaryfirvalda í slíkum málum ekki komið í veg fyrir, að saklausir leiti réttar síns, eins og lög geri ráð fyrir.

Stefnandi hafi einnig sýnt fram á og málið í heild beri það með sér, að síðara skilyrðið sé einnig uppfyllt. Grunur hafi fallið á stefnanda eingöngu vegna þess, að hann fann hluta þýfisins, 22 lengjur af sígarettum, í leit, sem lögregluþjónarnir, bílstjóri þeirra, Páll Guðlaugsson vélstjóri og stefnandi hafi framkvæmt nóttina eftir að yfirheyrslur hófust. Mjög ítarlegar yfirheyrslur sýslumanns og aðrar rannsóknir hans hafi ekkert leitt í ljós til þess að styðja þennan grun, sem upphaflega hafi lagst á stefnanda. Hins vegar hafi mörg atriði komið í ljós, sem sýnt hafi hið gagnstæða, að stefnandi hafi alls ekki framið þetta. Stefnandi bendir á, að nótt þessa hafi skip verið í höfn og mörg skólabörn verið í jólaleyfi. Aðeins þrír nemar hafi verið yfirheyrðir. Hugmynd stefnanda um að leita í fjárhúsum þessum hafi reynst á rökum reist. Hún hafi hins vegar verið túlkuð sem vitneskja stefnanda um, að þýfið væri þarna. Þetta hafi verið mistök frá upphafi, sem e. t. v. hafi spillt rannsókninni. Stefnandi vísar í þessu sambandi á mismunandi orðalag lögregluskýrslunnar um fundinn í fjárhúsinu og orðalag Páls Guðlaugssonar. Framburðirnir stangist ekki á, en þeir lýsi sama atburði með mismunandi orðalagi, sem hafi reynst svo afdrifaríkt. Stefnandi hafi lýst þessu bæði í sakadómsrannsókn og hér fyrir dómi. Hann hafi séð, að þeir hafi aðeins staðið í dyrunum og lýst inn í fjárhúsið og hafi honum þótt ástæða til að fara inn í fjárhúsið og leita

betur. Þetta hafi hann gert og þá komið auga á eplakassa, sem hafi verið á hvolfi á gólfinu, alveg nýjan og áberandi hreinan. Hann hafi því lyft honum með fætinum og þá séð sjópoka undir. Þegar sagt sé, að hann hafi gengið rakleitt að kassanum eða beint að kassanum, þá sé átt við það, að hann hafi gengið að honum, eftir að hann sá hann í ljósgeislanum, og sé því hér um eðlilegt orðalag að ræða, sé litið á það í ljósi þess, sem raunverulega gerðist. Samt hafi þetta orðalag orðið til þess, að grunur hafi fallið á hann og menn hafi þá talið, að hann væri að „vísa á" þýfi, sem hann hefði sjálfur sett á þennan stað. Á þessu hafi sýslumaður byggt gæsluvarðhaldsúrskurð sinn. Þrátt fyrir hina löngu rannsókn hafi ekki tekist að upplýsa málið og rétt sé að benda á, að fingrafararannsóknir hafi farið út um þúfur, bæði á sígarettulengjunum og verkfærunum, sem talin voru hafa verið notuð. Og ekki hafi verið rannsökuð beiðni Níelsar Ársælssonar á áfengiskaupum og símtal hans við kaupandann, Hans Höjgaard.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að skilyrðum 150. gr. laga nr. 74/1974 verði að vera fullnægt í hvívetna, svo bætur megi dæma, en bæði 1. og 2. tl. þeirrar greinar séu því augljóslega til fyrirstöðu. Ekkert liggi fyrir um, að endanleg ákvörðun hafi verið tekin um að hefja ekki ákæru. Stefndi leggi þó höfuðáherslu á niðurlag 2. tl. 150. gr., en þar komi fram það fortakslausa skilyrði bótaréttar, að fremur megi telja sakaðan mann sýknan en sekan af þeirri háttsemi, sem hann var borinn. Þótt rannsókn málsins hafi ekki leitt í ljós óyggjandi sannanir, sem nægðu til refsiáfalls fyrir stefnanda, hljóti niðurstaðan að verða sú, að stefnandi verði ekki fremur talinn sýkn en sekur. Hér sé um að ræða frjálst líkindamat um sekt eða sýknu stefnanda og bendi eftirfarandi atriði rannsóknarinnar svo eindregið til sektar hans, að skilyrði 2. tl. geti ekki talist uppfyllt.

Í lögregluskýrslu segi um leit í fjárhúsinu: „Fór Viðar rakleitt að kassa, sem stóð á gólfinu innst í garðanum, og lyfti honum upp." Þetta bendi augljóslega til þess, að stefnandi hafi vitað, hvar þýfið var geymt. Lögreglumennirnir hafi staðfest þessa frásögn með eiði og hún sé skráð strax eftir atburðinn. Ummæli stefnanda, þegar hann benti á þýfið, séu ekki síður athyglisverð. Hann viðurkenni sjálfur að hafa sagt efnislega: „Hérna er eitthvað, ég snerti þetta ekki, mér er sama, hvað þið haldið að þótt ég hafi fundið þetta, þá megið þið taka því eins og þið viljið". Ljóst ég, að sýslumanni hafi eftir slíka framkomu verið heimilt að beita gæsluvarðhaldi skv. 67. gr. laga nr. 74/1974. Rétt sé og

að benda á, að stefnandi virðist álíta, að grunur hafi fallið á sig eftir fyrstu lögregluyfirheyrslu að kvöldi laugardagsins 4. janúar. Honum kann þá að hafa þótt hyggilegra að skila hluta þýfisins.

Eins og glögglega komi fram af rannsóknninni, bendi allt til þess, að einhver eða einhverjir þeirra, sem bjuggu í hraðfrystihúsinu, hafi framið innbrotið. Áhöldin hafi verið fengin í hraðfrystihúsinu, og til að nálgast þau þurfti kunnugleika innanhúss og aðgang að lyklum. Einnig veki athygli, að stefnandi segist hafa frétt um innbrotið kl. 1430 á laugardaginn, skömmu eftir að hann fór á fætur. Hins vegar var ekki uppvíst um innbrotið fyrr en um eða eftir kl. 1600. Einnig hafi stefnandi sagt, að hann hafi sagt skólastjóranum, þegar hann fór þangað í heimsókn kl. 1700, að stolið hefði verið kr. 40.000. Þetta hafi á engan hátt verið vitað þá og sé lítt skiljanlegt, hvaðan stefnanda kom sú vitneskja. Þótt stefnandi hafi reynt að koma sökinni á nema, sem þarna voru í jólaleyfi, einkum þá Ólaf Jóhannsson, Bjarna Franz Viggósson og Níels Ársælsson, hafi ekkert komið í ljós, sem bendi á sekt þeirra. Níels hafi ekki verið kunnugur í hraðfrystihúsinu, enda ekki búið þar. Auk þess verði að benda á, að stefnandi hafi verið staðinn að hnupli áður, eins og margoft hafi komið fram í rannsóknninni.

Niðurstaða.

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 11. febrúar 1975, var eigi að svo stöddu krafist frekari aðgerða í máli þessu. Tekið var þó fram, að rannsóknninni bæri að halda áfram, kæmi eitthvað fram, er þætti geta orðið til frekari upplýsinga í málinu. Ekkert liggur fyrir um, að rannsókn hafi verið tekin upp að nýju og haldið áfram, frá því er henni var hætt í janúar 1975. Þegar svo stendur á, verður að telja, að skilyrði 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974 um, að rannsókn hafi verið hætt, standi ekki í vegi fyrir því, að kröfur stefnanda nái fram að ganga.

Annað skilyrði er, að fremur megi telja stefnanda líklegan til að vera sýknan en sekan af því að hafa brotist inn í sölubúð Kaupfélags Táknafjarðar aðfaranótt laugardagsins 4. janúar 1975 og stolið þaðan um kr. 54.000 í peningum og ca 25 lengjum af vindlingum.

Telja verður upplýst, að innbrot þetta hafi verið framið með því, að bakhurð sölubúðarinnar var spennt upp með járni. Enn fremur að sporjárn hafi verið tekið úr smíðaherbergi á 2. hæð hraðfrystihússins þessa nótt og að þangað hafi verið farið úr flökunarsal hússins á sömu hæð. Telja verður og, að lengjur þær

af vindlingum, sem fundust í fjárhúsum aðfararnótt 5. janúar 1975 og voru í sjópoka, sem tekinn hafði verið úr auðu herbergi á 3. hæð hraðfrystihússins, hafi verið hluti þýfisins og að þær hafi verið færðar þangað um nóttina eftir innbrotið. Þá var snjókoma og hvassviðri.

Ekki verður fallist á það með stefnda, að allt bendi til þess, að innbrotið hafi verið framið af einhverjum, sem bjó í verbúð hraðfrystihússins. Upplýst er, að húsið var öllum opið, þótt ýmis herbergi væru læst, og margir voru þar kunnugir húsaskipan. Einnig er upplýst, að unnt hafi verið að komast inn í flökunarsal um lúgu að utan eftir „snigli" svo og að hurð milli umbúðageymslu og smíðaherbergis hafi verið „spennt upp". Ekki verður því séð, að lyklar hljóti að hafa verið notaðir til þess að ná í járn í smíðaherberginu.

Vindlingarnir fundust fyrir atbeina stefnanda í fjárhúsunum. Framburður stefnanda um það, hvenær hann frétti um innbrotið, var á reiki. Grunur féll því á hann þegar í upphafi rannsóknar. Þegar virtir eru framburðir vitna um fund vindlinganna í fjárhúsinu, verður ekki talið, að þáttur stefnanda og framkoma bendi til þess, að hann sé sekur, þótt þetta hafi vakið grunsemdir í upphafi. Þegar hin ítarlega rannsókn er skoðuð, er vart unnt að telja, að önnur atriði en þessi hafi varpað grun á stefnanda. Þegar á móti er virt staða stefnanda á staðnum, framburður Svandísar Leósdóttur um dvöl stefnanda um nóttina svo og það, að stefnandi verður ekki talinn hafa augljósar ástæður eða tilgang með slíkum verknaði, þykir vel mega telja, að stefnandi sé fremur sýkn af háttsemi þessari en sekur. Hann uppfyllir því skilyrði 150. gr. laga nr. 74/1974, og verða honum því dæmdar bætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju.

Krafa stefnanda um kr. 60.000 fyrir vinnutap hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hún því tekin til greina. Stefnandi hefur orðið fyrir miska, sem eftir atvikum verður að teljast verulegur. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar kr. 800.000. Stefnanda verða því dæmdar bætur samtals að fjárhæð kr. 860.000 með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði, þar sem ríkissaksóknara og sýslumanni Barðastrandarsýslu er stefnt til réttargæslu.

Eftir þessum málalokum verður stefnda einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 300.000. Skv. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 greiðist málskostnaður stefnanda úr ríkis-

sjóði. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður, kr. 275.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Viðari Stefánssyni, kr. 860.000 með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður stefnanda, kr. 300.000, greiðist einnig úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns hans, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, kr. 275.000.

Mánudaginn 10. desember 1979.

Nr. 118/1978. **Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1978. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 2. mars 1978, er munnlegur málflutningur fór fram, verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara er aðallega krafist sýknu alveg eða að hluta, en til þrautavara sýknu að svo stöddu. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Allmörg ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. endurrit lögregluranns óknar, sem fram fór vegna kæru áfrýjandans Alexanders Sigurðssonar á hendur starfsmönnum stefnda. Með bréfi ríkissaksóknara 6. þ. m. var eigi krafist frekari aðgerða vegna greindrar kæru.

I.

Kröfu sína um ómerkingu og heimvísun málsins byggja áfrýjendur á því, að héraðsdómara hafi borið að úrskurða sérstaklega um framkomna kröfu um frest í málinu, áður en efnisdómur yrði á það lagður, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómara hefði verið rétt að kveða upp sérstakan úrskurð um kröfuna um frest. Það gerði hann ekki, og er það aðfinnsluvert. Með því aftur á móti að taka til úrlausnar í einu lagi frestkröfuna og efnishlið máls fólst synjun á að veita frest, þó að þess sé ekki berum orðum getið í hinum áfrýjaða dómi.

Þrátt fyrir þessa annmarka á málsmeðferð, þykja eftir atvikum ekki efni til að ómerkja meðferð málsins og vísa því heim í hérað.

II.

Hér er um víxilmál að ræða, þar sem kröfur stefnda byggjast á tveim víxlum, sem afsagðir voru vegna greiðslufalls. Gegn andmælum stefnda hafa áfrýjendur ekki haft uppi neinar þær varnir um efni máls, sem koma má að í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, og hafa ekki heldur sýnt fram á, að ákvæði 2. mgr. 69. gr. laga þessara eigi hér við. Ber að svo vöxnu máli að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn 700.000 krónur.

Í aðiljaskýrslu áfrýjandans Alexanders Sigurðssonar eru

óþingleg ummæli um starfsmenn stefnda. Ber að víta þau. Ótilhlýðilegt var af fyrri lögmanni áfrýjenda, Sigurði Helgasyni hæstaréttarlögmanni, að taka ummæli þessi efnislega upp í greinargerð sína.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Áfrýjendur, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 700.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. mars 1978.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 2. mars sl., hefur bankastjórn Landsbanka Íslands, Reykjavík, f. h. bankans höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 3. nóvember 1977, gegn Stálvirkjanum h/f, Skeifunni 5, Reykjavík, Alexander Sigurðssyni, Sogavegi 138, Reykjavík, Hermanni Svavarssyni, Ránargötu 32, Reykjavík, og Sigurði Guðbrandssyni, Sogavegi 138, Reykjavík.

Við þingfestingu málsins var fallið frá kröfum á hendur Hermanni Svavarssyni, þar sem ekki tókst að birta honum stefnu.

Málið er höfðað in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 5.200.000 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 2.500.000 frá 14. janúar 1977 til 19. janúar s. á., en af kr. 5.200.000 frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 3.800 í afsagnarkostnað og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu Alexander og Sigurður hafa látið sækja þing, og skiluðu þeir greinargerð þann 13. desember sl., og var málinu þá jafnframt vikið til venjulegrar meðferðar.

Þessir stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara sýknu að svo stöddu, auk ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnanda, hver sem málalok verða.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Af hálfu stefnda Stálvirkjans h/f hefur ekki verið sótt þing.

II.

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt tveimur víxlum að fjárhæð kr. 2.500.000 og kr. 2.700.000, útgefnum 14. október 1976 og 19. október 1976 af Alexander Sigurðssyni og samþykktum af Stálvirkjanum h/f til greiðslu 14. janúar 1977 í Landsbanka Íslands og 19. janúar 1977 í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, með ábekingum, útgefanda, Hermanni Svavarssyni og Sigurði Guðbrandssyni.

Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur.

III.

Stefndu Alexander og Sigurður styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að áritanir þeirra á víxlana, dskj. nr. 2 og 3, séu þess háttar löggerningar, að þeir séu eigi skuldbundnir af þeim, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936. Áskilji þeir sér rétt til þess að láta reyna á það síðar, ef þurfa þykir, hvort ákvæði 14. og 26. kafla laga nr. 19/1940 eigi hér við, einkum þær greinar í köflum þessum, er styðji fyrrnefnda tilvitnun í samningalögin. Sömuleiðis áskilja þeir sér rétt til þess að krefja stefnanda fullra bóta fyrir allt það tjón, miska og óþægindi, sem málarekstur þessi kunni að valda þeim.

Varakröfu sína styðja stefndu þeim rökum, að stefnandi hafi skuldbundið sig til þess að fresta innheimtuaðgerðum á hendur þeim, uns vitað verði, hvort þrotabú stefnda Stálvirkjans h/f geti greitt eða vilji greiða víxla þessa. Hafi milligöngumaður fyrir hönd stefndu fengið loforð fyrirsvarsmanns eða manna stefnanda í þessa veru.

Stefndu vefengja, að kröfubréf hafi verið sent, eftir að þetta loforð var gefið.

IV.

Í réttarhaldi þann 1. mars sl. krafðist lögmaður stefndu frests til þess að leiða aðilja og vitni fyrir dóm og afla gagna.

Lögmaður stefnanda synjaði um frest og kvað mál þetta vera víxilmál og fengju engar varnir komist að aðrar en víxilvarnir, sbr. 17. kafla laga nr. 85/1936. Stefndu hafi engar slíkar varnir haft og það, sem ætlunin sé að leiða í ljós með aðilja- og vitnaskýrslum, séu ekki varnir í víxilmáli.

Lögmaður stefndu krafðist þá úrskurðar um þetta atriði, og fór munnlegur málflutningur fram 2. mars sl. Var málið þá jafnframt flutt um efnishlið.

V.

Mál þetta er víxilmál. Stefnandi hefur lagt fram tvo víxla, sem eru í samræmi við málavaxtalýsingu hans að öllu leyti, og er stefnandi formlega löglegur handhafi víxlanna fyrir eyðuframsal.

Í 17. kafla laga nr. 85/1936 er fjallað um víxilmál.

Ætlunin með þeim sérreglum, sem þar eru, virðist vera sú, að gera víxilmálin sem einföldust og gera með því málssóknina greiða fyrir sækjanda. Með reglum þessum er verið að girða fyrir það, að viðskipti þau, sem á bak við víxlana liggja, verði dregin inn í víxilmál, og er með því verið að tryggja gildi víxilskuldar sem formskuldar.

Stefndu Alexander og Sigurður hafa ekki haft uppi neinar þær varnir, sem koma má að skv. 208. gr. laga nr. 85/1936, og öðrum vörnum verður ekki komið að án samþykkis stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda á hendur þessum stefndu teknar til greina að öllu leyti.

Eins og áður er getið, hefur ekki verið sótt þing af hálfu stefnda Stálvirkjans h/f, og verður því mál þetta dæmt gagnvart honum samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við 118. gr. laga nr. 85/1936, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans á hendur þessum stefnda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 735.000, sem stefndu greiði allir in solidum.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist sökum embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Stálvirkjinn h/f, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson, greiði in solidum stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 5.200.000 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 2.500.000 frá 14. janúar 1977 til 19. janúar s. á., en af kr. 5.200.000 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 3.800 í afsagnarkostnað og kr. 735.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. desember 1979.

Nr. 91/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurjóni Guðmundssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Hinn 28. desember 1977 kom skipaður verjandi ákærða í héraði fyrir sakadóm Reykjavíkur og flutti þar munnlega vörn. Að því loknu var málið tekið til dóms. Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp á dómþingi 2. júní 1978, og voru þá liðnir röskir fimm mánuðir frá því hinn munnlegi málflutningur fór fram og málið var dómtekið. Er þetta brot á 165. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 191. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til málflutnings að nýju og uppsögu dóms.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til málflutnings að nýju og dómsuppsögu.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. júní 1978.

Ár 1978, föstudaginn 2. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 239/1978: Ákæruvaldið gegn Sigurjóni Guðmundssyni, sem dómtekið var 28. desember sl.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 9. nóvember sl., gegn Sigurjóni Guðmundssyni pípulagningameistara, Reynimel 84, fæddum 12. október 1924 í Kolsholtshelli, Villingaholtshreppi, Árnessýslu. Honum er gefið að sök „að hafa fimmtudaginn 16. september 1976, er hann ók bifreið sinni, R 40047, austur Tryggvagötu í Reykjavík inn á Lækjargötu á móti biðskyldumerki, sem þar er á gatnamótunum, eigi sýnt af sér nægjanlega aðgát og eigi vikið fyrir bifreiðinni R 42184, sem ekið var suður Lækjargötu, með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreiðunum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 48. gr., c lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 16. september 1977, um kl. 0910, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að árekstur hefði orðið á gatnamótum Lækjargötu og Tryggvagötu. Tveir lögreglumenn komu á vettvang, og hafði annar þeirra tal af ökumönnum, en hinn gerði uppdrátt af vettvangi. Þarna hafði orðið árekstur milli bifreiðanna R 40047, sem ekið var austur Tryggvagötu, og R 42184, sem ekið var suður Lækjargötu.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni kvaðst ökumaður R 42184, Arnfríður Ólafsdóttir, hafa ekið bifreiðinni frá Skúlagötu suður Lækjargötu eftir vinstri akrein. Hún kvaðst ekki geta sagt til um það, á hvaða hraða hún ók umrætt sinn. Ökumaður R 40047 hefði komið til sín þegar eftir áreksturinn og spurt sig, á hvaða hraða hún hefði ekið, og kveðst hún hafa svarað því til, að líklega hefði hún ekið á 50 km hraða. Kveðst hún hafa verið í uppnámi og þess vegna sagt þetta án þess að vita, á hvaða hraða hún ók. Hún sagði, að þegar hún hefði komið að Tryggvagötu, hafi bifreiðinni R 40047 verið ekið af þeirri götu í austur inn á Lækjargötu, og skipti engum togum, að bifreiðin lenti á hægra framhorni og utan á frambretti bifreiðarinnar R 42184, sem hún ók.

Báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð, þegar áreksturinn varð, og hafi bifreið hennar kastast til að framan, þannig að hún hafi ekki náð að stöðva bifreiðina fyrr en uppi á eyjunni, sem skiptir akbrautinni. Kvaðst ökumaðurinn telja, að ef bifreiðin R 40047 hefði verið kyrrstæð, þegar áreksturinn varð, hefði bifreið sú, sem hann ók (R 42184), ekki breytt um stefnu og öll hlið hennar rispast. Ökumaðurinn kveðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 40047, rétt áður en áreksturinn varð, og þá hemlað, en var kominn svo nálægt bifreiðinni R 40047, að ekki hafi tekist að forðast árekstur. Ökumaðurinn kynnti sér vettvangsuppdrátt lögreglunnar og taldi hann vera réttan og taldi, að hemlaför þau, sem sýnd eru á uppdrættinum við framhjól bifreiðarinnar R 40047, væru eftir þá bifreið, enda hafi hann skoðað þau, strax eftir að bifreiðin hafði verið færð til, og hafi þau sjáanlega verið alveg ný. Ökumaðurinn sagðist hafa tekið eftir því, að lögregluþjónn sá, sem mældi upp vettvang, hafi mælt í skrefum, en hafi ekki verið með málband.

Við lögregluyfirheyrslu kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni R 40047 hægt austur Tryggvagötu og stöðvað við biðskyldumerki, sem er á gatnamótum Tryggvagötu og Lækjargötu fyrir umferð, sem ekið er austur Tryggvagötu. Hann hafi litið til beggja hliða og enga umferð séð og ekið því hægt af stað, en þá orðið var við ferðir R 42184 og stöðvað bifreið sína, R 40047. Hafi bifreið sín verið kyrrstæð við áreksturinn. Kvaðst ákærði telja, að orsök árekstrarins væri sú, að bifreiðinni R 42184 hefði verið ekið of hratt. Taldi hann, að uppdráttur lögreglunnar af vettvangi væri ekki réttur, en áleit, að bifreið sín hefði staðið aftar en fram kemur á uppdrættinum og hafi framendi hennar verið 30 cm yfir miðlínu akbrautarinnar. Hafi umferð gengið óhindrað eftir vinstri akreininni til suðurs, á meðan beðið var eftir komu lögreglunnar á vettvang. Taldi ákærði, að lögreglumennirnir hefðu ekki að sínu viti framkvæmt neinar mælingar á staðnum og þess vegna hafi strax risið ágreiningur um staðsetningu bifreiðar ákærða, eftir að hún hafi verið færð til. Ákærði hélt því fram, að hemlaför, sem sýnd eru á uppdrættinum við framhjól bifreiðarinnar, hefðu verið á götunni fyrir áreksturinn.

Arnfríður Ólfasdóttir, ökumaður bifreiðarinnar R 42184, kom fyrir dóm vegna máls þessa 11. október sl., og staðfesti vitnið skýrslu þá, er það gaf um áreksturinn hjá lögreglu. Sagði vitnið, að bifreiðin R 40047 hefði verið færð af vettvangi eftir áreksturinn, þar sem hún olli umferðartruflun, en áður hafi lögreglu-

menn verið búnir að mæla upp árekstursstað og vettvang. Annar lögreglumannanna hafi stikað vettvanginn, en vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hvort málband var notað, enda minnti vitnið, að það hefði verið inni í lögreglubifreiðinni hluta þess tíma, er mælingin fór fram. Vitnið kvaðst hafa kynnt sér bremsuför á götunni, sem merkt eru á uppdrætti lögreglunnar, eftir bifreið ákærða og hafi hún ekki talið nokkurn vafa á, að hér væri um að ræða bremsuför eftir bifreið ákærða, þar sem förin hafi verið alveg nýleg og á þeim stað, er bifreið ákærða stöðvaðist. Taldi vitnið vettvangsuppdrátt lögreglunnar í öllum atriðum réttan. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði farið þó nokkuð yfir miðlínu akbrautarinnar, sem er fyrir umferð suður Lækjargötu. Kveðst vitnið hafa ekið á miðri vinstri akrein Lækjargötu í suður. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið mjög dónalegur við lögreglumenn þá, er komu á vettvang. Vitnið kvaðst ekki muna, á hvaða hraða það ók, í þann mund er árekturinn varð, en tæplega hafi það verið á ólöglegum hraða, þar sem vitnið hafi verið nýbúið að taka beygju og ekki vant að aka hratt. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart ferða R 40047, fyrr en rétt í þann mund er árekstur varð, og hafi því ekki séð, hvort ákærði stöðvaði bifreið sína við biðskyldumerkið við gatnamótin.

Ákærði mætti fyrir dómi í máli þessu þann 17. mars 1977 og við þingfestingu málsins þann 2. desember sl. svo og 5. desember sl. Var framburður hans samhljóða framburði þeim, er hann gaf um málið hjá lögreglunni, og staðfesti hann, að þar væri rétt eftir sér haft. Ákærði sagði, að er lögreglan kom fyrst á vettvang, hefði enginn ágreiningur orðið, en þegar hann hafi spurt um bremsuför bifreiðarinnar R 42184, hafi hann ekki fengið svör við því, og eftir að bifreið ákærða hafði verið færð, hafi ágreiningur risið milli sín og lögreglumannanna um staðsetningu bifreiðar ákærða samkvæmt frásögn og uppmælingu lögreglumannanna. Kvaðst ákærði hafa fylgst með vettvangsmælingu lögregluþjónsins, sem framkvæmdi mælinguna, út um bílrúðu lögreglubifreiðarinnar og hafi hann ekki séð, að lögregluþjónninn hafi notað málband við uppmælinguna. Kvaðst ákærði mótmæla því, að bifreiðum hafi verið ekið hægra megin fram með bifreið ákærða á vettvangi, áður en bifreið ákærða var færð, þar sem bifreiðar, er óku austur Tryggvagötu, hafi annað hvort ekið afrennslisbraut í suður eða vinstra megin við bifreið sína.

Vitnið Jónatan Hall hefur gefið skýrslu fyrir dómi.

Vitnið kvaðst minnast þess að hafa farið á vettvang í sam-

bandi við ofangreindan árekstur. Það hafi haft tal af ökumönnum bifreiðanna inni í lögreglubifreiðinni, sem voru nokkru norðan við bifreið ákærða, eins og bifreiðin er staðsett á uppdrættinum. Kveðst vitnið hafa séð úr lögreglubifreiðinni, að framhluti bifreiðarinnar R 40047 hafi verið yfir miðlínu götunnar. Taldi vitnið uppdráttinn, sem Guðmundur Örn Ragnarsson gerði á vettvangi, alveg réttan. Bifreiðum hafi verið ekið í austur meðfram hægri hlið R 40047, áður en bifreiðin var færð af vettvangi. Bifreiðar, sem óku suður Lækjargötu, hafi komist meðfram bifreiðinni R 40047. Vitnið sagði, að Guðmundur hefði haft málband á vettvangi, enda hafi vitnið sérstaklega fengið málband á lögreglustöðinni, þar sem hvorugur þeirra var þar með málband. Kvaðst vitnið þó ekki þora að fullyrða, að það hafi séð Guðmund nota málbandið. Vitnið minntist að hafa séð Guðmund stika vegalengdina frá horni eystri eyjarinnar á Lækjargötu og að þeirri sömu bifreið. Kveðst vitnið halda, að það hafi aðstoðað Guðmund við að mæla hemlaför, sem merkt eru eftir bifreiðina R 42184, og hafi verið notað málband við það. Taldi vitnið öruggt, að hemlaför, merkt eftir báðar bifreiðarnar á uppdrættinum, hafi verið ný og eftir bifreiðarnar R 40047 og R 42184. Vitnið kvað ákærða hafa sagt á vettvangi, „að það væri alltaf eins með lögregluna, hún gerði aldrei rétt, það sem hún ætti að gera," og hafi ákærði dregið í efa, að starfsaðferðir lögreglumannanna varðandi þennan árekstur væru réttar.

Vitnið Guðmundur Örn Ragnarsson, sem gerði vettvangsuppdráttinn, var yfirheyrt fyrir lögreglu og fyrir dómi. Staðfesti það vettvangsuppdráttinn sem réttan. Kvaðst vitnið vant að gera uppdrætti á árekstursstað og kvaðst ávallt nota málband á vettvangi og hafi það einnig gert svo í þetta sinn. Kveðst vitnið hafa vandlega mælt út staðsetningu bifreiðar ákærða á gatnamótunum og hafi það mælt út frá þrem punktum, eins og venja er. Öruggt sé, að staðsetning bifreiðar ákærða hafi verið rétt mæld miðað við umferðareyjarnar. Það geti þó verið, að miðlína götunnar á uppdrættinum sé ekki alveg sú sama og raunveruleg miðlína götunnar, enda sé hún teiknuð inn með blýanti á uppdrættinum, og kvaðst vitnið ekki hafa mælt miðlínuna sérstaklega á vettvangi. Afstaða bifreiðarinnar miðað við miðlínu geti skeikað einhverju, en staða bifreiðarinnar miðað við umferðareyjarnar sé rétt. Vitnið sagði, að ökumenn beggja bifreiðanna hefðu verið inni í lögreglubifreiðinni, er hann mældi upp vettvanginn. Vitnið kvaðst ekki hafa notað málband við mælingu á

þeim stöðum, sem það taldi ekki skipta máli varðandi afstöðu bifreiðanna. Vitnið sagði, að ákærði hefði strax við komu lögreglunnar á vettvang farið að skipta sér af því, hvernig vitnið mældi vettvang, og kveðst það minna, að ákærði hafi sagt, að hemlaför bifreiðarinnar R 42184 væru lengri en raun var á. Kvaðst vitnið álíta, að för á uppdrættinum, merkt eftir bifreið ákærða, væru örugglega eftir bifreið ákærða, þar sem vitnið hafi litið undir bifreiðina og förin hafi verið í beinu framhaldi af stöðu hjólanna. Eftir að bifreið ákærða var færð, kveðst vitnið hafa mælt aftur hemlaförin eftir framhjól hennar og skoðað þau nánar.

Ákærði sýndi í dóminum tvo uppdrætti gatnamálastjórans í Reykjavík af ofangreindum gatnamótum. Samkvæmt þeim eru stærðarhlutföll ekki alveg þau sömu og uppdráttur úr kortabók lögreglunnar, en grunnmynd uppdráttarins er úr henni.

Ákærða var boðið að ljúka þessu máli með lögreglusátt og síðar dómssátt, en hann hafnaði því fyrir dómi 17. mars 1977, og var málið að lokinni dómsrannsókn sent ríkissaksóknara til ákvörðunar.

Við úrlausn á því sakarefni, hvort ákærði hafi gerst brotlegur gegn tilgreindum lagaákvæðum í ákæru, ræður hvorki ágreiningur um hárnákvæma staðsetningu bifreiðar ákærða á vettvangi úrslitum né það, hvort bifreið ákærða var í kyrrstöðu eða ekki við árekstur. Þykir fyllilega í ljós leitt, að ákærði hafi ekki í umrætt sinn sýnt nægilega aðgát, er hann ók inn á gatnamót fyrrgreindra gatna, enda nýtur umferð suður Lækjargötu aðalbrautarréttar gagnvart umferð austur Tryggvagötu, og ósönnuð er með öllu fullyrðing ákærða, að bifreiðinni R 42184 hafi verið ekið með of miklum hraða suður Lækjargötu, er ofangreindur árekstur átti sér stað.

Hefur ákærði því gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann gengist undir að greiða með dómssátt í Reykjavík 22. janúar 1968 400 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga. Öðrum kærum og refsingum hefur hann ekki sætt, svo kunnugt sé um.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 15.000, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Einnig verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar,

þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 15.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Guðmundsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 2 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.

Fimmtudaginn 13. desember 1979.

Nr. 87/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurbirni Bjarnasyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Vitnin þrjú, er bera um háttsemi þá, sem ákærða er gefin að sök í málinu, unnu eið að framburðum sínum. Voru vitnin Stefanía María Jónsdóttir og Þór Ólafsson samprófuð við ákærða, áður en eiðvinning fór fram.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna dómsins ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurbjörn Bjarnason, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 26. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 157/1978: Ákæruvaldið gegn Sigurbirni Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 31. mars sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 9. janúar 1978, á hendur ákærða, Sigurbirni Bjarnasyni verkamanni, Yrsufelli 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 26. maí 1954, „fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. desember 1977 stolið seðlaveski, sem í voru 1.000 krónur í peningum og skilríki, af borði í veitingahúsinu Sesari við Hallarmúla í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir:

Aðfaranótt fimmtudagsins 15. desember sl., kl. 0042, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um þjófnað á veski í veitingahúsinu Sesari hér í borg. Að sögn þriggja gesta þarna í veitingahúsinu hafði ákærði í máli þessu tekið veski eins þeirra af borði í veitingasal, á meðan gesturinn var að dansa. Ákærði kannast hins vegar ekki við þetta og neitaði með öllu að vera valdur að þjófnaðinum.

Vitnið Stefanía María Jónsdóttir afgreiðslustúlka, Álftamýri 16, fædd 10. janúar 1961, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið á dansleik í fyrrgreindu veitingahúsi aðfaranótt 15. desember sl. Vitnið kvaðst hafa verið að dansa, er það sá mann

koma að borði vitnisins og þeirra, sem með því voru, en enginn var þá við borðið. Vitnið var að ganga að borðinu rétt í þann mund, er það sá mann þennan ganga frá borðinu, og sá það, að hann stakk rauðu veski í vasa sinn. Vitnið þekkti, að þetta var veski vinkonu þess, Dagbjartar Ásmundsdóttur. Gekk vitnið á eftir manninum, tók veskið úr vasa hans og sló hann utan undir með því. Vitnið kvað manninn hafa farið í burtu, en þau hafi veitt honum eftirför úr tveim áttum og fundið hann skömmu síðar. Var vitnið ekki í neinum vafa um, að um sama mann var að ræða, og fullyrti vitnið, að þetta hefði verið ákærði.

Vitnið Þór Ólafsson sjómaður, Vesturbergi 148, fæddur 13. júlí 1960, hefur skýrt frá því fyrir dómi, að það hafi verið á umræddum dansleik. Það kvaðst hafa verið að ganga að borði sínu ásamt Stefaníu Jónsdóttur, er það sá mann ganga frá borðinu, sem vitnið segir, að hafi verið ákærði. Vitnið kveðst ekkert hafa vitað fyrr en Stefanía réðst að ákærða og sló hann, og sá vitnið, að rautt veski féll á gólfið. Maðurinn hafi farið á brott, en í framhaldi þessa kveðst vitnið hafa skýrt dyravörðum frá þjófnaðinum, og fór vitnið með þeim að leita ákærða. Fannst hann skömmu síðar, en kannaðist ekki við atvikið. Var vitnið ekki í neinum vafa um, að um sama mann var að ræða. Nánar aðspurt kvaðst það hafa séð það detta á gólfið, en Stefanía hafi sagt sér, að hún hefði tekið það úr vasa mannsins.

Vitnið Dagbjört Ásmundsdóttir afgreiðslustúlka, Eskihlíð 6, fædd 15. maí 1957, skýrði frá því fyrir dómi, að það hefði verið að dansa í veitingahúsinu Sesari umrætt sinn, er það sá mann við borð vitnisins og fleira fólk, og rétt á eftir sá vitnið, að Stefanía vinkona þess réðst að manninum og tók af honum rautt seðlaveski og sló hann með því, en veski þetta reyndist vera úr eigu vitnisins. Vitnið veit ekki, hvort veskið var á borðinu eða hvort það var í tösku, sem var í sæti vitnisins.

Vitnið sá umræddum manni aðeins bregða fyrir þarna við borðið og hefði ekki treyst sér til að þekkja hann aftur, en kunningjar vitnisins, Stefanía og Þór, töldu sig þekkja hann, og vitnið taldi, að það væri sami maður, er þau bentu á og fóru með til dyravarðar. Vitnið sagði þó, að það hefði byggt álit sitt fyrst og fremst á fullyrðingum Stefaníu og Þórs. Hjá rannsóknarlögreglu hinn 16. desember sl. hafði verið bókað eftir vitninu, að það væri öruggt um, að um sama mann hefði verið að ræða. Fyrir dóminum kvað vitnið þetta þó full sterkt til orða tekið.

Ákærði hefur lýst sig saklausan af umræddum verknaði og

neitar að hafa tekið veski af borði í veitingahúsinu Sesari 15. desember sl., svo sem lýst er í ákæru. Hann segir, að fólk þar í veitingahúsinu, stúlka og piltur, hafi gengið að sér, þar sem hann var á leið á salerni, og beðið hann að koma með sér til dyravarðar án þess að gefa frekari skýringu á því. Gerði ákærði það, og síðan var hringt í lögreglu, sem sótti ákærða. Ákærði mótmælir framburðum framangreindra vitna, og samprófun milli hans og vitnanna Stefaníu Jónsdóttur og Þórs Ólafssonar leiddi ekki til frekara samræmis.

Í umræddu veski voru öll persónuskilríki Dagbjartar Ásmundsdóttur og eitt þúsund í peningum.

Niðurstaða.

Þegar framanritað er virt, einkum eindregnir framburðir vitnanna Stefaníu Maríu Jónsdóttur og Þórs Ólafssonar, verður þrátt fyrir neitun ákærða að telja sannað, að hann hafi umrætt sinn stolið margnefndu seðlaveski Dagbjartar Ásmundsdóttur, þar sem það lá á eða við borð í veitingahúsinu Sesari. Hefur ákærði þannig gerst brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Frá árinu 1972 hefur ákærði 8 sinnum hlotið dóm fyrir þjófnaði og önnur auðgunarbrot. Síðasti dómur var kveðinn upp 29. nóvember 1976, en þá hlaut ákærði 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Á árinu 1975 var hann tvívegis dæmdur, hinn 5. mars í 10 mánaða fangelsi og hinn 20. desember í 3ja mánaða fangelsi, hvort tveggja fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar kærða ber meðal annars að hafa í huga, að hér var um lítil verðmæti að ræða og ekkert tjón hlaust af broti hans. Eftir atvikum þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu málskostnaðar, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Bjarnason, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði allan kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.

Mánudaginn 17. desember 1979.

Nr. 213/1979. **Ingibjörg Eggertsdóttir**
gegn
Eggert Ó. Sigurðssyni
Sigurði Eggertssyni og
Böðvari Bragasyni, skiptaráðanda
í Rangárvallasýslu.

Kærumál. Skiptamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 26. nóvember 1979, sem barst Hæstarétti 3. desember s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðinn 19. nóvember 1979. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda „að taka dánar- og félagsbú Önnu Sigurðardóttur frá Ámundakoti, Fljótshlíð, sem lést 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, nú til heimilis að Smáratúni, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, til opinberra skipta og uppskriftar". Hún krefst einnig kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja, Eggerts Sigurðssonar.

Af hálfu varnaraðilja Eggerts Sigurðssonar er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum er krafist kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur Böðvari Bragasyni skiptaráðanda né af hans hendi.

Úrskurður skiptaréttar í máli þessu sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, fór fram uppskrift á búi Önnu Sigurðardóttur og Eggerts Ó. Sigurðssonar 14. desember 1949. Uppskrift þessa gerði hreppstjóri ásamt einum votti. Á endurrit uppskriftargerðarinnar er

ritað „Til skiptaráðandans í Rangárvallasýslu“. Í hinum kærða úrskurði er vitnað til þriggja skýrslna sýslumannsembættisins í Rangárvallasýslu varðandi dánarbú þar. Skýrslur þessar eru óundirritaðar. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð sýslumannsins í Rangárvallasýslu 13. desember 1979, og segir þar, að skýrslur þessar séu ekki endurrit úr embættisbók Rangárvallasýslu, heldur sé um að ræða málaskrár og skýrslur, sem haldnar voru yfir dánarbú til yfirlits og glöggvunar. Í vottorði þessu segir enn fremur, að ekki verði séð af skjölum embættisins, að flutningur dánarbús Önnu Sigurðardóttur úr umdæminu hafi verið tilkynntur sýslumanni Austur-Skaftafellssýslu, enda hafi eftirgrennslan hjá báðum embættum Skaftafellssýslna leitt í ljós, að þar fyrirfinnst ekkert, er dánarbú þetta varði.

Líta ber á uppskrift þá, sem að framan greinir, sem fyrstu aðgerðir opinberra skipta, sbr. 15. og 16. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Af gögnum máls verður ekki séð, að skiptum hafi nokkru sinni verið lokið né að varnaraðili Eggert hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Sóknaraðili hefur krafist þess, að opinber skipti fari fram á dánarbúi móður sinnar, og er skylt samkvæmt 4. gr. laga nr. 3/1878 að taka kröfu hennar til greina.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Dánarbú Önnu Sigurðardóttur, Ámundakoti í Fljótshlíð, sem andaðist 11. maí 1949, skal tekið til opinberra skipta.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 19. nóvember 1979.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 31. október, er það ágreiningsefni, hvort taka skuli til opinberrar skiptameðferðar nú dánar- og félagsbú Önnu Sigurðardóttur, síðast til heimilis að Ámundakoti, Fljótshlíð, sem andaðist 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó.

Sigurðssonar, Smáratúni (sem áður hét Ámundakot), Fljótshlíð, Rangárvallasýslu.

Skylduerfingjar búsins eru auk maka tvö börn þeirra hjóna, Sigurður Eggertsson, fæddur 20. sept. 1942, til heimilis að Efri-Þverá, Fljótshlíð, og Ingibjörg Eggertsdóttir, fædd 11. mars 1947, til heimilis að Stórateigi 21, Mosfellssveit.

Skiptabeiðandi og sóknaraðili máls þessa er Ingibjörg Eggertsdóttir.

Varnaraðili er Eggert Ó. Sigurðsson.

Sigurður Eggertsson er ekki aðili að máli þessu.

Af hálfu sóknaraðilja er þess krafist, að fram fari opinber skipti á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, Smáratúni (Ámundakoti), Fljótshlíð, Rangárvallasýslu. Krafist er og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja eða úr dánar- og félagsbúinu að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Af hálfu varnaraðilja er framkominni skiptabeiðni mótmælt og gerðar þær dómkröfur, að kröfum sóknaraðilja verði synjað með úrskurði réttarins, og krafist er hæfilegs málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Með bréfi, dags. 17. júlí 1979, fór sóknaraðili þess á leit við sýslumann Rangárvallasýslu, að fram færu skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, sem varnaraðili, Eggert Ó. Sigurðsson, sæti í óskiptu.

Beiðni þessari var hafnað með bréfi sýslumanns Rangárvallasýslu, dags. 24. ágúst sl. Beiðni sóknaraðilja var ítrekuð og rökstudd með öðru bréfi, dags. 4. sept. sl.

Málið var svo tekið fyrir í skiptarétti Rangárvallasýslu hinn 28. september sl. og réttinum falið deiluefnið til úrlausnar.

Í málinu liggur fyrir uppskriftargerð dánarbúsins, og er hún svohljóðandi:

„Ár 1949, miðvikudaginn 14. des., framkvæmdi hreppstjórinn í Fljótshlíðarhreppi ásamt Árna Einarssyni uppskrift og virðingargjörð á dánar- og félagsbúi hjónanna Eggerts Ó. Sigurðssonar og Önnu Sigurðardóttur, er andaðist 11. maí þ. á.

Erfingjar eru 2 börn þeirra hjóna, Sigurður V. Eggertsson, 7 ára, og Ingibjörg A. Eggertsdóttir, 2ja ára.

Til uppskriftar kom eftirtalið:

	kr.	kr.
7 kýr á 1.800/ 4 kvígur á 1.000/ 3 kálfar á 500/	18.100	
3 hestar á 600/ 1 tryppi 3ja vetra á 300/	2.100	
90 ær á 160/ 38 geml. á 100/ 2 hrútar á 200/	18.600	38.800
2 dívanar á 150/, klæðaskápur á 100/	400	
Útvarpstæki á 500/ rúmfatakassi á 100/	600	
Toilett kommóða á 130/, tauskápur á 200/	330	
Stofuborð og 3 stólar á 200/ barnarúm á 100/		
2 dívanateppi og 3 púðar á 200/ vegglampi á 50/	250	
Veggteppi á 150/ fatnaður í 3 rúm á 350/	1.200	
Búr og eldhúsáhöld á 600/ saumavél á 50/	650	
Bækur á 500/	500	4.230
Jeppabifreið á 10.000/ sláttuvél, lítilfjörl., á 100/	10.100	
Rakstrarvél, lítt nothæf, á 100/ snúningsvél 400/	500	
Kerra með aktygjum 400/ fjórhjólavagn 1.200/	1.600	
Kornsláttuvél á 2.000/ mjaltav. með mótor á 1.000/	3.000	
Vatnsdælumótor og ljósamótor á 500/ hvor	1.000	
1/3 í áburðardreifara 200/ ein aktygi á 200/	400	
2 hnakkar á 150/ hvor, 20 hestareipi á 2/	340	
Annað og fl. smávegis og smíðatól á 500/	500	
Byggingarefni: járn, timbur og sement 1.500/	1.500	
Í stofnsjóðum og hlaupareikningi 1.600/	1.600	20.540

Fasteignir:	kr.	kr.
Jörðin Ámundakot með húsum 12.200/	12.200	
Útistandandi fyrir selda mjólk í fard. þ. á.	4.000	16.200
Eignir alls	79.770,	79.770

Skuldir búsins:	kr.	kr.
Við veðdeild Búnaðarbanka Íslands	33.200	
Við Kaupf. Rang., Hvolsvelli	21.481	
Við Kaupf. Rang., Rauðalæk	1.500	
Við Kaupfélagið Þór, Hellu	1.500	
3 víxlar við útibú Lb. Ísl., Selfossi	14.300	
Víxill við Búnaðarbanka Íslands	2.500	
Við Högna Guðmundsson, Torfastöðum	1.000	
Við ýmsa	6.000	81.481
Skuldir alls		81.481

Fleira kom ekki til uppskriftar.

Guðmundur Erlendsson, Árni Einarsson.

Eggert Ó. Sigurðsson.

Réttan útdrátt staðfestir: Hreppstjórinn í Fljótshlíðarhreppi.

Núpi, 19. des. 1949.

Guðmundur Erlendsson."

Uppskriftargerð þessi barst embætti sýslumannsins í Rangárvallasýslu fyrir árslok 1949, og er hún árituð þar um.

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla embættisins um dána í Rangárvallasýslu árið 1949 svo og skýrsla um ólokin dánarbúskipti í Rangárvallasýslu sama ár. Í fyrrnefndri skýrslu er tekið fram í athugasemdadálki, að dánarbú Önnu Sigurðardóttur sé undir opinberum skiptum. Í þeirri síðarnefndu er hins vegar tekið fram, að ekkill sé í óskiptu búi. Í skýrslu um lokin dánarbúskipti í Rangárvallasýslu árið 1953, sem einnig liggur fyrir í máli þessu, er tekið fram, að greint dánarbú Önnu Sigurðardóttur hafi verið flutt brott úr umdæminu til Austur-Skaftafellssýslu.

Varnaraðili, Eggert Ó. Sigurðsson, kom fyrir dóminn hinn 31. október sl. Hann skýrði svo frá, að Guðmundur Erlendsson, þáverandi hreppstjóri Fljótshlíðarhrepps, hefði skrifað búið upp ásamt úttektarmanninum Árna Einarssyni. Þeir væru nú báðir látnir. Aðspurður um uppskriftargerðina sagði varnaraðili, að hún hefði að sínu mati verið mjög ítarleg og allt skrifað upp þ. m. t. sláttuvél og reipi, sem var ónýtt. Auk þess hafi verið skrifaðar upp bækur, sem búinu hafi verið að miklu leyti óviðkomandi og séreign sín. Þá hafi kommóða verið metin á kr. 130, sem varnaraðili kvaðst hafa keypt á kr. 90. Varnaraðili sagði, að jörðin Ámundakot hefði verið metin á þágildandi fasteignamati, en kvaðst ekki geta sagt um það nú, hvort það hafi verið raunverð eignarinnar á þeim tíma. Varnaraðili kveðst hafa keypt jörðina árið 1942 og hafi kaupverð þá verið kr. 15.000. Varnaraðili tók fram, að það ár hafi jarðaverð verið í hámarki vegna vaxandi eftirspurnar, enda hafi og verið betra að búa það ár og jarðaverð hærra en árið 1949. Varnaraðili tók fram, að á þessum tíma hefði verið mjög erfitt að selja jarðir. Þá tók varnaraðili það fram, að þegar hann keypti jörðina á sínum tíma, hafi hann greitt of hátt verð fyrir hana. Til samanburðar hafi helmingi stærri jörð, Eystra-Múlakot í Fljótshlíð, verið seld sama ár ásamt rafstöð á kr. 16.000. Varnaraðili skýrði frá því, að íbúðarhúsið á jörðinni Ámundakoti, sem var steinsteypt og byggt 1929,

hefði raunverulega verið eina mannvirkið á jörðinni, þegar varnaraðili keypti hana. Árið 1949 kvaðst varnaraðili hafa verið búinn að byggja hlöðu á jörðinni. Þá kvaðst hann hafa sett þar upp herbragga, sem hann keypti á kr. 500 og notaði sem fjós. Á þessum tíma kvaðst varnaraðili hafa verið búinn að girða u. þ. b. helming af túni jarðarinnar, en annað hafi verið ógirt og landið að mestu óræktað, en þó kvaðst varnaraðili hafa verið búinn að slétta töluvert af túnum jarðarinnar. Varnaraðili sagði, að árið 1951 hefði íbúðarhúsið brunnið ásamt innbúi. Kvaðst varnaraðili hafa byggt nýtt íbúðarhús á jörðinni og árið 1954, er hann reyndi að selja jörðina, hafi honum ekki tekist að selja alla jörðina fyrir það verð, sem nýja íbúðarhúsið kostaði. Varnaraðili kvaðst þó árið 1954 hafa gert samning um sölu jarðarinnar fyrir milligöngu Nýju Fasteignasölunnar í Reykjavík, og var söluverð kr. 250.000 — 300.000. Kaupandi fékk þó aldrei afsal fyrir jörðinni, enda stóð hann ekki við samninginn, og kaupin gengu til baka. Varnaraðili kvaðst hafa flutt árið 1954 austur að Staðafelli í Lóni, þar sem hann bjó í 4 ár.

Jörðin Ámundakot var í millitíðinni leigð í 2 ár. Kvaðst varnaraðili hafa átt þess kost að kaupa jörðina Staðafell í Lóni ásamt vélum og áhöldum fyrir kr. 200.000, en af því gat þó ekki orðið, þar sem honum tókst ekki að selja eigin jörð. Varnaraðili skýrði frá því, að brunabótafjárhæð íbúðarhússins ásamt innbúi á jörðinni Ámundakoti, sem brann árið 1951, hefði verið kr. 40.000, en hins vegar hafi kostað yfir kr. 200.000 að byggja nýtt íbúðarhús. Varnaraðili kveðst hafa flutt aftur á jörðina Ámundakot árið 1958 og verið þar búsettur síðan, en undanfarin 4 ár kvaðst varnaraðili hafa leigt jörðina öðrum að miklu leyti. Sérstaklega aðspurður sagði varnaraðili, að úttektarmaðurinn Árni Einarsson hefði ekki verið skyldur sér, en hins vegar kvaðst varnaraðili hafa alist upp á heimili hans, Eystra-Múlakoti, frá 5 ára aldri og þar til varnaraðili fékk þá jörð á leigu um tvítugt. Kvaðst varnaraðili hafa haft jörðina Eystra-Múlakot á leigu í 4 ár og hafði hug á að kaupa hana, en hún var seld öðrum. Varnaraðili tók það fram, að Árni Einarsson hefði alls ekki verið sér hlutdrægur við uppskriftargerðina, slíkt hafi verið útilokað. Varnaraðili sagði, að hann hefði talið, að skiptamálinu væri lokið, þegar er uppskriftargerðin hafði farið fram, og taldi, að hann þyrfti ekki frekari afskipti að hafa af málinu. Varnaraðili kvaðst í raun hafa tekið á sig skuldir búsins og staðið full skil á þeim.

Leitað var umsagnar Björns Fr. Björnssonar, fyrrverandi sýslu-

manns, varðandi mál þetta, og liggur fyrir skýrsla hans, dags. 18. október sl. Segir þar svo m. a.: „Bú það, sem hér fjallar um, var á sínum tíma, þ. e. á árinu 1949, eftir að lögmæt uppskrifta- og virðingargjörð, sem framkvæmd var af reyndum sómamönnum, hafði farið fram, augljóslega þannig statt efnahagslega, að líta mátti á það sem þrotabú. Talið var, að eigi væri eftir atvikum svo háttað málsefni, að fara skyldi með það sem slíkt, selja eignir, greiða skuldir eftir því sem til ynnist og leysa þannig búið upp. Sú ákvörðun var því tekin í þessu falli með hliðsjón af efnahagsaðstöðu búsins og öðrum ástæðum, að ekkill fengi tækifæri og nauðsynleg tök á að halda búinu og reka það óskert í áframhaldandi búskap. Þá voru að sjálfsögðu hafðir í huga hagsmunir hinna ungu barna og framtíðarvelferð þeirra. Skýlaus var skylda yfirfjárráðanda að taka þann kost, sem vænstan mátti þeim telja. Fallist var á, að ekkillinn fengi í hendur allar eignir búsins gegn því, að hann tæki persónulega að sér ábyrgð á skilvíslegum greiðslum bússkulda. Við þessa tilhögun höfðu skuldheimtumenn sætt sig.

Um arf til barnanna eftir móður var ekki að ræða, en lokið búskiptum að fullu."

Ekki þótti ástæða til, að sóknaraðili kæmi fyrir dóm í máli þessu.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar m. a. á þeirri málsástæðu, að skipti hafi aldrei farið fram á dánarbúi móður sinnar og því síður að þeim hafi verið lokið. Ekkert hafi verið lagt fram í málinu, er sýni skiptalok, heldur hið gagnstæða, sbr. t. a. m. dskj. 6 og 7. Ekkill virðist eigi hafa fengið formlega heimild til setu í óskiptu búi, hins vegar setið í óskiptu búi í reynd. Skiptaráðandi virðist aldrei hafa hafið skipti, hvað þá lokið þeim. Hreppstjóra bresti lagalega heimild til að ljúka búskiptum eða gera ráðstafanir í þá átt. Svonefnd „uppskriftargerð" sé ekki nein skiptalok, þó lögmæt væri. Gerðin beri þess og merki, að þar sé ekki um neina lögmæta uppskriftargerð að ræða, hvað þá raunverulega eða eiginlega virðingargerð. Við slíkar gerðir skuli meðal annars vera tveir vottar og virðingarmenn auk hreppstjóra, sbr. t. a. m. 16. gr. laga 3/1978. Þá beri og að hafa fjárhaldsmenn ófjárráða aðilja viðstadda. Virðingarmenn skuli og vera óvilhallir, en í þessu tilviki hafi verið einn virðingarmaður auk hreppstjóra, sem augsýnilega sé vanhæfur til slíkra starfa í máli þessu. Þá sé uppskrift eigi nægjanlega sundurliðuð og ná-

kvæm til að gefa fullnægjandi grein fyrir stöðu búsins og fram komi, að þar hafi eigi raunveruleg virðingargerð farið fram, svo lögskylt sé. Eigi sé nægjanlega kveðið á um ábyrgð á skuldum og séu því þegar af ofangreindu allar forsendur brostnar fyrir að framselja búið, sbr. 10. gr. laga 3/1878. Eins og sjá megi m. a. af ofangreindu, hafi búskipti aldrei hafist með lögmætum hætti, hvað þá að þeim hafi verið lokið. Bréf, dagsett 18. október 1979, til sýslumanns frá Birni Fr. Björnssyni beri þess glöggan vott, að skiptaráðandi hafi aldrei haft afskipti af neinum búskiptum. Þá beri skýrsla hans að öðru leyti vott um vilhalla afstöðu hans til eftirlifandi maka.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að ekki sé unnt að taka dánarbú Önnu Sigurðardóttur til skipta, þar sem engum eignum hafi verið til að skipta, er hún lést, þegar tekið er tillit til áhvílandi skulda, enda hafi varnaraðili skilið það svo á sínum tíma, að honum hafi verið afhentir fjármunir búsins gegn því að taka að sér greiðslu skulda og búskipti þannig fallið niður vegna þess, að engu var að skipta. Þessu til frekari rökstuðnings byggir varnaraðili á skýrslu fyrrverandi sýslumanns, Björns Fr. Björnssonar, þar sem fram kemur, að varnaraðili hafi fengið í hendur allar eignir búsins gegn því, að hann tæki persónulega að sér ábyrgð á skilvíslegum greiðslum búskulda.

Þá séu raunverulega öll dánarbú undir opinberum skiptum, uns búskipti hafi verið felld niður af einhverjum ástæðum, t. d. að eftirlifandi maki fái leyfi til þess að sitja í óskiptu búi. Til þess þurfi sérstakt leyfi skiptaráðanda. Það hafi ekki verið í þessu tilviki. Skiptaráðandi hóf störf við búið með því að láta fara fram uppskrift allra eigna og skulda, svo sem lög bjóða. Þegar hann hafi séð, hve búið var illa statt fjárhagslega, þótti honum best horfa með hag barnanna ungu, að búinu yrði ekki skipt sem þrotabúi, þó að skuldir væru meiri en eignir, en fangaráðið hafi verið að fá skuldheimtumenn til þess að sýna þolinmæði, ef búskipti yrðu niður felld, gegn því, að ekkillinn tæki að sér að ábyrgjast skuldirnar og leggja fram vinnu sína til þess, að skuldirnar yrðu skilvíslega greiddar. Sóknaraðili geti ekki byggt á því, að varnaraðili hafi setið í óskiptu búi öll þessi 30 ár, því að til þess hefði hann þurft að hafa formlegt leyfi. Hann hafði það ekki, og sýslumaður sjálfur, þ. e. skiptaráðandinn, valdi þann kostinn að afhenda honum öll búsforráð í fjárvana dánarbúinu gegn því, að hann tæki að sér greiðslu skuldanna. Þannig kveðst hann hafa lokið skiptunum.

Öll þessi 30 ár hafi varnaraðili farið með bú sitt sem einkaeign og á þessu tímabili stofnað til nýs heimilis og nýs sambýlis með konu, sem ól honum börn, og þau hafa síðan í sameiningu komið á legg og til fullorðinsára. Aldrei gerði sóknaraðili neinar athugasemdir um það, að hann sæti í óskiptu búi eftir móður hennar, og verður ekki annað séð en hún hafi á þennan hátt glatað öllum rétti sínum vegna fyrningar og vangeymslu, ef sá réttur hefur nokkurn tíma verið til.

Samkvæmt 8. gr. erfðalaga nr. 8/1962 verði því hjóna, sem lengur lifir, ekki heimiluð seta í óskiptu búi, ef eignir búsins hrökkva ekki fyrir skuldum. Þetta hefur sýslumaður m. a. haft í huga, þegar hann lauk búskiptum, sem fyrr segir.

Áhersla skal á það lögð, að sóknaraðili hafði aldrei ástæðu til að ætla allan tímann, eftir að hún varð alls síns ráðandi, og til þessa dags, að hún ætti inni móðurarf hjá varnaraðilja. Því er mótmælt, að á einhvern hátt hafi verið ólöglega staðið að uppskrift og öðrum gerðum varðandi frágang búsins á sínum tíma.

Niðurstaða.

Uppskriftargerð sú, sem fyrr er rakin og fram fór hinn 14. desember 1949 á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, var upphaf opinberrar skiptameðferðar búsins, sbr. 2. kapítula skiptalaga nr. 3/1878.

Uppskrift þessi fór fram með tíðkanlegum hætti, en hún var framkvæmd af hreppstjóra Fljótshlíðarhrepps ásamt úttektarmanni.

Samkvæmt uppskriftar- og virðingargerð þessari, sem ekki hefur efnislega verið hnekkt, voru skuldir búsins umfram eignir kr. 1.711. Varnaraðili gat því ekki fengið heimild til setu í óskiptu búi, sbr. 62. gr. laga nr. 20/1923 um skyldur og réttindi hjóna, sbr. nú 8. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og verður að meta réttarstöðu hans með hliðsjón af því.

Af hálfu skiptaráðanda Rangárvallasýslu var skiptameðferð búsins ekki fram haldið né lokið með formlegum hætti. Hins vegar liggur fyrir í málinu yfirlýsing þáverandi skiptaráðanda, Björns Fr. Björnssonar, þess efnis, að varnaraðilja hafi verið framselt búið í hendur gegn yfirtöku skulda. Þá er og upplýst, að varnaraðili hefur í reynd tekið á sig persónulega og, að því er best verður séð, staðið skil á skuldum búsins. Verður því að telja, að þar með hafi skiptum búsins raunverulega lokið og ekki séu efni til þess nú að taka þau upp að nýju.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að synja ber

kröfu Ingibjargar Eggertsdóttur um opinber skipti á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp úrskurð þennan:

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja, Ingibjargar Eggertsdóttur, um opinber skipti á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. desember 1979.

Nr. 214/1979. **Sigurgeir Sigurjónsson**
gegn
Ásgeiri Bjarnasyni
Guðnýju Bjarnadóttur
Jóhannesi Bjarnasyni og
Jóni V. Bjarnasyni.

Kærumál. Málflutningslaun. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um frávísun staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973, skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands 7. nóvember 1979 með kæru 19. nóvember 1979, sem Hæstarétti barst 3. desember 1979. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, þó þannig, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands úr hendi varnaraðilja. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið ítrekað í greinargerð, að þau telji heimilt að leita úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands um þóknun til sóknaraðilja eftir 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Er því haldið fram, að 104. gr., 3. mgr., laga nr. 85/1936 eigi hér ekki við. Þá er kröfum sóknaraðilja um málskostnað mótmælt og krafist kærumálskostnaðar úr hans hendi.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 7. nóvember 1979.

Með bréfi sóknaraðilja Jóhannesar Bjarnasonar, dags. 25. júní 1979, fer hann þess á leit við stjórn Lögmannafélags Íslands, að hún úrskurði um endurgjald málflutningsþóknunar í samræmi við 8. gr. laga nr. 61/1942 vegna landamerkjamáls, sem varnaraðili tók að sér að flytja f. h. sóknaraðilja, Jóhannesar Bjarnasonar og systkina hans, fyrir landamerkjadómi Kjósarsýslu í málinu nr. 295/1975: Ásgeir Bjarnason o. fl. gegn Jóni M. Guðmundssyni.

Í máli þessu mætir sóknaraðili Jóhannes Bjarnason f. h. systkina sinna skv. umboði í fylgiskjali nr. 11 með réttarskjali nr. 1.

Í bréfi sóknaraðilja er reikningi varnaraðilja að fjárhæð um kr. 2.200.000 fyrir málflutning í áðurgreindu landamerkjamáli efnislega mótmælt sem of háum. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram reikning varnaraðilja, en hefur hins vegar lýst tilurð hans náið og skýrt frá mótmælum sínum við reikninginn, sem hann telur sig hafa komið á framfæri við varnaraðilja. Í bréfi sóknaraðilja er viðmiðunargrundvelli reiknings varnaraðilja alfarið mótmælt svo og ætluðu vinnuframlagi hans. Enn fremur gerir hann þær kröfur, að þóknun varnaraðilja fyrir störf hans miðist við verðlag og gjaldskrá á þeim tíma, er honum var falið málið, eða í síðasta lagi, þegar hann hafði lokið störfum, og þá miðað við eðlileg störf, eins og það er orðað. Sóknaraðili gerir ýmsar aðrar

athugasemdir í bréfi sínu um störf og framkomu varnaraðilja, sem talið er óþarfi að tíunda hér nánar.

Í munnlegum málflutningi þann 10. október sl. setti sóknaraðili fram málskostnaðarkröfu, og var henni ekki mótmælt af hálfu varnaraðilja sem of seint fram kominni.

Kærumál þetta var lagt fram á fundi stjórnar LMFÍ þann 27. júní sl. Ákveðið var þá að senda varnaraðilja ljósrit af bréfi sóknaraðilja ásamt gögnum og óska umsagnar hans um málið.

Með bréfi varnaraðilja, dags. 2. júlí í ár, sem lagt var fram á fundi stjórnar LMFÍ þann 11. júlí, var þess krafist, að málinu yrði vísað frá ex officio og kærendum yrði gert in solidum að greiða varnaraðilja málskostnað fyrir dómi.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því, að mál, sem fjalli um sama sakarefni, hafi verið þingfest fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 7. júní sl., og beri því að vísa þessu máli frá í samræmi við 3. mgr. 104. gr. laga um meðferð einkamála nr. 85/1936. Máli sínu til stuðnings lagði varnaraðili fram staðfest ljósrit stefnu í bæjarþingsmálinu nr. 1360/1979: Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður gegn Ásgeiri Bjarnasyni o. fl., þar sem fram kemur, að mál það var þingfest 7. júní í ár. Í stefnu þessari gerir varnaraðili þær kröfur á hendur sóknaraðiljum þessa máls, að þeir verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.035.900 fyrir málflutning og útlagðan kostnað í landamerkjamálinu nr. 295/1975.

Á fundi stjórnar LMFÍ þann 11. júlí sl. var ákveðið að fresta málinu til flutnings um frávísunarkröfu varnaraðilja til 12. september sl. Síðan var málinu frestað eftir ósk varnaraðilja til 10. október, og var málið þá tekið til munnlegs flutnings.

NIÐURSTAÐA.

Ljóst er af gögnum málsins, að mál þetta fjallar um sama sakarefni og fyrrnefnt bæjarþingsmál nr. 1360/1979, enda hefur því ekki verið mótmælt af hálfu sóknaraðilja. Ljóst er einnig af framlögðum skjölum, að bæjarþingsmálið nr. 1360/1979 var þingfest þann 7. júní sl., en bréf sóknaraðilja barst stjórn LMFÍ ekki fyrr en 25. júní sl.

Í samræmi við 8. gr., 1. mgr., laga um málflytjendur nr. 61/1942 hefur stjórn LMFÍ úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstörf, sé það borið undir hana. Í þessum málum er því stjórn LMFÍ sérdómstóll, hliðstæður hinum almennu héraðsdómstólum. Sé hins vegar mál höfðað fyrir almennum héraðsdómi,

í þessu tilfelli bæjarþingi Reykjavíkur, til innheimtu málflutningsþóknunar, má reka það þar, án þess að sérdómstólsfyrirkomulagið í 8. gr. laga 61/1942 í sjálfu sér varði frávísun frá bæjarþinginu.

Af þessu leiðir, að sóknaraðili getur ekki rekið mál sitt fyrir stjórn LMFÍ vegna ákvæða 104. gr., 3. mgr., einkamálalaga nr. 85/1936, og ber því að vísa því frá.

Máli þessu er vísað frá stjórn LMFÍ ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurð þennan kváðu upp aðalstjórnarmenn LMFÍ, Þorsteinn Júlíusson hæstaréttarlögmaður, Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður, Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, Skarphéðinn Þórisson héraðsdómslögmaður og varamaðurinn Ólafur Axelsson héraðsdómslögmaður.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá stjórn LMFÍ ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. desember 1979.

Nr. 4/1978. **Kristín Halldórsdóttir og Hilmir h/f**
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
Þresti Magnússyni
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Höfundaréttur. Málshöfðunarfrestur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 5. janúar 1978.

Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og samskiptum stefnda Þrastar og Ríkisútgáfu námsbóka var háttað, verður að líta svo á, að stefndi sé réttur aðili að kröfum þeim, sem hann hefur uppi í máli þessu á hendur áfrýjendum.

I.

Stefndi, Þröstur Magnússon, sem var stefnandi í héraði, setti þar fram kröfu um refsingu samkvæmt 54. gr. og 59. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Í lögum þessum er ekkert ákvæði um frest til að höfða mál til refsingar á grundvelli þessara greina, og ber því um það atriði að beita 29. gr. almennra hegningarlaga. Þegar mál þetta var höfðað, voru liðnir meira en 6 mánuðir, frá því að stefndi Þröstur fékk vitneskju um, að teikningar eftir hann hefðu birst í Vikunni, og um, að áfrýjandinn Kristín Halldórsdóttir væri ábyrgðarmaður blaðsins og áfrýjandi Hilmir h/f útgefandi, sbr. bréf hans til blaðsins 3. júlí 1975. Af þessum sökum ber að sýkna áfrýjendur af refsikröfum stefnda Þrastar.

II.

Með samningi 28. ágúst og 15. september 1967 tók stefndi Þröstur að sér að teikna fyrir Ríkisútgáfu námsbóka myndir í Íslandssögu eftir Þórleif Bjarnason. Birtust myndirnar í ritinu. Tvær mynda þessara voru birtar heimildarlaust í Vikunni hinn 3. júlí 1975, eins og greinir í héraðsdómi. Verður að líta svo á, að stefndi eigi kröfu til skaðabóta vegna þessa eftir 1. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, og þykja þær hæfilega ákveðnar 25.000 krónur. Bera áfrýjendur ábyrgð á greiðslu þeirra in solidum.

III.

Í Vikunni voru myndir stefnda birtar leyfislaust með gamanmálum, sem voru annars eðlis en það rit, sem þær voru upphaflega birtar í. Þykir rétt að dæma stefnda miskabætur

eftir 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga, enda þykir ljóst af gögnum máls, að háttsemi áfrýjenda sé refsiverð. Miskabæturnar þykja hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, 50.000 krónur.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um vexti, enda er ekki ágreiningur um þá milli aðilja.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en við ákvörðun hans ber að taka tillit til þess, að áfrýjendur eru sýknaðir af refsikröfum stefnda. Þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 100.000 krónur fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Kristín Halldórsdóttir og Hilmir h/f, skulu vera sýknir af refsikröfu stefnda, Þrastar Magnússonar, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefnda in solidum 75.000 krónur með 12% ársvöxtum frá 3. júlí 1975 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 9. september sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 6. janúar 1976, af Þresti Magnússyni, Hallveigarstíg 6 A hér í borg, gegn Hilmi h/f, Reykjavík, sem útgefanda „Vikunnar" og Kristínu Halldórsdóttur, ritstjóra „Vikunnar", til heimilis að Fornuströnd 2, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, *að* stefndu verði dæmd í refsingu skv. 54. gr. höfundalaga nr. 73/1972, *að* stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum bætur skv. 1. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, að fjárhæð kr. 35.750, *að* stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum miskabætur skv. 2. mgr. 56. gr. sömu laga að fjárhæð kr. 50.000, allt ásamt 12% ársvöxtum frá 3. júlí

1975 til greiðsludags, og málskostnað skv. taxta Lögmannafélags Íslands eða að mati dómara.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu skv. taxta LMFÍ.

Sáttatilraunir dómara báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að í 27. tbl. „Vikunnar", sem út kom 3. júlí 1975, birtust tvær teikningar, sem stefnandi hafði á sínum tíma gert fyrir Ríkisútgáfu námsbóka í ritið *Íslandssaga* eftir Þórleif Bjarnason, I. hefti, sem út kom árið 1968. Teikningarnar tvær voru birtar án leyfis stefnanda. Þær voru notaðar sem myndskreyting í þætti í tímaritinu, sem kallaður var „Svolítið um sjónvarp á sumri", og átti augljóslega að vera gríndagskrá sjónvarpsins dagana 4.—9. júlí, en þá er sumarfrí í sjónvarpinu. Dagskráin er þannig í heild:

„Föstudagur 4. júlí

20.00 Fréttir og óveður.

20.35 Hegðun dýranna, 14. þáttur. Sjónvarpsmenn fylgjast með lóðaúthlutun lóðanefndar.

21.10 Gáfnaljós. Villi rifjar upp stúdentsprófseinkunnir nokkurra stjórnmálamanna.

22.00 Töframennirnir, 18. þáttur, sem fjallar um, hvernig gjaldþrota útgerðarmenn fara að því að kaupa dýrar villur í bestu hverfum borgarinnar.

22.50 Góða nótt og stillimynd.

Laugardagur 5. júlí

16.30 Enski fótboltinn. Æsispennandi mynd um tuttugu og tvo menn, sem hlaupa á eftir einum bolta, og einn mann, sem leikur á flautu.

17.30 Íþróttir. Nokkrir iðnaðarmenn segja frá skattframtölum sínum.

20.00 Kurteislegar fréttir (af því það er laugardagur).

20.25 Dagskrá og djonsonsbeibí.

20.35 Úllin-dúllin-doff. Hermann og Jón fæla áhorfendur frá skjánum.

21.10 Heimsókn í fjölleikahús. Nokkrar svipmyndir frá alþingi íslendinga. Meðal leikenda eru formenn stjórnmálaflokkanna.

22.00 Einharður óviti. Listræn kvikmynd tekin í litum og sérstaklega gerð fyrir kvöldið af kunnáttumönnum stofnunarinnar. Myndin er að nokkru byggð á sannsögulegum at-

burðum, sem skáldið Vernharður Var Hann skrifaði hina kunnu skáldsögu sína um.

Laust eftir miðnætti: Sísíbros þulunnar og stillimynd.

Sunnudagur 6. júlí

18.00 Stundin okkar. Frá útvarpsráðsfundi.

20.00 Göngur og réttir.

20.30 Boðflennur í sjónvarpssal. Einn hinna æsispennandi og traustvekjandi viðtalsþátta við kellingar landsins.

10.00 Sjötta öngvitið. Frystir Frostason fær nokkra kunna slagsmálahunda til að kenna þjóðinni að slá rot- og klámhögg.

22.00 Fjármark. Mynd, sem gerð hefur verið sérstaklega fyrir sjónvarpið og fjallar um vísindalegt samhengi fjármarks og sauðkindar. Ef tími gefst til jarmar borgarkvartettinn að sýningu myndarinnar lokinni.

22.55 Oft var þörf.

Dagskrárlok óákveðin.

Mánudagur 7. júlí.

20.00 Fréttamenn sjarmera landslýð um stund. Milli brosanna er skotið inn útlendum myndum af hörmungum úti í heimi.

20.30 Spennandi einvígi.

20.40 Ónýta eimskipafélagið, 81. þáttur.

21.30 Sumarsöngur. Samhljóðakórinn syngur líkamleg lög undir stjórn Brands Inga.

22.20 Stillimynd og a.

Þriðjudagur 8. júlí.

20.00 Ekkert að frétta. Kveikið aftur eftir hálftíma.

20.30 Dagskráin og últrabræt.

20.40 Má bjóða ykkur slummur? Hálfbræður skemmta sér.

21.45 Býflugan og blómin. Umræðuþáttur um kynferðisfræðslu. Kunnáttufólk sviptir hulunni af leyndardómnum.

22.30 Hrútshorn. Fréttamenn taka saman þáttinn.

Dagskrárlok fara eftir togþoli lopans.

Miðvikudagur 9. júlí.

18.00 Barnaefni. Fræðsluþáttur um æxlun.

20.00 Samtíningur og sitthvað fleira. Fréttamenn fletta rissblöðum sínum.

20.30 Vikan auglýst, ef ástæða þykir til.
20.35 Umhverfis sannleikann í örfáum orðum. Áttugasti þáttur af ótöldum á árinu. Stjórnmálamenn leiða saman hesta sína, sem allir eru ójárnaðir.
21.00 Nýjasta tækni og vísindi. Ríkisstjórnin skýrir, hvernig hægt er að komast hjá því að stjórna tvö hundruð þúsund manna þjóð af nokkurri sýnilegri skynsemi.
22.00 Útópía. Kyrralífsmynd.
22.30 Tæplega tveggja sólarhringa hvíld hefst."

Inn í lesmál þetta voru felldar teikningar stefnanda og ekki aðrar myndir. Önnur myndin sýnir hermann ógna óttasleginni konu með brugðnum brandi, og heldur annar konunni, en í baksýn sér á fleiri illvirkja svo og fjórmastrað seglskip. Texti undir myndinni er „Úr laugardagsmyndinni: Einharði óvita". Hin myndin sýnir tvo knerri á siglingu að landi, og er texti undir henni: „Úr 81. þætti Ónýt eimskipafélagsins". Fyrri myndin er myndskreyting við frásögn af Tyrkjaráninu 1627, en hin síðari er myndskreyting úr kafla um landnámsöld og ber heitið „Landsýn". Þegar stefnandi varð áskynja um þetta, sendi hann þegar í stað bréf til tímaritsins „Vikunnar" og lýsti því yfir, að þar sem myndirnar væru birtar án leyfis og vitundar höfundar, bæri þeim að greiða fyrir þær samkvæmt gjaldskrá Félags íslenskra teiknara. Sendi stefnandi tímaritinu reikning yfir birtingarrétt þessara tveggja myndskreytinga að fjárhæð kr. 35.750 og óskaði greiðslu. Stefnda Kristín, ritstjóri tímaritsins, svaraði stefnanda með bréfi, dags. 22. júlí 1975, og lýsti því yfir, að hún gæti ekki fallist á upphæð þá, sem stefnandi krefjist. „Vikan" sé ekki aðili að neinum samningum við FÍT og hafi ekki samþykkt einhliða gjaldskrá þess félags. Teikningarnar séu teknar úr bók, útgefinni af Ríkisútgáfu námsbóka, sem hvergi sé merkt neinum rétti, og hafi hún því ekkert talið mæla á móti eftirprentun. Þar sem annars staðar í bókinni sé tekið fram, hver sé höfundur teikninganna og hefði því átt að leita hans leyfis um birtinguna, skuli hún þó greiða kr. 3.575 fyrir þessa endurbirtingu myndanna beggja. Stefnandi svaraði bréfi þessu 27. október 1977 og hafnar greiðsluboði stefndu, enda sé „sú fjárhæð miðuð við lágmarksgjaldskrá F.Í.T., eins og hún var 1970". Muni hann gera ýtrustu kröfur fyrir dómstólum skv. höfundalögum nr. 73/1972, verði ekki samið um kröfu þessa. Stefnda ítrekaði fyrra tilboð, og var þetta mál þá höfðað.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að stefndu hafi með heimildarlausri birtingu teikninga stefnanda á þann hátt sem gert var brotið rétt stefnanda skv. höfundalögum, 1. gr., 3. gr. og 4. gr., 2. mgr. Stefnandi hafi teiknað þessar myndir og sé höfundur þeirra og eigi því eignarrétt að þeim skv. 1. gr. laganna og hann hafi sem höfundur einkarétt til að birta verkin skv. 3. gr. laganna. Auk þess að brjóta þessar reglur hafi stefndu brotið reglu 2. mgr. 4. gr. laganna með því að draga þær inn í skop sitt, en þannig hafi þau skert höfundaheiður hans. Samhengið hafi verið sérlega ótilhlýðilegt og niðurlægjandi.

Kröfurnar séu byggðar á VII. kafla laganna, sem fjalli um refsiákvæði, bætur, ákærureglur o. fl. Saknæmi sé forsenda refsingar og sé ljóst af málavöxtum og skýrslum aðilja, að brot þessi hafi verið gerð af ásetningi. Þau falli beint undir 1. og 2. tl. 2. mgr. 54. gr. laganna og lokaákvæði 54. gr. taki til meðstefnda Hilmis h/f sem útgefanda tímaritsins. Fébótakröfurnar séu í tveimur liðum, alls kr. 85.750. Annars vegar séu bætur skv. 1. mgr. 56. gr. laganna. Þar segi, að þegar saknæmt brot hafi haft fétjón í för með sér, beri að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar. Krafa stefnanda skv. þessum lið sé kr. 35.750, eða kr. 17.875 fyrir hvora mynd skv. núgildandi lágmarksverði, og miðist við það, hvað stefndu hefðu orðið að greiða, ef þau hefðu þurft að kaupa verkið hjá teiknara. Þau mundu því hagnast, ef þeim héldist uppi að þurfa ekki að greiða. Hins vegar sé krafa um miskabætur kr. 50.000. Byggist hún á 2. mgr. 56. gr. laganna og sé henni í hóf stillt.

Stefndu styðja sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að um aðildarskort sé að ræða. Þegar stefnandi hafi gert samning sinn við Ríkisútgáfu námsbóka um teiknun myndanna í *Íslandssögu* Þórleifs Bjarnasonar árið 1967, hafi hann samkvæmt samningnum selt útgáfunni allan höfundarétt sinn að þessum teikningum. Stefnandi hafi í máli þessu leitast við að sýna fram á, að þrátt fyrir afdráttarlaust orðalag samningsins um þetta eigi hann þó höfundaréttinn sjálfur, annað hvort af því, að hann hafi aldrei selt hann, eða af því, að útgáfan hafi framselt honum höfundaréttinn aftur vegna þessarar málshöfðunar. Í ítarlegum skýrslugjöfum og yfirheyrslum um þetta atriði hér í dóminum hafi komið fram hjá forráðamönnum Ríkisútgáfunnar, að þeir leggi þann skilning í orðin „allan höfundarétt“, sem þeim hafi verið seldur með samningnum við stefnanda 1967, að þeir telji ekkert hafi verið undanskilið. Þeir telji sig eigendur teikning-

anna og eigendur höfundaréttarins að þeim. Hugtakið „höfundaréttur“ sé einmitt að hafa einkarétt til að birta verkið, eins og 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972 mæli fyrir um. Þessum rétti geri lögin ráð fyrir, að höfundur geti afsalað sér, og það hafi eldri lögin einnig gert, en þau hafi verið í gildi, þegar samningurinn var gerður. Þegar þetta sé virt, sé ljóst, að stefnandi beri sönnunarbyrði um hið gagnstæða, að hann hafi ekki selt útgáfunni allan höfundaréttinn. Það hafi stefnanda ekki tekist að sanna. Stefnandi hafi hins vegar leitast við að sýna fram á, að útgáfan hafi framselt honum höfundaréttinn að nýju, til þess að hann geti átt aðild að málinu. Í þessu skyni bendi stefnandi á bréf útgáfunnar á dskj. nr. 7, sem ritað er 23. desember 1975 sem svar við fyrirspurn lögmanns stefnanda í bréfi 10. desember. Þegar bréf þessi séu skoðuð, komi í ljós, að lögmaðurinn hafi í sínu bréfi spurt um skilning útgáfunnar á því, hvað útgáfan telji sig hafa eignast með samningnum við stefnanda, og lögmaðurinn taki fram, að telji útgáfan sig hafa keypt og eignast að fullu og öllu höfudarétt að teikningunum, þá mætti líta svo á, að aðildin að málinu væri hjá útgáfunni, en ekki hjá stefnanda. Þessari skýru og afdráttarlausu fyrirspurn lögmanns stefnanda hafi útgáfan ekki svarað í bréfi sínu. Útgáfan segi einungis: „Í sambandi við málaferli milli Þrastar Magnússonar og „Vikunnar“ samþykkir Ríkisútgáfan fyrir sitt leyti, að í því tilviki eigi Þröstur einn kröfu til endurgjalds vegna þeirra teikninga, er þar um ræðir, eins og atvikum er háttað, og að Þröstur eigi einn aðild að nefndri málshöfðun.“ Þessi yfirlýsing geti ekki skoðast framsal á höfundaréttinum til stefnanda og hún veiti ekki stefnanda þá aðild að málinu, sem hann telur. Með yfirlýsingu þessari hafi útgáfan aðeins afsalað hugsanlegri kröfu til endurgjalds vegna birtingar myndanna og stefnandi hafi því eingöngu aðild að slíkri kröfu, hafi hann einhverja aðild yfirleitt.

Af þessum ástæðum hafi stefnandi enga aðild að refsikröfunni í málinu, þar sem hann hafi ekki verið rétthafi. Samkvæmt 4. gr. höfundalaga verði rétti höfundar skv. þeirri grein ekki afsalað. Þar greini frá því, að skylt sé að geta nafns höfundar, þegar verkið er birt, og einnig að óheimilt sé að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundaheiður hans eða höfundasérkenni. Ekkert liggi fyrir um það, að höfundaheiður stefnanda hafi beðið hinn minnsta hnekki við birtingu myndanna, og sé því enginn grundvöllur fyrir þessari kröfu stefnanda.

Um fébótakröfur stefnanda segja stefndu, að sá einn eigi rétt til fébóta, sem skaða hafi beðið. Forsvarsmaður útgáfunnar hafi sagt hér fyrir dómi, að birting teikninganna hafi ekki valdið útgáfunni fjárhagstjóni, og því hafi enginn beðið fjártjón. Komist dómurinn þó að þeirri niðurstöðu, að stefnandi eigi rétt til bóta, geti þær ekki byggst á 1. eða 2. mgr. 56. gr. höfundalaganna, þar sem saknæmi sé skilyrði bóta. Eina lagagreinin, sem til greina komi, sé því 3. mgr. 56. gr. Fjárhæð bóta, ef dæmdar yrðu, geti aldrei orðið meiri en hugsanlegt gjald fyrir birtingu þeirra, en stefndi hafi alltaf verið reiðubúinn til þess að greiða slíkt birtingargjald og boðið það fram strax 22. júlí 1975, kr. 3.575 fyrir birtingu beggja myndanna. Að athuguðu máli bendi stefndi nú á, að tvær aðferðir séu til að reikna ákveðið birtingargjald fyrir þessar myndir: 1) Fyrir liggi í málinu, að útgáfan hafi á sínum tíma greitt kr. 91.700 fyrir allar teikningarnar í bókinni og geri það kr. 764 fyrir hverja mynd. Samkvæmt upplýsingum borgarhagfræðings, sem lagðar hafa verið fram í málinu, hefði sambærilegt verð 1. júlí 1975 miðað við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu verið kr. 3.969. Samkvæmt gjaldskrá Teiknarafélags Íslands, sem stefnandi byggi á í málinu, greiðist 50% af verðinu við endurprentun. Geri það kr. 1.985 fyrir hvora mynd, eða í hæsta lagi samtals kr. 4.000 fyrir báðar myndirnar. 2) Hin aðferðin sé að athuga rök þau, sem stefnandi beri fram, þ. e. hvað kostað hefði að kaupa tvær teikningar hjá teiknara til birtingar með dagskrá þessari í „Vikunni". Stefndi hafi lagt fram í málinu sjö eintök af „Vikunni", þar sem finna megi teikningar teiknaðar sérstaklega fyrir tímaritið sem myndskreytingar við sögur. Reikningar fyrir teikningarnar fylgi og komi þar fram, að verðið sé á milli kr. 2.000 og kr. 3.000 fyrir slíkar myndskreytingar. Þannig sé ljóst, að stefnandi verðleggi myndir sínar miklu hærra en venja hafi verið að greiða. Þegar þetta sé virt, sé í ljós leitt, að stefndu hafi boðið fulla þóknun fyrir birtingu teikninganna. Stefnandi hafi ekki viljað sætta sig við það, sem boðið var, en málssókn stefnanda sé tilefnislaus, þar sem hann hafi ekki átt rétt á meiru.

Niðurstaða.

Með samningi við Ríkisútgáfu námsbóka, dags. 28. ágúst og 15. september 1967, seldi stefnandi útgáfunni allan höfundarétt sinn að teikningum þeim, sem samningurinn fjallar um, og eru hinar umdeildu teikningar þar á meðal. Samkvæmt höfunda-

lögum nr. 73/1972 getur höfundur afsalað einkarétti sínum til að gera eintök af verkum sínum og til að birta þau í upphaflegri mynd eða breyttri, sbr. 3. gr. En höfundur getur ekki afsalað rétti sínum til þess, að nafns hans sé getið, þegar það er birt, né rétti sínum til þess, að verkum hans sé ekki breytt eða birt með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundaheiður hans eða höfundasérkenni nema í einstökum skýrt tilgreindum tilvikum, sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 63. gr. laganna ná þau yfir teikningar þær, sem mál þetta fjallar um.

Samkvæmt þessu á stefnandi einn aðild að kröfu um refsingu vegna brota á 4. gr. höfundalaga. Hann hefur krafist refsingar yfir stefndu vegna brots á 2. mgr. 4. gr., og verður krafa stefndu um sýknu vegna aðildarskorts stefnanda því ekki tekin til greina að þessu leyti. Af sömu ástæðum verður að telja, að stefnandi eigi kröfu til miskabóta skv. 2. mgr. 56. gr., hvernig sem afsali hans á höfundarétti hefur annars verið háttað.

Aðild að kröfu um refsingu á broti á 3. gr. höfundalaga fer hins vegar eftir því, hver hefur höfundaréttinn skv. þeirri grein, en hann er framseljanlegur. Sama gildir um kröfur um endurgjald og bætur fyrir birtingu slíka sem 3. gr. fjallar um. Verður því að athuga, hvort stefnandi framseldi Ríkisútgáfu námsbóka þennan rétt, og ef svo væri, hvort Ríkisútgáfan hafi framselt honum réttinn aftur. Forráðamenn Ríkisútgáfunnar hafa lýst því hér fyrir dómi, að skilningur þeirra á samningnum við stefnanda, sem væri hliðstæður öðrum samningum við teiknara, væri sá, að útgáfan eignaðist allan höfundarétt skv. 3. gr. höfundalaga, þannig að útgáfan ein gæti leyft birtingu teikninganna. Hins vegar hafi sú venja skapast, að teiknarar semji sjálfir við þá, sem vilja birta slíkar myndir með leyfi útgáfunnar, um þóknun fyrir birtinguna, og þess vegna telji þeir ekki óeðlilegt, að stefnandi hafi sjálfur sent reikning beint til stefndu fyrir birtingargjald.

Ríkisútgáfa námsbóka verður samkvæmt framansögðu talin hafa með samningi við stefnanda eignast einkarétt til að láta gera eintök af verkunum og birta þau, eins og 3. gr. höfundalaga mælir fyrir um. Forráðamenn útgáfunnar hafa lýst því hér fyrir dómi, að þeir telji ekki, að útgáfan hafi orðið fyrir tjóni vegna birtingar teikninganna í „Vikunni“. Útgáfan hefur með bréfi, dags. 23. desember 1975, samþykkt, að stefnandi hafi einn kröfu til endurgjalds vegna teikninganna og að hann eigi einn aðild að nefndri málshöfðun. Þegar á það er litið, að krafa um refs-

ingu er ekki nefnd í bréfi útgáfunnar, verður ekki talið, að útgáfan hafi framselt stefnanda slíka kröfu.

Samkvæmt þessu verður talið, að stefnandi eigi aðild að kröfum vegna brota á 2. mgr. 4. gr. höfundalaga, en ekki 3. gr., nema að því er varðar kröfu til þóknunar fyrir birtingu.

Um refsikröfu.

Stefnandi heldur því fram, að höfundaheiður hans hafi verið skertur með því, að teikningar hans voru birtar á þann hátt sem um ræðir. Stefndu hafa andmælt þessu og bent á, að stefnanda sé ekki getið með myndunum. Eins og að framan er lýst, voru teikningar stefnanda teknar úr samhengi sínu í bók um Íslandssögu og settar í gerólíkt samhengi og látnar líta út sem hlægilegar með vísan til alkunnra sjónvarpsþátta, „Onedin skipafélagsins" og umdeildrar kvikmyndar, „Lénharðs fógeta". Teikningar stefnanda eru auðþekkjanlegar vegna sérstakra stíleinkenna, eins og títt er um verk listamanna, og þær eru í alla staði vandaðar og vel gerðar. Verður því á það fallist með stefnanda, að birting teikninganna á umræddan hátt í „Vikunni" hafi verið brot á 2. mgr. 4. gr. höfundalaga. Verður að telja, að brot þetta hafi verið framið af stórfelldu gáleysi um mat listamanns á gildi verka sinna og virðingu hans fyrir þeim. Skilyrðum 1. mgr. 54. gr. höfundalaga er því fullnægt, og ákveðst sekt á hendur stefndu hvoru um sig kr. 10.000, sem greiðist í ríkissjóð.

Eins og að ofan greinir, verður talið, að stefnandi eigi aðild að kröfu um endurgjald fyrir birtingu myndanna. Þar sem um gjaldið var ekki samið fyrirfram, verður stefndu með hliðsjón af meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 gert að greiða stefnanda gjald það, sem upp er sett, enda verður það ekki með hliðsjón af 57. gr. höfundalaga og upplýsingum um gjaldskrá Félags íslenskra teiknara talið ósanngjarnt. Skilyrði 2. mgr. 56. gr. höfundalaga um miskabætur til stefnanda eru fyrir hendi, og verður fallist á með stefnanda, að kröfu um kr. 50.000 sé í hóf stillt.

Niðurstaða verður því sú, að sýkna ber stefndu af refsikröfum stefnanda vegna brota á 3. gr. höfundalaga. Þeim verður þó gert að greiða stefnanda þóknun fyrir birtingu myndanna, kr. 35.750 með 12% ársvöxtum frá 3. júlí 1975 til greiðsludags. Stefndu verða talin hafa gerst brotleg við 2. mgr. 4. gr. höfundalaga, og verður hvoru um sig gert að greiða sekt til ríkissjóðs, kr. 10.000. Þeim verður vegna brots þessa gert að greiða stefn-

anda in solidum miskabætur, kr. 50.000 ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum er rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 70.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn. Uppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Stefndu, Hilmir h/f og Kristín Halldórsdóttir, skulu sýkn af kröfum stefnanda, Þrastar Magnússonar, um refsingu vegna brots á 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Stefndu greiði hvort um sig kr. 10.000 sekt í ríkissjóð vegna brots á 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 85.750 með 12% ársvöxtum frá 3. júlí 1975 til greiðsludags og kr. 70.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. desember 1979.

Nr. 76/1977. **Ómar Egilsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Katrínu Indiönu Valentínusdóttur
(Páll S. Pálsson hrl.).

Hjón. Lögskilnaðarleyfi. Búskipti við skilnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. maí 1977. Krefst hann þess aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng, sem bæjarfógetinn í Hafnarfirði gaf út til málsaðilja 17. maí 1974, sé niður fall-

ið svo og samningur málsaðilja, dagsettur sama dag, um skilnaðarkjör og fjárskipti þeirra. Enn fremur að dæmt verði, að leyfisbréf til lögskilnaðar málsaðilja, gefið út af dómsmálaráðuneyti 16. september 1975, sé ógilt. Til vara krefst áfrýjandi þess, að fjárskiptasamningi málsaðilja frá 17. maí 1974 verði rift eða hann dæmdur ógildur. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefnda, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 17. ágúst 1977.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt hjúskaparvottorð 11. maí 1978 þess efnis, að stefnda Katrín hafi gengið í hjúskap að nýju hinn 6. ágúst 1977.

Þá hefur verið lagt fram í Hæstarétti endurrit af skýrslu, er nafngreindur fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu tók af stefndu Katrínu hinn 10. september 1975 varðandi samband aðiljanna, eftir að þeim var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 17. maí 1974.

Sakarefni er rakið í héraðsdómi.

I.

Málssókn áfrýjanda er á því reist, að samvistir hafi tekist með málsaðiljum eftir 17. maí 1974, svo sem skilja beri það orð í 33. gr. og 34. gr. laga nr. 60/1972. Af því leiði, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fallið niður, áður en leyfi var veitt til lögskilnaðar hinn 16. september 1975, sbr. 33. gr. laga nr. 60/1972. Það leyfi sé hins vegar gagngert reist á 34. gr. sömu laga, svo sem ráðið verði af texta þess. Hafi efnisforsendur samkvæmt þessu verið rangar fyrir lögskilnaðarleyfinu, sem beri að dæma ógilt. Samningur málsaðilja 17. maí 1974 um fjárskipti o. fl. hafi alfarið verið gerður í tilefni af fyrirhuguðum skilnaði málsaðilja. Þar sem lögskilnaðarleyfi sé eigi löglega veitt, sé brostinn grundvöllur undir þeim samningi, er beri að ógilda

með dómsákvæði. Til vara er þess krafist, að samningur þessi verði dæmdur ógildur samkvæmt meginreglum 32. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnda andæfir því, að til samvista í merkingu 33. gr. laga nr. 60/1972 hafi komið milli sín og áfrýjanda, og telur hún enga þá annmarka vera á leyfinu til skilnaðar að borði og sæng og síðar til lögskilnaðar, er varði því, að þau leyfi skorti almenn lagaáhrif. Lögð er áhersla á það af hálfu stefndu, að taka beri tillit til hjúskaparstofnunar sinnar 6. ágúst 1977 og þeirrar röskunar, sem yrði á högum sínum og maka síns, ef lögskilnaður málsaðiljanna yrði felldur úr gildi.

II.

Gögn þau, sem lágu fyrir dómsmálaráðuneytinu, er lögskilnaður var veittur, voru ónóg til úrlausnar um það, hvort samvistir hefðu tekist með málsaðiljum í merkingu 33. gr. laga nr. 60/1972, en dómskýrslu stefndu og önnur gögn ber að virða svo, að um hafi verið að ræða samvistir samkvæmt greindu lagaákvæði. Dómsmálaráðuneytinu var því eigi rétt að gefa út lögskilnaðarleyfi 16. september 1975 samkvæmt 34. gr. sömu laga.

Leggja verður til grundvallar dómi í máli þessu, að samband málsaðilja hafi með öllu rofnað í febrúar eða mars 1975. Stefnda Katrín hóf nokkru síðar óvígða sambúð með manni þeim, er hún giftist 6. ágúst 1977. Á þeim tíma, er hjúskapur þessi stofnaðist, hafði dómsmálaráðuneytið hrundið kröfu áfrýjanda um afturköllun lögskilnaðarleyfis, og þá hafði gengið héraðsdómur sá, sem hér er til endurskoðunar, með þeim málsúrslitum, að stefnda var sýknuð af kröfu áfrýjanda um ógildingu skilnaðarleyfa. Máli þessu hafði verið áfrýjað, er hjúskapur var bundinn.

Frá því var skýrt í málflutningi hér fyrir dómi, að áfrýjandi hefði nú stofnað til óvígðrar sambúðar. Er þess enn fremur að gæta, að hann óskaði á sínum tíma eftir leyfi til skilnaðar að borði og sæng frá stefndu. Raunverulegir hagsmunir hans, svo sem málið horfir nú við, eru því fyrst og

fremst við það tengdir að fá úrlausn um gildi samnings málsaðilja um fjárskipti o. fl. frá 17. maí 1974.

Lögskilnaðarleyfi það, sem hér er fjallað um, er gefið út af stjórnvaldi, sem til þess hefur löglega heimild. Aðiljar höfðu báðir skýrt sjónarmið sín fyrir dómsmálaráðuneyti, áður en lögskilnaðarleyfið var gefið út. Þegar þessa er gætt og það virt, sem að framan er rakið, svo og hagsmunir þeir, sem í húfi eru, þykja ekki lagarök standa til þess að dæma ógilt lögskilnaðarleyfi það, sem dómsmálaráðuneyti veitti málsaðiljum 16. september 1975.

III.

Samningi málsaðilja frá 17. maí 1974, sem gerður var í tilefni fyrirhugaðs skilnaðar þeirra að borði og sæng, er lýst í héraðsdómi. Fjallar hann í fyrsta lagi um forræði barna, umgengnisrétt föður við þau og meðlagsgreiðslur hans vegna þeirra, í öðru lagi um framfærslueyri til stefndu, meðan skilnaður að borði og sæng varir, og í þriðja lagi um skipti bús þeirra.

Skilja verður málflutning áfrýjanda svo, að í máli þessu sé að því einu stefnt að hnekkja síðastgreindum þætti samningsins um skipti á búi málsaðiljanna, enda er þeim þáttum, sem samningurinn fjallar um að öðru leyti, þegar ráðið til lykta.

Svo sem greint er hér að framan, bjuggu málsaðiljar saman, eftir að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng. Verður ekki hjá því komist að telja grundvöll samningsins að því er fjárskipti varðar brostinn vegna sambúðar málsaðiljanna, sbr. 33. gr. laga nr. 60/1972. Ber því að dæma, að þessi þáttur í samningi málsaðiljanna frá 17. maí 1974 sé eigi skuldbindandi fyrir áfrýjanda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Ákvæði héraðsdóms um gjafvarnarkostnað stefndu eiga að vera óröskuð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, 150.000 krónur.

Héraðsdómarinn hefur aflað að eigin frumkvæði nokkurra

gagna, eftir að munnlegur málflutningur fór fram, án þess að veita lögmönnum málsaðilja færi á að tjá sig um þau. Byggir hann á gögnum þessum í dómi sínum. Er þetta aðfinnsluvert, en eigi þykir þó, eins og hér stendur á, alveg næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð af þessum sökum.

Dómsorð:

Samningur áfrýjanda, Ómars Egilssonar, og stefndu, Katrínar Valentínusdóttur, frá 17. maí 1974 er eigi skuldbindandi fyrir áfrýjanda að því er varðar skipti á búi þeirra. Að öðru leyti skal stefnda vera sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafvarnarkostnað stefndu eiga að vera óröskuð.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 10. febrúar 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. desember sl., hefur Ómar Egilsson bifreiðarstjóri, Hafnarfirði, höfðað með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dómi, hinn 9. desember 1975, á hendur Katrínu Valentínusdóttur, Álfaskeiði 44, Hafnarfirði, til þess „að fá viðurkennt með dómi, að skilnaðarleyfi til skilnaðar að borði og sæng, sem út var gefið ásamt tilskildu samkomulagi þann 17. maí 1974, sé niður fallið. Ennfremur er þess krafist, að leyfisbréf til lögskilnaðar milli aðilanna, sem út var gefið þann 16. september 1975, verði með dómi metið ólögmætt. Til vara er krafist riftunar eða ógildingar á samkomulagi aðilanna um eignaskiptinguna frá 17. maí 1974. Auk þess er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.“

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda á hendur henni og málskostnaðar úr hendi stefnanda, eins og mál þetta væri eigi gjafvarnarmál, en dómsmálaráðuneytið veitti stefndu gjafvörn í máli þessu hinn 12. janúar 1976.

II.

Hinn 29. nóvember 1969 gengu aðiljar máls þessa, þau Katrín Indiana Valentínusdóttir, fædd 6. júlí 1951, og Ómar Egilsson, fæddur 30. nóvember 1949, í hjónaband. Þau eignuðust tvö börn, Valgeir Egil, fæddan 15. ágúst 1968, og Helenu, fædda 2. nóvember 1971. Þau komu sér upp 3ja herbergja 90 m^2 íbúð á jarðhæð að Álfaskeiði 44, Hafnarfirði, nokkru innbúi svo og fólksbifreið, sem var atvinnutæki mannsins, en hann ók á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar. Þau stofnuðu til verulegra skulda til þess að komast yfir framantaldar eignir. Haustið 1973 leituðu þau til prests vegna sambúðarerfiðleika, og hinn 3. maí 1974 komu þau saman fyrir valdsmann, lögðu fram vottorð prests um árangurslausa sáttatilraun og lýstu því yfir, að samkomulag væri um, að konan hefði forræði barnanna, en maðurinn greiddi með þeim meðalmeðlag frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng til fullnaðs 17 ára aldurs þeirra. Konan krafðist framfærslueyris úr hendi mannsins, meðan skilnaður að borði og sæng stæði. Bókað var, að frestað væri ákvörðun um upphæð framfærslueyris svo og ákvörðun um skiptingu eigna félagsbúsins og greiðslur skulda þess.

Hálfum mánuði síðar, eða hinn 17. maí 1974, mættu hjónin aftur saman hjá valdsmanni, óskuðu bæði leyfis til skilnaðar að borði og sæng og lögðu fram skriflegan samning um skilnaðarkjör, dagsettan sama dag. Er samningurinn vottaður af Eiríki Pálssyni lögfræðingi og Agli Egilssyni húsasmíðameistara, föður mannsins.

Var hjónunum samdægurs veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng með þeim skilnaðarkjörum, er kveðið var á um í samningnum, þ. á m. að konan fengi forræði barnanna, en maðurinn greiddi með þeim meðalmeðlag svo og að hann greiddi konunni kr. 5.000 á mánuði, meðan skilnaður að borði og sæng stæði.

Að því er varðar skiptingu eigna þá er kveðið svo á í samningnum, að konan fái allt innbú svo og íbúðina, en taki að sér að greiða skuldir, samtals að fjárhæð 850.000, en maðurinn fái bílinn og taki að sér skuldir að fjárhæð kr. 800.000. Af samningnum má ráða, að skuldir séu ekki tæmandi taldar, getið er um,

að konan taki að sér greiðslu allra lausra skulda við Egil (föður mannsins), sem fyrir hendi kunni að vera vegna íbúðar að Álfaskeiði 44, svo og að maðurinn taki að sér greiðslu opinberra gjalda. Maðurinn gaf upp við aðiljayfirheyrslu, að þinggjaldaskuld hefði numið kr. 61.000.

Á þessum tíma var brunabótamat íbúðarinnar kr. 3.006.000. Bifreiðin var 6 manna Mercedes Benz, árg. 1972. Hafði maðurinn flutt eða látið flytja bifreiðina inn frá Þýskalandi hinn 26. apríl 1974, og nam kaupverð hennar kr. 900.000.

III.

Þegar rúmt ár var liðið frá því að leyfi til skilnaðar að borði og sæng var veitt, eða hinn 20. maí 1975, mætti konan hjá valdsmanni og krafðist lögskilnaðar. Í bréfi, er maðurinn hafði skömmu áður, eða hinn 14. maí 1975, sent bæjarfógetanum í Hafnarfirði, svo og í bókun eftir manninum, er hann mætti fyrir valdsmanni hinn 26. maí s. á., kemur fram sú yfirlýsing hans, að hjónin hafi, meðan skilnaður að borði og sæng stóð, tekið upp sambúð. Gerði hann þá kröfu, að hjónunum yrði á ný veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Hann kvaðst þó geta samþykkt, að lögskilnaður færi fram, ef ákvæðum skilnaðarsamningsins frá 17. maí 1974 yrði breytt, en tók þó fram, að hann teldi ólíklegt, að dómsmálaráðuneytið teldi forsendur fyrir að veita þeim hjónum leyfi til lögskilnaðar, þar eð samvistir hefðu tekist með þeim hjónum á skilnaðartímanum.

Eftir ítrekaðar sáttaumleitanir valdsmanns var málið sent dómsmálaráðuneytinu. Eftir að hafa aflað greinargerða frá umboðsmönnum aðilja gaf ráðuneytið út hinn 16. september 1975 leyfi til lögskilnaðar. Samkvæmt leyfisbréfinu er leyfið á því byggt, að hjónin hafi lifað algerlega aðskilin, frá því leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út, og ekkert er vikið að þeim ágreiningi, sem fram var kominn um það atriði, og ekkert er þar minnst á eignaskipti.

Umboðsmaður mannsins ritaði nú dómsmálaráðherra bréf, dags. 22. september 1975, og krafðist ógildingar á umræddri leyfisveitingu. Með bréfi, dags. 23. október 1975, veitti ráðherra svofelld svör:

„Hefi móttekið bréf yðar, herra lögfræðingur, dags. 22. f. m., þar sem þér farið þess á leit, að dómsmálaráðherra ógildi leyfisveitingu til lögskilnaðar milli hjónanna Katrínar Indíönu Valentínusdóttur og Ómars Egilssonar, sem gefið var út af ráðuneyt-

inu þann 16. september sl., á þeirri forsendu, að um ólögmæta stjórnarathöfn hafi verið að ræða, þar eð hvorki form- né efnisskilyrðum hafi verið fullnægt, að yðar mati.

Af því tilefni skal tekið fram, að dómsmálaráðherra er ekki lögheimilt að ógilda úrskurð ráðuneytis um veitingu lögskilnaðarleyfis, sem út hefur verið gefinn og birtur aðilum."

IV.

Um samskipti eða sambúð málsaðilja, eftir að leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út, hefur konan við aðiljayfirheyrslu borið eftirfarandi:

„Hún er spurð, hvort hún og stefnandi hafi tekið upp sambúð að nýju, eftir að skilnaðarleyfi að borði og sæng var gefið út.

Hún segir, að stefnandi hafi gist hjá sér af og til. Hún segist ekki telja, að um sambúð hafi verið að ræða. Hann hafi aldrei verið heima nokkurt kvöld og mikið í veizluhöldum um helgar. Hún segir, að stefnandi hafi gist einhverjar nætur flestar vikur. Hann hafi oft fengið að sofa þarna á daginn. Mætta segir, að það hafi ekki verið um neitt annað að ræða en þau sænguðu saman, það hafi ekki verið pláss fyrir stefnanda annars staðar.

Mætta segir, að stefnandi hafi ekki lagt eyri til heimilis þetta tímabil. Einu sinni hafi hún beðið hann að borga rafmagnsreikning, en hann hafi ekki getað það. Hún segir, að sér hafi fundist lágmarkið, að hann borgaði eins og eitthvað uppí húsaleigu. Það hafi hann ekki gert.

Mætta segir, að stefnandi hafi aldrei minnst á það við sig að hætta að sækja meðlögin í tryggingaumboðið. Hún segir, að hann hafi vitað vel um, að mætta sótti meðlögin í tryggingaumboðið. Hún segir, að hann hafi ekið sér a. m. k. einu sinni til að ná í meðlögin. Hann hafi beðið eftir sér og vitað, hvert hún var að fara.

Mætta er spurð, hvort þau hafi haft samfarir reglulega, eftir að skilnaður að borði var veittur. Hún neitar því staðfastlega. Hún segist minnast þess, að þau hafi haft samfarir í eitt skipti. Hún segir, að það hafi verið eins og hvert annað slys. Hún segir, að þau hafi ekki lifað neinu hjónalífi.

Hún segist ekkert hjónalíf telja það, ef maðurinn sinni ekkert konu sinni og börnunum eða heimilinu yfirleitt.

Mætta segir, að maðurinn hafi gengið mjög hart að sér að fá að koma heim. Oft hringt (drukkinn og peningalaus) og beðið sig um að fá að koma. Mætta segir, að maðurinn hafi fyrst kom-

ið aftur í júlí. Hann hafi þá verið búinn að hringja oft til sín. Hann hafi byrjað að hringja, stuttu eftir að skilnaður að borði og sæng var veittur.

Mætta segist telja, að maðurinn hafi sængað hjá öðru kvenfólki, eftir að skilnaður að borði og sæng var veittur. Hún segist ekki telja, að hann hafi verið í föstu sambandi við ákveðna stúlku, heldur sængað hjá kvenfólki af og til. Hún segist geta aflað frekari upplýsinga um það.

Mætta segir, að hjónaband þeirra hafi frá byrjun og alla tíð verið brösótt. Maðurinn hafi venjulega verið úti að skemmta sér frá föstudegi til mánudagsmorguns og alltaf öðru hverju hadlið fram hjá.

Hann hafi verið með öðrum kvenmanni, meðan mætta var á fæðingardeildinni í seinna sinnið.

Mætta segist telja, að stefnandi hafi lagt lítið af aflafé sínu í íbúðina. Hún segist hafa alla tíð borgað afborganir af lánum og auk þess tekið þátt í að borga efnis- og vinnureikninga.

Mætta tekur fram, að stefnandi hafi, eftir að þau skildu að borði og sæng, tvisvar sinnum brotið upp lásinn á dyrum íbúðarinnar, þ. e. sparkað upp þannig, að dyrakarmurinn lét sig.

Hún hafi þá verið búin að setja lásinn upp. Hún segist hafa orðið að fá mann til að gera við. Hún segir, að stefnandi hafi einu sinni brotið upp glugga, en þetta sé 90 fermetra 3ja herbergja íbúð á jarðhæð. Hann hafi aldrei brotið upp, hvorki dyr né glugga, áður en þau skildu að borði og sæng.

Mætta er spurð, hvort þau hafi ferðast saman á 8 mánaða tímabilinu. Hún segir þau hafa farið með krakkana austur á Þingvöll og gist þar í tjaldi eina nótt.

Mætta segir, að það hafi komið fyrir, að stefnandi hafi á þriðjudögum og miðvikudögum ekið sér í vinnuna og þá stundum leigjandanum líka. Oftast hafi hún farið með strætó.

Mætta segist hafa tekið upp óvígða sambúð, eftir að lögskilnaður var veittur. Þeim manni hafi hún kynnst í apríl 1975. Hún segir, að samband sitt og stefnanda hafi slitnað algerlega í febrúar 1975. Þá hafi hann í heimildarleysi náð í hljómflutningstækin. Hún heldur fast við, að það hafi enginn maður verið kominn í spilið, áður en stefnandi sótti hljómflutningstækin.

Mætta kannast við, að stefnandi hafi haldið 25 ára afmæli sitt í íbúðinni. „Ég leyfði honum það.“ Hún segist ekki hafa verið viðstödd. Hún segist hafa smurt fyrir hann snittur. Hún segist hafa skrifað á hann reikning fyrir þessu strax, þ. e. fyrir efn-

inu, enda gert það að skilyrði fyrirfram og stefnandi gengið að því. Þennan reikning hafi hann ekki borgað.

Mætta segir, að Ómar hafi verið um jólin 1974, komið á aðfangadag. Hann hafi þó ekki gist allar nætur um jólin. Foreldrar Ómars hafi komið í jólaboð á aðfangadag.

Mætta segir, að Ómar hafi boðið sér á árshátíð bifreiðastjórafélags Hafnarfjarðar í febrúar 1975 og þau farið þangað saman. Hún segist hafa farið með samstarfsmanni sínum „og kunningja á sína árshátíð", þ. e. árshátíð Rafmagnsveitunnar.

Spurð um ferð í fermingarveislu til frændfólks Ómars í Sandgerði í mars-apríl 1975, segir mætta, að hún hafi farið þangað í fermingu í fyrra eða hitteðfyrra."

Stefnandi hefur borið, að hann hafi flutt til foreldra sinna að Suðurgötu 35 B, um það leyti sem skilnaðarleyfi að borði og sæng var gefið út. Um tveim mánuðum seinna hafi hann flutt aftur á Álfaskeiðið og hafi þau hjónin búið þar saman í 8 mánuði. Samkvæmt þessu er ekki ágreiningur um, að samband málsaðilja hafi slitnað algerlega í febrúar eða mars 1975, þ. e. um tveimur mánuðum áður en maðurinn hóf aðgerðir til þess að fá viðurkenningu á, að réttarverkanir skilnaðar að borði og sæng hefðu fallið niður vegna sambúðar, en konan beiddist lögskilnaðar.

Maðurinn hélt því fram við aðiljayfirheyrslu, að hann hefði lagt til heimilis á umræddu 8 mánaða tímabili, og taldi sig ekki hafa vitað um, að konan hélt áfram að taka út barnsmeðlög hjá almannatryggingaumboðinu. Hann viðurkenndi, að hann hefði ekki tilkynnt tryggingaumboðinu það viðhorf sitt, að sambúð hefði tekist að nýju.

Tvö vitni, þeir Magnús Bjarnarson og Axel Ström Óskarsson, sem báðir eru stéttarbræður og kunningjar mannsins, hafa borið, að þeir hafi verið kunnugir á heimilinu að Álfaskeiði 44 og komið þar á 8 mánaða tímabilinu. Þeir báru báðir, að þeim hefði virst málsaðiljar búa saman eins og hver önnur hjón, sambúð þeirra, eftir að þau tóku upp sambúð að nýju, hafi virst ósköp svipuð og áður en þau skildu að borði og sæng. Þeir gátu þess báðir, að konan hefði haft afnot af bifreið mannsins, þeir hefðu m. a. ekið manninum á vinnustað konunnar til þess að ná í bílinn.

Eftir vitninu Agli Egilssyni, föður mannsins, var m. a. bókað, er hann var spurður um samvistir málsaðilja eftir skilnað að borði og sæng:

„Vitnið svarar því til, að eftir að málsaðiljar skildu að borði

og sæng, hafi stefnandi komið til þeirra, foreldra sinna. Hann hafi ekki haft sérstakt herbergi, heldur sofið í stofunni. Mætti segist ekki muna þessi atriði nákvæmlega, en telur þó, að nokkrum mánuðum síðar hafi orðið nokkur breyting á og stefnandi farið að koma sjaldnar, en samt verið áfram þarna hjá þeim „af og til, þegar illa gekk." Vitnið segist vita til, að stefnandi hafi þá oft dvalið í íbúðinni að Álfaskeiði. „Ég heyrði, að hann byggi hingað og þangað, m. a. á Álfaskeiði."

Mætti er spurður, hvort hann hafi talið, að þau væru að taka saman aftur, þ. e. hefja sambúð til frambúðar, hvort hjónabandið væri að komast í lag.

„Nei, ég taldi það algerlega útilokað, að sambúð hefði tekist."

Um framfærsluna segir mætti, að hann viti ekki nákvæmlega, hvað stefnandi lagði til heimilis. „En ég veit það, að ef vantaði peninga, var tómt mál að leita til húsbóndans."

Um matarinnkaup segir hann, að áður en aðilar skildu að borði og sæng, hafi heimilið verið í reikningi í verzlun Þórðar Þórðarsonar og reikningurinn verið á nafni Ómars. Hann segir, að Katrín hafi haldið áfram reikningsviðskiptum eftir skilnaðinn og reikningurinn verið áfram á nafni Ómars. Hann segir, að á tímabilinu, meðan skilnaður að borði og sæng stóð, hafi hann stundum tekið út nauðsynjar fyrir Katrínu. Hann segist ekki vita til, að Ómar hafi borgað verzlunarreikninginn, það hafi a. m. k. venjulega verið beðið eftir að Katrín fengi sitt mánaðarkaup.

Mætti segist stundum hafa lánað Katrínu, m. a. fyrir nauðsynjum til heimilis, á þessu tímabili. Ómar hafi a. m. k. ekki endurgreitt það.

Lögmaður stefnanda spyr, hvað Ómar hafi dvalist margar nætur í viku eða margar nætur hjá þeim á Suðurgötunni, eftir að breyting varð nokkru eftir skilnaðinn.

„Ég man þetta ekki. Ég get ekki tekið fram neinar tölur. Þetta var slitrótt. Þegar hann kom, var hann þetta kannski tvær nætur eða þá kom á morgnana og svaf á daginn. Ég sagði, að hann hefði komið sjaldan, en það kom fyrir, að hann kæmi."

Mætti segir, spurður af lögmanni stefnanda, að það hafi oft komið fyrir, að þau hjónin hafi leitað til sín, áður en skilnaðurinn varð. Sú breyting hafi orðið við skilnaðinn, að það hafi verið eins og Katrín vildi frekar berjast við að standa fyrir sínu og borga sínar skuldir.

Mætti segir, að hann viti ekki til þess, að Ómar hafi lagt til

heimilisins, eftir að skilnaður að borði og sæng var veittur. Hann segir, að Ómar hafi á þessu tímabili aldrei, að hann muni, leitað til sín um fyrirgreiðslu varðandi íbúðina. Hann segir, að þó geti verið, að Ómar hafi beðið sig um eitthvað slíkt, hann segist ekki muna þetta. Hann segist muna eftir að hafa sett upp hillur í þvottahúsinu á þessu tímabili og lagt til efni í þær. Það hafi verið Katrín, sem hafi beðið sig um það.

Mætti segist ekki minnast þess, að það hafi komið fram hjá Katrínu eða Ómari, að þau hefðu tekið upp eða hygðust taka upp sambúð að nýju, þ. e. á tímabilinu frá því skilnaður að borði og sæng var veittur og þar til lögskilnaður fór fram.

Aðspurður segist mætti hafa verið ásamt konu sinni á Álfaskeiðinu í jólaboði á aðfangadagskvöld 1974, „ef að þú vilt orða þetta þannig, hjá henni, og hann var þarna viðstaddur.““

V.

Telja verður, að samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár eigi dómstólar úrlausn þess sakarefnis, er aðalkrafa stefnanda í máli þessu lýtur að. Samkvæmt því verður hér að leysa úr því efnislega, hvort stefnanda hafi tekist að sanna, að skilyrðum 33. gr. laga nr. 60/1972 teljist fullnægt, eins og á stendur í máli þessu.

Í lögum nr. 60/1972 er ekki að finna frekari skýringu á merkingu orðsins „samvistir“ í 33. gr. laganna. Ljóst er, að við skýringu ákvæðisins verður einkum að líta á tvennt, *hlutrænt* á það, hvort samvistir hafi tekist, og *huglægt* á afstöðu aðiljanna sjálfra.

Að því er tengsl þessara tveggja þátta varðar, þá verður að líta svo á, að ef sambúð telst hafa tekist hlutrænt metið, þá hafi jafnvel samningur milli hjóna um, að sambúðin skuli ekki leiða til brottfalls skilnaðarleyfis, ekki gildi gagnvart þriðja manni, t. d. gagnvart kröfuhöfum mannsins um aðför í fyrri hjúskapareignum hans eða Tryggingastofnun um greiðslu meðlaga. Á hinn bóginn gæti slíkur samningur eða samningsígildi haft réttarverkanir milli hjónanna sjálfra, þannig að hjónin gætu ekki borið það fyrir sig hvort gagnvart öðru, að sambúð hefði tekist, ef sannað er, að hin huglægu skilyrði skortir. Að þessu leyti er hugtakið sambúð afstætt í merkingu 33. gr. laga nr. 60/1972.

VI.

Í ljósi grunnreglna íslensks réttar um tómlætisverkanir þá veikir það aðstöðu stefnanda í máli þessu, hvernig málið ber að: Það er fyrst eftir að samskiptum málsaðilja er endanlega

lokið fyrir um tveim mánuðum sem stefnandi ber fyrir sig brottfall skilnaðarleyfis vegna sambúðar, og þá einvörðungu til að knýja fram endurupptöku búskipta, sem hann þó gat á þeim tíma og fram til 17. maí 1975 reynt að fá endurupptekin samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/1972, teldi hann þau ósanngjörn.

Upplýst er, að um 8 mánaða skeið, eftir að leyfi til skilnaðar að borði og sæng var veitt, dvaldist stefnandi að verulegu leyti á fyrra heimili málsaðilja, og sænguðu þau saman.

Stefnandi hefur ekki mótmælt því, að það hafi verið fyrir þrábeiðni hans, að hann fékk inngöngu á sitt fyrra heimili. Ekki virðist konan þó alltaf hafa tregðulaust veitt honum inngöngu, því ómótmælt er, að stefnandi þurfti þrisvar á þessu tímabili að framkvæma húsbrot til þess að komast inn, því konan hafði lokað hann úti. Slík húsbrot höfðu þó ekki verið tíðkaðir heimilishættir hjá þeim hjónum fyrir skilnað að borði og sæng. Endurkoma mannsins á heimilið og dvöl hans þar var þannig knúin fram af honum, bæði með fortölum og ofríki, sem konan hefði þurft lögregluaðstoð til að afstýra. Slík lögregluaðstoð hefði haft í för með sér umtal og mannorðsspjöll fyrir báða málsaðilja, og varla hefði það haft jákvæð uppeldisáhrif á börnin að sjá föður sinn fjarlægðan með þeim aðferðum, sem jafnan er að vænta við, að lögregla kunni að beita í slíkum tilvikum. Í ljósi þessa verður að telja, að konan hafi haft nokkra afsökun fyrir því að bíða og sjá, hverju fram yndi.

Á umræddu 8 mánaða tímabili var öll fjárhagsleg forsjá og raunar öll forsjá heimilisins í höndum konunnar, og ekki er fram komið, að maðurinn hafi lagt neitt til heimilishalds eða framkvæmda eða viðhalds við íbúðina. Konan hélt áfram að sækja meðlög með börnunum til almannatrygginga. Maðurinn tilkynnti ekki tryggingaumboðinu um, að samvistir hefðu tekist, og hafði hann þó auk lagaskyldu að viðlagðri refsiábyrgð sérstakt tilefni til þess, ef hann taldi skilnaðarleyfið niður fallið, því hinn 11. október 1974 og hinn 24. janúar 1975 sendi Innheimtustofnun sveitarfélaga honum kröfubréf um greiðslu áfallinna meðlaga, stílað á heimilisfangið Suðurgötu 35 B, en þar kom stefnandi iðulega á umræddu tímabili, jafnframt því sem foreldrar hans, sem bjuggu að Suðurgötu 35 B, komu iðulega á Álfaskeiðið. Samkvæmt upplýsingum Innheimtustofnunarinnar voru bréfin ekki endursend.

Snemma á árinu 1975 töldu aðiljar fram til skatts, og þá sem einstaklingar, en ekki sem hjón. Þessi athöfn stefnanda er bein

yfirlýsing hans um það, að um eða innan við mánuði áður en samskiptum málsaðilja endanlega lauk, hafi hann talið sig einhleyping, þ. e. skilnaðarleyfið ekki niður fallið.

Það verður að líta svo á, að þessi tvö síðasttöldu atriði, þ. e. vitneskja konunnar um, að maðurinn stöðvaði ekki meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunarinnar til hennar og að hann taldi fram til skatts sem einstaklingur, valdi því, að konan hafi haft réttmæta ástæðu til að treysta því, að maðurinn mundi ekki án fyrirvara og án þess að veita henni nokkurt svigrúm til gagnráðstafana bera það fyrir sig gagnvart henni, þ. e. í samskiptum aðilja máls þessa, að skilnaðarleyfi væri niður fallið vegna sambúðar.

Eins og sérstaklega stendur á í máli þessu, þykir þannig ekki eiga að fallast á kröfu stefnanda um dómsviðurkenningu á brottfalli skilnaðarleyfis að borði og sæng. Leiðir það einnig til þess, að stefnandi þykir ekki geta haft uppi og fengið framgengt kröfu sinni um ógildingu lögskilnaðarleyfis í máli þessu.

VII.

Varakröfu sína um ógildingu á samningi málsaðilja um skiptingu eigna byggir stefnandi á 32. gr. laga nr. 7/1936 og telur, að lögmaður konunnar, Eiríkur Pálsson, svo og Egill Egilsson, faðir stefnanda, hafi beitt hann þrýstingi og villandi fortölum í því skyni að fá hann til að gera samning, er honum hafi verið mjög óhagstæður. Það teldist því stríða gegn almennum heiðarleik í viðskiptum, ef samningnum yrði beitt.

Um gerð skilnaðarsamkomulagsins bar stefnandi eftirfarandi við aðiljayfirheyrslu:

„Mætti segir, að faðir sinn, Egill Egilsson, byggingameistari, hafi útvegað Eirík Pálsson, lögfræðing, til þess að ganga frá skilnaðarskilmálunum á dskj. nr. 4.

Mætti segir, að uppkast að samkomulaginu á dskj. nr. 4 hafi verið gert heima hjá Eiríki Pálssyni að viðstöddum, auk lögmannsins, þeim hjónunum og föður mætta. Þeir Egill og Eiríkur hafi lagt á það áherzlu, að tryggja þyrfti hag barnanna. Hann segist hafa undirritað samninginn einum eða tveimur dögum síðar hér á skrifstofu bæjarfógeta. Samningurinn hafi verið gerður heima hjá Eiríki og lesinn þar fyrir mætta, en síðan undirritaður hér hjá bæjarfógeta.

Mætti tekur fram, að faðir sinn hafi alla tíð dregið mjög taum konunnar.

Mætti segir ástæðuna fyrir því, að hann vildi ekki leggja upprunalega skilmálann áfram til grundvallar, m. a. þá, að konan sé farin að búa með öðrum manni og hann geti ekki séð, að hagur barnanna sé á nokkurn hátt tryggður varðandi fasteignina, þegar annar maður fari að ráðskast með hana. Hann tekur fram, að það sé margt fleira í samningnum, sem þyrfti að breyta."

Vitnið Egill Egilsson bar eftirfarandi varðandi undirbúning og gerð skilnaðarsamningsins:

„Hann segir, að þegar ljóst varð, að til skilnaðar drægi, þá hafi hann farið að spyrja Eirík, en þeir vinni mikið saman, um eitt og annað í þessu sambandi og að lokum, hvort Katrín og Ómar mættu koma til hans til þess að reyna að ná samkomulagi og ganga frá þessu. Það hafi orðið úr, að þau hafi farið þrjú saman til Eiríks. Hann hafi síðan rætt við Ómar og Katrínu. Það hafi gengið nokkuð erfiðlega fyrir hann að koma á samkomulagi, en það hafi tekist að lokum, þegar Katrín tók að sér að borga kr. 150.000 í bílnum gegn því, að Ómar greiddi henni kr. 5.000 á mánuði í lífeyri, „sem hann gerði aldrei". Þá hafi Ómar fallist á þetta. Eiríkur hafi skrifað þarna uppkast, sem allir hafi fallist á, og Ómar svo undirritað það seinna, daginn eftir eða svo.

Mættur er spurður, hvaða atriði Ómar hafi illa fellt sig við.

„Hann taldi gengið á sinn hlut, en þegar hún bauð þetta, þá taldi hann þetta jafnast. Eiríkur lagði áherslu á það, að hún hefði börnin og þyrfti íbúð fyrir þau."

„Í þessu var aðalatriðið, og það skein í gegn, ef ég fæ bílinn, þá er mér sama um allt hitt."

Vitnið segir: „Ég taldi, þegar þetta var undirritað, að það væri ekki gengið á hlut Ómars.""

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að allnokkur aðdragandi var að gerð skilnaðarsamningsins, og stefnandi átti fullan hlut að samningu hans. Hann hafði rækilega kynnt sér efni hans og fengið tveggja daga umhugsunarfrest, frá því samningurinn lá fyrir skriflegur í endanlegri mynd, þar til hann undirritaði hann í viðurvist valdsmanns, alsgáður og við fulla andlega heilsu. Stefnandi mátti ætla, að konan, þá 22 ára gömul og með tvö börn á framfæri sínu og orðin íbúðareigandi, mundi vart verða einhleyp um ókomna framtíð.

Því verður ekki fallist á kröfu stefnanda um ógildingu samkomulags um eignaskipti á grundvelli ógildingarreglna samningaréttarins.

Öllum kröfum stefnanda í máli þessu er því hrundið.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarlaun skipaðs talsmanns stefndu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 45.000, greiðast úr ríkissjóði.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af því, að þrem dögum eftir að málið var dómtekið, hinn 17. desember sl., sem útivistarmál af hálfu stefndu, krafðist lögmaður stefndu með bréfi, dagsettu 20. desember, úrskurðar um endurupptöku. Var það ágreiningsefni flutt sérstaklega hinn 11. janúar sl. og endurupptöku synjað með úrskurði, uppkveðnum hinn 26. sama mánaðar. Rétt þótti að bíða með uppkvaðningu efnisdóms, þar til sýnt væri, hvort stefnda freistaði málskots.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Katrín Valentínusdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ómars Egilssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarlaun skipaðs talsmanns stefndu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 45.000, greiðast úr ríkissjóði.

Föstudaginn 21. desember 1979.

Nr. 44/1978. **Brynhildur K. Kristjánsdóttir**
(Skarphéðinn Þórisson hdl.)
gegn
Birni H. Björnssyni
(Hjörtur Torfason hrl.).

Hjón. Búskipti við skilnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. febrúar s. á. Eru dómkröfur hennar þessar:

1. Aðalkrafa: Að við skipti bús málsaðilja verði beitt ákvæði 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972, þannig að áfrýjanda verði heimilað að taka að óskiptu úr hjúskapareign íbúð að Vesturbergi 138, Reykjavík, 2. hæð nr. 4, og skuldabréf með 3. veðrétti í kjallaraíbúð að Safamýri 40, Reykjavík, norðausturhluta, upphaflega að fjárhæð 923.000 krónur, útgefið 4. nóvember 1975 í samræmi við kaupsamning, dags. 10. febrúar 1975, og skuldabréf með 3. veðrétti í tveggja herbergja íbúð á 2. hæð í austurenda hússins nr. 60 við Grettisgötu hér í borg, upphaflega að fjárhæð 222.000 krónur, útgefið 5. ágúst 1976 í samræmi við kaupsamning frá 3. febrúar s. á., enda taki áfrýjandi að sér að greiða veðskuldir, sem hvíla á eigninni að Vesturbergi 138, Reykjavík.

2. Varakrafa: Til vara er þess krafist, að Hæstiréttur ákveði önnur frávik frá helmingaskiptum til aukningar á búshluta áfrýjanda.

Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Dómsmálaráðuneytið veitti málsaðiljum leyfi til lögskilnaðar 10. maí 1979 að ósk stefnda. Samkvæmt lögskilnaðarleyfinu skulu nafngreind hjón hafa forsjá barns málsaðiljanna, en barninu var ráðstafað í fóstur til hjóna þessara með ákvörðun barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. maí 1978.

Málsaðiljar hafa með kröfugerð sinni hér fyrir dómi afmarkað úrlausnarefnið með nokkuð öðrum hætti en fyrir skiptaréttinum. Er m. a. horfið frá kröfugerð, sem lýtur að því, að kveðið verði á um, hver háttur skuli hafður á fjárgreiðslum áfrýjanda til stefnda, ef til kemur.

Leggja verður til grundvallar dómi, að málsaðiljar hafi stofnað til óvígðrar sambúðar fyrri hluta árs 1972. Þeim fæddist dóttir 21. mars 1974, þau giftust 31. ágúst s. á. og slitu samvistir, að því er greint er af beggja hálfu, í ágúst

1976. Þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 29. apríl 1977 og lögskilnað samkvæmt framansögðu 10. maí 1979.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er greint frá því í megindráttum, hvernig hag bús málsaðiljanna sé farið og hvernig eignir þeirra hafi myndast.

Við það verður að miða samkvæmt gögnum málsins, að stefndi hafi þann tíma, er hann bjó með áfrýjanda, lagt aflafé sitt af mörkum til sameiginlegs heimilishalds aðiljanna, þ. á m. til framfærslu barns þeirra og barns, er áfrýjandi eignaðist, áður en til sambúðar málsaðiljanna stofnaðist. Áfrýjandi sýnist ekki hafa starfað utan heimilis á þessu tímabili nema lítillega árið 1976. Þá verður að leggja til grundvallar, að stefndi hafi útvegað 500.000 króna lán til kaupa á íbúðinni að Vesturbergi 138.

Af gögnum máls verður ráðið, að fjárhagsleg samstaða hafi tekist með málsaðiljum, meðan á hjúskap stóð, er að vísu var skammvinnur. Þykir áfrýjandi eigi hafa sýnt fram á, að skilyrðum 57. gr. laga nr. 60/1972 sé fullnægt til frávika frá helmingaskiptareglu 2. málsgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 um skipti á búi hjóna, sem skilja. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. október 1977.

Hinn 1. apríl 1977 var skiptaráðanda afhent beiðni um opinber skipti á félagsbúi hjónanna Brynhildar Kristjánsdóttur, Vesturbergi 138, Reykjavík, og Björns Björnssonar, Laugavegi 32, Reykjavík. Uppskriftar- og virðingargerð fór fram hinn 3. maí, og voru eignir hjónanna taldar að verðmæti kr. 7.166.627, en skuldir þeirra kr. 2.309.453.

Sú krafa var fram sett af hálfu konunnar, að búskipti skyldu fara fram samkvæmt 57. gr. laga nr. 60/1972, þar sem eignir búsins stöfuðu að mestu leyti frá henni. Var því mótmælt af hálfu mannsins og þess krafist, að félagsbúinu yrði skipt helminga-

skiptum. Munnlegur málflutningur fór fram hinn 16. júlí, og var deilan tekin til úrskurðar þann dag. Var þá sú varakrafa gerð af hálfu konunnar, að færi svo, að henni yrði gert að greiða manninum einhverja fjárhæð, yrði sú fjárhæð greidd á löngum tíma og án vaxta.

Vegna mikilla anna dómarans hafði úrskurður ekki verið upp kveðinn, er honum barst bréf frá lögmanni mannsins, þar sem talið var nauðsynlegt, að ný atriði yrðu upplýst, er varðað gætu eignaskiptadeiluna. Vegna þessa var boðað til skiptafundar hinn 28. september sl., og var málið tekið til úrskurðar í annað sinn að loknum munnlegum málflutningi að nýju hinn 5. október sl.

Aðiljar málsins hófu raunhæfa sambúð um áramót 1972—1973. Fæddist þeim dóttir hinn 21. mars 1974, og gengu þau í hjónaband hinn 31. ágúst 1974. Vegna missættis slitnaði upp úr sambúð þeirra í ágúst 1976, og var gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 29. apríl 1977.

Við giftingu hjónanna ákvað frú Guðrún Valdimarsdóttir, fósturmóðir Brynhildar Kristjánsdóttur, að gefa þeim íbúð í sinni eigu að Safamýri 40 hér í borg. Hefur hún hér fyrir rétti skýrt svo frá, að hún hafi keypt íbúðina í því skyni að gefa hana fósturdóttur sinni, en af því hafi fyrst orðið, er hún gekk í hjónaband. Kvaðst hún mundu hafa afhent Brynhildi íbúðina, þótt hjúskapur hennar hefði ekki komið til, en gjöfin hefði verið gefin í trausti þess, að hjónabandið stæði lengi, jafnvel ævilangt. Hafi langvarandi hjónaband verið forsenda af hennar hálfu fyrir gjöfinni. Var sá háttur á hafður að afhenda Brynhildi íbúðina sem fyrirframgreiddan arf, en lögerfingi frú Guðrúnar hafði veitt samþykki sitt til þess, þar sem Brynhildur stóð ekki til lögerfða eftir hana. Hinn 26. júní 1974 var eignarheimild Brynhildar móttekin til innritunar hjá borgarfógetaembættinu og íbúðinni síðan þinglýst á hennar nafn.

Íbúð þessi, að Safamýri 40 hér í borg, var seld hinn 10. febr. 1975 á kr. 3.200.000, en í hennar stað keypt önnur að Vesturbergi 138, Reykjavík, á kr. 4.200.000. Eignarheimild að þeirri íbúð var þinglýst á nafn mannsins hinn 5. nóvember 1975.

Eignir búsins auk íbúðar að Vesturbergi 138 eru skuldabréf, tryggt með veðrétti í íbúð að Safamýri 40, við uppskriftargerð að eftirstöðvum kr. 969.167, er kaupandi þeirrar íbúðar gaf út til greiðslu eftirstöðva kaupverðs, fasteignaveðtryggt skuldabréf að eftirstöðvum við uppskriftargerð kr. 195.000, sem konan hafði fengið í arf, bifreið, talin að verðmæti kr. 60.000, og innbú, alls

að matsverði kr. 645.400. Skuldir búsins stafa af íbúðarkaupum hjónanna, en auk þess eru ýmsar lausaskuldir, svo sem til húsasjóðs o. fl. Einnig skuldar búið dánarbúi móður mannsins kr. 400.000.

Munnlegur málflutningur hefur að mestu snúist um, hvort skipta beri félagsbúi hjónanna helmingaskiptum eða samkvæmt meginreglum 27. gr. laga nr. 60/1972, svo sem 57. gr. þeirra laga veitir heimild til með þargreindum skilyrðum. Er því haldið fram af hálfu konunnar, að maðurinn hafi verið svo til eignalaus, er hjónin tóku að búa saman, en hún hafi lagt í búið megineignina, íbúð að Safamýri 40, sem núverandi eign búsins að Vesturbergi 138 hafi komið í stað fyrir. Hjónaband þeirra hafi staðið mjög stutt og samvistartími fyrir hjúskap hafi ekki þýðingu í sambandi við ákvörðun um, hvort 57. gr. laga nr. 60/1972 verði beitt. Fjárhagsleg samstaða standi þar heldur ekki í vegi. Aðstöðumunur sé mikill á milli hjónanna, sé maðurinn iðnmeistari í góðri stöðu, en konan menntunarlaus og hafi fyrir tveimur börnum að sjá. Varði það því konuna miklu, að búskipti fari þannig fram, að hvort hjónanna um sig taki með sér það, sem það lagði í búið, en manninn skipti þetta mun minna máli. Væri það óeðlilegt, að maðurinn tæki með sér úr búinu stórfelldan gróða á kostnað eiginkonu hans og barnanna. Einnig er bent á, að helmingaskipti búsins gætu leitt til þess, að selja yrði fasteign þessa, og yrði konan þá húsnæðislaus með börn sín. Hafi maðurinn enn fremur greitt í lífeyrissjóð af tekjum sínum og hafi konan gert honum það fært, en sjálf njóti hún ekki lífeyrissjóðsréttinda. Öll þessi atriði hnigi í þá átt, að félagsbúinu beri að skipta þannig, að fasteign búsins og verðbréf verði lögð konunni út, en hún taki jafnframt að sér að greiða meginhluta af skuldum búsins. Lýsti lögmaður konunnar því jafnframt yfir fyrir hennar hönd, að ef fallist yrði á kröfu hennar, yrði hálf íbúð félagsbúsins að Vesturbergi 138 færð á nafn barna hjónanna, þannig að hvort þeirra yrði eigandi að fjórðungi eignarinnar, og væri skiptaráðanda rétt að taka fram þetta skilyrði í úrskurði sínum.

Þessu hefur verið andmælt af hálfu mannsins með þeim rökum, að íbúðin að Safamýri 40 hafi verið gjöf til hjónanna beggja. Skilyrði 57. gr. laga nr. 60/1972 um, að eigur bús stafi að mestu leyti frá öðru hjóna, sé því ekki til að dreifa, eigur þess stafi frá þeim báðum. Sú forsenda af hálfu gefanda, að hjónaband stæði lengi, hefði átt að koma fram í upphafi. Sá kostur að gera íbúðina að séreign konunnar hafi ekki verið valinn, þótt nægur tími

hafi verið til kaupmálagerðar, meðan hjúskapur stóð. Skjal það, sem þinglýst hefur verið sem eignarheimild Brynhildar Kristjánsdóttur að íbúðinni, sbr. rskj. nr. 13, hafi ekki meginþýðingu, þar sem gjafabréf Guðrúnar Valdimarsdóttur til hjónanna sé gert síðar, sé það nánari fylling á hinni þinglýstu eignarheimild og í þeirri mynd endanleg ráðstöfun fasteignarinnar. Frá því að raunhæf sambúð aðiljanna hófst, hafi konan ekki unnið utan heimilis og maðurinn hafi séð um framfærslu hennar, barns hennar af fyrra hjónabandi og sameiginlegs barns þeirra. Við upphaf hjúskapar hafi maðurinn tekið að sér fjárskuldbindingar, sem konan og fyrri maður hennar hafi stofnað til, auk þess sem hann hafi lagt í búið verulegt eigið innbú og bifreið. Skilyrði 57. gr. laga nr. 60/1972 um, að eigur bús stafi að mestu leyti frá öðru hjóna, sé þó aðeins eitt þeirra skilyrða, sem fyrir hendi þurfi að vera, sé beiting greinarinnar heimil, en beiting hennar sé háð því, að hjónaband hafi einnig staðið skamma stund, og auk þess, að ekki hafi orðið veruleg fjárhagsleg samstaða með hjónum. Þeim skilyrðum sé heldur ekki til að dreifa. Beri því að skipta félagsbúinu samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Því hefur ekki verið mótmælt, að aðiljar máls þessa voru samvistum allt frá áramótum 1972—1973, þótt hjónaband stofnaðist ekki fyrr en 31. ágúst 1974, og áttu þau barn saman. Fasteign sú, sem deilt hefur verið um, hvort konan ein eða hjónin bæði hafi lagt til búsins, hefur verið seld og önnur dýrari komið í hennar stað. Ómótmælt er, að launatekjur mannsins, sem að mestu leyti hefur einn unnið utan heimilis, meðan hjúskapur stóð, hafi runnið til sameiginlegrar framfærslu hjónanna og barna þeirra beggja svo og til greiðslu á skuldum þeirra. Hafði þannig myndast með hjónunum veruleg fjárhagsleg samstaða. Verður því að telja, að skilyrðum 57. gr. laga nr. 60/1972 til fráviks frá helmingaskiptareglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 sé ekki nægilega fullnægt, svo sem hér háttar málum. Ber því að synja kröfu konunnar um búskipti samkvæmt meginreglum 27. gr. laga nr. 60/1972, og skipta búinu í samræmi við 2. mgr. laga nr. 20/1923, 18. gr.

Ekki þykir fært á þessu stigi búskiptanna að taka afstöðu til þeirrar varakröfu konunnar, að verði henni gert að greiða manninum einhverja fjárhæð, verði sú fjárhæð greidd á löngum tíma og án vaxta. Hefur slíkri heimild til handa konunni verið mótmælt af hálfu mannsins, en þar sem ekki hefur legið ljóst fyrir, í hvaða hlutföllum búinu skuli skipt, hefur ekki verið unnt að

leita tillagna aðiljanna um ráðstöfun eigna búsins og önnur atriði, sem taka þarf afstöðu til, áður en upp úr verði kveðið um efni varakröfunnar.

Í skriflegri greinargerð konunnar, rskj. nr. 2, er þess krafist, að maðurinn greiði einn skuld við dánarbú föður hans, Björns Jónssonar, að fjárhæð kr. 400.000. Einnig er þess krafist, að verði manninum ekki gert að svara fyrir skuld þessa einum, skuli allur arfur, er inni standi í dánarbúinu, renna inn í félagsbúið.

Samkvæmt skrá borgarfógetaembættisins um veitt búsetuleyfi var Birni Jónssyni, Ingólfsstræti 21 C, Reykjavík, veitt leyfi til setu í óskiptu búi eftir látna eiginkonu hans hinn 4. ágúst 1976. Mun því hér átt við skuld við dánarbú móður mannsins, Önnu Lilju Jónsson, eins og ljósrit vottorðs á rskj. nr. 11 ber með sér.

Ekkert hefur komið fram um, að skuld þessi hafi stofnast með þeim hætti, að maðurinn beri einn ábyrgð á greiðslu hennar, og verður því með hana að fara sem aðrar skuldir hjónanna. 18. gr. erfðalaga nr. 8/1962 gerir arf þann, er inni stendur í óskiptu búi, að séreign erfingja, sé hann í hjúskap. Getur því arfur mannsins, er inni stendur í óskiptu dánarbúi móður hans, ekki runnið inn í félagsbúið auk þess sem skiptaráðandi er ekki bær til að úrskurða slíka kröfu félagsbúsins á hendur öðrum aðilja.

Lúðvík Emil Kaaber, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp þennan úrskurð.

Því úrskurðast:

Félagsbúi hjónanna Brynhildar Kristjánsdóttur og Björns Björnssonar verður skipt helmingaskiptum.